Lagafrumvörp felld.

1. Eignaraukaskattur.

Á 8. fundi í Sþ., 20. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um eignaraukaskatt (þmfrv., A. 14).

Á 5. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tala langt mál um frv. að þessu sinni, þar sem ekki er nema einn mánuður, síðan frv. var afgr. út úr þessari hv. d., og vísa ég til þess, sem ég sagði þá. Frv. er flutt hér óbreytt frá því, sem var á síðasta þ., og leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn.

Forseti (StgrA): Þess hefur verið óskað, að atkvgr. sé frestað um stund, vegna þess að ýmsir hv. þm. eru ókomnir á fundinn, og mun ég verða við þeirri ósk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Ed., 2. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Fellt að vísa málinu til 2. umr. með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, BSt, BrB, HG, HermJ, IngP, KA, StgrA.
nei: MJ, PM, ÞÞ, BBen, EE, GJ, JJ, LJóh.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
Við *nafnakallið mælti*

Jónas Jónsson: Þetta mál var til meðferðar á síðasta þingi, og kom þá í ljós, að það naut stuðnings hæstv. forseta (StgrA) og hans flokks. Þá kom og í ljós, að þetta var gamanleikur hjá þeim, en engin alvara.

Nú hefur Framsfl. tekið þá stefnu að flytja ekki mál á þessu þingi. Þar að auki hef ég þá sérstöðu, að ég álít, að það eigi að vinna að þessu máli af alvöru, en ekki í spaugi. Ég er á móti máli þessu, af því að það er flutt í alvöruleysi, og segi því nei.

Forseti (StgrA): Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þetta mál er flutt í alvöru, en ekki í spaugi.

2. Samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Á 82. fundi í Nd., 27. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum (þmfrv., A. 562).

Á 84. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Eins og greint er frá í grg. frv., var fram borið á síðasta þingi á þskj. 453 frv. til l. um sama efni og þetta frv. fjallar um. Það frv. fór þá til menntmn. þessarar hv. d., sem tók upp þann eðlilega hátt að vísa því til umsagnar þeirra aðila í landinu, sem ætla mátti, að hefðu eitthvað til þessara mála að leggja, en það voru Húsameistarafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, húsameistari ríkisins og Þórir Baldvinsson húsameistari, sem starfar á vegum ríkisins. Umsagnir frá þessum aðilum um það frv. bárust ekki fyrr en því þingi var lokið, og gat frv. því ekki náð afgreiðslu á því þingi.

Menntmn. þótti rétt að taka upp þetta frv. nú á þessu þingi og að athuguðum umsögnum þessara nefndu aðila bera frv. fram í því formi, sem það nú liggur hér fyrir í á þskj. 562. Nokkrar breyt. eru þar gerðar frá upphaflega frv., einkum í samræmi við till., sem komu frá Verkfræðingafélagi Íslands. Meginbreyt. er sú, að í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því, að þriggja manna nefnd skyldi úrskurða, hvort samkeppni færi fram eða ekki. En þetta ákvæði var fellt niður samkvæmt till. Verkfræðingafélagsins, en í staðinn kemur, að ef mannvirki eru reist af ríkinu, sveitarfélögum eða af öðrum aðilum, sem njóta styrks af opinberu fé, þá skuli fara fram samkeppni um hugmyndir, frumáætlanir og frumdrætti að slíkum meiri háttar mannvirkjum, ef ráðh. eða þeim, sem verkið lætur framkvæma, þykir ástæða til. Það er þannig fram tekið í frv., að ef annar hvor þeirra tveggja aðila, annars vegar sá, sem reisa lætur mannvirki, eða hins vegar ríkisstjórnin óskar eftir því, að svona samkeppni fari fram í sambandi við mannvirkið, þá skuli það gert. Á hitt gat menntmn. ekki fallizt, sem Verkfræðingafélagið lagði til, að slík hugmyndasamkeppni færi fram því aðeins, að samkomulag yrði um það á milli

þessara tveggja aðila, en var sammála um, að málið ætti fram að ganga í þeirri mynd, sem þetta nú er í í frv.

Enn fremur hafði Verkfræðingafélagið gert ráð fyrir því, að kostnaður við slíka samkeppni yrði borgaður af ríkissjóði. En menntmn. hefur haldið upphaflegu ákvæðunum í frv. óbreyttum um það, að kostnaðurinn yrði borgaður af þeim aðila, sem mannvirkið lætur reisa.

Verkfræðingafélagið hafði einnig lagt til, að formaður dómnefndar um tillögur í slíkri samkeppni skyldi vera sérfræðingur. Það hefur n. ekki tekið upp.

Ég tek þetta fram, til þess að hv. þdm. sé ljóst, hvað Verkfræðingafélagið hefur lagt til viðkomandi frv. — Það er að sjálfsögðu öllum heimilt og frjálst að láta fara fram hugmyndasamkeppni viðkomandi mannvirkjum, sem þeir láta reisa. En það þykir rétt að ákveða með 1., hvernig dómnefnd skuli skipuð, þegar slík samkeppni fer fram, og einnig, hver skuli greiða kostnaðinn, svo að ekki verði ágreiningur um það. — N. álítur, að þetta frv., ef að 1. verður, muni stuðla að því, að hugmyndasamkeppni muni verða látin fram fara, þegar um stór og mikils varðandi mannvirki er að ræða, og geti greitt fyrir því, að heppilegustu lausnir fáist um fyrirkomulag bygginga, þegar stórkostleg mannvirki eru reist, og geti stutt að því, að verkfræðingar okkar og listamenn á þessum sviðum fái notið sín í sambandi við það, þegar mannvirki eru reist.

Óska ég, að frv. þessu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. Til n. á það ekki að þurfa að fara aftur, nema ef fram koma brtt. við það, af því að frv. er flutt af n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed, s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 82. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Mér sýnist, þar sem þetta frv. lítur út eins og stjfrv. og það virðist hafa eitthvað mikið bak við sig, ástæða til að leita fyrst til stj. um það, við þessa 1. umr., hvað átt er við með þessu frv., sem ætlazt er til, að snerti störf stj. sérstaklega. Það er farið hér fram á, að stj. geti fyrirskipað keppni um alls konar opinberar framkvæmdir, og þó er það ekki sú keppni, sem við höfum vanizt á síðari árum, og það virðist eins og verkfræðingarnir og raffræðingarnir misskilji þetta, því að hér er í rauninni um að ræða fyrirkomulag, sem að öllum líkindum mundi vera óframkvæmanlegt hér á landi. Ég ætla þá fyrst að spyrja hæstv. stj., hvort það sé tilgangurinn, að þessi hugmyndasamkeppni nái til húsa, brúa, vega, vita og jafnvel til skipa. Ef svo er, þá er þetta töluvert stórt mál bæði tæknilega og fjárhagslega. Þá vil ég beina þeirri annarri fyrirspurn til hæstv. stj., sem kemur til með að framkvæma þetta, ef samþ. verður, hver eigi að kosta þetta, því að sá kostnaður mundi vera mikill, ef ætti að leita hugmyndasamkeppni í öllum þessum greinum. Hér er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni í þessu skyni, og í sambandi við það vil ég nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. menntmrh. um eitt mál, sem heyrir undir framkvæmd núverandi stj., en það er þjóðminjasafnshúsið, hvernig hæstv. stj. hugsar sér að taka á því. Alþ. samþ. í sumar, að fé skyldi varið til þess að byggja hús fyrir þjóðminjasafn, en byggingin er vandasöm, og það er ekki vitanlegt, að neinn maður hér á landi hafi á því kunnugleika. Páv. hæstv. dómsmrh., Einar Arnórsson, skipaði nefnd manna til þess að standa fyrir þessu verki, og þessir menn eru að engu leyti á vegum ríkisstj. Nú var sagt, að búið hefði verið að gefa 15 þús. kr. til samkeppni um þetta hús, en það virðist sem þessi nýja n. hafi ekki einu sinni haft þessa samkeppni, heldur hafi hún samið við húsameistara hér í bænum um að taka þetta að sér. Nú er þetta talsvert atriði á ýmsan hátt, fyrst og fremst er það, að sumar helztu byggingar ríkisins, sem reistar hafa verið undanfarin ár, svo sem landsspítalinn, háskólinn og þjóðleikhúsið, hafa tekið margra ára undirbúning í nefnd með aðstoð húsameistara ríkisins. En þessi n. hafði unnið að þessu nokkurn tíma áður í samvinnu við lækna að landsspítalanum, og eins hafði farið fram mikil fjársöfnun. Í sambandi við leikhúsið höfðu þeir unnið mikið Indriði Einarsson og Jakob Möller, annar hafði verið leikari, hinn leikritaskáld, og t. d. í sambandi við landsspítalann hafði verið unnið í 4 ár; síðan var í sambandi við byggingu sumra þessara stofnana bætt við rannsóknarferð til útlanda. En nú aftur á móti er öllu í sambandi við þetta verk, forngripasafni og kannske listasafni, kastað burt undan öllu eftirliti ríkisvaldsins, heldur eiga viðvaningar að fjalla um þetta mál. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvort það sé rétt, að það hafi verið hætt við að nota þessar 15 þús. kr., af því að menn hafi haft ótrú á samkeppninni, en í stað þess hafi verið samið við ákveðinn mann.

Það er ekki aðeins það, að þessi samkeppni hefur þann galla, að þetta er mjög dýrt fyrir landið, sem þykir máske ekki skipta miklu máli nú, þegar peningaveltan er svo mikil, heldur hitt, að sá, sem verður hlutskarpastur, fær þeim mun meiri pen-

inga sem þetta verður dýrara. Því er um að gera að hafa þetta sem allra dýrast, til þess að hann geti fengið sem mestar tekjur, og sama gildir um hin mannvirkin.

Ég ætla nú ekki að fara frekar út í það atriði, hvernig semkeppnin sjálf gefur hugmynd um fyrirtækið. Er lauslega að því vikið í áliti Árna Pálssonar, að það hafi eiginlega aldrei lánazt að gera hér nokkurt fyrirtæki upp úr samkeppni. Hér er ekki um að ræða útboð, eins og t. d. í sambandi við sjómannaskólann, þegar einstakur maður tekur að sér verkið. Hér er farið fram á allt annað, og álít ég rétt að leiða athygli hæstv. ríkisstj. að því þegar við 1. umr. Segjum t. d. að byggja eigi brú yfir Jökulsá á Fjöllum og eigi standi á sama, hvernig hún lítur út. Svo verður um þetta samkeppni, sem allir geta tekið þátt í. Þá vaknar fyrst spurningin: Hver á að borga þetta? Hver á að borga verðlaunin, sem geta orðið talsverð fjárhæð? En svo kemur annað, og það er þetta: Hugsum okkur nú, að einhver listrænn maður fyndi upp á því að koma með till. um, hvernig brúin á Jökulsá ætti að vera, og hann fengi verðlaunin og þetta kæmi svo til verkfræðings. Þá kæmi í ljós, að það, sem dómnefndinni hafði þótt bezt við till., reyndist alveg óframkvæmanlegt. Kæmi þetta þó meira fram í sambandi við byggingar, því að þegar óvaningar koma með svona skyssur, átta þeir sig ekki á því, að þótt útlitið hafi mikið að segja, verður það að vera í samræmi við notkun hússins.

Sá maður, sem talinn er færastur, er Einar Jónsson myndhöggvari. Hann hefur fyrir utan starf sitt, sem hann er vel lærður í, gert sér til gamans nokkur „módel" af húsum, þ. á m. af Háskólanum. Þetta finnst leikmönnum mjög gaman að horfa á, mjög snilldarlegar línur eins og gefur að skilja, þar sem annar eins maður á í hlut. En þegar kemur til manna, sem eiga að byggja húsið, kemur í ljós, að það reynist óframkvæmanlegt.

Það er af þessum ástæðum, sem ég er fyrst og fremst á móti þessu frv. Hér er ekki verið að biðja um hugmyndir, sem alla jafna mundu koma frá mönnum, er ekki geta gert hlutina sjálfir.

En hér kemur líka til greina eitt atriði enn þá, og það er e. t. v. það versta. Það er það, að bæjum þeim, sem mikið láta byggja, hefur fundizt heppilegra í þessum efnum að hafa marga fasta starfsmenn. Reykjavík hefur, að því er ég hygg, 3—4 arkitekta við húsabyggingar. Segjum, að nú ætti að bjóða út hugmynd og þessir menn ættu að taka við hugmyndum frá einhverjum úti í bæ. Enginn fagmaður mundi láta bjóða sér slíkt, að einhverjir sendi honum hugmyndir, sem þeir hafa gert, og skipi honum svo í embættisins nafni að framkvæma þær. Þá yrði ríkið eða bærinn að leita til þeirra, er þetta hafa gert, sem í flestum tilfellum væru alls ekki færir um að framkvæma það. Því er þessi hugmynd um hugmyndir alveg óframkvæmanleg og ekkert annað upp úr henni að hafa en tafir við verkið. — Ég veit ekki, hvort hv. d. er það kunnugt, að upp úr þessum tiltölulega fáu samkeppnum, sem hér hafa verið haldnar um hús, hefur ekki hafzt annað en það, að ekki er lengur hægt að fá arkitekta til að taka þátt í slíkri samkeppni. Þegar t. d. keppt var um þjóðminjasafnið, var það mál margra manna, að teikning sú, er Hörður Bjarnason gerði, hafi verið bezt þeirra, er þar voru boðnar fram. Hann fékk ekki verðlaunin, og eftir það veit ég, að bæði hann og margir aðrir arkitektar hafa ekki tekið þátt í neinni samkeppni.

Að lokum má minna á í þessu sambandi, sérstaklega þegar um hús er að ræða, að hér vantar hæfa dómendur, og hlýtur auðvitað öll samkeppni að stranda á því út af fyrir sig.

Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvernig hún hugsar sér, að þetta verði framkvæmt.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Það er nú því miður ekki gott fyrir mig að gefa hv. þm. þær upplýsingar, sem hann æskir eftir. Í fyrsta lagi af því, að hér er ekki um stjórnarfrv. að ræða, hefur ekki verið rætt í ríkisstj., en er komið frá menntmn. hv. Nd. Og svo í öðru lagi af því, að ég er ekki eins mikill sérfræðingur í mannvirkjagerð og þessi hv. þm. Hann er mjög á öðru máli en þær stofnanir, sem leitað hefur verið til. Eru umsagnir þeirra prentaðar með grg. frv. Þessar stofnanir eru: Verkfræðingafélag Íslands, Húsameistarafélag Íslands og teiknistofa landbúnaðarins. Allar þessar stofnanir mæla mjög eindregið með frv. Aftur á móti er núv. húsameistari ríkisins ekki með því, og eru aðalrök hans þau, að þetta hafi í för með sér mikinn kostnað fyrir ríkissjóð. Ég er, sem sagt, ekki svo vel að mér, að ég treysti mér til að gagnrýna umsagnir þeirra aðila, sem mælt hafa með þessu frv., né heldur umsögn húsameistara ríkisins. Smekkur manna er vitanlega mjög misjafn um slíka hluti. T. d. nefndi hv. þm. sem dæmi mannvirki, þar sem slík samkeppni hefur farið fram um hugmynd. Það er sjómannaskólinn. Hv. þm. finnst vafalaust ekki hafa tekizt vel um lausn þess máls, en ég held, að hann sé þar á öðru máli en allur almenningur. Svo mætti nefna önnur dæmi, t. d. þjóðleikhúsið. Ég geri ráð fyrir, að samkv. smekk þessa hv. þm. hafi það tekizt mjög vel. Aftur á móti er fjöldi manna, sem lítur öðrum augum á það mál og þykir það hafa tekizt verr en skyldi. En þetta er smekksatriði.

Hv. þm. spurði að því, hvað þetta ætti að vera víðtækt. Það kemur greinilega fram í frv., hvað n., sem flytur það, hugsar sér að hafa þetta víðtækt og meira get ég ekki um það sagt, því að ég hef ekki samið frv.

Í 1. gr. frv. segir, að samkeppni skuli fara fram um hugmyndir að meiri háttar byggingum og mannvirkjum, ef ráðherra eða þeim, sem verkið lætur framkvæma, þykir ástæða til. Þetta hefur verið gert hingað til, og er því ekki hér um neina breyt. að ræða. Nýmæli með þessu frv. eru ekki önnur en þau, að settar eru um það reglur, hvernig slík samkeppni skuli fara fram. Hins vegar er það sett á vald stj., hvað hún gerir mikið af því að láta slíka samkeppni fara fram.

Um kostnað er einnig tekið fram í þessu frv. Í

3. gr. er kveðið svo á, að verðlaun, kostnað við útboð og þóknun dómnefndarmanna greiði sá, sem mannvirkið reisir.

Þá minntist hv. þm. á þjóðminjasafnið í þessu sambandi og upplýsti, að fé hefði verið gefið til þess að láta fara fram samkeppni um þessa byggingu. Ég hef ekki heyrt um þetta getið fyrr en nú. Hins vegar er búið að fela ákveðnum mönnum að gera teikningu að þjóðminjasafnshúsinu. Það eru þeir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson. Þetta var ákveðið samkv. einróma till. þeirrar n., sem fráfarandi stjórn setti til þess að hafa verkið með höndum. Í þessari nefnd er m. a. þjóðminjavörður, og nú hefur verið bætt við í nefndina öðrum sérfróðum manni, sem er Kristján Eldjárn.

Því miður get ég ekki gefið hv. þm. frekari upplýsingar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta er nú í annað skiptið, sem þetta frv. er borið fram hér á Alþ., en satt að segja sé ég ekki, að það nái raunverulega neinum tilgangi, þótt samþ. yrði.

Í 1. gr. frumv. er talað um, að fara skuli fram samkeppni um hugmyndir, ef ráðh. eða þeim, sem verkið lætur framkvæma, þykir ástæða til. Það er algerlega lagt á vald ráðh. eða þeirra sveitarfélaga, sem ætla að láta byggja, hvort þeir láta slíka samkeppni fara fram eða ekki. Ég held því, að þetta gæti aldrei orðið til þess að þoka málinu áfram og yrði ekki til annars en að ákveða, hverjir skuli vera í dómnefnd á hverjum tíma, og ég efast um, að það væri heppilegt, að Alþ. ákveði það í eitt skipti fyrir öll. Það getur hver ráðh. látið vera að bjóða út nokkuð af þessum mannvirkjum, svo að frv. eins og það liggur fyrir getur aldrei orðið annað en einber hégómi.

Ég held, að menntmn. ætti að athuga þessa hlið málsins. Ef það er meining Alþ., sem virðist vera, að setja eigi fastar reglur um það að bjóða út eða hafa samkeppni um slík verkefni, þegar byggð eru stór mannvirki, er sjálfsagt að lögfesta það alveg, en leggja það ekki á vald ráðh. á hverjum tíma. Þá kemur líka fram þingviljinn, hvort eigi að hafa það svo.

Í sambandi við þá samkeppni, sem farið hefur hér fram, vil ég benda á, að þegar samkeppni fór fram um síldarverksmiðjur ríkisins, var það maðurinn fyrir síldarverksmiðjunum, maður starfandi hjá ríkinu, sem hreppti verðlaunin. Ef það er tilgangur frv. að láta húsameistara á ýmsum tímum fá sérstök laun fyrir að taka þátt í samkeppni, þá væri þessu máli bezt borgið á þann veg, að launin séu hækkuð við þessa menn, en ekki sé verið að fara neinar krókaleiðir.

Þá vil ég víkja að öðru atriði, sem á sér stað í sambandi við samkeppni yfirleitt. Það er, að verið er að gefa mörgum mönnum góðar vonir um að ná í þennan pening, mönnum, sem leggja í það mikla vinnu og fá máske ekkert fyrir. Það er ekki lítil vinna, sem þannig er oft á glæ kastað. — Ég vil benda á, að þetta frv. miðar heldur ekki að því að koma þessu atriði í fast horf.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Mér hafði raunar komið til hugar, að hæstv. ríkisstj. væri að einhverju leyti hlynnt þessu.

Ég er alveg sömu skoðunar og hv. þm. Barð., að eitt af því, sem beinlínis gæti orðið til leiðinda við svona frv., væri það, að stöðugt væri verið að hafa útboð og ýmsir menn leggja í það mikla vinnu, án þess að fá nokkurn pening fyrir. Það er nýlegt dæmi, að fyrir 2—3 dögum lauk verðlaunasamkeppni um teikningu að fyrirmyndar sveitabæ. Þrenn verðlaun voru veitt, 3000 kr., 2000 kr. og 1000 kr. Hver fékk svo 1. verðlaun? Það fékk þau maður, sem búinn er að vinna á teiknistofu landbúnaðarins í 3—4 ár og hefur ekkert annað gert en að teikna þessi hús. Ég veit ekki, hvort það var Búnaðarbankinn, sem veitti þessi verðlaun. En hann þurfti aðeins að leita í fórum sínum og koma svo með mann, sem reyndist kunna þetta miklu betur en nokkur hinna, sem reyndi að fást við það.

Þess vegna er það, að það, sem fæst með þessu frv., er ekki annað en möguleikar til að fá áframhald af sams konar úrræðum og höfð voru með sjómannaskólann. Það, sem tekizt hefur með því, er það, að byggt er upp hús í þrássi við meiri hluta n., og aðeins sá maður, sem fékk þarna 2. verðlaun, fékk af þessu ávinning.

Ég er samþ. því, sem hv. þm. Barð. sagði um þetta mál, en það var eitt, sem hann tók ekki nægilega undir gagnrýni. Hann sagði eins og rétt er, að þetta sé þýðingarlaust, en það er ekki eins saklaust og hann heldur, því að ef þessi mylla er sett af stað, þá getur hæstv. menntmrh., sem á að sjá um fjöldamargar opinberar byggingar, sem ríkið veitir fé til, sett fullkominn glundroða í öll byggingarmál landsins, og þá kemur að engum notum eftirlit ríkisins og öll sú þekking, sem það hefur aflað sér með því að hafa vissan hóp af hæfum mönnum starfandi að þessum málum í 25 ár. Á skrifstofu húsameistara eru menn eins og Einar Erlendsson og húsameistari sjálfur, sem hafa unnið að óteljandi byggingum og fengið margfalda reynslu í 25 ár, og það getur engum dottið í hug, sem eitthvað þekkir til þessara mála, að það eigi að fá einhverja menn utan úr bæ til að gefa þeim hugmyndir. Hæstv. stj. gæti kannske fengið þá ánægju að reka þessa menn, og það væri bezt fyrir þá, því að þeir gætu áreiðanlega tífaldað sín laun, ef þeir færu úr þjónustu ríkisins. Hitt er annað mál, hvort þjóðin græðir á að verðlauna vanþekkinguna á kostnað þekkingarinnar eins og hér á að gera.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Þetta eru með öllu óþarfar umr.

Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að það hefur ekki mikla þýðingu, þó að frv. sé samþ. Það er engin ástæða til, þó að frv. yrði samþ., að farið verði að koma af stað meiri samkeppni en verið hefur. Þess vegna er engin þörf á að halda uppi umr. um það nú, að sérstök hætta sé á, að minna verði að því gert að láta embættismenn ríkisins vinna þessi verk, en í stað þess verði ausið fé til þess að láta fara fram samkeppni, sem hæpinn ávinningur væri að.

Skoðun þeirra hv. þm., sem talað hafa, er sú, að framkvæmdavaldið eigi á hverjum tíma að sjá um þessi mál; það hafi gert það hingað til og eigi að gera það enn. Það mætti segja út frá þessu sjónarmiði, að nokkuð væri til í því, sem hv. þm. Barð. sagði í ræðu sinni, að þetta frv. væri þarflaust. Ég held samt sem áður, að það sé gagn að því, að þetta frv. sé samþ. Það er jafnt á valdi stj. eftir sem áður, hvernig þessu er hagað. Hins vegar eru hér settar fastar reglur, og ég held, að þær séu til bóta. Ég held, að það verði minni deilur um þessi mál, ef til er fastur dómstóll, sem er ákveðinn með l., sem Alþingi hefur samþ., heldur en með dómstól, sem settur er upp í skyndi við hvert einstakt tækifæri af framkvæmdarvaldinu, sem er flokkspólitískt á hverjum tíma. Það kann að vera, að þessir hv. þm. líti svo á, að ekki sé mikil trygging í þeirri n., sem gert er ráð fyrir í frv., en þá er að koma með brtt. Það er ekki frambærilegt að halda fram, að það hljóti alltaf að fást slæm útkoma á verkum, sem hafi hlotið viðurkenningu dómnefndar, af því að ekki sé hægt að finna dómnefnd, sem sé bær að fella dóm. Það mætti eins vel halda fram, að ekki væri hægt að finna sérfræðinga fyrir það opinbera, sem væru færir um að leysa sitt hlutverk vel af hendi.

Mér skilst því, að gagnrýni þessara hv. þm. gangi aðallega í þá átt, að óhugsandi sé, að hægt sé að skipa dómnefnd, sem sé fær um að kveða upp rétta dóma á grundvelli þekkingar.

Hv. þm. S-Þ. talaði allmikið um það, að mikill aukakostnaður fylgdi því að láta fara fram samkeppni og sá kostnaður væri algerlega óþarfur. Nefndi hann þar sem dæmi sjómannaskólann. En ef um stór mannvirki er að ræða, þá lít ég svo á, að ekki skipti mjög miklu máli um 10—50 þús. kr. eða jafnvel 100 þús. kr., það getur margborgað sig, þó að um slík aukagjöld sé að ræða. Því er t. d. haldið fram af mönnum með sérþekkingu, sem ég treysti miklu betur en hv. þm. S-Þ. með allri virðingu fyrir honum og hans áhuga fyrir þessum málum, að það mundi jafnvel borga sig betur að byggja nýtt þjóðleikhús heldur en að gera þær breyt., sem nauðsynlega þarf að gera á þjóðleikhúsinu. Ég skal ekkert um þetta fullyrða; ég er ekki dómbær um það. En hitt fullyrði ég, að þessu er haldið fram af mönnum, sem hafa athugað þetta mál og hafa á því miklu meiri sérþekkingu en hv. þm. S-Þ. *(JJ:* Vill hæstv. ráðh. nefna þetta „autoritet"?) Ég kæri mig ekki um það, en ég fullyrði aðeins, að svo sé. Ég get ekki dæmt um, hvort þessir menn hafi rétt fyrir sér eða ekki, en ég nefni þetta sem dæmi um, að ekki þarf í sjálfu sér að skipta miklu máli aukakostnaður, þó að hann nemi tugum þúsunda, þegar um stór mannvirki er að ræða. Hitt skiptir auðvitað mestu máli, að framkvæmdin fari sem bezt úr hendi. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé rétt, sem haldið hefur verið fram af þeim, sem mest hafa um þessi mál fjallað, svo sem Verkfræðingafélag Íslands, Húsameistarafélag Íslands og teiknistofa landbúnaðarins, að það sé ekki hægt að fá meiri tryggingu en einmitt með því að láta samkeppni fara fram.

Jónas Jónsson: Ég vil aðeins gera þá aths. við lok þessarar umr., að mér finnst tilvalið, að hæstv. ráðh. skuli hafa komizt í kynni við einhverja menn, sem hafa ákaflega mikið vit á leikhúsmálum og eru fróðir í byggingarmálum og ákaflega óánægðir með það, sem gert hefur verið, en sér samt sem áður, að hyggilegra er fyrir hann að nefna ekki þessi „autoritet" *(Menntmrh:* Það getur verið, að ég geti gert það síðar.), því að annars yrði kannske hægt að krefja þann sagna og bera saman við önnur „autoritet" með meiri þekkingu en lítur út fyrir, að hæstv. ráðh. hafi. Hæstv. ráðh. vill hafa þá aðferð, ef t. d. ætti að byggja leikhús, þá væri boðið til samkeppni og í henni tækju þátt t. d. allir leikarar og aðrir, sem komið hefðu í leikhús, allir kæmu með teikningar, og um þær ætti síðan að dæma n. manna, sem ef til vill hefði aldrei kynnt sér þessi mál erlendis og ekkert vit hefði á þeim. Svo skulum við bera þetta saman við þjóðleikhúsið. Að því störfuðu menn í mörg ár, sem höfðu verið leikarar lengi og leikskáld eða voru húsameistarar, og sumir þessir menn fóru hverja rannsóknarferðina eftir aðra til annarra landa, og allt var borið undir sérfræðinga í öðrum löndum, og niðurstaðan varð sú, sem er ákaflega leiðinlegt fyrir hæstv. ráðh., að þetta var allt svo grunnmúrað, að engin krítík hefur komið til greina frá öðrum en þeim, sem hafa verið frámunalega fáfróðir og haft einhvern pínulítinn illvilja um leið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 130. og 131. fundi í Ed., 17. og 19. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 132. fundi í Ed., 20. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 562, n. 1110 og 1132).

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. Það er ekki langt síðan menntmn. var ásökuð um að hafa afgreitt mál, sem ekki þótti nægilega undirbúið, en það verður ekki sagt um það mál, sem hér liggur fyrir, enda er það einfalt og óbrotið. Það er flutt af menntmn. Nd. og felur ekki annað í sér en heimild til ráðh. um að geta látið fara fram samkeppni um öll meiri háttar mannvirki.

Aðalefni frv. er um það, hvernig dómnefnd skuli skipuð. Með frv. eru fylgiskjöl; það eru umsagnir einstaklinga og félaga, sem hafa reynslu og þekkingu í þessum efnum. Má þar til nefna: Verkfræðingafélag Íslands, Húsameistarafélag Íslands og teiknistofu landbúnaðarins, en þessir aðilar allir eru samþykkir frv.

Umsögn teiknistofunnar hljóðar svo:

„Þar sem samkeppni um uppdrætti að ýmiss konar byggingum hefur viðgengizt hér á landi og þar

sem æskilegt verður að teljast, að af og til sé leitazt fyrir um það bezta, er sérfróðir menn hafa fram að bera í byggingarlist, að reglur séu settar um þetta atriði og opnaðar fjárhagslegar leiðir, er skapi möguleika til framkvæmda, þegar ástæða þykir til."

Húsameistari hefur einnig gefið umsögn um frv., en hann er sá eini af þeim, sem leitað hefur verið til, sem leggur á móti, að frv. sé samþ., eða telur frv. a. m. k. óþarft. Þrátt fyrir þessar umsagnir, sem fylgdu frv. frá Nd., þá hefur menntmn. Ed. tekið frv. til rækilegrar athugunar og leitað umsagna ýmissa stofnana og manna um frv. og kallaði á sinn fund ýmsa menn, sem með þessar framkvæmdir hafa að gera, svo sem borgarstjóra og ríkisstj. Eins og gefur að skilja, tók þetta alllangan tíma, svo að n. hafði frv. alllengi til athugunar. Því er ekki að leyna, að skoðanir þessara manna eru ekki algerlega einróma um frv. T. d. virðist húsameistari ríkisins vera á öðru máli en aðrir húsameistarar, og skýtur það skökku við, þar sem Húsameistarafélagið lýsir yfir einróma fylgi við frv. *(BBen:* Ætli hann hafi verið á fundinum? — *GJ:* Hann er líklega ekki í félaginu.) Jú, hann er í því, en hann mun ekki hafa viljað hlíta samþykkt fundarins. Enginn þessara manna neitar því, að nauðsynlegt sé, að samkeppni fari fram um meiri háttar byggingar. Rökin fyrir því eru þau, að það gefur arkitektum og verkfræðingum tækifæri til að reyna hæfileika sína, og í öðru lagi það, að með því að láta samkeppni fara fram við og við, þá ætti það að geta orðið trygging fyrir bættri byggingarmenningu í landinu. Samkeppnirnar ýta við mönnum og gefa þeim, sem mestan áhuga hafa í þessu efni, tækifæri til að reyna sig.

Í öðru lagi er það, að mjög æskilegt er, að til séu ákveðnar reglur um, hvernig samkeppni skuli fara fram, og ákveðnar reglur um það, hvernig dómnefnd skuli skipuð. Það er í raun og veru kjarni þessa frv. að setja ákveðnar reglur um það, en í frv. er lagt til, að tilnefnd sé fimm manna dómnefnd, sem sé þannig skipuð: Einn frá ríkisstj., sem sé formaður, annar eftir tilnefningu bæjarstjórnar eða hreppsnefndar þar, sem reisa á mannvirkið, þriðji eftir tilnefningu þess, sem lætur framkvæma verkið, og fjórði og fimmti eftir stéttarfélagi húsameistara og verkfræðinga og fimm varamenn tilnefndir á sama hátt. Ég hef ekki orðið annars var en allir séu sammála um, að reglur séu til um slíkt, enda er mér sagt af húsameisturum og verkfræðingum, að slíkar reglur séu til erlendis, a. m. k. settar af húsameistara- og verkfræðingafélögum og þannig viðurkenndar. Hins vegar hefur mér skilizt á þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið gegn frv. um hugmyndasamkeppni, að enginn þessara manna sé á móti því, enda væri það fjarstæða, að samkeppni fari fram við og við um meiri háttar mannvirki. Húsameistari ríkisins og vegamálastjóri leggjast á móti frv. af því, að það sé um samkeppni að hugmyndum. Vilja þeir og eins skipulagsstjóri ríkisins telja mjög mikinn mun á hugmyndasamkeppni og því, sem þeir kalla almenna samkeppni. Um þetta ber sérfræðingunum ekki saman. Húsameistari Reykjavíkurbæjar og formaður Verkfræðingafélags Íslands taka fram, að þeir geri engan mun á hugmyndasamkeppni og almennri samkeppni, eins og hún hefur farið fram hér á landi. Sá munur, sem skipulagsstjóri ríkisins telur á þessari tvenns konar samkeppni, er í því fólginn, að með hugmyndasamkeppni sé átt við lauslega uppdrætti, þar sem minna er unnið úr verkefnunum heldur en ef um almenna samkeppni er að ræða, því að þá sé krafizt nánari úrvinnslu verkefnisins og jafnvel fullnaðarteikninga.

Þess er jafnframt að geta, að í 3. gr. frv. er það hlutverk dómnefndar að ákveða útboðsskilmála samkeppninnar, og í þeim útboðsskilmálum mun *jafnan vera tekið fram,* hversu ýtarlegar teikningarnar eigi að vera. Enn fremur finna þeir að hugmyndasamkeppninni, að þeir telja, að undir hugmyndasamkeppni geti komið fram hinar og aðrar lauslegar hugmyndir, sem aðrir, t. d. opinberar stofnanir eins og skrifstofa húsameistara ríkisins, mundu ekki vilja taka að sér að framkvæma, eða hugmyndir, sem væru þannig, að þótt þær væru listræns eðlis, þá væru þær ekki nógu raunhæfar til þess, að opinberar stofnanir vildu taka að sér að framkvæma þær. Móti þessu ber t. d. húsameistari Reykjavíkurbæjar og telur, að t. d. við þær samkeppnir, sem hér hafa farið fram, hafi sú dómnefnd, sem skorið hafi úr um samkeppnina, að sjálfsögðu fleygt til hliðar þeim hugmyndum, sem hún hafi ekki talið framkvæmanlegar, og í frv. er gert ráð fyrir, að séu sérfræðingar, svo að það kæmi vitanlega ekki til greina að verðlauna þær hugmyndir, sem þættu ekki framkvæmanlegar, það fullyrða þessir menn. En þrátt fyrir það, að meiri hl. n. hefur við þessa umr. og í áliti því, sem hann hefur gefið út, verið sannfærður um, að rétt sé að mæla með frv. og er þar á sama máli og stjórn Verkfræðingafélagsins og Húsameistarafélag Íslands og telur, að frv. sé til gagns, og æskilegt, að það sé samþ. og leggi það til, þá vill meiri hl. taka tillit til þeirrar gagnrýni og þeirra aðfinnslna, sem komið hafa fram gegn frv. bæði frá vegamálastjóra og húsameistara ríkisins, og sú gagnrýni felst fyrst og fremst í því, að erfiðleikar geti verið á að framkvæma þær hugmyndir, sem aðrir eiga eða koma lauslega fram. Flytjum við því á þskj. 1110 brtt. við 3. gr. frv., þar sem við viljum kveða nánar á um þá uppdrætti, sem verðlaun hafa fengið. Með þeirri brtt. viljum við girða fyrir það, sem húsameistari, vegamálastjóri og skipulagsstjóri vilja helzt finna samkeppninni til foráttu, sem sé að þær hugmyndir, sem fram koma, séu þess eðlis, að opinberar stofnanir vilji ekki taka að sér að framkvæma þær. Að öðru leyti vil ég taka fram viðvíkjandi því, sem kveður við hjá húsameistara ríkisins og vegamálastjóra, að það geti komið fram hugmyndir, sem þeir vilji ekki framkvæma, þá tel ég, að ekki sé neinn hlutur í þessu frv., sem bendi til þess, að ætlazt sé til, að horfið sé frá þeirri venju, sem verið hefur, að þeir, sem verðlaun fá

fyrir uppdrætti sína eða hugmyndir, fái sjálfir tækifæri til að framkvæma þær. Ég býst við, að svo verði eftir sem áður, þó að þetta frv. verði samþ., og er það sjálfsagt og eðlilegt. Það kemur varla til mála, að aðrir fái verðlaun fyrir uppdrætti en faglærðir menn, sem jafnframt séu færir um að vinna úr þessum hugmyndum.

Þá flytjum við tvær aðrar brtt. við frv. Eins og ég gat um, var frv. sent borgarstjóra til umsagnar, en hann leitaði umsagnar bæjarráðs, og það taldi ekki óeðlilegt, að svona samkeppni færi fram, en vildi takmarka hana við þau mannvirki, sem styrkt væru eða kostuð af ríkisfé. Ég hef gert ráð fyrir því, að með þessu frv. væri ekki ætlazt til, að lengra væri gengið en að samkeppni væri haldin við og við og þá aðeins um stærstu mannvirkin. Hins vegar munu vera fá af stórum mannvirkjum, sem reist eru í landinu, sem ekki eru að einhverju eða öllu leyti kostuð af ríkisfé. Við höfum viljað taka tillit til þessa álits borgarstjóra og bæjarráðs og leggjum til, að frv. verði breytt þannig, að það nái aðeins til þeirra mannvirkja, sem ríkið lætur framkvæma.

Þá flytjum við þriðju brtt., og er hún fram komin samkvæmt ósk Verkfræðingafélags Íslands. Er hún á þá lund, að sá maður, sem ríkisstj. skipar í dómnefndina, skuli vera verkfræðingur eða húsameistari. *Væri þá alltaf tryggt, að meiri hl. n. væru sérfræðingar.* Er þá meiri trygging fyrir því, að ekki fengju aðrar lausnir verðlaun en þær, sem væru framkvæmanlegar.

Ég tel, að með brtt., sem við flytjum hér, sé gengið algerlega nægilega langt í áttina til húsameistara ríkisins, vegamálastjóra og skipulagsstjóra ríkisins og að tryggt sé, að ekki fái aðrar úrlausnir verðlaun en þær, sem væru vel framkvæmanlegar og nægilega rökstuddar.

Það hefur verið útbýtt á þessum fundi nál. frá minni hl. n., hv. þm. S-Þ. Eru þar prentaðar allar álitsgerðir, sem n. hafa borizt, og er það gott, því að þá geta hv. þm. kynnt sér þær skoðanir, sem þar koma fram á frv.

Í stuttu máli leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ., en með þessum brtt., sem ég hef lýst. Þar er reynt að bæta úr þeim ágöllum, sem ýmsir þeir, sem gagnrýnt hafa frv., telja, að á því séu. Þetta er tiltölulega smávægilegt frv., því að eins og ég tók fram áðan, felur það ekki annað í sér en það, að stj. skuli láta fara fram samkeppni um allar meiri háttar opinberar byggingar og enn fremur reglur um, hvernig samkeppninni skuli háttað og hvernig dómnefnd skuli vera skipuð, og virðist það í alla staði eðlilegt, að slíkar reglur séu til.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Þó að liðið sé á fundartímann, ætla ég mér að segja um þetta mál nokkur orð, en það hagar svo til, að enn eru ekki komin fram öll fylgiskjöl, sem fram munu koma í málinu, en ég geri ráð fyrir, að málið verði tæplega útrætt í dag, og vil ég spyrja hv. 2. þm. Árn., form. menntmn., hvort honum sé ekki kunnugt sem form. n., að vegamálastjóri hafi óskað eftir að fá sum skjölin, sem prentuð eru með mínu nál., og hvort hann hafi ekki hugsað sér að gera eins konar framhaldsálit í þessu máli. Ég álít, að það skipti talsverðu máli, að áður en 2. umr. sé lokið komi fram frá þessum aðilum öll gögn, sem þeir vilja leggja fram um það. Mér þætti einnig vænt um, ef hæstv. samgmrh. gæti verið viðstaddur þessa umr., því að ég þarf að leggja fyrir hann spurningu sem vitamálastjóra, sem n. hefur ekki getað gert, eins og málinu er háttað gagnvart honum sem ráðh., en hann getur gefið okkur af sínum kunnugleik af vitamálum upplýsingar, sem vantar.

Ég ætla mér, af því að ég býst ekki við, að málið verði ýtarlega rætt á þeim stutta tíma, sem er eftir af þessum fundi, að gefa stutt yfirlit yfir þetta mál, sem er lítið fyrirferðar, en þýðingarmikið í sínum afleiðingum, vegna þess að það liggur fyrir athugun, sem n. hefur látið gera.

Það virðist, að frv. sé upphaflega borið fram að tilhlutun ungra manna, að mestu leyti verkfræðinga, sem ekki hafa af skiljanlegum ástæðum fengið enn verulegan starfa hjá ríkinu, hafa kannske of lítið að starfa eða starfa hjá einkafyrirtækjum. Þessir menn munu hafa beitt sér fyrir, að þetta frv. var flutt í Nd. á fyrra þingi. Það dagaði þá uppi, en nú hefur menntmn. Nd. tekið það upp aftur og flutt það án þess að kryfja það nokkuð *verulega til mergjar, sem sést af því, að n. leitar* sér ekki upplýsinga, sem er þó mjög þýðingarmikið atriði í þessu máli. Það er nefnilega komið í ljós nú, að Reykjavíkurbær er á móti því, að þetta frv. nái til hans. Menntmn. Nd. hefur ekki vitað þetta og ekki snúið sér til þeirra starfsmanna ríkisins, sem þetta mál snertir mest. Þannig er öll meðferðin í Nd. mjög losaraleg, og hv. þm. hafa sýnilega ekki hugsað um að afla réttra gagna í málinu, og m. a. er það af því, að þeir, sem hafa verið fram á í Verkfræðingafélaginu, það eru ekki menn, sem eru kunnir verkfræðingar eins og Geir Zoëga og Emil Jónsson, heldur menn, sem hafa eitthvert lærdómsvit, en ekki eru sérstaklega mikið inni í þessum hlutum, eins og rafmagnsfræðingar og efnafræðingar. Þetta er mikil veila í meðferð þessa máls, því að það er fyrst í þessari d., sem hafa komið fram frumgögnin í málinu.

Ég ætla að geta þess strax, að við meðferð málsins kemur það í ljós, að þær þrjár skrifstofur, sem þetta mál snertir mest, eru allar á móti málinu. Skrifstofa húsameistara ríkisins og skrifstofa vegamálastjóra álíta málið skaðlegt fyrir þá starfsemi, sem þeir sinna, og þegar málið er sent til borgarstjórans í Reykjavík, leggur hann það fyrir bæjarráð, og þá kemur tvennt í ljós, annars vegar, að sá sérfræðingur bæjarins, sem hefur umsjón með húsagerð, lýsir yfir, að sér mundi ekki koma til hugar að taka við hugmyndum úr slíkri samkeppni og framkvæma þær. Ég býst við, að þessi hans viturlegu ummæli hafi haft áhrif á meiri hl. bæjarráðs. *(BBen:* Hann var þar alls ekki til kvaddur *og* vissi ekkert um það.) Því meira hrós er það um bæjarráð, að það skyldi af sínum eigin fullkomleika komast að sömu niðurstöðu og sá ágæti húsa-

meistari, sem var þar ekki til kvaddur. Þetta sýnir þá bara ágæti bæjarráðs Reykjavíkur, og vil ég sízt af öllu kasta nokkurri rýrð á jafnvirðulega stofnun, einkum þar sem ég er á sömu skoðun og það í þessu máli. Í stuttu máli, sú niðurstaða, sem bæjarráð kemst að, er sú, sem það lýsir yfir skýrt og skorinort, að það vilji hvorki heyra þetta mál né sjá fyrir sig, en sé, eins og þeir segja, ágætt fyrir stjórn og þing að hafa þetta, því að fyrst þeir séu að skemmta sér við svona hluti, þá sé það prýðilegt og bezt, að þeir njóti þess, þó að það sé langt fyrir neðan það, sem höfuðstaðurinn geti fellt sig við. Þetta allt er og bezta gamanmynd í Speglinum.

Nú hafa tveir meðdeildarmenn mínir réttilega séð, að það nær ekki nokkurri átt að ætla að misbjóða höfuðstaðnum með því að láta beygja sig undir þetta frv. Nú vill svo til, að það eru líka aðrir aðilar, sem koma þar við og eru hliðstæðir yfirhúsameistara. Þeir hafa ekki séð ástæðu til þess að kveða jafnskýrt að orði og hann. Þeir hafa látið skiljast, að þeir búast ekki við að sinna þessu máli mikið, en mér skilst, að eftir að þeir fréttu, hversu myndarlega Reykjavíkurbær tók í þetta, hafi þeir hugsað um að senda meiri hl. n. og þessari virðulegu d. kveðju sína. Mér þykir ekki ósennilegt, að þeir hafi komizt að sömu niðurstöðu, að þeir óskuðu ekki eftir að láta gera grín að sér og vilji ekki láta bjóða sér það, sem ekki þykir boðlegt fyrir aðra.

Þetta eru nú heldur slæmar fréttir fyrir meðdeildarmenn mína og þá, sem að frv. standa í Nd. Þessi d. hefur ekkert um þetta sagt enn þá. Eins og frv. liggur fyrir, má segja, að meiri hl. ætlist til þess að bjóða mönnum eins og Geir Zoëga og Guðjóni Samúelssyni það, sem hinn ungi húsameistari Reykjavíkur vill ekki láta bjóða sér. Það væri ekki gott, ef ríkið tapaði 3 mönnum úr sinni þjónustu, mönnum, sem flestir telja, að ekki væri gott, að færu burtu, og sérstaklega væri það slæmt, þegar það kæmi í ljós, að þeir, sem að frv. standa, vita bara alls ekkert um málið, eru alveg ókunnugir því, sem gert er erlendis, og ætla að ganga þvert á móti íslenzkri reynslu. Og það er spaugilegt, að frsm. meiri hl. og sumir sérfræðingar, eins og efnafræðingar og húsameistari Reykjavíkur, skilja alls ekki þetta mál. Þeir neita, að þeir viti um aðalatriði málsins, sem fram voru tekin í athugasemd um frv. bæði í fyrra og nú.

Þess vegna lítur taflið þannig út núna, að það eru miklir möguleikar fyrir Alþingi að losa sig við 3 mjög eftirsóknarverða forstöðumenn í landinu. Og þetta er gert fyrir það, sem algerir viðvaningar úti í bæ skjóta inn í frv. í Nd., kannske til smávægis hagnaðar fyrir sig. Þetta er ójafn leikur, og hann mundi enda með því, að ekki aðeins þessir menn færu, heldur er gert ráð fyrir því, að fleiri dugandi menn færu. Þeir geta sagt eins og Einar Sveinsson: Við skulum kannske vera vitamálastjórar og húsameistarar í landinu, en við viljum ekki taka í mál, að okkur sé misboðið.

Þess vegna er það, að meiri hl. n. hefur möguleika til þess að svipta ríkið þessum kröftum, sem það hefur nú, og er þá augljóst, að annaðhvort verður að fella frv. niður eða ómögulegt verður að fá dugandi menn til þess að standa fyrir þessum framkvæmdum. Þannig liggur málið fyrir.

Umr. frestað.

Á 133. fundi í Ed., 21. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég hafði í gær vikið nokkrum orðum að málinu almennt eftir ræðu hv. frsm. meiri hl. Ég hafði leitt rök að því, að það liti út fyrir, að frv. yrði algerlega óframkvæmanlegt, og benti þar á, að Reykjavíkurbær hefði ekki séð sér fært að beygja sig undir þetta. Ég hef hugsað mér undir umr. að bera fram fyrirspurn viðvíkjandi því, en að því er ég ekki strax kominn.

Ég ætla þá fyrst að víkja að frv., eins og það var borið fram af menntmn. Nd., því að það kemur ýmislegt fram í þessu máli, sem menn eru ósammála um. Ég vil skýra hv. frsm. meiri hl. frá því, að ég hygg, að nú séu komin til hv. form. n. ný mótmæli gegn þessu frv. frá kunnáttumönnum ríkisins, eða a. m. k. rök, sem hníga í þá átt. Ég geri ráð fyrir, að hv. form. n. skýri frá þessum mótmælum og lesi þau upp.

Eitt af því, sem hefur verið nokkuð erfitt að átta sig á fyrir þá kunnáttumenn, sem n. hefur leitað til, er blátt áfram tilgangur frv. Það hefur komið m. a. í ljós, og það er deiluefni milli verkfræðinga landsins og efnafræðinga, sem vinna við atvinnudeildina, og Einars Sveinssonar byggingarmeistara hjá bænum, að þessir menn haldi fram skilningi, sem virðist vera algerlega í ósamræmi við frv. Þetta hefur haft nokkur áhrif á meiri hl., svo að þeir hafa villzt af leið fyrir þetta. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, benda á, að í 1. gr. frv. segir svo, — og þó að ég beri ekkert sérstakt traust til þess, hvernig hv. frsm. skýrir lagagreinar, þá vil ég nú spyrja hann, hvernig hann vilji skýra þessa grein öðruvísi en hún liggur fyrir: „Samkeppni skal fara fram um hugmyndir, frumáætlanir og frumuppdrætti að meiri háttar opinberum byggingum og mannvirkjum, ef ráðherra eða þeim, sem verkið lætur framkvæma, þykir ástæða til, hvort sem mannvirkin eru reist af ríkinu, bæjar- eða sveitarfélögum eða af öðrum aðilum, sem njóta styrks af opinberu fé.“

Hér er ákaflega vítt svið. Það er sagt, að það skuli fara fram samkeppni, ef einhver af þessum aðilum vill svo vera láta. Nú eru sex ráðh., og allir ráða þeir fyrir ýmiss konar mannvirkjum meira og minna. Þar að auki er gert ráð fyrir í frv., að bæjar- og sveitarfélög geti þarna komið til greina og enn fremur aðrir aðilar, sem njóta styrks af opinberu fé. Þarna undir kæmu skólar, spítalar, læknisbústaðir o. s. frv. Það er þess vegna ekkert smáræði, sem hér er um að ræða, því að þær samkeppnir, sem hér er um að ræða, gætu skipt tugum á hverju ári.

Ég ætla þá næst að skjóta því til hv. frsm. meiri hl., hvernig hann vill útskýra og rökstyðja skoðun sína, þegar hann athugar, að í grg., sem einnig

fylgdi frv. í fyrra, stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að fram fari samkeppni, ef ástæða þykir til þess, um hugmyndir að öllum meiri háttar mannvirkjum, sem byggð eru fyrir opinbert fé eða njóta opinbers styrks að verulegu leyti.“

Svo kemur skýringin á þessu:

„Hér er aðeins átt við frumhugmyndir um fyrirkomulag og gerð mannvirkja, en þær eru mikilvægasta atriðið til þess, að þau megi takast vel. Þrátt fyrir það er mikill hluti hins sérfræðilega undirbúnings mannvirkisins óleystur, þótt hugmyndin að því sé fengin, en hún er sá hluti verkefnisins, sem sízt fæst með lærdómi einum.“

Hér er því búið að slá föstu, að öll opinber mannvirki verði boðin út. Það er líka sagt beinlínis, að aðeins sé um að ræða frumhugmyndir. Að vísu segja þeir, að það sé aðalatriðið. Samt er vikið að því réttilega, að mikill hluti sérfræðilegs undirbúnings sé eftir.

Það verður að játast, að þetta hefur, eins og eðlilegt er, farið fyrir brjóstið á sumum kunnáttumönnum landsins. Þess vegna er það, að Geir Zoëga segir í áliti sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Það virðist ekki vera tilætlunin samkvæmt frv., að t. d. ríkisstofnanir þær, er hlut eiga að máli í hvert sinn, sem samkeppni er ákveðin, láti af hendi til vinnanda í samkeppni að gera fullnaðaruppdrætti og fullnaðaráætlanir um byggingar eða mannvirki.“

Ég tek aðeins þetta eina atriði frá vegamálastjóra, af því að hann skilur þetta alveg rétt, að hér er um algerlega óvenjulega hluti að ræða, og vegamálastjóri skilur það, hvað í því mundi felast, ef ætti að láta hlutaðeigandi ríkisstofnun gera vinnuna. Þetta kemur heim við það, sem hv. flm. segja í grg., þegar þeir komast svo að orði, að mikill hluti hins sérfræðilega undirbúnings sé óleystur, þó að hugmyndin sé fengin.

Nú vil ég vekja athygli hv. form. og frsm. menntmn. á því, að þetta er alveg grunnmúruð skoðun bæði í frv. sjálfu, sem mestu skiptir, og eins í skýringum þessara mannvirkjafræðinga, sem elztir eru og reyndastir. Það er líka rökstutt af skipulagsstjóra, Herði Bjarnasyni. Þetta hefur orðið talsverður ásteytingarsteinn tveimur mönnum, Einari Sveinssyni, húsameistara Reykjavíkurbæjar, og Jóni Vestdal efnafræðingi. Þeir segja svo í áliti sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar samkeppni hefur farið fram hér á landi um mannvirki, oft einhvers konar húsbyggingar, hefur aldrei verið óskað eftir fullnaðarteikningum að viðkomandi mannvirkjum, heldur aðeins frumdráttum, sem hafa átt að sýna glögglega hugmyndina um gerð þeirra og annað fyrirkomulag.“

Þeir bæta enn fremur við:

„Eins og áður er tekið fram, hafa samkeppnir farið fram hér á landi um meiri háttar mannvirki, en allt hefur verið á reiki um undirbúning að slíkum samkeppnum og skipun dómnefnda.“

Að lokum bætir Einar Sveinsson því sérstaklega við sem sínu áliti, að hann telji það æskilegt, að sú regla verði yfirleitt viðhöfð, þegar samkeppnir um húsbyggingar fara fram og hentugar lausnir berast, að sá, sem sigur ber af hólmi, fái tækifæri til að gera fullnaðarteikningar af húsinu og sjá um byggingu þess, því að fæstum muni vera geðfellt eða fara vel úr hendi að framkvæma hugmyndir annarra húsameistara.

Ég held, að hv. form. og frsm. hafi ekki áttað sig á þessu, að einn húsameistari, sem hefur mælt með þessu að parti til, að vísu ekki fyrir sig eða Reykjavíkurbæ, hefur beinlínis komizt svo skarplega að orði, að hann álítur beinlínis óframkvæmanlegt að vinna eftir frv. eins og það er.

Ég hef álitið rétt að taka þetta fram, sérstaklega vegna hv. meðnm. minna, sem mér virðist eiga eftir að kynna sér þessi gögn, þrátt fyrir þá vinnu, sem þeir hafa lagt í þetta mál.

Til þess að slá föstu, hvernig er litið á þetta mál, þá vil ég lesa upp úr áliti Einars Sveinssonar. Hann vill undir öllum kringumstæðum, að þegar samkeppni fer fram, þá sé það gert í fullri alvöru, en ekki hugmyndasamkeppni. Aftur á móti segja flm. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki tilgangurinn með frumvarpi þessu að útiloka áðurnefnda starfsmenn frá því að koma hugmyndum sínum um hin ýmsu opinberu mannvirki á framfæri, heldur er beinlínis ætlazt til þess, að þeir taki þátt í slíkri samkeppni, eins og við verður komið.“

Í stuttu máli: Þeir ætlast til þess, að ýmsir starfsmenn ríkis og bæja taki þátt í þessum samkeppnum, en það er eins og þeir ætli sér að fá eitthvert nýtt líf inn í þessi mál með samkeppninni, því að síðan halda þeir svo áfram:

„Þrátt fyrir það er sú hætta fyrir hendi, að úrlausnir þeirra, sem árum saman hafa unnið að sams konar mannvirkjum, geti orðið vanabundnar og einhæfar, ef um enga samkeppni er að ræða.

Tilbreytingarleysi í þessum efnum sljóvgar auk þess mjög dómgreind og fegurðartilfinningu alls almennings á hinu verklega sviði.“

Af þessu nál. sést ljóslega, að það er óskað eftir framkvæmdum, sem enginn maður hjá bæ eða ríki vill taka þátt í. Þeir segja, að starfsmenn ríkisins, sem lengi hafa verið fastir við sama verk, séu svo sljóir og vanabundnir og verk þeirra séu svo ófullkomin og spilli smekk og dómgreind manna. Þess vegna liggur það í augum uppi, og ég er undrandi á, að hv. frsm. meiri hl. skuli ekki hafa séð það, að í frv. er ætlazt til, að fjöldi mannvirkja verði boðinn út á ári hverju til að fá bjarglegar hugmyndir, til þess að allt verði ekki of sljótt og vanabundið! Svo á að kasta þessum uppdráttum í fangið á einhverri teiknistofu hjá bæ eða ríki, og þeir eiga að leggja fram þessa sérfræðilegu kunnáttu. Það, sem er meiningin hjá hv. flm., er þetta: Einar Sveinsson er orðinn svo ákaflega ófullkominn af að vinna hjá bænum, og Guðjón Samúelsson er orðinn óhæfilega vanafastur af að vinna hjá ríkinu, hafnargerðirnar hjá Emil Jónssyni eru ákaflega lélegar og sömuleiðis brýrnar hjá Geir Zoëga, og þess

vegna eiga þeir nú að fara að framkvæma aðfengnar hugmyndir og fá við það nýtt andlegt líf. En gallinn er bara sá, sem nú er að koma í ljós við meðferð þessa máls, að það er ómögulegt að koma þessu nýja lífi í höfuðin á þeim, sem eiga að gera þetta, því að þeir lýsa því yfir með þeim skörpustu orðum, sem hæfir að hafa í áliti frá opinberum starfsmanni, sem er fullkomlega kurteis, að þeir vísi þessu með öllu á bug og þeir geti ekki lagt það á sig, sem hér sé ætlazt til. Af hálfu Reykjavíkurbæjar er þetta ákaflega glöggt og áberandi. Húsameistari bæjarins segir í áheyrn n., að hann mundi alls ekki vilja vinna úr svona verki. En svo vill svo vel til, að þetta kom enn greinilegar fram hér í d. í gær, því að þá lýsti borgarstjórinn yfir, að bæjarráðið hafi ekki séð sér fært að þola, að þetta væri viðhaft gagnvart Reykjavík. Þetta varð til þess, að meðnm. mínir sáu sér ekki annað fært en að leggja til að taka Reykjavík út úr og önnur bæjar- og sveitarfélög, og af því að þetta er nokkuð flækt í frv., þá hafa orðið nokkur missmíði á því við það, og hafa þeir nú beðið um, að það verði lagfært við 3. umr., því að þótt þeir hafi tekið þetta út úr 1. gr., þá er einnig talað um bæjar- og sveitarfélög í 2. gr.

Nú er það satt að segja furðulegt, að hin ágæta menntmn. Nd. tekur við þessu frá mönnum alveg út í bláinn, sem virðast vera öllu svo gersamlega ókunnugir, að það er eins og þeir sjái ekki, að þar rekur sig eitt á annars horn, eins og hefur nú komið greinilega fram af því áliti, sem komið hefur frá Reykjavíkurbæ og öllum helztu sérfræðingum landsins, sem þetta snertir. Það hefði verið mikils virði fyrir menntmn. Nd., ef hún hefði haft sama háttinn á og n. í Ed. að leita til þeirra aðila, sem þetta snertir, og þá hefði þetta orðið allt öðruvísi, en í staðinn fyrir það hefur n. ekki leitað til neinna, heldur aðeins látið prenta upp grg., sem fylgdi frv. í fyrra, og gerir hana þar með að sínum orðum án allra aths. En þó að n. hafi ekki sýnt þessa sjálfsögðu og nauðsynlegu varfærni, þá hefur hún samt fengið bréf, ófullkomið að vísu, frá Verkfræðingafélaginu. Það er dagsett fyrir einu ári, 22. febr. 1944. Þar kemur eitt fram, sem virðist vera mjög einkennilegt, og ég er undrandi yfir, að form. menntmn., hv. 2. þm. Árn., skuli ekki hafa veitt því eftirtekt, að þetta merkilega mál hefur alls ekki verið borið undir stjórnarfund í Verkfræðingafélaginu, því að í álitinu segir svo: „Það er sameiginlegt álit stjórnarmanna Verkfræðingafélagsins“ o. s. frv. Þeir, sem skrifa undir þetta, eru þrír, einn er efnafræðingur, annar rafmagnsfræðingur, og þeir eru allir úti á þekju um þessi mál, en sá þriðji er verkfræðingur, Árni Pálsson, enda má gera ráð fyrir, að frá honum séu ýmsar skynsamlegar aths., sem fram koma í álitinu. Þar er sagt, að mjög séu skiptar skoðanir um það, hversu mikið gagn sé af slíkri samkeppni yfirleitt, og það er enn fremur tekið fram, að fyrir geti komið, að í samkeppninni komi ekki fram lausn á viðfangsefninu. Þeir fullyrða, að þetta eigi sér oft stað, og bæta því við, að þetta rýri óneitanlega gildi samkeppninnar. En jafnvel þetta ófullkomna bréf frá Verkfræðingafélaginu sýnir þó, hvernig haldið hefur verið á þessu máli. Það hefur ekki verið borið undir fund í félaginu, heldur hefur þar verið farið á bak við þá Emil Jónsson og Geir Zoëga og aðra, sem mestan kunnugleika hafa á þessum málum. Það má einnig segja um þetta ófullkomna bréf, að þar séu meira mótmæli en meðmæli með málinu. En það, sem er allra merkilegast í þessu áliti, er það, að það er eins og þessir menn hafi ekki áttað sig nokkurn skapaðan hlut á því, hvað var aðalatriðið í þessu máli. Þeir segja, að á undanförnum árum hafi öðru hverju verið efnt til slíkrar samkeppni og megi þar t. d. nefna samkeppni um byggingu sjómannaskólans, um aukningu síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði og Raufarhöfn, samkeppni um byggingu hinnar nýju Neskirkju o. s. frv. Þetta er svo fjarri sanni, því að þær samkeppnir, sem hér eru nefndar, voru gerðar í fullri alvöru og með fullri ábyrgð. Það fór líka svo, að upp úr samkeppninni um sjómannaskólann tók Sigurður Guðmundsson að sér verkið, og byggingu hinnar nýju Neskirkju tók Ágúst Pálsson að sér, og síldarverksmiðjuna á Siglufirði tók Jón Gunnarsson að sér.

Ég vil skjóta því til hv. frsm., hvort það geti ekki verið, að hann hafi aðstoðað þá, sem að þessu stóðu, og þeir hafi reynt að koma þessu í gegn sem hljóðminnst og þeir hafi ekki borið þetta upp við Geir Zoëga eða Emil Jónsson, en haft við þetta menn, sem eru myndarlegir á sinn hátt, en hafa ekki nægilega kunnáttu á þessu. Um sama leyti var svo leitað til húsameistara ríkisins, og skrifaði hann bréf, sem er dagsett 25. jan. Í þessu bréfi eru mjög merkilegar upplýsingar, sem ég álít, að frsm. meiri hlutans hafi gott af að athuga betur. Þar segir húsameistari ríkisins, með leyfi hæstv. forseta: „Hugmyndasamkeppni á þeim grundvelli, sem um ræðir í fyrrnefndu frv., veit ég ekki, að tíðkist í nokkru landi.“

Þetta hefur ekki verið rakið, og ekki hefur verið reynt að færa rök að því, og þess vegna á eftir að útskýra það, hvers vegna við, með okkar tiltölulega fábrotnu verkmenningu, getum staðið okkur við það að taka upp skipulag, sem engin þjóð önnur hefur séð sér fært að taka upp.

Húsameistari ríkisins bendir enn fremur á það, sem er alveg rétt, að ef þetta skipulag verður tekið upp, þá yrði að segja upp vegamálastjóra, húsameistara og vita- og hafnarmálastjóra, því að þeir hafa þá ekkert að gera. Og vegna þessa gefur hann þær upplýsingar, að árið 1942 hafi öll húsameistarastörf, sem unnin voru á teiknistofu húsameistara, verið 230 þús. kr., og er það eftir húsameistarataxta, en kostnaður við teiknistofuna var 125 þús. kr., og þó voru unnin mörg önnur verk, eins og hann tekur fram. Þess vegna er það, a. m. k. á þeim tímum, þegar ekki glóir allt í gulli, að þetta er verulegt atriði.

En húsameistari bætir enn fremur við, að húsameistarastörf við aðeins eitt hús af mörgum, Háskólann, hefði kostað 130 þús. kr. Á þeim tíma, þegar byrjað var á byggingu Háskólans, hafði bygg-

ingarn. fullkomlega auga á þessu, en henni þótti nokkuð dýrt að leggja út í að borga prívat húsameistara eftir þeim taxta, sem þá var. Ein af stærstu byggingum hér á landi, Flensborgarskólinn, sem var byggður nokkru fyrir stríð undir umsjón húsameistara ríkisins, kostaði þá nákvæmlega jafnmikið og hefur orðið að borga þeim húsameistara, sem stýrir byggingu stýrimannaskólans.

Þetta er aðeins peningahliðin, og því vil ég skjóta því til hv. 2. þm. Árn., sem réttilega hefur bent á það við umr. um annað mál, að þörf sé á því að koma upp sjúkrahúsum og læknisbústöðum, sem mjög vantar, hvort honum finnist ekki erfitt að koma þessum stofnunum upp, ef það á að leysa byggingaeftirlitið upp á þann hátt, að allar byggingar komist undir einkaframtakið, eins og Einar Sveinsson vill að verði, og borgað verði eftir húsameistarataxta. Það er glöggt, að sjómannaskólinn einn kostar eins mikið í húsameistaravinnu eftir taxta og Flensborgarskólinn.

Ég kem þá að þeim viðtæka undirbúningi, sem var í Nd., að bréfi, sem var skrifað 14. jan. 1944, það er Húsameistarafélag Íslands, sem stendur að bréfinu, og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa það: „Húsameistarafélag Íslands hefur á almennum félagsfundi þann 6. jan. tekið til umræðu frv. um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum, og var einróma samþ. að mæla með frv. óbreyttu, að öðru en því, að æskilegt þykir, að ákvæðið verði, af hvaða fé greiða skuli kostnað við samkeppnina, hvort hann skuli greiða af fé því, er sjóðir ríkis, bæja eða sveita leggja til mannvirkisins, eða öðru fé. Oss virðist æskilegt, að þetta sé greitt af þeim hluta, er opinber sjóður leggur til.“

Við skulum athuga þetta bréf nánar. Í þessu félagi eru ekki nema fáir menn, og það er vitað, að þegar þetta var samþ. einróma, var húsameistari ríkisins ekki þar, hann er þar víst lítið eða ekki neitt, og þeir menn, sem að þessu standa, eru líklega 5—6, fleiri gátu varla verið þar, og flestir hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Þeir eru flestir bráðungir menn, og ef frá er talinn Sigurður Guðmundsson, er enginn, sem fengið hefur meiri háttar reynslu, og sumir ákaflega litla. Nú skyldi maður halda, að þegar borið er undir þá svona mál, þá mundu þeir segja eitthvað, sem upplýsti málið. En þeir taka aðeins það, sem er allra þynnst og lélegast í þessu efni. Það snýst um það, hvaða peninga dómnefndarmenn geta fengið upp úr þessu; þeir sjá ekki annað en atvinnu fyrir sig og sína stétt. Það er spaugilegt, að þeir vilja, að frv. gangi fram óbreytt, nema það þurfi að taka fram, af hvaða fé eigi að greiða kostnaðinn við þetta, hvort það eigi að vera ríkis-, bæjar- eða sveitarsjóðir eða þá annað fé. Og svo kemur síðasta snjallyrðið; þeir óska eftir því, að opinberir sjóðir verði látnir greiða það. Nú er hv. 2. þm. Árn. málhagur í bezta lagi, og nú vil ég óska eftir því, að hann skýri, hvað opinber sjóður er. Hvernig er þetta komið í málið? Er þetta nýyrði? Það eru til bæjarsjóðir, sveitarsjóðir, sýslusjóðir og byggingasjóðir. (*GJ:* Ætli það sé ekki varasjóður Sambandsins?) Það er leitt fyrir hv. þm. Barð. að hafa ekki gengið fram í að leiðrétta skattalögin, svo að þessi virðulega stofnun gæti tryggt sér varasjóð, sem forráðamenn fyrirtækisins vildu, ef löggjöfin leyfði það. Þó að hv. þm. Barð. sé ekki reyndur að jafnmiklum mályfirburðum og flokksbróðir hans, þá er hann af skáldaættum og kannske skáld sjálfur, svo að það mundi gleðja mig, ef hann vildi segja álit sitt um þennan opinbera sjóð, hvernig fyrirtæki hann er.

Ég vildi leyfa mér að vonast eftir, að hv. frsm. meiri hl., sem er bókmenntafróður maður og elskur að bókmenntum, viðurkenni, að það sé vel viðeigandi þessi tilvitnun, sem ég vil gera úr leikriti Ibsens, að þessi grg. húsameistaranna minni á sjómanninn, sem var að drukkna og ætlaði að byrja á faðirvorinu, en mundi ekki nema þetta, sem viðkom hans líkamlegu velferð, eins og þessir húsameistarar, sem hér hafa verið okkur til aðstoðar.

Áður en ég kem að nál. minna tveggja meðnm., sem ýmislegt er að athuga við, þá ætla ég að koma að þeim mörgu skjölum, sem eru ávöxtur af vinnu n., og er þar margt að þakka formanni n., sem hefur dregið að n. bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar. Ég álít, að það fari vel á því, að þessi d. og jafnvel hin d. fengju að sjá þennan vitnisburð, sem ég held að upplýsi málið.

Af þessum skriflegu gögnum, þá er nú fyrst númer eitt, frá vegamálastjóra, og hef ég áður vikið að því, að honum er það ljóst, að frv. stefnir að annarri samkeppni en hann telur framkvæmanlega. Ég ætla þá að snúa mér að hv. 2. þm. Árn., sem hefur eins og eðlilegt er mikinn áhuga fyrir endurbyggingu Ölfusárbrúarinnar, sem er verk, sem vegamálastjóri og hans starfslið er að glíma við. Ef þetta frv. hefði orðið að l., þá var hugsanlegt, að samgmrh., sem þetta heyrir undir, segði sem svo: Ég trúi nú þessum flm. um það, að Geir Zoëga sé orðinn sljór og vanabundinn af 25 ára starfi hjá ríkinu, og þess vegna tel ég sjálfsagt að hafa um þetta hugmyndasamkeppni, ef skeð gæti, að þessir starfsmenn gætu fengið aukið andlegt fjör. Nú veit hv. 2. þm. Árn., að það er talið nauðsynlegt fyrir þessa nýju brú að hafa einn stöpul a. m. k. Og honum er það enn kunnugra en mér, þó að mér sé það sæmilega kunnugt, að ekki er sama, hvar þessi stöpull er, vegna þess að partur af ánni er djúpur. Nú skulum við segja, að samgmrh. legði mikla áherzlu á það, að þessi brú yrði falleg, með mörgum bogum, svo að þeir, sem þarna kæmu, hefðu ánægju af að horfa á hana. Svo byði hann þetta út, og þá kæmu t. d. málarar okkar og gerðu uppdrátt af brúnni. Svo kæmi til kasta dómnefndarinnar, og hún sæi, að ein teikningin bæri af öðrum að fegurð, og svo væri hún send vegamálastjóra með þeim ummælum, að þetta væri svo fallegt. Þá kæmi vegamálastjóri, kannske strax, með fyrstu mótbáruna um það, að einhver af þessum stöplum væri í dýpsta hylnum í ánni og hann sæi, að þetta væri mjög lítt framkvæmanlegt. Svo kemur það, sem ég ætla að spyrja hæstv. forsrh. um: Mundi það varða em-

bættismissi fyrir Geir Zoëga, ef hann neitaði að framkvæma þetta, af því að hann sæi, að þetta væri endileysa?

Geir Zoëga hefur tekið fram, að ef það eigi að vera nokkurt minnsta vit í samkeppninni, þá verði að leggja í þetta svo mikla vinnu, og t. d. með brýr og annað, sem mikið reynir á styrkleikann, yrði að fá nákvæmlegan útreikning. Af því leiðir, að það verður að eyða miklu fé í þessi útboð, vegna þess að ekki er hægt að fá þessa vinnu gerða nema með miklum kostnaði. Þetta hafa hv. flm. ekki skilið, því að þeir hugsa, að þetta sé ekki nema frístundakák hjá listrænum mönnum að setjast niður og teikna hús, söfn og önnur mannvirki, og fá sér þannig viðbót við mánaðarlaunin með verðlaununum, sem yrðu veitt fyrir þetta.

Þá víkur vegamálastjóri að því, að flm. frv. hafi ætlazt til þess, að starfsmenn á teiknistofunum tækju þátt í samkeppninni. Ég tel vandkvæði á því, að þeir geti gert það, enda er ekki þægilegt að vinna á opinberri skrifstofu að slíku verkefni, sem ekki á að koma fyrir margra augu á meðan unnið er að því. Ég hygg, að bæði formaður n. og flm. hefðu gott af að athuga þessi rök. Við skulum halda okkur við það, að vegamálastjóri hafi fyrirskipað samkeppni að brú. Á skrifstofu vegamálastjóra eru langflestir þeir menn íslenzkir, sem eru hæfir til að gera brú. Það er að vísu einn duglegur maður, sem lengi vann á skrifstofu vegamálastjóra, en hefur nú einkafyrirtæki, og hann gæti tekið þátt í samkeppninni. Aðrir aðilar, sem hafa æfingu, eru starfsmenn á skrifstofunni, og svo segir vegamálastjóri, að það sá ómögulegt, að þeir taki þátt í því. Sama er t. d. um hafnir. Það eru ekki mjög margir aðrir en þeir, sem vinna á hafnarskrifstofunni, sem gætu unnið að þeim.

Ég var nýlega að tala við vestur-íslenzkan verkfræðing, Árna Eggertsson. Hann segir, að það sé siður hjá þeim fyrir vestan, að þegar ungur maður er búinn að ljúka námi, þá sé ætlazt til þess, að hann vinni í 10 ár á skrifstofu við rafmagnsmál, húsabyggingar eða hvað sem er, áður en hann gæti staðið fyrir stórum mannvirkjum. Mér kom þetta í hug um sjúkrahúsið á Akureyri, sem á að verða hér um bil eins stórt og Landsspítalinn. Það er algerlega útilokað um marga af þeim mönnum, sem eru í Húsameistarafélaginu, að þeir geti gert þetta hús, þó að þeir seinna meir geti fengið þá æfingu og reynslu, sem þarf til þess.

Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að undirmenn á skrifstofu húsameistara telji sér ekki fært að taka þátt í svona samkeppni. Það væri spaugileg aðstaða, ef það væri hafnarmannvirki úti á landi, sem væri boðið út, og svo ynni kannske byrjandi á vitamálaskrifstofunni verðlaunin, og svo yrði Emil Jónsson, sem þá væri kominn heim aftur úr ríkisstj. og tekinn við aftur, að taka verðlaunahugmynd viðvaningsins á teiknistofunni og sjóða upp úr henni.

Vegamálastjóri tekur enn fremur fram, að hugmyndasamkeppni hafi verið lögleidd í kringum 20 ár í landinu, að því er viðkemur skipulagi kaupstaða. Þessi heimild að hugmyndasamkeppni er um það, hvar eigi að leggja götur og torg, og þetta er atriði, sem leikmenn geta áttað sig á. Og er skemmst að segja frá því, er Kjarval stakk upp á mjög skemmtilegri hugmynd fyrir nokkrum árum. Eftir að Hótel Reykjavík brann, stakk hann upp á því, að Reykjavíkurbær keypti þennan grunn og byggði þar timburhús 1—2 hæðir og leigði þau fyrir íbúðir. Léti svo íbúðirnar vinna fyrir lóðarverðinu í 10—20 ár, rifi svo þessi timburhús og léti Austurvöll ná að Landsbankanum, og þó fékk Kjarval engin verðlaun fyrir þetta, en mörgum finnst æskilegt, að þetta hefði verið tekið til greina. En þó að þetta standi í skipulagsl., þá er það aldrei notað, — það óskar enginn eftir því.

Þá tekur vegamálastjóri fram það, sem ég held, að ekki sé gott að mótmæla, að bæði Reykjavíkurbær og ríkið hafa í sinni þjónustu eins færa sérfræðinga og völ er á hér á landi og ekki aðeins það, heldur hafa þessir menn fengið mikla æfingu við störf sín. Það er þess vegna í sjálfu sér alveg öfugt við það, sem haldið er fram í nál. og athugasemd við frv. Það er vitað, að það hafa ekki komið fram neinar nýjungar í byggingamálum, nema helzt frá starfsmönnum ríkisins. Ég vil taka það fram, að þegar gamli stúdentagarðurinn var reistur af einum af færustu mönnum, sem ekki eru í þjónustu ríkisins, þá þekktu menn ekki aðra húðun en sementshúðun. Þessi húsameistari fékk svo steinduft frá Noregi og kalkaði með því stúdentagarðinn. En rétt á eftir gerir húsameistari ríkisins þessa merkilegu uppgötvun, sem hefur alveg umturnað til betri vegar byggingum og meira að segja girðingum í Reykjavík og kaupstöðum, með því að nota íslenzkar steintegundir til þess að skapa slitlag á byggingar. Þetta er svo merkileg uppgötvun, að það er skaði, að það skuli ekki hafa verið athugað betur, hvers virði það er, að slík uppgötvun var gerð, því að áður en þetta var gert, neyddust menn til þess, bæði í kaupstöðum og sveitum, að mála eða kalka húsin að utan.

Þetta hefur endað á þann hátt, að það hefur verið talað um það til skiptis að byggja safnhús sem stórkostlegt minnismerki fyrir bæinn og landið.

En ef aftur á móti hefði verið til þessi tækni, sem einn af starfsmönnum ríkisins hefur innleitt, þá hefði þetta hús haldið svipuðum lit eins og er á háskólabyggingunni nú og landinu verið sparað mikið fé og bænum aukizt álit. Ég vil, til þess að benda meðnm. mínum á, að það er eitthvað bogið við þessa röksemdaleiðslu, segja þeim, að starfsmenn ríkisins eru svo óvissir í sínu starfi, að t. d. í einni byggingu, háskólanum, eru a. m. k. 12 íslenzkar steintegundir, sem einn af þessum þreyttu starfsmönnum hefur innleitt til mikils sparnaðar fyrir bygginguna. Og þótt vitamálastjóri segi svo í niðurlagi álits síns, að hann sjái enga þörf á því að hafa nokkra lagasetningu í þessu efni varðandi samskipun húsa, sem eigi að gilda, þá hefur hún verið framkvæmd hér nokkrum sinnum, og það hefur ekkert verið út á það að setja í dómnefnd, enda ekkert í þessum fyrirmælum, sem ætti að vera til ógagns fyrir ríkisstj. að taka upp. Enn fremur

vil ég benda hv. frsm. meiri hl. á það, að það kom fram í ræðu hans í gær, að Húsameistarafélagið og Verkfræðingafélagið geta vel sett upp, í fullu samráði við stj., hvernig eigi að framkvæma verklega samskipun, og þá á þeim grundvelli, sem tíðkast erlendis, þar sem félög kunnáttumanna hafa komið þessari reglu á, en ríkið ekki skipt sér af því.

Umr. frestað.

Á 134,. 135. og 136. fundi í Ed., 22., 23. og 26. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 137. fundi í Ed., 27. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 562, n. 1110 og 1132, 1207 (frhnál.)).

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þegar skilið var við þetta mál síðast, voru ekki komin fram öll rök í því, og vil ég fara nokkrum orðum um kjarna málsins. Þegar umr. um þetta var slitið síðast, kom í ljós, að 4 starfsmenn ríkisins höfðu sent Alþ. kveðju sína ásamt mjög alvarlegri gagnrýni á þetta og vilja ekkert með það hafa. Hæstv. menntmrh. er sá eini, sem mælt hefur með þessu. Ég hef minnzt á ummæli vegamálastjóra, þar sem hann segir álit sitt á þessu, og get ég látið útrætt um það.

Þá kem ég að Herði Bjarnasyni, skipulagsstjóra ríkisins. Hann bendir á, að gömul heimild er í lögum til að hafa samkeppni milli lærðra og leikra varðandi tiltekin atriði í skipulagi kaupstaða og kauptúna, en sú heimild hefur aldrei verið notuð. Skipulagsstjórinn er ekki myrkur í máli, og miðar öll grg. hans að því að sýna fram á, að frv. sé byggt á ónógri þekkingu á meginatriðum byggingarframkvæmda og eðlilegum undirbúningi og forstöðu við slík verk. Og segir hann m. a. á einum stað í grg. sinni:

„Um samkeppni í húsagerð almennt og byggingarlist leyfi ég mér að taka þetta fram: Er þar venjulega um tvenns konar samkeppni að ræða, sem greina verður mjög skýrt á milli, annars vegar hugmyndasamkeppni, þar sem þátttakendum eru engin sérstök skilyrði sett um verkefnið, sem leysa skal. Er þar venjulega leitað hugmynda um, hvernig og hvað byggja skuli á tilgreindu landssvæði eða lóð."

Og enn fremur segir hann:

„Gera verður ákveðinn greinarmun á hugmyndasamkeppni og venjulegri samkeppni, sem fylgir lýsing þess, sem krafizt er og að mínum dómi hentar mun betur okkar aðstæðum."

Ég hef álitið heppilegt að greina svo frá orðum Harðar Bjarnasonar, því að ef þau reynast rétt, þá er frv. algerlega dauðadæmt.

Þetta liggur í því, að frv. gerir ráð fyrir svo gífurlega miklum umbótum á þann hátt, að bæði ríkisstj., bæjarstj., sveitarstj. og félagsn. geta boðið út til hugmyndasamkeppni. Og svo sé hugmyndunum fleygt í einhverja ríkisstofnun eða bæjarstj., sem á að vinna úr því. Þetta fullyrðir skipulagsstjóri, að hvergi sé dæmi um. Hitt er víst, að víða er leitað að hugmyndum alveg laust við verklegar framkvæmdir, eins og skipulagsstjóri bendir á.

Þar næst kemur húsameistari að því, að þetta frv. sé nokkuð stórt í sniðunum, því að það nái til allra bygginga, sem ríkið geri, og margra af þeim, sem bæjar- og sveitarfélög láta reisa.

Enn fremur getur það náð til brúa hjá vegamálastjóra, vitabygginga og hafnarmannvirkja vitamálaskrifstofunnar. Og sömuleiðis gæti það gripið inn í störf teiknistofu landbúnaðarins og skrifstofu Reykjavíkurbæjar og hafnarframkvæmdir. Ef t. d. kemur að því, sem Alþ. hefur samþ. fyrir nokkru, að hér í Reykjavík komi stór skipasmíðastöð, sem ríkið leggi í, en Reykjavíkurbær þó meira, væri eftir frv., ef það yrði að l., hægt að heimta hugmyndaútboð á þessu öllu saman. Það mundi standa nokkuð lengi, svo að það yrðu kannske óteljandi hugmyndir um einstakar „dokkir" og einstaka „slippi", sem þar þyrfti að gera.

Þá tekur húsameistari fram, að þetta geti orðið nokkuð kostnaðarsamt allt saman og vandasamt, margir húsbændur. Í hæstv. ríkisstj. 6 menn, borgarstjórinn í Reykjavík og fjölmargar n., sem standa fyrir byggingu skólahúsa, sjúkrahúsa o. fl., og hver þessara aðila um sig getur krafizt, að keppt sé um hugmynd um þær byggingar.

Þá fullyrðir húsameistari enn fremur, eins og skipulagsstjóri, að þessi samkeppni, sem hér er um að ræða, hefur aldrei verið viðhöfð hér á landi og ekki heldur erlendis í því lögbundna formi, sem hér er átt við. Húsameistari fullyrðir næst, sem fyrr var að vikið, að í álitsgerð verkfræðingafélagsins hefði því verið haldið fram, að vanaleg samkeppni væri eins og t. d. með byggingu Neskirkju og sjómannaskólans, þar sem sá, sem fyrstu verðlaun fær, tekur einnig að sér verkið og sér um bygginguna og ábyrgðin hvílir á honum. En jafnvel samkeppni, sem fylgir full ábyrgð, þ. e. að sá maður, sem teiknar og gerir hugmyndina, tekur að sér verkið, segir húsameistari að sé mjög lítið um í nágrannalöndum okkar. Árið 1936 hafi verið í Danmörku um slíka samkeppni að ræða í 6 tilfellum og 4 í Svíþjóð. Ætti þar þó ekki að vera til fyrirstöðu, að það vantaði menn í slíkt, bæði margir húsameistarar og enginn skortur á mönnum til þess að dæma um þau verk. En út frá þessu séð virðist það harla einkennileg stefna, sem flm. þessa frv. vilja innleiða hér á landi, sem varla er hægt að telja, að sé litið við í Svíþjóð eða Danmörku, þ. e. a. s. hina ábyrgu samkeppni, um hina er ekki að ræða, sem frv. fer fram á.

Þessar röksemdir benda á það, sem ég hef hér fram tekið, að það er nokkurn veginn ljóst, að flm. þessa frv. hafa alls ekki vit haft á málinu, sem er líklegra, eða þá hitt, að þeir hafa viljað skapa þannig atvinnu, að þetta væri nokkurs konar atvinnubótavinna fyrir menn, sem ekki gátu fengið nóg að gera öðruvísi.

Þá nefnir húsameistari, að hverju hann starfi nú. Á hans skrifstofu eru 3 menn, og hann telur upp helztu byggingar, sem á hans teiknistofu sé nú

unnið að, svo sem: húsmæðraskóla í Borgarfirði og á Ísafirði, gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Siglufirði, fæðingarstofnun og hjúkrunarkvennaskóla í Reykjavík, barnaskóla á Ísafirði, farsóttahúsi í Reykjavík og spítala á Akureyri. Síðan hefði húsameistari getað bætt því við, að hann vinnur hvern dag að þjóðleikhúsinu meira og minna og sjálfsagt undirmenn hans líka.

Það segir sig sjálft, þegar þessir fáu menn, sem vinna hjá ríkinu, afkasta svona mörgum verkum varðandi þessar stórbyggingar á ári og fleiri þó en hér er talið, þá sést, hvað það mundi kosta, ef þessu öllu væri sleppt lausu, ef t. d. Ísafjörður yrði að fara að fá húsameistara til þess að taka að sér sinn húsmæðraskóla og sinn barnaskóla o. fl. Slíkt mundi hækka stórkostlega byggingarkostnaðinn, sennilega 5% af byggingarkostnaðinum. Og þá getur maður reiknað, hvað þetta mundi kosta í svo stórum byggingum eins og hér er um að ræða, ef allt þetta væri komið í l., eins og stefnt er að í frv.

Þá víkur húsameistari að því, að í þessum mikla glundroða, sem hér á að skapa, yrði erfitt fyrir stj. að koma við dómnefndarskipun. Ætlazt er til þess, að 5 menn dæmi um hvert verk. En eins og húsameistari hefur bent á, mun þetta stranda á skorti á hæfum mönnum. Það er um svo tiltölulega fáa menn að ræða, og ef um margar samkeppnir væri að ræða, þá yrði stj. að fara til viðkomandi sérfræðinga og spyrja þá, hvort þeir ætli að keppa, sem er afar óþægilegt, þegar um keppni er að ræða. Það er ekki víst, að þeir vilji segja það allir, hvort þeir ætli að keppa. Það er því eðlilegt, að stj. yrði í vandræðum í mörgum tilfellum, því að þeir, sem ætlað hafði verið sæti í dómn., höfðu hugsað sér að keppa. Útkoman yrði þá sú, að óvanir menn væru látnir dæma um verkið.

Þegar keppt var um sjómannaskólann, var það aðallega byggingarn., sem þar réði, skólastjórar sjómanna- og stýrimannaskólans og, að ég hygg, formaður sjómannafélagsins, sem var í byggingarn. Þetta var skynsamlegt yfirleitt, því að þeir áttu helzt að vita, hvernig skólinn skyldi gerður. Svo var bætt við tveimur öðrum mönnum. En þetta sýnir samt sem áður, að ef alveg á að fara eftir sérkunnáttu, þá hefur samt sem áður ekki tekizt að fá þetta fram við þá stærstu byggingarsamkeppni, sem hér hefur verið gerð.

Næst bendir húsameistari á, að miklir erfiðleikar verði við framkvæmd þessarar hugmyndasamkeppni, ef það á að vera svo, eins og frv. gerir ráð fyrir, að þeir, sem þátt taka í samkeppninni, bera raunverulega enga ábyrgð á verkinu. Þetta hefur Geir Zoëga tekið fram, að hægt væri að gera brú á pappírnum, þó að ómögulegt væri að framkvæma slíkt.

Húsameistari bendir á, að aðalvandinn hvíli eftir sem áður á teiknistofunni, sem framkvæmdirnar heyra undir. Það er ætlazt til, að uppkastið liggi frammi til athugunar fyrir almenning um viku skeið, og er eðlilegt, að menn skoði þær og um þær myndist ýmsar skoðanir og flokkar. Einum líst vel á þetta, öðrum á hitt, og þrjár viðurkenningar eru veittar í hvert skipti. Þetta gerir það að verkum, að hendur þeirra, sem eiga að taka að sér að sjá um verkið, eru bundnar; þeim er sagt að byggja eftir þessum uppdrætti, sem dómn. og kannske almenningsálitið telur fallegast að ytra útliti, enda þótt húsameistari, sem sagt er að taka að sér verkið, sjái ekki leið til þess að samrýma það ytra útlit t. d. fyrirkomulagi innanhúss.

Það mætti taka hliðstætt dæmi, sem er ef til vill nær hinu daglega lífi manna, og menn skilja það þá ef til vill betur, og þá einnig, af því að hér munu vera menn í þessari hv. d., sem mjög hafa verið riðnir við sjávarútveginn, en þetta dæmi er einmitt þaðan. En það hefur nýlega komið fram krafa hér í bæ frá sjómannafélaginu, sem er í því fólgin, að á hverju skipi skuli vera öryggisnefnd úr flokki háseta. Þessi n. á að geta gripið fram fyrir hendur skipstjórans, þegar henni þykir þess þurfa. En af því að þetta er dæmi úr daglega lífinu, vita menn það og skilja betur, að á hverju skipi verður að vera húsbóndi. Alveg eins er það í stríði. Það er ekki vafi á því, hvernig þetta mundi fara, ef þessi regla væri upp tekin á sjónum. Öll stjórn yrði uppleyst og allur agi, og það væri gersamlega óhugsandi að framkvæma siglingar með slíkum hætti. Mér er sagt, að fyrst eftir byltinguna í Rússlandi hafi þessi siður verið tekinn upp, og þaðan mun tyrirmyndin komin. En því mun þó hafa verið hætt síðar. Ef slíkt yrði tekið upp hér, hvað öryggisn. snertir, mundi skipstjórinn segja það sama og húsameistari: Það er ekki hægt að bera ábyrgð á skipinu, ef aðrir taka þannig fram fyrir hendur manns, að ekki er hægt að stjórna því.

Að síðustu segir húsameistari ríkisins um þetta frv. í álitsgerð sinni: „Sú ríkisstjórn, sem hefur komið framkvæmdum opinberra bygginga í þetta horf, mundi áreiðanlega tiltölulega fljótt sannfærast af reynslunni, að það er ekki tilviljun, að engin þjóð hefur fram að þessu lögfest skipulag ábekkt því, sem mælt er með á þskj. 562."

Ég hleyp þá yfir fskj. 4, því að þar er ekkert nema það, að tveir menn úr Verkfræðingafélaginu gera till. um skipun dómn.

Næst kemur að því mjög merkilega atriði, bréfi Einars Sveinssonar húsameistara Reykjavíkurbæjar og Jóns Vestdals. Þeir skrifa þetta bréf eftir að þeir höfðu verið á fundi hjá okkur í menntmn. og rætt málið við okkur. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 1. gr. frv. er það skilgreint, til hvers konar samkeppni frv. skuli ná, en það er samkeppni um „hugmyndir, frumáætlanir og frumdrætti að meiri háttar opinberum byggingum og mannvirkjum." Hafa, að því er okkur er kunnugt, aldrei farið fram hér á landi annars konar samkeppnir en þær. sem frv. gerir ráð fyrir." Í þessu kemur fram þessi stórkostlegi misskilningur hjá þessum mönnum, sem líka frv. er byggt á. Þeir virðast ekki hafa hugmynd um það, að t. d. Sigurður Guðmundsson, sem vann keppnina um sjómannaskólann, gerði ekki aðeins hugmyndina um hann, heldur sá hann um verk-

ið, og það er með allt öðrum hætti en frv. gerir ráð fyrir. Og þeir bæta við, þessir tveir menn: „Eins og áður er tekið fram, hafa samkeppnir farið fram hér á landi um meiri háttar mannvirki, en allt hefur verið á reiki um undirbúning að slíkum samkeppnum og skipun dómnefnda.“ Þetta er beinlínis alveg rangt, í hvert skipti hafa verið valdir til þess bæði byggingarn. og fleiri, alveg eins og gert er ráð fyrir hér í frv. En svo endar þetta bréf á þann hátt, sem mjög skýrir það, hvers vegna Reykjavíkurbær hefur alveg dregið sig út úr þessu máli. Þar kemur fram sérskoðun Einars Sveinssonar: „Vegna umræðna þeirra, sem fóru fram á áðurnefndum fundi menntamálanefndar, vill annar okkar, Einar Sveinsson, taka það fram sérstaklega sem sitt álit, að hann telji það æskilegt, að sú regla verði yfirleitt viðhöfð, þegar samkeppnir um húsbyggingar fara fram og hentugar lausnir berast, að sá, sem sigur ber af hólmi, fái tækifæri til þess að gera fullnaðarteikningar af húsinu og sjá um byggingu þess. Fæstum húsameisturum mun það vera geðfellt né fara það vel úr hendi að framkvæma hugmyndir annarra húsameistara. Álit þetta getur stundum einnig átt við önnur mannvirki, en þó mun það síður vera reglan.“

Í þessu kemur það fram, sem í raun og veru kollvarpar alveg því gagni, sem að frv. átti að verða, með vitnisburði þessara tveggja manna. Fyrst kemur í ljós, að þeir hafa ekki um það hugmynd, um hvað frv. er, þrátt fyrir það, þótt það væri útskýrt fyrir þeim. Svo kemur Einar Sveinsson, og hann vill, að öll samkeppni verði gerð ábyrg. Það er ekkert að segja við því. Húsameistari og Geir Zoëga hafa ekkert á móti því. Ég býst við, að Geir Zoëga hefði ekkert á móti því, ef t. d. hægt væri að bjóða út hugmynd að Ölfusárbrú og það yrði ábyrg samkeppni, ef fengjust forsvaranlegir verkfræðingar til þess að taka svo að sér verkið. En Geir Zoëga mundi ekki telja sér sæmandi, að einhver gerði till. um brúna og svo ætti hann að framkvæma það. En það er það, sem frv. fer fram á. En Einar Sveinsson sér, í hvaða óefni er komið, og hann vill ekki framkvæma hugmyndir eftir þennan eða hinn, heldur einnig, að þeir, sem fást við þetta mál, beri ábyrgð á því.

Þá kemur bréf frá borgarstjóra Reykjavíkur, Bjarna Benediktssyni, frá 10. febr. 1945. Hann hefur samkvæmt ósk okkar í menntmn. lagt þetta frv. fyrir bæjarráð, sem gerir svofellda ályktun: „Bæjarráð getur ekki fallizt á, að með lögum verði mælt fyrir um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum, sem bæjar- eða sveitarsjóðir einir bera kostnað af, en telur ekki óeðlilegt, að á þann hátt verði mælt fyrir um þau mannvirki, sem ríkið kostar að öllu eða nokkru leyti.“

Þetta er ákvörðun bæjarráðs, sem borgarstjórinn tilkynnir menntmn. og þinginu. Ég býst nú tæplega við, að borgarstjórinn, sem er skýr maður, hafi getað samið þetta. Svo er mótsögnin mikil í þessu. Eða með öðrum orðum: Við viljum ekki láta koma nærri okkur með þetta, en það er hægt fyrir ríkið að gera það. Þetta mundi borgarstjórinn ekki hafa sagt eða ráðið, að það væri fullgott fyrir ríkið að framkvæma það, sem Reykjavíkurbær gæti ekki látið sér sæma.

Þá kemur umsögn frá ríkisstj. Maður gæti látið sér detta í hug, að þar hefði málið verið vandlega athugað. Það er stutt bréf líka, og það mun vera skrifað um sama leyti og bréf borgarstjóra. Bréfið er á þessa leið: „Ríkisstjórnin hefur móttekið bréf háttv. menntamálanefndar efri deildar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar ríkisstjórnarinnar um frv. til laga um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið málið fyrir á fundi, en forsætisráðherra hefur falið mér að svara bréfi háttv. nefndar. Mæli ég eindregið með því, að frumvarpið verði samþ.“

Undir þetta bréf skrifar Brynjólfur Bjarnason. Hér er um að ræða mál, sem allri ríkisstj. er sent til umsagnar. En hvað gerir hún? Hún heldur engan fund um það, og hæstv. forsrh. biður aðeins einn ráðh. að svara bréfinu og segja aðeins sitt álit. Er það af því, að forsrh. heldur, að þessi ráðh. muni fús til að svara vegna þess, að þetta er mál flokksmanna hans? Þeir hafa barizt fyrir þessu máli, og það eru flokksmenn hæstv. menntmrh., sem telja sér hag að því, að þetta mál nái fram að ganga.

En í núverandi 6 manna ríkisstj. eru aðrir menn, sem virðast ekki hafa fengið að vita neitt um þetta, en kemur þetta mál miklu meira við. Það hefur sýnilega ekki verið borið undir hæstv. fjmrh., en einmitt kostnaður við þetta mál mundi koma á fjármáladeildina. Og það ekki aðeins kostnaður af útboðinu og við n. og af verðlaununum, heldur það, sem mundi verða langtilfinnanlegasti kostnaðurinn, en hann er alger upplausn byggingana, þannig að sérstakir byggingarfróðir menn tækju að sér hverja byggingu, af því að engir slíkir menn vildu vinna hjá ríkinu til þess að sinna þessu. Það er ekki aðeins það, hvað það yrði dýrara fyrir landið að því leyti, hve mikið þarf að greiða hverjum byggingarmeistara, t. d. eins og þeim manni, sem sá um byggingu sjómannaskólans, sem fékk 150 þús. kr. fyrir sína vinnu. Það er ekki þessi kostnaður, útboðskostnaður, verðlaun og verkfræðingakostnaður, heldur annað, sem er enn tilfinnanlegra, af því að það er svo langt frá því, að ríkisstj. á hverjum tíma geti haft eftirlit með þessum verkefnum. Kerfið er þannig, að allar byggingar fyrir ríkið verða miklum mun dýrari en ella, því að ef til vill hefur húsameistarinn það í huga, að þeim mun dýrari, sem byggingin verður, þeim mun hærra verður kaup hans.

Það er kannske ekki á móti því, að ég útskýri það, sem hér er um að ræða, sem ég tel leiða af þessu — og ég get sannað —, að þegar ríkisstj. hefur ekki eftirlit og getur ekki haft eftirlit með byggingum og reynsla er ekki fengin hjá þeim húsameisturum, sem eru að byrja að taka að sér stór verk, t. d. sjómannaskólann, og vil ég nefna tvo skóla, sem báðir hafa verið gerðir með samkeppni og af sama manninum, sem ekki er í þjón-

ustu ríkisins, Sigurði Guðmundssyni byggingarmeistara, Austurbæjarbarnaskólann og Sjómannaskólann. Svo eru aðrir tveir skólar, sem ég vil taka til samanburðar, sem húsameistari ríkisins hefur gert, þ. e. barnaskólinn á Akureyri og Háskólinn í Reykjavík. Ég ætla ekki að gera ýtarlegan samanburð, heldur aðeins taka eitt atriði, sem undir eins er hægt að átta sig á. Ef menn koma inn í Austurbæjarbarnaskólann, þá er því þannig hagað, að meðfram ytri brún stofanna er gangur alla leið í gegn á öllu húsinu. Og ef menn athuga, hve mikið fer í þennan gang, þá er hann ⅓ af öllu húsinu.

Sama form er haft á Sjómannaskólanum, þannig að stofur eru aðeins öðrum megin við ganginn. Við þetta fyrirkomulag verður húsið miklu dýrara og ekki aðeins það, heldur líka miklu erfiðara í notkun. Í Austurbæjarbarnaskólanum, þar sem eru um 40—50 kennarar, er það svo, að þeir þyrftu að hafa þar hentuga bíla eða reiðhjól, því að fjarlægðin er svo mikil í þessum endalausu göngum, sem hafa verið settir þar af mjög lítilli forsjá. Aftur á móti í Háskólanum og barnaskóla Akureyrar er fyrirkomulagið þannig, að gangur er eftir miðju húsi og kennslustofur báðum megin. Þetta leiðir til þess, að það er eins lítið pláss, sem fer í ganginn, og hægt er.

Ég er alls ekki að drótta því að Sigurði Guðmundssyni, að hann hafi gert þetta til þess að gera byggginguna dýrari, en ég hygg, að hann hafi ekki gert aðra skóla en þessa tvo. En ef hann hefði verið í þjónustu ríkisins, hefði hann fyrir löngu verið búinn að sjá, að kostnaðurinn yrði allt of mikill með þessum hætti. Ég tek þetta sem dæmi til þess að sýna, hve mikla fjárhagslega þýðingu það hefur fyrir þá, sem byggt er fyrir, að í hvert verk komi svo að segja nýr maður, sem ekki nýtur undangenginnar reynslu.

Það er skemmst að minnast á byggingu rafveitunnar á Siglufirði. Það er ekki vafi á því, að hefði einhver af þessum mönnum tekið verkið að sér eða haft þar yfirstjórn, húsameistari eða yfirmaður Rafmagnseftirlits ríkisins, þá hefði kostnaðurinn ekki orðið eins mikill. Það hefur komið ljóst fram hjá þm. Siglf. og uppbótarþm. Siglf., sem lýstu þessu, að það hefði verið óskaplegt los að framkvæmd verksins. Nú virðist Siglufjarðarbær vera að undirbúa stórkostlega málsókn á hendur því verkfræðingafélagi, sem tók þetta verk að sér, fyrir það, með hvernig aðferðum þetta verk hefur verið framkvæmt. En þetta eru aðeins tvö dæmi um það, hvernig fer, þegar öll bönd eru gefin laus í þessu efni.

Það hefði sannarlega verið ástæða til þess, að ríkisstj. hefði talað við hæstv. samgmrh. um frv., en undir hann heyra hafnarmál, vitamál, vegamál og brýr, og það er vitað, að þessi fyrrv. starfsmaður ríkisins sem vitamálastjóri, hæstv. samgmrh., er algerlega á móti þessu frv. Það sýnist því vera mikið missmíð á því hjá hæstv. ríkisstj. að gefa ekki samgmrh. kost á því að líta á frv.

Svo er dómsmrh., sem er m. a. settur yfir skrifstofu húsameistara, sem verður vafalaust að standa fyrir meiri háttar byggingum; hann hefur ekki heldur verið um þetta spurður. Og þegar þess er gætt, að frá þeim eina ráðh., sem eitthvað segir um frv. og mælir með því, þá er ekki reynt að koma með nokkrar röksemdir, enda var það ekki hægt, þar sem það er vitað, að þessi maður hefur haft flokkseigingjarna afstöðu til þess að láta málið ganga fram óbreytt.

Þar sem mér var það undir eins ljóst, að slíkt er ekki umsögn frá ríkisstj., heldur hefur aðeins einum ráðh. verið sýnt þetta og það þeim, sem sízt skyldi, þá vil ég leyfa mér að bera fram tvær fyrirspurnir við þessa umr., aðra til hæstv. forsrh., en hina til hæstv. samgmrh. Og þó að þeir séu ekki viðstaddir nú, vil ég leyfa mér að lesa þessar tvær spurningar upp og afhenda þær svo þessum hæstv. ráðh., til þess að þeir geti við síðari umr. svarað þeim. Og þær eru svona:

Fyrirspurn til forsrh.:

1. Álítur forsrh. viðunandi að lögbjóða það skipulag varðandi starfsemi verkfræðinga og húsameistara ríkisins, sem bæjarráð Reykjavíkur hefur hafnað fyrir hönd höfuðborgarinnar?

2. Álítur forsrh. fordæmanlegt, ef verkfræðingar og húsameistarar landsins fylgja fordæmi húsameistara Reykjavíkurbæjar og telja sér ókleift að vinna úr verðlaunahugmyndum annarra manna?

Ég vil bera þessa fyrirspurn fram vegna þess, að ekki hefur tekizt að fá nein svör frá hæstv. ríkisstj., en hins vegar liggja fyrir mótmæli frá öllum yfirmönnum þeirra deilda, sem ríkið hefur á að skipa í þessum efnum, og þar sem það er hugsanlegt, að það yrði látið varða ofsóknum á hendur embættismönnum ríkisins, ef þeir tækju ekki að sér það, sem óframkvæmanlegt er í sjálfu sér. Ég óska að fá að heyra, hvað forstöðumaður hæstv. ríkisstj. hefur að segja um þetta, og hvort hægt sé að þrýsta slíku skipulagi upp á aðra embættismenn, sem Reykjavíkurbær vill ekkert með hafa, og hvort hæstv. forsrh. telur það óafsakanlegt brot, ef verkfræðingar og húsameistarar ríkisins líta sömu augum á þetta og Einar Sveinsson.

Þá er stutt spurning til hæstv. samgmrh.:

Álítur samgmrh., að frv. um hugmyndasamkeppni varðandi opinber mannvirki sé til bóta í starfsemi þeirra stjórnardeilda, sem heyra til hans ráðuneyti?

Með þessari spurningu vil ég fá fram svar frá ábyrgum manni ríkisstj., sem þekkir þetta frá sínu fyrra starfi og ber ábyrgð á stjórnardeild varðandi þetta.

Ég hef nú lokið því í þessu nál., þar sem borið er saman meginið af þeim rökum, sem liggja fyrir. Og kemur þá að því skjali, þar sem hv. meiri hl. n. lýsir sinni afstöðu. Það, sem ég tel vera þeim til sóma, að þegar þeir mæta rökstuddri mótstöðu hjá Reykjavíkurbæ, þá hverfa þeir alveg frá því að reyna að kúga þá og koma fram með brtt. um það efni. En aftur á móti, sem er kannske af því, að á þessu stigi liggja ekki eins ákveðin andmæli fyrir frá ríkisstarfsmönnum, og má segja, að þau liggi ekki fyrir enn, halda þessir menn sig við það, að frv. verði samþ. og nái til ríkisins. En að mót-

mæli hafa ekki komið eins sterk frá þessum starfsmönnum, hygg ég sé af því, að ef fara á að framkvæma verk eins og frv. gerir ráð fyrir, þá muni þeir heldur taka það ráð að fara burt heldur en að tilkynna það fyrirfram.

Meiri hl. n. telur, að samþ. þessa frv. hljóti að stuðla að því að efla íslenzka verkmenningu, þar sem með samkeppni á þennan hátt gefist kunnáttumönnum betri og fleiri tækifæri til að reyna hæfileika sína og vinna að verkefnum, sem glæða áhuga þeirra.

Ég vil þá benda á nokkrar kirkjubyggingar í því sambandi. Akureyrarbær reyndi, að ég hygg, tvisvar sinnum að hafa samkeppni um safnaðarkirkju hjá sér og hét verðlaunum. En það komu fram svo lítilfjörlegar hugmyndir, að sóknarn. gafst upp við að nota þetta og sneri sér til húsameistara ríkisins og bað hann að gera teikningu að kirkjunni, sem hann gerði. Næsta dæmi er kirkjan að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Þar var einnig boðið út, og fór einnig á sömu leið, — það bárust margar teikningar, sem ekki var hægt að nota. Byggingarn. fékk ekkert, sem hún vildi líta við. Síðan vinnur húsameistari ríkisins að því að undirbúa þessa byggingu. Þeir menn, sem aðallega hafa sótzt eftir samkeppni, hafa lítið upp úr því haft.

Nú er skemmst af því að segja, að þegar þetta mál hafði verið til umr. og það þskj., sem ég hef nú lesið úr, komið út um bæinn, þá er að sjá, að þeim mönnum, sem standa að og hafa staðið fyrir þessum málum, Geir Zoëga, Guðjóni Samúelssyni, Axel Sveinssyni og Herði Bjarnasyni, hafi fundizt skörin vera að færast nokkuð upp í bekkinn. Þeir skrifa þá n. bréf, sem gengur fyrst og fremst út á það að kippa alveg grundvellinum undan frv. Og sá eini stuðningur, sem frv. hefur fengið frá þessum tveim mönnum, Einari Sveinssyni og Jóni E. Vestdal, er mjög hæpinn, þar sem þeir enda með þeim orðum, að ef frv. verði látið ná til verkahrings þeirra, eða a. m. k. Einars Sveinssonar, þá neiti hann að framkvæma þau verk.

Það var nokkur vorkunn fyrir hv. Nd., þó að hún tæki ekki á þessu máli sem skyldi; þá höfðu ekki verið lögð fram öll gögn. Nú hafa gögnin verið lögð fram í þessari hv. d. Og það er ekki nein afsökun fyrir þessa hv. d. eftir þær upplýsingar, sem gefnar hafa verið, að samþ. frv. og kasta um leið frá sér því skipulagi, sem hefur gefizt vel frá því ríkið réð í þjónustu sína Sigurð Thoroddsen eldri, Jón Þorláksson, Geir Zoëga, Rögnvald Ólafsson, Einar Erlendsson, Guðjón Samúelsson, Þorvald Krabbe og Emil Jónsson.

Þess vegna vil ég leyfa mér að bera hér fram svofellda dagskrártill.:

„Þar sem löggjöf hliðstæð þeirri, sem hér um ræðir, þekkist ekki með öðrum þjóðum, þar sem höfuðstaðurinn mótmælir henni fyrir sitt leyti og hið sama gera allir trúnaðarmenn ríkisins, sem um málið hafa verið spurðir, og þar sem sú skipun, sem mælt er með í frv., mundi fæla úr þjónustu ríkisins alla duganda menn frá forstöðu verklegra framkvæmda, en skapa glundroða og óstjórn um slík málefni, þá þykir deildinni ekki ástæða til að láta málið ganga lengra, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (StgrA): Eftir ósk hæstv. forsrh. verður fundi ekki lengur haldið áfram, og verður umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 138. fundi í Ed., 28. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Eiríkur Einarsson: Það er nú orðin svo löng umr. um þetta mál, að þó að ég væri búinn að kveðja mér hljóðs, hefði ég í rauninni getað horfið frá því að taka til máls, ef einnig aðrir hefðu gert slíkt hið sama. En ég býst ekki við, að um það sé að ræða, svo að það er rétt ég segi þá fáein orð um það, sem ég tel helzt taka til minna kasta, enda þótt ég sé ekki frsm. meiri hluta n.

Hv. þm. S.-Þ. er nú búinn að ræða þetta mál í alllangri ræðu, — svo langri, að maður þarf helzt að krota það allt saman á minnisblað til að muna það, og getur því skeð, að eitthvað hafi fallið úr af því, sem hann hefur vikið til mín af fyrirspurnum, en hérna krotaði ég upp 2 eða 3 atriði, sem hann beindi til mín, og vildi ég því aðeins minnast á þau.

Hann minntist á orðin „opinberir sjóðir“, hvað væri í rauninni meint með þeim orðum. Það er vitanlega ekki mitt að gefa þá skýringu, en ég get hins vegar sagt honum, sem er í rauninni hvorki fræðandi fyrir hann né aðra, að þegar í 1. eða annars staðar er talað um „opinbera sjóði“, þá verða þau orð að skýrast að nokkru sitt á hvern veg, eftir því í hvaða sambandi er rætt um þá. Þegar það er í sambandi við ríkið og þess fyrirtæki og fjármuni, þá ætla ég, að ástæða sé til að einskorða „opinbera sjóði“ við þær sjóðeignir, sem tilheyra beinlínis ríkinu. Aftur ef talað er um „opinbera sjóði“ í sambandi við önnur víðtæk fjármál, svo að ástæða sé til, að það geti einnig gripið til sýslu- eða bæjarfélaga, þá mætti ætla, að orðin séu teygjanlegri og nái lengra, þegar um þau orðasambönd er að ræða. Ég tel sem sagt, að það sé dálítið eftir því, í hvaða aðstöðu til málefnisins orðin „opinberir sjóðir“ eru skráð hverju sinni. Af því að ég var spurður að þessu og ég tel alveg að ástæðulausu, því að ég get enga opinbera fræðslu veitt um það, þá vildi ég við fyrirspurninni segja þetta sem mína skoðun um notkun orðanna.

Ég tók eftir því, að hv. þm. S.-Þ. vék því að mér að einhverju leyti, hvaða skoðun ég hefði um kostnað við stór mannvirki, ef frv. yrði samþykkt, og mér virtist á honum að heyra, að það gæti orðið til mikilla óþæginda og kostnaðarauka. Ég fyrir mitt leyti get nú ekki fallizt á, að svo þurfi að verða, því að það, sem gerir mér kleift að vera með þessu frv. í aðalatriðum, er það, að ég tel markmið þess vera, að fræðimenn, sem til eru með þjóðinni á hverjum tíma í þessum starfsgreinum, sem þar koma til greina, geti notið sín sem bezt til samræmis og samanburðar um það, hvað bezt megi verða. Það

kann svo að vera, að í þeim starfsgreinum, sem hér ræðir um, sé ekki svo fjölskrúðugu á að skipa í bili, — þar sé um tiltölulega fáa fræðimenn að ræða, — en þess er þá um leið að gæta, að þessari verklegu fræðslu fleygir fram nú á liðandi tímum, og m. a. tel ég ástæðu til að orða það, að nú eru erlendis Íslendingar við nám, að sumu leyti á frjálsum stöðum, sem eiga heimangengt hvenær sem verkast vill, og aðrir í hernumdu löndunum ýmsum, sem nema þessa fræðigrein, og ég þykist vita, að þegar sá álitlegi hópur verklærðra Íslendinga kemur heim, þá verði þar mikillar fræðslu að leita, og því rýmra, sem það sviðr verður og hefur fleiri fræðimönnum á að skipa, því eðlilegra tel ég, að þeir eigi kost á að láta ljós sitt skína og láta landsmönnum sína kunnáttu í té til samanburðar og leiðréttingar í nytsömu og fögru byggingarstarfi Íslands.

Ég vil í sambandi við þetta, sem ég hef nú sagt, taka það fram, að þar sem hv. þm. S.-Þ. telur, að nokkrum embættismönnum ríkisins og forstöðumönnum þessara starfsgreina sé mjög misboðið með þessu, þ. á m. húsameistara ríkisins, vegamálastjóra o. fl. (*JJ:* Vitamálastjóra), þá get ég ómögulega fallizt á þetta. Þetta eru nú margreyndir og röskir embættismenn landsins, og ef þeir eru styrkir og öruggir í sinni starfsgrein, þá hygg ég, að þeir sem embættismenn eigi ekki að þurfa að fjúka um koll, þó að þetta frv. verði gert að l. Ég er náttúrlega ekki dómbær um þeirra hæfni, t. d. annan þessara manna, húsameistara ríkisins, hef ég ekkert haft saman við að sælda og er svo ófróður um byggingar, að ég get ekki nokkurn dóm á það lagt af eða á. Aftur hef ég sem fulltrúi sveitakjördæmis af skiljanlegum ástæðum mikið haft saman við vegamálastjóra að sælda, reynt hann í blíðu og stríðu, bæði með því að vera sömu skoðunar og hann, eftir því sem á hefur staðið, eða þá annarrar skoðunar, en samt sem áður reynt hann í því að vera vaskan og þrautseigan embættismann, og því betri, sem samvizkan er, og því öruggari, sem vitneskjan er um að vera hæfur til síns starfs, því öruggara er, að slíkir menn standi þetta af sér, því að þess er vel að gæta, og það er í þessu málefni meginatriðið frá mínu sjónarmiði, að sú samkeppni, sem heimilað er, að ráðh. megi láta fara fram, ef honum sýnist svo, er aðeins til að opna hið víða svið vaxandi þekkingar til samanburðar um þróun í þeim fræðigreinum til úrvals fyrir þá, sem eftir landslögum eiga fyrir framkvæmd þeirra mála að standa. Mér finnst þetta ekki nema gott og eðlilegt. Embættismenn ríkisins eiga svo, ef um ríkisfyrirtæki er að ræða, að vinna úr þessu víðtæka starfssviði með þeim hugmyndum og áætlunum, sem fram koma. Mér finnst ómögulegt annað en þessir góðu embættismenn eigi að vera þakklátir heldur en vanþakklátir fyrir að opna þessa víðsýni fyrir nýja fræðimenn, því að það er miklu frekar svo en það þrengi kosti þeirra. Ég skal svo láta útrætt um þetta atriði, og eins og ég tók fram í byrjun máls míns, þá hef ég enga framsögu af hendi n., þó að ég hafi þar sæti.

Ég vil aðeins víkja nokkrum orðum að þeim aðfinnslum, sem fram hafa komið á frv. Sumar get ég fallizt á, að séu réttmætar, en aðrar aftur vafasamar og óþarfar. Ég hef af veikum mætti viljað gera mitt til að koma á móts við menn, þar sem mér hefur helzt fundizt ástæða til, og meina ég þar með, að ég hef með framburði þeirra brtt., sem meiri hluti n. hefur gert á frv., viljað sýna, að ég vil taka eitthvað til greina af því, sem ég tel verulegu máli skipta. Fyrst og fremst er að gæta þess, að þeir, sem dómnefndina skipa, séu hæfir menn og fróðir og formaðurinn, sem skipaður er af hlutaðeigandi ráðh., sé sérfróður í sinni grein. Það er spor í áttina til að tryggja, að nm. séu sérfróðir, þótt að vísu sé ekki talað sérstaklega nema um formanninn. Þetta var eitt, sem haft var orð á til ásteytingar, að óskir komu fram um, að þar væri sérfróðum mönnum á að skipa.

Svo er það annað atriði, sem ég vildi, að fellt yrði inn í frv., þ. e. að úrskurður dómnefndar skuli vera rökstuddur, til þess að minni hætta sé á, að það, sem fundið hefur verið frv. til foráttu af þeim, sem á móti því mæla, þurfi síðar að koma til greina, sem sé að riss eða teikningar eða hugmyndaflug hlaupi síður með menn í gönur. Þeir skulu standa ábyrgð gerða sinna með að rökstyðja þær. Þetta er vissulega þó nokkur bindiliður á milli þeirra, sem vinna samkeppnisverkin, og þeirra, sem láta framkvæma þau, bæði rökstuðningur dómnefndar og svo hitt, að verðlaun skuli því aðeins veitt, að þessir frumdrættir séu hæfir til framkvæmda án mikilvægra breytinga. Ég sé ekki annað en þetta sé stórvægilegt atriði og nokkuð stórt spor stigið til að geðjast að sumu leyti réttmætum aðfinnslum og að sumu leyti ekki réttmætum, sem fram hafa komið við frv.

Ég skal svo, til að reyna að standa við orð mín að vera ekki mjög fjölorður um þetta, láta máli mínu lokið.

Gísli Jónsson: Hv. þm. S.-Þ. hefur nú haldið þriggja daga ræðu um þetta nauðamerkilega mál (*JJ:* Hún var liðlega 2 tímar.), sem er svo ómerkilegt, að ég held, að sé alveg sama, hvort það er samþykkt eða ekki. Það er alveg eins og um stríðsyfirlýsingu sé að ræða í stórum stíl, en þetta getur varla verið annað en stríðsyfirlýsing á hv. 7. landsk., og tekur maður það ekki alvarlega. Ég vildi þó fara nokkrum orðum um frv. og halda mér eingöngu við þau ákvæði, sem sjást í þskj. 562.

Ég vildi fyrst benda á, að ég tel varða ákaflega litlu, hvort þetta frv. verður samþykkt eða ekki, því að það er að mestu leyti heimildarfrumvarp fyrir viðkomandi ráðh., til þess að láta fram fara samkeppni um sams konar hluti og þegar hefur verið látin fara fram og ráðh. hefur talið sig hafa heimild fyrir á hverjum tíma. Svo að að því leyti er ekkert nýtt í frv., því að sagt er í 1. gr.: „Samkeppni skal fara fram um hugmyndir, frumáætlanir og frumuppdrætti að meiri háttar opinberum byggingum og mannvirkjum, ef ráðherra eða þeim, sem verkið lætur framkvæma, þykir ástæða til.“ Með öðrum orðum, það er algerlega á valdi viðkomandi

ráðh., hvort hann notar nokkuð þessi l. eða ekki, þó að þau verði samþykkt. Fyrir það tel ég raunverulega, að málið sé sára ómerkilegt í heild. En ef frv. verður samþ. og ráðh. notar það, eru honum markaðar skorður, sem ég tel, að séu heldur til hins lakara en nú. Nú hefur hann frjálsar hendur um að láta gera það eins og honum bezt þykir, en ef hann á annað borð lætur fara fram samkeppni, verður hún að fara fram innan ramma þessara l., og það tel ég mikla lakara en er, og fyrir það eitt mun ég greiða atkv. á móti þessu frv., nema því verði breytt í það horf, sem ég get fellt mig við.

Nú hefur verið deilt ákaflega mikið um það hér, hvort fram ætti að fara samkeppni um hugmyndir annars vegar, og mér hefur skilizt á hv. 7. landsk., að hann væri tilbúinn að fella það út úr frv. Ég held, að sízt ætti að fella það út úr frv.; það ætti miklu frekar að standa en frumáætlanir og frumuppdrættir, því að ef nokkuð þarf, þá eru það nýjar hugmyndir. Til hinna teknisku atriða, að geta reiknað út og gert áætlanir, þarf aðeins lærdóm og litla guðsgáfu, en til hins, að koma með nýjar hugmyndir, þarf einhverja bjartsýni og listræni. Þess vegna finnst mér eðlilegra að takmarka meira við það en hitt.

Ég vildi leyfa mér að benda á, að þegar lesin er brtt., sem borin er fram á þskj. 1110, og það er svo fellt út úr 1. gr. l., þá virðist mér það raska nokkuð frv., og þurfa þá að koma ýmsar aðrar breyt. fram en koma fram á þskj. Hér eiga orðin „bæjar- eða sveitarfélögum“ að falla niður, vegna þess að aðeins á að vera eftir, að boðin séu út þau mannvirki raunverulega, sem ríkið reisir, eða þau mannvirki, sem styrkt eru af ríkinu. Það eru varla önnur mannvirki, sem styrkt eru af ríkinu, sem bæjar- og sveitarfélögin ekki reisa, en ef það væru sundlaugar eða sundhallir, en sem segja má þó, að íþróttafélögin reisi, og er ekki skylt að láta fara fram samkeppni um þær eftir samþykkt þeirra breyt., sem ég minntist á. Það er ekki heldur skylt að láta fara fram samkeppni hvorki um læknabústaði né spítala, því að ríkið reisir þá ekki. Bæjar- og sveitarfélögin reisa þá alls staðar á landinu, nema þar sem um landsspítala er að ræða, svo að það fellur undir ákvæðin l., ef þessi brtt. verður samþ., og er ég ekki alveg viss um, að hv. frsm. hafi gert sér það ljóst, en ég vona, að hann geri sér ljóst, að þannig er það raunverulega. Þó að sagt sé í gr., að þetta eigi að gilda um þau mannvirki, sem ríkið styrkir, þá þegar búið er að fella burtu mannvirki, sem bæjar- eða sveitarfélögin reisa, þá fellur það ekki undir ákvæðin l., og þá finnst mér einnig, að breyta megi 2. gr., því að þar er ákveðið hér í brtt., að „einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Er hann formaður dómnefndar og skal vera verkfræðingur eða húsameistari.“

Annar dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Þetta virðist mér, að skuli falla niður, ef bæjar- eða sveitarstjórnir byggja ekki.

Þriðji dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu þess aðila, sem verkið lætur framkvæma, en það er í þessu tilfelli ætíð ríkið. Þetta hygg ég, að háttv. form. n. hafi ekki athugað.

Þá þykir mér það nokkuð mikið bákn að skipa í þetta 10 menn. Eg hygg, að 3 væri nóg.

Mér finnst, að háttv. þm. S-Þ. ætti að hlusta, þegar hann hefur látið okkur sitja hér undir ræðum sínum í 3 daga. *(JJ:* Ekki fulla 3, en ég hlusta með athygli.) Þá finnst mér það ekki eðlilegt, að dómnefndin ákveði um útboðsskilmálana. Ég álít, að húsameistari ríkisins ætti að ákveða skilmálana fyrir þær byggingar, sem ríkið hefur með höndum.

Loks finnst mér það einkennilegt að láta þetta mál fara til menntmn., þar sem vitað er, að hún getur aldrei verið sammála um nokkurt mál og ræðir þau sjaldnast af viti.

Ef við gætum að, undir hvaða ráðh. þetta kemur til með að heyra, þá er það ekkert annað en skólabyggingar, sem kemur undir menntmrh. Þetta hefði öllu fremur átt að fara til allshn. Ég vil því leggja til, að umr. um málið verði frestað og því vísað til allshn. *(EE:* Ég legg til, að málinu verði vísað til sjútvn.)

Um málið í heild er það að segja, að ég tel, að þetta hafi sína kosti og sína ókosti. Ég get bent á, að nýlega fór fram keppni um síldarverksmiðju, og þar hlaut sá aðili verðlaunin, sem vinnur hjá ríkinu og hefur unnið að þessu í þeim tíma, sem hann á að vinna fyrir ríkið.

Ég álít, að um þetta þyrfti að setja ákvæði; ella gæti farið svo, að Guðjón Samúelsson, Geir Zoëga og fleiri þrefölduðu laun sín á þennan hátt.

Þá vil ég benda á, hvað komið getur fyrir í slíkri samkeppni.

Fyrir skömmu fór fram samkeppni um nýtízku togara. En sú teikning, sem hafði í rauninni eitthvað nýtt að færa, var ekki dæmd. En vátryggjendur fundu það út, að í henni fólst stóraukið öryggi, og keyptu hugmyndina á sama verði og fyrstu verðlaun voru ákveðin, og síðan sannfærðu þeir dómendur um, að ekkert skyldi birt, fyrr en einkaleyfi er fengið fyrir þessa tegund, og nú á mþn. sú, sem ég starfa í, ekki aðgang að þessari teikningu.

Ég segi ekki, að þetta séu rök á móti samkeppni, en þetta sýnir, að ekki er einhlítt að setja slíkt fyrir dómnefnd.

Ég vil svo út af því, sem háttv. þm. S-Þ. sagði hér um mannvirki, segja það, að hann hefði ekki átt að minnast á kirkjubygginguna í Saurbæ. Í hana er búið að eyða miklu fé eftir till. Guðjóns Samúelssonar, en hún verður aldrei notuð fyrir annað en kartöflugeymslu eða haughús. Og það er illa farið að hafa flekað fjölda manns til að gefa fé til þessa mannvirkis.

Ég læt þetta nægja að sinni. En ég sé mér ekki fært að samþ. þetta frv. nema gerðar verði á því breytingar.

Forseti (StgrA): Umr. um þetta mál hafa nú

staðið alllengi, og verður að ljúka þessari umr. á þessum fundi. Vil ég því leyfa mér að neyta ákvæðis þingskapa og takmarka ræðutíma hvers þm. við 10 mínútur.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég vildi spyrja hæstv. forseta, með hvaða rökum hann beitir þessu ákvæði. Hv. frsm. meiri hl. hefur ekki svarað því, sem ég beindi til hans, og ég mótmæli, að þessu verði beitt að svo stöddu.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Þar sem ég er næstur á mælendaskrá, þá þykir mér ég vera órétti beittur, ef ég fæ ekki að svara því, sem til mín og starfsmanna bæjarins hefur verið beint. En ég get fallizt á, að rétt sé að skera niður ræðutíma, þegar kemur næst að háttv. þm. S-Þ.

Forseti (StgrA): Ég vil benda háttv. 6. þm. Reykv. á, að 3. umr. málsins er eftir, og er þá tækifæri til að svara háttv. þm. S-Þ., ef þurfa þykir.

Gísli Jónsson: Ég vil taka undir það, að mér þykir hörðu beitt, ef skera á niður umr. að svo stöddu, og vil benda á, að enn þá er mikið eftir af fundartíma.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. En ég verð að segja, að ég er undrandi yfir, hvað á gengur út af þessu máli.

Eins og háttv. þm. Barð. gat um, er hér einungis um að ræða heimild til ráðh. Í raun og veru hefði háttv. þm. S-Þ. getað sparað sér sína löngu ræðu, sem er sprottin af misskilningi á atriði í grg. frv., en ekki á frv. sjálfu. Þar stendur: „Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að fram fari samkeppni, ef ástæða þykir til, um hugmyndir að öllum meiri háttar mannvirkjum, sem byggð eru fyrir opinbert fé eða njóta opinbers styrks að verulegu leyti."

Í þetta hefur hann bitið sig. En vitanlegt er, að það helzt hér eftir sem hingað til, að ekki verður viðhöfð samkeppni, nema eitthvað sérstakt sé um að vera.

Þá stendur einnig í grg.: „Hér er aðeins átt við frumhugmyndir um fyrirkomulag og gerð mannvirkja, en þær eru mikilvægasta atriðið til þess, að þau megi takast vel. Þrátt fyrir það er mikill hluti hins sérfræðilega undirbúnings óleystur, þótt hugmyndin að því sé fengin, en hún er sá hluti verkefnisins, sem sízt fæst með lærdómi einum."

Af þessu hefur háttv. þm. S-Þ. ályktað, að einungis dugi að koma með hugmyndina, sem síðan eigi svo að henda í aðra til að framkvæma hana. Þetta er auðvitað fráleitt. Þeim, sem kemur með hugmyndina, verður falið að framkvæma verkið.

Á þessum misskilningi byggðist öll ræða háttv. þm. S-Þ. Hann minnir mig á manninn, sem hljóp í ofboðshræðslu af ótta við hávaða í skóbótinni undir sínum eigin skó og hugði vera draug á hælum sér. *(BBen:* Hvernig fór það?) Maðurinn komst undan draugnum.

Það er ekki stafur í frv., sem styður þá skoðun, sem hann hefur haldið hér fram. Það er ekki nokkur ástæða til að ætla, að farið verði hér að hafa samkeppni um öll möguleg mannvirki. Það er ekki heldur ástæða til að ætla, að þegar samkeppni færi fram, mundu berast hinar og aðrar óhæfar hugmyndir, sem ekki væri hægt að framkvæma. Þetta er tryggt með því, að útboðsskilmálar eru settir af dómbærum mönnum um skilyrði fyrir samkeppninni. Og ef fjarstæðar hugmyndir koma fram, verða þær ekki af þessum sérfróðu mönnum dæmdar gildar og koma þá ekki til greina. Þess vegna þurfa menn ekki að óttast, að fleygt verði í þá hugmyndum, sem ekki er hægt að framkvæma. Í þriðja lagi er ekki ástæða til að óttast, að þeir verði látnir vinna úr þeim uppdráttum, sem dæmdir verða hæfir, heldur verður það falið þeim mönnum, sem áætlanirnar hafa gert. Það er svo við alla samkeppni, að hún er aðeins grundvöllur til þess að byggja á fyrir húsameistarana, en aldrei gerðar fullnaðarteikningar við samkeppnina. Það er aðeins undirbúningur húsameistara undir verkið. Það er alls ekki venjulegt, að arkitektar reikni burðarþol húsa út eða geri áætlanir um járnstyrkleika húsa. Þess vegna er sá ótti ástæðulaus, sem hér hefur komið fram í þessu efni.

Ég vildi með nokkrum orðum svara hv. þm. Barð., því að hann hélt sér að efni frv. Hann var að finna að því, að eftir úrfellinguna, sem við vildum láta gera við 1. gr. frv., væri sú gr. komin í ósamræmi við aðrar gr. frv. Hv. 6. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs, og ég býst við, að þetta verði skiljanlegra eftir ræðu hans.

Sú fyrsta breyt., sem ég geri till. um, er að felld verði úr 1. gr. orðin: „bæjar- og sveitarfélögum" og að í stað orðanna: „opinberu fé" í niðurlagi gr. komi: ríkisfé, þ. e. a. s., að þetta nái til mannvirkja, sem eru reist með styrk af ríkisfé. Það getur verið um margs konar mannvirki að ræða hjá sveitar- og bæjarfélögum, sem þeir aðilar reisa ekki einir, heldur með styrk af ríkisfé. Svo er um skólabyggingar og getur orðið líka um læknisbústaðabyggingar. Við höfum ekki athugað þetta, en mér datt í hug, hvort ekki mundi þurfa að breyta 2. gr. í samræmi við þetta. En ég álít eftir sem áður, að miða eigi við opinberan styrk til þessara stofnana, sem bæjar- og sveitarfélög láta reisa.

Viðvíkjandi skipun n. er aðalatriðið, hvernig þessi dómnefnd verður skipuð. Hv. þm. Barð. hefur fundið að því, að þessi n. væri of fjölmenn. Hann vill telja í henni 10 menn. En í n. eru aðeins fimm aðalmenn, og enginn varamanna verður kvaddur til starfa í n., nema aðalmaður forfallist. Þessi till. um, að mennirnir séu 5, er komin frá Húsameistarafélaginu og Verkfræðingafélaginu, sem hafa álitið, að rétt væri að hafa 5 menn í þessari n. En um þetta geta verið skiptar skoðanir. Og auðvitað getur hv. þm. Barð. komið með brtt. um þetta atriði.

Viðvíkjandi því, að hv. þm. Barð. sagði, að það yrði líka að fella úr ákvæðið um, að þriðji maðurinn í dómnefndina skyldi skipaður af aðila, sem verkið lætur framkvæma, þá er því að svara, að

sveitar- og bæjarfélög og jafnvel aðrir aðilar láta reisa mannvirki, sem eru styrkt af opinberu fé, og sé ég því ekkert á móti því, að þetta standi eftir sem áður í frv. — Viðvíkjandi því, að það sé ekki dómnefndarinnar að ákveða útboðsskilmálana, þá viðurkenni eg, að ég er ekki svo vel að mér í þessum fræðum, að ég geti dæmt um það. En ég hélt, að þetta væri ein af beztu tryggingunum fyrir því, að þessir útboðsskilmálar væru þannig, að það yrðu fyrst og fremst ekki aðrir en verkfræðingar, sem tækju að sér að gera þessar áætlanir, og mundi þetta því forða frá því, að það kæmu hugmyndir frá öðrum, sem ekki hefðu nóga kunnáttu til þess að fjalla um svona hluti, og þess vegna væri þetta ákvæði til bóta. Ég tel ekki sérstaka ástæðu til að breyta þessu.

Viðvíkjandi einu atriðinu enn, sem hv. þm. Barð. minntist á, sem sé því, hvernig starfsmenn ríkisins færu að vinna verðlaun í þessu efni, þá sé ég ekki neitt á móti því, að starfsmenn ríkisins, eins og aðrir, geti tekið þátt í þessari samkeppni og unnið verðlaun, ef svo ber undir. En ég er þeirrar skoðunar, að það yrði svo sjaldan, sem þessi samkeppni færi fram, að það yrði ekki stór kostnaðarauki að því.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Út af lögleysu í sambandi við umr. um þetta mál, vil ég gera fyrirspurn um þingsköp. Hæstv. forseti hefur lýst yfir, að hann skeri niður umr. um þetta mál. Og ég vil vísa til þess, að í 37. gr. þingskapa er beint sagt, að það eigi að bera þetta undir atkv. d. Og út af því, að hv. 6. þm. Reykv. hefur ekki talað, en er stór aðili í málinu, og gert er ráð fyrir að breyta frv., þá skora ég á hæstv. forseta að bera undir úrskurð hv. þd., hvort skera skuli niður umr. Enn fremur vil ég benda hæstv. forseta á það, að það stendur í þessari sömu gr., með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefur verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns, og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu ....“ Út frá þessu krefst ég þess, að ég fái jafnan ræðutíma á móti þeim, sem hafa gagnstæða skoðun um málið, — en ég heimta atkvgr. um þetta atriði.

Forseti (StgrA): Samkv. 37. gr. þingskapa er það á valdi forseta að stytta ræðutíma.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég mun fyrst ræða nokkuð um þingsköp. Ég vil eindregið halda fram, að 37. gr. þingskapa beri að skilja með þeim hætti, að forseti megi ekki skera niður umr. á þann veg, sem hann hefur ákveðið að gera, eftir að einungis annar aðilinn hefur látið uppi álit sitt, en þeir, sem eru á gagnstæðri skoðun, eigi þess ekki kost, heldur eigi hæstv. forseti að beita því valdi, sem honum er fengið með þessari gr., eftir 2. málsgr. 37. gr., sem er svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefur verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns, og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu ....“ Ég vil halda fram, að í þessu ákvæði, sem auðvitað er ákvæði, sem hlýtur að gilda alls staðar þar, sem umr. eiga sér stað, hvort sem er á Alþ. eða fyrir dómstólum, felist það, að báðir aðilar eigi rétt á að láta uppi skoðun sína. Og heimild hæstv. forseta til að takmarka ræðutíma takmarkast af þessari meginreglu. Ég mun þess vegna, nema hæstv. forseti beinlínis svipti mig orðinu, taka mér þann tíma, sem ég tel nauðsynlegan til að ljúka máli mínu, en hef ekki hugsað mér að lengja hér umr. En þannig stendur á, að bæði hefur hv. þm. S.-Þ. margoft vikið að mér í þessum umr. og auk þess í hinum löngu þskj. sínum, sem hann hefur látið prenta sumpart eftir sjálfan sig og sumpart eftir merka menn úti í bæ, hefur hann farið mjög óvirðulegum orðum um embættismann, sem undir mig heyrir, og þótt ég sé ekki ábyrgur gagnvart Alþ. um þetta, þá tel ég mig ekki standa mig vel, ef ég léti þau ummæli eiga sér stað ómótmælt, sem fram hafa komið hjá hv. þm. S.-Þ. bæði í þskj. og í ræðu. Ég tel því, að ég eigi sanngirniskröfu og lagakröfu líka til þess að fá að láta uppi þær skýringar, sem ég þarf að gera í þessu máli. Treysti ég því, að hæstv. forseti líði mér það, meðan ég fer ekki út fyrir sæmileg takmörk í því efni.

Forseti (StgrA): Ég vil í tilefni af þessum ummælum segja, að tilgangur minn með því að takmarka ræðutíma er aðeins sá, að störf geti haldið áfram og þinginu geti orðið lokið með eðlilegum hætti. Og ég tel, að þessi umr. hafi staðið svo lengi, að full ástæða sé til að stytta hana, og ég tel mig sem forseta hafa skýlausan rétt til þess að takmarka ræðutíma á þann hátt, sem ég hef gert, og mun halda mig við það. Hins vegar, þó að ræður fari eina eða tvær mínútur fram yfir, mun ég ekki fást um það.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég hef ekki skrifaða ræðu eins og hv. 7. landsk. þm. hafði, og ég hef ekki skipun orða í huganum til þess að geta lokið ræðu minni á vissum tíma. En ég mun ekki teygja umr. úr hófi fram. En þar sem með jafnmörgum og óvirðulegum orðum hefur verið talað um málið af hv. þm. S.-Þ., þá er ekki hægt að sætta sig við, að í þskj. og þingtíðindum standi algerlegur rangsnúningur á því, sem menn hafa haldið fram í málinu, sem við teljum okkur skylt að halda uppi vörn fyrir.

Hv. þm. S.-Þ. hefur gert sér mjög tilrætt um þá yfirlýsingu, sem bæjarráð samþ. 9. febr., þar sem sagt var, að bæjarráð geti ekki fallizt á, að með lögum verði mælt fyrir um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum, sem bæjar- og sveitarsjóðir einir bera kostnað af, en telur ekki óeðlilegt, að á þann hátt verði mælt fyrir um þau mannvirki, sem ríkið kostar að öllu eða nokkru leyti.

Um þessa yfirlýsingu segir, með leyfi hæstv. forseta, í bréfi, sem undirskrifað er af Geir G. Zoëga, *Guðjóni Samúelssyni, Axel Sveinssyni og Herði* Bjarnasyni:

„Að því er snertir umsögn bæjarráðs Reykjavíkur, þá virðist okkur þar gæta ósamræmis að því leyti, að ef samkeppni samkvæmt frv. er æskileg um mannvirki ríkisins, þá mun hún hafa sömu kosti, að því er snertir framkvæmdir mannvirkja Reykjavíkurbæjar."

Það er alger miskilningur hjá þessum háu herrum, ef þeir halda fram, að hér sé um nokkurt ósamræmi að ræða. Bæjarráð Reykjavíkur telur ekki óeðlilegt, að ef Alþ. sýnist svo og telur rétt, þá mæli það fyrir um, að samkeppni skuli eiga sér stað um þau mannvirki, sem ríkið annaðhvort kostar eitt eða styrkir á einhvern hátt. Hins vegar telur bæjarráðið, að það brjóti algerlega á móti sjálfstjórn sveitarfélaganna, að Alþ. fari að mæla fyrir um slíkt atriði og þetta varðandi þau fyrirtæki bæjar- og sveitarstjórna, sem ríkissjóður leggur ekki einn eyri til. Okkur í bæjarráðinu þykir, sem sagt, eðlilegt, að ríkið ákveði fyrir sig og bærinn ákveði fyrir sig um þessa hluti í einstökum tilfellum, hvort slík samkeppni skuli eiga sér stað. Þess vegna er þetta alls ekki sprottið af óvild eða ótrú bæjarráðs á samkeppni þessari út af fyrir sig, heldur af því, að okkur þykir með öllu óeðlilegt og raunar óverjandi, að ríkið fari að tilefnislausu að setja slík fyrirmæli um þau mannvirki bæjarins, sem það tekur ekki neinn þátt í að kosta. — Ég veit nú, að hv. þm. S.-Þ. er nú svo greindur maður, að hann skilur þetta jafnskjótt og honum er bent á það. Og ég hef undrazt það, að hann í þingræðu sinni og þskj. skuli hafa haldið því fram, að hér væri um eitthvert ósamræmi að ræða. Og ég hef ekki fundið neina skýringu á því, að jafnskarpur maður og hann skuli hafa blandað hér svo herfilega málum sem hann hefur gert. — En ég þykist hafa séð nokkra hugarfarsbreytingu hjá hv. þm. S.-Þ. Hann, sem hefur oft haft ótrú á sérfræðingum, jafnvel í þeim efnum, sem þeirra sérfræðiþekking nær til, hann er nú farinn að trúa því, sem sérfræðingar segja um það, sem þeir hafa ekkert sérstaklega vit á, sem er alveg óskylt efni því, sem þeir eru sérfróðir í, og þess vegna hefur þessi hv. þm. nú tekið alveg ómeltan skilning þessara sérfræðinga á þessari samþ. bæjarráðs, — sem ég veit, að þegar hv. þm. athugar í ljósi þeirra skýringa, sem ég hef gefið, sér, að er ekki ósamræmi í. En það er eðlilegt, að bæjarráð Reykjavíkur mælist undan því, að Alþ. setji nokkur fyrirmæli um þetta atriði, samkv. áður sögðu.

Þá vildi ég einnig mótmæla þeim ásökunum, sem þessi sami hv. þm. hefur haft í frammi í garð bæjarstarfsmanns, húsameistara bæjarins, Einars Sveinssonar. Í þessu langa þskj., sem hér er lagt fram, er farið óvirðulegum orðum um þennan starfsmann bæjarins. Því er fyrst haldið fram, að hann hafi átt einhvern þátt í ákvörðunum, sem bæjarráð eitt hefur tekið og ber fulla ábyrgð á. Þessi starfsmaður átti ekki kost á að gera till. um það efni, og því síður hafði hann um það ákvörðunarvald. Þess vegna er algerlega óviðeigandi að blanda honum í það mál að nokkru leyti. — Þar að auki segir hér á bls. 5 í hinu langa kveri, sem hv. þm. S-Þ. hefur nú gefið út sem skýringar á þessu máli, með leyfi hæstv. forseta: „Þó er vafasamt, hvort nokkur húsameistari í landinu hefði meiri þörf en Einar Sveinsson til að fá innfluttar hugmyndir úr þeirri andlegu atvinnubótastarfsemi, sem frv. átti að koma í fast horf."

Ég vil algerlega mótmæla því, að slík ummæli séu höfð um starfsmann bæjarins. Hér er ekki einu sinni um að ræða starfsmann ríkisins, þannig að hann heyri undir eðlilega gagnrýni eða aðfinnslur, sem um starfsmenn ríkisins hljóta að koma fram á Alþ., heldur er hér um að ræða mann, sem starfar í þágu Reykjavíkurbæjar, sem ekki heyrir undir Alþ. á neinn hátt. *(JJ:* Þessi skoðun er alveg í samræmi við frv., sem gerir ráð fyrir, að allir þessir menn fái gróða af hugmyndainnflutningi, svo að þetta er ekki móðgun sérstaklega.) Hv. þm. S-Þ. kemst ekki hjá því, að hann fer hér móðgandi og óviðeigandi orðum um þennan starfsmann, sem ekki heyrir undir neina ríkisstarfsgrein, og hefði þess vegna mátt vænta þess, að hann og hans embættisheiður fengi að vera í friði fyrir áreitni hér í hv. þd. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að Alþ. fengi að bera fram gagnrýni gagnvart þeim ríkisstarfsmönnum, sem einstakir hv. alþm. telja á einhvern hátt aðfinnsluverða. En ég mótmæli því, að það sé tekið upp á hæstv. Alþ. að hnýta í starfsmenn, sem ekki heyra undir Alþ. fremur en starfsmenn einstaklingsfyrirtækja og aðrir slíkir. Og allra sízt er viðeigandi að fara slíkum ummælum um starfsmenn, sem viðurkenndir eru fyrir að vera ágætir starfsmenn, og í þessu tilfelli er um óvenjulega hugmyndaríkan húsameistara að ræða, sem hefur unnið mörg ágæt verk og hefur gert skynsamlegar og hagkvæmar till. um skipulag bæjarins og teiknað margar ágætar byggingar og nú síðast, en ekki sízt, ágætan skóla, sem verið er að byggja á Melunum, sem ég veit, að hv. þm. S-Þ. verður hrifinn af fyrir frábært útlit og kosti. *(JJ:* Ég hallast að Guðmundi Ásbjörnssyni.) Ég treysti svo góðvild og skilningi hv. þm. S-Þ., þegar hann sér þessa byggingu, sem ég er sannfærður um fyrirfram, að er með ágætum. Af því að hér er um óvenju góðan og samvizkusaman starfsmann að ræða, þar sem Einar Sveinsson er, vil ég mótmæla því eindregið, að hann skuli hafa orðið fyrir hnjóðsyrðum í þessum umr. Annars þarf út af fyrir sig kannske ekki að furða sig svo á því. Því að þótt hv. þm. S-Þ. hafi lagt langa vinnu í þetta plagg, hefur honum skotizt yfir margt. Mér er sagt, að hann fari þar mörgum orðum um Jakob Gíslason, sem hvergi hefur hér við sögu komið. En það mun vera allt annar maður, Jakob Guðjohnsen. Það væri ekki svo fráleitt, eins og hv. þm. Barð. lagði til, að málið fengi frekari athugun, þar sem eftir svo mikla athugun, sem átt hefur sér stað um það, skuli hafa getað komið fram slíkar villur og misskilningur eins og lýsir sér í áliti hv. þm. S-Þ. — Hinu verð ég að mótmæla hjá hv. þm. Barð., að almennt sé ekki óhætt að láta mál fara til menntmn. þessarar hv. d., vegna þess að mér sýnist, að sú n. hafi með mörg mál farið svo, að hún hafi tekið

vinsamlega og vel á þeim og afgr. þau með skarpleik og miklum skýringum, þannig að það megi segja um þá hv. n. eins og sagt var um merkan brezkan stjórnmálamann, að það verði hvert mál stórt, sem þeir í hv. menntmn. koma nærri. Og þó að málin séu ekki stór í sjálfu sér, þá hefur þessum hv. nm. tekizt um mörg mál að láta þau vaxa æði mikið í meðförunum.

Um málið sjálft vil ég svo segja örfá orð og taka fram, að mér sýnist, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, sé ekki sérstaklega mikilsvert, — ég verð að segja það. Og ég álít, að ástæðulausar séu þær miklu umr., sem um það hafa orðið. Samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum hefur oft reynzt vel og á oft fullan rétt á sér. En ég vil eindregið halda fram, að það séu nokkrar byggingar hér í bænum, sem, þegar allt kemur til alls, séu meiri bæjarprýði heldur en Sjómannaskólinn. Og ég tel a. m. k., að útlit bæjarins, innra skipulag, hvernig því skuli hagað, muni hljóta að hvetja menn til þess að efna meir til samkeppni um hugmyndir heldur en áður hefur átt sér stað. Hitt er svo annað mál, að ég hefði haldið, að ríkisstj. hefði næga heimild til þess að koma slíkri samkeppni fram, ef hún telur þörf á. Þess vegna verð ég að segja, að mér sýnist ekki brýn þörf á því fyrir ríkisstj. að fá þetta frv. samþ. Og þess vegna sé ég ekki annað en að það eina, sem sjálfsagt væri í sambandi við dómnefnd um hugmyndir, sé, að það væri til ákveðin n. til þess að dæma um hugmyndirnar, svo að það þyrfti ekki hverju sinni að deila um það, hvernig sú n. skyldi skipuð. Og ég treysti sérfróðum mönnum, sem hafa sagt mér um kosti þess fyrirkomulags. En það er erfitt að koma slíkum n. saman oft á tíðum.

En um það atriði í frv., að dómn. útbúi útboðsskilmálana, þá virðist mér sem hún muni ekki starfi sínu vaxin, ef hún er ekki fær um að dæma verkið, ef hún undirbýr ekki skilmálana. Það má telja það kost fyrir ríkisstj. að hafa slíka heimild og að dómn. sé til. En ég treysti hæstv. ríkisstj. fullkomlega til að nota þessa heimild í hófi, og ég mæli með því, að hún verði veitt, ef hæstv. menntmrh. óskar þess.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Það hefur nú komið í ljós, að hæstv. forseti hefur séð, að hann hafði á röngu að standa, en þó vildi ég mælast til, að hann bæri þetta undir deildina.

Annars mun ég geyma það til 3. umr., sem ég hef að athuga við þetta mál, en vinnst ekki tími til að ræða nú. Ég vil fyrst mótmæla því, sem háttv. þm. Barð. sagði, um að menntmn. væri ekki fær um að hafa þetta mál með höndum, og vísa ég því til formanns n. að bera sakir af henni, en annars mundi ég fallast á að málið gengi til sjútvn. eftir svo ágæta meðferð sem það hefur fengið. Ég hallast að þeirri skoðun hv. þm. Barð., að ófært sé, að dómnefndin ákveði útboðsskilmálana; annars kem ég síðar að hans mjög svo merkilegu ræðu. En það er vafalaust, að starfsmenn ríkisins hafa aðstöðu til að fá þessi verðlaun, og má geta þess í því sambandi, að Geir Zoëga hefur haft tekjur af því undanfarið að reikna út járn í byggingar. Það gætti nokkurs misskilnings hjá háttv. þm. viðvíkjandi ummælum mínum um Saurbæjarkirkju. Ég gat þess einungis, að hún hefði verið boðin út, en byggingarnefnd vildi ekkert af þeim teikningum, sem bárust, en fékk teikningu hjá Guðjóni Samúelssyni, en sú teikning hefur hlotið mikið lof erlendis, og ég efast ekki um, að háttv. þm. Barð. er svo mikið skáld, að hann kann að meta þessa teikningu.

Nú er verið að byggja kirkju hér á Melunum, sem er stæling á peningshúsi, sem Vilmundur Jónsson lét byggja, svo að í rauninni hefði Vilmundur átt að fá verðlaunin, en þessar tvær kirkjubyggingar verða naumast lagðar að jöfnu.

Háttv. 6. þm. Reykv. hefur ekki kynnt sér nægilega þskj. Hann hefur tekið fram viðvíkjandi öðru máli, að höfuðatriði sé að hafa skýringar á hverri lagagrein. Eins og frv. er nú, nær það til Reykjavíkurbæjar og Einars Sveinssonar, og það, sem ég segi, er einungis samanburður, sem háttv. 6. þm. Reykv. verður að sætta sig við, þótt hann trúi á Einar Sveinsson. En vilji háttv. 6. þm. Reykv. fá ákveðnara svar, þá vitna ég til þess, sem Guðmundur Ásbjörnsson sagði á bæjarstjórnarfundi, að þessi maður hefði skaðað bæinn um 1 millj. kr. Og af því að Guðmundur Ásbjörnsson er æðsti og reyndasti maður bæjarstjórnarinnar, þá má ætla, að taka megi mark á ummælum hans, enda er ég honum sammála.

Háttv. þm. Barð. virðist ekki hafa lesið frv. nægilega vel. Hann vildi hafa, að heimildin næði einungis til ráðh., en hún nær til allra bæjarstjórna, félaga og fleiri. Til dæmis mundu hinir 7 skólar, sem féllu illu heilli hjá Nd., hafa heyrt hér undir.

Ég vík því næst að háttv. frsm. meiri hl. menntmn. Ef háttv. þm. athugar það, að í frv. er beinlínis sagt, að samkeppnin skuli vera um frumáætlanir og frumuppdrætti, þá hlýtur hann að sjá, að hans skilningur er rangur, og ég vil benda á, að Einar Sveinsson hefur neitað að beygja sig undir þetta, þar eð hann leggur hinn sama skilning í frv. og ég, enda verður ekki annað ráðið af orðanna hljóðan.

Bjarni Benediktsson: Það er ekki rétt, að ég trúi neitt á Einar Sveinsson eða aðra menn, eins og háttv. þm. S-Þ. virðist temja sér, en steypir þó einatt goðum sínum af stalli.

En ég álít, að Einar Sveinsson sé góður starfsmaður, og það er alrangt, að hann hafi skaðað bæinn um 1 millj. kr. Það, sem hann gerði, var það, að hann teiknaði hús dálítið svipað landsímahúsinu, en bent hefur verið á, að byggja mætti yfir þessar svalir með litlum tilkostnaði. En að halda því fram, að Einar Sveinsson hafi með þessu skaðað Reykjavíkurbæ, nær vitanlega engri átt. Þetta er fáheyrð fullyrðing, sem ég vil mótmæla. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins geta þess, að það hefur skýrzt enn betur fyrir mér, hvað þetta mál er lítilsvert.

En ég stóð aðallega upp til að lýsa undrun minni yfir því, ef það er rétt, að Geir Zoëga hafi haft miklar tekjur af því að reikna út járn í byggingar ríkisins. Þá finnst mér það undarlegt af háttv. 6. þm. Reykv. að álíta, að útboðsskilmálar skuli ákveðnir af dómnefndinni, og gat ég ekki samfærzt af rökum hans því viðvíkjandi.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að hefja umr. um þetta mál, en ég tók svo eftir áðan, að hv. þm. Barð. hefði orð á því, að menntmn. hefði ekki átt að hafa þetta mál til meðferðar.

Ég tel, að slíkar yfirlýsingar þurfi að styðjast við einhver rök; ella eru þær eins og utanborðsmótor, sem gutlar á yfirborðinu.

Það er rétt, að ágreiningur varð í n. um þetta mál. En ég vil spyrja hv. þm. Barð., hvort hann hafi nokkuð það fram að bera í þessu máli, sem allir fallast á.

Það er nú svo, að þessi hv. þm. hefur einatt borið fram brtt., en þær hafa ekki allar verið samþ. og hafa jafnvel stundum fremur þótt lýsa hvatvísi en djúpri athugun og hafa því ekki verið metnar sem algilt vizkunnar orð. Það kom hér fram munnleg till. áðan um að vísa þessu máli til sjútvn., og þótt það væri ekki í alvöru mælt, þá gæti maður ætlað, að sjálfsgleði sumra nm. í sjútvn. væri svo mikil, að þeir féllust á þetta.

Gísli Jónsson: Það var einungis út af ummælum háttv. síðasta ræðumanns.

Ég sýndi hér fram á það áðan með óhrekjandi rökum, að þetta mál málefnisins vegna hefði ekki átt að fara til menntmn. Viðvíkjandi utanborðsmótornum er það að segja, að maður skyldi ætla, eftir afgreiðslu mála í þessari háttv. n., að þeir hefðu háttv. þm. S-Þ. þar fyrir utanborðsmótor, og er þá ekki að furða, þótt vel gangi.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Mér þykir leitt, að háttv. frsm. meiri hl. skuli vera fallinn í valinn, en ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan viðvíkjandi skilningi á frv. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa það, sem stendur um þetta í 1. gr., og óska eftir því, að hv. þm. verji þá skoðun, sem þar kemur fram:

„Samkeppni skal fara fram um hugmyndir, frumáætlanir og frumuppdrætti að meiri háttar opinberum byggingum og mannvirkjum."

Ef nú skoðun þessa hv. þm. væri rétt, þá mundi ekki standa „frumáætlanir" og „frumuppdrættir", heldur áætlanir og uppdrættir. — Svo stendur enn fremur í grg., eins og ég hef áður vikið að:

„Hér er aðeins átt við frumhugmyndir um fyrirkomulag og gerð mannvirkja, en þær eru mikilvægasta atriðið, til þess að þau megi takast vel. Þrátt fyrir það er mikill hluti hins sérfræðilega undirbúnings mannvirkisins óleystur, þótt hugmyndin að því sé fengin."

Svo er enn fremur sagt í þessari grg., með leyfi hæstv. forseta, og því vil ég einkum beina til hv. þm. Barð.:

„Það er ekki tilgangurinn með frv. þessu að útiloka áðurnefnda starfsmenn frá því að koma hugmyndum sínum um hin ýmsu opinberu mannvirki á framfæri."

Þetta er alveg glöggt sagt hér, og þar af leiðir, að þeir hljóta að fá verðlaun, enda hvergi bannað. Ég að vísu gleðst af því, að minn hv. andstæðingur, hv. frsm. meiri hl., hefur algerlega gefizt upp, en um leið og ég skil við hann í hans uppgjafarástandi, vil ég lesa fyrir hann úr frv. því, sem hann ber fyrir brjósti, þessi orð um það, hvers vegna þetta frv. er flutt:

„Þrátt fyrir allt er sú hætta fyrir hendi, að úrlausnir þeirra, sem árum saman hafa unnið að sams konar mannvirkjum, geti orðið vanabundnar og einhæfar, ef um enga samkeppni við þá er að ræða." *(GJ:* Þetta er ekki úr frv. Þetta er úr grg.) Nei, en þetta er það, sem farið verður eftir. Ég vil beina því til borgarstjórans, sem er fróður vel í lögum, að með grg. er beinlínis gerð árás á það fólk, sem hann með list hefur reynt að bjarga undan frv., því að í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilbreytingarleysi í þessum efnum sljóvgar auk þess mjög dómgreind og fegurðartilfinningu alls almennings á hinu verklega sviði." *(BBen:* En þetta er sagt um almenning, en ekki sérfræðinga.) Það sýnir, að hv. þm. hefur ekki lesið frv. Þetta er skýring á því, hvers vegna þurfi að hafa hugmyndasamkeppnina. Ég vil mælast til þess, að hv. 6. þm. Reykv. athugi þetta og skýri fyrir undirmönnum sínum, Einari Sveinssyni og sínum undirmönnum öllum, að þeir hafi verið stórlega móðgaðir af kommúnistum og þeim, sem fluttu þetta frv., því að enginn er undan skilinn, því að ég býst við, að þetta sé með líkum hætti á skrifstofum bæjarins og ríkisins, líf þessara manna sé álíka tilbreytingarlaust hjá báðum.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að Reykjavíkurbæ. Hv. 6. þm. Reykv. blandar saman því skipulagsatriði, sem skipulagsnefndin og að því er virðist bæjarstjórnin hér, sem hefur samþ. slíkt, og einnig hæstv. ríkisstj., það að leyfa ekki að byggja efstu hæðina á mjög háum húsum jafna hinum hæðunum. Þetta á náttúrlega við inni í bænum. Mér finnst þetta ljótt hvar sem er, á Hótel Borg og annars staðar, en nú eru þessar svalir lögboðnar. Það, sem þeim bar á milli, Guðm. Ásbjörnssyni forseta bæjarstj. og borgarstjóranum, var það, að Einar Sveinsson lét vera flatt þak á helmingnum af skólabyggingu, sem kostaði 5 millj. kr., en það var gert í því skyni, að blessuð börnin verði þarna úti, eiginlega „pædagogiskt" atriði, í stað þess að Guðm. Ásbjörnsson segist alltaf vera í vandræðum með plássið í skólanum. Hann treystir því ekki, að hægt sé að koma þessari útikennslu við, og telur réttara að hafa þá heldur þak yfir öllu húsinu og gera þarna kennslustofu. Út frá þessu er það alveg rétt hjá forseta bæjarstjórnar, að bærinn er skaðaður á þessu. Hitt er annað mál, að borgarstjóri tekur á sig nokkuð af ábyrgðinni, en ég held, að borgarstjórinn hafi ekki athugað sig nægilega á

þessu. Ég tel, að Guðm. Ásbjörnsson hafi gert skyldu sína við bæinn með því að benda á þetta og reyna að beita sínum ábrifum, sem því miður reyndust ekki nógu sterk, því að nú á þetta að vera svona. Ég ætla að upplýsa það fyrir hv. 6. þm. Reykv., að það mun vera á málleysingjaskóla í Stokkhólmi svona útbúnaður, og forstöðumaðurinn sagði, að varla nokkurn tíma væri hægt að framkvæma kennsluna úti, þrátt fyrir milt loftslag, og því síður er von til þess að gera það hér, og þess vegna væri það bæði fjárhagsvilla og uppeldisvilla að ætla sér slíkt.

Ég ætla að svara hv. þm. Barð. út af Geir Zoëga. Að ég tók hann sem dæmi, er engan veginn „kritik" á hann, heldur gerði ég það vegna þess, að hv. þm. minntist á, að ef þessir ríkisstarfsmenn tækju aukalaun eins og þessi verðlaun, þá væri það rangt. Eins og ég veit að hv. þm. skilur af meðferð launal., er ekki hægt að halda því fram, að maður eins og Geir Zoëga hafi há laun, og ástandið er þannig nú, að ef Geir Zoëga eða Guðjón Samúelsson ætluðu að fá menn til sín, fá þeir enga, ekki einu sinni eftir ákvæðum nýju launal. Ef húsameistari ríkisins ætlaði að fá sér trésmið, getur hann ekki fengið hann fyrir það kaup, sem húsameistara ríkisins er ætlað að fá skv. þessum nýju launal. Þess vegna er það, án þess að ég sé að segja nokkuð illt eða gott um gamla venju, að duglegustu embættismennirnir, eins og t. d. Geir Zoëga, hafa haft aukavinnu, og allar stjórnir hafa talið það leyfilegt. Það hefur verið borgað fyrir þau eftir ákveðnum taxta og verður gert áfram, hvað sem launal. líður. Ég nefndi ekki Geir Zoëga af neinni gagnrýni, heldur af því, að hann er mikilvirkur embættismaður, og allir, sem líkt er ástatt fyrir, hafa haft aukatekjur á þennan hátt.

Ég álít, að það hafi verið vel til fundið af hv. 2. þm. Árn. að verja menntmn. og gefa hv. þm. Barð. nokkuð rökstudda áminningu fyrir þá sleggjudóma, sem hann hefur fellt í málinu.

Ég vil þá að síðustu benda á það, að það, sem einkennir þær n., sem hv. þm. Barð. er í, það er sú mikla vinna, sem lögð er í mörg mál í þessum n., og við, sem erum í menntmn., unnum þeim alveg sannmælis. Við viðurkennum dugnað þeirra og reynum ekkert að draga úr þeirra ágæti. En þótt n. hv. þm. Barð. séu ágætar, þá er menntmn. þó enn fremri í vinnubrögðum, eins og þegar falleg stúlka ber jafnan afbrýðisemi til annarrar stúlku, sem er álitin enn fallegri. Þetta er, að ég hygg, alveg nægileg skýring á þessu fyrirbrigði, að jafnvel svo mætur maður sem hv. þm. Barð. skuli hafa flaskað á þessu. Ég vonast eftir því, að borgarstjórinn í Reykjavík athugi gagnvart sínu starfsfólki þetta, sem hann hefur ekki skilið fullkomlega, að frv. var móðgandi og meiðandi með sínum aths. fyrir hans bæ eins og fyrir ríkið, og að hann sem borgarstjóri og bæjarráðsmaður hefði átt að reyna að bæta úr þessu. En nú spyr ég að síðustu: Vill hann láta þessa starfsmenn ríkisins, sem hann er yfirmaður hér á Alþ., láta fótum troða þeirra rétt? Vill hann láta spýta hugmyndum í Geir Zoëga með þessum ráðum, fyrst hann vill ekki láta sína menn fá slíkar sprautur? Hér er hann húsbóndi yfir ríkisbúinu, og ef hann með atkvæði sínu ætlar að setja þær hömlur á starfsmenn ríkisins, sem hann vill ekki setja á starfsmenn bæjarins, gerir hann þar upp á milli þessara aðila, og ég trúi ekki öðru að óreyndu en að hann muni sjá, að hann á ekki að gera upp á milli bæjarins og ríkisins, heldur sýna fullkomið réttlæti í báðar áttir.

Bjarni Benediktsson: Hv. þm. hefur ekki, þrátt fyrir leiðbeiningar, athugað sig á, að hér er ekki af hálfu bæjarins að ræða um andstöðu gegn svona samkeppni, heldur hitt, að bærinn vill hafa sjálfræði um slíkt, hvað snertir eigin mál. Ég hef áður getið um það, að bæjarstjórnin hefur ákveðið að bjóða út mikilvægar byggingar, en vill sjálf ráða því, hvenær hún lætur gera það. Varðandi umrædda teikningu á húseign á Melunum, vil ég upplýsa, að þarna er um að ræða venjulegar svalir og ekki annað. Ég man að vísu ekki eftir því, en ég held, að það séu sams konar svalir og á húsum, sem hv. þm. S-Þ. hefur staðið að *(JJ:* Ég hef aldrei ætlað að láta kenna úti.), og mætti því ósköp vel rifja upp, hvað hann hefur skaðað ríkið um margar millj. af þeim sökum, og má kannske rifja það betur upp við 3. umr. *(JJ:* Ég væri mjög til með það.) Þetta er náttúrlega ekki stórt atriði. (*JJ:* Jú, þetta er stórt atriði.) Þetta er ekki annað en það, sem tíðkast á mörgum byggingum, og svalirnar þurfa auðvitað að vera stærri, ef þær eru ætlaðar fyrir mörg hundruð börn, heldur en ef þær eru fyrir eina fjölskyldu, sem býr í húsinu. Þetta liggur í augum uppi og þarf ekki frekari skýringu.

Það er nú venja fyrir dómstólunum við stærri mál að byrja á upplestri skjala, og má segja, að hv. þm. S-Þ. fari svipað að í dag, sérstaklega seinni partinn, með því að lesa þskj., en ég vil benda honum á, að hann fór ekki rétt með það, sem stendur í grg. frv., því að þar eru ekki talin upp nein nöfn. En ég get fallizt á það með hv. þm., að kommúnistar hafa auðvitað skaðað marga menn og þar á meðal starfsmenn bæjarins og eiga kannske eftir að skaða þá meir, en þeir hafa ekki bakað bæjarstarfsmönnunum sérstakt tjón með þessu frv. *(JJ:* Jú, jú.), enda er frv. ekki frá þeim einum komið, heldur úr allt annarri átt, og ummæli grg. frv. í þessu efni, þau, sem hann taldi sérstaklega beint að starfsmönnum ríkisins, fjalla alls ekki um þá. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa greinina:

„Tilbreytingarleysi í þessum efnum sljóvgar auk þess mjög dómgreind og fegurðartilfinningu alls almennings á hinu verklega sviði."

Þarna er ekki um að ræða, að tilfinningar verkfræðinga eða húsameistara sljóvgist, heldur alls almennings. *(GJ:* Því verra!) Það má segja, að ásökunin sé þeim mun rótarlegri, ef menn vilja svo vera láta, en ásökuninni er ekki beint til húsameistara, heldur alls almennings, að hann láti þessi verk hafa áhrif á sig, og ef um ásökun er að ræða, þá er hún á hendur þeim húsameistara, sem teikn-

inguna gerði af byggingunni, en ekki til starfsmanna bæjarins, heldur til þess húsameistara, sem hefur haft einokun á öllum teikningum í þágu ríkisins fram að þessu.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég held, að hv. 6. þm. Reykv. hafi ekki athugað þetta alveg nógu vel. Hann viðurkennir náttúrlega gildi aths. fyrir frv., og að hans dómi eru þær algerlega ótvíræðar, því að það er ekki dregið neitt í efa um það, enda hafa allir þessir kunnáttumenn, Geir Zoëga, Guðjón Samúelsson, vitamálastjórinn og Hörður Bjarnason komizt að sömu niðurstöðu, en þar sem hv. þm. talaði nú síðast um það, að höfuðflm. frv., sem ef ég man rétt, er 2. þm. kommúnista, sé ekki að níða starfsmenn ríkisins, þegar þeir tala um dómgreindarleysi. Eftir að þeir eru búnir að tala um, að opinberir starfsmenn eigi að taka þátt í samkeppni, og svo komast þeir þannig að orði um það, að náttúrlega ættu þeir að standa betur að vígi en aðrir, vegna langrar reynslu, en svo bæta þeir við, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir það er sú hætta fyrir hendi, að úrlausnir þeirra, sem árum saman hafa unnið að sams konar mannvirkjum, geti orðið vanabundnar og einhæfar, ef um enga samkeppni við þá er að ræða."

Það er þess vegna ekki neinum blöðum um það að fletta, en svo bæta þeir bara við, að þetta hafi spillandi áhrif á allan almenning. Nú stendur málið þannig, að búið er að sanna, að frv. er alveg óhæft fyrir Reykjavíkurbæ, og hv. þm. Barð. hefur einnig fundið að því, að það væri ekki æskilegt fyrir ýmsa aðra aðila, og allir þeir verkfræðingar, sem heyra undir ríkið, hafa mótmælt því með rökum. Ég vil því minna á það, að dagskrártill. mín byggist á því sama og bæjarráð Reykjavíkur heldur fram, reyna að fyrirbyggja, að starfsmenn ríkisins búi við óréttlæti, sem starfsmenn Reykjavíkurbæjar vilja ekki á sig leggja.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 1132, frá minni hl. menntmn., felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, IngP, JJ, PHerm.

nei: BBen, BrB, EE, GJ, KA, LJóh, MJ, StgrA.

GÍG greiddi ekki atkv.

4 þm. (HG, HermJ, PM, ÞÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Þar sem í þessari rökstuddu dagskrá er beinn misskilningur og ranghermi *(JJ:* Nei), þá get ég alls ekki greitt atkv. með henni af þeirri ástæðu, því að það er alveg rangt, að höfuðstaðurinn mótmæli þessari lagasetningu. Það er þvert á móti eðlilegt, að ríkið setji hana fyrir sitt leyti, svo að rökstudda dagskráin byggist á furðulegum misskilningi, og ég er hissa, að hún skuli ekki vera tekin aftur. Ég segi nei.

Gísli Jónsson: Með tilvísun til ummæla hv. 6. þm. Reykv. segi ég nei.

Magnús Jónsson: Bæði með þeim rökstuðningi, sem kom fram, og af öðrum ástæðum segi ég nei.

Brtt. 1110,1 samþ. með 10:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EE, KA, LJóh, MJ, BBen, StgrA.

nei: GJ, IngP, JJ, PHerm, BSt.

GÍG greiddi ekki atkv.

4 þm. (HG, HermJ, PM, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 1110,2 samþ. með 9:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KA, LJóh, MJ, BBen, BrB, EE, StgrA.

nei: JJ, PHerm, BSt, GJ, IngP.

GÍG greiddi ekki atkv.

4 þm. (PM, ÞÞ, HG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 1110,3 samþ. með 8:2 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

4.—5. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv.

Á 139. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 1248).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 140. fundi í Ed., 2. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. fellt með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EE, KA, LJóh, MJ, BBen, StgrA.

nei: GJ, GÍG, HG, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt.

2 þm. (HermJ, PM) fjarstaddir.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Loðdýrarækt.

Á 39. fundi í Sþ., 6. sept., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og l. nr. 94 14. maí 1940, um breyt. á þeim l. (stjfrv., A. 287).

Á 40. fundi í Ed., 8. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 13. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Á síðasta Alþ. var frv. til l. um bann gegn minkaeldi vikið frá umr. í Nd. með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er á þskj. 116, og var málinu þar vísað til atvmrn. til athugunar og frekari aðgerða. Samkv. þessu hefur atvmrn. látið fara fram þá athugun, sem þetta lagafrv. er byggt á. Hefur þetta verið gert í samráði við fróðustu menn í þessu máli og sérstaklega í samráði við Kristin Briem á Sauðárkróki, sem af flestum er álitinn að hafa mjög gott vit á þessu máli og hefur sennilega náð mestum árangri í því starfi af mönnum hérlendis.

Aðalbreyt., sem frv. felur í sér, eru þessar: Í fyrsta lagi eru ákvæði um betri umbúnað, ákveðnar skyldur lagðar á herðar dýraeigenda að búa svo um dýrin, að síður sé hætta á, að þau sleppi úr búrum. Sett er eftirlit með þessu á annan hátt en áður var, þannig að landbrh. getur að fengnum till. loðdýraræktarráðunautar sett sérstaklega valda menn til eftirlits með öruggum útbúnaði loðdýragarða, því að vitað er, að loðdýraræktarráðunautur getur ekki komizt yfir það á þann hátt, að það reynist fullnægjandi. Síðan er lagt til, að sett séu miklu strangari sektaákvæði til að gera menn ábyrga fyrir hirðuleysi.

Í öðru lagi felur þetta í sér þá breyt., að Búnaðarfélagi Íslands er falin umsjón með framkvæmd loðdýraræktarlaganna. Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með öllum greinum landbúnaðarins nema loðdýraræktinni, og verður ekki séð, að ástæða sé til þess, að önnur regla skuli gilda um loðdýraræktina en aðrar greinar landbúnaðarins, því að loðdýrarækt er vissulega landbúnaður ekki síður en aðrar greinar, sem Búnaðarfélagið hefur með að gera. Er því lagt til, að Búnaðarfélagið ráði loðdýraræktarráðunautinn.

Í þriðja lagi er lagt til, að ríkinu sé heimilað að flytja inn loðdýr og reka loðdýrabú. Það skiptir nefnilega mjög miklu máli, að það heppnist að fá góðan, hreinræktaðan stofn loðdýra, sem á heima við okkar loftslag og hægt er að búast við að fá af góð og verðmikil skinn, en á því veltur mest um afkomu þessa rekstrar. Það hefur hingað til verið í höndum einstaklinga að flytja inn slík dýr, og hefur það gengið á ýmsu og reynslan orðið sú, að rn. þykir rétt að leggja til, að heimilað verði, að hið opinbera flytji inn dýr og reki slíkt loðdýrabú á kostnað ríkisins til þess að halda uppi fyrsta flokks dýrum, sem seld verði til bænda, er þessa atvinnu stunda.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, tel ég, að þetta allt mundi verða til mjög mikilla bóta fyrir þessa atvinnugrein. — Vil ég svo leyfa mér að leggja til, að í lok þessarar 1. umr. verði málinu vísað til landbn. hv. d. og 2. umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Ég get verið fáorður um þetta frv., þar sem það kemur sennilega til þeirrar n., sem ég á sæti í. Ég vil bara vekja athygli á einu í þessu máli, sem getur orðið dálítið deiluatriði. Það er ákveðið, að hreppsn. í hverjum hreppi geti leyft loðdýraeldi í sinni sveit. Eins og menn vita, er það sérstaklega eitt loðdýr, minkurinn, sem getur orðið þar þyrnir í augum, og hagar víða þannig til, einkum þar sem varplönd eru og veiðiár. Í sumum sveitum er aftur á móti e. t. v. ekki einu sinni hænsnabú, og eins og gefur að skilja, geta þær sveitir farið miklu djarfara í að leyfa, að sett verði upp svona bú, en hinar, sem meira ættu í húfi, ef þær mættu nokkru um ráða. Kæmi því mjög til athugunar, hvort ekki ætti yfirleitt að leita atkvæða héraðsstjórna um slík loðdýraleyfi, áður en þau verða afgreidd. Ég tel undir þessum kringumstæðum, að þótt ekki væri nema um þetta eina dýr að ræða, þyrfti þar einnig að koma til leyfi héraðsstjórnar, áður en leyft væri að stofna slík bú. — Ég vildi aðeins beina þessu til deildarinnar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Í þessu frv., sem komið er frá hæstv. ríkisstj., er sett nýmæli með

6. gr., að heimila ríkisstj. að reka loðdýrabú. Hæstv. landbrh. minntist á ástæðuna fyrir þessu, og er hún einnig tilgreind hér í aths. við frv. Það er sérstaklega tekið fram, að þetta sé gert til þess að tryggja sem bezt kynstofninn, og í aths. er lögð áherzla á það, að ekki hafi verið lögð nógu mikil rækt við minkarækt hér á landi og sá stofn því ekki nógu góður. Nú skilst mér, að fyrir þessar ástæður einar sé ekki nauðsynlegt að setja þessa grein inn í lögin. Í lögum frá 1938 er kveðið svo á, að ekki megi ala upp, hvort heldur er til sölu eða undaneldis, önnur dýr en þau, sem hafa verið metin af þeim manni, sem mest vit hefur á þessum málum, þ. e. loðdýraráðunautnum. Og það er einnig í lögum frá 1940, að slík dýr megi ekki flytja inn, nema þau séu af viðurkenndu kyni. Mér finnst því, að lögin nú setji skorður fyrir því, að alin séu upp önnur dýr en af allra beztu tegund, og því ekki ástæða til að samþykkja heimild handa ríkisstj. til að reka slík bú á kostnað ríkisins bara til þess að ná þeim árangri. Hins vegar kann að liggja til þess önnur ástæða, sem ekki kemur fram í frv., og get ég ekki sagt um, hver sú ástæða muni vera. Fyrr en færðar hafa verið fram gildari ástæður en fram koma í frv., get ég því fyrir mitt leyti ekki fallizt á að ljá málinu fylgi, nema þessi grein verði felld niður eða breytt á annan hátt.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég vil aðeins gera aths. í sambandi við eitt atriði, sem kom fram hjá hv. síðasta þm. viðvíkjandi 6. gr. Ég vildi benda á það, að þótt það sé rétt, sem þessi þm. vitnaði í gildandi lög, þá hefur reynslan því miður orðið sú, að skinn frá miklum fjölda loðdýraframleiðenda í landinu hafa sannað, að ekki hefur borgað sig að framleiða þau. Þar á móti hefur einstaka framleiðendum heppnazt að halda þannig á málinu, að þeir hafa fengið ágæt skinn og þar af leiðandi ágæta atvinnu af starfi sínu. Það, sem mest á ríður í þessu eins og hverju öðru starfi, er að koma á sem heilbrigðustum grundvelli fyrir þá, sem þessa atvinnu stunda. Nú er það svo, að þessir tiltölulega fáu menn, sem hafa skarað fram úr í því að hafa góð skinn, hafa ekki getað látið öðrum í té þau dýr, sem þeir hefðu óskað eftir. Og með því að reynslan er sú, að skinnin svara vart kostnaði hjá öllum þorra framleiðenda í landinu, hef ég, — eftir að ég hef rætt málið við þá menn, sem þessum hlutum eru kunnugastir, — ekki getað komið auga á aðra leið til úrbóta en þá, sem bent er á í 6. gr. En hafi aðrir komið auga á betri leið, þá er það gott.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mér finnst einmitt ræða hæstv. ráðh. sanna það, að engin ástæða sé til þess að stofna til ríkisrekstrar til tryggingar góðum stofni, heldur sé hitt nauðsynlegt, að tryggja það, að loðdýraræktarráðunauturinn, sem á að hafa umráð með þessum málum, sé starfa sínum vaxinn. Það hlýtur að verða þjóðinni fyrir beztu, að þeir einstaklingar, sem stunda þessa atvinnugrein, séu það vel upplýstir um uppeldi dýranna, að þeir geti jafnan sjálfir valið sér uppeldishæf dýr, en séu ekki að ala upp dýr, sem ekki borgar sig að ala upp. Mér finnst því nauðsynlegt, að eftirlitið sé skerpt, en ekki farnir þeir útúrkrókar, eins og lagt er til í þessu frv., að ríkið taki að sér að setja upp loðdýrabú, nema ríkið taki að sér alla loðdýrarækt á Íslandi, sé það eitt talið nauðsynlegt til tryggingar því, að ekkert dýr sé alið upp nema það, sem uppfyllir ströngustu fyrirmæli. Þá horfir málið öðruvísi við.

Eins og bent hefur verið á, hefur mikið verið um það rætt, hvort leyft skuli að ala upp minka hér á landi. Fyrr en úr því er skorið, er vafasamt, að hæstv. Alþ. geti heimilað ríkisstj. að setja upp minkabú, máske í trássi við fjöldamarga bændur landsins og a. m. k. í óþökk margra manna, sem hafa þá skoðun, að ekki eigi að fjölga þessum dýrum, heldur miklu frekar að gera róttækar aðgerðir til þess að útrýma þeim alveg. Ég vildi aðeins benda á þetta atriði og veit, að hv. landbn. mun athuga þetta mál gaumgæfilega, einnig þær aths., sem komið hafa fram við 6. gr. frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Ed., 30. jan., utan dagskrár, mælti

Þorsteinn Þorsteinsson: Á s. l. ári þann 18. des. var hér afgr. frá landbn. þessarar d. frv. um loðdýrarækt og loðdýralán. Það var shlj. afgr. frá n. og sent hér auðvitað til afgreiðslu d. Síðan eru liðnir 2 mánuðir, og ég hef nú í nokkur skipti utan fundar óskað þess hjá hæstv. forseta, að hann færi að taka mál þetta á dagskrá, en því hefur enn ekki verið sinnt. Nú verð ég að skora á hæstv. forseta að fara nú að taka mál þetta á dagskrá. Ég sé yfirleitt tekin mál, sem þarf að sækja um afbrigði fyrir, og ef maður má treysta því, sem ég hef alltaf haft von um, að forseti leiddi málin til framkvæmda, en væri ekki neitt að vefjast fyrir framkvæmd þeirra, þá vonast ég til, að hæstv. forseti taki málið á næstu dagskrá eða næst þegar fundur verður haldinn.

Forseti (StgrA): Ég hef nú, eins og hv. þm. Dal. sagði, átt tal við hann um þetta utan fundar, og ég hef sagt honum frá því, að ég mundi áreiðanlega afgreiða þetta mál áður en þingi lyki og einnig annað mál, sem lengi hefur beðið og verður afgr. einnig, því að hér er aðeins um dagskrármál að ræða. Það er kunnugt, að ýmis mál hafa verið hér til umr., sem miklar umr. hafa verið um og tekið mikinn tíma, þannig að ekki er hægt að koma öllum málum að á sama tíma. Ég vil lýsa enn yfir í heyranda hljóði, að ég mun sjá um, að málið fái afgreiðslu áður en þingi lýkur.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessi ágætu orð, en ég vil láta þess getið,

að það er ekki alveg víst, hvernig málið fer, ef rökst. dagskráin verður ekki samþ., og getur þá beðið, að málið fái afgreiðslu. Ég verð að fylgja þessu fast fram og mun enn knýja á náðardyr hjá hæstv. forseta, ef ég fæ ekki málið tekið á dagskrá.

Á 115. fundi í Ed., 31. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 287, n. 742).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. — Eins og þetta mál liggur nú fyrir, þarfnast það ekki mikilla skýringa, því að hæstv. fyrrv. atvmrh. (Vilhj. Þór) skýrði efni þess við fyrstu umr.

Breyt. þær, sem gert er ráð fyrir við núverandi loðdýraræktarl., eru í fyrsta lagi, hvernig veita skuli leyfi til að hafa loðdýrarækt, í öðru lagi er gert ráð fyrir breyt. á starfi loðdýraræktarráðunautar frá því, sem nú er, og í þriðja lagi er farið fram á, að landbrh. eða ríkisstj. fái heimild til að reka loðdýraverzlun.

Þetta frv. var lengi til athugunar í landbn., og var leitað umsagnar um það bæði frá Loðdýraræktarfélagi Íslands og Búnaðarfélagi Íslands. Báðar stofnanirnar höfðu ýmislegt við það að athuga og lögðu á móti því, að það væri samþ. — Að þessu athuguðu og eins hinu, að þetta er mál, sem þarf mikils og góðs undirbúnings við, ef það á fram að ganga, leggur landbn. til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

Þar sem búnaðarþing kemur saman til funda í febrúarmánuði næstkomandi og ætla má, að loðdýraræktarmálin verði tekin þar til endurskoðunar, telur d. rétt að bíða eftir þeim till., sem þaðan kunna að koma, áður en afgreiddar verða breytingar á loðdýraræktarl., og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Fjhn. hefur tekið loðdýraræktarráðunautinn inn á launal., en ætlazt er til í frv., að hann heyri undir Búnaðarfélag Íslands. En hvorum megin, sem hann nú verður, verða laun hans sennilega svipuð.

Ég býst við, að óþarft sé að hafa langar umr. um þetta mál, og vænti, að rökstudda dagskráin verði samþ., eins og landbn. leggur til.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 742, frá landbn., samþ. með 13 shlj. atkv.

---

2. Áburðarverksmiðja.

Á 43. fundi í Sþ., 14. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um áburðarverksmiðju* (stjfrv., A. 314).

Á 50. fundi í Nd., 15. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Það hefur mörg undanfarin ár verið mikið rætt um það, að æskilegt væri og nauðsynlegt að koma upp í landinu verksmiðju, sem framleiddi köfnunarefnisáburð handa landbúnaðinum. Fyrir allmörgum árum var gerð athugun á þeim möguleikum með því að fenginn var að ég held danskur verkfræðingur til að gera athuganir og till. Ekkert varð þó úr framkvæmdum í það skiptið, af ýmsum ástæðum. Síðan er svo langt liðið, að miklar breyt. hafa orðið um tilbúning og meðferð áburðar. Er því augljóst, að þær athuganir, sem þá voru gerðar, voru allsendis ónógar að byggja á.

Árið 1941, þegar ég var staddur í Washington sem sendimaður ríkisstj. ásamt fleirum í samningum við Bandaríkjastjórn, notaði ég tækifærið til að spyrjast fyrir þar hjá stj., hverjir í landinu væru líklegastir til að láta í té góða verkfræðilega umsögn um þetta mikla mál fyrir íslenzkan landbúnað. Þær upplýsingar voru mér látnar í té, og átti ég þegar viðræður við það firma, sem var efst á þeim lista, og fékk nokkrar bráðabirgðaupplýsingar. Síðar fól þáverandi landbrh. Sigurði Jónassyni forstjóra, sem var á förum til Ameríku, að tala við firmað frekar og kynna sér málið. Árið 1943 varð það úr, að atvinnumálaráðuneytið ákvað að snúa sér til eins af stærstu verkfræðingafélögum Bandaríkjanna, þess, sem stj. á sinum tíma hafði gefið mér upplýsingar um, og biðja það um að láta okkur í té góðan verkfræðing hingað heim til að athuga staðhætti og ræða málið við okkur hér á staðnum, og gera síðan till. í málinu. Þessi verkfræðingur var svo hér seint á árinu 1943. Hann kynnti sér eftir beztu getu og með aðstoð margra manna, sem hann átti viðræður við, staðhætti hér á landi, og gaf þá þegar bráðabirgðaálit sitt um málið, sem var í þá átt, að hann taldi það ekki aðeins æskilegt, heldur sjálfsagt fyrir Ísland að búa sig undir að hefjast brátt handa um að reisa hér áburðarverksmiðju. Við höfðum beðið um það, að þessi athugun hans yrði fyrst og fremst byggð á því, að framleiða skyldi kalísaltpétur, en það er sá áburður, sem okkar bændum hafði geðjazt bezt að fram að þeim tíma.

Gerði hann bráðabirgðaáætlun um verksmiðjuna og var gert ráð fyrir, að þegar heim kæmi, léti hann í té betri gögn og frekari till. Frá félagi hans kom á þessu ári álitleg greinargerð og bráðabirgðaáætlun um að reisa köfnunarefnisverksmiðju, byggt á því, að þetta væri ekki kalísaltpétur, heldur án þess að kalk þyrfti til.

Nú er fyrirliggjandi í íslenzkri þýðingu álit þessa verkfræðings um þetta væntanlega fyrirtæki. Því miður hefur ekki getað orðið úr því nú að útbýta þessu áliti ásamt frv., en ég vona, að það komi seint í dag eða í síðasta lagi á mánudag. Hv. þm. geta þá haft það til athugunar.

Vegna þess að hér var um nýjan áburð að ræða, þá vildi ég hafa um það frekari vissu en umsögn þessa eina verkfræðings. Ég vildi vita, hvort þessi áburður væri í alla staði jafnhentugur, bæði til þess að geymast og eins til þess að gefa þá raun, sem

gefa þyrfti. Varð úr, að ég sneri mér til íslenzka konsúlatsins í New York, og bentu þeir mér á ungan og efnilegan íslenzkan vísindamann, Björn Jóhannesson, sem stundar nám við Cornellháskólann, og bað ég hann sérstaklega að láta í té álit sitt á notagildi áburðarins og geymsluþoli hans. Þetta álit fengum við fyrir nokkru síðan, og mun því verða útbýtt á morgun eða mánudag. Eins og hv. þm. munu sjá, er álit hans á þann veg, að hann telji áburðinn ágætan og geymslu hans ekki neinum verulegum vandkvæðum bundna, en til frekari vissu fékk ég nokkra poka heim til þess að sjá, hvernig áburðurinn geymdist í þessu loftslagi.

Fyrst þessu máli var nú svo langt komið, þá virtist mér ekki ástæða til og ekki rétt að draga það lengur, heldur beinlínis skylda að bera málið fram á Alþ. í frumvarpsformi, og tel ég það nauðsynlegt, að hv. Alþ. geti fjallað um þetta mál og tekið ákveðna afstöðu, svo að ekki verði frekari bið á, að þetta mjög merkilega mál fyrir landbúnaðinn fái fast form og undirbúningur verði hafinn undir fastar framkvæmdir.

Ég leyfi mér að leggja fyrir hv. d. það frv., sem hér liggur fyrir. Það er gerð till. við frv. um það, að reist verði köfnunarefnisverksmiðja, sem verði sjálfseignarstofnun, og að ríkissjóður leggi fram til verksmiðjunnar fé á fjárlögum. Það er engu slegið föstu um, hvað það verði mikið, en ég vil benda á í því sambandi, að á fjárl. í fyrra var samþ., að varið yrði 2 millj. kr. til slíkrar verksmiðju, og ráðuneytið fór fram á, að á fjárl. 1944 yrði varið 3 millj. kr. til sama fyrirtækis. Ég leyfi mér að beina því til hv. Alþ., að það verði lagt kapp á að leggja sem mest fé úr ríkissjóði á næstu fjárl. og næstu árum, svo að þessi verksmiðja, þegar hún kemst upp, verði alskuldlaus.

Það er ráð fyrir gert í frv., að verksmiðjustjórnin verði skipuð strax eftir gildistöku þessara l. Það er lagt til, að í stjórninni verði 3 menn, 2 þeirra tilnefndir af þeim félögum, sem eru sjálfkjörnir umboðsmenn fyrir bændur eða landbúnaðarframleiðsluna, þ. e. Búnaðarfélag Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga, en eins og getið er um í aths. frv., þá hefur landbúnaðardeild S.Í.S. keypt langsamlega mestan hluta af þeim köfnunarefnisáburði, sem komið hefur til landsins á síðustu árum. Þriðja manninn tilnefnir ráðh. sá, sem fer með landbúnaðarmál. Þessa stjórn skal skipa strax eftir gildistöku l. og skal henni falið að annast um byggingu verksmiðjunnar, staðarval fyrir hana og rekstur hennar, þegar hún kemst upp. Ég lít svo á, að þessu máli muni vera bezt fyrir komið á þann veg, því að stjórn þannig kosin mun verða færust um að sjá um, að verksmiðjan hagnist en skaðist ekki, og hún verður líka færust um að sjá um framkvæmdir og byggingu verksmiðjunnar, svo að vel fari og úr leysist.

Það er ekki slegið neinu föstu um stærð verksmiðjunnar. Um það kann að vera nokkur ágreiningur. Mér finnst nokkuð eðlilegt, að verksmiðjan verði byggð það stór, að hún geti framleitt 5 þús. smálestir á ári, miðað við þann áburð, sem inniheldur 20½% af köfnunarefni. Það væri heppilegast að byggja verksmiðjuna stóra eða að minnsta kosti þannig úr garði gerða, að hægt sé með auðveldu móti að stækka hana, þegar þess þarf með. Ég hélt því fram við verkfræðingana, að það hefði iðulega reynzt svo hér á landi, að fyrirtæki hefðu verið byggð of smá og fljótlega þurft að stækka þau, en eftir að þessi aths. mín hafði sérstaklega verið tekin til athugunar og yfirvegunar, þá varð það niðurstaða verkfræðinganna, að bezt væri að hugsa sér stærð verksmiðjunnar eins og ég sagði áðan, þannig að nokkur hluti hennar væri byggður þannig, að það væri lögð undirstaða að nokkuð stærri verksmiðju. Þessu verður samt ekki slegið föstu opinberlega, fyrr en væntanleg verksmiðjustjórn getur kynnt sér öll mál til hlítar.

Það er gert ráð fyrir, að verksmiðjan verði ekki verzlunarfyrirtæki, heldur afhendi hún áburðinn til Áburðarsölu ríkisins, sem annist um söluna eins og hingað til. Það kom til mála að láta verksmiðjuna sjálfa selja áburðinn, en mér finnst eðlilegast og réttast, að Áburðareinkasalan haldi áfram að starfa, þar sem einhver aðili verður að hafa á hendi innflutning og verzlun með aðrar tegundir áburðar en þær, sem framleiddar eru í verksmiðjunni. Verksmiðjan ætti því aðeins að framleiða og afhenda áburðinn til verzlunarinnar, eins og hún hefur áður fengið áburð sinn afhentan frá útlöndum.

Þetta er í stórum dráttum það, sem frv. fer fram á. Ég vildi að lokum aðeins endurtaka og undirstrika það, sem ég sagði áðan, að það er von mín og ósk og trú, að hv. Alþ. fallist á þá till., að þessi verksmiðja verði sjálfseignarstofnun og að ríkissjóður sjái sér fært að leggja til allan stofnkostnað á næstu árum, þannig að hið háa Alþ. afhendir landbúnaðinum þessa verksmiðju, sem ég hef trú á að geti orðið styrk stoð á komandi árum fyrir landbúnaðinn, afhendi hana þannig til landbúnaðarins með það fyrir augum að sýna með því þessum elzta og nauðsynlega og góða atvinnuvegi landsmanna hæfilegan sóma og ljá honum með því þann styrk á komandi árum, sem hann á skilið.

Ég vil svo leyfa mér, að þessari fyrstu umr. lokinni, að leggja til, að frv. verði vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 314, n. 533, 547, 549).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Eins og kunnugt er, er landbúnaður okkar kominn í það horf — og má gera ráð fyrir, að verði enn frekar, þegar stundir líða, — að ein mesta nauðsyn hans er tilbúinn áburður. Það er líka kunnugt, að ekki er annars völ en að kaupa tilbúna áburðinn, sem framleiðslan þarf á að halda, frá öðrum löndum.

Margir, sem um málið hafa fjallað, hafa á undanförnum árum gert sér vonir um, að takast mundi að framleiða áburð hér á landi og fá hann með lágu verði. — Um mál þetta hafa verið fluttar nokkrar till. og jafnvel frv. á undanförnum árum, en nú fyrst liggur hér fyrir á þskj. 314 frv. frá fyrrverandi ríkisstj. um að lögbinda, að þessi verksmiðja verði reist svo fljótt sem kostur er. Landbn. hefur haft þetta mál til meðferðar og farið í gegnum þau skjöl og þær áætlanir, sem gerðar hafa verið í þessu máli, og mælir n. öll með því, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Hins vegar er því ekki að leyna, að um leið og n. hafði kynnt sér áætlunina um þetta mál, varð hún fyrir miklum vonbrigðum af því, hvernig horfir um málið, eins og sakir standa. Í fyrsta lagi byggist fyrirtækið á því, að allan stofnkostnað verður að borga, án þess að hægt sé að gera ráð fyrir rekstrartekjum fyrir vexti og afborganir. Samkv. áætlun amerísks sérfræðings er stofnkostnaðurinn áætlaður rúmlega 7 millj. kr., en í þeirri áætlun er mörgu sleppt, svo að gera má ráð fyrir, að kostnaðurinn verði aldrei undir 10 millj. kr. Þar fyrir utan er þess að geta, að sérstök virkjun er nauðsynleg, eða að minnsta kosti samband við raforku á komandi árum, til þess að hægt sé að koma áburðarverksmiðjunni á fót og reka hana svo að við megi una. Nú er ekkert rafmagn til þessarar framleiðslu. Hér þarf sennilega að tryggja það, áður en farið er í framkvæmdir á þessu sviði, að það verði athugað mjög nákvæmlega og rækilega, að þetta fyrirtæki geti borið sig, þannig að áburðurinn verði ekki dýrari en samsvarandi áburður var.

Landbn. flutti hér öll brtt. við nokkrar greinar frv., en það eru frekar útskýringabreytingar en verulegar efnisbreytingar. Þó er þess að geta, að í fyrstu brtt. á þskj. 547 er nokkuð nánar skýrt en í fyrstu gr. frv., hvaða áburðartegundir skuli framleiða, að aðallega skuli miða við köfnunarefni, sem sé blandað með vatni. Samkvæmt síðustu upplýsingum virðist þetta vera framkvæmanlegt, þótt svo hafi ekki verið talið fram á síðustu ár. Með þessu móti ætti að vera auðveldara en ella að koma þessari framleiðslu á. Í annarri brtt. er það tilgreint, að væntanlegur framkvæmdastjóri þessa fyrirtækis skuli hafa verkfræðilega menntun, og geri ég ráð fyrir, að við það hafi enginn neitt að athuga. Í þriðju brtt. er athugað nokkru nánar, hvernig takmarka skuli útsvar á þetta fyrirtæki, þegar til kemur. Samkv. ákvæðum frv. er það hugsanlegt, ef ekki verða miklar tekjur hjá fyrirtækinu, að allar nettótekjur þess megi taka í útsvar. Þess vegna vill n. takmarka þetta nánar, þannig að útsvar megi aldrei nema meiru en 50 % af nettótekjum, þótt miðað sé við ½ % af kostnaðarverði framleiðslunnar, eins og segir í frv. Þetta eru þær brtt., sem n. öll flytur. Auk þess flytja 3 nm. nánari brtt., sem 2 nm. hafa ekki getað fallizt á, þeir hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Skagf. Í raun og veru er aðallega um eina brtt. að ræða, og hún er á þá leið, að ríkisstj. er falið að tryggja raforku til þessa fyrirtækis og láta rannsaka nákvæmlega og gera áætlanir um stofnkostnað og rekstrarkostnað þess, áður en verksmiðjustjórn sé kosin.

Aðrar brtt. frá þessum 3 nm. eru raunverulega afleiðing þessarar brtt. og byggjast auðvitað á því, að við teljum nauðsynlegt, áður en til framkvæmdanna kemur, að tryggt sé, að hér sé vel um búið og að farið sé inn á heppilegustu leiðina, sem völ er á á þessu sviði, því að ef ráðizt yrði í að reisa þetta fyrirtæki og útkoman yrði sú, að áburðurinn yrði dýrari en erlendur áburður, eins og nú er háttað um ýmsar hérlendar vörur, ekki sízt iðnaðarvörur, yrði þetta fyrirtæki byrði á landbúnaðinum, í stað gagns og heilla. Þess vegna er það mjög nauðsynlegt að okkar áliti, að þetta sé rækilega rannsakað, áður en til framkvæmdanna kemur. Eins og sakir standa, er augljóst mál, að ekki er hægt að hefja framkvæmdir, fyrr en lokið er þeim framkvæmdum í raforkumálum, sem gera það mögulegt, að þetta fyrirtæki sé reist.

Ég sé ekki ástæðu til þess að sinni að fara út í þetta mikla nánar, en geri ráð fyrir, að þeir nm., sem eru andvígir brtt. okkar, sem flytjum þetta bráðabirgðaákvæði um að fela ríkisstj. að láta rannsaka og undirbúa verkið sem bezt, geri grein fyrir afstöðu sinni, og fæ ég þá tækifæri til að svara röksemdum þeirra.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Eins og segir í áliti landbn. um þetta mál, leggur n. öll til, að forminu til, að málið nái fram að ganga. En með bráðabirgðaákvæðinu, sem meiri hl. n. ber fram, virðist mér hann taka nokkuð mikið aftur af því, sem hann er búinn að leggja til í nál. sjálfu, því að í raun réttri þýðir samþykkt brtt. það sama og að málinu séu vísað frá, því að Alþ. er þá búið að afsala sér algerlega í bili a. m. k. öllum umráðum um gang málsins. Það hefur lengi verið áhugamál manna, sem áhuga hafa haft fyrir landbúnaði, að koma hér upp verksmiðju til þess að framleiða tilbúinn áburð, og er margt, sem til þess ber. Menn hafa haft von um, að takast mætti að framleiða áburð ódýrari á þennan hátt en að flytja hann inn frá öðrum löndum; í öllu falli hefur mönnum virzt, að með þessari skipan væri öryggið meira, að ekki komi til skorts á þessari nauðsynlegu vöru, og nokkuð mikið væri gefandi fyrir það að geta haft þetta á eigin höndum. Auk þess hefur það verið mönnum áhugamál að auka atvinnugreinar landsmanna, sem byggjast á gæðum landsins, og hafa menn litið til þessa atvinnurekstrar sem þess iðnaðar, er vissa framtíð ætti að eiga fyrir höndum. Er hvort tveggja, að ræktun landsins og fjölbreytni í starfsháttum þjóðarinnar gerir mál þetta mjög þýðingarmikið og aðkallandi.

Undanfarin ár hafa verið gerðar ýmsar athuganir og rannsóknir í máli þessu, einkanlega á árunum milli 1930 og 1940. Árin 1934—1935 fór fram sérstök athugun á þessu máli. Sérfræðingur í þessari grein var fenginn til þess að ferðast hér um og gera áætlanir um stofnun og rekstur verksmiðju, sem framleiddi kalísaltpétur. Áætlanir hans sýndu, að jafnvel framleiðsla kalísaltpéturs mundi geta

borið sig, þannig að hægt væri að framleiða hann eins ódýrt og hann var þá seldur á heimsmarkaðinum. Þó voru sérstakir annmarkar við framleiðsluaðferðina, með því að þá þurfti að binda köfnunarefnið við kalk, og auk þess þurfti nokkuð af kísil til framleiðslunnar, sem nokkuð örðugt er að afla hér, en við athugun reyndist þó unnt að ná hér í nægilegan kísil. Kalk mátti fá úr kalknámum við Vestfirði, svo að unnt virtist að framleiða hér kalísaltpétur samkeppnisfæran við innfluttan áburð.

Frv. um áburðarverksmiðju, byggt á þessu áliti og þessum rökum, flutti ég ásamt meiri hl. landbn á árunum 1936 og 1937, og náði það í hvorugt skiptið fram að ganga, meðfram vegna fjárhagsörðugleika. Nú hefur málið verið tekið upp á nýjum grundvelli og hingað verið fenginn sérfræðingur frá firma í Bandaríkjunum, sem hefur mikla reynslu í stofnun og rekstri áburðarverksmiðja eins og þeirrar, sem hér er fyrirhuguð. Verkfræðingur þessi, Rosenbloom að nafni, hefur ferðazt hér um og kynnt sér staðhætti og kringumstæður. Umsögn sína hefur hann sent hæstv. ríkisstj., en útdráttur úr þessu áliti fylgir frv. um áburðarverksmiðjuna. En þar sem þetta er aðeins útdráttur, er málið ekki eins ljóst og vera þyrfti. Sú aðferð, sem hér er hugsuð til áburðarframleiðslu, er frábrugðin þeirri, sem nú er notuð, að því leyti, að nú þarf ekkert til framleiðslunnar annað en næga raforku og vatn; á þann hátt er hægt að binda allt, sem vera skal af köfnunarefni loftsins í þetta samanþjappaða form, sem notað er til að auka moldina af köfnunarefni. Mér þykir rétt að geta þess í sambandi við það, að þegar talað er um innlenda áburðarframleiðslu, að ekki sé komið auga á annað en framleiðslu köfnunarefnis, þá er það vegna þess að ekki er ástæða til að framleiða aðrar áburðarblöndur, svo sem kalí, fosfór o. fl., en hins vegar er okkur mjög mikils virði að geta aflað okkur sjálfir köfnunarefnis, þar sem það er þýðingarmesti og dýrasti áburðurinn, og jafnframt er það mjög mikils virði, að við þurfum ekki að vera upp á aðrar þjóðir komnir hvað hann snertir, þótt við kaupum hinar ódýrari tegundir áburðar erlendis frá.

Nú hefur því verið haldið fram af hv. frsm. landbn., að mjög hæpið sé, að unnt verði að láta rekstur slíkrar verksmiðju bera sig hér á landi, eða að framleiðsla hennar verði samkeppnisfær við áburðarframleiðslu annarra þjóða. Ég skal viðurkenna, að í þeirri grg., sem frv. fylgir, liggur það ekki svo ljóst fyrir, að af því einu sé hægt að dæma um þessi tvö atriði. En með því að bera það verðlag, sem reiknað hefur verið út að verði á þessari framleiðslu, þannig að hún beri sig, saman við verð á köfnunarefnisáburði, sem seldur var hér s.l. vor á kr. 3.00 kg., en samkv. áætlun Rosenblooms telur hann, að hægt verði að framleiða þennan áburð fyrir 2 kr. kg., sést þá, að á þessu er geysimikill munur. Að vísu er verð á áburði, eins og á öðrum vörum, töluvert hærra nú en fyrir stríð, eða hefur hækkað frá 1 kr. upp í kr. 1,50, sem er þó ekki eins mikil hækkun og á flestum öðrum vörum. Auk þess má benda á það, að áætlun Rosenblooms er reiknuð með miklu hærra rafmagnsverði en því, sem Árni Pálsson verkfræðingur ráðgerir, að unnt verði að nota til framleiðslu með stækkun Laxárvirkjunarinnar, og nemur þessi mismunur út af fyrir sig 10% af verði áburðarframleiðslunnar, samkv. áætlun Rosenblooms, og kemur þetta til af því, að hér um bil helmingur framleiðslukostnaðarins er rafmagn, og virðist því, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, að þetta fyrirtæki sé mjög álitlegt, og sé ég heldur ekki, hvernig annað mætti vera. Ég veit ekki, hvernig Íslendingar ættu að vera samkeppnisfærir við aðrar þjóðir á nokkrum sviðum, ef við getum ekki staðizt samkeppni um vöru, sem við þurfum ekki annað að leggja til en rafmagn, sem við höfum gnægð af og ættum að geta framleitt ódýrt, vatn og köfnunarefni loftsins, sem að sjálfsögðu er gnægð af og auk þess kostar okkur ekkert. — Ég veit ekki, hvernig við Íslendingar ætlum að hugsa okkur stórkostlega nýskipun á atvinnulífi þjóðarinnar, ef það kemur upp úr kafinu, að við verðum ekki samkeppnisfærir um vöru eins og þessa.

Eins og ég sagði áðan, er þessi köfnunarefnisáburður miklu samanþjappaðri en aðrar tegundir köfnunarefnisáburðar, en þetta hefur þann kost í för með sér, að allur flutningskostnaður verður að sama skapi miklu minni.

Í grg., sem frv. fylgir og er ýtarleg á ýmsum sviðum, er t. d. umsögn Björns Jóhannessonar, er stundar efnafræði við ameríska háskóla. Hann segir þar m. a.:

„Þar sem ekki þarf að flytja inn önnur hráefni en poka og ef til vill eitthvað af efnum til að hindra samruna áburðarins, þá virðist tilveruréttur verksmiðju sem þessarar hafa óvenjulega heilbrigðan grundvöll frá hagfræðilegu sjónarmiði."

Ég held því, að þó við höfum ekki gögn til þess að fara ýtarlega út í reikninga sérfræðinga um þetta mál, þá höfum við ekki heldur aðstæður til að gangrýna, en getum nokkurn veginn slegið því föstu út frá almennri skynsemi, að fyrirtæki sem þetta ætti að vera samkeppnisfært við önnur fyrirtæki erlendis og eiga sér fullkominn tilverurétt, svo framarlega sem við Íslendingar gefum ekki alla nýskipun upp á bátinn. Mér þykir því leitt, að hv. frsm. meiri hl. landbn. gat ekki gengið að þessu máli þannig, að það yrði afgr. frá þinginu og kosinn yrði framkvæmdastjóri til þess að undirbúa málið. Ég sé ekki, að eftir neinu sé að bíða eða nein vissa sé fyrir því, að fundin verði n., sem hafi meiri kunnáttu til þess að undirbúa málið og segja álit sitt en þeir sérfræðingar, sem um málið hafa fjallað. Ég tel sjálfsagt, að sá framkvæmdastjóri, sem samkv. l. ætti að kjósa, færi strax að vinna til framgangs þessa mál. Nægar hömlur eru í frv., ef framkvæmdastjórnin ætlaði að flana út í einhverja vitleysu, því að ekki er hægt að fara út í neinar framkvæmdir, nema hv. Alþ. veiti fé til þess, og auk þess hefur hæstv. landbrh. það mikið um þetta mál að segja, að vænta mætti, að nægilegur og öruggur undirbúningur yrði hafinn af framkvæmdastjórninni, áður en hún byrjaði á framkvæmdum. En ég óttast það, ef framkvæmda-

stjóri fyrir verksmiðjuna verður ekki kosinn nú þegar, sem fer að vinna að framgangi hennar, geti svo farið, að málið tefjist um ófyrirsjáanlegan tíma, og hvað snertir þetta bráðabirgðaákvæði í brtt. á þskj. 549, get ég líkt því við það að vísa málinu til ríkisstj. Ég álít, að málið verði engu nær, ef bráðabirgðaákvæðið verður samþ., og legg því til, að hv. d. fylgi okkur í því að fella bráðabirgðaákvæðið í brtt. meiri hl., en að öðru leyti stendur n. saman um brtt. Í brtt. á þskj. 549 segir í 2. lið:

„Fyrsta stjórn verksmiðjunnar ákveður, hvar hún skuli reist, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til."

Þótt þessi brtt. sé ekki alveg í samræmi við grg. frv., höfum við hv. 2. þm. Skagf. (JS) tjáð okkur samþykka þessari till. og munum greiða henni atkv., hvernig sem fer um hinar.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það eru ekki mörg atriði í ræðu hv. þm. Mýr., sem ég þarf að fara orðum um, en það er hins vegar mikill misskilningur hjá honum, er hann sagði, að bráðabirgðaákvæðið í brtt. okkar í meiri hl. þýddi það sama og að vísa málinu frá, því að það þarf ekkert að tefja framgang þess. Það, sem um er að ræða, er það, að við viljum tryggja, að hæstv. ríkisstj. undirbúi málið eins og nauðsynlegt er, áður en ráðizt er í framkvæmdir, og álítum óþarfa að fara nú þegar að kjósa framkvæmdastjóra fyrir fyrirtæki, sem engar líkur eru til, að hægt sé að reisa á næstu árum, því að það er augljóst mál, að ekki verður hægt að reisa þessa verksmiðju, fyrr en búið er að ráðast í stórkostlegri framkvæmdir í raforkumálum þjóðarinnar, umfram það, sem nú er. Hér er einnig um það að ræða, að við, sem flytjum þetta bráðabirgðaákvæði, treystum betur hæstv. ríkisstj. til þess að undirbúa þetta mál en væntanlegum framkvæmdastjóra, sem á að taka að sér þessar framkvæmdir, þegar þar að kemur, enda hefur ríkisstj. betri aðstöðu til þess.

Viðvíkjandi því, er hv. þm. Mýr. lét orð falla um, að hann vissi ekki, á hvaða sviðum við værum samkeppnisfærir, ef við værum ekki öruggir án frekari rannsókna í framleiðslu þessa áburðar, eins tilkostnaðarlítil og hún væri, skulum við vona, að þetta sé rétt, en hins vegar er engin vissa fyrir þessu eins og sakir standa. Byggist þetta á því, að sú hefur orðið reynslan, einmitt um áburðarframleiðslu, að hún þarf að vera í mjög stórum stíl til þess að geta borið sig, en áætlun Rosenblooms er enn þá engin trygging fyrir því, að jafnlítil framleiðsla eins og þarf til þess að fullnægja áburðarþörfum okkar þjóðar, sé samkeppnisfær við hinar stærri verksmiðjur. — Við þekkjum söguna um norsku áburðarverksmiðjurnar, sem við höfðum mikil viðskipti við; þær komust í strand og urðu að ganga í bandalag við þýzku verðsmiðjurnar, af því að framleiðslan var svo lítil, að hún borgaði sig ekki. Við skulum vona, að þetta reki sig ekki á hér, þótt fyrir því sé engin vissa. — Það þarf því að rannsaka þetta mál mjög rækilega, áður en til framkvæmdanna er snúið. Samkv. áliti Rosenblooms, sem er í grg. fyrir þessu frv., er miðað við, að framleiðslan verði 3150 smálestir á ári, og miðað við þá framleiðslu yrði framleiðslukostnaðurinn 109% dýrari en ef verksmiðjan framleiddi 6000 smálestir á ári. Ef við útfærum þetta dæmi þannig, að framleiðslukostnaðurinn vaxi um meira en helming við það, að framleiðslan sé helmingi minni en á öðrum stærri „partíum", getum við ekki verið vissir um, hvað við höfum hér tryggan grundvöll til þess að byggja á, og þess vegna þarf að leiða það í ljós, að við getum orðið samkeppnisfærir við aðrar þjóðir.

Ég verð að segja það, að mér þykir það ekki glæsileg byrjun fyrir iðnfyrirtæki, eins og hér er gert ráð fyrir, ef grundvöllurinn á að vera sá, að ríkissjóður verður að gefa allan stofnkostnaðinn, til þess að fyrirtækið geti orðið samkeppnisfært við erlenda framleiðslu, eða geti borið sig.

Þótt hér sé um að ræða upphæð, sem mönnum vex ef til vill ekki í augum núna, þá eru 10 millj. kr. talsverð upphæð, og vildi ég miklu fremur, ef um það tvennt væri að velja, að þessar 10 millj. kr. yrðu lagðar í rafmagn út um land, því að það er lífsskilyrði, ekki aðeins fyrir landbúnaðinn, heldur fyrir landið allt, heldur en þótt áburðarverksmiðjan þyrfti að bíða um nokkurra ára skeið. Áburðurinn er að vísu nauðsynlegur, en við eigum heldur að leggja fé í það, þar sem nauðsynin er mest, og í þessu tilfelli ætti það að ganga fyrir öllu að hefjast handa um að koma rafmagni út á meðal almennings um allt land. Það varðar líf íslenzkra sveita, hvort þetta megi takast á næstu árum, og ef það tekst ekki, er augljóst að íslenzkar sveitir halda áfram að fara í auðn, en það gera þær hins vegar ekki, þótt við þurfum að kaupa erlendan áburð í nokkur ár í viðbót eða reistur verði grundvöllur að þessu fyrirtæki einu árinu fyrr eða síðar. Í öllum iðnfyrirtækjum og verksmiðjum er rafmagnið mest virði, og þess vegna er þörfin mest, að byrjað verði á þeim málum. — Við, sem fylgjum hæstv. ríkisstj., álítum, að það sé fullkomlega forsvaranlegt að fela henni undirbúning framkvæmda sem þessara, þótt stjórnarandstæðingar séu á annarri skoðun og vilji fela þær sérstakri n.

Að öðru leyti held ég, að ekki sé nauðsynlegt að fara fleiri orðum um ræðu síðasta hv. þm. Hann játar það, að samkv. þeim gögnum og álitsgerðum, sem hér liggja fyrir, sé ekki hægt að sjá með vissu, hversu tryggt er að þetta fyrirtæki muni borga sig, þótt við vonum allt hið bezta í þeim efnum. Hér er því ekki nema um eitt ágreiningsatriði að ræða, og það er, hvort kjósa skuli verksmiðjustjóra nú þegar og láta hann undirbúa framkvæmdir þessa máls eða fela hæstv. ríkisstj. undirbúning þess.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Það er rétt eftir mér haft, að það liggur ekki ljóst fyrir af þeim gögnum, sem frv. fylgja, hvort þessi áburðarverksmiðja sé fjárhagslega traust fyrirtæki eða ekki, en með því að athuga niðurstöðu Rosenblooms kemur í ljós, að það verð, sem reiknað er með í þessu frv., er ákaflega langt fyrir neðan það verð,

sem nú er á erlendum áburði, og þó er rekstrarkostnaður á hinni innlendu framleiðslu byggður á þeirri dýrtíð, sem nú ríkir í landinu, bæði hvað snertir mannafla o. fl. Og eins og ég sagði áðan, er raforkan, sem er hæsti kostnaðarliðurinn í þessari framleiðslu, reiknuð miklu hærra verði en það, sem sérfræðingar okkar telja, að hægt verði að nota við þessa framleiðslu. Af þessu dreg ég þá ályktun, að þetta sé mjög álitlegt fyrirtæki, og liggja fyrir miklar líkur og jafnvel sannanir um það, að það verði samkeppnisfært við erlenda áburðarframleiðslu. Af þessu sé ég ekki, að eftir neinu sé að bíða með að undirbúningur verði hafinn um byggingu verksmiðjunnar, og er ég þannig alveg á sama máli og hv. þm. A-Húnv. virðist hafa verið árið 1942, en þá flutti hann hér ályktun, sem ég leyfi mér hér með að lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast um, að tafarlaust verði hafizt handa um byggingu sements- og áburðarverksmiðju, ef rannsókn sú, sem framkvæmd hefur verið að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, leiðir í ljós, að tiltækilegt sé að ráðast í þessar framkvæmdir.“

Með þessu er fyllilega sannað, að hv. þm. V-Húnv. hefur talið álitlegt að ráðast í þessar framkvæmdir. Nú virðist hann hins vegar líta öðruvísi á þetta og telur, að mjög óvíst sé, að áburðarverksmiðja geti borið sig hér á landi, af því að hún yrði rekin í smærri stíl heldur en erlendis. Það er að vísu rétt, að undir vissum kringumstæðum er hægt að framleiða vöru ódýrara, eftir því sem framleiðslan er rekin í stærri stíl, en allt fyrir þetta sagði hann í grg. fyrir áðurnefndri þáltill., að smááburðarverksmiðja gæti borið sig hér á landi. Ég vil líka benda hv. þm. A-Húnv. á það, að það er alls ekki útilokað, að við getum flutt út þessa áburðartegund og framleitt hana í stærri stíl en við sjálfir þörfnumst, þar sem vitað er, að Norðmenn voru fyrir stríð einn af stærstu köfnunarefnisframleiðendum heims og fluttu út köfnunarefni í stórum stíl, eingöngu vegna þess, að þeir hafa ódýra raforku, en hún er, eins og hér á landi, einn aðalliðurinn í framleiðslunni. — Ég hygg, að það sé ekki alls kostar rétt, er hv. þm. A-Húnv. sagði, að Norðmenn hefðu gefizt upp á sinni köfnunarefnisframleiðslu og hafi orðið að fela öðrum að stækka verksmiðjurnar. Það er að vísu rétt, að þýzku áburðarhringirnir urðu stór þátttakandi í norskri áburðarframleiðslu, en orsökin til þess var sú, að þá voru fundnar upp nýjar og betri aðferðir við framleiðsluna, sem þýzku áburðarhringirnir höfðu vald yfir, og með því að innleiða þær í hin norsku fyrirtæki og leggja mikið fé í þær framkvæmdir, voru verksmiðjurnar stækkaðar, unnt að auka afköst þeirra og tryggja aðstöðuna. — Ég verð því að segja það, að mér finnst ekkert benda til þess, að við Íslendingar getum ekki framleitt þessa áburðartegund til útflutnings alveg eins og Norðmenn, en til þess að komast inn á þá braut, er þörf að hefjast handa um undirbúning nú þegar; hins vegar tel ég rétt að byrja smátt og miða aðeins við framleiðsluþörf okkar Íslendinga. Það má segja, að þessi framleiðsla sé ein af þeim fáu iðngreinum Íslendinga, sem við getum keppt um við aðrar þjóðir, jafnvel á erlendum markaði, með það fyrir augum, hve hráefnin eru hverfandi lítill kostnaðarliður við þessa framleiðslu.

Ég er sammála hv. þm. A-Húnv. um hina miklu nauðsyn á að koma upp raforkustöðvum út um land allt, eftir því sem kostur er, en ég er ekki honum sammála um, að það þurfi að rekast á þetta mál. Bæði raforkustöðvar og áburðarverksmiðjur geta komið um leið og jafnvel stutt hvort annað. Ég hygg því, að eigi sé rétt, að það muni á nokkurn hátt tefja fyrir raforkumálunum og því ekki ástæða til þess að draga málið á langinn af þeim sökum. Ágreiningurinn liggur í því, að hv. frsm. hefur ekki sannfærzt um, að þetta sé arðvænlegt fyrirtæki, en við hv. þm. Skagf. teljum það aftur á móti arðvænlegt og leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég sé ekki ástæðu til að fara lengra út í ágreininginn. Ég vildi gjarnan vona, að þetta væri svo arðvænlegt sem hann álítur, en í máli sem þessu dugir ekki að byggja á óskum og vonum, heldur nákvæmum útreikningum og rannsóknum, en þær liggja ekki fyrir. Hv. form. n. segir, að þetta tefji ekki raforkumálið, en þó mun þetta verða svo dýrt, að ekki verður hjá því komizt, að það ráði nokkru um framkvæmd raforkumálsins. Og eigi ég sem sveitamaður að velja um, hvort koma eigi, rafmagnið eða áburðarverksmiðja, þá kysi ég heldur rafmagnið. Það má eðlilega vinna að framgangi þessa máls, en ég sé ekki ástæðu til, að verksmiðjustjórnin sé kosin að svo stöddu, þar sem ríkisstj. hefur nógu liði á að skipa og ný n. þarflaus með öllu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það var tvennt, sem ég vildi minnast á, annað var að leiðrétta misskilning og hitt að fá upplýsingar. Það, sem ég vildi leiðrétta, var það, að Birkelund-aðferðin var miklu dýrari en Haabers-aðferðin, og það var þess vegna, sem skipt var um, en ekki af því að verksmiðjurnar væru of litlar. Annað er það, að ég hygg, að ákveða verði fyrst, hvar verksmiðjan á að standa og það eigi væntanleg stjórn hennar að gera í samráði við ríkisstj., en ekki ríkisstj. ein. Þess vegna þurfi að kjósa framkvæmdarnefnd eða stjórn strax, því að það er vitað, að þessi stjórn gerir aldrei neitt í því máli, þótt henni verði falið það.

Bjarni Ásgeirsson: Mér láðist að geta þess, að meiri hlutinn gæti fallizt á þá breyt., að þeir aðilar, sem leggja til menn í n., kosti þá þann tíma, sem þeir starfa. Þá sagði hv. frsm. meiri hlutans, að sér litist ekki á það, að verksmiðjan bæri sig, ef gefa þyrfti allan stofnkostnað. Það er eigi nauðsynlegt, þótt það væri æskilegt, til þess að verksmiðjan ætti sig sjálf og áburðurinn yrði þar af leiðandi einnig ódýrari.

Sveinbjörn Högnason: Ég get ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir því, að stuðningsmenn

ríkisstj. skuli rísa öndverðir gegn hinu fyrsta máli nýsköpunarinnar, með því að bera fram eyðileggingartillögu. Því að það vita allir, að með því að vísa máli til ríkisstj. er verið að tefja fyrir því. Í áætlun nýsköpunarinnar stendur, að fé skuli varið til byggingar áburðarverksmiðju. En nú segja hv. stuðningsmenn ríkisstj., að fara þurfi fram áætlun um, hvort verksmiðjan geti borið sig. Þetta er nokkuð nýtt hljóð, að rannsaka þurfi fyrst, hvort hluturinn beri sig. Það er búið að spyrja oft, hvenær megi kaupa skip, og sjálfur forsrh. nýsköpunarinnar spurði, hvenær vissa væri fyrir því, að þau bæru sig. Nú munu vera líkur til, að áburðarverksmiðjan beri sig betur en flest annað í nýsköpuninni, og það er vitað mál, að höfuðatriði fyrir landbúnaðinn er, að nægur áburður sé fyrir hendi. Ég undrast, að hið fyrsta atriði nýsköpunarinnar skuli mæta slíkri andstöðu frá stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar. Um það, hvort rétt sé að fela ríkisstj. þetta, er það að segja, að það er ekki vani ríkisstj. að undirbúa mál, sem fagþekkingu þarf við, og það er ekki ætlun ríkisstj. að framkvæma nýsköpunina. Hún hefur látið kjósa hér nýbyggingarráð, en það hefði eins mátt segja, að eðlilegast hefði verið að fela henni það starf. Mér virðist því, ef rétt kjörnum mönnum með fagþekkingu væri falið að vinna að þessu máli, að þá væri því komið í betri hendur. Því er séð, að ýmsir þröskuldar ætla að verða í vegi fyrir nýsköpuninni, og þá fyrst og fremst frá hennar eigin mönnum og með fullu samþykki hæstv. ríkisstj., sem vill ekki framkvæmd málsins, en ekki frá kyrrstöðumönnunum og þeim, sem sagt er, að vilji engar framkvæmdir. En þetta kemur okkur ekkert á óvart, við vitum, að þessi mikla plata frá hæstv. forsrh. er ekkert annað en lýðskrum, en eigi ætluð til framkvæmda. Hún er ætluð til þess að spila hana upp aftur og aftur, til þess að halda hjörðinni saman, og sést það bezt á því, hverjar undirtektir þessa máls voru. Ég fyrir mitt leyti á von á, að þannig verði það í hverju máli.

Frsm. (Jón Pálmason): Það er ekki rétt, að við höfum borið fram brtt. okkar að undirlagi ríkisstjórnarinnar. Við gerðum það algerlega á eigin ábyrgð. Það lítur út fyrir, að menn vilji gera sem mest úr því, að hér sé um mikinn ágreining að ræða, en þetta er ekki rétt. Við teljum einungis, að bezt sé að undirbúa málið, svo sem unnt er, með þeim kröftum, sem ríkisstj. hefur yfir að ráða. Um spádóma hv. þm. V-Sk. er það að segja, að það eru bara hrakspár og óþarfa slettur gegn okkur, og ég mótmæli því, að við í landbn. séum að vinna gegn þessu máli. Viðvíkjandi því, að Samband íslenzkra samvinnufélaga og Búnaðarfélagið kosti þessa verksmiðjunefnd, þá tel ég það ekkert betra en að ríkið gerði það. — Þá sagði hv. þm. V.-Sk., að það væri nýtt hljóð, að hlutur þyrfti að bera sig. Það er ekkert nýtt hljóð, það er og hefur verið og verður höfuðatriði. En ég segi það, að ætti ég að velja um rafmagnið og verksmiðjuna, þá kysi ég heldur rafmagnið.

Hv. 2. þm. N.-M. var að tala um, að sér virtist það mótsögn, að ríkisstj. ætti að ákveða verksmiðjunni stað.

Þetta er engin mótsögn. Nú liggur fyrir að rannsaka, hversu koma eigi fyrir dreifingu rafmagnsins um landið. Þegar til framkvæmda verður snúizt, mundi verksmiðjustjórnin verða komin, og á hún, með samþykki landbrh., að ákveða, hvar verksmiðjan verður reist.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um rangsnúning þeirra, sem talað hafa hér á móti.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í þetta mál, en ég vil aðeins benda á, að þessi áburðarverksmiðja hefur verið mjög lengi á leiðinni og að bændur hafa, eins og eðlilegt er, gert sér miklar vonir í sambandi við byggingu og rekstur hennar. Er það og mjög að vonum, að bændur hafi mikinn áhuga á að verksmiðja þessi verði reist, svo erfiðlega sem oft hefur gengið að fá nægan áburð. Vekur það því mikla furðu, þegar annars vegar kemur þetta frv. frá ríkisstj. og hins vegar setur hún fram nýsköpunarplönin.

Það kom mér mjög undarlega fyrir í fjvn., þegar stjórnin var að undirbúa fjárlögin og verið var að athuga, hvað ætti að leggja til að skera niður, að þá kom hæstv. fjmrh. með þá till. að skera niður fjárframlög til áburðarverksmiðjunnar. Hann sagði, að við skyldum sjá, hvernig færi með málið í þinginu. Það gefur tilefni til að halda, að landbn. flytji þetta frv. að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar og að hún leggi svo fyrir, að málinu skuli frestað um óákveðinn tíma.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að hér væri enginn stór ágreiningur. Allt og sumt, sem þeir vildu, væri, að málið væri betur undirbúið, áður en ráðizt yrði í framkvæmdir. Mér skildist á þessum hv. þm., að þeir hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. Mýr. væru ekki menn til að flytja þessa brtt., en ég hygg, að þeir vilji alls ekki vera við hana riðnir, þeir telja, að nokkur ágreiningur sé enn um þetta mál.

Ég er sannfærður um, að þeir vilja kjósa verksmiðjustjórnina til þess að hún vinni að framgangi málsins. En allir hv. þm. vita, að þessi till. er flutt í þeim eina tilgangi að slá málinu á frest.

Ég vil spyrja þá, sem vilja, að ríkisstj. sé falinn undirbúningur málsins, hvenær þeir álíta, að nægilegur undirbúningur hafi verið gerður, hvenær hefjast skuli handa um byggingu verksmiðjunnar.

Ætlast þeir til þess, í mótsögn við forseta ríkisstj., að þannig undirbúningur sé hafður um öll mál, öll fyrirtæki, að rekstur þeirra sé tryggður fyrir fram? Ef þeir ætla að fylgja þessari stefnu, eru þeir í ósamræmi við hæstv. forsætisráðherra. Hann telur, að framkvæmdirnar þoli engan drátt, að ráðast beri í þær þegar í stað og peningarnir skuli dregnir út úr rottuholunum, ef þess gerist þörf. Eru þessir þm., sem flytja þessa brtt., í andstöðu við ríkisstjórnina? Ef ekki er þörf að athuga, hvort skip, sem keypt er, ber sig, er ekki frekar þörf á athugun í þessu máli. Rannsókn erlendra sérfræðinga liggur fyrir, og

þeir eru allir á því máli, að þetta sé mjög álitlegt fyrirtæki.

Ég vildi mælast til þess við stuðningsmenn þessarar brtt., að þeir fylgi því jafnrækilega fram, að svipaður undirbúningur fari fram um önnur mál. Verður gaman að sjá, hversu hnarreistir þeir ganga fram til framkvæmda á nýsköpuninni. Þar verða þeir víst framar en afturhaldsseggirnir, sem eru á móti nýsköpuninni, en vilji þeirra mun koma í ljós við atkvæðagreiðsluna.

Frsm. (Jón Pálmason): Síðasti ræðumaður talaði mjög undarlega. Hann lét sem ætti að vísa málinu frá, en það liggur alls ekki fyrir. Við viljum aðeins láta ríkisstj. annast undirbúning málsins, með þeim starfskröftum, sem hún hefur yfir að ráða, en ekki kjósa verksmiðjustjórnina strax.

Þá taldi hann okkur ósammála hæstv. forsætisráðherra. Það þarf ekki að vera.

Það skiptir öðru máli um það, sem snertir lífsafkomu þjóðarinnar. Tæki til reksturs sjávarútvegsins þarf að kaupa og verksmiðjur þarf til að vinna úr sjávarafurðunum. Þessu verður að halda gangandi. Hitt er svo annað mál, hvort verksmiðjurnar bera sig, og gegnir allt öðru máli en um áburðarverksmiðjuna.

Að öðru leyti fer ég ekki út í að svara hv. þm. V.-Sk.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Mér þykir þetta furðuleg túlkun á stefnu ríkisstjórnarinnar. Hann segir, að áburðarverksmiðjumálið þurfi frekari undirbúning áður en í framkvæmdir sé ráðizt og að það sé annað mál, hvort atvinnurekstur á jörð beri sig eða skip. Er þá ekki áburðarverksmiðjan svipað þýðingarmikil fyrir landbúnaðinn og skip fyrir sjávarútveginn? Hví heldur þessi fulltrúi bændastéttarinnar, sem svo kallar sig, þessu fram hér á Alþingi? Ég sé engan mun á því, hvort reist er áburðarverksmiðja fyrir landbúnaðinn eða síldarverksmiðja fyrir sjávarútveginn. Það er ekki hægt að segja, að það sé sama, hvort sjávarútvegurinn ber sig eða ekki. — Ég er sannfærður um, að hv. þm. A-Húnv. er ekki í samræmi við stefnu stjórnarinnar í þessu efni. Í grein í Mogganum fer hann háðulegum orðum um, að blaðið Vísir hafi sagt, að þetta og hitt þyrfti að bera sig. En það er nú svo mikið moldviðri í Morgunblaðinu, að ekki er gott að átta sig á því, sem þar stendur. Ef kaupa þarf framleiðslutæki fyrir landbúnaðinn, verða þau að bera sig, en ef sjávarútvegurinn er annars vegar, er sama hvort þau tæki, sem hann þarfnast, bera sig eða ekki.

Ég vil að lokum benda hv. þm. A-Húnv. á að lesa vel það, sem stendur í Mogganum. Hann á þar svo mörg og góð spakmæli, sem hann hefði gott af að lesa.

Barði Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað að taka til máls, en hv. þm. V-Sk. gaf mér tilefni til þess, því að hv. þm. A-Húnv. er dauður og getur ekki svarað fyrir sig.

Mér virðist undarlegt, hve mikla áherzlu hv. þm. V-Sk. leggur á samanburð á verksmiðjum fyrir landbúnaðinn annars vegar og sjávarútveginn hins vegar. Hann hefur nú þrítekið þetta í ræðu sinni. Frá upphafi hefur sjávarútvegurinn verið annar höfuðatvinnuvegur landsins, og er ekki útlit fyrir, að á þessu verði breyting. Það er lífsskilyrði að auka verksmiðjur fyrir sjávarútveginn, en við höfum enga áburðarverksmiðju átt í 1000 ár og skrimtum þó. Þegar ég fór að athuga l. gr. frv., virtist mér næsta hæpið, að áburðarverksmiðja mundi bera sig hér. Mér sýnist, að þeir, sem sömdu frv., hafi ekki haft mikinn áhuga á að berjast fyrir hag landbúnaðarins.

Tillagan um stofnun áburðarverksmiðju nýtur nokkurra vinsælda meðal bænda, því að oft hefur verið skortur á áburði hérlendis. Það hefur gert sitt til að auka vinsældir till. Sams konar verksmiðjur og þær, sem framleiða áburð, framleiða nú sprengiefni. Meðan stríðið varir, færast þessar verksmiðjur í aukana. Í U.S.A. er orðin gífurleg aukning í þessu efni. Líklegt er, að þessar verksmiðjur taki að framleiða áburð að stríðinu loknu, og líklega getur það haft mikil áhrif á verðlag áburðar til lækkunar. Tollar og höft hafa að undanförnu mjög torveldað viðskipti milli þjóða, en það verður varla svo eftir stríð. Ég býst við, að flestir séu þeirrar skoðunar, að þessu stríði sé nú að linna. Hvers vegna ekki að bíða þá í 1—2 ár með stofnun áburðarverksmiðjunnar og sjá, hvort ekki verða veðrabrigði í lofti, í stað þess að ráðast í byggingu hennar með því verðlagi, sem nú er? Það er sannarlega erfitt að koma auga á það, að tjón gæti orðið af þeim drætti.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Hv. 5. landsk. (BG) hefur nú lýst því yfir, hvað vakir fyrir þeim hv. þm., sem flytja þessa brtt., sem sé að tefja framgang málsins, í stað þess að breiða yfir, hvað fyrir þeim vakir, og er það drengilegra af honum. Og ég þakka honum fyrir að gefa þessa yfirlýsingu, því að þá er enginn í vafa um, að hverju bráðabirgðaákvæðið stefnir, þar sem það er yfirlýst af einum hv. flm. En ég hygg, að hann komist í nokkrar ógöngur, þegar hann var að tala um, að það væri gott að fresta afgr. frv. og athuga málið betur, t. d. hvort slík verksmiðja gæti borið sig, og athuga það meir en fyrir liggur í frv. Hv. þm. sagði, að verksmiðjur í Ameríku, sem nú framleiða sprengiefni, geti framleitt áburð eftir stríð og e. t. v. miklu ódýrara, og mér skilst, að þær verksmiðjur séu út um allan heim. Það getur vel verið rétt athugað. En vill þá ekki hv. þm. athuga það, að eftir stríð koma skip, ekki hundruð, heldur þúsund og e. t. v. tugir þúsunda, á fiskimiðin, bæði hér við Ísland, vestur við Ameríku, í Norðursjó, í Hvítahafi, og alls staðar verður þarna gert út í samkeppni við fiskiskip okkar. Mundi þá ekki líka vera skynsamlegt að fresta ýmsum af þeim framkvæmdum, þar sem slíkt er fyrirsjáanlegt, að um mikla samkeppni verður þar að ræða, og mundi þá ekki vera miklu skynsamlegra að fresta ýmsu af þeim framkvæmdum, þar sem fyrirsjáanlegt er, að verðið hlýtur að falla

að stríðinu loknu. Mér kæmi það ekki á óvart, þó að það yrði miklu geigvænlegra fyrir íslenzku þjóðina en hitt, þó að verksmiðjur taki til starfa erlendis. En það er einmitt það, sem við höfum haldið fram að þyrfti að athuga í sambandi við nýsköpunina og þau miklu áform í þeim efnum.

Hv. 5. landsk. sagði, að við gætum ekki án skipa verið, en við hefðum þó hjarað án þess að hafa áburðarverksmiðju. Jú, íslenzka þjóðin hjarði nokkuð lengi í margar aldir, án þess að stunda verulega sjóinn, en einn af fyrstu landnámsmönnunum tók upp á því að sleppa landbúnaðinum og stundaði sjóinn, en hann hélzt ekki við í landinu, og ég hygg, að það mundi jafnan fara svo fyrir þjóðinni, ef hún sneri bakinu við gæðum landsins og hætti að rækta jörðina og gera sér hana undirgefna. Hæstv. forseti sagði, að ég mætti ekki fara langt út í þessa sálma, en ég ætla, áður en ég sezt niður, að benda hv. d. á, að aldrei hefði ég trúað því, að ég mundi þurfa, þegar rætt er um fyrsta atriði nýsköpunar ríkisstj., að verja ríkisstj. gegn harðorðum árásum frá stuðningsmönnum hennar. Stuðningsmenn stj. tala mikið um það í sambandi við byggingu þessarar áburðarverksmiðju, að hlutirnir þurfi að bera sig, en það er einmitt það, sem við andstæðingar stj. höfum haldið fram, og væri víst hollt fyrir stuðningsmenn ríkisstj. að hafa það hugfast, og ég vona, að þeir geri það, svo að ekki verði eins auðvelt fyrir ríkisstj. að leiða þá í gönur.

Barði Guðmundsson: Herra forseti. Mér finnst ekki þurfa kjark til þess að benda á þá augljósu staðreynd, að *fjármála- og atvinnulíf íslenzku þjóðarinnar* sé nú á hverfanda hveli, og það sé ákaflega erfitt að gera áætlanir fram í tímann um slíkar framkvæmdir sem stofnun áburðarverksmiðju. En ég vil nú spyrja: Hvers vegna leggja hv. þm., sem tala á móti brtt., svo ríka áherzlu á það, að frv. í óbreyttu formi nái fram að ganga nú? Hvers vegna gera þeir sér svo mikið far um að gera suma nm. í landbn. tortryggilega að því leyti, að þeir séu *á móti hagsmunum bænda?* Vegna þess, að þessir þm. vita, að áburðarverksmiðjumálið var vinsælt víða í sveitum. En þær vinsældir áttu rót sína að rekja til þess, að fyrir stríð var oft erfiðleikum bundið að fá erlendan áburð með viðunandi kjörum. Er ekki rétt að bíða og athuga ofurlítið, hvort ekki verða á næstunni allmiklar breytingar á þessu sviði? Væri það sízt til hagsbóta fyrir bændastéttina að byggja nú áburðarverksmiðju, sem rekin yrði með halla og gæti ekki staðizt samkeppni við hinar stóru erlendu áburðarverksmiðjur um áburðarverðið. Það er áreiðanlegt, að á þessu máli verður auðveldara að glöggva sig þá er friður er á kominn í heiminum.

Frsm. (Jón Pálmason): Það gætti nokkuð mikils útúrsnúnings í ræðu hv. þm. V-Sk., sem ég vildi gera stutta aths. við. Það er ekki annað en útúrsnúningur hjá hv. þm., þegar hann segir, að hv. 5. landsk. hafi gefið yfirlýsingu um það, að okkar tilgangur væri sá að tefja málið. Hv. 5. landsk. sagði það aldrei, enda er ekki um slíkt að ræða. Hér er bara um það að ræða, að við viljum, að málið verði betur athugað áður en til framkvæmda kemur í því. Hér þarf því ekki að vera með neina sleggjudóma um það, að við séum í þessu sambandi að vinna gegn hagsmunum bænda, það er ekki annað en Framsóknarfullyrðingar. Það er þeirra gamli vani, ef allt er ekki samþ., sem þeir vilja, að þá er sagt, að verið sé að vinna á móti hagsmunum bænda. Það er sitt hvað að vera á móti máli eða vilja, að það fái sem beztan undirbúning. Og það er engin mótsögn, þó að við viljum fá eitthvað, sem getur borgað sig í sambandi við framleiðsluna. Við þurfum t. d. að fá sláttuvélar, rakstrarvélar, skurðgröfur og fleiri nauðsynlegar vélar til þess að rækta með landið og til þess að byggja það upp, hvað sem öllu öðru líður, það er lífsnauðsyn fyrir þjóðina og landbúnaðinn. En landbúnaðurinn getur vel lifað og dafnað fyrir því, þó að kaupa þurfi eitthvað af áburði frá öðrum löndum nokkuð lengur, og það miklu betur en þótt við færum að byggja áburðarverksmiðju, sem rekin væri með tapi.

Nú er ekki hægt að reisa hana strax, vegna þess að ekki er enn grundvöllur fyrir því frá raffræðilegri hlið. Það eru litlar líkur fyrir því, að þjóðin fái skip og verksmiðjur til þess að geta veitt fisk og síld og unnið úr þeim verðmætar vörur. Við vonum allir, að þetta beri sig, enda er það stefna ríkisstj. að reka þann atvinnurekstur, sem getur gefið sem mestan arð og mesta atvinnu. Hitt er annað mál, hvort það borgar sig betur að reisa *þessa verksmiðju en einhverjar aðrar verksmiðjur.*

Þá er eitt atriði í þessu máli, en það er starf þessa amerískа sérfræðings. Það liggur hér fyrir bréf frá Ásgeiri Þorsteinssyni verkfræðing, sem er fulltrúi Sjálfstfl. í rannsóknaráði ríkisins. Það sýnir nokkuð meðal annars, hvernig þessi ameríski sérfræðingur hefur unnið að málinu. Ásgeir Þorsteinsson fær að tala við þennan sérfræðing í 15 mín., enda þótt hann sé ekki búinn með sínar skýringar, og því síður að Ásgeir fengi nokkurt tækifæri til þess að gera athugasemd við nein atriði málsins. Ef þetta á að vera í samræmi við sumt annað hjá fyrrverandi atvinnumrh., þá er ekki vanþörf á því, að málið fái betri rannsókn.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil aðeins með örfáum orðum svara hv. 5. landsk. út af því atriði, sem hann lagði einna mesta áherzlu á, þ. e. hvort þessi verksmiðja gæti borið sig og borið uppi viðlíka verð á áburði. Eins og ég skýrði frá í upphafi máls míns, þá er það, miðað við það verð, sem sérfræðingurinn hélt að það væri í niðurstöðu sína útreikninga, því sem næst 2 kr. kg. af köfnunarefni, en það verð, sem hann var seldur fyrir á erlendum markaði síðastliðið vor, var 3 kr. kg. Þetta er sá verðmunur, sem var á hinu erlenda köfnunarefni nú og því verði, sem hann var áætlaður. Nú hefur að vísu áburður hækkað ákaflega mikið, meira en margt annað, hann hefur allt að því þrefaldazt frá

því, sem hann var fyrir stríð, en þau verkalaun, sem hann er reiknaður með, hafa meira en þrefaldazt, þannig, að ef maður gerir ráð fyrir, að verðlag komist í svipað horf eftir stríð og nú, lækki hlutfallslega allt, þá á niðurstaðan að verða nokkuð svipuð eftir stríð. Þm. taldi það sönnun þess, að Rosenbloom gerði ráð fyrir, að verksmiðjan borgaði sig, að í frv., sem ríkisstj. lagði fyrir, er ætlazt til, að meiri hlutinn af því fé, sem þarf til stofnunar þessarar verksmiðju, verði lagt fram af sjálfu ríkinu endurgjaldslaust og ekki ætlazt til þess, að verksmiðjan borgi vexti og afborganir af þessu fé. Það er rétt, að til þess er ætlazt, en það er ekki sönnun þess, að verksmiðjan geti ekki borið það. En hitt sjá allir, að ef verksmiðjan er þannig byggð upp, þá er aðstaðan miklu betri og þá er það tryggt, að áburðurinn gæti orðið miklum mun ódýrari en ella, og sú framleiðsla, sem byggist á þessum áburði, gæti þá orðið ódýrari, og það gæti orðið búhnykkur fyrir ríkið að leggja þetta fram, ef það getur.

Í þeim plöggum, sem hér liggja fyrir frá Rosenbloom, er rafmagnsverðið áætlað miklu hærra en Rosenbloom áætlar, að hægt sé að selja rafmagn fyrir í hinum nýju virkjunum, sem hann gerði áætlun um, að aðeins á verksmiðjunni muni 10% á ársframleiðslunni, þannig að verksmiðjan aðeins á rafmagninu fari langt í það að standa undir vöxtum og afborgunum af henni, ef sú leið væri farin.

En það, sem kom mér til þess að standa upp, voru hin mjög óviðfelldnu ámæli, sem hv. þm. A-Húnv. lét falla hér áðan í garð þess manns, sem hefur rannsakað þetta mál fyrir ríkisstj., og álasaði honum fyrir það, að hann leyfði ekki Ásgeiri Þorsteinssyni að tala við sig nema nokkur orð og ryki svo úr bænum. Og hv. þm. gaf í skyn, að allt það verk, sem hann vann fyrir hæstv. ríkisstj. og þjóðina, hafi verið svipað þessu. Nú veit ég meira samt sem áður en út í þessi plögg, því að það hefur maður, sem var viðstaddur, sagt mér, að sérfræðingurinn hafi gert þær athugasemdir við till. Ásgeirs, sem hann lagði fyrir sérfræðinginn, en Ásgeir var ekki viðbúinn að svara þeim aths., sem þar komu fram, þá þegar. En svo vildi óheppilega til, að áður en þessu samtali er fyllilega lokið, er kallað á manninn og hann á að stíga upp í flugvél, sem á að flytja hann vestur um haf. Þannig að það er langt frá því, að hann hafi ætlazt til, að þessi dvöl hans yrði svona stutt, eins og raun varð á. Þessi skilaboð komu fyrr en hann hafði búizt við, og hann ætlaði að hafa nægan tíma til þess að tala við Ásgeir. Ég álít það þess vegna ekki sanngjarnt, að vera hér með dylgjur um manninn og verk hans hér, þótt svona illa tækist til. En Ásgeir hefur svarað í þessu nál., og það liggur þá fyrir. Ég vildi aðeins geta þessa út af ummælum hv. þm. A-Húnv.

Sveinbjörn Högnason: Hv. 5. landsk. sagði, að það þyrfti vitanlega enga karlmennsku til þess að tala í hreinskilni og segja frá hlutunum eins og þeir væru, t. d. eins og hann tók fram í sinni ræðu, að hann vildi, að þetta verksmiðjumál yrði betur rannsakað, áður en ráðizt væri í framkvæmdir, hvort verksmiðjan bæri sig. Hann sagðist vilja, að hlutirnir væru athugaðir vel, og hvort þeir bæru sig eða ekki.

Það er rétt, að fyrir mönnum eins og hv. 5. landsk. þarf ekki kjark og karlmennsku til þess að tala í hreinskilni. En aðrir menn virðast hafa þá skoðun til að bera.

Hv. þm. A-Húnv. sagði, að það væri útúrsnúningur, þegar ég hafði upp orð hv. 5. landsk., að þetta sé vitanlega til þess gert, að frv. sé nægilega athugað og hvort eigi að ráðast í slíka byggingu fyrr en eftir stríð. En hv. þm. A-Húnv. vill ekki láta þetta koma fram í umr., og þarna er hinn mikli munur á þessum mönnum, annar þarf ekki karlmennsku til þess að segja frá hinu rétta, en hinn þarf karlmennsku til þess að breiða yfir það, sem hefur verið sagt. Það er það, sem hv. þm. A-Húnv. hefur verið að reyna í þessu máli. Og hann endaði mál sitt með því að segja, að þetta væru aðeins framsóknarfullyrðingar. Slíkar fullyrðingar og upphrópanir heyrast aðeins frá þeim, sem komnir eru í algert rökþrot. Þegar þeir sjá, að ekki er lengur hægt að stagast á málefninu sjálfu, þá koma þeir með sérstök orðatiltæki, sem allir vita, að ekkert felst í.

Barði Guðmundsson: Hv. þm. Mýr. hefur misskilið mig. Ég hef aldrei haldið því fram, að víst væri, að hin fyrirhugaða áburðarverksmiðja gæti ekki borið sig. Ég get að sjálfsögðu ekkert um það sagt með vissu. En ég benti aðeins á það, að það væri algerlega óvíst, að verksmiðjan bæri sig. *(BÁ:* Hvað er það, sem ber sig?). Og það er einmitt vegna þeirrar skoðunar minnar, að líkur bendi þó frekast til þess, að áburðarverksmiðjan mundi trauðlega bera sig, að ég hef gerzt flutningsmaður að bráðabirgðaákvæðinu, sem um er deilt nú. Mér er það alveg óskiljanlegt, hvers vegna ekki má athuga þetta mál betur, þar sem óvissan er slík sem raun ber vitni um. Ég fæ ekki séð, að tjón geti af því hlotizt, þótt málið fái forsvaranlega athugun einmitt nú á næstunni, þar sem fyrirsjáanlegt er, að komið er að lokum þessa hildarleiks, sem nú er háður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 29. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 547,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 549,1 (ný 3. gr.) samþ. með 18:6 atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
— 549,2 (ný 5. gr.) samþ. með 16:7 atkv.
— 547,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
— 547,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 549,3 (bráðabirgðaákvæði) samþ. með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, JPálm, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh.

nei: JS, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, JörB.

4 þm. (LJós, ÓTh, ÞG, GG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 585).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég ætla að þessu sinni ekki að vera langorður eða ræða þetta mál efnislega. Það var borið fram af fyrrverandi ríkisstj., eins og hv. þdm mun kunnugt. Ég hef gert mér far um að setja mig inn í þetta mál, en það er ekki alls kostar greitt aðgöngu og mér er enn ekki fullkomlega ljóst, hvort þessi áburðarverksmiðja eigi rétt á sér. Eftir því áliti, sem hér liggur fyrir, verður ekki annað séð en að þetta sé allvafasamt fyrirtæki. Vitanlega borgar það sig ekki að reisa þessa verksmiðju, ef fyrirsjáanlegt er, að innlendur áburður verður miklu dýrari en útlendur, og þetta er það stórt fyrirtæki, að það getur orðið verulegur baggi, ef það ber sig ekki. En eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, virðist mér, að við því megi búast, að svo fari.

Annars virðist mér eðlilegt að fela þetta mál hinu nýstofnaða Nýbyggingarráði. Ég ber þó ekki fram neina till. þess efnis að svo stöddu, en vænti að landbn. gefi mér tækifæri til að fylgjast með þessu máli.

Páll Hermannsson: Ég vil aðeins geta þess, að landbn. mun gera það, sem í hennar valdi stendur þessu máli til framgangs, og henni er ánægja að starfa að því ásamt hæstv. fjmrh., og skal séð um, að hann eigi þess kost að fylgjast með störfum n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 113., 114., 115., 116. og 117. fundi í Ed., 29., 30. og 31. jan., 1. og 2. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 118. fundi í Ed., 5. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 585, n. 751 og 965, 1010).

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Landbn. þessarar d. tókst ekki að verða sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n., 3 nm., hefur orðið ásáttur um að mæla með því, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, eins og greinir á þskj. 965. En minni hl. n., 2 nm., mælti með að samþ. frv. óbreytt. Af hálfu okkar, sem óskum eftir afgreiðslu með rökst. dagskrá, mætti margt eða fátt um þetta mál segja, eftir því sem ástæða þykir til. Þetta er yfirgripsmikið mál og þýðingarmikið, að vel takist til um það. Ég sé ekki ástæðu til að fara um það nema fáum orðum, því að meginatriði þau, sem mæla með samþ. dagskrártill., eru tekin fram í nál. Þeir, sem hafa mjög mikinn áhuga fyrir þessu máli og telja það afdrifaríkt fyrir íslenzkan landbúnað, álíta, að flýta þurfi öllum viðbúnaði eins og hægt er og að það verði bezt gert með því að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. En ég sé ekki, að það sé nokkur trygging fyrir því, að svo verði með þessari lagasetningu. Öðru nær, því að það er vitað, að ríkisstj. og sérstaklega landbrh. líta svo á, að frekari undirbúnings sé þörf eftir þeirri reglu, að vel eigi að vanda það, sem lengi á að standa. Úr því að það liggur skýlaust fyrir, að frekari undirbúnings sé þörf, svo að málið komist á traustan grundvöll, áður en til framkvæmda kemur, þá yrði þessi lagasetning nú aðeins nýmæli, sem gæti orðið málinu fjötur um fót, þegar til framkv. kæmi. Þess vegna er óhyggilegt að hafa slíkan flýti á þessari lagasetningu.

Eins og getið er um í nál. okkar meiri hl., þá hefur nýbyggingarráð til meðferðar öll helztu stórmál, sem grípa inn í flest framkvæmdamál landsmanna og þar á meðal auðvitað landbúnaðarins. Og þar sem ekki verður betur séð en áburðarverksmiðja ríkisins sé einn þáttur í hinni miklu nýsköpun, svo að erfitt er að greina hana frá öðrum verkefnum, sem ráðið hefur til úrlausnar, þá virðist ekki nema eðlilegt, að nýbyggingarráði sé falið að taka þetta mál til meðferðar ásamt ríkisstj., með hliðsjón af öðrum stórvægilegum málefnum í þágu landbúnaðarins, sem það hefur til athugunar. Ég sé ekki betur en að það sé miklu eðlilegra en að slíta þetta mál frá með lagasetningu nú.

Ég mun ekki fara verulega út í þá sálma hér, hvort ýmis atriði frv. séu þannig undirbúin, að forsvaranlegt sé að setja lög um málið á þessu stigi þess. Um vinnsluna sjálfa sýnist mönnum sitt hvað, hvort stefnt sé í rétta átt. Og þetta mál er of mikilvægt fyrir íslenzkan landbúnað, að það nái nokkurri átt að gera það að kappsmáli, með því móti væri það gert að fordildarmáli, í stað þess að það er fyrst og fremst framkvæmdarmál. Og fyrst unnið er að því að undirbúa málið á sem vandlegastan hátt, þá skiptir minnstu máli, hvort það er mánaðardeginum fyrr eða seinna, sem samþ. eru l. um það, þar sem framgangur málsins sjálfs er fyrst og fremst látinn sitja í fyrirrúmi.

Ég vil aðeins taka það fram, að eins og frv. er nú á þskj. 589, þá sýnist það að ýmsu leyti losaralega undirbúið. Í 5. gr. frv. segir, að fyrsta stjórn verksmiðjunnar ákveði, hvar hún skuli reist. En seinast í frv. er bráðabirgðaákvæði, þar sem segir, að ríkisstj. skuli láta gera nákvæmar áætlanir um

stofnkostnað og reksturskostnað fyrirtækisins, og að loknum þessum undirbúningi sé verksmiðjustjórnin kosin, og á hún að sjá um framkvæmd verksins. Verksmiðjustjórnin á að ákveða staðinn, en áður en hún er kosin, á að gera áætlun um reksturskostnað og stofnkostnað verksmiðjunnar. Ég fæ ekki betur séð en ef sú áætlun ætti að vera nokkuð nálægt hinu sanna, þá þyrfti að vera búið að ákveða verksmiðjunni samastað, áður en sú áætlun er samin, en það er ekki ætlunin samkv. ákvæði frv. Þetta kann mönnum e. t. v. að finnast aukaatriði, en mér finnst þetta koma hvað öðru við og finnst lauslega um þetta búið og frágangur ekki gaumgæfilegur. Ég vildi aðeins nefna þetta sem dæmi.

Ég vil drepa á það, að það er margra manna von, að heimsstyrjöldin fari nú að styttast, svo að við getum farið að hafa samneyti við okkar gömlu og góðu viðskiptalönd, og þá þarf að vera búið að ljúka öllu undirbúningsstarfi.

Það hafa heyrzt raddir um það, að eins og málið liggi nú fyrir verði framleiðslan svo dýr, að erfitt sé fyrir okkur að standast samkeppni. En það er grundvallaratriði, að slíkt stórfyrirtæki, eins og verksmiðjan verður, sé fyrir fram undirbúið svo, að tryggt sé, að reksturinn verði samkeppnisfær. Þarna á að vinna gæði úr skauti íslenzkrar náttúru, sem eiga að skapa möguleika til stóraukinnar ræktunar, en það má ekki kaupa þau gæði það dýru verði, að sökum kostnaðar verði fyrirtækið þjóðinni til böls. Þetta er ákaflega stórvægilegt. Og þar sem ég er viss um það, að mjög almennur vilji er fyrir því, að áburðarverksmiðja verði reist hér á landi, þá treysti ég því fullkomlega, að ríkisstj. muni beita sér fyrir því með fyllstu kostgæfni og alúð að hraða rannsókn og framgangi málsins, en hraðinn sé þó það í hófi, að kostað sé jafnan kapps um að vanda undirbúninginn.

Sem sagt, ég get að þessu leyti lokið orðum mínum með því að segja, að þó að sumir álíti, að frv. sé sæmilegt til samþ. og trygging fyrir framgang málsins, þá sé ég ekki, að það geti á nokkurn hátt flýtt fyrir málinu. Það er aðeins í því heimild til ríkisstjórnarinnar um að láta framkvæma áframhaldandi rannsókn. Og ég þykist vita, að ríkisstjórnin ætli að gera þetta, hvort sem lög eru til um það eða ekki. Það sér hver maður, að það gerir hvorki af né á, hve fljótt eru samþ. l. um þessa verksmiðju, ef unnið er að því að flýta alhliða niðurstöðum rannsóknarinnar, og það svo, að þær verði sem réttastar. Dagskrártill. okkar er flutt með það fyrir augum, og vona ég, að hún verði samþ., eins og hún er á þskj. 965.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Eins og þetta mál liggur fyrir hér í þessari hv. d., þá ætti hvorki að þurfa að vera um það langar né harðar umr. Bæði meiri og minni hl. landbn. telja sig vera málinu fylgjandi. Minni hl. vill sýna fylgi sitt við málið m. a. með því að ráða hv. d. til að samþ. þetta frv., því að þótt frv. sé ófullkomið, þá telur minni hl., að málinu ætti að vera nokkur stuðningur í, að um þetta efni yrðu sett l. Meiri hl. telur sig líka fylgjandi málinu. Ég vil ekki orða það þannig, að hann vilji sýna fylgi sitt við málið með því að leggja það til, að frv. sé fellt, en eins og orðað er í nál. meiri hl., vill hann láta undirbúa málið betur en orðið er og fella frv., svo að málinu verði ekki óhagræði að flaustursleg lagasetningu.

Þetta er ekki spánýtt mál hér á Alþ., 10 ár eru síðan byrjað var að ræða um, að reist yrði verksmiðja á Íslandi til þess að vinna tilbúinn áburð. Á þessum 10 árum hafa verið gerðar ýmiss konar athuganir. Um skeið var hér danskur verkfræðingur að athuga aðstöðuna. Hann taldi það mundi borga sig að koma upp áburðarverksmiðju. Innlendir menn hafa verið að rannsaka þetta mál og nú síðast 1943 var ráðinn hingað amerískur verkfræðingur, sem átti að hafa sérstaklega þekkingu á þessum málum, og hann hefur ráðið Íslendingum eindregið til að reisa slíka verksmiðju. Nú er það ekki svo, að mikið sé í þessu frv., sem kæmi til framkvæmda nú þegar, eiginlega aðeins það að velja fyrirtækinu stjórn, og hún á svo að hafa það verkefni að vinna að framgangi málsins.

Hér er talað um að vísa málinu til nýbyggingarráðs. Í nýbyggingarráði er einn maður, sem sérstaklega má telja, að hafi vit á þessu máli, búnaðarmálastjórinn. En hann hefur nú þegar látið í ljós þá skoðun, að þetta frv. eigi að samþykkja. Nýbyggingarráð mun hafa í mörg horn að líta, og þótt ég ætli ekki að spá neinu um það, að nýbyggingarráð vinni ekki gagnlegt verk, þá finnst mér samt, að það muni vera hægt að ofsetja þá n. Hún mun hafa mörg miklu vandasamari mál til meðferðar. Við í minni hl. landbn. höfum gjarnan viljað ákveða til bráðabirgða það, sem frv. hefur inni að halda. Hins vegar skal ég játa það, að með þeim ákvæðum hefur ríkisstj. málið eiginlega algerlega á sínu valdi og getur gert við það, hvað sem henni sýnist. Svo að þessu leytinu er lítill munur á því að samþ. frv. eins og það er eða dagskrána. Í báðum tilfellum er málinu vísað til ríkisstj. En minni hl. álítur, að málinu sé styrkur í því, að sett séu l. um það.

Nú hefur verið dregið í efa af sumum mönnum, að treysta mætti þeim áætlunum, sem gerð er grein fyrir í frv., bæði um stofnkostnað og reksturskostnað og um verð á þeim áburði, sem verksmiðjan kynni að framleiða. Ég tel mig engan mann til að skera úr um það. Ameríski verkfræðingurinn gizkaði á 7 millj. kr. stofnkostnað. Og hann gerði ráð fyrir, að verksmiðjan gæti, miðað við verðlag eins og það er nú, skilað 1 kg. af nothæfu köfnunarefni fyrir 2 kr. Það má geta þess til samanburðar, að talið er, að 1 kg. af nothæfu köfnunarefni hafi kostað árið 1944 3 kr. Ef nokkuð má treysta þessu, lítur út fyrir, að reka mætti þessa verksmiðju með hagnaði. Rétt er að geta þess, að ameríski verkfræðingurinn gerir ráð fyrir, að stofnkostnaðurinn yrði lagður fram af ríkinu, svo að framleiðslan þyrfti ekki að bera byrðar af honum.

Ég man eftir því, að hér á Alþ. var rætt um til-

búinn áburð fyrir 17 árum, á þinginu 1928. Þá var talað um það, hvort rétt væri að kynna mönnum tilbúinn áburð og örva þá til að nota hann og hvort það borgaði sig að nota hann. Eftir þessi 17 ár held ég að megi fullyrða það, að bændum og öðrum *ræktunarmönnum mundi fátt þykja háskasamlegra* fyrir atvinnugrein sína en það, ef ekki fengist keyptur tilbúinn áburður. Nú vita allir, að aukin ræktun er algerlega óframkvæmanleg, nema notaður sé tilbúinn áburður. Nú lítur Alþ. svo á, að það muni borga sig að koma upp áburðarverksmiðju. Ég get auðvitað ekki verið viss um það, að næstu 17 ár leiði eins greinilega í ljós, að það borgi sig að reka áburðarverksmiðju, eins og síðustu 17 ár hafa fært mönnum heim sanninn um, að það borgi sig að nota tilbúinn áburð, en ég tel það líklegt. Og það verð ég að segja, að þegar litið er á það, að hráefnið, sem á að nota, *er vatn og loft og aðalrekstrarliðirnir eru vinna og* rafmagn, og þegar það er einnig athugað, að landbúnaðurinn hefur fullkomlega brúk fyrir það vörumagn, sem ætlað er að framleiða, þá fæ ég tæplega skilið, hvers konar verksmiðjuiðnað við getum rekið, ef við getum ekki rekið þennan iðnað. Ég færi þá að efast um, hvort borgaði sig fyrir okkur að draga fisk úr sjó og vinna úr því vörumagni, sem þaðan kemur.

Nú er talið, að landbúnaðurinn noti um 4 þús. tonn af tilbúnum áburði. Gert er ráð fyrir því, að verksmiðjan geti borið sig, þótt aðeins sé framleitt þetta vörumagn. En það er enginn vafi á því, að áburðarþörf landsmanna eykst mjög mikið á næstu árum, ef komið er á þeim ræktunarframkvæmdum, sem talað er um. Það er ekki ólíklegt, að þörfin tvöfaldist. Það er því ekkert vafamál, að áburðarverksmiðju á að reisa og reka. Eins og málin standa nú, ber ekki eins mikið á milli manna og sumum kann að virðast. Þess vegna er óþarfi að hafa um þetta langar umr. Allir vilja láta reisa verksmiðjuna, sumir vilja láta samþ. l. um það þegar, en aðrir vilja láta athuga málið betur áður en l. eru sett. Þessu máli horfði öðruvísi við um skeið, þá var 2 millj. kr. útgjaldaheimild á fjárl. vegna verksmiðjunnar, en nú er búið að nema það burt. Þrátt fyrir þetta álítum við í minni hl. landbn., að samþ. beri frv. óbreytt. En vegna þess að í nál. hv. meiri hl. á þskj. 965 er bent á það — og eiginlega réttilega — sem fyrstu ástæðuna fyrir rökst. dagskrá, að engin tímabundin ákvörðun sé um það í frv., hvenær verksmiðjan skuli reist, þá höfum við hv. þm. Dal. viljað setja þetta tímabundna ákvæði að nokkru leyti inn í frv. Við berum því fram brtt. á þskj. 1010, þar sem lagt er til, að aftan við 2. málsl. bráðabirgðaákvæðisins bætist: og sé þessum aðgerðum öllum lokið fyrir 1. september n.k. —

Með þessu setjum við hæstv. ríkisstj. frest, er okkur virðist hæfilega langur til þess að koma í *framkvæmd þeim rannsóknum og athugunum*, sem henni er ætlað að gera eftir bráðabirgðaákvæðinu, og teljum, að sá frestur sé hæfilega langur að vera því sem næst ⅔ af yfirstandandi ári.

Ég vil þess vegna f. h. minni hl. landbn. ráða hv. d. til þess að samþ. frv., þó með breyt. á þskj. 1010.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. minni hl. landbn. sagði, *að eins og þetta mál liggur fyrir, er ekki ástæða* til þess að hafa um það langar umr., þar eð ekki er mikill ágreiningur um afgreiðslu þess.

Ég vil þó láta í ljós þá skoðun mína, að mér finnst sú aðferð viðfelldnari, sem hv. meiri hl. landbn. stingur upp á, að vísa málinu til nýbyggingarráðs til frekari athugunar. Mér finnst þessi aðferð viðfelldnari, sérstaklega af því, að það sýnist eðlilegra að láta fara fram þessa athugun, áður en löggjöfin er sett. Hitt er svo óviðfelldið, að setja l. fyrst og láta síðan halda áfram rannsókn á því, hvort verk þetta sé í raun og veru framkvæmanlegt eða ekki. Ég fæ ekki séð, að það þurfi að tefja *málið, þótt nýbyggingarráð framkvæmi* þessa athugun, og geri ég ráð fyrir, að það fái færa menn til þess að annast hana og gangi ríkt eftir því, að hún fari fram eins fljótt og auðið er. Hitt held ég, að allir séu sammála um, að eins og málið liggur fyrir nú, væri ekkert vit í því að fara að gera ráðstafanir til þess að koma upp verksmiðjunni, þar sem vafalaust er þörf á frekari rannsóknum, áður en í það mjög kostnaðarsama fyrirtæki væri ráðizt.

Það hefur verið mikið um það talað, að áburðarverksmiðja ætti að geta orðið lyftistöng fyrir íslenzkan landbúnað, en því má ekki gleyma, að til þess verður hún að uppfylla tvö skilyrði. Í fyrsta lagi verður hún að geta framleitt áburð, sem væri að gæðum ekki lakari en sá áburður, sem inn í landið hefur verið fluttur frá útlöndum; í öðru lagi verður hann að vera samkeppnisfær um verðlag á hinum innflutta áburði. Eins og málið horfir enn þá við, er ekki unnt að segja neitt um það með fullri vissu, hvort þessum tveim skilyrðum yrði fullnægt. Hvað gæði þessa áburðar snertir, hefur áburðurinn aldrei verið reyndur hér á landi, og meira en það, hann hefur aldrei verið reyndur á Norðurlöndum. Nú segja þeir menn, sem betri skilyrði ættu að hafa til þess að dæma um þetta, að enda þótt reynsla væri fengin um notkun þessa áburðar annars staðar undir öðrum skilyrðum, þá sé ekki hægt að treysta því með fullri vissu, hvort útkoman yrði sú sama hér á landi. Mér skilst því, að það sé með öllu óhjákvæmilegt, að tilraunir fari fram um notkun þessa áburðar, ammoníumnítrats, hér á landi, áður en reist yrði verksmiðja til þess að framleiða áburðinn, og ég geri ráð fyrir því, að ef málinu verður vísað til nýbyggingarráðs, þá verði það fyrsta, sem það geri, að gangast fyrir því, að þetta efni verði reynt hér nú þegar á næsta sumri. Ég er hins vegar engan veginn fær til þess að dæma um það, hvort reynsla eins sumars væri *nægileg til þess að fá úr því skorið*, hvort þessi áburðartegund væri fullnægjandi hér til frambúðar. Það eru uppi skiptar skoðanir um það, hvort nota ætti fleiri tegundir af áburði eða hvort köfnunarefnisáburður er fullnægjandi, og er ég ekki fær um

að dæma um það, en þótt það lægi ekki fyrir nema eins árs reynsla um þann áburð, þá væri hún þó einhvers virði og við værum sönnu nær eftir reynslu eins sumars en ef engin reynsla væri fengin um hann. En þetta er að sjálfsögðu atriði, sem mér fróðari menn verða að dæma um og fróðari menn en nokkrir af okkur erum um þessa hluti, sem hér eru inni.

Um verð á þessum áburði, að svo miklu leyti sem upplýsingar liggja fyrir um, er það að segja, að mér skilst nú, að gengið sé út frá, að það verði aðeins hærra en verð á erlendum áburði, eftir skýrslum, sem hv. frsm. minni hl. þekkir frá Rannsóknaráði ríkisins. Mér skilst, að gengið sé út frá, að þessi áburður muni kosta kr. 2.520.97 pr. smálest, en að sami áburður muni kosta innfluttur kr. 2.314.00 pr. smálest, miðað við flutningsgjöld s.l. vors, og er þetta ekki teljandi verðmunur og þarf ekki að útiloka, að það gæti borgað sig að framleiða áburðinn hér á landi, en þetta er að sjálfsögðu atriði, sem þarf að athuga betur.

Enn fremur þekkja hv. þm., sem á annað borð hafa haft þessi gögn til athugunar, að verið er að athuga fleiri möguleika en þann, sem hér um ræðir, og í áætlunarskýrslu alkunns verkfræðings, sem byggt hefur verið á, er bent á það, að sjálfsagt sé að athuga sérhverja leið, sem fær yrði, til þess að koma þessu á sem réttastan rekspöl, ef það verður ofan á að ráðast í stofnun þessa fyrirtækis.

Mín skoðun er sú, að hvort sem till. hv. meiri hl. eða hv. minni hl. landbn. yrðu samþ., mundi aðferðin, sem höfð yrði á eftir, vitanlega verða hin sama. Ef frv. fær lagasamþ., mun ríkisstj. í öllum tilfellum láta fara fram nauðsynlega athugun, áður en hún mundi hefjast handa um undirbúning á byggingu áburðarverksmiðju. Það er út af fyrir sig ekki óhugsandi, að þetta geti orðið á þessu ári, því að heimild er nú í fjárl. í þessu skyni, eins og hv. frsm. minni hl. minntist á. En án tillits til fjárframlaga er það alveg vafalaust, að ríkisstj. mundi láta fara fram fullkomnari athugun á málinu en hingað til hefur farið fram, áður en hún mundi hefjast handa um framkvæmdir.

Mismunurinn á till. meiri og minni hl. landbn. er ekki annar en sá, að í öðru tilfellinu á ríkisstj. að sjá um rannsókn og athuganir á málinu, en í hinu tilfellinu á nýbyggingarráð að hafa þær á hendi. En ég verð að segja það, að úr því að nýbyggingarráð hefur verið stofnað, sýnist mér mjög eðlilegt, að það fái til athugunar mál slíkt sem þetta, þar sem um er að ræða svo stórt mannvirki, sem ætlazt er til, að komið verði í framkvæmd á kostnað hins opinbera. Þótt þetta skipti ekki efnislega miklu máli, finnst mér eðlilegra að fara þá leið, sem hv. meiri hl. hefur lagt til, og mun ég því greiða atkv. með rökst. dagskránni.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki sannfærzt við rök hv. 1. þm. N-M. og hæstv. fjmrh. um, að það skipti svo miklu máli, hvort það frv., sem hér liggur fyrir, verði drepið eða samþ. og ætla að víkja að því nokkrum orðum.

Það er vitanlegt, að því aðeins, að hér sé nægilega mikið af tiltölulega ódýrum tilbúnum áburði, verður hægt að rækta hér í stórum stíl landsvæði, þar sem nú eru auðnir, sem er nauðsynlegt vegna heilsu þjóðarinnar. Ég held, að það megi líkja vel undirbúinni verksmiðju, sem vinnur köfnunarefnisáburð úr vatni og lofti aðallega, við fiskimið okkar. Við skulum taka sem dæmi, að hv. Alþ. samþ. að banna alla veiði á stórum skipum í Faxaflóa, þótt það væri skaði fyrir útgerðina hér á landi um stundarsakir. Hvers vegna mundum við gera þetta? Af því að vissa er fyrir því, að sá fiskur, sem sjávarútvegur okkar byggist á, gengur til þurrðar, ef hvergi er fórnað, og það að íslenzkir útvegsmenn leggja á sig þá fórn að friða Faxaflóa, er eingöngu til þess að tryggja það í framtíðinni, að hér verði mikill fiskur við ströndina á ókomnum árum. Áburðarverksmiðjan er alveg hliðstæð og þar er sama undirstaðan undir það, að hér verði mikil ræktun. Án þess að ég vilji hafa um það mín orð, þá gefa skýrslur frá Árna Friðrikssyni fiskifræðingi nokkra hugmynd um þetta, og getur hann ekki búizt við öðru en að fiskimið okkar verði fátækari með hverju árinu, sem líður, og að svo geti farið, að hin íslenzka þjóð verði að snúa sér að jarðyrkju, af því að það verði þá álitlegra til lífsframfæris fyrir þjóðina. Nú er sá munurinn á þessari aðferð, að hér er verið að ganga frá frv., sem slær föstu, að reist verði áburðarverksmiðja, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fé til hliðar í þessum efnum og að það sé ekki afturkræft. Það, sem þetta frv. miðar að með því að byrja á að leggja til hliðar fjárframlög til áburðarverksmiðju, sem gert er ráð fyrir, að verði ekki afturkræft, er að undirbúa jarðveginn og tryggja landbúnaðinn í framtíðinni, því að það eru beinlínis engin takmörk fyrir því, hvað hægt er að framleiða tilbúinn áburð ódýrt.

Ég vil t. d. taka það sem dæmi, að mikið hefur verið talað um, að við höfum of lítið af sumum landbúnaðarafurðum, t. d. smjöri, sem orsakast m. a. af of litlum áburði, og er öllum kunnugt um, að svo má heita, að þetta land sé smjörlaust. Ef við tökum land eins og Kanada fyrir stríð, þá var þar bannað með l. að framleiða smjörlíki og borðaði þar enginn annað en smjör, sem var alls ekki dýrt. Ég álít þetta svo þýðingarmikið atriði, úr því verið er að reyna að bæta mataræði hjá almenningi, og er það hin mesta fjarstæða, að t. d. smjör skuli vera á því verði, að undir venjulegum kringumstæðum mundu stærstu stéttir landsins ekki hafa haft ráð á að neyta þess. Og í þessu sambandi vil ég því taka það fram, að eitt af skilyrðunum til þess, að við getum haft nægilega mjólk og smjör handa öllum landsmönnum, er það, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

Ég er ekki fær um að rökstyðja hið tekniska gildi vissra áburðartegunda, en ætla að minnast á tilraunir, sem skólastjóri garðyrkjuskólans á Reykjum gerði í sumar á áveitulandi við Hvítá. Hann notaði við þessar tilraunir venjulegan erlendan áburð í 10 tilteknum blöndum. Af sumum þeirra

varð árangurinn lítill, en þar, sem hann varð mestur, bar uppskeran sjöfaldan ávöxt. Þetta dæmi sýnir greinilega, hversu mikla möguleika landið hefur í sambandi við notkun tilbúins áburðar. Þetta er sú framleiðsluvara, sem við ættum að geta haft hér á landi mjög ódýra og til þess að ýta undir ræktunina í bæjum og sveitum, en öll slík ræktun er trygging fyrir aukinni hollri fæðu landsmanna.

Ég álít því, að það hafi verið óhappaverk, þegar hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar lögðu til að fella niður framlög til verksmiðjunnar.

Ég skal ekki fara út í deilur um það atriði, hvort þessi tiltekna áburðarframleiðsla væri heppileg eða ekki, en geri ráð fyrir, að það mál hafi verið rannsakað og verði athugað enn betur, sem væri alveg óhjákvæmilegt, þar sem hæpið er, hvort unnt yrði að koma verksmiðjunni upp nú, því að hvorki er nægilegt rafmagn til þess í Reykjavík né á Akureyri. En það, sem við getum gert núna, er að draga saman fé, skapa tiltrú á þessari verksmiðju og halda áfram öllum skynsamlegum athugunum á því, hvernig þessum málum er háttað, en ég álít, að það verði á sínum tíma að leggja það undir dóm reyndra manna, hvaða tegund tilbúins áburðar yrði hér heppilegust til framleiðslu. Það, sem við þurfum við þessa framleiðslu, er skeljasandur, loft, vatn og rafmagn, sem við höfum nóg af. En það er hins vegar einn þáttur í þessu efni, sem getur orkað tvímælis, og hann er sá, hvort framleiðslukostnaður okkar við þetta fyrirtæki sé þannig, að við getum keppt við aðrar þjóðir í því efni, en við höfum ekki getað keppt við neina aðra þjóð um framleiðslukostnað. Tökum til dæmis, að við tökum á leigu ensk skip til þess að flytja út fisk okkar. Þau eru eftirsóknarverð fyrir okkur, af því að útgerðarkostnaður okkar eigin skipa er miklu dýrari en erlendu skipanna. Það hljóta því allir að sjá, að við getum ekki til lengdar lifað í okkar Paradís, meðan tilkostnaðurinn við okkar eigin framleiðslu er allur annar en meðal annarra þjóða. Við getum kannske beðið, meðan við erum að eyða því, sem til er, en niðurstaðan verður sú, að eftir stutta stund þýðir ekkert fyrir okkur að selja dýrari fisk eða dýrari áburð eða hvaða vöru sem er, samanborið við aðrar þjóðir.

Ég álít, þótt ég sé óánægður með, að felld hefur verið niður sú fjárhæð, sem fyrrverandi ríkisstj. ætlaði að verja í þessum tilgangi á skynsamlegan hátt og hún ætlaðist til, að yrði óafturkræf, þá sé samt fullkomin ástæða til þess að halda þessu máli áfram og álít, að við getum slegið föstu, að við eigum að framleiða innlendan áburð, enda þótt hæstv. ráðh. hafi hins vegar sagt, að við ættum ekki að framleiða þessa vöru hér, nema því aðeins, að við gætum orðið samkeppnisfærir um verðlag hennar í samanburði við erlendan áburð. Þessi verksmiðja er frá mínu sjónarmiði höfuðnauðsyn, ekki aðeins fyrir landbúnaðinn, heldur fyrir alla þjóðina, og við eigum að skoða hana sem alveg sérstakt atriði í þjóðarbúskap okkar.

Ég vil að lokum beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvernig hann hugsar sér fjárhagsframkvæmdir þessa máls, en hann hefur ráðlagt að fella niður bein fjárframlög í þessu skyni.

Ef menn hafa trú á, að takast megi að skapa þjóðinni lífvænlega framtíð, verðum við að koma þessu máli í framkvæmd. Þetta er ein af undirstöðum framtíðarlífs þjóðarinnar, og við eigum að vera menn til að skapa þessa undirstöðu.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Mér virðist, að dm. standi saman um þá skoðun, að nauðsyn og gagnsemi þessa máls sé mikil. Meiri hl. telur málið stórvægilegt og líklegt til að verða lyftistöng fyrir landbúnaðinn, ef það kemst í framkvæmd. Auk þess getur það haft miklar afleiðingar út fyrir þann atvinnuveg. Ég vil leggja áherzlu á, að undirbúningi verksins verði lokið svo snemma, að vinna geti hafizt að hausti eða hitt vorið.

Meiri hl. vill fela nýbyggingarráði málið, en ég hélt, að nýbyggingarráð hefði nóg á sinni könnu, eftir hinni miklu stefnuskrá stj. að dæma.

Ég tel, ef fram kemur við reynsluna, að l. geti ekki í alla staði haldizt eins og frv. nú er, að þá megi breyta þeim. Það hefur þá fyrr verið gert um l., þótt þau væru ekki gömul.

Ég get gert ráð fyrir, að stefna meiri hl. verði ofan á í deildinni og að dagskrártill. verði samþ. Við höfum því þrír þm., við hv. 1. þm. N-M. og hv. þm. Barð., borið fram brtt. um, að í stað orðanna „og leggi síðan fyrir Alþingi frumvarp" komi: „og leggi síðan fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp."

Við höfum allir hug á að hraða málinu, og vil ég ekki tefja tímann með því að tala meira um það, en vil afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

Forseti (StgrA): Brtt. þessi er bæði skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (*sjá þskj.* 1039) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Það er í rauninni óþarft fyrir mig að taka til máls, því að umr. hníga að því einu að verða margþættari um þýðingarlaus atriði. Það, sem mestu máli skiptir, er, hvort dagskrártill. eða frv. hentar betur. En það, sem á milli ber, er svo lítið, að ekki tekur því að ræða um það. Það er ekki hægt að véfengja það, að ef málið er í höndum ríkisstjórnarinnar, er því bezt borgið og hún mun láta undirbúa það, eftir því sem hún telur réttast og affarasælast.

Ég álít, að skrifl. brtt. hafi mjög litla þýðingu, því að ég er viss um, að stjórnin muni hraða undirbúningi málsins eins og verða má, það verður að undirbúa það á sem ýtarlegastan hátt. Ég tel, að í stað lagasetningar um málið hefði átt að liggja fyrir till. til þál. um, að ríkisstjórnin undirbyggi málið sem allra bezt og léti sem fullkomnasta rannsókn um þetta efni fram fara.

Það er aðalatriðið, að málið sé í höndum ríkisstjórnarinnar. Ef það er þar, vitum við, að treysta má, að því sé vel borgið.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. taldi, að innlendur áburður mundi verða heldur dýrari en erlendur. Um þetta liggur fyrir flókin og torlesin skýrsla. Við erum þar á öndverðum meiði, því að ég taldi, að innlendur áburður mundi verða ódýrari.

Það er að vísu heimild í fjárlögum þessa árs til að láta reisa áburðarverksmiðju, en ég geri ekki ráð fyrir, að sú heimild verði notuð á þessu ári.

Ég er sammála hv. þm. S-Þ. um, að þetta málefni er mjög þýðingarmikið fyrir landbúnaðinn og þjóðarheildina. Þetta er eins konar sjálfstæðismál, eins og allt sem miðar að því, að við verðum sjálfum okkur nægir og getum framleitt sem mest í landinu, í stað þess að sækja til annarra landa.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að allir geti verið sammála hv. þm. S-Þ. um, að þetta sé mjög þýðingarmikið mál, en það veltur á miklu fyrir landbúnaðinn, að ekki sé hrapað að málinu. Ef innlendur áburður hefði ekki sama notagildi og erlendur, auk þess sem innlendur iðnaður er dýrari en erlendur, svo að hann yrði ef til vill ekki samkeppnisfær við útlendan áburð, væri illa farið. Flestir munu þeirrar skoðunar, að það beri að athuga málið sem allra bezt, áður en ráðizt er í framkvæmdir.

Sumir telja, að öllum undirbúningsaðgerðum geti orðið lokið fyrir 1. sept. 1945, og hv. þm. S-Þ. taldi, að ekki mundi nægileg raforka fyrir hendi til reksturs verksmiðjunnar, hvorki hér né á Akureyri. Ætlast þessir menn til, að lokið verði stórfelldri rafvirkjun í þessu skyni fyrir þennan tíma? Hv. þm. Dal. telur, að framkvæmdir við verksmiðjubyggingarnar geti hafizt vorið 1946. Ég tel hann nokkuð bjartsýnan. Við vitum, að á meðan ófriðurinn stendur, fást ekki nauðsynlegar vélar. *(ÞÞ:* Það mætti byrja á grunninum). Ég ætla, að eigi muni standa svo lengi á byggingunni, en það er hægt að undirbúa verkið með því að veita til þess fé á fjárlögum og leggja fram fé til þess. Ég tel vafalaust, að fjárlagaheimildin verði notuð, svo framarlega sem fjárhagur landsins leyfir það.

Brtt. hv. þm. Dal. skiptir ekki miklu máli. Það er þýðingarlaust að setja tímaákvörðun um þetta efni. Ég mun, þótt ég leggi ekki mikla áherzlu á þetta fyrir mitt leyti, greiða atkv. á móti tillögunni.

ATKVGR.

Brtt. 1039 felld með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, ÞÞ, BSt, GJ, HermJ, IngP, JJ.

nei: KA, LJóh, MJ, PM, BBen, BrB, EE, GÍG, HG, StgrA.

Rökst. dagskráin á þskj. 965, frá meiri hl. landbn., samþ. með 10:7 atkv.

3. Vitabyggingar (frv. GÍG).

Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar* (þmfrv., A. 53).

Á 12. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef í þessu frv. lagt til, að sú breyt. yrði gerð á l. um stjórn vitamála frá 1933, að upp í þau yrðu tekin ákvæði um, að ljósviti skuli vera á Gerðhólma við Garðskaga. Ég hef borið þetta frv. fram hér á Alþ. samkv. ósk margra sjómanna á Suðurnesjum og í samráði við útvegsmenn þar syðra.

Það hefur talsvert borið á, að sjófarendur hafi kvartað undan því, að vitakerfið á Reykjanesskaga væri ófullnægjandi, sérstaklega að því er varðar siglingar út með skaganum og fyrir Garðskaga. Þessar umkvartanir eru tvenns konar. Í fyrsta lagi er kvartað undan því, að ljósmagn þeirra vita, sem fyrir eru, sé mjög ófullnægjandi. Því er t. d. haldið fram um Garðskagavitann, að ljósmál hans sé svo lítið, að hann sjáist skammt að, og að ljósin í Garðinum, síðan rafljósin komu, séu svo sterk, að þau sjáist á undan vitanum, og séu því miklir erfiðleikar á að greina vitann fyrr en of seint. Það sama er að segja um Keflavíkurvitann og Sandgerðisvitann, að ljósmagn þeirra þykir ófullnægjandi. Þá hefur líka verið kvartað yfir því, að vita vantaði, þar eð þeir vitar, sem fyrir eru, hafa ekki möguleika til að lýsa upp siglingaleiðina, og þykja sérstakir örðugleikar á því að sigla inn með skaganum að sunnan. Sjómenn kvarta mjög undan því, að þetta torveldi siglingar inn, og segja þeir, að stundum þurfi þeir að taka á sig stóran krók til þess að vera vissir um, að þeir séu nógu langt undan landi, vegna þess að þeir sjái ekki siglingaljósin. Til þess að bæta úr þessu er þetta frv. fram borið, og mun rétt að taka það fram, að í umr. um þetta mál þar syðra hefur mjög mikið verið um það rætt, hvernig þessu skyldi niður raðað. Ég held, að það sé þó nokkuð einróma skoðun manna þar syðra, að þetta vitastæði, Gerðhólmi, sé mjög heppilegt. Vel má vera, að fleiri leiðir komi til athugunar, og er ég fús til þess að athuga samkomulag um það, ef til skyldi koma.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til sjútvn., þar sem ég veit, að það fær þá ýtarlegu meðferð, sem nauðsynlegt er, að það fái, áður en það verður afgr. út úr hv. d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 199).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta frv. til athugunar. Hefur hún sent það til vitamálastjóra og beiðzt umsagnar hans. Hefur hann gefið umsögn um málið, og er hún prentuð með nál. á þskj. 199.

Eins og fram kemur í frv., er lagt til, að reistur verði viti á Gerðhólma við Garðskaga, vegna þess að nú eru ófullnægjandi ljós á siglingaleiðinni með Garðskaga. Var tekið fram við 1. umr., að þótt lagt væri til, að úr þessu yrði bætt með vita á Gerðhólma, færi því fjarri, að það væri eina leiðin, sem til greina gæti komið til úrbóta í þessu efni. Ástæðan til þess, að Gerðhólmi var sérstaklega nefndur, var *hins vegar sú, að sjómenn þar syðra hölluðust* einna frekast að því, að sú leið yrði valin til að leysa úr þessum vanda.

Vitamálastjóri og vitanefnd hafa athugað frv., og í umsögn vitamálastjóra kemur greinilega fram, svo að ekki verður um deilt, að siglingaljós og siglingamerki á leiðinni fyrir og inn með Garðskaga eru mjög ófullnægjandi, svo ófullnægjandi, að eitthvað verður að gera til úrbóta. Hins vegar hefur n. ekki viljað fallast á þá leið, sem upp á er stungið í frv. Er það álit n. og vitamálastjóra, að heppilegra sé að endurbyggja vitann á Garðskaga og hafa þá þann vita svo stóran og fullkominn, að viti verði óþarfur á Gerðhólma. Í því sambandi hefur vitamálastjóri lagt til við atvmrh., að á þessu ári verði veittar 140 þús. kr. af vitafé til endurbyggingar Garðskagavitans.

Sjútvn. getur fallizt á þær till., sem vitamálastjóri hefur gert um þetta, þó með því skilyrði, að *viti sá, sem endurbyggður verður, verði hafður svo* sterkur og ljósmagn hans svo mikið, að það sjáist langtum lengra en á vita þeim, sem til þessa hefur verið á Garðskaga, og auk þess verið bætt í þennan nýja vita sérstöku ljóshorni, sem þannig skal fyrir komið, að hægt sé að sigla eftir því fyrir boða inn með Garðskaga. Hefur sjútvn. því þótt rétt, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, sem mælir með því, að atvmrh. fallist á till. vitanefndar, að fyrir því verði séð, að hinn nýi væntanlegi viti á Garðskaga verði svo fullkominn, að hann geti leyst af hendi það hlutverk, sem Gerðhólmavitanum var ætlað, og í trausti þess, að vitinn verði þannig úr garði gerður, leggur n. til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá. En ef síðar kynni að koma í ljós, að hinn nýi viti leysti ekki af hendi þetta hlutverk, þá virðist nægur tími til að athuga, hvað gera skuli til að bæta úr því. Með tilvísun til þessa leggur n. til, að samþ. verði hin rökst. dagskrá á þskj. 199.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 199, frá sjútvn., samþ. með 12 shlj. atkv.

4. Alþýðutryggingar (frv. SkG).

Á 44. fundi í Sþ., 18. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar* (þmfrv., A. 324).

Á 52. fundi í Nd., 19. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Frv. þetta er fram borið til þess að reyna að koma fram nauðsynlegri leiðréttingu á *fyrirmælum alþýðutryggingal.* um elli- og örorkutryggingar. Eins og kunnugt er, eru opinberir starfsmenn tryggðir sérstaklega hjá sérstökum lífeyrissjóði samkv. l., og eftir alþýðutryggingal. eru þeir með öllu undanþegnir tryggingarskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands og gjaldskyldu til hans. En þannig er um fleiri hér á landi. Fyrir nokkrum árum voru ákvæði sett í l. um alþýðutryggingar viðvíkjandi starfsmönnum tveggja banka, Landsbanka Íslands og Útvegsbankans. Skyldu þeir einnig undanþegnir gjaldskyldu til Lífeyrissjóðs Íslands, enda hafa þessir starfsmenn tryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Nú er hins vegar kunnugt, að það eru fleiri stofnanir hér á landi, sem hafa stofnað sérstaka eftirlaunasjóði fyrir sitt starfsfólk. En það fólk verður eftir sem áður að greiða gjöld til Lífeyrissjóðs Íslands, eins og l. eru nú úr garði gerð. Þarna er því um misrétti að ræða, sem er alveg óviðunandi og óverjandi að hafa í löggjöfinni áfram.

Það má telja, að hér geti verið um tvær leiðir að ræða. Önnur er sú að láta alla landsmenn greiða gjöld til Lífeyrissjóðs Íslands, einnig þá, sem hafa sértryggingar hjá sérstökum sjóðum. Hin leiðin er að láta þá, sem hafa tryggingar hjá sérstökum sjóðum, vera undanþegna tryggingarskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands. Alþ. hefur í raun og veru hafnað fyrri leiðinni. Þegar frv. um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna var til meðferðar á síðasta þingi, var borin fram till. um, að þeir skyldu vera tryggingarskyldir hjá Lífeyrissjóði Íslands, og var vitanlega til þess ætlazt af flm., að ef hún yrði samþ., yrði um leið látin falla niður undanþágan, sem starfsmenn bankanna hafa nú frá því að gjalda til hins almenna lífeyrissjóðs. En meiri hl. Alþ. hafnaði þessari leið og ákvað, að opinberir starfsmenn skyldu vera með öllu lausir við að gjalda til Lífeyrissjóðs Íslands. En fyrst þannig var að farið, er ekki um annað að ræða fyrir þingið en að breyta l. í það horf, að aðrir menn í landinu, sem eins stendur á um, að þeir hafa elli- og örorkutryggingu hjá sérstökum sjóðum við aðrar stofnanir en banka og ríkisstofnanir, njóti einnig sömu kjara. Hitt er óverjandi, að hafa löggjöfina eins og hún er nú, að gera svo freklega upp á milli manna.

Fyrir tveimur árum bar ég hér fram frv., sem stefndi í svipaða átt og þetta. En þá var því af meiri hl. þingsins vísað frá og færðar fram þær ástæður, að það þyrfti að endurskoða l. um alþýðutryggingar. En ég veit ekki, hvað þeirri endurskoð-

un líður. Það hafa a. m. k. engar till. komið fram enn þá um breyt. á þessum kafla alþýðutryggingal. Og ég sé ekki, að sæmilegt sé að fresta því að gera þessa sjálfsögðu leiðréttingu, jafnvel þótt einhver endurskoðun ætti að fara fram. *(HelgJ:* Endurskoðunin er í fullum gangi.) Ég tel ekki, að það breyti neinu. Það getur verið gott að taka þennan kafla l. til endurskoðunar. Hitt tel ég ekki sæma, að láta ranglætið viðgangast öllu lengur, sem menn eiga nú við að búa.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en mælist til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og n., sem að líkindum ætti að vera félagsmálanefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 324, n. 632).

Frsm. (Steján Jóh. Stefánsson): Herra forseti. — Heilbr.- og félmn. leggur til, að frv. þetta verði afgreitt með rökst. dagskrá, eins og tekið er fram í nál. Þar eru og greindar þær ástæður, er til þess liggja. N. vill fyrir sitt leyti ekki leggja dóm á frv. eins og það liggur fyrir, en telur ekki rétt að taka fram fyrir hendur mþn. í þessu máli.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar að svo stöddu.

Skúli Guðmundsson: Ég get hreint ekki þakkað heilbr.- og félmn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Hún hefur haft það til meðferðar í 4 mánuði, og þegar hún loks skilar áliti, þá er það mjög óviðunandi.

Eins og getið er í frv., þá eru starfsmenn tveggja banka, sem hafa sérstaka lífeyrissjóði, undanþegnir tryggingarskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands. Fleiri stofnanir hafa stofnað eftirlaunasjóði fyrir starfsfólk sitt, en það er ekki undanþegið gjaldskyldu til hins almenna lífeyrissjóðs. Hér er um misrétti að ræða, sem alls óverjandi er að hafa í löggjöf.

Ég flutti frv. um þetta fyrir 2 árum og fékk þá hið sama svar, að þetta væri til athugunar í mþn.

Ég tel, að það sé nauðsynlegt og sjálfsagt að gera þessa breytingu strax. Mþn. getur þrátt fyrir það gert sínar athuganir og tillögur.

Ég vænti þess, að allir sjái, að hér er um misrétti að ræða, sem sjálfsagt er að lagfæra, og greiði atkv. á móti hinni rökst. dagskrá, en samþ. frv.

Frsm. (Steján Jóh. Stefánsson): Háttv. flm. sakar n. um að hafa dregið óhóflega afgreiðslu þessa máls. Ég skal játa það, að málið hefur tafizt allmikið hjá n. Er það að sumu leyti að kenna vangá n., en að nokkru leyti af óviðráðanlegum ástæðum.

Um efni málsins er það að segja, að heilbr.- og félmn. hefur ekki farið neitt inn á að dæma réttmæti þess. En þar sem þessi kafli viðkomandi l. er til athugunar hjá mþn., eins og áður er sagt, telur hún ekki rétt að taka um það ákvarðanir.

Háttv. þm. vill láta skína í, að álit mþn. geti dregizt. Um það skal ég ekkert segja, en vil þó benda á það, að frá mþn. hafa nú borizt till., sem Alþ. hefur samþ. án verulegra breytinga. Tryggingamálin munu væntanlega verða lögð fyrir næsta Alþingi, og vona ég, að háttv. flm. sjái sér fært að bíða þangað til.

Skúli Guðmundsson: Háttv. frsm. n. kemur sér hjá því að ræða þetta mál efnislega, enda mundi hann vart hafa komizt hjá að viðurkenna réttmæti þess, ef hann hefði athugað það eins og hann átti að gera.

Hann kveður álit mþn. koma einhvern tíma. En rétt er að minna á það, að síðasta Alþingi gerði breytingar á tryggingalöggjöfinni, enda þótt hún væri til athugunar í milliþinganefnd.

Frsm. (Steján Jóh. Stefánsson): Háttv. flm. telur, að n. eigi að athuga efni allra frv. Hann er þó svo vanur þingstörfum, að hann veit, að n. hafa yfirleitt ekki þá venju að athuga mál efnislega, ef þau falla undir mál, sem eru í heild til meðferðar. Ég læt það því ekki eftir háttv. þm. að ræða þetta mál efnislega, enda hef ég ekki umboð til þess frá nefndinni.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 632, frá heilbr.- og félmn., samþ. með 13:7 atkv.

---

5. Vitabyggingar (frv. GTh).

Á 40. fundi í Sþ., 11. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um viðauka við l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar, og l. nr. 31 13. júní 1937, um breyt. á þeim l.* (þmfrv., A. 298).

Á 49. fundi í Nd., 13. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkv. áskorun hreppsnefndar Stykkishólmshrepps og fer fram á að fá vita á Súgandisey við Stykkishólm. Um ástæðurnar fyrir þessu máli leyfi ég mér að vísa til grg., sem er ýtarleg samþykkt hreppsnefndarinnar í Stykkishólmi. Tel ég ekki þörf að bæta neinu þar við, en legg til að vísa frv. til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 298, n. 903).

Sigurður Kristjánsson: Hv. frsm., hv. þm. V-Ísf., er nú ekki viðlátinn, en málið er svo einfalt, að ég

geri ekki ráð fyrir, að hann hafi ætlað sér að flytja neinar nýjar upplýsingar um málið, og það eina, sem um það er að segja í raun og veru, er í nál. og fskj. frá vitamálastjóra. Eins og hv. þm. er kunnugt um, hefur hv. þm. Snæf. flutt þetta mál, þar sem hann ætlast til, að innsiglingarljósin við Stykkishólm séu tekin í vital.

Vitamálastjóri er alveg samþykkur því, að ljósin séu flutt, en leggur á móti, að þessi innsiglingarljós verði tekin upp í vital., því að afleiðingin mundi verða sú, að bygging þeirra, viðhald og rekstur yrði þá fært yfir á ríkissjóð, en svo mun vera um langflesta innsiglingarvita á Íslandi, að þeir séu kostaðir af viðkomandi hafnarsjóði og tekin sérstök ljósagjöld af skipum til að standast þann kostnað. Það er ekki hægt að búast við öðru en aðrir staðir kæmu á eftir, ef þessi breyt. yrði gerð þarna og stofn- og rekstrarkostnaður færður yfir á ríkissjóð frá hafnarsjóði. N. fellst þess vegna á till. og rök vitamálastjóra og leggur á móti, eins og nál. ber með sér, að frv. verði samþ., en leggur hins vegar til, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem er á þskj. 903.

Gunnar Thoroddsen: Snemma á þ. í haust flutti ég þetta frv. um að taka vitann á Súgandisey við Stykkishólm inn í vital. Þetta frv. var flutt eftir eindreginni ósk hreppsnefndar Stykkishólmshrepps, og eins og kemur fram í nál. og umsögn vitamálastjóra, er tvennt, sem þar um ræðir. Annað er viti á Súgandisey, en um það virðast allir vera sammála, og kemur skýrt fram í umsögn vitamálastjóra, að hann er því fylgjandi. Á hitt hefur hann ekki getað fallizt, að ríkið tæki upp byggingar- og rekstrarkostnað við þennan vita.

Ég fyrir mitt leyti þori ekkert um það að dæma, að hve miklu leyti sé hægt að líta á þennan vita sem innsiglingarvita fyrir Stykkishólm eingöngu, en vitanlega er rétt að fara fyrst og fremst í þessum efnum eftir áliti þess embættismanns, sem hefur með þessi mál að gera, sem sé vitamálastjóra. Ég sé því ekki á þessu stigi, að rétt sé að leggja áherzlu á að halda fast fram þessu máli, en vænti þess, að þótt vitamálastjóri hafi ekki getað fallizt á, að ríkið tæki að sér kostnaðinn við þennan vita, muni þessi viti geta komizt upp á næstunni, og það er vitanlega aðalatriðið.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 903, frá sjútvn., samþ með 23 shlj. atkv.

6. Nýbyggðir og nýbyggðasjóður.

Á 52. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um nýbyggðir og nýbyggðasjóð (þmfrv., A. 377).

Á 54. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 377, sem er borið fram af mér og hv. 5. þm. Reykv., er að aðalefni til um það að stofna byggðahverfi á nokkrum stöðum á landinu og nýbyggðasjóð til stuðnings stofnunar þessara byggðahverfa.

Ég skal ekki tefja tímann með því að ræða hér hið almenna ástand í landbúnaðarmálum, það hefur svo oft verið rætt hér. Í raun og veru er það svo, að öllum kemur saman um, að nýskipun í landbúnaðarmálum sé orðin brýn nauðsyn og það af svo mörgum ástæðum. Menn eru sammála um það, að landbúnaðurinn verði ekki rekinn til lengdar hér á landi, nema teknir séu upp nýtízku búskaparhættir og ræktun öll fari fram á ræktuðu landi. En það er áreiðanlega fleira, sem þarf að hafa í huga við nýskipun landbúnaðarmálanna. Og kjarni þess er það, sem farið er fram á í þessu frv., sem er stofnun nýbyggðahverfa og skipulagning framleiðslunnar í sambandi við það. — Það er öllum kunnugt, hver þróunin hefur verið í landbúskap alla þessa öld og að sú þróun hefur alltaf gengið í sömu stefnu, þá átt, að fólkinu hefur stöðugt fækkað í sveitum og það streymt til kaupstaðanna. Og þótt ýmislegt hafi verið gert, sem miðar í þá átt að stöðva þennan straum til bæjanna og skapa fólkinu betri lífsskilyrði í sveitum, þá hefur árangurinn af því í raun og veru orðið sáralítill. Eitt af því, sem á síðast liðnum árum hefur verið gert til þess að efla landbúskapinn, er stofnun nýbýla í sveitum. Ég skal aðeins víkja að því, að síðan 1936 að nýbýlal. voru samþ. og fram í árslok 1942 voru stofnuð á landinu 300 nýbýli. Og þessi 300 nýbýli skiptast þannig, að af þeim hafa 82 verið stofnuð á ræktuðu landi, 106 við jarðaskiptingu, 66 við það, að eyðibýli hafa verið byggð upp, og 31 af þessum býlum voru í raun og veru stofnuð áður, en áttu eftir að fá styrk. Meðaltal nýbýla á ári þennan tíma verður þá tæp 40 býli. En sú býlaaukning hefur í raun og veru ekki sagt neitt til þess að stöðva fólksflutninga úr sveitum. Aðeins einföld skýrsla sýnir, að frá 1900 til 1940 hefur fækkað í sveitum úr 62919 í 46984 menn, fækkunin nemur nærri 16 þús. manns eða ¼ íbúatölu. Fækkunin hefur orðið jafnt og þétt á þessum tíma, engu síður eftir að tilraunir hófust til að stöðva flutningana með stofnun nýbýla. Ef litið er á, hver býlafjölgunin hefði þurft að vera til þess, sést, að árleg meðalmannfjölgun 1937—40 hefur verið 1226 og samsvarar 245 nýjum heimilum á ári. Eftir núverandi hlutföllum milli sveita og kaupstaða ættu 38% þeirra heimila að hafa myndazt í sveitum, en 62% í kaupstöðum, og samsvarar það 90—100 býla fjölgun árlega í sveitum móti 152 nýjum heimilum í kaupstöðum. En þróunin sýnir, að fólkið, sem myndar heimili, heldur áfram að streyma til kaupstaðanna. Orsakir eru margs konar og verða ekki raktar að sinni. Mestu veldur, að

sveitabúskapur hefur ekki staðizt samkeppni við atvinnu í bæjum og við sjóinn, hann hefur ekki í jafnstórum stíl og aðrir atvinnuvegir getað notað sér nútímatækni, og skipulag hans í dreifbýli verður því jafnan mjög til fyrirstöðu, nema það skipulag breytist. Þeir, sem mest hafa hugsað og ritað um landbúnaðarmál, munu orðnir sammála um það, að sú stefna, sem verði að reyna, og sú eina, sem svarar kröfum tímans, sé að auka þéttbýli, einkum með stofnun byggðahverfa, og koma þar á eins mikilli véltækni og vinnusparnaði og kostur á verður á hverjum tíma. Við stofnun byggðahverfanna verður að taka tillit til samgangna og markaðsskilyrða auk allra annarra staðhátta og þarfa. Þessi stefna ein er í samræmi við þróunina eins og hún hefur annars staðar orðið, og með öðru móti verða ekki sköpuð jafngóð kjör og lífsskilyrði í sveitum og í kauptúnum. Í þéttbýlinu má hafa félagsræktun, félagsnotkun á ýmsum vélum, stundum sameiginlegar byggingar o. s. frv. Þar mundi bæði takast að lækka mjög framleiðslukostnað frá því, sem yrði með núverandi háttum, og skapa fólki þau lífsskilyrði, að það yndi þar hag sínum sízt verr en í kaupstöðum.

Við vitum, að landbúskapurinn þarf stórra framlaga við frá ríkinu. Hitt er óviturlegt, að ríkið styrki þann búskap jafnt hvar sem er á landinu og hvort sem að gagni kemur eða eigi. Ríkið hlýtur að beina styrkjunum þangað, sem þeir bera mestan ávöxt. Um framtíð landbúnaðarins er oft þannig rætt sem offramleiðsla eigi sér þar stað. Það er rétt um kjöt. Hins vegar er alveg greinilegt, að mjólkurframleiðsla má vaxa stórum. Kúafjöldi á landinu mun nú vera um 30 þús., en ýmsir telja, að við hefðum not fyrir mjólk úr 50 þús. kúm, — til þess þyrfti mjólkurneyzlan ekki að vaxa nema um ¼ l. á mann á dag. Smjörlíkisneyzla nemur hér 15 þús. tonnum á ári. Sé gert ráð fyrir 100 kg. smjörs eftir kúna á ári, mætti fjölga kúm um 15 þús. til að láta smjör koma í stað alls smjörlíkis. Þessa vildi ég geta vegna þeirrar skoðunar, að óþarft sé að styrkja landbúnaðinn vegna þess, að hætt sé við offramleiðslu.

Hitt er annað, að landbúnaðinn þarf að skipuleggja, hafa áhrif á, hvaða tegundir framleiddar eru og hvar, og beina þróun hans leið eftir þjóðarþörfum.

Lögin frá 1936 um nýbýli og samvinnubyggðir fólu í sér sömu hugmynd um byggðahverfi og hér er byggt á. Búnaðarmálastjóri hefur gert grein fyrir því, hvers vegna ekki hefur orðið úr framkvæmd þeirra l. um byggðahverfin, en það kemur af því, að ríkið hefur ekki enn veitt fé til þeirra. Nýbýlastjórn hefur leitað til þingsins oftar en einu sinni um þetta, en þó hefur það ekki borið árangur, enda ekki verið lagt fyrir Alþingi í réttri mynd. Þessi löggjöf var aðallega sniðin fyrir nýbýli og ekki byggðahverfastofnun. Þetta frv. er a. n. l. sniðið eftir henni og a. n. l. eftir l. um landnám frá 1941, en þau l. áttu að vera endurbætt útgáfa ákvæða frá 1936, þótt ófullkomin væru. Enginn undirbúningur að byggðahverfastofnun hafði farið fram fyrr en Alþ 1942 samþ. till. flutta af sósíalistum um, að Búnaðarfélagið léti rannsaka skilyrðin. Á búnaðarþingi 1943 var kosin til þess n. Ég veit ekki, hvort sú n. hefur skilað nokkru heildaráliti, en búnaðarmálastjóri hefur birt álitið í megindráttum, og skal drepið á nokkur atriði þess.

Þar er gert ráð fyrir 16 byggðahverfum í sveitum og við kauptún, á þeim lendum eru nú fyrir 120 lögbýli í ábúð, og er landstærðin, sem býlahverfum er ætluð, um 27 þús. ha. auk fjalllendis. Býlin eru hugsuð mjög stór, samanborið við eldri nýbýli, meðalstærð yfir 60 ha., þar af ræktað land 12,8 ha. auk nokkru stærra ræktaðs beitilands. Meðalbústofn er áætlaður á býli 14 nautgripir, 85 kindur og 5 hross. Samtals yrðu þar 6144 nautgripir, 36310 fjár og 2034 hross, þar af bústofnsaukning frá því, sem nú er þar framfleytt, 5½ þús. nautgripa, tæp 20 þús. fjár og tæp 6 hundruð hesta. Bústofnsaukningin yrði m. ö. o. fyrst og fremst kúafjölgun, en það stafar mjög af því, hvernig horfir um markað.

Þeir staðir, sem n. hefur látið rannsaka með byggðahverfi í huga, liggja margir í nánd við kaupstaði eða kauptún, sem líkleg eru til vaxandi útgerðar, síldariðju o. þ. h. Einhver stærstu svæðin eru í Ölfusi og í Rangárvallasýslu, nokkur eru í Borgarfjarðarsýslu, eitt í Mýrasýslu, eitt vestur í Staðarsveit og annað í Saurbæ í Dalasýslu, eitt skammt frá Blönduósi og annað við kauptúnið á Skagaströnd, eitt í Köldukinn í Þingeyjarsýslu og tvö nálægt Húsavík, annað þeirra í Reykjahverfi, þá yrði byggðahverfi á Fljótsdalshéraði og loks tvö við Höfn í Hornafirði, annað þeirra uppi í Nesjahreppi. Þessi byggðahverfi eru öll á þeim stöðum, þar sem eðlilegt er, að fólki fjölgi, en fækki ekki, og afkoma ætti að geta orðið góð.

Um kostnaðarhliðina, sem mönnum mun mest vaxa í augum, er það fyrst að segja, sem lagt er til í frv. Samkv. því á að leggja 1½ millj. kr. á ári til að stofna þessi býli og leggja fram 10 millj. kr. sjóð í eitt skipti fyrir öll til styrktar byggingu byggðahverfa. Þessar upphæðir eru að vísu mjög háar, en ekki háar í samanburði við það, sem nú er varið til landbúnaðar, ekki til varanlegra umbóta, heldur aðeins til viðhalds og eyðslu frá ári til árs.

Nú er von, að menn spyrji: Verða býlin ekki of dýr til þess, að bændur geti rekið þau?

Kostnaðaráætlunin er sú, að hvert býli með öllu og öllu þurfi 172 þús. kr. höfuðstól. Þar af er talið landverð með ræktun 60 þús. kr., húsaverð 71.500, bústofn 29.300, vélar og búsáhöld 11.200, — samtals 172 þús.

Ég skal ekki fara út í að vega og meta, hvort kostnaður við að koma upp þessum býlum þurfi raunverulega að verða svona hár, og hvort bændur, sem fá býlin í hendur, reynist geta risið undir kostnaðinum. En þess ber að gæta, að bústofn er mikill, 14 kýr auk annars, og vel er búið í hendur þessara manna.

Ég skal þá víkja að því, hvernig framkvæmdin er hugsuð, en nokkuð er farið eftir því, sem ráðgert var um stofnun samvinnubyggðahverfa. Gert

er ráð fyrir, að ríkið annist alla framræslu og undirbúning ræktunar og skili 6 ha. landi fullræktuðu með hverju býli, helmingi þess, er rækta skal. Auk þessa er sjóður stofnaður til að veita lán með mjög hagstæðum kjörum til húsabygginga yfir menn og búpening, aðeins 3% á ári í vexti og afborganir, og greiðist lánin á 40 árum, en efnalitlum mönnum verði gefinn kostur á að fá 25% kostnaðar veitt sem styrk.

Ég geri ráð fyrir, að talsvert skiptar skoðanir verði um það, hvort ríkið ætti ekki að leggja fram allan kostnað við að reisa býlin og leigja bændum síðan eða fara þá leið að stofna sjóð, sem styrkti ætíð byggingarnar.

Ég geri ráð fyrir, að hjá mönnum, sem kynnt hafa sér þessi mál, muni vera allmikið skiptar skoðanir um, hvora leiðina eigi að fara, hvort ríkið eigi einnig að leggja fram allan kostnaðinn við bygginguna og leigja þá jörðina með byggingum og öllu saman hinum nýja ábúanda eða þá leið, sem talað er um hér í frv., að ríkið framkvæmi að miklu leyti ræktunina, en stofnaður sé sjóður *með lágum vöxtum og þó nokkrum styrk vegna bygg*ingarinnar, en þá er gert ráð fyrir, að byggingin verði ekki leigð, heldur eigi ábúandi hana sjálfur. Ég geri ráð fyrir, að margt mæli með því, að ekki sé farin sú leiðin, sem talað er um í frv., að stofna sjóð og veita lán, heldur hin, að leigja ábúendunum bæði jörðina og byggingarnar, en þó geri ég ráð fyrir, að ábúandinn sjálfur muni heldur kjósa að eiga íbúðarhúsin en að fá þetta allt leigt. Þarna er sem sagt um tvær leiðir að velja, og getur komið mjög til álita, hvora leiðina ætti að fara.

Þegar ég athuga í heild, hve mikið er í raun og veru lagt upp í hendurnar á ábúendunum, sem eiga við býlunum að taka, hve stór búin eru og á hve heppilegum stöðum þau liggja, þá trúi ég ekki öðru en að með eðlilegri þróun í þessum málum ættu bændurnir, sem við býlunum taka, að geta fyllilega staðið sig á jörðunum.

Viðvíkjandi byggingarkostnaðinum sjálfum er ótrúlegt annað en hann geti orðið miklu lægri, einmitt þegar um byggingar á þennan hátt er að ræða, þar sem húsin gætu verið byggð nokkurn veginn í sama stíl. Það ætti að vera miklu lægri byggingarkostnaður en við nýbýlaræktunina, þar sem húsin eru af margs konar gerð úti um sveitir landsins.

Viðvíkjandi vélakaupum, sem reikna má með í heildarkostnaðinum, má gera ráð fyrir ýmsum sparnaði, t. d. með því að byggðahverfin kaupi vélar sameiginlega og þannig verði meiri not af þeim og ekki þörf á, að bændur eigi allar vélar sjálfir eða hver fyrir sig. Vélakostnaðurinn þyrfti því ekki að verða eins mikill og hér er áætlað. Þetta og annað fleira ætti að geta orðið til þess að gera kostnaðinn í byggðahverfunum miklu minni en áætlað er hér og búrekstur inn hagstæðari fyrir bændur, sem eiga að taka við þessum býlum.

Þá vildi ég aðeins víkja lítillega að fyrirkomulagi rekstursins, eins og gert er ráð fyrir, að hann verði eftir þessu frv. Þegar byggðahverfin eru stofnuð og allir ábúendur komnir þar, þá er gert að skyldu, að mynduð séu byggðafélög, en síðan gert ráð fyrir, að þeir bændur, sem þarna búa, ákveði sjálfir, hvaða rekstursfyrirkomulag þeir vilja hafa, hvað mikið af vélum og öðru, sem er sameign, og að hve miklu leyti þeir vilja reka þessi bú sem félagsrekstur og að hve miklu leyti sem einstaklingsrekstur. Það er sem sagt gert ráð fyrir, að reynslan verði látin skera úr um, hvaða rekstursfyrirkomulag bændurnir taka upp í byggðahverfunum.

Hér eru tekin upp í frv. nokkur atriði, sem mþn. Búnaðarfélagsins hefur gert sínar till. um. Við höfum hugsað okkur framkvæmd þessara l. með sams konar sniði og framkvæmd l. um vega- og brúargerðir, sem sagt, að þegar slíkar framkvæmdir sem þessar eru komnar á, þá verði árlega eða með nokkurra ára millibili gerðar af nýbyggðastjóra eða manni, sem með þessi mál fer, till. um, hvaða byggðahverfi séu sett inn í nýbyggðal. En síðan verði byggðastjóra í sjálfsvald sett, á sama hátt og vegamálastjóra og vitamálastjóra, í hvaða röð þessar framkvæmdir yrðu gerðar, t. d. á hvaða byggðahverfum skuli byrjað.

Í raun og veru er svo um þessi byggðahverfi, sem hér eru nefnd, að það er aðeins um áætlun að ræða. Þetta væru þá þau byggðahverfi, sem kæmu til framkvæmda á næstu árum. Ég þori ekki að segja, hve langan tíma það þyrfti að taka eftir þeim fjárframlögum, sem hér er gert ráð fyrir til stofnunar byggðahverfa, en geri þó ráð fyrir, að framkvæmdin tæki 5 til 10 ár. Þessi byggðahverfi, sem talin eru hér upp, eru þó aðeins till., og við nánari rannsókn gætu vel verið aðrir staðir á landinu, sem þættu betur fallnir til, að fyrr væri hafizt handa um byggðahverfi þar. En um það munu koma fram till., þegar l. þessi verða komin til framkvæmda, eða jafnvel áður hér á þingi.

Þá er það enn fremur gert að heimild, að ef 10 bændur eða fleiri taka sig saman og stofna byggðahverfi, þá geti þeir gert till. til nýbyggðastjóra. Hann lætur þá rannsaka skilyrði á þeim stöðum, sem þeir hafa bent á, og leggur að því loknu till. sínar fyrir Alþ., ef hann telur rétt að heimila byggðahverfastofnun á þessum stöðum. Þarna eru möguleikar til að koma á hreyfingu frá bændum sjálfum, og getur vitanlega komið til mála, að þeir geti sjálfir lagt fram svo og svo mikið af stofnkostnaði byggðahverfanna, og yrði þá skv. l. ákveðið hvert sinn, hve mikið þyrfti að koma á móti frá ríkinu.

Það er alllöng greinargerð fyrir þessu máli í frv., svo að ég skal ekki þreyta hv. þm. á að fara öllu ýtarlegar út í frv. nú. Ég skal aðeins geta þess, að hér er ekki aðeins um frv. til byggðahverfastofnunar að ræða, heldur eru hér endurskoðuð eldri l. um nýbýli. Ég skal því aðeins gera grein fyrir helztu breytingum, sem gerðar eru.

Það eru settar takmarkanir fyrir því, á hvaða stöðum nýbýli skuli stofnuð eftirleiðis, þannig að það er ætlazt til, að stofnun nýbýla sé mestmegnis takmörkuð við ræktað land. Þó hef ég ekki séð fært að halda þessu skilyrði til þrautar, því að það geta verið þannig ástæður á óræktuðu landi, að ekki

væri rétt að neita um stofnun nýbýla þar, en þó hefur reynslan sýnt nægilega greinilega, að ég held, að menn séu sammála um það, að nýbýli á óræktuðu landi hafa heppnazt mjög illa. Ég veit t. d., að búnaðarmálastjóri er þeirrar skoðunar, að það ætti í rauninni ekki að leyfa stofnun nýbýla annars staðar en á ræktuðu landi.

Önnur aðalbreyting, sem gerð er á þessari nýbýlalöggjöf, er sú, að styrkur til þeirra nýbýla, sem á annað borð er leyft að stofna, er hækkaður allverulega, eða upp í 15 þús. kr. og lánsupphæðin upp í 15 þús. kr., samtals 30 þús. kr., sem er mjög nálægt þeirri upphæð, er búnaðarmálastjóri hefur talið, að mundi vera nægileg, þegar tekið er tillit til þess verðlags, sem nú er.

Þá er enn eitt viðvíkjandi þessum einstöku býlum, sem sé þjóðjarðirnar. Með frv. þessu er heimiluð stofnun nýbýla á þjóðjörðum og þar með gert ráð fyrir, að þær yrðu að öllu leyti undirbúnar í hendur þeirra ábúenda, sem við þeim býlum taka, á sama hátt og byggðahverfin.

Vitanlega væri margt fleira, sem nauðsynlegt væri að taka fram um þetta frv., því að það er að ýmsu leyti nýstárlegt, en með tilliti til þess, hve grg., sem fylgir frv., er ýtarleg, þá ætla ég ekki að rekja þetta mál öllu lengur.

Frv. er í 6 köflum. 1. kaflinn er um nýbyggðastjórn. Þar er gert ráð fyrir, að skipaður verði sérstakur nýbyggðastjóri, sem hafi á hendi allar framkvæmdir, er heyra undir þessi l. Það er vafalaust, ef þessi l. kæmust til framkvæmda, þá yrði starfið við að stofna byggðahverfin svo mikið, að það kæmi ekki til mála annað en að fela það einum manni, sem hefði það starf og ekkert annað. En hins vegar er gert ráð fyrir, að ekki þyrfti neina n. með honum. Þetta er hugsað í samræmi við l. um vega- og brúargerð og vitamál, því að þetta yrði hliðstætt.

2. kafli frv. er um nýbyggðasjóð. Helzta breytingin eða nýmælið þar er um stofnun byggðahverfasjóðs, sem ég gat um áðan. Áætlað er að stofna þennan sjóð úr nýbýlasjóði og byggingarsjóði að viðbættum byggðahverfasjóði með 10 millj. kr. stofnfé úr ríkissjóði og auk þess allt að 500 þús. kr. framlagi á ári. Hinir sjóðirnir eru látnir halda sér og ætlazt til, að þessir sjóðir starfi í 3 deildum. Önnur aðalbreytingin er á lánskjörunum, en gert er ráð fyrir, að vextir og afborganir verði aðeins 3% af allri lánsupphæðinni í 42 ár, bæði af byggðahverfasjóði og nýbýlasjóði, en aftur á móti 5% af framlaginu í byggingarsjóð, sem starfar til endurbyggingar, enda vitanlega miklu minni þörf á lágum vöxtum og afborgunum til þeirra framkvæmda.

Það er gert ráð fyrir, að reglur þessa sjóðs séu í samræmi við þær reglur, sem gilt hafa fram að þessu um nýbýlasjóð og byggingarsjóð. Sjóðurinn er undir stjórn Búnaðarbankans, eða Búnaðarbankinn hefur allt reikningshald fyrir hann.

3. kaflinn er um byggðahverfi, og honum hef ég greinilegast lýst.

4. kaflinn er um nýbýli, og hef ég tekið fram helztu breytingarnar, sem gerðar hafa verið á nýbýlal. frá því, sem áður var.

5. kaflinn er um viðhaldsskyldu og söluskilyrði, og er það líka í samræmi við eldri l.

6. kaflinn er um ýmis ákvæði, sem ekki þurfa frekari skýringar við.

Þetta er þá í fæstum orðum heildaryfirlit yfir frv. Aðaltilgangur þess er að stofna byggðahverfi. Eins og ég hef tekið fram, þá held ég, að hin eina raunverulega stefna, sem við getum tekið upp í landbúnaðarmálum, sé einmitt sú að stofna byggðahverfi á nokkrum þeim stöðum í landinu, sem bezt eru fallnir til framtíðarbúskapar, og ég veit í rauninni ekki betur en allir þeir, sem um þessi mál hafa hugsað, séu orðnir sammála um nauðsyn þess, að stofnuð séu byggðahverfi.

Ég hef lýst því, í hvaða átt þróunin hefur gengið, og nú er í raun og veru svo komið, að það er allt að lenda í óefni í þessum málum. Sveitirnar tæmast meir og meir. Þó að fram komi till. um aukna ræktun og meiri notkun véla, þá er strjálbýlið svo mikið í sveitunum, og strjálbýli, aukin ræktun og notkun véla getur ekki farið saman, því að það er í mótsögn sín á milli.

Einu viturlegu breytingarnar, sem hægt er að gera í landbúnaðinum, hljóta að vera bein framlög ríkisins í stórum stíl til ákveðinna staða á landinu, þar sem menn geta gert ráð fyrir, að byggð haldist og betri möguleikar skapist til að bæta og skipuleggja framleiðsluna og skapa meiri lífsþægindi fyrir fólkið, sem í sveitunum býr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 116. fundi í Ed., 1. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 377, n. 745).

Frsm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um nýbyggðir og nýbyggðasjóð kom til landbn., og sendi hún það til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn ríkisins. Það leið alllangur tími frá því n. sendi frá sér frv. og þar til svar barst frá Búnaðarfélaginu. Var það þess efnis, að starfandi væri mþn. búnaðarþings, sem hefði með höndum rannsóknir varðandi þetta mál, og hefði hún aflað sér allmikilla gagna um það og teldi stjórn félagsins því réttara að bíða eftir áliti þessarar n. og kvaðst hafa vísað frv. til hennar. Landbn. hefur beðið eftir þessu svari og ekki tekið frv. til nánari athugunar. Er svarið barst, höfðu allmiklar breytingar átt sér stað; ný ríkisstj. var setzt að völdum, er hafði aðallega á stefnuskrá sinni nýskipun atvinnumálanna, og búið var að stofna nýbyggingarráð, sem einmitt hafði verið falin umsjá með þessari nýskipun. Landbn. taldi því, — þar sem svona var komið og svo langt liðið á þ., — að henni mundi

ekki vinnast tími til þess að taka þetta frv. til nægilega rækilegrar athugunar nú, og mundi því vera rétt að afgr. málið á þann hátt að fela nýbyggingarráði og Búnaðarfélaginu að undirbúa málið betur, þó að mér sem flm. þessa frv. hefði þótt betra, að landbn. hefði nú á þessu þ. getað tekið málið til rækilegrar athugunar og afgr. það á annan hátt. Ég tel, að hér sé um mjög aðkallandi mál að ræða, stofnun byggingahverfa, sem er aðalefni þessa frv. og sem ekki megi dragast. Þessi nýsköpun, stofnun byggðahverfa og ræktun landsins í því sambandi, hlýtur alltaf að taka langan tíma, og því lengur sem dregst að undirbúa þetta mál, því verr álít ég farið. Hins vegar var ég n. sammála um það, þar eð nýbyggingarráð hefur verið stofnað og búnaðarmálastjóri á þar sæti, sem hefur látið sér mjög annt um þessi landbúnaðarmál, — að málinu mundi vera vel komið í höndum þessa ráðs, og væri því æskilegt, að það fengi málið til undirbúnings í trausti þess, að það taki málið alvarlega fyrir og láti ekki undirbúning dragast. — Viðvíkjandi því áliti, sem kom frá Búnaðarfélagi Íslands, vildi ég þó taka það fram, að mér finnst kenna allmikils seinlætis hjá því í þessu máli, þrátt fyrir margyfirlýstan góðan vilja til þess að hrinda því af stað. Mþn. frá Búnaðarfélaginu hefur verið starfandi í þessu máli, og segir Búnaðarfélagið, að hún hafi ekki skilað fullnaðaráliti enn þá. Hins vegar hafði hún þá strax á s.l. vori birt till. um stofnun ákveðinna byggðahverfa, og einmitt eftir þeim auglýstu till. var farið í þessu frv., og tilgangur okkar flm. með því að koma með frv. fram með eins góðum undirbúningi og okkur var unnt, var einmitt sá að flýta sem mest fyrir því, að þetta mál yrði nú tekið alvarlega fyrir. Mér finnst því, að Búnaðarfélagið ætti að láta meira að sér kveða í þessu máli.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál; eins og komið er, sætti ég mig við þá meðferð málsins, sem landbn. hefur orðið sammála um, sem sé að afgr. frv. héðan með svohljóðandi rökst. dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli nýbyggingarráði að taka þetta mál til vandlegrar athugunar og vinna að undirbúningi þess með framgang málsins fyrir augum, eftir því sem bezt þykir henta fyrir íslenzkan landbúnað, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég vil aðeins bæta því við, að ég treysti því, þótt þessi afgr. sé viðhöfð í málinu, að nýbyggingarráð og Búnaðarfélagið láti málið til sín taka og undirbúningi þess hraðað sem mest, svo að unnt verði að leggja málið fyrir næsta hv. Alþ. og að þá geti það fengið fullnaðarafgreiðslu, svo að hægt verði að hefjast handa um stofnun byggðahverfa, a. m. k. þar, sem það er mest aðkallandi á landinu.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 745, frá landbn., samþ. með 9 shlj. atkv.

7. Lögreglumenn.

Á 39. fundi í Sþ., 6. sept., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um lögreglumenn* (þmfrv., A. 283).

Á 40. fundi í Ed., 8. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Samhljóða frv. þessu flutti ég á þingi 1943, og var það sent allshn. Þrátt fyrir það að málið væri allverulega rætt í n., náðist ekki samkomulag um framgang þess. Þegar þetta var sýnt, var orðið svo áliðið þings, að ekki þótti ástæða til að skila nál. Hér er um svo mikið mál að ræða og sjálfsagt sanngirnismál, að einsætt virðist að bera það fram enn á ný á þessu þingi, og það hef ég gert.

Ég get látið mér nægja að vísa til grg., svo og þess, sem fram kom í framsögu málsins í fyrra, og orðlengi því ekki um málið á þessu stigi. Legg ég til, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 283, n. 979).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar, en ekki getað orðið sammála um að mæla með því að svo stöddu. Þó mun n. hafa verið sammála um, að núverandi skipting á lögreglukostnaði milli ríkis og bæja væri óréttlát, en var hins vegar ekki sammála um, hvernig skipta ætti kostnaðinum.

Leitað var álits sakadómara, sem skrifaði um þetta ýtarlega grg., sem hér fylgir með, og virðist hann hallast að því, að lögreglukostnaður verði að mestu færður yfir á ríkið.

N. sannfærðist af þeim rökum, sem þar eru greind, og þess vegna er þessi rökst. dagskrá fram komin, í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. athugi þetta. Vil ég biðja hæstv. forseta að sjá um, að hin rökst. dagskrá berist ríkisstj. í hendur, og mun ég ganga eftir þessu á næsta hausti.

Bréf hefur borizt um þetta mál frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Efni þess er hið sama að öðru leyti en því, að hann leggur til, að skipuð verði mþn. í málið. En ég hygg, að það sé nær vilja Alþ. að fela ríkisstj. þetta. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér upp bréf lögreglustjóra, sem ekki hefur verið prentað, en það hljóðar svo:

„Hin heiðraða allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefur sent mér til umsagnar frumvarp það til laga um lögreglumenn, er nú liggur fyrir hinu háa Alþingi. Óskar nefndin sérstaklega álits um, hvernig skipta beri kostnaði milli ríkis og bæjarfélaga.

Við athugun og samanburð á frumvarpi þessu við núgildandi lög um löggæzlumenn, nr. 50 frá 1940, kemur í ljós, að frv. gerir ráð fyrir þeim höfuðbreytingum á núgildandi löggjöf, að ríkisvald-

ið fái óskoraðan rétt til skipunar lögreglumála, enda beri ríkissjóður einn allan kostnað af þeim málum.

Löggæzlan er eðli sínu samkvæmt ein meginmáttarstoð hvers þjóðfélags. Veltur því á miklu, að vel sé vandað til allrar löggjafar, er snertir hana. — Núgildandi lög um lögreglumenn eru að ýmsu leyti ófullkomin og úrelt, en það virðist hins vegar vera nauðsynlegt, að hið unga lýðveldi búi svo vel um þessi mál sem unnt er.

Ég leyfi mér því að leggja til, að skipuð verði nefnd, sem taki lögreglumálin í heild til meðferðar og geri tillögu um nýja löggjöf um lögreglumenn. Mætti t. d. skipa í nefnd þessa borgarstjóra og einhvern af starfsmönnum dómsmálaráðherra, einn mann úr hverjum þingflokki, sakadómara, lögreglustjórann í Reykjavík og einhverja úr hópi sýslumanna."

Eins og ég áður gat um, er þetta bréf að mestu samhljóða hinni rökstuddu dagskrá.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar, nema tilefni gefist.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 979, frá allshn., samþ. með 10 shlj. atkv.

8. Útsvör (frv. GJ).

Á 92. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör* (þmfrv., A. 1043).

Á 121. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég mun láta nægja að vísa til grg., sem fylgir þessu frv. Hún segir raunverulega allt, sem segja þarf um málið. En vegna þess, hversu þetta er mikið fjárhagsatriði fyrir þann hrepp, sem hér á hlut að máli, vildi ég mælast til þess við form. allshn., að hann afgreiddi þetta mál eins fljótt og mögulegt er, ef hægt væri að koma því í gegn á þessu Alþ. Ég mun ekki að öðru leyti ræða um málið á þessu stigi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1043, n. 1105).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta mál og rætt það allýtarlega og átt tal við flm. þess, hv. þm. Barð. En að þessari athugun lokinni taldi n. ekki fært að mæla með samþ. frv., heldur leggur til, að það verði afgr. með rökst. dagskrá, þar sem fram kemur áskorun til hæstv. ríkisstj. um, að hún taki til endurskoðunar fyrir næsta þ. lagafyrirmælin um útsvarsskyldu og skiptingu útsvara og leggi frv. um það fyrir Alþ.

Það var skoðun nm. allra, að þessi lagafyrirmæli séu í einstökum atriðum bæði óljós og ekki í alla staði hagkvæm, og sé því nauðsynlegt að endurskoða þau rækilega. Hins vegar telur n. ekki fært að taka eitt atriði út úr með þeim hætti, sem lagt er til í frv., og setja sérákvæði um það, með því að þá væri þessum fyrirmælum ruglað enn þá meira en áður og möguleikar dómstólanna til þess að kveða á um raunverulegt heimilisfang í einstökum tilfellum mjög skertir frá því, sem nú er, en að sjálfsögðu hljóta dómstólarnir að eiga að skera úr um það atriði, og er ekki ástæða fyrir löggjöfina að taka fram fyrir hendur dómstólanna í þessu efni.

Að öðru leyti get ég látið nægja að vísa til nál. og hinnar rökst. dagskrár, sem þar er prentuð, en vil leggja áherzlu á, að nm. telja miklu máli skipta, að hæstv. ríkisstj. láti endurskoðun þessara lagafyrirmæla eiga sér stað, sem farið er fram á með rökst. dagskránni, og vona, að hv. d. geti fallizt á samþ. hennar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls. Kann ég að meta hana að fullu, þar eð málið kom svo seint inn. Jafnframt þakka ég hæstv. forseta, sem hefur sýnt málinu mikla samúð með því að taka það á dagskrá með afbrigðum.

Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð og get lýst því yfir, að ég sem flm. málsins get fellt mig að fullu við þessa afgreiðslu málsins frá hv. allshn., þótt ég muni sitja hjá við atkvgr. um rökst. dagskrána. Ég skil vel rök hv. 6. þm. Reykv. í málinu, en vil leyfa mér að benda á, að mér fannst gæta nokkurs ósamræmis í því, er hann sagði síðast, að ekki þætti ástæða til þess að taka fram fyrir hendur dómstólanna um breyt. á l., sérstaklega með tilliti til þess, að nýlega er búið að samþ. l. á alveg sama grundvelli, þar sem hv. þm. greiddi atkv. með því, að slíkur háttur yrði hafður á málinu. Segi ég þetta ekki til aðkasts, heldur til þess að bera saman vinnuaðferðir á ýmsum málum. — Ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. láti þessa athugun fara fram, og skil alveg sérstaklega þau rök, sem færð eru fram; að óheppilegt sé að taka út úr svona eitt atriði, og m. a. fyrir það get ég fellt mig við afgr. þessa máls og þakka skjóta afgr. á því.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 1105, frá allshn., samþ. með 9 shlj. atkv.

9. Mjólkursala og rjóma o. fl. (frv. ÁS).

Á 73. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. (þmfrv., A. 640).

Á 91. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Fyr ir 10 árum var mikið um það rætt, að skipuleggja þyrfti framleiðslu landbúnaðarins. Ég minnist þess, að þá heyrði ég greindan bónda segja, að þetta mundi ekki nægja, það yrði að skipuleggja afurðasöluna. Þetta hefur orðið orð að sönnu, og þetta var að vísu gert, en dugði eigi. Þetta frv. er lítils háttar breyting á skipulagningu mjólkursölunnar. Landinu var skipt í verðjöfnunarsvæði, og síðan var lagt verðjöfnunargjald á mjólkina til þess að verðbæta þá mjólk, sem varð að vinna úr ost og smjör o. fl. Þetta olli óánægju þeirra, sem urðu að greiða verðjöfnunargjaldið, og vakti andúð á milli þeirra og hinna, er nutu þess. Þeim, sem bjuggu utan verðjöfnunarsvæðisins, var bannað að flytja mjólk inn á svæðið, en jafnframt átti sölumiðstöðin að sjá um, að næg mjólk væri ávallt til og ekki kæmi heldur of mikil mjólk á markaðinn. En nú hefur svo farið, að á helztu markaðsstöðum landsins hefur orðið skortur á mjólk, en þó öðrum meinað að flytja þangað mjólk. Svo er því farið með Reykjavík. Nú mega bændur utan verðjöfnunarsvæðisins að vísu selja smjör, en þá yrðu þeir einnig að geta gert sér verð úr undanrennunni, því að öðrum kosti verður smjörið allt of dýrt. Síðan hafa komið fram háværar kröfur um að breyta þessu, stækka verðjöfnunarsvæðin. Það er ekki hægt að neita því, að það er sanngjörn krafa, að þeir, sem eru utan jöfnunarsvæðis, mega flytja vörur inn á svæðið. Auk þess hygg ég, að þetta sé ekki hin rétta leið, því að eftir þessari reglu mætti verðjafna alla hluti landbúnaðarins, t. d. kartöflur, þótt til þess kæmi auðvitað ekki, t. d. að Hornfirðingar færu að koma með þær hingað. Það þarf að leyfa mönnum utan verðjöfnunarsvæðisins að flytja vöru inn á þessi svæði, ef þeir treysta sér til að framleiða þær, án þess að njóta þeirrar verðjöfnunar, sem héruðin hér njóta.

Ég vona svo, að frv. fái góðar undirtektir, og óska, að því verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20:1 atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 640, n. 926).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta litla frv., sem flutt var hér fyrir jól, fer fram á, að sú breyting verði gerð á mjólkurl., að leyft verði að selja inn á verðjöfnunarsvæði mjólkurafurðir af þeim svæðum, sem utan við standa. Landbn. telur frv. miða í rétta átt, en ekki nægilega fullkomið, a. m. k. geri ég mig ekki ánægðan með þessa breytingu á mjólkurl. Nefndin leggur því til að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá í því trausti, að á þessu verði ráðin bót á næsta þingi.

Bjarni Ásgeirsson: N. var sammála um að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá. En ég var ekki alls kostar samþykkur orðalagi n. og áskildi mér rétt til að gera grein fyrir því hér. Það má segja, að mjólkurl. hafi staðizt vel sitt próf, en eins og líklegt er um svo umfangsmikið mál, þá er þörf endurskoðunar, þegar reynsla og breyttir tímar hafa gert sitt að. Nú situr mþn., sem hefur þessi mál til meðferðar, og þykir mér ástæða til að bíða eftir hennar áliti.

Um efni frv. er það að segja, að landbn. sendi mþn. frv., og var álit hennar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta.

„Nefndin hefur athugað frv. það á þskj. 640, um breyt. á l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, sem landbn. hefur sent henni til umsagnar. Nefndin lítur svo á, að hægt sé að mæla með samþykkt frv., með þeirri breyt., að heimildir þær til sölu á rjóma og nýju skyri í 1. gr. fyrir þá, sem eru utan verðjöfnunarsvæðanna, séu bundnar við það, að skortur sé á þeim vörum á verðjöfnunarsvæðunum sjálfum, eða þann tíma árs, sem slíkur skortur kemur fram. Enn fremur, að heimild 2. gr. sé gefin sölustjórnum verðjöfnunarsvæðanna, en ekki hverju mjólkurbúi um sig.

Þannig breytt getur nefndin fallizt á, að frv. sé til bóta."

Ég er mþn. sammála um aðalatriðin í þessu áliti hennar, og þegar talað er um breyt. á þessum l., þá á ég við þau atriði, sem mþn. hefur tekið fram. Á þessum grundvelli get ég greitt þessari rökstuddu dagskrá mitt atkvæði.

Sveinbjörn Högnason: Þetta frv. var svo til 1. umr., að ég hafði ekki ástæðu til að segja mína skoðun, en í því gætir á ýmsum sviðum reginmisskilnings. Þar segir, að með mjólkursölul. hafi sumum verið veitt einkaaðstaða til mjólkursölu. Þó er það alkunna, að með þessum l. voru sölumöguleikarnir mjög rýmkaðir. Það er því hið mesta öfugmæli, að með l. sé veittur einkaréttur, heldur hefur stöðugt verið unnið að því, að fleiri og fleiri gætu fengið markað fyrir mjólk. Þá er einnig talað um, að verðjöfnunargjaldið hafi valdið óánægju og úlfúð. Ég hygg, að þetta sé einnig rangt. Verðjöfnunargjaldið hefur valdið litlum ágreiningi og er nú talið sjálfsagt. Ég skal ekki vera margorður um þetta, en öll uppbygging þessa frv. og rökstuðningur er byggt á hinum mesta misskilningi.

Höfuðtilgangur frv. var ekki rétt skýrður hjá háttv. frsm. Höfuðtilgangur þess er sá, að þeir,

sem eru utan verðjöfnunarsvæðanna, skuli gerðir rétthærri en þeir, sem búa á svæðunum. Þetta er algerlega gagnstætt því, sem barizt var um í upphafi. Þá var einkum deilt um það, að svæðin væru of stór. Með þeim hætti, sem hér er lagt til, eru þeir, sem framleiða verri vöru við verri skilyrði, gerðir rétthærri. Og vitanlega yrði hér um hina mestu afskræmingu á l. að ræða, sem hægt er að hugsa sér, ef þetta tvennt næði fram að ganga, að þeir, sem bezta hafa aðstöðuna til þess að framleiða kjöt í landinu fyrir markaðinn, skyldu hafa forgangsrétt um sölu, og hins vegar aðaltilgangur þessa frv. líka samþ., sem talað er um, að nauðsynlegt sé, og sem lá fyrir í landbn., hvort gera skyldi. Og þá sé ég ekki, að það væri gott að framleiða mjólk nálægt markaðsstöðunum. Ég skil ekki, hvernig sá hugsunarháttur er til kominn að vilja láta þá menn hafa forgangsrétt um að selja mjólk, rjóma og skyr, sem lengst eru frá verðjöfnunarsvæðunum. Þessi niðurstaða hlýtur að vera á mjög miklum misskilningi og vanþekkingu byggð. Það gæti verið háskalegt, ef það væri samþ., að menn, sem ekki geta náð til mjólkurbúa til þess að fá gerilsneydda sína mjólk, þó að l. séu fyrir því, að gerilsneyða skuli mjólk, sem seld er á markaðinum, — það gæti verið háskalegt, ef samþ. væri, að slíkir menn hefðu jafnvel forréttindi fram yfir þá, sem á verðjöfnunarsvæðunum búa nú, um það að selja mjólk. Ég er það einnig allfjarri réttu lagi, að það skyr, sem búið er til á heimilunum, skuli vera rétthærra um sölu heldur en það skyr, sem búið er til í mjólkurbúunum. T. d. ætti þá skyr úr Skagafirði að vera rétthærra hér í Reykjavík heldur en af svæðunum rétt í kringum búin fyrir austan fjall, í Árnessýslu og Rangárvallasýslu. En þetta er höfuðtilgangur frv. þessa um sölu mjólkur og mjólkurafurða, því að þarna á að gera sölumiðstöðinni og mjólkurbúunum, sem fyrir hendi eru, það að skyldu að taka við þeirri mjólk, sem þeim kann að verða send af svæðum, sem eru utan verðjöfnunarsvæðanna. Og því er ekki hægt að framfylgja nema þann veg, að mjólk af svæðum utan verðjöfnunarsvæðanna sé gerð rétthærri heldur en sú mjólk og þær mjólkurafurðir, sem framleiddar eru á verðjöfnunarsvæðunum. Ég hygg, að það sjái það hver maður, hvílíkar afleiðingar það getur haft að samþ. þetta frv. og mundi óhjákvæmilega af því leiða, til þess að brjóta niður mjólkuriðnaðinn í landinu. Ef þeir eru rétthærri um sölu mjólkur og mjólkurafurða, sem ekki hafa mjólkurbú, hvað ætli menn reyni þá til þess að byggja upp mjólkurbú?

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mjög langt út í þetta. Hv. þm. Mýr. hefur lesið álit mþn. í mjólkurmálum, sem frv. var sent til umsagnar. Og það var einróma samþ. af þeim, sem í mþn. voru, að ekki væri hægt að ganga lengra í þessu heldur en að taka rjóma og nýtt skyr til sölu frá svæðum utan verðjöfnunarsvæðanna, þegar ekki er nóg af þeim vörum á markaðinum frá verðjöfnunarsvæðunum.

Ég hef því leyft mér að bera fram, ásamt hv. þm. Borgf., brtt. við hina rökstuddu dagskrá, sem fram er komin, um, að af till. falli orðin: „og sé þar meðal annars tryggður tilgangur þessa frumvarps.“ — Ég hef ekkert við það að athuga, að mjólkursölulöggjöfinni sé breytt, ef nauðsyn krefur, og að sjálfsögðu er mþn. að athuga ýmis atriði í því sambandi. En ég vil ekki, að hæstv. Alþ. samþykki þetta frv., þar sem tilgangur frv. er sá að gera þessar vörur, sem hér er um að ræða, rétthærri, ef þær eru framleiddar utan verðjöfnunarsvæðis, heldur en slíkar vörur, sem framleiddar eru á verðjöfnunarsvæðunum sjálfum. Því að með slíkri löggjöf, ef samþykkt væri, yrði stigið fyrsta sporið til þess að grafa undan mjólkurbúunum og mjólkuriðnaðinum í landinu. En ef reynslan sýnir, að eitthvað, sem í þessu frv. er lagt til, að lögfest verði, gerist nauðsynlegt að taka í l., þá verður það tekið upp. En höfuðtilgang þessa frv. kemur ekki til mála að samþykkja.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Hv. þm. Mýr. lét svo í ræðu sinni sem það væri meiri ágreiningur um þessa dagskrártill. heldur en í raun og veru er, enda er hún undirskrifuð af öllum nm. ágreiningslaust. Vitanlega komu ýmis form á dagskrártill. til athugunar í n. En ég skoðaði það svo, að þetta væri samkomulagstill. Og það er óþarfi að vefengja það.

Ég sé ástæðu til að minnast á afstöðu mþn. mjólkurmála í sambandi við þetta mál. Landbn. þessarar háttv. d. sendi þeirri n. þetta litla frv. til umsagnar og fékk frá henni bréf, sem er hið fáránlegasta plagg. Það er að vísu á því hin fagra rithönd hv. þm. Ak., en mér virðist andinn í því vera fenginn frá hv. þm. V-Sk. Því að aðalatriðið í þessu bréfi var, að það skyldi að vísu mega selja rjóma og skyr á markaðinum frá öðrum héruðum en sem eru á verðjöfnunarsvæðum, þegar þeir, sem á verðjöfnunarsvæðunum búa, hefðu þessar vörur ekki til. M. ö. o., við, sem ekki búum á verðjöfnunarsvæðunum, eigum að fá þá náð að mega selja hér skyr og rjóma á þeim tímum árs, þegar minnst er til af þessum vörum, minnst af þeim framleitt á þeim svæðum, sem einkarétt hafa nú til sölu á mjólk og mjólkurafurðum á aðalmarkaðsstöðunum. Þetta bréf er kostulegt plagg, því að það sýnir hugsunarhátt, sem er einstakur í sinni röð varðandi afurðasölumál. Því að vitanlegt er, að því aðeins gagnar það þeim svæðum, sem fyrir utan verðjöfnunarsvæðin eru, að fá þennan rétt, að þau fái hann árið um kring, a. m. k. jafnhliða því, sem þörfin er fyrir þessar vörur. Og reynslan hefur sýnt það, upp á síðkastið a. m. k., að það er alltaf skortur á rjóma og mjög mikill skortur á skyri, sem hægt sé að segja, að sé frambærileg vara. Þess vegna er það hin lægsta krafa, sem hægt er að gera af hálfu þeirra manna, sem reka landbúnað utan þessara einkaréttarsvæða, að það sé heimilt að flytja inn á þau svæði þessar vörur, rjóma og skyr, ekki aðeins á þeim tíma á árinu, þegar þær eru ekki til á verðjöfnunarsvæðunum, heldur líka endranær.

Ég vil svo víkja að ræðu hv. þm. V-Sk., sem hann flutti nú. Ég gerði nú ráð fyrir, úr því að samkomu-

lag varð um það í landbn. að vísa þessu frv. frá afgreiðslu í trausti þess, að það yrði tekið til nánari athugunar, hvaða breyt. þyrfti að gera á mjólkurl. síðar, þá þyrfti ekki að verða hér nein mjólkurræða út af því máli nú. En önnur er samt raunin á um það.

Ég skal ekki ganga langt í því að verja grg. þessa frv., sem fyrir liggur, því að hún er ekki hér til samþykktar eða atkvgr., og landbn. hefur ekki gert neitt í því að segja um það, hvort þar væri allt rétt sagt eða ekki. En óhætt er þó að segja, að það er rétt sagt í þessari grg., að það er starfandi einkasala á mjólkurmálasviðinu. Og um það höfum við rætt áður á þessu þingi, þó að frv. okkar hv. þm. Snæf. hafi verið stöðvað fram að þessu, og það með mjög undarlegum hætti. Ég get ekki látið hjá líða, úr því að inn á það er farið, að víkja að því við hæstv. forseta, hve langt eigi að líða formönnum nefnda að ganga í því að stöðva frv. Þessu áminnzta frv. var vísað til landbn. um miðjan sept. eða upp úr því. Ég skilaði áliti minni hl. landbn. fyrir jól. Nál. meiri hl. landbn. um það frv. er ekki komið enn, og nú er kominn 29. janúar. — Um þetta skal ég svo ekki segja meira. En þessi meðferð á frv. er náttúrlega þannig, að það er illt við slíkt að búa.

En í sambandi við þetta litla frv., sem hér liggur fyrir og gengur a. n. l. inn á sama svið og frv. það, sem ég flutti ásamt hv. þm. Snæf., er það að segja, að það er alveg hárrétt, sem ég tók fram í minni framsöguræðu áðan, að höfuðtilgangur þess er tvennur: að heimila sölu á rjóma og skyri inn á verðjöfnunarsvæði frá svæðum utan þeirra, og það jafnan, en hins vegar er hitt höfuðtilgangurinn með frv. að gefa þeim mjólkurvinnslustöðvum, sem til eru á verðjöfnunarsvæðunum, heimild til að taka mjólk til sölu annars staðar að, þegar þær sjá sér það fært. — Hv. þm. V-Sk. hélt því fram, að það væri rangt, að þetta væri höfuðtilgangurinn með frv., heldur væri það hitt, að gera þeim hærra undir höfði um sölu á þessum vörum, sem utan verðjöfnunarsvæðanna búa, heldur en þeim, sem á þeim eru, og það með því að heimila þeim, sem utan svæðanna búa, að flytja skyr og rjóma árið um kring til sölu á verðjöfnunarsvæðunum, jafnvel þó að það væri á sumum tímum árs nóg til af þeim vörum framleitt til sölu innan verðjöfnunarsvæðanna.

Það er náttúrlega alls ekki hægt að segja, að það sé neinn tilgangur, sem í því felst, þó að þetta sé þannig orðað í frv., heldur er það tilgangurinn að tryggja það, að neytendur hafi alltaf nóg til boða af þessum vörum, og svo hitt, að þær séu framleiddar í landinu í svo stórum stíl, að alltaf sé nóg af þeim á markaðnum. — Hitt er út af fyrir sig annað atriði, hvort of langt sé gengið eins og frv. er orðað, og sem landbn. tekur ekki heldur afstöðu til, að skylda sölumiðstöðina til þess að hafa á hendi sölu á þessum vörum fyrir aðra en þá, sem á verðjöfnunarsvæðunum búa, ef þeir, sem þar búa, hafa þær til sjálfir. Það gæti komið til greina, að gerð væri sú breyt. á l. — því að til þess höfum við ekki tekið afstöðu í n. —, að þau félög og einstakir aðilar yrðu að sjá um sölu á sínum vörum sjálfir, sem utan verðlagssvæðanna búa, en fengju leyfi til þess í l. að selja þessar vörur á markaðinum, þegar sölumiðstöðin vildi ekki hafa þær á sínum markaði. — En að hér sé um einhverja afskræmingu á l. eða rétti að ræða, sem fram á sé farið í frv., það fæ ég ekki séð. En ég tel hitt fremur misrétti í mjólkursölumálum þjóðarinnar, að svo sé til hagað með löggjöf, að nauðsynlegasta neyzluvara þjóðarinnar sé tímum saman ekki til á markaðnum hér í höfuðstaðnum, svo að fullnægjandi sé, en að hinu leytinu sé heilum héruðum bannað að selja þessar vörur hér og lagðar háar sektir við, ef út af er brugðið. Þetta tel ég misrétti. Þess vegna er ég á móti því, að breyt. verði gerð á dagskrártill. landbn., og vænti þess, að hv. þm. geti yfirleitt allir á hana fallizt eins og hún liggur fyrir frá nefndinni.

Forseti (JörB): Út af orðum, sem hv. þm. A-Húnv. lét falla um þann drátt, sem hefur orðið á afgreiðslu frv., sem hann var flm. að ásamt öðrum hv. þm., skal ég geta þess, að ég hef að vísu af minni hálfu ekki gert neinar sérstakar ráðstafanir til þess að fá nál. um málið. Og ég tók það svo, af því að hv. þm. A-Húnv. hefur aldrei vikið að því einu orði við mig, að þetta mál kæmi fyrir, að honum væri ekki hugarhaldið, að það kæmi á dagskrá. Því að annars hefði ég átt tal við hv. meiri hl. landbn. um að afgreiða málið frá sér, og hefði það ekki fengizt, mundi ég hafa tekið málið á dagskrá þrátt fyrir það, ef ekki hefði verið annars úrkosta.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Að sjálfsögðu var ekki nein ástæða fyrir mig að standa hér upp, þar sem hv. þm. V-Sk. hefur greinilega borið blak af mþn. í mjólkurmálum, sem er veitzt að hér við meðferð þessa máls og sérstaklega í síðari ræðu hv. þm. A-Húnv., frsm. landbn., þar sem hann leyfði sér að hafa þau orð um bréfið frá mþn. þessari, að það væri eitt hið fáránlegasta plagg, sem hann hefði séð. — Hvort hv. þm. A-Húnv. er einn um það að kalla þetta bréf hið fáránlegasta plagg, skal ég láta ósagt. En ég hygg, að hann verði nokkuð fáliðaður um þá skoðun, a. m. k. ef menn lesa frv. eins og það er, en ekki eins og viss persóna Biblíuna, að hlaupa fram hjá kjarna frv. Því að ég hjó eftir því, að í seinni ræðu sinni sagði hv. þm. A-Húnv. það fullum fetum, að n. hefði ekki tekið neina afstöðu til meginkjarna málsins. En mþn. miðaði álit sitt við það, sem kemur fram í frv., þar sem segir, að hin viðurkennda sölumiðstöð skuli annast sölu þeirra og dreifingu (þ. e. rjóma, skyrs og annarra mjólkurvinnsluvara), og að sölu- og dreifingarkostnaður þessara vara megi eigi vera hærri en samskonar vara, er framleiddar eru á verðjöfnunarsvæðinu. Hv. frsm. landbn. segir, að n. taki enga afstöðu til þessa. Þess vegna verð ég að geta þess, að hv. landbn. þessarar d. bað mþn. í mjólkursölumálum að senda umsögn um þetta frv. Og þegar svo var, gátum við ekki, sem í n. vorum, hlaupið fram hjá

þessu meginatriði frv. Og hv. form. landbn., þm. Mýr., hefur nú lesið þetta bréf — og gerði ekkert grín að því og þótti það ekkert fáránlegt —, til þess að allir gætu heyrt, hver afstaða n. er í þessu máli. Ef mþn. hefði verið falið að rífa niður skipulagið, sem er nú á mjólkursölumálunum í landinu, þá hefði verið öðru máli að gegna. En svo hefur nú ekki verið, heldur hefur okkur í n. verið falið að rannsaka mál, sem er í sex liðum, samkv. ályktun Alþ. Mþn. hefur nú þessa sex liði til rannsóknar og er ekki búin að ljúka því starfi. Og ég geri ráð fyrir, að niðurstaðan af þeirri rannsókn verði sú, að mjólkursöluskipulagið eigi að haldast, en ekki, að það eigi að rífa það niður. En ef kippa ætti grundvellinum undan því skipulagi á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., þá held ég, að ekki yrði mikið eftir af því.

Ég mótmæli því algerlega, að mþn. í mjólkursölumálum hafi látið frá sér nokkur fáránleg plögg. Hún svarar beint í þessu bréfi því, sem hún var spurð um, ekki eftir eigin hyggju, heldur eftir rannsókn málsins. Og í þessari n. eru menn af öllum flokkum þingsins. Og í n. voru um þetta „fáránlega plagg", eins og hv. þm. A-Húnv. þóknaðist að nefna það, allir sammála, voru allir með í samningu þess og greiddu atkv. um það. Svo að það er eftir athugun málsins, að þessi niðurstaða varð.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. A-Húnv. fyrir það að eigna mér anda þessa „fáránlega plaggs", sem hann kallaði svo. Og ég get skilið, að frá hans sjónarmiði sé það fáránlegt, að menn reyni að gera sér grein fyrir hlutunum eins og þeir eru, eins og hv. þm. Ak. segir, að mþn. hafi gert, en séu ekki með bægslagang út í loftið, án þess að hugsa um það, hvað þeir eru að tala. Þeir menn, sem þannig tala um mál, eins og hv. þm. A-Húnv. er mjög gjarnt á að gera í ræðu og riti, komast vitanlega út í ógöngur, eins og síðustu ritgerðir hv. þm. A-Húnv. hafa borið vitni, þar sem gengið er lengra en hinir innantómustu áður hafa gengið í þessum efnum, — og ræða hans hér er ekki ósvipuð því. Mér þykir því ekki undarlegt, þótt honum finnist fáránlegt, að menn reyna að rannsaka hlutina og segja svo álit sitt um þá á eftir, hvort sem það kemur þeim í hag eða óhag. Slíkt er fáránlegt í hugum þeirra, sem skrifa eins og Jón Pálmason, hv. þm. A-Húnv. En ef ég hefði ekki þekkt þennan hv. þm. svo vel um það, hve hann telur sig fullfæran í öllum hlutum til að dæma um málin, án þess að kryfja hlutina til mergjar, þá hefði mér þótt nokkuð einkennileg framkoma hans í þessu máli og undrazt þær fullyrðingar, sem hann tekur upp aftur og aftur, þó að búið sé að lýsa því rækilega, hvernig í hlutunum liggur. En mér kemur ekkert slíkt ókunnuglega fyrir frá hv. þm. A-Húnv. Þegar ég hef lýst því, hvernig mjólkursölul. eru upp byggð, þá segir hann, að það sé rétt. En jafnframt segir hann, að einhverjum mönnum sé gefinn einkaréttur í þessum málum. Ég skora á þennan hv. þm. að nefna þá menn eða héruð á landinu, sem gefinn sé einkaréttur til þess að selja mjólk. Ég veit ekki betur en l. séu svo byggð, að öllum sé heimilt að selja mjólk og mjólkurafurðir á sölustöðum, bæði í Reykjavík, Akureyri og á Sauðárkróki, sem uppfylla viss skilyrði, hvort sem það er hv. þm. A-Húnv., ég eða aðrir, hvar sem er á landinu, ef við uppfyllum þau skilyrði, sem sett eru í l. fyrir því að hafa framleiðsluna með höndum og seljum eftir settum reglum. Það eru engir einstaklingar, sem hafa einkarétt á þessu. Og það eru ekki nema yfirborðsfleiprarar, sem geta borið slíkt fram, að nokkrir menn hafi einkarétt í þessum hlutum. Og af því að allir, sem uppfylla viss skilyrði, mega selja mjólk og mjólkurvörur á markaðsstöðum, þá eru það ekki aðeins þeir sömu, sem selt hafa þessar vörur allan tímann síðan mjólkurl. komu í gildi, heldur eru það helmingi fleiri framleiðendur, sem nú selja mjólk á Reykjavíkurmarkaðnum en þegar mjólkurl. voru sett. Og hvernig hefði þetta átt sér stað, ef það hefði verið einkaréttur, sem mönnum með þeim l. hefði verið veittur til sölu á þessum vörum?

Hv. þm. A-Húnv. sagði, að sú fáránlega hugmynd kæmi fram í þessu fáránlega bréfi frá mþn., að ekki mætti taka mjólkurvörur til sölu á verðlagssvæði frá stöðum utan verðlagssvæða, sem ekki uppfylltu skilyrði þau, sem sett eru um þessar neyzluvörur. En ég fyrir mitt leyti veit ekki, hvernig menn hugsa sér vöruvöndun í þessu landi, ef á að setja rétthærri þær neyzluvörur í landinu, sem framleiddar eru og búnar til sölu, án þess að uppfyllt séu sett skilyrði um vöruvöndun, heldur en þær neyzluvörur, sem uppfylla þessi skilyrði. Hve lengi halda menn, að vöruvöndunin yrði með því móti í framleiðslu og sölu mjólkur og mjólkurafurða, og hve lengi halda menn, að mjólkuriðnaðurinn mundi standast með því móti? *(STh:* Hvar er vöruvöndunin?). Hér eru komin mjólkurbú, sem annast vöruvöndun eftir beztu getu vegna aðstæðna. En vitanlega geta neytendur líka fengið slæma vöru, ef þeir fara sóðalega með hana. Og þegar kvartað er um, að menn fái slæma mjólk, þá er það mjög oft, að það er sóðaskap neytendanna að kenna. Ég viðurkenni, að vörurnar eru ekki alltaf eins og þær ættu að vera. En vöruvöndun er miklu meiri um þessar vörur heldur en var fyrir nokkrum árum og vandaðri vinna á sölu þessara vara. Enda sýnist mér, að hv. 11. landsk. þrífist sæmilega og það séu ekki nein tæringarmerki á honum. Hann virðist hafa fengið mjólk og mjólkurvörur, sem komið hafi honum að gagni, — sem hann hafi melt. — Svo að það er ekki að sjá, að hann hafi látið ofan í sig neina óhollustu.

Þá sagði hv. þm. A-Húnv., — og það er ein af þessum fullyrðingum, sem hann setur fram án þess að reyna að vita, hvað rétt er í hlutunum —, að reynslan hefði sýnt, að alltaf sé skortur á þessum vörum, a. m. k. nothæfum. Þetta er algerlega ósatt. Reynslan hefur sýnt, að það er aðeins skortur á rjóma og skyri og svo mjólk yfir haustmánuðina um stundum fram yfir nýár. En mjög mikil offramleiðsla hefur svo verið á mjólk seinni hluta vetrar og allt sumarið, eins og líka liggur í hlutarins eðli,

þar sem framleiddir eru rúml. 17 millj. lítrar af mjólk, en ekki selt sem neyzlumjólk meira en 10 millj. lítrar. Enda verður að senda mikið af þessum vörum heim til framleiðenda, vegna þess að ekki er hægt að selja þær. — Ég veit, að hv. þm. A-Húnv. segir samt sem áður, að það sé skortur á þessum vörum. — Hitt er allt annað mál, að það er skortur mikinn hluta af árinu á smjöri. Það kemur ekkert verðjöfnunarsvæðum við, því að allt smjör er jafnrétthátt, hvar á landinu sem það er framleitt, en ef verðjöfnunarsvæðin yrðu stærri, mætti búast við, að smjörframleiðslan yrði minni. Hv. þm. A-Húnv. segir, að næsta krafa verði, að öllum verði leyft að flytja mjókurafurðir inn á verðjöfnunarsvæðin og selja þær eftir vild. Á þá að viðhalda verðjöfnunarsvæðunum til þess eins, að þeir, sem þar búa, hafi lökust kjör og hinir sitji að markaðnum hver sem betur getur? Ég sæi ekkert á móti að afnema heldur verðjöfnunarsvæðin alveg. Vitanlega verður aðalskilyrðið það, til að mega selja mjólk, að setja upp mjólkurbú með góðum tækjum og skila góðum vörum. Þeir, sem því fullnægja, eiga að sitja fyrir og fá rétt sinn tryggðan, en ekki eyðilagðan. Samþykkt þessa frv. eða annars í sömu átt væri stórt spor aftur á bak. Það þýddi alveg sama og að leggja mjólkurbúin niður og láta hvern um það að selja sína mjólk ógerilsneydda, verzla með sína smjörpinkla og skyrkollur eins og í gamla daga.

Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í þetta mál, því að það liggur ljóst fyrir og er einfalt. Eins og hv. þm. Ak. tók fram, var mþn. á einu máli um þá afstöðu, sem fram kom í bréfinu, þótt hv. þm. A-Húnv. gerði mér þann heiður að segja, að það væri minn andi og ekkert annað, sem þar kæmi fram.

Bjarni Ásgeirsson: Mér er sagt, að hv. frsm. hafi véfengt fyrirvara minn með nál., og vil ég skýra, í hverju hann var fólginn. Ég óskaði eftir öðru orðalagi á dagskránni en varð. Ég vildi orða þannig, að lagt væri fyrir ríkisstj. að leggja fram frv. til breyt. á mjólkursölul. að fengnum till. mþn. í mjólkurmálum. Ég fékk þessu ekki framgengt. Því sagði ég frsm., að ég skrifaði undir með fyrirvara, og sagði hann þá ekkert við því.

Hv. frsm. beindi að mér þeirri ásökun, að ég hefði reynt að koma í veg fyrir afgreiðslu máls, sem hann flutti. Það er ekki rétt, það hef ég ekki reynt og sízt með því móti, sem hann hugsaði sér. Ástæðan til þess, að frv. hefur beðið, er sú, að eftir því sem forseti skildi þm., var honum ekkert kappsmál að fá málið tekið fyrir, eftir að atkv. höfðu fallið þannig um það í n. fyrir jól, að allir sögðu nei nema flm. Hann hefur síðan aldrei á það minnzt við mig, að ég gæfi út nál., en nú er sjálfsagt að gera það og þá heldur í dag en á morgun.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er ekki í fyrsta sinn, sem hér er rætt um afurðasölu, og er e. t. v. alls ekki tiltökumál. En í sambandi við þetta mál vil ég minnast þess, að fyrir stuttu var hér rædd og samþ. þál. um skipulagning kjötframleiðslunnar, borin fram af sama þm. og þetta frv., varaþm., sem nú er horfinn héðan. Í þeirri till. var lagt til, að viss héruð, sem bezt væru fallin til kjötframleiðslu, sætu fyrir innanlandsmarkaði með kjötsölu sína eins og önnur héruð hefðu einkarétt til sölu mjólkur og rjóma. Meiri hl. landbn. mælti með till. og stuðlaði að samþykkt hennar. Nú breytir sami meiri hl. sömu n. öfugt um mál flutt af sama þm. á sama þinginu og vill endilega afnema þann einkarétt, sem þál. byggir á, að viss héruð hafi til sölu mjólkurafurða. Slík ósamkvæmni er lítt skiljanleg. Og hvað sem n. lætur sér sæma, finnst mér Alþ. ekki geta samþykkt dagskrártill., sem felur í sér slíka mótsögn við áður samþ. till. Það er ljóst, að meiri hl. n. er áttavilltur í málunum.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég get lýst ánægju minni og okkar Reykvíkinga yfir því, að hv. frsm. hefur viðurkennt, að vöntun er á mjólkurafurðum í borginni, einkum vissa árstíma, en á sumum þeirra stöðugt, og þetta sé hlutur, sem allir eigi að vera samtaka um að kippa í lag. Það er viðurkennt, að kvartanir neytenda eiga við rök að styðjast. En hingað til hafa svörin við öllum aðfinnslum þeirra verið á eina bókina lærð og ekkert á þeim að græða nema ýfingar. Þetta vona ég boði góðar úrlausnir.

Ég skildi þetta frv. svo hjá flm., að hann vildi koma í veg fyrir, að hlutur framleiðenda utan verðjöfnunarsvæða væri fyrir borð borinn, og það virðist hann vera, alveg að óþörfu. Þetta vildi hv. þm. V-Sk. alls ekki skilja, og hitt, sem hann talaði um, að afnema ætti mjólkurbú eða sama sem og eftirláta þeim markaðinn, sem gætu ekki tryggt vöruvöndun, var aðeins útúrsnúningur. Mér finnst n. hafa skilið frv. að þessu leyti, en ekki meir en minnst var komizt af með að öðru leyti. Ég verð að benda hv. þm. V-Sk. á, að hér eru nefnd skýrum stöfum „mjólkurbú, sem kunna að verða stofnuð utan verðjöfnunarsvæða," og þetta hlýtur hann að hafa lesið. Hvaða ástæða er til að halda, að þau mjólkurbú færu verr með mjólkina en búin, sem fyrir eru?

Þegar rætt hefur verið um afurðasölumálin, hefur það oftast orðið deila milli neytenda og framleiðenda, en nú er annað aðalatriðið það, hvernig rétt sé að skipta framleiðslu milli framleiðenda og sporna þar við óheillaþróun. Alltaf er eitthvað bogið við það, þegar framleiðandi hefur ekki leyfi til að selja framleiðslu sína, og það þá helzt, þegar tilfinnanlegur skortur er á henni á markaðnum. Það er fullkomin þörf að endurskoða öll afurðasölulögin og kippa því í lag, að menn séu ekki með sölubanni neyddir til kjötframleiðslu, sem er mjög torseljanleg og bæta þarf upp með millj. króna, en aðrar neyzluvörur, unnar úr mjólk, þurfi að sækja til útlanda. Ég er hissa á að menn, sem lengi hafa átt aðkasti að venjast, skuli alltaf vera eins og komið sé við kviku, þegar rökrætt er um þessi mál og á það bent, sem til bóta mætti horfa, en því verður ekki móti mælt, að árangur l. er allt annar en vonazt var eftir. Það veldur líka alltaf tortryggni, þegar menn rjúka upp og flytja jafnósannar ræður

og snúa eins út úr og hv. þm. V-Sk. gerði, það getur ekki orðið til bóta í málum.

Hv. þm. V-Húnv. vil ég aðeins benda á, að þetta frv. og rökst. dagskráin miða að nýju og bættu skipulagi afurðasölunnar eins og þál., sem hann gat um, og er þar samræmi, en ekki ósamræmi í stefnu þeirra, sem að báðum málunum standa.

Frsm. (Jón Pálmason): Hv. þm. V-Sk. kom hér inn í umr. með mjög einkennilega ræðu. Hún var að vísu mest um annað mál en fyrir liggur, þál. um skipulagning kjötframleiðslunnar, og það var bara athugunarefni, sem fólst í þeirri þál. Engin mótsögn er milli þess að samþykkja þá athugun og að samþykkja dagskrána um að undirbúa breytingar á mjólkursölul., heldur fyllsta samræmi. Þó að breyt. frv. gangi fram, hafa bændur verðjöfnunarsvæðisins einkarétt til sölu á nýmjólk, og það er aðalatriðið.

Ég vildi svara hv. þm. Mýr. örfáum orðum. Hans verk var það, að frv. okkar þm. Snæf. lá í n. frá því rétt eftir miðjan sept. fram yfir miðjan desembermánuð. Það var hans verk, að nál. er ekki enn komið fram. Hitt er rétt, að eftir undirtektir í n. gerði ég mér ekki vonir um fullan framgang málsins á þessu þingi og lagði því ekki kapp á við forseta, að hann heimti það úr n., ætlaði að vita, hvað form. n. drægi það lengi. En ekki var það af því, að mér væri þetta ekki áhugamál og vildi fá frumvarpið rætt.

Örlítið verð ég að minnast á ræðu hv. þm. V-Sk., þótt hann kæmi ekki með ný rök. Það er svo með hann, að aldrei má nefna svo mjólk, að hann fari ekki úr jafnvægi. Það, sem hann hefur að bjóða, er ekki skyr og rjómi, það er ekki til á orðamarkaði hans, heldur bláköld undanrenna og ekki óskemmd, heldur súr og gömul. Hann þykist einn allt vita um mjólkurmál og segir bara: Þið þekkið þetta ekkert, og þið eruð heimskingjar, þið farið með lygi — o. s. frv. Núna var það ég, sem hann þurfti að ausa mjólkinni á. Ásakanirnar voru þessar: Það er ósatt, að nokkur aðili hafi einkarétt á mjólkursölumálum hér á landi. — Nú vita þó allir, hvað lögin segja í þeim efnum: Þau banna viðskipti. Þeir, sem þannig eru sviptir aðstöðu til afurðasölu, geta ekki unað við svo búið, og neytendur geta ekki heldur unað við svo búið, þeir þurfa að fá það, sem hinum er ekki leyft að selja, og þarf ekki langra skýringa til að sjá, hve þörfin á endurskoðun þessara l. er brýn. Þessi hófsamlega orðaða dagskrá n. hefði ekki átt að þurfa að vekja styr.

Hv. þm. V-Sk. taldi, ef hún yrði samþykkt, að þá mætti eins koma á aftur gamla laginu og leggja niður mjólkurbúin, en hver flytti sjálfur sínar mjólkurafurðir í kaupstaðinn. Þetta er ekki svaravert. Engum dettur þetta í hug, heldur nýtt og betra söluskipulag. Mér þætti undarlegt, ef ekki yrði meiri hl. þm. með því, að málið verði lagt fyrir næsta þing.

Umr. frestað.

Á 113., 114., 115., 116., 118., 119., 120. og 121. fundi í Nd., 26., 29., 30. og 31. jan., 1., 2. og 5. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 127. fundi í Nd., 15. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 130. fundi í Nd., 15. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 993 felld með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, JörB.

nei: JJós, JPálm, JS, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, STh, ÞG, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh.

6 þm. (JakM, SK, SÁÓ, ÁÁ, BG, GG) fjarstaddir.

Rökst. dagskráin á þskj. 926, frá landbn., samþ. með 18:1 atkv.

10. Húsmæðrafræðsla í sveitum.

Á 40. fundi í Sþ., 11. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum* (þmfrv., A. 296).

Á 49. fundi í Nd., 13. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er flutt fyrir hönd hv. þm. N-Þ. (GG), sem er veikur og getur ekki sótt þingfundi. Með frv. er farið fram á, að Alþ. ákveði setur fyrir húsmæðraskóla á Akri í Öxarfirði í N.-Þingeyjarsýslu. Talsvert ýtarleg grg. frá hálfu þm. N.-Þ. fylgir frv., sem ég vænti, að hv. þm. kynni sér. Þar er bent á þá miklu þörf fyrir fjölgun húsmæðraskóla á Norðurlandi; enn fremur á það, að annars vegar við þetta svæði er ekki húsmæðraskóli fyrr en á Hallormsstað, en hins vegar á Laugum. Þessi skóli mundi koma á miðju þessu svæði, sem hefur ekki neinn húsmæðraskóla. Þá er einnig gerð grein fyrir almennri þörf fyrir húsmæðraskóla í landinu, og þarf ég engu við það að bæta. Það er fullt samkomulag, að því er virðist, milli þeirra, sem ætla að nota skólann, um það, að þetta sé heppilega valinn skólastaður. Akur er talinn glæsilegt skólasetur. — Ég leyfi mér að æskja þess, að málinu verði vísað til menntmn. d., og beiðast þess, að n. taki málið fyrir sem fyrst. Vonast ég til, að n. treysti sér til að mæla með samþykkt þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 68., 69., 72., 73., 74. og 75. fundi í Nd., 20. og 23. okt., 13., 14., 15. og 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 296, n. 442, 454, 464, 495).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Þetta frv. á þskj. 296 er flutt fyrir hönd hv. þm. N-Þ. (GG), sem getur ekki setið á þingi sökum veikinda. — Sú eina breyt., sem í frv. felst frá eldri l., er sú, að með þessu frv., ef samþ. verður, er ákveðið að reisa húsmæðraskóla á Akri í landi Skinnastaða í Norður-Þingeyjarsýslu.

Menntmn. hefur athugað þetta frv. og orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþ. eins og það liggur hér fyrir. — Reglan um löggjöf um húsmæðraskóla mun vera sú, að þeir hafa verið teknir upp í réttri röð, nokkurn veginn jafnóðum og undirbúningi heima fyrir hefur verið það á veg komið, að ástæða hefur þótt til að lögfesta skólastofnunina.

Eftir því, sem upplýst er í þessu máli, liggur það fyrir, að undirbúningur undir slíka skólastofnun á þessum stað er mjög langt kominn, þannig að það er yfirlýst, að samvinna hafi tekizt með kvenfélögum, hreppsnefndum og sýslunefnd um að hrinda málinu í framkvæmd. Almenn fjársöfnun hefur farið fram um alla sýsluna og hefur gengið svo vel, að telja má víst, að nægilegt framlag af héraðsins hálfu til stofnkostnaðar sé þegar fyrir hendi eða verði það a. m. k., þegar til þarf að taka. Og í erindi, sem Alþ. hefur verið sent út af þessu máli, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samband kvenfélaga í N.-Þingeyjarsýslu leyfir sér hér með fyrir sína hönd, sýslufélagsins og allra hreppsfélaga sýslunnar að beina til hins háa Alþ. eindreginni ósk um, að þingið taki inn á lög um húsmæðraskóla fyrirhugaðan húsmæðraskóla fyrir Norður-Þingeyjarsýslu. Hafa ofannefndir aðilar bundizt samtökum að stofna skóla þennan, þegar ástæður leyfa, að fenginni lögfestingu hans og þeirri þátttöku frá hinu opinbera, er lögfestingunni fylgir."

M. ö. o., það er upplýst fyrir menntmn., að allur undirbúningur heima fyrir gagnvart þessari skólastofnun er þegar fyrir hendi. En eins og kunnugt er og oft hefur verið vitnað til í þessari hv. þd., starfar mþn. í skólamálum. Og það hefur þótt sjálfsagt á síðustu þingum að gæta mjög varúðar við því að afgreiða breyt. á löggjöf um skólamál, áður en álit þessarar mþn. lægi fyrir og án þess að til hennar væri leitað ráða um breyt. á slíkum l., sem fjallað hefur verið um í hvert sinn. Því til sönnunar má minna á það, að þegar hv. þm. í þessari d. fluttu till. fyrir ári um gagnfræðamenntun í landinu, sem átti að taka til athugunar gagnfræðapróf, þá var þeirri till. vísað frá að kalla umsvifalaust með þeim forsendum, að ekki væri tímabært að afgreiða það mál, þar sem mþn. í skólamálum sæti á rökstólum og ætti eftir að skila áliti. En þar sem ástæður um þessa einu skólastofnun í Þingeyjarsýslu eru eins og ég hef skýrt frá, taldi menntmn. ástæðulaust að fresta afgreiðslu þessa máls eftir till. mþn. og leggur því einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir. Staðurinn fyrir skólann er ákveðinn, og fé heima í héraði er þegar fyrir hendi, að því er upplýst er, og það hefur tekizt fullkomin samvinna um undirbúning og framkvæmd málsins heima í héraði milli allra þeirra aðila, sem um það fjalla.

En nú, eftir að menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar og afgreiðslu og mælt með því fyrir sitt leyti, að það yrði samþ. óbreytt, þá hafa komið fram margar brtt. við frv., sem fjalla allar um að bæta við nýjum skólum. Fyrir þessum brtt. hefur ekki verið mælt af hálfu þeirra, sem þær flytja, svo að ég mun því ekki nú í þessum orðum taka þær sérstaklega til umr. En ég vil láta koma fram þá skoðun mína, að ég dreg í efa, að eins mikið ríði á að flýta setningu löggjafar um a. m. k. suma þá skóla, sem þar eru nefndir í þeim brtt., eins og um þennan skóla, sem frv. sjálft fjallar um.

En að síðustu vildi ég taka fram af hálfu menntmn. og leggja á það ríka áherzlu, að n. telur ástæðu til og óskar þess, að hún fái að fjalla um þessar brtt. allar á fundi, áður en til lokaatkvgr. verður gengið um þær. Og mætti það þá verða með þeim hætti að taka þær aftur til 3. umr., svo að menntmn. gæfist tóm til þess að athuga þær á milli umr. En verði tillögumenn ekki við þeim tilmælum, vildi ég beina því til hæstv. forseta, að hann frestaði þessari umr., svo að menntmn. gæti athugað brtt., áður en þær koma til atkvgr. hér í hv. þd.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Eins og hv. þm. hafa séð, fjallar breyt. í 1. gr. frv., sem hér liggur fyrir, um það eitt að bæta enn einum stað í l., þar sem húsmæðraskóli skuli vera, þ. e. a. s. slíkur húsmæðraskóli sem viðurkenndur er af ríkisvaldinu og styrks nýtur.

Nú er þessi löggjöf heimildarlöggjöf, eins og um aðra slíka skóla, þannig að hún ákveður, að heimilt sé að stofna skóla með fullum réttindum á þeim stöðum, sem tilteknir eru. Og þeir verða því aðeins stofnaðir og starfræktir, að viss skilyrði séu uppfyllt, þ. e., að aðilar í héruðum séu tilbúnir að kosta þá og reka þá með þeim tilstyrk, sem lagaákvæði ella áskilja frá hálfu ríkisins.

Nú hafði mig að vísu ekki órað fyrir því, að í aðsigi væri breyt. sérstök á l. um húsmæðrafræðslu í sveitum. Ég hafði talið líklegt, að við það mætti hlíta, sem ákvæði eru um í 3. gr. l., sem sé, að skólar væru ákvarðaðir og þá starfandi um landið meira og minna, nokkuð dreift, má segja, í landsfjórðungunum aðallega og þá bundnir við þá staði, þar sem annaðhvort skólar hafa verið reknir á slíkir eða héraðsskólar eru settir, og þar sem ætlazt er til, að þeir verði útvíkkaðir nokkuð í sínu starfi, svo að reglulegur húsmæðraskóli megi kallast þar. Þetta sýna staðir þeir, sem tilteknir eru í áminnztri lagagr. — Það má segja, að þessi dreifing um landsfjórðungana á húsmæðraskólunum, þannig að í hverjum landsfjórðungi er húsmæðraskóli — og þó betur nokkuð, í Norðurlandi einkum, — tryggi, að allvel sé fyrir þessum málum séð. Og eins og lagagr. er prentuð upp í 1. gr. þessa frv, má sjá, að á Norður-

landi er allt í lagi í þessu efni samanborið við hina landsfjórðungana. Og sérstaklega má benda á, að nú er húsmæðraskóli ákveðinn á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, og nú er hér ætlazt til, að einnig verði í Norður-Þingeyjarsýslu, hinni sýslunni, settur á fót annar húsmæðraskóli.

Það er langt frá því, að það sé ámælisvert, að áhugi manna vakni fyrir því að koma á fót slíkum skólum, ef ástæður mæla með því og héruðin eru til þess búin. — En nú eru tvær hliðar á þessu máli, ekki aðeins sú hliðin, að héruðin geti gert sig þess umkomin að taka þátt í þessu starfi, heldur er talsvert þungur baggi ætlaður ríkinu að bera við stofnun slíkra skóla, sem er sú almenna hlið á málinu.

En úr því að þessi till. er fram komin, þá töldum við, sem eigum sæti á þingi héðan af Suðurlandi og vitum vel grein á þessum hlutum þar, hvernig ástatt er, bæði um stað og undirbúning að formi og efni, — við töldum ekki stætt á því að láta orðalaust bæta við slíkum skóla á Norðurlandi, þar sem fullvel er skipað þessum málum fyrir, þannig að ekki verði samþ. heimild um slíka stofnun einnig á Suðurlandi. Hljóðar brtt. okkar á þskj. 454 á þá lund, að einnig verði stofnað til húsmæðraskóla að Ytri-Skógum í Rangárvallasýslu og Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu. Á Suðurlandi er einn húsmæðraskóli fyrir áætlaður í áminnztri lagagr., að Laugarvatni í Árnessýslu. Hann er á enda Suðurlands, sem við köllum, hér fyrir austan fjall. Og það er langt af Suðurlandi austar að sækja hann. Auk þess fer nú að verða nokkuð jafnræði á milli fleiri staða, og nefni ég þar til Ytri-Skóga í Rangárvallasýslu, því að þar er ákveðið að stofna héraðsskóla. Hann á að vera fyrir Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og mætti segja, að Austur-Skaftafellssýsla gæti verið með, ef svo sýndist. En við það, að þetta er ákvarðað og á næstu árum væntanlega kemur til framkvæmda með þeim ráðstöfunum, sem þegar hafa verið gerðar, þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé hæfilegt að gefa heimild til þess, úr því farið er að hrófla við þessum l. um húsmæðrafræðslu, að stofnaður sé þar og rekinn húsmæðraskóli. — Við teljum það óhjákvæmilegt, að þessir heimildir verði settar. Hins vegar mundi það ekki hafa neina þýðingu, hvort þær verða settar á þessu ári eða næsta ári. En heimildir þessar verða að koma. Og við getum ekki setið hjá undir þeim atvikum, sem hér er um að ræða, að lagt er til, að bætt verði við húsmæðraskóla með fullum réttindum annars staðar á landinu, þar sem áreiðanlega að sumu leyti virðist minni þörf á því, án þess að vekja athygli og bera fram till. um þörf Suðurlands í þessu efni. Og skal ég þó ekki efa áhuga manna og nokkurn undirbúning þar norður frá viðkomandi skólasetri á Akri.

Auk Ytri-Skóga, þar sem héraðsskóli verður væntanlega búinn að ná fullri framkvæmd á næsta ári, þá er í Vestur-Skaftafellssýslu staður, sem við höfum talið rétt að láta fylgja með, sem sé Kirkjubæjarklaustur. Eins og kunnugt er, er Kirkjubæjarklaustur og hefur verið nokkurs konar miðstöð sveitanna á milli Skeiðarársands og Mýrdalssands, sem er meginhluti Vestur-Skaftafellssýslu, og hefur ávallt verið mjög ákjósanlegt af ýmsum ástæðum að hafa þar nokkurs konar aðalstöð, sem sækja skuli til úr næstu sveitum. Þar eru líka, eins og á fleiri stöðum í Skaftafellssýslum, ýmsir aðrir staðhættir hinir ákjósanlegustu. Rafmagn má fá yfrið. Þar er nú sem stendur prestsetur og ýmiss konar framkvæmdir reknar. Virðist þar vera sveitaþorp að myndast. Ef setja skal upp skóla einhvers staðar „milli sanda", er þessi staður kjörinn til þess fyrir allra hluta sakir. Má að því leyti telja þessum skólastað fullt eins mikið til gildis og Akri er með réttu talið í sínu héraði.

Í héraðinu hefur farið fram undirbúningur að stofnun húsmæðraskóla undanfarin tvö ár og fé verið safnað. Stofnaður hefur verið sjóður til minningar um Lárus Helgason, sem var alþm. og er öllum mönnum kunnur, til þess að kosta stofnun húsmæðraskóla á Kirkjubæjarklaustri, og hefur fé verið lagt í Söfnunarsjóð til að byrja með. Nú þykir rétt að fara að ýta á eftir, að fastákveðinn sé þessi staður og ráðin framkvæmd verksins, þegar ástæður þykja til þess. Það er mjög mikilsvert fyrir undirbúningsstarfið að tryggja rétt skólans með því að taka hann nú með, ef samþ. verður frv. það, sem fyrir liggur.

Nú sé ég, að fleiri hafa farið sömu leið og flutt brtt. um skóla, sem styðjast eflaust við sams konar rök og brtt. mín. Þm. Skagf. flytja till. um húsmæðraskóla þar í héraði og þm. Snæf. till. um húsmæðraskóla að Helgafelli. Það mun verða erfitt að gera upp á milli allra þessara skóla og skólans á Akri. Ég vil ógjarnan greiða atkv. með frv., nema ég viti fyrir, að hv. menntmn. muni taka brtt. til athugunar, en sé tryggt, að hún athugi málin fyrir 3. umr., gæti ég fallizt á að taka brtt. aftur þangað til.

Gunnar Thoroddsen: Ég flyt brtt. um, að inn í húsmæðraskólal. verði tekinn skóli á Helgafelli á Snæfellsnesi. Ég vil taka þá till. aftur til 3. umr., ef það gæti greitt fyrir athugun í n. og samkomulagi, en ætla þó að mæla fyrir henni stuttlega áður.

Ég ætla, að nokkru áður en húsmæðraskólinn á Staðarfelli var stofnaður, hafi verið komin fram nokkuð almenn ósk um skóla á Helgafelli, en fell síðan niður um skeið, er hinn skólinn hófst. Síðustu árin hefur þetta mál vaknað aftur, og er áhuginn mikill og vaxandi. Ástæður eru líkar og um skólann á Akri. Mikill fjöldi stúlkna bíður eftir því að komast í húsmæðraskóla og kemst hvergi. Mér er tjáð, að flestir þeir skólar séu fullskipaðir til tveggja ára og Staðarfellsskólinn til þriggja ára. Það er von, að menn uni ekki við svo búið. Samband breiðfirzkra kvenna hefur á tveim aðalfundum sínum gert ályktanir um að herða á málinu. Fyrst var það á fundinum á Reykhólum í fyrra, og var eftir það leitað hófanna hjá eiganda Helgafells. Á aðalfundi í ár urðu um málið miklar umr., og var samþ. till., sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„XII. fundur SBK er því einróma samþykkur, að

húsmæðraskóli verði reistur sem fyrst í Snæfellsnessýslu, helzt á Helgafelli, og vill kjósa nefnd til framkvæmda við fjársöfnun í því máli.“

Í nefnd til að standa að framkvæmdum voru síðan kosnar þrjár konur, sem mjög hafa starfað í þessum félagsskap, og tveir sýslunefndarmenn Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Fé nokkurt er þegar fengið. Eins og húsmæðraskóla Norður-Þingeyinga hefur verið gefið fé með því skilyrði, að skólinn yrði á Akri, hefur einn Breiðfirðingur gefið 10 þús. með því skilyrði, að skólinn yrði á Helgafelli. Þó að bið kunni að verða á framkvæmdum, tel ég mestu *nauðsyn að fá stað fyrir skólann lögákveðinn*. Það léttir stórum fjáröflun og allan undirbúning og fyrirbyggir síðari tafir, sem af staðarvali vilja oft hljótast. Auk legu sinnar og margra kosta er Helgafell æskilegur staður vegna sögufrægðar, sem öllum þm. er kunn.

Ég vil að lokum nefna eitt atriði. Það er kunnugt, að framhaldsskólar eru héruðum sínum metnaðarmál og nokkurs konar sjálfstæðismál. Þar má til telja húsmæðraskóla, bændaskóla og héraðsskóla. Langsamlega flestar sýslur hafa sinn eða sína framhaldsskóla. Undantekningar eru Norður-Þingeyjarsýsla, sem samkv. frv. á að fá skóla á Akri, Skaftafellssýslur, Strandasýsla og Snæfellsnessýsla. Einnig mætti nefna Barðastrandarsýslu, en þar er ráðin skólastofnun á Reykhólum, og Rangárvallasýslu, þar sem reisa á bændaskóla á Sámsstöðum. Um Gullbringu- og Kjósarsýslu má geta þess, að þar er ekki framhaldsskóli, en það er vegna nálægðar þeirra við Reykjavík og Hafnarfjörð og aðstöðunnar þar. Þetta, sem ég nú sagði, má bæði telja stuðning við frv. sjálft og um leið við brtt. mína og brtt. hv. 10. landsk.

Ég mun taka brtt. aftur til 3. umr.

Jón Sigurðsson: Till. okkar þm. Skagf. styðst við hin sömu almennu rök og þær till., sem nú hefur verið mælt fyrir, svo að ég get verið stuttorður. — Í Skagafirði er að vísu ekki mjög langt til kvennaskólanna á Laugalandi og Blönduósi. Engu að síður höfum við Skagfirðingar ekki mjög miklar vonir um að geta komið stúlkum í þá skóla. Innanhéraðsmenn eru oft fyrri til að sækja um skólavist, en auk þess hefur okkur virzt, að forstöðumenn skólanna létu oft þeirra umsóknir sitja fyrir, svo að lítið þýddi fyrir utanhéraðsmenn að sækja. Ég treysti lítið á, að til þeirra gagni að leita framvegis. Í Skagafirði var í haust stofnaður vísir að kvennaskóla. Þar er hægt að taka við allt að 20 nemendum, en 60 sóttu um að komast að. Af því einu má ráða, hve brýn er þörfin, og var þetta þó ekki auglýst fyrr en seint í haust, þegar þorri stúlkna var búinn að binda sig yfir veturinn. Það er fyrrverandi forstöðukona Staðarfellsskólans, mikil dugnaðarkona, sem hefur sett þennan skóla upp skammt frá Varmahlíð. Enginn vafi er á, að framhald verður á þessu, sýslufélag og aðrir aðilar bindast fyrir málið. Þegar hreyft er því að löggilda nýja húsmæðraskóla í öðrum héruðum. virðist okkur flm. brtt. einsætt, að þar með fylgi þessi skóli. Ég er sannfærður um, að full þörf er fyrir alla þessa skóla. Sérmenntun kvenna hefur mjög verið vanrækt, og eru þó störf þeirra ekki þýðingarlítil þjóðarbúinu. Eins og hv. 10. landsk. drap á, eru þetta heimildarlög, og fer eftir ástæðum á hverjum tíma um framkvæmdir á hverjum skólastað. Ég sé ekki, hvaða ástæður Alþingi ætti að hafa til að bregða fæti fyrir slíka skóla.

Ég get fallizt á að taka aftur brtt. til 3. umr., ef það þykir hentara en að fresta þessari umr., þangað til n. hefur athugað tillögurnar.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Það verða ekki langar aths. hjá mér við þær ræður, sem við höfum nú heyrt. Við getum allir tekið undir það, að þörfin á aukinni húsmæðrafræðslu er mikil. N. ætlar alls ekki að bregða fæti fyrir nýja húsmæðraskóla, þótt þeir hafi ekki verið teknir upp í þetta frv. Afstaða n. markaðist hins vegar af þeirri meginstefnu, sem þingið hefur fylgt í þessum málum undanfarin ár. Mþn. í skólamálum hefur setið að störfum, og munu till. hennar koma fyrir næsta Alþ., ef ekki þetta. Föst venja hefur verið að vísa slíkum málum til hennar, nema mjög stæði sérstaklega á, og samþ. engar viðtækar breyt. fyrr en álit hennar væri til komið. Um skólann á Akri gegndi sérstöku máli, og virtust n. ástæður þar svo knýjandi, að það mál ætti að samþ. nú þegar, en í héraðinu er beðið eftir því með óþreyju. Um hina skólana er vitað, og það kom fram hjá hv. 10. landsk., að það hefur engin veruleg áhrif á framkvæmdir, hvort brtt. verða samþ. eða frestað úrskurði um þær till., unz álit mþn. kemur.

Hjá hv. þm. Snæf. kom fram, að bið mundi verða á framkvæmdum á Helgafelli, þótt þar yrði ákveðinn skólastaður. Ég er því sömu skoðunar enn og ég lýsti í fyrri ræðu minni. En ef þeirri stefnu skal fram fylgt, að sami aðili, sem hindrað hefur stofnun menntaskóla í sveit vegna þess, að bíða yrði álits mþn., og tekizt að tefja umbætur á gagnfræðaskólum, vill nú knýja þessar till. fram af miklu kappi, er ekki fyrir það séð, nema fram kunni að koma brtt. um nýja skóla, m. a. fyrir þær sýslur, sem enga framhaldsskóla hafa, eins og búið er að benda á. Í málinu er um tvær stefnur að velja.

Forseti (JörB): Ég hafði búizt við því og eigi sízt af hálfu menntmn., að umr. féllu niður, þar sem brtt. yrðu teknar aftur til 3. umr. Nú get ég búizt við, að það muni ekki heppnast. Því mun ég verða við þeirri ósk að fresta umr. og tek málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 27. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Sveinsson: Ég hef við síðustu umr. glögglega gert grein fyrir ástæðum þeim, sem fyrir hendi

eru, til þess að fá samþykkta brtt. á þskj. 454, og hafði ég þá fallizt á þar á eftir að taka brtt. aftur til 3. umr. Að vísu kom til þar á milli önnur ræða hv. frsm., sem virtist að vísu vera nokkuð sundurleit í því, sem ég hafði tekið fyrir góða og gilda vöru, að hv. n. hefði fallizt á eða mundi ætla sér að fallast á. Nú vil ég ekki trúa, að hv. n. andæfi, hvorki með till. né atkvgr., því að þessar framkomnu brtt. ná eingöngu fram að ganga eins og frv. sjálft, og mun standa við það, en eins og ég tók fram, í því trausti, að till. nái fram að ganga og þau ákvæði, sem frv. greinir, og ætlazt er til.

Forseti (JörB): Mér skildist við byrjun þessarar umr., að þeir, sem að brtt. stóðu, hafi tekið aftur till. sínar til 3. umr. með þeim formála, sem hv. 10. landsk. lýsti, og skildist mér sem sættir hefðu tekizt um afgreiðslu málsins við 2. umr. Vil ég vænta, að það standi og þess vegna þurfi ekki að þessu sinni að þreyta umr. um málið.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Ég skal sannarlega verða við ósk forseta um það að þreyta ekki umr. um málið. Eins og öllum þdm. er ljóst, þá óskaði menntmn. fyrir sitt leyti við upphaf þessara umr. um málið að fá tóm til að athuga nokkuð þær brtt. allar, sem komið hafa fram við frv. Málinu lyktaði á þeim fundi á þann veg, að hæstv. forseti frestaði 2. umr. málsins.

Nú vildi ég aðeins skýra frá því, að á þeim dögum, sem liðnir eru síðan, hefur menntmn. rætt sín á milli um þessar till. allar, og af þeim ástæðum hefur hún engar ásakanir fram að bera nú úr þessu. Eins og fram hefur komið í umr. um þetta mál, liggja þarna til grundvallar tvenns konar sjónarmið. Annars vegar ber að líta á frv. á þskj. 296, eins og það er flutt, sem undantekning frá meginstefnu Alþ. á þeim reglum, sem í raun og veru hafa verið teknar upp um afgreiðslu skólamála. En hins vegar, hvort rétt sé að mæla með brtt. öllum og færa málið inn á það svið, þar sem er eingöngu um heimildarlöggjöf að ræða.

Nú hefur n. rætt þetta og ekki alls kostar orðið einhuga um viðhorfið gagnvart þessum sjónarmiðum og afstöðunni til brtt., sem fluttar eru við þetta frv. Það liggur fyrir í málinu, að undirbúningi er misjafnlega langt á veg komið í hverju héraði fyrir sig, þar sem farið er fram á að bæta við skólum. Og minna má á það, að sá hv. þm., sem í raun og veru er aðili að þessu frv., hefur ekki getað setið á Alþ. allt þetta ár, og á öllu því þinghaldi, sem fram hefur farið á þessu ári, er þetta eina málið, sem hefur verið komið á framfæri fyrir hérað hans. Þetta út af fyrir sig skýrir málið nokkuð og segir sína sögu. Aftur á móti hafa þeir hv. þm., sem flytja brtt., átt sæti á Alþ. allt þetta ár og ekki riðið á vaðið með sérstök frv. fyrir þá skóla, sem þeir berjast fyrir, og virðist það gefa örlitla skýringu á því, að þeir hafa ekki framan af þinginu álitið það svo mjög aðkallandi.

Nú er það í stuttu máli svo um meiri hl. menntmn., að hún lítur fremur á það sem undantekningu, að hún hafi mælt með frv. eins og það liggur fyrir upphaflega, og telur eðlilegt, að svo víðtæk samþykkt um húsmæðrafræðslu í landinu sem það er að fjölga húsmæðraskólum um fast að helming, bíði, þangað til l. verða endurskoðuð. Það liggur fyrir á næstunni, og getur n. því ekki fyrir sitt leyti mælt með samþykkt þessara brtt. En þessi afstaða meiri hl. n. er algerlega byggð á því áliti hennar, að aðstæðum muni vera þannig háttað, að það komi ekki að sök og verði ekki til raunverulegrar hindrunar á framkvæmdum, þótt það bíði enn um sinn að samþ. þær brtt., sem fyrir liggja, og lögfesta þá skólana, sem farið er fram á að bæta við. Afstaða n. er eingöngu byggð á þessu viðhorfi, en ekki hinu, að n. út af fyrir sig sé andvig, að húsmæðrafræðsla sé aukin í landinu.

Forseti (JörB): Ég hafði búizt við, þegar hv. flm. brtt. höfðu gefið fyrirheit um að taka þær aftur til 3. umr. til þess að gera hv. menntmn. hægt um að taka till. til athugunar, að þá mundu ekki verða meiri umr. um málið að svo stöddu. Ég veit ekki, hvort ég á að skilja það svo, að n. sé búin að taka ákvörðun. Ef svo er, býst ég við, að hv. flm. flýti sér ekki mikið að taka till. aftur, og má gera ráð fyrir, að umr. verði haldið áfram. Taldi ég það málinu engan greiða, nema síður væri. Ég vil því mega vænta þess, að hv. menntmn. hugsi sig tvisvar um, áður en hún fellir úrskurð um þetta. Ég veit ekki, hvort skoða á þetta eins og yfirlýsingu um, að hún ætli ekki að íhuga málið og mæla móti brtt., en þá skapast nokkuð annað viðhorf.

Gunnar Thoroddsen: Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir orðum hv. frsm. menntmn. af tveim ástæðum. Fyrst og fremst var gert ráð fyrir því, þegar till. voru teknar aftur, að yfirlýsing menntmn. kæmi ekki fyrir 3. umr. og umr. væri því lokið nú. Í öðru lagi kemur mér mjög á óvart, þegar hv. frsm. talar um meiri og minni hl. menntmn., því að á þeim rúmlega tveim árum, sem ég hef átt sæti í n., hefur hún aldrei klofnað.

Á síðasta fundi var rætt um þetta mál. Ég var ekki viðstaddur, en bókað var að fresta niðurstöðu n. Mér er því algerlega ókunnugt um þá fyrirsjón að lýsa meiri og minni hl. n., því að það liggur alls ekki fyrir. Aftur á móti hef ég tekið aftur till. mínar til 3. umr. og vona, að þessari umr. sé lokið.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Ég ætla aðeins að gera örstutta athugasemd. Það, sem var meginatriðið í þessu máli við upphaf þessarar umr., var, að menntmn. fengi út af fyrir sig tóm til að athuga þessar till., áður en atkvgr. færi fram um þær. Það var vitaskuld ekki merkilegt atriði, hvort það tóm væri veitt á þann hátt að fresta þessum umr. ellegar till. væru teknar aftur til 3. umr. Kom að vísu til orða á fyrra stigi þessa máls, að till. væru teknar aftur til 3. umr. og ljúka umr. á fyrra fundi, en forseti ákvað að lokum að fresta þessari umr. Með þeirri ákvörðun hv. forseta veittist menntmn. þetta tóm, sem hún hafði óskað að fá til að athuga till.

Annað atriði, en ekkert höfuðatriði, er, hvort till. koma til atkvæða nú eða síðar. Það legg ég undir dóm hæstv. forseta.

Forseti (JörB): Ástæðan til þess, að ég frestaði umr. síðast, var sú, að einn hv. þm. var á mælendaskrá og fundartíma meir en lokið. Það var fyrir þær sakir. Hins vegar býst ég við, að sá hv. þm., sem kvaddi sér hljóðs, hafi gert það vegna ræðu hv. frsm. menntmn., sem hann hélt á fyrra fundi, þegar málið var fyrst til umr. Nú hafa hv. þm. gefið yfirlýsingu um að fresta till. sínum til 3. umr., og er það nokkurs um vert, þegar athugað er, að málið er ágreiningsvert.

Ég vona, að hv. þdm. standi við að taka till. aftur til 3. umr., þrátt fyrir það, sem fram er komið í málinu. Einnig vænti ég þess, að hv. menntmn. geri sitt ýtrasta til að leysa málið svo, að allir megi við una.

Gísli Sveinsson: Það er með hálfum hug, að ég stend upp. Ég er satt að segja ekki neitt fyrir að vera að endurtaka það, sem áður hefur sagt verið, en mér er þetta nokkuð framandi allt saman, þessi skilaboð eða hvað það er, frá hv. menntmn. Ef n. er búin að taka sína afstöðu, þá er eftir engu að bíða. En ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég er á móti frv. og mun greiða atkv. á móti því, nema lagfæring fáist á því eins og við nokkrir þm. lögðum til. Ég tel það enga ástæðu fyrir samþykkt þessa frv., að viðkomandi þm. sé fjarverandi, ef málið á annað borð er þannig vaxið, að maður sjái sér ekki fært að fylgja því. Því fer fjarri, að ég telji það nokkur rök í málinu. Samt sem áður munum við standa við að láta till. okkar bíða til 3. umr. og láta skeika að sköpuðu, hvernig fer um sjálft frv., ef ekki er hæfilega á málum tekið.

Sigfús Sigurhjartarson: Rétt er, að það komi skýrt fram, að mþn. í skólamálum hefur ekki látið beint álit í ljós um þetta mál enn. Hún hefur rætt það á einum fundi, en þótti ekki tímabært þá að taka ákvörðun. Hún mun nú taka það til meðferðar og reyna að finna á því þá skynsamlegustu lausn, sem henni virðist fáanleg að sinni.

ATKVGR.
Brtt. 454, 464 og 495 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 296, 454, 464, 495).

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Ég vil gera fyrirspurn til menntmn. um, hvað henni þóknast að segja um brtt. þær, sem fyrir liggja og um hefur verið rætt. Hún lét bæði vel og illa að þeim við 2. umr. og fékk þar komið til vegar, að þær voru teknar aftur til 3. umr., svo að hún gæti athugað þær og sagt álit sitt, sem enn var ekki komið nema á slitringi. Hvað vill nefndin? Leggur hún ekki til, að brtt. verði samþ? Þá mundi frv. fá hér hina æskilegustu afgreiðslu.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Eins og hv. dm. er kunnugt, óskaði menntmn. að fá brtt. þær, sem komið hafa fram við frv., til athugunar. Hæstv. forseti varð við því að veita n. tóm til þeirra hluta. Hins vegar hefur n. aldrei sagt, að hún ætlaði að gefa út álit sitt um till., en fór aðeins fram á að fá sjálf aðstöðu til að ræða málið sín á milli. Við fyrri umr. hefur verið gerð grein fyrir því, að n. hefði rætt málið og ekki verið alls kostar á einu máli, og hafa mismunandi sjónarmið komið fram. Telur n. eðlilegast, úr því sem komið er, að málið gangi undir atkvgr. í d. og því sé ráðið til lykta samkv. þingsköpum.

Gísli Sveinsson: Ég hef hér ekki miklu við að bæta. Ég sé, að n. hefur ófyrirsynju beiðzt þess, að brtt. yrðu teknar aftur til 3. umr. N. hefur þrátt fyrir alla þessa fresti ekki getað gert sér neina grein fyrir þeim. Þær eru þó ekki þyngri í vöfum en frv. sjálft.

Ég ætla svo ekki að halda hér uppi neinu málþófi, en fellst á, að brtt. komi til atkvgr., og vænti þess, að hv. dm. sjái um, að þessu máli reiði vel af við þessa lokaatkvgr.

Sveinbjörn Högnason: Varðandi afgreiðslu menntmn. á brtt., sem hér liggja fyrir, þá vil ég spyrja menntmn. eða frsm. hennar, hvers vegna n. mæli með frv. um stofnun eins húsmæðraskóla í því héraði, sem bezt er séð fyrir húsmæðrafræðslu, en mælir gegn stofnun húsmæðraskóla á fjórum stöðum öðrum. Eru m. k. þrír þeirra staða á svæðum, sem verst er fyrir þessu séð. Og ég vil enn fremur spyrja menntmn., hvað hún telji vera verkefni sitt varðandi húsmæðrafræðslu landsmanna. Telur hún það hlutverk sitt að sjá einstaka héruðum fyrir þessum þörfum án tillits til þarfa þjóðarinnar í heild?

Það er vitað, að ekki er meiri skortur á neinum skólum en húsmæðraskólum. Til þess að fá inntöku í slíka skóla þarf að sækja um skólavist tveim til þrem árum fyrir fram. Það er mér kunnugt um. Þeir skólar, sem þegar eru til, eru allt of litlir og eru í raun og veru eingöngu ætlaðir þeim héruðum, sem að þeim liggja. Ég get ekki skilið það, hvers vegna menntmn. er að þessu, ef hún álítur, að sér beri að líta á hag allra landsmanna í þessu efni. Hvers vegna mega húsmæðraskólar ekki koma á þessum stöðum, þegar þeirra er fyllilega þörf og fólkið vill fá þá? Hvaða meining er að vera að standa gegn því? Ég álít það mjög áríðandi, að húsmæðrafræðslan komist í það horf, að allir fái þá menntun, sem óska þess. Að mínum dómi ætti beinlínis að skylda þær stúlkur, sem ætla að stofna heimili, til að sækja húsmæðraskóla. Hvaða vit er þá að útiloka þessi héruð frá húsmæðrafræðslu, þegar þau vilja samkv. l. leggja fram sinn skerf? Það væri ranglæti af hæstv. Alþ. að ganga þannig frá

málinu. Mig furðar stórlega, hver afstaða menntmn. hefur orðið. Ég vildi gjarnan vita, hvernig hún liti á málið frá sjónarmiði þjóðfélagsins, en ekki einstakra héraða. Hún mælir með frv. um að stofna skóla í Norður-Þingeyjarsýslu, þó að húsmæðraskóli sé fyrir í Suður-Þingeyjarsýslu, en aftur á móti eru engir húsmæðraskólar í Rangárvallasýslu né Skaftafellssýslu, þar sem einnig er farið fram á að fá skóla. Það er heldur enginn slíkur skóli fyrir á Snæfellsnesi, að ég hygg, og ekki í Skagafirði. Það er því með öllu óskiljanleg heildarafstaðan, sem n. hefur í þessum málum, og vildi ég gjarnan fá frekari skýringar, áður en til atkvæða er gengið.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Að gefnu tilefni vildi ég svara hv. þm. V-Sk. nokkrum orðum. Ég hafði ætlað, að þetta mál hefði verið svo ýtarlega rætt og rakið við fyrri umr. hér í d., að engum hv. þm., sem hér á sæti, kæmi það ókunnuglega fyrir nú, en svo virðist vera um hv. þm. V-Sk., og má vera, að það stafi af því, að hann hafi verið fjarstaddur við afgreiðslu málsins eða eitthvað annars hugar. Hann kemur nú fram með fyrirspurn um það, hvers vegna menntmn. mæli með frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 296. Það er rétt eins og engin grein hafi verið gerð fyrir því hér í hv. d.

Ég legg ekki í vana minn að endurtaka æ ofan í æ það, sem frv. fara fram á, en ég sé mig til knúðan að rifja upp sögu þessa máls hér í þessari hv. d. Ég held, að við þetta mál hafi blandazt dálítill misskilningur um formsatriði í sambandi við afgreiðslu þess. Þegar þetta mál kom fyrst til 2. umr., hafði n. ekki haft tækifæri til að athuga fyllilega allar þær brtt., sem fram komu og áttu að fylgja þessu frv. En í þeim brtt. var lagt til, hvorki meira né minna en bæta við fjórum nýjum húsmæðraskólum í landinu, í stað þess, að upphaflega í frv. var ætlazt til þess, að stofnaður yrði einn skóli.

Þegar málið kom til 2. umr., óskaði ég fyrir hönd menntmn. þess eins, að n. fengi tóm til að ræða þessar brtt. á fundi sínum, og benti á, að því mætti fullnægja eftir tveim leiðum, og lagði á vald hæstv. forseta, hvorri leiðinni skyldi framfylgt; í annan stað mætti fresta 2. umr. málsins eða þá á hinn bóginn, að hv. flm. brtt. sættu sig við að taka till. aftur til 3. umr., því að á þann hátt gæfist n. tóm til umr.

Þetta lagði ég eða n. algerlega á vald hæstv. forseta. Úrskurður hans var á þá lund, að hann gerði í raun og veru hvort tveggja. Hv. flm. brtt. tóku þær aftur, en hæstv. forseti frestaði 2. umr. engu að síður. Svo þegar framhald 2. umr. fór fram hér í d., þá hafði n. gefizt þetta tóm til að ræða till. sín á milli, sem hún upphaflega óskaði eftir, og þá var vitanlega því náð, sem n. hafði farið fram á. Það hefur aldrei verið gefin nein yfirlýsing um það, að n. ætli að gefa út skrifl. álit um þessar brtt. Þetta er aðeins formsatriði málsins, og gagnvart þeim misskilningi, sem kom fram hjá ýmsum í þessari hv. d., þá vík ég örlítið meir að efni málsins.

Viðvíkjandi ummælum hv. þm. V.-Sk. þá virðist hann vera mjög ókunnugur því, sem fram hefur farið áður. Hann spyr, hvers vegna menntmn. hafi talið rétt að mæla með frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 296, mæla með því, að einum einasta húsmæðraskóla sé bætt við í viðbót við þá, sem eru lögfestir og starfandi. Ég verð að neyðast til að endurtaka það, sem ég hef sagt í þessari hv. d. við fyrri umr. Menntmn. leit á þetta sem sérstaka undantekningu, og var það að dómi n. eðlilegt og réttlátt, vegna þess að undirbúningi öllum heima fyrir var svo langt komið í þessu héraði, að það var aðeins beðið eftir samþykki Alþ. og stuðningi þeim, sem sú samþykkt veitti.

Eins og kunnugt er, eru skólamál þjóðfélagsins í athugun hjá mþn., húsmæðramálin eins og aðrir þættir skólamálanna, og þó að menntmn. teldi ástæðu til að gera þessa einu undantekningu, að mæla með frv. óbreyttu, þá er nokkuð komið inn á aðra braut að ákveða nú, meðan mþn. hefur á hendi þessa heildarathugun, að fjölga húsmæðraskólum um allt að helming. Þá er búið að færa það inn á svo víðtækt svið, að n. áleit rétt að doka við, þangað til niðurstöður mþn. lægju fyrir, sem vitanlega verður bráðlega, og þá hlýtur þetta í heild að koma til athugunar og ákvörðunar hér á Alþ. Afstaða menntmn. um að mæla með frv. byggist því algerlega á þeim forsendum. En það vakti ekki fyrir neinum þeim, sem sæti eiga í menntmn., að þeir sem þm. eða nm. vildu bregða fæti fyrir, að húsmæðrafræðsla í landinu verði aukin og efld. Það er öðru nær. Það er aðeins, að það, sem liggur fyrir, og heildarskipan þessara mála verður afgreitt á næstunni. Þess vegna taldi menntmn., a. m. k. meiri hl. n., að svo víðtæk afgreiðsla sem sú að fallast á allar brtt., sem fyrir liggja, skyldi bíða þess tíma.

Sveinbjörn Högnason: Frsm. n., hv. þm. A.-Sk., taldi, að hann hefði skýrt þetta svo rækilega áður, hvers vegna n. gæti ekki fallizt á þessar till., að ég hlyti að hafa verið fjarverandi eða ég vissi ekki um ástæður hennar. Síður en svo, — ég hef verið hér við þessar umr. og hlustað á þær og ummæli hv. frsm. enn einu sinni, og ég er nokkurn veginn jafnnær. Það eina, sem mér skilst, er, að ástæðan til þess, að þeir mæla með frv., að stofna skóla í Norður-Þingeyjarsýslu, en eru á móti að stofna skóla annars staðar, í Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, á Snæfellsnesi og í Skagafirði, sé sú, að þessi eini skóli, sem þeir mæla með, sé betur undirbúinn. Annað hef ég ekki fengið fram. Hvað er svo rétt í því? Af því, sem ég hef hlustað á hjá hv. flm. brtt., þá hef ég a. m. k. hlustað á það, að undirbúningi sé komið alllangt á veg á hinum stöðunum, bæði á Kirkjubæjarklaustri, Laugalandi og að Helgafelli á Snæfellsnesi. Hvernig talað var fyrir brtt. hv. þm. Skagf., er mér ekki kunnugt um. *(JS:* Hann er starfandi.) Enda er auðvitað mál, að þm. viðkomandi héraða eru ekki að flytja till. um að staðsetja húsmæðraskóla í héruðum sínum, nema þeir viti, að fullt samkomulag sé um, að þeir skuli vera og skólarnir þar settir. Þess vegna er þetta eina, sem n. hefur borið fram um, að undirbúningi þessa skóla,

sem hún mælir með, sé lengra komið en hinna, aðeins fyrirsláttur. Aftur á móti er kannske einum skólanum lengra á veg komið, ef hann er þegar starfandi í Skagafirði. En hinir eru vitanlega allir í undirbúningi og tilbúnir að hefjast handa, ef búið er að lögfesta þá á hverjum stað.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, að skólamál öll séu í athugun hjá mþn. í skólamálum, þá er vitað mál, að hæstv. Alþ. hefur ákveðið að stofna skóla, og m. a. mælir n. með því að stofna skóla í Norður-Þingeyjarsýslu, síðan þessi mþn. var sett, og ég hygg, að hæstv. Alþ. og þjóðin í heild mætti bíða töluvert um úrlausn skólamálanna, ef ekkert mætti gera, meðan mþn. situr. Hún er búin að sitja æði lengi, og ekki er enn kunnugt um, að mikið hafi komið frá henni. Hún hefur aðeins hugsað um barnafræðsluna, og þáltill. frá mér í fyrra var stöðvuð af þessari sök. Mér er ekki kunnugt um, að þessi n. sé neitt farin að hugsa um hana. Síðan er meiningin, að hún taki fyrir mál sérskóla, ef hún kemst þá nokkurn tíma að þeim. Einn nm., sem á sæti hér á hæstv. Alþ., hefur lýst yfir, að ef till. hennar um barnafræðslu verði ekki sæmilega tekið, muni hún hætta störfum.

Nú er vitanlega alveg undir hælinn lagt, hvernig till. n. um barnafræðslu verður tekið hér á hæstv. Alþ. Jafnvel þó að hún snúi sér að öðrum málum, þegar búið verður að berjast um barnafræðsluna, þá verður að bíða í nokkur ár enn til þess að fá úrlausn á mesta vandamáli í skólamálum, húsmæðrafræðslunni. Sú viðbára, að meiri ástæða sé að gera undanþágu um einn skóla en aðra, getur aðeins stafað af því, að n. sé hrædd um, að of mikill kostnaður verði við húsmæðrafræðsluna. Ég er alveg sannfærður um, að húsmæðrafræðslunni sé ekki of vel séð fyrir húsakosti, þó að fjórir skólar séu stofnaðir í viðbót.

Það er brýn nauðsyn að koma betra skipulagi á þessi mál. Þess vegna get ég ekki séð, að þær ástæður, sem n. hefur fyrir að mæla gegn því, að viss héruð fái sína húsmæðraskóla, þó að mþn. starfi almennt í skólamálum, — sem vitað er, að er mjög afkastalítil, — hafi við nein þau rök að styðjast, sem hægt er að taka gild, sérstaklega þegar litið er á, hve veigamikil þau mál eru, sem krefjast úrlausnar. Fjöldamörg héruð hafa beðið allt of lengi eftir að fá húsmæðraskóla, og það er því gersamlega ástæðulaust og mesta skammsýni, sem löggjafi þjóðarinnar getur sýnt, að banna viðkomandi héruðum að koma upp slíkum skólum.

Þess vegna vildi ég óska þess, að hv. n. taki þessum till. vel, og ég fyrir mitt leyti tel ekkert um of, heldur sjálfsagt, að hvert hérað fái, áður en langur tími líður, sinn eigin húsmæðraskóla.

ATKVGR.

Brtt. 464 samþ. með 13:5 atkv.

Brtt. 495 samþ. með 14:4 atkv.

Brtt. 454 samþ. með 12:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, EystJ, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JS.

nei: BG, GÞ, JJós, PÞ, Sk.

PO, SB greiddu ekki atkv.

16 þm. (SigfS, SG, ÞG, JörB, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BÁ, EOl, EmJ, FJ, GG, JakM, JPálm, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., 5. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 605).

Á 83. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., 7. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 106., 108., 109. og 110. fundi í Ed., 19., 22., 23. og 25. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 111. fundi í Ed., 26. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 605, n. 880).

Frsm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., og hefur hún bætt við nokkrum stöðum, sem heppilegir eru fyrir húsmæðraskóla. Þessu var vel tekið í n., og hefur hún orðið sammála um að mæla með frv.

Það er sama reynslan alls staðar, að áhugi ungra kvenna er mikill á þessum skólum, og virðast íslenzkar konur kunna vel að meta þá. Það er því engin hætta frá því sjónarmiði, að allir þessir skólar munu verða nægilega sóttir. Því þarf hæstv. fjmrh. ekki að óttast, að þetta skapi honum erfiðleika, því að það er á valdi hans og ríkisstj., hve mikið fé verður veitt til þessa.

Ég ætla svo að fara nokkrum orðum um hvern þessara staða.

Fyrsti staðurinn, í Norður-Þingeyjarsýslu, er mjög skemmtilegur, rétt hjá Skinnastað, og er þar hið fegursta umhverfi og mjög hentugt fyrir skólabyggingar. .... Þessi unga stúlka, Ingibjörg Jóhannesdóttir, hefur verið á Staðarfelli í Dalasýslu og getið sér þar mjög gott orð. Bæði hún og Skagfirðingar munu gera sitt til, að þessi nýi skóli verði sem allra beztur. Það vill svo til, að jörðin, sem hún á, er mjög nærri Varmahlíð, og er auðvelt að leiða heita vatnið þaðan yfir ána á brú eða undir ána. Hins vegar þykir kostur að hafa húsmæðraskólann ekki á sama stað og héraðsskólann, heldur nærri honum. Ef þetta verður samþ., mun skólinn því ekki verða í Varmahlíð, heldur þar mjög nærri.

Næst er Snæfellsnessýsla. Það er skemmst frá að segja, að fyrirhugað skólasetur þar er ein fræga sta og fegursta jörðin, sem við eigum, og er það mál bæði Snæfellinga og þeirra, sem ekki eru Snæfellingar. Fer vel á að reisa skólann á slíkum stað, og hafa Snæfellingar komið sér saman um, að á

Helgafelli skuli rísa húsmæðraskóli. Það er grunur minn, að merkur Snæfellingur, sem á jörðina, ætli að láta hana hverfa með einföldum og ódýrum hætti til skólastofnunarinnar, en ekki mun það vera fullráðið.

Þá er komið að Suðurlandi. Þm. Rang. hafa farið fram á fé til skólastofnunar á mjög fallegri jörð, Skógum undir Eyjafjöllum, sem gefin hefur verið undir skólann. Þessi jörð er í þeirri sýslu, sem átti einu sinni skólann í Odda. Þessi sýsla hefur ekki fengið neinn framhaldsskóla og orðið fyrir því óhappi, að búnaðarskóla, sem átti að fara að setja þar, á að flytja burt. Þess ber að vænta, að þeir hv. þm., sem áttu þátt í að flytja búnaðarskólann burtu, sýni nú velvild sína til Rangárvallasýslu með því að styðja að stofnun húsmæðraskóla þar.

Þá hafa þm. Skaftfellinga átt þátt í að vinna að því, að Skaftfellingar fengju skóla í sína sýslu, og liggja til þess sömu rök og hjá öðrum sýslum, sem engan húsmæðraskóla hafa fengið og ég hef talað um, bæði Rangárvallasýsla, Snæfellsnessýsla og Skagafjarðarsýsla. Í samræmi við áður gerða ályktun heima í héraðinu er bent á Kirkjubæjarklaustur sem skólasetur. Sú jörð hefur verið höfuðból um aldaraðir, og er sjálfsagt, að skólinn verði reistur þar. En það eru ekki líkur til, að þessi skóli verði reistur strax, því að líklegt er, að héraðsskólinn verði látinn ganga á undan.

Þetta er eins konar fimm ára áætlun, ef svo mætti segja, en ég held, að ekki verði sagt um neinn þessara skóla, að honum sé ofaukið.

Ég vil taka það fram, að þessir skólar, húsmæðraskólar í sveitum, hafa haft mjög mikil áhrif. Ég held, að sá skóli, sem haft hefur einna mest áhrif, hafi verið í mínu kjördæmi, Suður-Þingeyjarsýslu. Margir þeirra, sem um sýsluna hafa farið, hafa gist þar, og um alla sýsluna sjást ýmis merki skólans. Ég nefni þennan skóla ekki af neinni fordild né af því, að hann sé fremri öðrum, heldur vegna þess, að hann er elztur og hefur starfað lengst. Ég held því, að það sé bezt að gera þessa fimm ára áætlun og láta framkvæmdasemi héraðanna og fjárhag landsins ráða, hve fljótt tekst að koma henni í framkvæmd.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil benda á, að með þessu frv. er verið að lögfesta fimm húsmæðraskóla í landinu, og ef ég þekki sessunaut minn, hv. þm. Barð., rétt, mun hann fljótlega vilja bæta þeim sjötta við.

Þótt nú séu mikil fjárráð á landi hér, er ríkinu með þessu bundinn stór baggi. Auk þess, sem ríkið leggur fram af stofnkostnaði, kemur það til með að þurfa að greiða 50 þús. kr. í rekstrarkostnað á ári hverju, og þegar skólarnir eru komnir upp, verður skuld ríkissjóðs um 3½ millj. kr.

Svo er það annað mál, að þessum skólum fjölgar fullört. Fjórir skólar eru nú settir upp á Suðurlandi, þrír við Breiðafjörð og svo í hverjum kaupstað landsins. Ég er sannfærður um, að þegar jafnvægi kemst á, verða þeir ekki nema hálfsetnir. Vil ég því beina því til þeirra, sem líta hag ríkisins svo björtum augum, hvort þessi skólafjölgun sé rétt stefna. Hér er í raun og veru um að ræða skuld, sem ríkið á að greiða, og tel ég það lýsa ekki lítilli bjartsýni þeirra, sem bera það fram.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er rétt til getið hjá hv. þm. Dal., að ég muni ekki gera mig ánægðan með að fá ekki skóla í Barðastrandarsýslu. Ég sé mér ekki fært annað en bera fram brtt. þar að lútandi. — Ég sé, að tveir húsmæðraskólar eiga að vera í Þingeyjarsýslu, og vænti ég, að hv. þm. S-Þ. skipti ekki svo misjafnt að láta Barðastrandarsýslu verða alveg út undan, þegar hún líka hefur upp á ágæt skilyrði að bjóða til skólabyggingar, þar sem jarðhiti er þar nægur til sundlaugar handa þeim fríðu konum, sem kynnu að stunda nám.

Mér er kunnugt um, að ekki hafa allar þær stúlkur, sem sótt hafa um skólavist á Staðarfelli, fengið hana, og er því full þörf á, að skóli verði reistur á Reykhólum. Ég vænti þess, að hv. menntmn. greiði atkv. með þessari brtt. minni, og er það rétt, að Alþ. hafi allt í hendi sér um þessi mál.

Það hefur þegar verið ákveðið að gera Reykhóla að menntasetri, og hefur Alþ. lýst yfir, að það mundi gera það, strax og fé væri fyrir hendi til þess á fjárl.

Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta svo hljóðandi brtt.:

„Við 1. gr. Á eftir orðunum „Blönduósi í Húnavatnssýslu“ í 1. meginmálsgr. komi: Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.“

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 967) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Dal. benti á það, sem rétt er, að það hefur á sínum tíma mikinn kostnað í för með sér að koma upp skóla. En honum er og kunnugt, hvers virði það er að hafa góðan skóla, því að hann hefur verið formaður skólanefndar hins vinsæla skóla á Staðarfelli, sem svo vel hefur tekizt með. Ég vona því, þar sem hann hefur svo góða reynslu úr héraði sínu, að hann verði fylgjandi þessu frv.

Út af ræðu hv. þm. Barð. vil ég taka það fram, að ég get ekki sagt um afstöðu meðnm. minna, en ég hefði frekar óskað, að hann kæmi fram með brtt. sína við 3. umr. Mér virðist till. réttlát og eðlileg, og væri réttmætt, að reistur yrði skóli á Vestfjörðum. Mundi hann ekki gera betur en að vega upp á móti Hallormsstaðaskólanum. En það yrði engum til ávinnings, ef frv. dagaði uppi vegna brtt. Ef skóli verður ekki settur nú á Reykhólum, verður það gert síðar, því að öll rök mæla með því, að það sé í alla staði réttlátt. Það er með Reykhóla eins og Kirkjubæjarklaustur og Helgafell, að þetta er gamalt höfuðból og hefur einn mikinn kost fram yfir, þar sem jarðhitinn er. Við skulum vona, að þjóðin finni nauðsyn þess að halda við sögufrægum stöðum og láta þá vaxa inn í líf samtíðarinnar, en það er ekki hægt, nema hver sýsla hafi sinn skóla á sínum fornfrægu stöðum.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að nú er víða verið að koma upp byggðasöfnum, en erfitt er um geymslu fyrir þau, meðan ekki eru komnar upp stofnanir, sem gætu varðveitt þau. Þar mundu skólarnir geta komið að góðu liði; og væri þar í raun og veru um að ræða eðlilega framþróun.

Gísli Jónsson: Ég skal með ánægju verða við tilmælum hv. þm. S-Þ. um að taka brtt. mína aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 967 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 114. fundi í Ed., 30. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 605, 967).

Forseti (StgrA): Ég var að vísu búinn að slíta umr., en hv. þm. Árn. óskaði eftir að segja nokkur orð.

Eiríkur Einarsson: Ég var svo síðbúinn að kveðja mér hljóðs, því að ég bjóst við, að hv. frsm. menntmn. í d. mundi kannske segja nokkur orð út af brtt. á þskj. 967, sem hér liggur fyrir frá Gísla Jónssyni. Það er kannske óþarfi að standa hér upp, en mér finnst bara viðkunnanlegra að einhver minnist á það, að við höfum aðeins tekið til athugunar þessa brtt. menntmn., og það var niðurstaða okkar, að okkur þótti ekki ástæða til að taka endanlega ákvörðun um hana. Úr því að svo margir staðir á annað borð hafa verið ákveðnir til að vera húsmæðraskólasetur í framtíðinni, þá sé ég ekki ástæðu til, að sú till., sem hér er stungið upp á, að komi til framkvæmda, sem sé að reisa húsmæðraskóla á hinum virðulega og ágæta stað, Reykhólum í Barðastrandarsýslu, sé tekin sérstaklega út úr, heldur láta atkv. nm. vera óbundin um þá till. — Það var e. t. v. óþarfi að taka þetta fram, en mér fannst það viðkunnanlegra.

Bjarni Benediktsson: Ég hef nú ekki athugað eða borið þetta lagafrv., eins og það liggur fyrir, saman við sjálf l. um húsmæðrafræðslu í sveitum, en það er eftirtektarvert um þetta mál, að í meðferð þ. er búið að bæta mörgum skólum við það, sem upphaflega var ráð fyrir gert, þegar frv. var borið fram, en engin af þessum brtt. hefur verið borin fram af n., heldur hefur n. lagt til, að frv. væri samþ. óbreytt, þó að einstakir nm. áskildu sér rétt til að vera með brtt. Þetta sýnist eiginlega bera með sér, að meðferð málsins sé allhandahófskennd og engin rækileg skoðun hafi farið fram á því, hvort rík þörf væri á húsmæðraskólum víðs vegar um landið, né heldur athugun á því, hvort héraðsbúar heima í þessum héruðum væru reiðubúnir að leggja fram fé til þessara skóla af sinni hálfu. Sannleikurinn virðist vera sá, að einstakir þm. hafi tekið upp barðið fyrir héruð sín meira og minna af tilviljun og komið inn einhverjum stöðum, sem eru í héruðunum, hver þeirra um sig.

Ég hef nú ekki athugað, hvort með þessu lagafrv. skapast skylda fyrir ríkið til þess að inna fé af hendi til byggingar og rekstrar þessara skóla eða hvort þarf sérstakt ákvæði til þess í fjárl. (*JJ:* Þess þarf.) Það má þá segja, að þetta sé tiltölulega meinlaust út af fyrir sig, ef það er þannig, en hitt er ljóst, að þrátt fyrir það er lítt viðunandi að afgreiða slíka löggjöf sem þessa af jafnmiklu handahófi og ljóst er, að þetta frv. verður afgr. hér.

Ég vildi grennslast eftir því hjá mér fróðari mönnum og þá sérstaklega þeim, sem eiga sæti í menntmn., hvort þetta sé ekki eitt af þeim atriðum, sem sérstaklega heyrðu undir þá n., sem skipuð var til rannsóknar á fræðslumálum landsins, og hvort ekki væri betur viðeigandi að láta afgreiðslu þessa máls bíða, þangað til að sú n. hefur skilað áliti og við fengið að kynna okkur, hverjar hugmyndir hennar væru í þessum efnum.

Ég vil á þessu stigi spyrja hv. n. um það, hvort ekki sé rétt skýrt frá hjá mér, að þetta sé meira og minna handahófsafgreiðsla á þessu og hvort ekki væri betur viðeigandi að vísa málinu frá með rökst. dagskrá, í því trausti, að heildartill. kæmu frá þessari skólamálan. í því efni, sem hér um ræðir, og ef sú n. hefur ekki þegar athugað þetta mál, sem mér finnst ólíklegt, að hún hafi ekki gert, hvort ekki væri eðlilegra að vísa málinu til hennar og fá till. hennar um það. Ef til vill er hv. n. ekki reiðubúin að svara þessu nú, og væri þá hægt að taka málið af dagskrá til frekari undirbúnings og athugunar.

Frsm. (Jónas Jónsson): Ég hafði ekki veitt því eftirtekt, að umr. var í raun og veru slitið. Annars ætlaði ég að segja nokkur orð út af till. hv. þm. Barð., sem hann gerði fyrir mín orð að bera ekki fram við 2. umr. Nú hefur hv. þm. Árn. sagt, að n. hafi athugað þetta, og að því er ég hygg, er a. m. k. meiri hl. n. velviljaður því, að sú till. nái fram að ganga, og kannske allir nm.

Út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. vil ég segja, að ég sé ekki, að máli skipti í raun og veru, þó að þetta sé ekki borið fram af n., og vil ég aðeins benda honum á, að mál, sem hann hefur haft nokkur afskipti af hér í d., nefnilega málið um embætti Sigurðar Nordals, var borið fram af n. í Nd. og það einróma, og þó kom í ljós, að þrátt fyrir gagnrýni hans hafði það ekki haft nægilegan undirbúning.

Aftur á móti er fyrst að segja um þetta mál, að l., sem mig minnir, að séu frá 1938, um húsmæðraskóla, tóku til greina þá staði, sem sumpart var þá byrjað að byggja á, og sumpart tvo skóla, sem er í raun og veru byrjað að reisa síðan og hefur verið safnað og veitt fé til, annar í Borgarfirði og hinn á

Suðurlandsundirlendinu. Á hinn bóginn gera þessi l. ráð fyrir því, að það sé eingöngu fjárlagaatriði, hvað veitt er til þeirra, og þess vegna, eins og einn hv. þm. skaut inn í, algerlega á valdi þingsins, hvað byggt er. Í þessum l. frá 1938, hygg ég, að segi svo í 10. gr.: „Ríkissjóður greiði helming alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárl." — Þessu síðasta er breytt þannig, að ríkið greiðir ¾, en ekki lögð meiri skylda á ríkissjóð.

Nú er, eins og ég tók fram við 2. umr., þannig ástatt í þessum efnum, eins og borgarstjóra Reykjavíkur er vafalaust kunnugt um af því, sem gerist hér í bænum, að þessir skólar, sem til eru, eru svo allt of litlir bæði í bæjum og sveitum, að slíks eru engin dæmi um nokkra aðra skóla á landinu. T. d. rúmar sá elzti af þessum nútímaskólum, sem er á Laugum í Þingeyjarsýslu, aðeins 15 eða 18 stúlkur, — ég held, að 18 séu teknar nú orðið. Venjulega snemma á árinu eru komnar um 100 umsóknir, og ég veit ekki, hve margar umsóknir yrðu um þann skóla, ef nokkur von væri til, að hægt væri að taka fleiri. Þetta eru einu skólarnir á Íslandi, sem eru sambærilegir við ríka prívatskóla í Englandi, þar sem sækja þarf um inntöku mörgum árum áður. Þetta gildir ekki eingöngu um skólann í Þingeyjarsýslu, heldur alla húsmæðraskóla á landinu, Hallormsstað, Blönduós, Staðarfell og víðar. Þess vegna er miklu meira virði en nokkur nefndarundirbúningur, að það er kvenfólkið sjálft í landinu, bæði í bæjum og sveitum, sem vill fá þessa fræðslu og þykir hún allt of lítil. Það þarf ekki að bíða eftir öðrum dómi á það eða neinni nefndarrannsókn.

Aftur á móti er mér að vísa ekki ókunnugt um störf þeirrar n., sem hv. þm. talaði um, og ég hygg, að ef þetta mál er tilviljanakennt, þá sé sú n. enn þá meiri tilviljun. Það var gömul þál., sem Pálmi rektor og Bjarni á Laugarvatni báru fram endur fyrir löngu, um athugun á skólamálum. Það var ekkert gert, fyrr en hinn mjög gáfaði og lærði kennslumálaráðherra, Einar Arnórsson, fann í gömlum skjölum, að þessi þál. var til og skipaði n. alveg af handahófi til þess að athuga skólamálin. Eitt dæmi um, að þessi n. hefur ekki grandskoðað hlutina ákaflega djúpt, er það, að hún starfaði t. d. í sumar á einum héraðsskóla, bjó á gistihúsinu á Laugarvatni, og aðeins einu sinni talaði n. við skólastjórann þar lauslega um kennslumál, en samt leggur hún til að gerbreyta um átta héraðsskólum alveg frá stofni, sem reistir hafa verið víða með miklum fórnum af héraðsbúum, og taka þá undan stjórn héraðanna og láta þá gera allt annað verkefni en ætlazt var til.

Ég vil taka fram við hv. 6. þm. Reykv., að þessi n. hefur svo stór og mikil verkefni, að hún hefur ekkert yfirlit yfir þetta, svo að ég hygg, að hún mundi engu breyta í þessu.

Svo að ég snúi mér að öðru efni: Í Norður-Þingeyjarsýslu hafa í nokkur ár verið samskot um þetta. Í Skagafirði er farið að leggja fram fé og byrjuð kennsla á þeim stað, sem skólinn væntanlega verður. Á Snæfellsnesi hafa Snæfellingar lengi haft augastað á að hlynna að Helgafelli, og ég hef heyrt, að einn efnaður Snæfellingur hafi keypt jörðina, til þess að hún gæti orðið til opinberra þarfa í þessu skyni. Á Kirkjubæjarklaustri er mér kunnugt um, að í einu lagi hafa verið gefnar 10 þús. kr. í slíka stofnun, sem á að vera á Klaustri. Ég verð að segja, að þar sem aðsókn kvenna að þessum skólum er svo mikil, sýnist mér engan veginn ofaukið að stefna að því, þegar Vestfirðingar hafa efni á, að skóli verði reistur á Vestfjörðum. Nú er gert ráð fyrir, að skólinn á Ísafirði fái betri húsakost, og meira en tvo skóla á öllum vesturkjálkanum er ekki talað um.

Ég álít því till. hv. þm. Barð. í alla staði réttmæta, þar sem sérstaklega er komið jöfnum höndum undir áhuga manna í héraðinu og getu Alþ., hvað veitt er til skólans. Ég vildi helzt nota tækifærið til þess að skjóta því til þess unga og efnilega borgarstjóra í Reykjavík, sem hefur átt mikinn þátt í, að hér komst upp húsmæðraskóli, sem er að vísu gott, en ég hélt, að mundi vel hæfa rausn hans og bæjarfélagsins, að það væri meira gert í þessum málum og hv. þm. leitaðist við að styðja enn þá stærri átök en enn hafa verið gerð.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég var búinn að tala í þessu máli við fyrri umr. og hef litlu þar við að bæta.

Hv. þm. S-Þ. sagði, að það væri á valdi þingsins, hvaða rétt þessir skólar fengju. En ef héruðin ná í fé til að reisa skóla, þá er ríkissjóður í raun og veru orðinn skuldbundinn um ¾ af upphæðinni, hversu sem greiðslu þeirrar skuldar verður háttað.

Ég gaf lítils háttar yfirlit yfir kostnaðarhlið þessa máls við fyrri umr. og hvert þetta gæti lent síðar meir, þegar jafnvægi kemst á hlutina. Nokkuð hefur sótt á húsmæðraskólana af kaupstaðarstúlkum, en nú eru víðast hvar í kaupstöðum að rísa upp húsmæðraskólar, svo að fyrir þá aðsókn til sveitaskólanna mun taka.

Að öllu athuguðu teldi ég rétt að samþ. till. 6. þm. Reykv. um að athuga þetta nánar, þar eð ekki virðist liggja svo mjög á.

Gísli Jónsson: Ég vil fyrst þakka fyrir undirtektir undir mína till. En út af ræðu hv. 6. þm. Reykv., þar sem hann gat þess, að hér virtist fremur um að ræða persónulegt kappsmál einstakra þm. en almennan áhuga heima í sveitum, þá vil ég benda á þær samþykktir á undanförnum þingum, sem gerðar hafa verið viðvíkjandi Reykhólum. Á síðasta þingi bar ég fram frv. þessu viðvíkjandi, en því var vísað til mþn. í skólamálum með rökst. dagskrá. Ég fór svo að spyrjast fyrir um þetta í haust. Kom þá í ljós, að mþn. höfðu verið send öll plögg málinu viðvíkjandi, en hún hafði glatað þeim öllum. Hvort það hefur verið vegna gleðskapar á Laugarvatni í sumar eða af öðrum ástæðum, er mér ekki kunnugt. Loks þegar álít hennar fékkst, þá var það á þá leið, að slík mál hefði hún ekki tekið til athugunar. Hún hefði einungis fjallað um barna- og unglingafræðslu. Það

varð þess vegna ekki til annars en drepa málið að senda það til þessarar mþn. Ég get fallizt á, að athuga þyrfti þetta mál nánar, en það er tvímælalaust vilji Barðstrendinga að fá húsmæðraskóla á Reykhólum, og þegar ég er að gera á breytingu á l. um húsmæðrafræðslu, þá ber ég þetta fram til þess að ekki þurfi að breyta þeim síðar vegna þessa.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Dal., þá kann það að vera rétt, að „teoretiskt" skuldi ríkissjóður þessa upphæð. En ég hygg, að ef eitthvert hérað vill leggja út í það að taka á sig sinn hluta af kostnaði við byggingu húsmæðraskóla, þá sé þörfin þar orðin svo brýn, að ekki verður til lengdar undan því komizt að verða við óskum þess.

Um mikilvægi þessa máls vil ég segja það, að það hefur jafnan verið skoðun mín, að því fé, sem varið er til menntunar íslenzkri alþýðu, sé betur varið en flestu öðru fé, því að það bregzt varla, að það endurgjaldist ekki margfalt með fjölþættari og betri framleiðslu þjóðarinnar og bættri afkomu á margan hátt. Ég hef persónulega kynnzt t. d. sjómönnum annarra þjóða og getað borið þá saman við íslenzku sjómannastéttina og séð við þann samanburð, hversu langt sjómenn okkar bera af flestum stéttarbræðrum sínum í öðrum löndum. Tel ég þetta stafa langsamlega mest af því, hve sjómenn okkar fá betri menntun. Sama má einnig segja um marga verkamenn og iðnaðarmenn. Er þess skemmst að minnast, er margir hv. alþm. skoðuðu nýlega hin nýju húsakynni Landssmiðjunnar og sáu þar hópa almennra verkamanna við óþrifaleg störf, en mættu þessum sömu mönnum nokkru síðar skrautklæddum í hófi á Hótel Borg, þar sem þeir hver af öðrum fluttu skipulagðar ræður, frumort kvæði, gamanvísur og sögur. En allur annar háttur þeirra og framkoma var sem meira hefðu þeir iðkað veizlufagnað og bókmenntir en óþrifalegustu verk.

Menntun kvenna er þá ekki heldur minna virði, hvort heldur fyrir þeim á að liggja að veita heimili forstöðu á Íslandi eða bera hróður lands og þjóðar út um fjarlæg lönd, eins og þær margar hverjar hafa gert með prýði og m. a. vegna þeirrar fræðslu, sem þær hafa notið hér í skólum okkar. Mér er það alveg ljóst, að það kostar töluvert fé í fámennu og strjálbyggðu landi að halda uppi mörgum skólum á þann hátt, sem til er ætlazt með þessu frv., en mér er jafnljóst, að það kostar þjóðina raunverulega meira fé að gera það ekki. Það leynast svo margir dýrmætir hæfileikar með íslenzkri alþýðu, sem koma ekki í ljós né fá notið sín, fyrr en þeir hafa fengið næringu frá vizkulindum skólanna, og það verður að vera takmark okkar að hlúa að öllum þeim eiginleikum hjá æskunni, sem gera henni léttara fyrir að lyfta þjóðinni á hærra stig, bæði andlega og efnalega. Og húsmæðraskólarnir munu að minni hyggju reynast drjúgir í baráttunni að því marki.

Frsm. (Jónas Jónsson): Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Dal. vildi ég taka það fram, að ríkið er ekkert fremur skuldbundið af húsmæðraskólal. en t. d. hafnarl. En eins og kunnugt er, hefur einatt þurft stór átök til að hefja hafnarframkvæmdir, og eru það þó mannvirki, sem gefa beinan arð. Þess vegna er alls óþarft að óttast, að of langt verði gengið í þessu efni. Mér virðist, að hv. þm. Dal., sem hefur lengi stýrt sýslu, ætti öðrum fremur að vita um erfiðleika héraðanna í slíkum málum sem þessum.

Þá vildi ég segja nokkur orð, sem mættu verða til umhugsunar fyrir æðsta mann höfuðborgarinnar, en það er um nauðsyn þess að hafa gistihús í sveitunum um sumartímann — og það ekki sízt nú, þegar sumarleyfi eru lögboðin. Það er útilokað, að heimili í sveitum geti tekið á móti öllum þeim, er leita í sveitirnar á sumrin. Það er sitt hvað, hvort við óskum eftir því að verða ferðamannaland eða hitt, hvort þeir, sem hingað koma, geti fengið sómasamlega gistingu. Ætla mætti, að orlofsl. yrðu til þess að skapa gistihús í sveitunum, en svo mun þó ekki verða. Má í því sambandi benda á umsókn, sem nú mun liggja fyrir Alþ. um styrk til að stækka gistihúsið Valhöll á Þingvöllum. Þar er hinn fjölsóttasti staður í sveit á Íslandi, og má af því ljóst vera, hver verður hlutur annarra sveita í þessu efni. Það er alls kostar ómögulegt að láta slík gistihús bera sig af 6—8 vikna tíma, sem þau yrðu sótt. Þessir skólar gætu leyst þetta vandamál, ef sameinazt er um þá leið, og raunar ætti borgarstjórinn í Reykjavík að vera þar fyrstur í flokki.

Mér tókst ekki að sannfæra hv. þm. Dal. um eitt atriði, en það var, að á þennan hátt fá okkar gömlu höfuðból stuðning, sem verður er til að halda uppi minningu þeirra. Skálholt hefur nú fengið þennan stuðning, og verði þessir staðir studdir á svipaðan hátt, þá er miklu bætt. Þannig er nú og búið að Hólum í Hjaltadal, þótt biskupar sitji þar ekki lengur. Ég vænti, að hv. þm. Dal. og aðrir vitrir menn sjái, að mþn. hefur annað að starfa en sinna þessu máli. En hins vegar hníga að því mörg rök, sem ég nú hef sum talið, að þetta mál verði skjótt ráðið. Og má þar ekki gleyma, hve þetta mega verða heppilegir og nauðsynlegir gististaðir fyrir erlenda gesti og orlofsfólk úr Reykjavík.

Bjarni Benediktsson: Mín fáu orð áðan gáfu ekki tilefni til mikilla umr. En það er ekki að furða, þótt þetta mál vefjist nokkuð fyrir mönnum, þar sem í öðru orðinu er talað um miklar framkvæmdir, en í hinu orðinu á ríkið ekki að taka neina skyldu á sig. Mér virðist það óvéfengjanlegt, sem hv. þm. Dal. sagði hér um kostnaðarhlið þessa máls. Að vísu er ríkið ekki skyldugt að greiða þetta fé, fyrr en ákveðið er í fjárl., en hitt er óumdeilanlegt, að ríkið verður að halda uppi rekstrarkostnaði, eftir að skólarnir hafa verið reistir. Höfum við þar órækt dæmi, sem er Varmahlíðarskólinn.

Það er ekki ætlun mín að mála hér neina grýlu á vegginn. Ég er fullkomlega sammála um nauðsyn húsmæðrafræðslu og ef til vill enn þá ákveðnari í því máli en hv. flm. þessa frv. Það er t. d. skoðun mín, að ekki sé rétt, að nokkur stúlka sé laus við skólaskyldu fyrr en hún hefur fengið hliðstæða

menntun þeirri, sem hér er talað um. Og samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, hefur sú mþn., sem starfaði að skólamálum, lagt til, — þó hef ég ekki séð það frv. enn þá, — að skólaskyldan yrði tölurvert framlengd frá því, sem verið hefur, og þá með því, að héraðsskólarnir yrðu flestir teknir af þeim, sem hv. þm. kallar hina réttu eigendur, og lagðir undir ríkið til þess að gera þessa framhaldsfræðslu mögulega. En það, sem er að brjótast í mér, er: Er ekki alveg eins skynsamlegt að koma á slíkri almennri framhaldsfræðsluskyldu í landinu og hverfa að einhverju leyti frá því að láta þessa framhaldsfræðslu vera í formi gagnfræðaskóla eða samskóla pilta og stúlkna? Verður ekki skynsamlegra og happadrýgra að hafa þessa kennslu að einhverju leyti sundurskilda milli pilta og stúlkna og annars vegar einhvers konar búnaðarnám, en hins vegar beina húsmæðrafræðslu fyrir ungar stúlkur? Það er skoðun mín, að það væri heppilegra. Hugmyndin, sem vakir fyrir flm. þessa máls, sem hér liggur fyrir, er góðra gjalda verð. En það, sem fyrir mér vakir, er það, að ekki muni verða tekin skynsamleg ákvörðun um framhaldsfræðsluskyldu ungmenna hér á landi fram yfir það, sem nú gildir, sem miðast við 14 ára aldur, nema húsmæðrafræðslan sé einn verulegur þáttur í þeirri framhaldsfræðslu. Og menn verða að gera sér ljóst, að hvað sem gagnfræðanámi líður, — og allt slíkt getur verið gott — og líka að koma á samkomur og flytja kvæði, sem ég er þó ekki hrifinn af, að þeim ólöstuðum, — þá sé enn nauðsynlegra fyrir ungar stúlkur, að þær hljóti húsmæðrafræðslu.

Af þessu var það, sem ég bar fram fyrirspurn mína áðan, hvort hv. menntmn. þessarar d. hefði kynnt sér, hvort mþn. í skólamálum hefði gert nokkrar till. varðandi húsmæðrafræðslu og hvort ekki félli beinlínis inn í verkahring hennar að gera slíkar till. Þegar vitað er, að í uppsiglingu eru allsherjartill. mþn. í skólamálum, finnst mér misráðið af hæstv. Alþ. að fara að setja jafnviðtæka löggjöf um húsmæðrafræðslu og hér er um að ræða. Og það þýðir ekki að bera á móti því, að þessi löggjöf er sett af ákaflega miklu handahófi, ef frv. ásamt brtt. við það, sem fram eru komnar, verður samþykkt. Fyrst er borið fram frv. um að koma upp einum skóla, og n. í hv. Nd. leggur til, að frv. það verði samþ. óbreytt. En þegar það frv. kemur svo úr hv. Nd., eru skólarnir orðnir fimm, sem frv. inniheldur ákvæði um, án þess að í þskj. sjáist nokkur grg. fyrir þessum skólum nema einum. Og menntmn. þessarar hv. d. segir hér í nál., að hún sé frv. samþykk. Og jafnvel þó að menn eins og hv. þm. S-Þ. hafi fjallað um málið í n., hafa þeir algerlega kastað höndum til þess og vanrækt að skýra það fyrir þingbræðrum sínum á nokkurn hátt. Og málsmeðferð þeirra og till. eru svo lausar, að þeir falla fyrir hverri brtt., sem fram er borin, sem þeir hefðu ekki gert, ef þeir hefðu hugsað málið í heild. Og hv. þm. S-Þ. segir, að það eigi að stofna eftir frv. húsmæðraskóla á stað, sem þar er alls ekki nefndur. Skinnastaður er alls ekki nefndur hér. *(JJ:* Það er á stað, sem þar er rétt hjá. — *PHerm:* Það er í landareigninni.) Þetta er þá ekki hið rétta nafn. Það virðist þá eiga að dylja það, að þessi skóli sé reistur á höfuðbóli. En þetta er nú aukaatriði í þessu efni, þó að ég vilji skjóta því að hér, þar sem hv. þm. S-Þ. taldi, að hér væri verið að vinna að því að efla höfuðból með því að setja upp skóla. Það væri æskilegt, að þau væru öll efld með því höfuðbólin, þegar skólar eru settir upp á þeim. En ýmsum finnst, að reynslan hafi stundum orðið önnur. Og mér og öðrum, sem til Reykholts hafa komið, hefur verið raun að því, hve Reykholt hefur orðið að þola lélega umgengni af skólaráðsmanni á þeim stað. Ég vil spyrja hv. þm. Barð. og hv. þm. S-Þ., hvort framfarir hefðu orðið í búnaði á Hólum, þessu höfuðbóli, síðan skólinn kom þar. En ég er ekki með því að mæla á móti, að skólum sé komið fyrir á höfuðbólum. En röksemdirnar fyrir því mega samt vera réttari en fram hafa komið.

Hér er um stórvægilegt mál að ræða, eitt af mestu menningarmálum landsmanna, og fyrir mér vakti það, að ekki mætti afgreiða það af slíku handahófi og hér er stefnt að, eins og sakir standa, heldur þurfi, — eins og hv. þm. S-Þ. talar um, — einhverja tíu ára áætlun um skynsamlegar aðgerðir í þessu efni. En 10 ára áætlanir eru ekki samdar á þann hátt, að einn og einn hv. þm., annaðhvort með áróðri eða einhverju handahófi út í bláinn, fleygi fram till., sem svo samþ. eru af hv. þm. undirbúningslaust, heldur á þann veg, að athugun fari fram um málin. En sú athugun hefur í þessu efni verið vanrækt.

Ég hjó í það, að hv. þm. S-Þ. lét ekki svo lítið að geta þess og vissi e. t. v. ekki um það, hvort mþn. í skólamálum hefði um þetta mál fjallað. Hann svaraði ekki spurningu minni um það. Hins vegar fór hann nokkrum almennum orðum um þá n. og fannst lítið til hennar koma. Það getur verið, ef hann lítur þannig á þessa n., að þá finnist honum ekki ómaksins vert að athuga, um hvað hún hefur fjallað. *(JJ:* Alveg rétt tekið fram.) En mér finnst það hið minnsta, sem við þdm. eigum rétt á að fá að vita í sambandi við þetta mál, hvort mþn. í skólamálum hefur hugsað sér að gera eða gert einhverjar till. í þessu efni. Þetta finnst mér, að við eigum rétt á að fá að vita, áður en við tökum ákvörðun um málið. Og ég vil ekki láta mér nægja það, þó að hv. þm. S-Þ. lýsi yfir því, að hann sé svo á móti þeirri n., að hann telji ekki ómaksins vert að vita ráðagerðir hennar í þessu efni. En það er langt frá því að gera af nokkurri gætni 10 ára áætlun í máli eins og þessu, þegar mþn. er skipuð í málið, að þingn. vilji ekki kynna sér till. þeirrar mþn. eða svo mikið sem vita, hvort sú mþn. hefur gert nokkra minnstu till. um málið. Því fer fjarri, að ég beri nokkurn illvilja til þessa máls, því að ég álít það með hinum merkustu málum, sem hæstv. Alþ. fjallar um. Og ég vil allra sízt standa á móti raunverulegum framförum og framgangi húsmæðrafræðslunnar í landinu, því að ég álít fátt, sem meiru geti ráðið um menningu þjóðarinnar og hagnýtingu efna hennar en góða

fræðslu húsmæðra. Og ég veit, að hv. þm. S-Þ. er mér alveg sammála um það. Og hann mun verða með mér í því, sem bráðum verður, að við Reykvíkingar eflum húsmæðraskóla okkar með því annaðhvort að stækka það hús, sem hann er í nú, eða — og það öllu heldur — með því að reisa einn eða tvo slíka skóla til viðbótar, vegna þess að sá skóli fullnægir hvergi nærri þeirri þörf, sem er fyrir slíka skóla hér í bænum.

Frsm. (Jónas Jónsson): Ég þarf fyrst að víkja fáeinum orðum að því, hvort ástæða sé til að senda þetta mál frá þessari hv. d. til þeirrar n., sem hefur verið vikið að. Ég efast um, að hv. 6. þm. Reykv. sé kunnugt um það, — og það skiptir náttúrlega miklu máli viðvíkjandi möguleikum n. til þess að ráða fram úr málum, — að hve miklu leyti hún stendur í sambandi við landsfólkið um að afla sér reynsluþekkingar um þá hluti, sem hún gerir till. um. Ég hef enga ástæðu til að kasta hnútum að þeirri utanþingsstj., sem sat að völdum um tveggja ára skeið fyrir skemmstu. En hins vegar hefur það verið gert af blaði, sem hv. 6. þm. Reykv. fylgir. Það hefur talið, að störf þeirrar ríkisstj. hafi verið mjög í lausu lofti. En af öllu því, sem sú stj. kann að hafa lauslega gert, þá hefur sennilega ekkert verið lausara á lofti en þessi nefndarskipun mþn. í skólamálum. Sú ríkisstj. gróf upp þál., sem allir voru búnir að gleyma, þangað til þáv. menntmrh. gróf hana upp. Svo velur hann fólk í n., sem — að undanteknum einum manni — var ekki í sambandi við félagslega strauma í landinu. Það var aðeins einn maður í n., sem hafði nokkra reynslu af þeim erfiðleikum, sem á því eru að setja skóla á stofn. Það var maður, sem hv. 6. þm. Reykv. þekkir og er forstöðumaður eins af stærstu skólum landsins, Ingimar Jónsson, sem yfir 14 ár hefur beðið eftir því, að okkar ágæta höfuðborg og æðsta menningarsetur á landinu hefði auraráð til þess að láta þann skóla fá þak yfir höfuðið. Þessi maður, sem hafði þessa sorglegu reynslu, er eini maðurinn í n., sem nokkuð þekkti til baráttu fólksins í því víðsvegar um landið að koma slíkum skólum á stofn.

Svo er annað, sem hv. 6. þm. Reykv. sér, að ekki verður við unað í sambandi við þessa nefndarskipun og till. hennar, og það er, að bak við þetta stóðu engar umr. Fyrrverandi hæstv. ráðh. tekur menn af tilviljun í n. Sex þeirra fara austur að Laugarvatni og eru þar í nokkrar vikur eða mánuði að kokka eitthvað, alveg laust við þjóðlífið í landinu. Og það hefur ekki verið skrifuð ein blaðagrein né samþykkt nein fundarályktun um það, sem þessi n. hefur starfað. Hún er meira af tilviljun sett en nokkur önnur n. hefur verið, sem starfað hefur hér hjá okkur. Og ef menn t. d. athuga skipun og starf þeirrar n., sem hefur haft undirbúning launamálsins til meðferðar, þá er ólíku saman að jafna. Og ef nokkuð kemur út af starfi þessarar mþn. í skólamálum, sem er gripin alveg úr lausu lofti, þá verður það til óláns fyrir landið. Mér er kunnugt um, að enginn maður, sem í þessari n. hefur starfað, hefur áhuga á því máli, sem hér liggur fyrir til umr. Og ég skoðaði það ekki sem neina alvarlega tilraun, þó að senda ætti þessari mþn. þetta frv., sem hér liggur fyrir, til athugunar. Ég get aðeins glatt hv. borgarstjórann með því að sýna honum dæmi um það, hve erfitt yrði að uppfylla áform þessarar n., ef einhverjum dytti það í hug, — því að Reykjavík, sem hefði átt að reisa íhalds- og bolsaskóla, svo að maður noti mál Reykvíkinga, hefur ekki getað það. Nú á að byggja hér yfir annan skóla. En þessi „plön" eru svo stórfelld, sem þessi n. ungaði út á Laugarvatni, að Reykjavík á eftir till. hennar þann bagga fram undan, sem má marka, hver er, af því, að eftir „plönum" þeirra á skólaskylda allra unglinga að framlengjast svo, að það yrði að stækka Laugarvatnsskólann um 25% til þess að geta tekið á móti þeim unglingum úr Árnessýslu einni saman, sem eftir „plönum" n. yrðu framhaldsskólaskyldir. Þess vegna verð ég að láta í ljós efa minn um það, að hægt verði í náinni framtíð að byggja framhaldsskólahús yfir þau á sjötta þúsund börn, sem eru í barnaskóla Reykjavíkur, ef dæma má eftir því, hvernig gengið hefur fyrir skóla að fá þak yfir höfuðið fram að þessu. Og ég býst við, að hv. borgarstjórinn hér muni, áður en hann er búinn að verða við óskum þessarar n. bara heima hjá sjálfum sér, komast að þeirri niðurstöðu, að betra hefði verið að svelta þetta fólk uppi við Hvítárvatn en láta það vera austur á Laugarvatni til að gera einhverja vitleysu. Og ef gera ætti meira grín að þessu fólki en búið er að gera, þá vonandi hrynja ekki þessi höfuðból, þó að þau séu látin leika sér að þessu eitt eða tvö ár.

Ég held, að það sé miklu heppilegri skoðun, sem kom fram annað veifið hjá hv. 6. þm. Reykv., að það eigi að reyna að uppfylla þarfir fólksins fremur en að vera að reyna að demba yfir það löggjöf, sem það ekki skilur. Ég mundi ekki vera með því að setja alla unglinga í Reykjavík á gagnfræðaskóla, þó að till. um það kæmi fram. Hvar væri húsnæði og kennarar til þess? En aftur á móti mundi ég vera mjög fýsandi þess, sem hv. 6. þm. Reykv. vék að, — og vil ég lofa honum því, ef ég verð á þingi, þegar hann kemur með óskir um það, að fylgja honum í því, ef þess er nokkur kostur, — að landið styrki húsmæðraskóla hér í Reykjavík. Hér er húsmæðraskóli, góður, en lítill og þarf að stækka mjög mikið. En það er ekki sannað, að það verði að öllu leyti gert með því af héraðsins hálfu, sem bærinn sem slíkur getur lagt til þess, vegna þess að fólkið er búið að sýna, að það kann að meta þetta. En hins vegar eru till. mþn. í skólamálum alveg eins og dottnar niður úr tunglinu, þar sem m. a. er ætlað að skylda Reykvíkinga, sem hafa á sjötta þúsund börn í skóla, til þess að láta þau fara öll í gagnfræðaskóla. Þess vegna held ég, að það væri velgerningur af þeim, sem eiga kunningja í þessari n., að draga hana ekki inn í umr., því að hún er búin að sýna, að hún hefði betur aldrei verið skipuð. Líklega verða Reykvíkingar og okkar ágæti borgar-

stjóri þar með talinn farnir að sjá grá hár á sínu höfði, löngu áður en búið er að reisa gagnfræðaskóla hér í Reykjavík, sem fullnægi þeirri skólaskyldu um gagnfræðanám, sem þessi n. hefur látið sig dreyma um. Það hygg ég, að taki nokkuð langan tíma.

Ef menn vilja vísa þessu máli, sem hér liggur fyrir, frá með rökst. dagskrá nú, þá þarf ekki að fara með það í neina launkofa, að það verður til þess að drepa þetta mál nú. En það mundi koma aftur, sennilega á næsta þingi. Hvort það væri betra eða ekki, skal ég ekki segja um. En þetta er eitt af þeim málum, sem stendur föstum fótum í hugum og tilfinningum fólksins. — Í Borgarfirði er kvenfólk um allar sveitir í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu búið að safna stórfé til þess að koma þessum málum í framkvæmd hjá sér, ég held hundruðum þús. kr., ef með er talið það, sem borgfirzkir menn hér í Reykjavík hafa lagt fram til þessara mála. Ég fullyrði, að ef ekki hefði verið búið að gera þessa áætlun um, að koma ætti húsmæðraskóli í Borgarfirði, þá hefði sama sem engu verið búið til hans að safna af fé. Alveg á sama hátt er kvenfólk á Suðurlandi búið að safna saman tugum þúsunda í sama skyni fyrir sitt hérað. Í Skaftafellssýslu er búið að safna 10 þús. kr. í ekki ríkri sveit til húsmæðraskólabyggingar. Það er ekkert sambærilegt, hvað fólk leggur meira á sig í þessu skyni, þegar búið er að lögfesta skólastað fyrir húsmæðraskóla í sveitinni eða héraðinu heima hjá því, en á meðan slík lögfesting hefur ekki átt sér stað. Þegar búið er að ákveða staðina með l., þá leggur fólkið á sig miklar byrðar til þess að hrinda þessum málum áfram. Og þá er rétt stefnt. Það má segja, að það ýti á eftir um ríkissjóðsframlag, en um það fer eftir getu ríkissjóðs.

Til huggunar hv. þm. Dal. vil ég segja það, að fyrir nokkrum árum, þegar talsvert meiri kreppa var en nú, þá var í þrjú ár veitt fé úr ríkissjóði til tveggja skóla, gagnfræðaskólans í Flensborg og húsmæðraskólans á Laugarvatni, ég hygg, að það hafi verið frá 20 þús. kr. og upp í 35 þús. kr. á ári. En fjárhagur eða gjaldgeta landsins var ekki meiri en svo, að þm. eins og hv. þm. Dal. og ég treystum okkur ekki til að gera meira. En ég hygg, að á öllum árum muni menn gera slíkt.

En kosturinn við að samþykkja þetta frv. nú, sem hér liggur fyrir, er sá, að það knýr fram krafta, sem þurfa og eiga að njóta sín, en koma ekki fram á annan hátt, ef málið er ekki sett í þá umgerð, að sá áhugi komi fram, sem sprettur upp í hugum almennings.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það er líklega bezt að láta sér þykja gott, að umr. verða um þetta mál til þess að vekja hv. þdm. til athugunar um ýmislegt, sem lýtur að þessu máli. En að ég tek til máls aftur, er af því, að ég á sæti í þeirri n., sem um þetta mál hefur fjallað. Það hefur verið talað um, að hún hafi látið álit sitt í ljós með nokkuð lítilli athugun á málinu. Það var annað frv. á dögunum, sem líkt þótti sumum hv. þdm. ástatt um, um próf. Sigurð Nordal og þann heiður, sem hæstv. Alþ. væntanlega vill sýna honum og vísindastarfsemi hans. Í því máli þótti það eðlilegt, úr því að fram á það var farið, að leita umsagnar háskólaráðs um það. Og ég verð að segja, að þótt umsögn hins ágæta háskólaráðs bærist um það frv., þá var maður ákaflega litlu nær um málið. Sú umsögn hljóðaði alveg eins og við mátti búast, að mælt var með frv. — og búið. Það, sem gat orðið að álitamáli meðal alþm. um það, hvort samþ. skyldi það frv. eða ekki, það laut ekki að minni skoðun að umsögn háskólaráðs, heldur hinu, hvort próf. Nordal væri maklegur þess sóma eða ekki, sem um var að ræða. Og það var vissulega einkamat hvers hv. þm. að gera sér grein fyrir því, en ekki þörf um það að leita umsagnar út fyrir bæjardyr þingsins.

Nú, þegar vítt er nokkuð meðferð n. á þessu frv., þá hefur það sérstaklega verið sagt af þeim, sem slíkt hafa mælt, að ekki hefði verið leitað eða beðið eftir umsögn þeirrar mþn., sem nú starfar í landinu að menntamálum. Þetta er rétt svo langt sem það nær. En þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., er komið fram í hv. Nd. frá einstökum þm. og lýtur upphaflega að því að fjölga um einn húsmæðraskólastað, sem lögfesta skyldi. En svo hefur það í þeirri hv. d. aukizt í meðförunum hjá áhugamönnunum, þangað til þessir staðir, sem til eru teknir í frv. sem staðir fyrir húsmæðraskóla, eru orðnir þrír eða kannske fjórir — *(Raddir frá þm.:* Þeir eru fleiri), eða upp í sex eftir brtt., sem hér liggur fyrir. En hvað um það. Samkv. l. frá 1938 um húsmæðrafræðslu í sveitum er það spor þegar stigið, að viðurkennt er, að þeir skuli vera þó nokkuð margir dreifðir um landið á líklegustu stöðum. Nú er sýnt með þessu frv., að það er farið nokkuð lengra. Þessum héruðum, sem nú vilja fá lögfesta staði fyrir húsmæðraskóla hjá sér, er umhugað um að fá fullnægt áhuga sínum á húsmæðrafræðslu á sama hátt og hinum héruðunum, sem komin eru til lögfestingar. Og ég álít í raun og veru ekkert um það að segja annað en að samþ. það. Og um það, hvort þetta sé rétt markmið eða ekki, álít ég réttast að leita trausts og álits hjá þeim, sem búa úti um sveitir landsins, fremur en frá nokkurri mþn. Ég staðhæfi, að þar, sem ég þekki sérstaklega til, er áhuginn á aukning húsmæðrafræðslunnar almennur og ríkur, og sama veit ég er víða um land. Hann er líka góðum og öruggum rökum studdur. Það er fagleg og hagnýt fræðsla, sem veita þarf húsmæðraefnum. Sá tími er liðinn, að bændur og húsfreyjur þyki enga sérþekking þurfa, meðan sérhver iðnfúskari, liggur mér við að segja, þarf langt nám til að fá starfsréttindi í sinni iðn. Fólkið í hinum dreifðu byggðum óskar eftir að hafa þessar menntastofnanir ekki stórar og hafa þær heima hjá sér. Ég vil, að Alþ. taki svo frjálsmannlega á málinu, að ekki séu hindraðar mikilvægar framkvæmdir. Ég vil ekki vera svo sínkur að vera á móti skóla á eins góðum stað og Reykhólum, eins og ég er með skólunum á Helgafelli og í Ytri-Skógum. Auðvitað er ekki

stærsta atriðið, að skólarnir verði svo margir, heldur að forstaða þeirra verði sem bezt og sem farsælast að stofnun þeirra unnið. Það er hamingjuhlið þessa máls og verður ekki tryggð með Alþingissamþykkt.

Það hefur komið hér fram, að þessu máli ætti að vísa til mþn. í skólamálum. Fyrir mörgum árum flutti ég frv. um bændaskóla á Suðurlandi. Þáv. landbrh. beitti sér manna mest til að drepa það, að vísu á kurteislegan hátt, vildi láta vísa því til þessarar ágætu mþn. Nú er þetta frv. orðið að l. án atbeina þeirrar n. Eins finnst mér eiga að leysa þetta mál, þótt till. mþn. um það efni hafi ekki komið fram, en vitað er, að hún muni leggja til að auka húsmæðrafræðsluna stórkostlega.

Ágreiningur er um, hvort húsmæðraskólar eigi að standa einir sér eða vera á stöðum, þar sem aðrir skólar eru við hlið þeirra. Borgfirðingar t. d. vildu helzt halda sínum skóla einangruðum, en á Laugum var húsmæðraskóli reistur við hlið héraðsskólans. Austan fjalls hneigjast menn að því að hafa marga skóla á einum stað í hvirfingu. Ég held, að það verði reynslan ein, sem úr því sker, hvort betra er.

Annað atriði, sem hér kemur mjög til greina, er bæði stofnkostnaður og rekstrarkostnaður, þótt það liggi raunar utan við ramma þessa frv. og það þurfi síðar endurskoðunar við, hver röð eigi að vera á framkvæmdum og með hverju móti í þær verði lagt. Það hefur lengi verið ein grundvallarskoðun mín í skólamálum, að ríkið eitt sé fært um að bera kostnað og ábyrgð skólahalds í landinu yfirleitt. Ég tel þurfa svo vandláta yfirstjórn og eftirlit alls skólauppeldis, að ríkið eigi að bera ábyrgðina, hafa þann veg og vanda og þar af leiðandi bera kostnaðinn. Því skiptari sem ábyrgðin er, því fleiri munu mistökin verða að jafnaði, en hvergi ríður meir á en hér, að vel takist til.

Ég fylgi þessu frv. eindregið þrátt fyrir ýmislegt, sem *betur mætti þar fara og ætti að standa* til bóta síðar meir.

Magnús Jónsson: Mér finnst ákaflega undarlegt, ef málið verður afgr. án þess að leita umsagnar mþn. í skólamálum. Þótt komið sé að síðustu umr. í síðari þd., er alls ekki um seinan að gera það, fyrst rödd um það hefur komið fram. Frv. er ekki sambærilegt við frv. um einn bændaskóla til viðbótar við þá, sem fyrir voru, því að hér er lagt til að lögfesta fjölda skóla, heilt skólakerfi, sem nær um allt landið, að fornspurðri þeirri mþn., sem er einmitt sett til þess að gera till. um skólakerfi landsins. Sennilegt er, að n. gæti þegar gefið svör um, hvort frv. riði nokkuð í bága við till. hennar, og líklega gerir það það ekki. Með einu pennastriki gæti n. veitt þann úrskurð um frv., að það yrði hér samþ. án mótatkvæða. Mér skildist hv. þm. S-Þ., sem hér hefur aðallega talað móti þessari lausn, hafa það eitt út á hana að setja, að þetta væri svo afleit nefnd, með hana væri ekkert gerandi nema láta hana svelta í óbyggðum eins og uppi við Hvítárvatn, — þetta væru menn utan við lífið og starfið álíka og afdankaðir gamlir embættismenn. Hverjir eru í n.? Mér sýnist n. einmitt þannig saman sett, að tryggt sé, að þar sé fyrst og fremst kunnugleiki á lífi og starfi í skólunum. *(JJ:* Hvar er Aðalbjörg?) Þar er fulltrúi fyrir háskólann, og er það eðlilegt, fyrst hann er meðal þeirra skóla, sem n. fjallar um. Sá fulltrúi, formaður n., er náinn samstarfsmaður og vinur Sigurðar P. Sívertsens, sem hv. þm. S-Þ. talaði fagurlega og maklega um *(JJ:* Sívertsen er ekki í n. og það af heiðarlegum ástæðum.) Þessi maður mun því vera sá fulltrúi háskólans, sem hv. þm. S-Þ. treystir bezt, kannske að undanskildum Níelsi Dungal. Þá eru fulltrúi menntaskólanna, Kristinn Ármannsson yfirkennari, og fulltrúi gagnfræðaskólanna, Ingimar Jónsson skólastjóri, sem þm. minntist mjög lofsamlega. Fyrir barnaskólana, umfangsmesta svið n., er sjálfur fræðslumálastjórinn fulltrúi, Helgi Elíasson, sem er ritari n., og einnig er þar skólastjóri eins stærsta barnaskólans, Ármann Halldórsson, *vel menntaður maður. Fulltrúi* fyrir þá skóla, sem hér er um að ræða, er frú Aðalbjörg Sigurðardóttir, sem þeim málum er mjög kunnug, þótt hún kenni ekki nú við skóla, og var hún á sínum tíma skipuð af hv. þm. S-Þ. í skólanefnd Reykjavíkur. Hlýtur hann að bera til hennar fyllsta traust, svo sem raunar mþn. allrar, er hann hugsar það mál. Það er furðulegt, að hann skuli á þessum stað hafa þau orð, sem hann lét heyra til sín um nefndina. Ég hygg, að þm. hafi hnykkt við. Og þetta eigum við að taka gilt í röksemda stað.

Mþn. hefur ekki tekið húsmæðrafræðsluna fyrir enn. Það er m. a. af því, að landsfundi kvenna í vor er ætlað að láta í ljós álit sitt um þau mál, áður en n. tekur afstöðu. Allir eru sammála um, að hér er þarft mál á ferð, en framkvæmdir verða ekki verulegar í sumar, sem kemur. Hvað er þá tapað, þótt frv. bíði til hausts og um málið verði fjallað bæði af landsfundinum og síðan mþn.? Ég hef ekki gert rökst. dagskrá um að vísa frv. til þeirrar n., en mundi fylgja slíkri dagskrá, ef fram kæmi. Það er ekki af því, að ég sé á móti málinu á nokkurn hátt.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að fá málinu frestað, til þess að menntmn. eða nokkur hluti hennar leitaði álits mþn. í skólamálum. Mér virðist alls óvíst, að þetta mál þyrfti að dragast til næsta þings, þó að beðið sé álits mþn. Svör hennar ættu að geta komið mjög fljótt, ef hún er búin að gera sér verulega grein fyrir málinu, eins og líklegt má telja. Mæli hún með frv., mun það ekki fá mótstöðu hér.

Ég hef samið rökst. dagskrá í málinu, en er ekki ánægður með hana og ber hana ekki fram, nema synjað verði þessum tilmælum. Bæði l. þm. Reykv. og þm. Dal. eru búnir að láta í ljós óskir í sömu átt.

Forseti (StgrA): Ef ósk kemur frá n. um að fresta málinu, verð ég við þeim tilmælum. En ef

n. vill ekki fresta og lætur á þann hátt í ljós, að hún muni ekki leita umsagnar mþn., þótt frestað yrði, er frestunin tilgangslaus. Mun ég haga mér eftir því, hvort n. kærir sig um frestun eða ekki.

Frsm. (Jónas Jónsson): Ég held mér sé óhætt að segja fyrir hönd mína og formanns n., að við sjáum hvorugur ástæðu til að fresta málinu til að senda það út úr þinginu. Ef hæstv. forseti telur af einhverjum ástæðum rétt að fresta, ræður hann því vitanlega, en meiri hl. n. óskar þess ekki, og frá þriðja nm., sem er fjarstaddur umr., hefur einskis orðið vart um, að hann óski frests. Þó að frestað yrði, mundum við áreiðanlega ekki nota okkur það til að senda málið út úr þinginu.

Bjarni Benediktsson: Maður á því ekki að venjast, að heil n. sé svo bölvuð, að þar sé enginn maður, sem fáist til að vilja bíða athugunar og skynsamlegra umsagna um svona mál. Áhuga nm. á málinu verður að marka á því, að einn þeirra sést ekki nú, annar, formaðurinn, veik strax af fundi, eftir að hann lauk ræðu sinni, og það er helzt hv. þm. S-Þ., sem stendur fyrir svörum. Minna mátti ekki vera, ef berja á málið strax í gegn, en að n. eða meiri hl. n. fáist til að hlusta á rök aðila.

Frsm. (Jónas Jónsson): .....að mér skilst, að svo mikill lagamaður sem hv. 6. þm. Reykv. ætti að geta lokið, jafnvel undir þeim erfiðu umr., sem hér eru, rökst. dagskrá, þar sem tekið er fram, eins og hann sagði áðan, að vísa eigi þessu máli norður á Hornstrandir eða Langanes. Ég treysti svo hans ágætu gáfum, að þær nægi jafnvel til þess, sem meira er en þetta.

Bjarni Benediktsson: Þótt ég sé mjög vonsvikinn yfir því, að hæstv. forseti skuli ekki leyfa, að umr. sé frestað, mun ég nú bera fram þessa rökst. dagskrá, sem væri miklu rökstuddari, ef mér hefði unnizt betra tóm til þess að semja hana.

Þessi rökst. dagskrá er svo hljóðandi:

„Þar sem æskilegt virðist, að skipun húsmæðraskóla verði í samræmi við skipun skólamála landsins í heild, þykir hlýða að heyra till. mþn. í skólamálum, áður en máli þessu er ráðið til lykta, einkum þar sem ljóst er, að samþykkt frv. nú mundi ekki flýta stofnun nýrra húsmæðraskóla umfram það, sem verða mundi, þótt málinu sé frestað til hausts, og þykir d. því eigi tímabært að afgr. frv. nú, en felur ríkisstj. að undirbúa frv. fyrir næsta þing og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt rökst. dagskrártill., sem nú hefur verið lesin, og liggur hún þá fyrir til umr.

Páll Hermannsson: Það er einkum út af þessari rökst. dagskrá, að ég vildi segja nokkur orð.

Ég get fallizt á það, að um suma þá skóla, sem ákveðnir eru með frv. þessu, mætti kannske segja, að hálfgerður óþarfi væri að taka þá með, að því leyti, að ég geri ekki ráð fyrir, að komið sé svo nálægt því, að byrjað verði að reisa þá. Þó get ég lýst yfir því, að ég mun fylgja frv. þessu og einnig brtt. á þskj. 967. Það geri ég fyrst og fremst vegna þess, að ég álít, að sumir þessara skóla, sem hér er verið að ákveða, að heyra skuli undir l. um húsmæðrafræðslu í sveitum, séu svo langt á veg komnir um allan undirbúning, að bagalegt sé að láta þau atriði dragast lengur.

Þess vegna mun ég bæði fylgja frv. og brtt. við það, að mér finnst t. d., að skólinn í N.-Þingeyjarsýslu sé svo vel undirbúinn, að það eigi að gefa honum tækifæri til þess að byrja á starfi sínu. — Brtt. mun ég fylgja vegna þess, að ég álít hana sanngjarna í samanburði við margt annað, sem í frv. stendur.

Mér skilst nú, að þessir húsmæðraskólar séu ákveðnir 13 að tölu, ef brtt. þessi verður samþykkt. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort hér sé fundin heppilegasta leiðin. Það gætu kannske sumir talið, að þeir væru sums staðar fullþéttir, t. d. skólinn á Helgafelli og Staðarfelli og Reykhólum eða skólinn á Kirkjubæjarklaustri og við Skógafoss, rétt vestan við sýslumörkin. Komi það í ljós í framkvæmdinni, að svo sé, mun það verða leiðrétt.

Að öðru leyti vil ég þakka mjög þær undirtektir, sem ég hef heyrt viðvíkjandi því, hve þýðingarmikið það er að ala upp og manna húsmæðurnar tilvonandi. Það er orð í tíma talað og sannmæli, að framtíð þjóðarinnar veltur líklega á fáu meir en því, hvernig húsmæðurnar eru vaxnar sínu þýðingarmikla starfi, bæði hvað snertir uppeldi barna og fjármál heimilanna. Og út frá því vil ég vekja athygli á því, að húsmæðraskólalögin hafa núna nýlega gengið inn á það, að ríkið legði fram ¾ af stofnkostnaðinum, en viðkomandi hérað ¼. Hins vegar ákveða húsmæðraskólal. skólunum ákveðnar rekstrartekjur frá ríkinu eftir nemendafjölda. Það mun láta nærri núna, að húsmæðraskóli, sem hefur 30 nemendur, — og það eru margir skólanna, — og hefur 7 mánaða skólavist svo og 6 vikna námskeið að vorinu, hann fái með öllum uppbótum nálægt 40 þús. kr. frá ríkinu. Það, sem á vantar, þarf hann að fá á annan hátt. Það hafa skólarnir reynt að gera með því að knýja á sýslufélögin, sumir með því að hafa eitthvað upp úr húsakosti sínum til gistihúsahalds á sumrin og máske einhverjir með skólagjaldi frá nemendum.

Nú vil ég vekja athygli á því hér, að ég tel alveg víst, að eftir því sem skilningur landsmanna vex á þýðingu þessara skóla, hljóti að koma fram krafa um, að ríkið reki þessa skóla. Og hvers vegna ætti ríkið ekki að reka þessa skóla eins og bændaskólana? Er starf húsmóðurinnar þeim mun þýðingarminna? Mér þykir ekki ólíklegt, að héruðin sýni vilja til verksins með því að greiða einhvern hluta stofnkostnaðar, svo sem verið hefur, en hins vegar má búast við, að ríkið verði að reka skólana sjálft, ekki sízt þegar þeim fjölgar, því að það gæti orðið þungbært fyrir sum héruðin að bera skólana uppi, þegar svæðið verður minna, sem að skólunum stendur. Menn verða að gera sér

ljóst, að kennslukraftarnir við svona skóla verða alltaf að vera miklir vegna þess, hve verkleg kennsla er mikil.

Það er gert ráð fyrir 13 skólum samkv. frv. og brtt. Ég vil benda á, að t. d. í Múlasýslunum báðum, og þar við mætti bæta A.-Skaftafellssýslu, er aðeins einn skóli. Ég veit ekki, hvað verður ofan á í framtíðinni. Ég hef orðið var við, að heppilegt væri talið að hafa skólana heldur stærri og færri. Sú skoðun hefur m. a. gert vart við sig vegna þess, að menn hafa fundið, að það þarf meira en húsakost og peninga til þess að reka skólana vel, það þarf líka hæfa skólastjóra og kennara. Þetta má náttúrlega kenna mönnum. Þó er nokkuð af þeim hæfileika meðfætt, og það er vandfenginn forstöðumaður og forstöðukona fyrir skóla.

Þetta eru nú svona hugleiðingar um málið, en ég mun fyrir mitt leyti styðja að því, að frv. verði samþykkt tafarlaust, og það geri ég sérstaklega vegna þess, að mér finnst t. d. skólinn í N.-Þingeyjarsýslu svo vel undirbúinn, að vegna hans megi ekki draga lengur að samþykkja þetta frv. Og vel getur staðið svo á um fleiri.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 6. þm. Reykv. felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, ÞÞ, BBen, StgrA.

nei: KA, PHerm, BSt, EE, GJ, HermJ, IngP, JJ.

HG greiddi ekki atkv.

3 þm. (PM, BrB, GÍG) fjarstaddir.

Brtt. 967 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 116. fundi í Nd., 31. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3 umr. í Ed. (A. 992).

Á 118., 120., 121. og 122. fundi í Nd., 1., 2., 5. og 6. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 123. fundi í Nd., 7. febr., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 992, 1013).

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur tekið allverulegum breyt. í meðförum hæstv. Alþ. Þegar það var lagt fyrst fyrir hv. d., var þessi till. um að stofna aðeins einn nýjan húsmæðraskóla, þann áttunda, en sjö voru fyrir. Nú hefur teygzt úr þessu smátt og smátt, og þegar málið kemur frá hv. Ed., eru hinir nýju skólar orðnir sex, svo að nú eru 13 húsmæðraskólar teknir upp í frv. Nú liggur till. fyrir hv. d. um að bæta við hinum fjórtánda, svo að sjö skólar verða nýir. — Mér finnst þetta að vísu bera vott um stórhug hæstv. Alþ. í menntamálum, en eigi að síður finnst mér ástæða til þess, að málið verði athugað nánar, áður en það verður afgr. frá hv. d. Ég vildi þess vegna óska eftir, að þessari umr. yrði frestað og málinu vísað til hv. menntmn. til nánari athugunar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að bera fram smábrtt. um, að við 1. gr. frv., á eftir orðunum „í Borgarfirði", komi: „í Gullbringusýslu, enda samþykki ráðherra val staðarins."

Ég geri ráð fyrir, að eftir því sem þetta mál stendur nú, verði ekki sérstök ástæða til þess að beita sér gegn þessari till. minni, og án þess að ráðast á neinar þær till., sem samþ. hafa verið í hv. Ed. í þessum efnum, þá verð ég að segja, að það, sem hér er farið fram á í till. minni, er að minnsta kosti fullkomlega eins á rökum og þörfum reist og þær till., sem þegar hafa verið samþ.

Að baki þessarar till. stendur samþykkt frá kvenfélagasambandi Gullbringu- og Kjósarsýslu, er gerð var á fundi sambandsins fyrir báðar sýslurnar í sumar. Var þar einróma samþ. að beita sér fyrir því, að stofnaður yrði húsmæðraskóli Suðurnesja og að honum yrði valinn staður í Gullbringusýslu. Er gert ráð fyrir, að þetta verði heimavistarskóli fyrir 12—20 stúlkur til að byrja með, en að öðru leyti stofnaður á grundvelli þeirra l., sem hér um ræðir. Hér á hlut að máli fjölmennt sýslufélag, og hygg ég, að það megi til sanns vegar færa, að að baki þessari till. standi þær sanngirniskröfur, sem hægt er að færa fram frá sýslufélögum. — Ég get ekki verið á móti því, sem hv. 8. þm. Reykv. (SigfS) sagði. Hann er sérstaklega góður stuðningsmaður þessa málefnis, og vil ég í trausti þess styðja það, að málinu verði vísað til hv. menntmn. til nánari athugunar, og leyfi mér að leggja fram hina skrifl. brtt. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1069) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég flutti þetta frv. fyrir hv. þm. N-Þ., sem er veikur, og var frv. í fyrstu um það, að reisa skyldi húsmæðraskóla í N.-Þingeyjarsýslu. — Eins og bent hefur verið á, hefur frv. vaxið nokkuð í meðförum, og nú eru komin ákvæði í það um fleiri skóla. Ég get sagt það, að mér kemur þetta ekki á óvart. Það var við því að búast, að menn vildu koma á framfæri hugmynd sinni um húsmæðraskóla á ýmsum stöðum, þegar þessum málum var hreyft hér á hv. Alþ. Má hiklaust gera ráð fyrir því, ef þessi stefna verður ofan á, að margir húsmæðraskólar verði reistir úti um land, enda tvímælalaust, að svo á að vera. Verður þá ekki langt að bíða þess, að langflestar ungar stúlkur, sem ætla sér að gerast húsmæður, vilji ganga á slíka skóla. Er mjög óeðlilegt, að þær þurfi að fara langa leið til þess að afla sér þeirrar menntunar, auk þess sem það er mikið menningaratriði fyrir hvert stórt byggðarlag að hafa þessa fræðslu einmitt heima fyrir — og ef til vill þýðingarmeira en flestir gera sér grein fyrir, ekki sízt eins og nú horfir um þessi málefni.

Ég er því jafneindreginn fylgismaður frv., þótt inn í það hafi verið bætt svona mörgum skólum, og finnst mér, að þeir eigi allir fullan rétt á sér og enn fremur þær brtt., sem hér liggja fyrir, er ég hygg, að séu tvær, önnur frá hv. þm. A-Sk. og hin frá hv. þm. G-K.

Ég álít því, að hv. Alþ. eigi hiklaust að afgr. þetta mál til þess að greiða fyrir framkvæmd þess. Það er nokkuð langt, síðan málið kom frá hv. Ed., svo að hv. menntmn. Nd. hefur haft nokkurn tíma til þess að sjá, hvernig með málið hefur verið farið í hv. Ed., þannig að þeirra hluta vegna ætti ekki að þurfa að fresta málinu og vísa því til n. Hins vegar er ég ekki á móti því, að málinu verði frestað um stund, en það má ekki vera lengi, ef það á ekki að verða málinu til tjóns, og verði samþ. á því breyt. hér í hv. d., verður málið að fara til hv. Ed. Ég get því fallizt á, að málinu verði frestað um stundarsakir, en tel óþarfa að vísa því til hv. menntmn., enda ekki venja að vísa máli tvisvar til sömu n. á sama þ. Vil ég því stinga upp á, að n. taki málið fyrir, meðan fresturinn varir, og vona, að hæstv. forseti hafi hann ekki of langan, svo að málinu verði ekki teflt í tvísýnu með því.

Forseti (JörB): Það hafa nokkrir hv. þm. kvatt sér hljóðs, en ef umr. yrði frestað og hv. menntmn. tæki málið til athugunar, væri æskilegt, að umr. yrðu ekki mjög langar að þessu sinni. Vil ég því beina því til hv. 8. þm. Reykv., hvort hann sætti sig ekki við það, ef hv. menntmn. af sinni hálfu vildi taka málið til athugunar, án þess að því væri formlega vísað til hennar. *(SigfS:* Að sjálfsögðu.)

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Ég get í rauninni fallið frá orðinu að mestu leyti, því að það, sem ég ætlaði að segja, er mest komið fram í ræðum þeim, sem hér hafa verið fluttar.

Þegar þetta mál var til umr. hér í hv. d. síðast, hélt ég því fram, að eðlilegt væri að losa sig við að koma með mjög víðtækar brtt. um skólamál landsins, því að þau mál væru til athugunar hjá mþn., og hirti ég því ekki um að koma með brtt. þá.

Nú hafa verið gerðar breyt. á frv. Ed. hefur samþykkt að bæta við einum skóla, frá því sem samþ. hafði verið hér í Nd. Liggur nú fyrir að setja víðtæka lagasetningu um málið, og lítur ekki út fyrir, að þessi þáttur skólamáls verði tekinn til íhugunar á næstu tímum.

Nú er ég hér með till. um að reisa húsmæðraskóla í Austur-Skaftafellssýslu. Hún er nú ein af þeim örfáu sýslum, sem engan framhaldsskóla hafa, og er ætlunin, að þar komi nú á næstu árum framhaldsskóli. Ég hef freistazt til að reyna að fella þetta inn í frv. Það má ætla, að meiri hl. Alþ. sé þessu hlynntur, því að segja má, að nánast sé skóli í hverri sýslu landsins nema Austur-Skaftafellssýslu.

Skal ég svo ekki fjölyrða um málið að sinni.

Barði Guðmundsson: Herra forseti. — Ég var því miður ekki viðstaddur fyrri umr., en þar sem óskað hefur verið eftir, að málinu yrði vísað til menntmn., get ég fallið frá orðinu.

Umr. frestað.

Á 129. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 130. fundi í Nd., 15. febr., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 992, 1013, 1069).

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Þegar þetta mál var síðast á dagskrá, fór ég þess á leit, að umr. yrði frestað, með það fyrir augum, að málið fengi betri athugun í menntmn. hv. d. Þetta hefur ekki getað orðið enn og það af eðlilegum ástæðum, þar sem tveir nm., þar með formaður n., hafa verið mjög störfum hlaðnir. Nú þykir mér eðlilegt, að forseti vilji ekki tefja málið úr hófi fram, og mun ég því ekki fara fram á, að því verði frestað nú. En ég mun bera fram rökst. dagskrá í málinu, sem ég mun leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing frv. að allsherjar skólalöggjöf, þar á meðal um húsmæðrafræðslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég mun nú leyfa mér að rökstyðja þessa afstöðu mína með nokkrum orðum. — Eins og ég benti á, þegar ég óskaði eftir frestun á málinu, kom þetta mál inn í d. þannig, að óskað var eftir, að einn húsmæðraskóli yrði stofnaður í sveit með l. til viðbótar við þá sjö, sem fyrir eru. Þetta mál fékk þá athugun í menntmn., sem leitaði umsagnar fræðslumálastjóra, en hann lét athuga málið í mþn. í skólamálum, sem er nú að fjalla um þessi mál. Að því búnu mælti n. með frv. í því formi, sem það þá var. Síðan hefur þessi eini skóli dregið eftir sér ekki færri en sjö aðra. Nú er lagt til, að þessum skólum verði fjölgað með l. um átta. Í stað þess, að þeir eru sjö, verða þeir fimmtán.

Það hefur komið fram í umr. hjá hv. 2. þm. S-M., að í raun og veru skipti þetta ekki miklu máli, því að hér væri aðeins um heimildarl. að ræða. Þetta er að nokkru leyti rétt, en ekki að öllu. Það er rétt að því leyti, að hverfandi líkur eru til þess, að skólarnir taki til starfa, fyrr en veitt er fé á fjárl. til stofnkostnaðar þeirra. Eins og kunnugt er, greiðir ríkið þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar. Að þessu leytinu má til sanns vegar færa, að hér sé um heimildarl. að ræða. En hinu má ekki gleyma, að ef skólinn er reistur í héraði án tilkostnaðar ríkisins, við skulum segja upp á von eða vissu um, að hann yrði síðar tekinn upp í fjárl., þá ber ríkinu samkv. l. að styrkja hann eftir föstum reglum á myndarlegan, en þó ekki of myndarlegan hátt. Ekki ber að skilja orð mín svo. Og ef héruð sýndu þann myndarskap að koma skólanum upp, áður en fé er veitt til hans í fjárl., þá er um meira en heimildarl. að ræða. En hitt er rétt hjá hv. 2. þm. S-M., eins og ég hef þegar tekið fram, að í reyndinni verða þetta heimildarl., sem koma ekki til framkvæmda, fyrr en ákveðið er fjárframlag til skólans í fjárl. En fyrst svona er nú, þá mætti spyrja: Hvað er unnið við að setja þessi l.? — Nú er vitað, að í fjárl. þessa árs eru 400 þús. kr. varið til húsmæðraskóla í sveitum. Eftir því, sem greint er í nál. fjvn., þá er þessi fjárveiting ætluð til skóla, sem þegar eru starf-

andi, skólanna að Laugarvatni, Laugum og Hallormsstað og eitthvað til skóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði. En í fjárl. þessa árs er ekkert fé, sem ætlað er til framkvæmda eða byggingar við þessa átta skóla, sem nú er ætlað að lögfesta. En hvað er þá unnið með því að samþ. þetta frv.? Eitt er unnið við það. Þá er ákveðin stefna í þessu máli, sú stefna, að húsmæðraskólar skuli vera margir og smáir. Ég hef verið að reyna að gera mér nokkra grein fyrir, hvað hugsanlegt væri, að margir nemendur kæmu til með að vera í þessum 15 húsmæðraskólum, ef þeir yrðu stofnaðir. Hv. 2. þm. S-M. lét orð falla í þá átt, að stefna bæri að því, að öll húsmæðraefni ættu kost á að ganga í þessa skóla. Um þetta er ég honum fyllilega sammála. Ég tel þetta mark, sem stefna beri að að ná sem allra fyrst. Hver einasta kona, sem gegnir húsmóðurstarfi, á að hafa hlotið áður nokkra sérmenntun í þá átt. Út frá þessum forsendum hef ég reynt að gera mér grein fyrir því, hve skólaþörfin í landinu sé mikil. Ég hygg, að húsmæður í sveitum séu á milli 6—7 þúsund, og hér er um að ræða skóla fyrir sveitirnar, þar sem önnur l. gilda fyrir húsmæðraskóla í kaupstöðum. Mér þykir ekki ólíklegt, að meðalaldur húsfreyjunnar muni vera um 30 ár. Ég álykta, að um 200 stúlkur bætist í þessa stétt árlega. Ef ná á því marki, sem ég og hv. 2. þm. S-M. teljum, að stefna beri að, verða skólarnir að geta tekið á móti 200 ungum stúlkum árlega. Því miður erum við ekki nærri búnir að ná þessu marki, að allar ungar stúlkur geti sótt skóla. Nú er gert ráð fyrir 7—14 mánaða starfi í skólunum í 1—2 vetur. Því má telja það ljóst, að það sé mjög hátt reiknað, að 3—400 stúlkur dveljist á skólunum. Það þýðir, að 20—30 stúlkur dveljist þá í hverjum skóla, ef allt er talið til. Nú verð ég að segja það, — en það kann að stafa af því, að ég hef hugsað minna um þessi mál en aðrir þm., — að ég er ekki reiðubúinn að segja nú, að þetta sé rétt stefna, að rétt sé að hafa skólana svona marga og smáa, eins og hér er gert ráð fyrir. Það má færa mörg rök fyrir smáum skólum, og ég skal viðurkenna, að eftir minni hyggju má ná óvenjulega góðum árangri á slíkum skólaheimilum. Ég vil benda á skólann á Laugum í því sambandi. Hann bendir til mjög góðs í því efni. En ég vil líka taka það fram, að hægt er að færa mörg gagnrök gegn smáum skólum og mörgum. Það er nú fyrst og fremst það, að slíkir skólar standa og falla algerlega með einum manni, skólastýrunni. Það má að vísu segja, að svo sé um alla skóla, — það er, að hann sé það, sem skólastjórinn og kennararnir gera. En eftir því, sem skólinn er fámennari og minna kennaraval, skiptist ábyrgðin á færri herðar. Og þar veltur ekki allt á einni manneskju, eins og í fámennari skólum. Ég vil benda á það, að við eigum áreiðanlega ekki mikinn fjölda kvenna, sem hægt væri að fá til að standa fyrir þessum skólum og geta einnig kennt allt, sem kenna ber. En það sjá allir, að ekki er hægt að hafa marga kennara til að kenna 20—30 stúlkum. Ég held því það sé ekki að ófyrirsynju, þótt þetta mál sé athugað miklu betur frá öllum hliðum. Ég vil taka það fram, að ég vil ekki undir neinum kringumstæðum verða til þess að tefja framrás á þessu sviði. Ég get ekki séð, að dagskrártill. mín geti á nokkurn hátt tafið fyrir því, að stór skref verði stigin fram á sviði húsmæðrafræðslunnar. Ég sé ekki, að það þurfi að tefja málið nokkuð, þótt því sé frestað til hausts og fengið mþn. í skólamálum til nánari athugunar.

Ég vil líka benda á annað atriði í þessu sambandi, sem athuga þarf í sambandi við þetta mál. Þeirrar stefnu gætir í þessu frv. og hefur áður gert, að reisa eigi þessa skóla í sambandi og á sömu stöðum og héraðsskólana. Slíkir skólar hafa verið reistir að Laugarvatni og Laugum, og í frv. er gert ráð fyrir, að sumir rísi í sambandi við fyrirhugaða héraðsskóla. Þetta þarf m. a. að athuga, hvort stefna beri algerlega í þessa átt eða fara skuli bil beggja, að sumir skuli reistir í sambandi við héraðsskóla, en aðrir ekki.

Ég vænti, að enginn skilji orð mín svo, að ég vilji tefja þetta mál. Ég vildi fá að heyra frá hæstv. ríkisstj., hvort hún hefði í hyggju að leggja fyrir þingið á næsta hausti frv., þar sem sumpart væri fylgt samþykkt mþn. í skólamálum. En n. hefur ekki enn fullgert þau ákvæði frv., sem varða húsmæðrafræðsluna. Það er enn á undirbúningsstigi og n. ekki búin að gera það upp við sig, hvaða stefnu þar beri að taka, hvort fara beri inn á þá leið, sem þingið vill beina málinu inn á, ef það samþ. þetta frv., að hafa skólana marga og smáa eða færri og stærri.

Þar sem almennur áhugi er á því að auka húsmæðrafræðsluna, þá álít ég, að setja beri almennar reglur um þetta mál, en ekki hafa það þannig, að þingið bæti einum og einum skólanum við á þessum eða hinum staðnum. Ef sú skipan er viðhöfð, er hætt við því, að þm. hinna einstöku kjördæma og sveita oti fyrst og fremst sínum tota og sinna umbjóðenda án þess að hafa næga yfirsýn yfir málið.

Forseti (JörB): Mér hefur verið afhent till. til rökst. dagskrár, sem hv. flm. las, og liggur hún þá fyrir til umr.

Eysteinn Jónsson: Ég get með engu móti fallizt á þá afgreiðslu málsins, sem hv. 8. þm. Reykv. stingur upp á, sem sé að vísa málinu frá með rökst. dagskrá.

Ég flutti þetta frv. eftir ósk frá hv. þm. N-Þ., sem er forfallaður. Þegar ég flutti frv. fyrst, var það um, að lögfesta skyldi húsmæðraskóla að Akri í Norður-Þingeyjarsýslu. Málið hafði hlotið góðan undirbúning heima í héraði. Hv. menntmn. þessarar d. hefur tekið málið til meðferðar og mælt með því, að þessi skóli yrði lögfestur. Þegar málið síðan kemur til meðferðar hér á þ., þá eru fluttar till. um stofnun annarra húsmæðraskóla. Þessar till. hafa verið samþ., svo að nú er gert ráð fyrir í frv. að stofna átta skóla í stað eins í upphafi.

Það hefur sýnt sig, að það er til þingmeirihl fyrir því að setja l. um alla þessa skóla. Þessar till. hafa verið samþ. inn í frv., og ég dreg ekki í efa, að þeir þm., sem hafa léð þeim fylgi sitt, viti vel, hvað þeir hafa verið að gera, og hafi gert sér grein fyrir, hvaða stefna væri upp tekin í málinu. Það er stefnt að því, að húsmæðraskólarnir verði æði margir í landinu og ekki ákaflega stórir, í stað þess að hafa þá örfáa og gríðar stóra.

Hv. flm. dagskrártill. dregur í efa, að þm. hafi yfirleitt gert sér grein fyrir því, hvaða stefnu bæri að taka upp í þessum málum, þegar þeir léðu fylgi sitt til breyt. á frv. Og hv. þm. leggur því til, að málinu sé vísað frá með rökst. dagskrá, svo að málið geti fengið frekari athugun og verði svo lagt fyrir þingið ásamt heildartill. til breyt. á öllu skólakerfi landsins. — Ég get með engu móti fallizt á þessa málsmeðferð. Vitað er, að það er mikið og vandasamt verk að setja heildarlöggjöf um alla skóla landsins. Og það er ekki réttmætt né nauðsynlegt, að framkvæmdir á einstökum stöðum bíði eftir slíkum heildarlagasetningum. Í þessu sambandi vil ég benda á, að þingið hefur fyrir nokkrum dögum gert mjög veigamiklar breyt. á l., er snerta skólakerfið. Á ég þar við viðbótina, sem gerð var á kennslukröftum við háskólann. Hvert frv. á fætur öðru varðandi háskólann hefur verið afgr. hér á þinginu. Mþn. í skólamálum hafði haft þau til athugunar og sagt álit sitt um þau. Ef n. hefði haft jafnmikinn áhuga á húsmæðraskólamálinu og háskólamálinu, hefði henni verið í lófa lagið að láta uppi álit sitt í alla þá mörgu mánuði, síðan frv. kom fyrir þingið. Ef hv. þm., sem er í n., hefði haft ríkan áhuga á að greiða fyrir málinu, hefði hann átt að beita sér fyrir því, að þetta frv. fengi sams konar meðferð hjá mþn. í skólamálum og háskólamálin.

Það er ekki hægt að hafa þann hátt á að afgreiða málin á mismunandi hátt eftir geðþótta einstakra þm. Það á að reyna að láta jafnt ganga yfir alla, ef kostur er. Þess er ekki annars kostur en ljúka afgreiðslu þessa máls, samþ. það, fella eða breyta því á þann hátt, sem þingið er ásátt um. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að það er reglulega ranglátt að vísa þessu máli frá með tilliti til þess, hvernig það er til komið. Enginn dregur í efa nauðsyn þess né heldur, að undirbúningur að skólastofnuninni sé í góðu lagi og málið sé á eðlilegum grundvelli. — Ég vil benda hv. þm. á, að það er ákaflega ósanngjarnt að vísa málinu frá, eins og það er til komið, og láta það bíða, meðan verið er að greiða fram úr allsherjarendurskoðun á skólakerfi landsins. Ekki þótti kostur að blanda breyt. á háskólal. saman við heildarendurskoðun skólakerfisins, heldur var mþn. fengin til að gefa upp álit sitt á málunum. Þannig hefði það einnig átt að vera með þetta mál, en það hefur ekki getað orðið. Hv. þm. benti á, að ekki væri skaðinn skeður, þótt málinu væri slegið á frest, þar sem fjárveitingar þyrfti til, áður en framkvæmdir gætu hafizt. Í fljótu bragði virðast þetta sterk rök. En þess er þá að gæta, að ef málinu er blandað saman við heildarlöggjöf um skólamál, er stórhætta á því, að það dragist á langinn. Það er mjög líklegt, ef málið hlyti slíka meðferð, að ekkert yrði gert í því fyrr en eftir talsvert langan tíma. En nú er tækifæri til að hrinda málinu áfram.

Hv. þm. minntist á þá meginstefnu, sem kæmi fram í frv., þá að hafa marga húsmæðraskóla ekki mjög stóra, og taldi sig fyrir sitt leyti ekki reiðubúinn til að kveða upp úr um það nú, hvort sú stefna væri rétt. Ég vil benda á, að það virðist þegar komið fram, að meiri hl. þingsins aðhyllist þessa stefnu. Öll meðferð málsins hér í þinginu sýnir, að þm. hafa þegar gert upp við sig, hvora stefnuna beri að velja. Þess vegna er engin ástæða til að bíða frekar en orðið er.

Hv. þm. talaði um, að þessi stefna gæti verið vafasöm. Einnig minntist hann á tölu húsmæðra í sveitum og hve líklegt væri, að sjá þyrfti mörgum ungum stúlkum fyrir húsmæðrafræðslu ár hvert. Ég vil benda hv. þm. á, að þessi samanburður er ekki einhlítur, fyrst og fremst vegna þess, að þeir skólar, sem hér eru fyrirhugaðir, eru ekki ætlaðir eingöngu húsmæðraefnum úr sveit, heldur engu síður húsmæðraefnum nærliggjandi kauptúna og kaupstaða. Það er kunnugt um þá húsmæðraskóla, sem fyrir eru, þótt þeir standi í sveit, að þá sækir fjöldi ungra kvenna úr kauptúnum og kaupstöðum landsins. Það er ekki hægt að taka ágizkaða tölu húsmæðra í sveitum og reikna út frá því, hvað þörfin er mikil fyrir skólavist. Þörfin er miklu meiri en þar kemur fram.

Ég skal svo ekki fara lengra út í að ræða þessar tvær mismunandi stefnur, sem hér hafa komið fram. Ég held því hiklaust fram, að reisa beri húsmæðraskóla í öllum stærri byggðarlögum landsins. Það er hægt að færa fyrir því mjög veigamikil rök, að kennslan verði miklu viðráðanlegri í smærri skólum en stórum og fjölmennum. Og þess ber einnig að gæta, að það er stórkostlegur menningarauki fyrir héruðin að hafa slíka menningarstofnun heima hjá sér. Það fylgir því slík uppbygging á margan hátt, að mjög veigamikil rök verða að koma þar á móti, ef hverfa á frá þessari stefnu. Þetta skipulag yrði kannske nokkru dýrara miðað við tölu nemenda, og e. t. v. væri hægt að hafa fjölbreyttari kennslukrafta í stórum skólum. En þetta eru líka helztu rökin með stóru skólunum, en á móti koma fjölmörg veigameiri rök með smærri skólunum.

Ég skal játa, að það er alltaf sú hætta yfirvofandi, þegar þm. eru fullir áhuga um mál eins og þetta, að ekki verði allt hnitmiðað sem skyldi. Þessi hætta er alltaf yfirvofandi. En þess ber að gæta, sem ég áðan benti á í sambandi við þetta mál, að hér er aðeins um að ræða að setja ramma um þessi mál, svipað og vegalög eða brúarlög. Þetta er áætlun um skólaframkvæmdir. En þ. hefur sjálft fjárveitingarnar í sínum höndum, og þess vegna er það augljóst mál, að ef einhverjir þeirra hv. þm., sem af áhuga hafa komið húsmæðraskólasetrum inn í þetta frv., kæmust að því síðar, að önnur skipan væri á því heppilegri, mundu þeir koma á fram-

færi við þ. till. þar að lútandi, áður en reistir eru skólar á þeim stöðum. Yrði það þá tekið til greina, ef síðari uppástungur um þetta sýndust skynsamlegri en þær, sem fyrst komu fram. Það er því engin áhætta í sambandi við það að afgreiða þetta mál eins og það verður, þegar þ. hefur breytt því eftir sínu höfði, og ég tel ekki ástæðu til að fresta því að ákveða í l. þessi skólasetur, frekar en öðrum breytingum á skólamálunum, sem afgr. hafa verið. Ég tel, að mþn. í skólamálum hefði getað verið búin að segja álit sitt um þetta mál eins og varðandi önnur fræðslumál, sem fyrir hafa legið. Mér finnst það vera ranglátt gagnvart þeim, sem að þessu máli hafa unnið, eins og það kom upphaflega fram, að vísa því nú frá og skjóta þar með loku fyrir það, að nokkrar nýjar framkvæmdir í þessu efni geti komið til orða, fyrr en skólamál landsins í heild hafa verið endurskoðuð.

Vil ég því mjög eindregið beina því til hv. þm. að fella þessa rökst. dagskrá, en snúa sér að því að gera út um málið sjálfir.

Sigfús Sigurhjartarson: — Herra forseti. — Ég vildi sízt vera meinsemdarmaður þess, að sá skóli gæti risið upp í N.-Þingeyjarsýslu, sem þetta frv. fjallaði fyrst um og hv. 2. þm. S.-M. bar fram. Ég hef fengið upplýsingar um það, að það mál er vel undirbúið í héraði og sennilega bezt allra þeirra mála, sem hér um ræðir.

Hv. 2. þm. S.-M. staðhæfir, að ljóst sé, að hér sé þingmeirihluti fyrir þeirri stefnu, sem í frv. felist, stefnu hinna mörgu skóla og smáu. Þetta er ákaflega hæpin staðhæfing. Eins og við höfum báðir rakið, kom málið fyrst þannig inn, að rætt var um einn nýjan skóla. Ég hygg, að í þessari hv. d. hafi verið bætt við fjórum skólum, einhverjum var bætt við í hv. Ed., og enn þá er lagt til, að bætt verði við tveimur skólum. Ég veit ekki, hvernig þátttaka hefur verið í atkvgr., þegar málið hefur farið gegnum deildirnar, en hitt vitum við allir, að fjöldinn allur af málum fer í gegn með litlu atkvæðamagni. Ég ætla því, að það sé engin móðgun, þótt sagt sé, að á engan hátt sé kannað, hvort hv. þm. hafi gert gert sér grein fyrir því til hlítar, hvort réttari stefna sé að hafa marga og smáa skóla eða fáa og stóra. Ég ber engan kinnroða fyrir því, þótt ég hafi ekki gert þetta upp við sjálfan mig, en til þess tel ég mig þurfa nánari athugun á þörf fyrir skólana og svo mörgu öðru, sem þetta mál varðar.

Þá drap hv. þm. á það, að mþn. í skólamálum hefði sýnt þessu máli nokkuð aðra meðferð og annan áhuga en öðrum skólamálum, sem hér hafa verið á ferðinni. Þetta er ekki rétt. Það er Alþ., sem hefur hér haft aðra meðferð, en ekki mþn. Mþn. í skólamálum var spurð um álit sitt á stofnun eins húsmæðraskóla í sveit, þ. e. í N.-Þingeyjarsýslu, og það álit gaf fræðslumálastjóri, og var mælt með því, að skólinn risi upp. Síðan hefur n. ekki verið að spurð, og ætla ég, að hv. Alþ. mundi kalla slíkt slettirekuskap, ef n., þótt stjórnskipuð sé, færi að gefa umsögn um mál, sem þ. hefði ekki kvatt hana til. Ég er ekki form. þessarar n., en á þar sæti, og þótt ég væri form. hennar, mundi ég ekki gefa umsögn um mál, nema Alþ. hefði á formlegan hátt beint málinu til hennar. Ég vil staðhæfa það, að áhugi okkar á málefnum húsmæðraskólanna er engu minni en fyrir málefnum háskólans.

Þá er að svara því nokkrum orðum enn, hvort það mundi hafa nokkra raunhæfa þýðingu í sambandi við framgang málsins, þótt málinu yrði frestað til haustsins. — Hv. þm. viðurkennir, að það sé ekkert fé í fjárl. á þessu ári ætlað til þess að reisa þennan skóla, og eru því ekki líkur til, að hann verði reistur, fyrr en til kemur, að Alþ. veiti fé til þess. Alþ. kemur næst saman í síðasta lagi 1. okt. n.k., og höfum við þá tækifæri til þess að taka málið upp að nýju, og lofa skal ég hv. 2. þm. S-M. því, ef frv. liggur þá fyrir, sem ég er sannfærður um að verður, að ég mun ekki tefja þennan skóla, sem hann ber hér fyrir brjósti. Gæti það þá farið saman, að skólinn færi yfir á l. um fjárveitingar eða gengizt yrði fyrir því á þ., og mundi málið þá ekki tefjast, heldur aðeins gefast tækifæri til þess að athuga það rækilega frá öllum hliðum.

Hv. 2. þm. S-M. sagðist ekki leggja mikið upp úr áliti mínu um þörfina fyrir þessa skóla og sagði, að þeir mundu ekki síður verða sóttir af stúlkum úr kaupstöðum og sjávarþorpum en úr sveitum. Þó að þetta sé rétt, er líka þess að geta, að í kaupstöðunum starfa hliðstæðir skólar samkv. hliðstæðum l., og má segja, að þeir skólar séu ekki aðeins sóttir af kaupstaðastúlkunum, heldur einnig af stúlkum úr sveitinni. Hitt erum við sammála um, að með stofnun svona margra skóla yrði ekki um að ræða nema fámenna skóla, og hygg ég, að við séum sammála um það, að þessir skólar yrðu ekki sóttir af fleiri nemendum en 15—25, enda tæplega reistir fyrir fleiri nemendur.

Skal ég svo láta útrætt um mál þetta. Ég hef gert grein fyrir rökst. dagskr. og mun ekki taka frekari þátt í umr., nema sérstakt tilefni gefist.

Eysteinn Jónsson: Ég hlýt að vekja athygli á einni áberandi veilu í röksemdafærslu síðasta ræðumanns, sem vill vísa málinu frá. Hv. þm. ber það fyrir sig, að ekki sé rétt að taka upp þá stefnu nú að ekki meira rannsökuðu máli, að húsmæðraskólarnir skuli vera margir og fremur smáir í stað þess að vera fáir og stórir. Hins vegar sagði hv. þm., að hann væri samþ. húsmæðraskóla í N.-Þingeyjarsýslu. Hann sagði enn fremur, að mþn. í skólamálum hefði fengið þetta mál til meðferðar og gefið upp álit sitt um, að hún mælti með stofnun þessa skóla. — Ég get ekki komizt hjá því að benda hv. þm. á, að með því að lýsa yfir, að hann sé samþykkur stofnun húsmæðraskóla í N.-Þingeyjarsýslu, og með því að lýsa yfir, að mþn. í skólamálum sé einnig samþykk stofnun þessa skóla, þá hafa bæði hv. þm. og mþn. valið milli þessara tveggja stefna, því að það er ekki hægt að vera með því að stofna húsmæðraskóla á þessum stað, þar sem þessi skóli yrði settur niður mitt á milli

húsmæðraskólans á Laugum og húsmæðraskólans á Hallormsstað, nema sá, sem með því er, hafi valið þá stefnu að hafa húsmæðraskólana marga og fremur smáa. *(SigfS:* Ég tel ekki útilokað, að þessi skóli verði sóttur víðar að en úr N.-Þingeyjarsýslu.) Þetta er vægast sagt útúrsnúningur, því að það dylst engum, ef taka ætti upp þá stefnu að hafa skólana fáa og stóra, að ekkert vit væri í því — út frá þeirri stefnu — að setja niður húsmæðraskóla í N.-Þingeyjarsýslu mitt á milli Lauga og Hallormsstaðar. Það er alveg gefið mál, að með því að mæla með stofnun þessa skóla hefur mþn. tekið afstöðu varðandi þessar tvær stefnur. Og hver ímyndar sér, — þar sem mþn. er búin að mæla með stofnun húsmæðraskóla í N.-Þingeyjarsýslu, eins og þar er ástatt, — að n. gæti þá mælt á móti mörgum öðrum af þeim skólastofnunum, sem ráðgerðar eru í frv.? Með því að mæla með þessari skólastofnun í N.-Þingeyjarsýslu hefur verið valið milli þessara tveggja stefna, sem hér koma til greina, og er þess vegna alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að vísa þessu máli frá til frekari athugunar um það atriði. Stefnan hefur nú þegar verið tekin af mþn. í skólamálum og meiri hl. Alþ. með þeirri afgreiðslu, sem málið hefur fengið hér. — Um hitt má svo ræða, hvort tekizt hefur að setja inn í frv. heppilegar skólastofnanir, en ég mun ekki ræða það nánar, enda ekki stórfelldur skaði skeður, þótt endurskoðuð yrðu ein og önnur ákvæði l., þegar málið kemur til frekari meðferðar í sambandi við fjárveitingar til skólanna.

Vil ég því eindregið vonast eftir því, að þessu frv. verði ekki vísað frá.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 8. þm. Reykv. samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, SEH, STh, SÁÓ, ÁkJ, BG, EOl, EmJ, FJ, JakM, JPálm, LJós, PZ, SigfS.

nei: SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GSv, GTh, HarJ, HelgJ, IngJ, ÓTh, JörB.

PÞ, SB greiddu ekki atkv.

7 þm. (SK, ÞG, ÁÁ, GÞ, GG, JJós, PO) fjarstaddir.

11. Jarðræktarlög (frv. BÁ o. fl.).

Á 45. fundi í Sþ., 20. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942* (þmfrv., A. 330).

Á 53., 55. og 57. fundi í Nd., 21., 25. og 28. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Um þetta frv. er sama að segja og það, sem var til umr. hér áðan, að það er samið og flutt að tilhlutun mþn. Búnaðarþings. Bæði frv. eru samin með hliðsjón af frv. um breytingar á jarðræktarl., sem mþn. fékk til athugunar í vetur. Eftir að n. hafði athugað málið, var fallizt á að skipta því í tvennt, þannig að frv. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum yrði mál út af fyrir sig, en hinn þátturinn yrði tekinn upp sérstaklega, eins og gert er með þessu frv. Ætlun flm. er sú, að þessi frv. fylgist að, vegna þess að tilgangurinn með báðum er einn og hinn sami. Við leggjum til, að þær brtt., sem fram verða bornar í sambandi við þetta mál, komi allar sem brtt. við bráðabirgðaákvæði jarðræktarl. frá 4. júlí 1942. Þar er svo fyrir mælt, að þúfnasléttun skuli styrkt með 100% hækkun, en til viðbótar við þann styrk leggjum við til, að komi styrkhækkun til venjulegrar nýræktunar og til sléttunar engjalands. Þetta er hugsað með tilliti til þess, að innan 10 ára komi upp við sem flest sveitabýli vel ræktaður heyvöllur, er gefi af sér það hey, sem jörðin þarfnast. Styrkurinn er miðaður við það, að hvert býli komi sér upp 600 hesta véltæku heyskaparlandi. Þegar komið er upp fyrir það, er gert ráð fyrir, að hin almennu ákvæði um jarðræktarstyrk taki við. Svo má geta þess, að þótt þetta frv. sé borið fram í beinu sambandi við framkvæmdir, sem ætlazt er til, að gerðar verði á þessum tíma, sáum við okkur ekki fært að binda styrkinn við þá eina, sem gætu framkvæmt þetta. Okkur fannst ekki sanngjarnt, að sveitarfélög, sem eru þannig sett, að þau geta ekki komið sér upp þessu véltæka landi, færu á mis við styrkveitinguna, þó að við leggjum áherzlu á, að allir bændur geti orðið aðnjótandi þessa vinnubragðaléttis, sem hlyti að leiða af fullkomnari tækjum.

Læt ég þetta svo nægja til viðbótar því, sem segir í grg., og legg til, að frv. verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 330, n. 644, 630, 631, 653).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Þetta frv. um breyt. á jarðræktarl. er samið af mþn. Búnaðarþings, og hafa þrír alþm., sem eru í þeirri n., flutt það hér inn í þingið. Það er kunnugt, að síðan jarðræktarl. voru samþ. árið 1923, hefur verið meira ræktað í landinu en á mörgum öldum áður, þó tiltölulega mest á því fyrra tímabili jarðræktarl., frá 1923 til 1936. Vafalaust hefði orðið miklu meira um framkvæmdir á þessu sviði síðan 1936, ef jarðræktarl. hefðu ekki tekið þeim breyt., sem á þeim voru gerðar. En út í það skal ekki að svo komnu máli farið.

Landbn., sem hefur haft þetta mál til meðferðar, hefur yfirfarið það og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Aðalatriði þessa frv. er það að hækka jarðræktarstyrkinn um 100% í viðbót við vísitölu hjá þeim bændum í landinu, sem ekki hafa

nú þegar 600 hesta vélfært land. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir að breyta til frá því, sem verið hefur, með eftirlit eða annað í sambandi við framkvæmd þessara l. En sannleikurinn er sá, að það hefur verið um það rætt og ritað, og ég hygg þar séu mjög mikil rök á bak við, að framkvæmd á þessum málum hafi ekki verið eins góð sem skyldi, vegna þess að mjög mikið af þeim löndum, sem hefur verið borgaður styrkur út á, sé ekki að fullu kominn í rækt.

Nú er það svo, að meiri hl. landbn. hefur fallizt á að gerbreyta þessu frv. í það horf, að í stað þess að hækka jarðræktarstyrkinn, eins og ráð er fyrir gert í frv., sé ákveðið með vissu skilyrði, sem menn hafa sjálfsagt veitt athygli í okkar brtt., að ríkissjóður kosti framræslu og vinnslu þeirra landa, sem um er að ræða, eða hjá þeim bændum í landinu, sem ekki geta í meðalári og með sæmilegri ræktun fengið 600 heyhesta af þeim löndum, sem þegar eru vélfær og nái því takmarki, sem ráð er fyrir gert í bráðabirgðaákvæðum jarðræktarlaganna, sem er um að fullsléttа öll tún á landinu. Með þessum hætti álítum við í meiri hl. landbn., að verði á einna áhrifamestan hátt náð því takmarki, sem hér er að stefnt, og að framkvæmdirnar muni verða öruggari en ella mundi. Það er nú kunnugt mál og mjög um það rætt á undanförnum árum, ekki einasta í sveitum landsins, heldur og víða annars staðar, hér á Alþ., í blöðum og víðs vegar í hinum fjölbyggðu kaupstöðum, að það, sem okkur vantar varðandi landbúnaðinn, sé það að koma honum í nýtízku horf. Ýmislegt, sem um það er sagt, er náttúrlega blandað misskilningi. En aðalatriðið, sem um er rætt, er rétt, að við getum ekki búizt við, að það geti gengið miklu lengur en orðið er, að landbúnaðarmenn verði að byggja á þýfðu landi, þar sem handverkfærum einum má við koma. En þegar menn eru í þessu sambandi að bera saman aðstöðu sjávarútvegsins og landbúnaðarins, þá er ákaflega ólíku saman að jafna. Eins og kunnugt er, er hafið alls staðar hið sama. Og það er hægt að beita á það bæði opnum bátum, vélbátum og stórum skipum án þess að það þurfi nokkurra breytinga við. En það er almennt ekki hægt að nota vélarkraft við landbúnaðinn nema fyrst sé sléttað landið. Og þar er um svo mikið verk og dýrt að ræða, að ekki er við því að búast, að það komist í framkvæmd á stuttum tíma eða án þess að mjög mikill opinber stuðningur komi til. Aðstaða þeirra bænda — sem eru vafalaust í meiri hl. enn á okkar landi, — sem verða að heyja á þýfðu landi með handverkfærum, er alls ekki sambærileg við það, sem gerist hjá hinum, sem geta beitt vélakraftinum sér til hjálpar. Við skyldum nú segja, að málið væri komið í það horf, að hver bóndi hefði 600 hesta vélfært land ræktað. Til þess þarf nálega 12 ha. í góðu túni. Undir þeim kringumstæðum er heyskapurinn ákaflega létt verk og þægilegt, borið saman við það, sem nú gerist. En það er þetta takmark, sem nauðsynlegt er að ná. Og því verður ekki náð á annan hátt en þann, að gert sé stórt átak og með opinberum stuðningi. Við þetta sjónarmið eru miðaðar brtt. okkar í meiri hl. landbn. Er og miðað við það, að beitt sé í þessu skyni öllum þeim fullkomnustu vélum, sem völ er á, til þess að ná þessu takmarki. Sá stóri kostur er að okkar áliti við þessa brtt., að með samþykkt hennar er ekki hægt að komast hjá því undir neinum kringumstæðum, að rannsökuð verði ræktunaraðstaðan á hverri einustu jörð á landinu. Það verður að rannsaka, hve margar jarðir hafa vélfært land, hvort því hefur verið haldið í fullri ræktun, hvað eru margar jarðir, sem geta náð þessu takmarki með því að slétta túnin og koma bæði því, sem nú er vélfært, og því, sem verður það fyrir nýjar framkvæmdir í sléttun, í fullræktað horf. Enn fremur verður að rannsaka, hvað margar jarðir koma til greina gagnvart þessu, miðað við þau skilyrði, sem sett eru fram í okkar brtt., því að náttúrlega verða það margar, sem ganga undan, hafa ekki ræktunarskilyrði í samræmi við það, sem hér er ætlazt til, og hafa ekki önnur framleiðsluskilyrði í samræmi við 600 hesta ræktað land. Hin óhjákvæmilega þörf á rannsókn á þessum aðstæðum knýr um leið til þess, að föstu skipulagi verði komið á þá vélavinnu, sem ríkið leggur fram.

Í raun og veru er það því svo, að þessar brtt., sem meiri hl. landbn. flytur, eru allar í samræmi við þá stefnu, sem ríkisstj. hefur tekið í okkar atvinnumálum. Brtt. er í samræmi við það að koma okkar atvinnuvegum í fullkomið nýtízku horf, svo fljótt sem því verður við komið. Og með þeirri aðferð, sem gert er hér ráð fyrir, verður ekki komizt hjá því, að á þessu verði gerð föst skipun.

Nú munu menn vafalaust segja, að þetta verði svo dýrt, að þjóðinni sé um megn að framkvæma það á stuttum tíma. Ekki er því að leyna, að jafnmikið átak og hér er ætlazt til í jarðræktarmálum okkar lands kosti nokkra tugi milljóna, a. m. k. ekki minna en 30—40 milljónir, svo að ekki sé mjög hátt farið. En það er líka mjög mikið fjárframlag, sem ætlazt er til, að bændur leggi fram, þó að þessi till. verði samþykkt. Til þess að koma sinni atvinnugrein í nýtízku horf verða þeir fyrst og fremst að kosta girðingu um þau lönd, sem um ræðir, leggja til þann áburð og hirðingu, sem nauðsynleg er, til þess að landið komist í ræktun. Þar að auki er það svo, að um leið og sú breyt. yrði á búskap hlutaðeigandi manna, verða þeir að kaupa allar þær vinnuvélar og annað, sem nauðsynlegt er til þess að hafa fullkomin not af hinu ræktaða landi. Þetta er áreiðanlega það mikið framlag, að menn þurfa ekki að láta sér svo mjög blöskra, þótt lagt sé til, að þessi leið sé farin, sem áreiðanlega verður betri til að ná því marki, að framkvæmdir þessar verði gerðar og verði vel gerðar, komi að því gagni, sem er ætlazt til, heldur en hin leiðin að styrkja bara og styrkja og láta svo allt velta áfram á sama hátt og verið hefur. Því er ekki að neita, að sú mikla hækkun á styrk, sem hér er farið fram á, mundi verka í þá átt að auka jarðræktina. En eigi að síður er ekki þar með fengin vissa fyrir því, að þannig sé hægt að koma

þessu máli í það horf, sem nauðsyn ber til. Meðal annars er þess að geta, að framkvæmd vinnu með stórvirkum jarðræktarvélum verður aldrei í lagi og aldrei svo ódýr sem annars getur verið, ef haldið verður áfram á þeirri leið, sem farin hefur verið mjög að undanförnu, þar sem vélavinna hefur annars verið stunduð, að vinna tiltölulega litla bletti á mörgum heimilum og flytja vélarnar á milli. Með þeim hætti verður vinnan miklu dýrari en ef þessu er komið í fast kerfi, þannig að það er gengið frá því, sem þarf að vinna á hverju heimili, í einu lagi. Þannig er ætlazt til, að gert verði samkv. till. okkar.

Viðvíkjandi þeirri takmörkun, sem kemur á það, hvaða jarðir koma til greina og hverjar ekki, mundi hún verða með þeim eðlilega hætti að ákveðast samkv. áliti þeirra manna, sem kunnugastir eru í hverri sveit, því að það er tilskilið, að hvert búnaðarhérað eða samþykktarhérað verði að taka á því ábyrgð fyrir fram, að landið, sem hér er ætlazt til að vinna, sé komið í fulla rækt innan ákveðins tíma. Og ef það verður ekki gert af hlutaðeigandi manni, verði Búnaðarfélagið að annast það eða að öðrum kosti að borga til baka þann kostnað, sem ríkið hefur lagt fram við vélavinnu á því landi.

Ég skal ekki fara út í neinar bollaleggingar um kostnaðaráætlun í þessu sambandi, því að slíkt mundi verða að mjög miklu leyti út í bláinn. Það fer svo ákaflega mikið eftir því, hvað athugun leiðir í ljós um það, hve margar jarðir koma til greina í þessu sambandi og hvað mikið land þarf að rækta á hverjum stað.

Nú er það svo, að þó að það séu ekki nema þrír menn í landbn. þessari till. fylgjandi, þá hefur hvorugur hinna tekið fasta afstöðu. Annar þeirra, hv. 5. landsk., vill fresta málinu, annaðhvort vísa því til ríkisstj. eða bíða eftir frekari athugun áður en það er samþykkt. Fimmti maðurinn, sem er flm. og formaður n., vill samþ. frv. eins og það liggur fyrir eða lítið sem ekkert breytt, en tekur það þó fram, að hann sé fáanlegur til að breyta eitthvað frá þeirri afstöðu, ef það sannast, að eitthvað annað en frv. sjálft sé líklegra til að ná samþykki hér á þingi.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um brtt. meiri hl. n., en víkja að síðustu nokkuð að því, sem er viðaukatill. frá mér sjálfum, en ekki hefur náðst samkomulag um í landbn., en það er þessi nýja grein, sem ætlazt er til, að komi í staðinn fyrir hina gömlu og margumþrættu 17. gr., sem skal falla niður. Um þetta hefur ekki náðst samkomulag. Skal ég ekki fara mörgum orðum um þá þrætu, vegna þess hve það er áður þaulrætt mál. Við, sem erum andvígir ákvæðum hennar, teljum með engu móti sanngjarnt að setja hömlur á fasteignir sveitamanna, þegar það er ekki gert með neinar aðrar fasteignir í landinu. Og þó að það væru settar einhverjar hömlur á eignarrétt manna á þessu sviði, þá er það víst, að þessi aðferð, sem í 17. grein er beitt og margir hafa kallað jarðránsgreinina, er ákaflega óheppileg og verkar meir til að koma illu blóði í þá, sem hlut eiga að máli, heldur en að verða þeim að gagni.

Ég skal að sinni láta þessi orð nægja til að mæla með þeirri afgreiðslu, sem meiri hl. landbn. vill hafa á þessu máli.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Það er nú þegar áliðið kvölds og menn því eigi eins upplagðir til ræðuhalda og ella. Það má segja, að landbn. hafi verið nokkuð sein á sér með þetta mál, og mun ástæðan til þess að nokkru leyti vera sú, að reynt var til hins ýtrasta innan n. að fá sameiginlegt álit um málið, en það tókst eigi og kom í ljós, að afstaða nefndarmanna var mjög á reiki.

Í frv. um jarðræktarframkvæmdir er reynt að koma skipun á um jarðræktun eða nýræktir og að koma þar á sem fullkomnastri tækni, svo að vinnan verði eins ódýr og hægt er. Og ætti frv. þessu að vera borgið, eftir undirtektunum í hv. Nd. að dæma. — Þetta frv. fer fram á, að þeir bændur, sem eigi hafa ræktað land, sem nemi 600 hesta heyskap, fái styrk til þess að ná því takmarki. Það er oft rætt um það hér, að mikið fé sé veitt til ræktunar. Það má til sanns vegar færa, en þó ber að athuga, að aðrar þjóðir, sem hafa betri aðstæður en við, hafa undanfarið varið miklu fé til nýræktunar og nýbyggingar, t. d. á Norðurlöndum, Englandi og í Bandaríkjunum. Það er og réttmætt, að frumræktunin komi ekki eingöngu á þá einstaklinga, sem að henni starfa, og verður ríkið því að hjálpa, þegar um slíkt er að ræða. Nú hefur landbn. falið Pálma Einarssyni að gera samanburð á vinnukostnaði þeim, sem við þetta verður, og styrk þeim, sem er veittur með jarðræktarlögunum. Hann hefur lagt til grundvallar annars vegar þau tæki, sem nota þarf, og svo kauptaxta þann, sem gildir í Árnes- og Rangárvallasýslum. Nýræktunin í þeim styrktarflokki, sem hæstur er, nemur um ¼ hluta ræktunarkostnaðarins, en svo fer styrkurinn lækkandi, því nær sem dregur að því takmarki, sem keppt er að. Nú fer frv. fram á að hækka þetta um 100% eða þannig, að styrkurinn verði rösklega helmingur kostnaðarins. Það eru ýmsar orsakir til þess, að menn hafa dregizt aftur úr með ræktun, t. d. þar, sem góð engjalönd eru, en þar þarf að hefjast fyrst handa með sléttun þeirra engja, en hjá hinum þarf mikið átak til þess að koma búskapnum í það horf, að fullkomin vélanotkun komi til greina, því að það er nú vitað, að án fullkominnar vélanotkunar í þágu landbúnaðarins stenzt framleiðslan ekki samkeppni við aðrar þjóðir. Það er því grundvöllur landbúnaðarins að gera landið fært beztu vinnuvélum, sem völ er á. Það er margra manna mál, að eigi megi dragast að gera verulegt átak til að koma landbúnaðinum í það horf, að hann verði rekinn með vélum eftir því sem frekast er unnt,

Og að því er stefnt í þessu frv., að þetta geti náðst á *næstu 10 árum*.

Ég vil ekki ræða hér um mismunandi trú manna á landbúnaðinum sem atvinnuvegi samanborið við *sjávarútveginn*.

Ég get ekki kvartað um undirtektir samnefndarmanna minna í landbn., þótt ég hefði heldur kosið að málið væri afgreitt í því *formi*, sem það nú er í. Ég tel það eðlilegra, þótt ég telji það hins vegar ekki frágangssök að fylgja þeim tillögum, sem fram hafa komið.

Ég held, að bezt fari á að láta ríkið framkvæma alla ræktunina. Ég álít miður heppilegt að láta einstaklingana framkvæma hana, en láta ríkið borga kostnaðinn. Menn athuga betur kostnaðinn, ef menn eiga sjálfir að standa undir honum en ef aðrir eiga að greiða reikninginn.

Þótt ég teldi eðlilegra og kysi heldur, að frv. yrði samþ. óbreytt, eins og það var lagt fram, mundi ég samt hiklaust fara inn á þá leið, sem brtt. bendir á, heldur en að hætta á, að málið dagaði uppi. Annars held ég, að ekki sé mikill hagur að því fyrir ríkissjóð, ef brtt. verður samþykkt, en yfirleitt er heldur lítið farið inn á kostnaðarhliðina bæði í frv. og brtt.

Ég vildi óska eftir þeim upplýsingum frá hæstv. landbrh., hvort formið hefði meira fylgi meðal þeirra, sem hér ráða úrslitum, og er ég þá fús að fylgja þeim till., sem brtt. fela í sér, ef þær hafa meira fylgi.

Um 6. lið frv. vil ég taka það fram, að það segir sig sjálft, hvað felst í greininni. En til að taka af öll tvímæli ætti að athuga þetta, ef frv. verður lagt til grundvallar fyrir afgreiðslu málsins. Ég býst við, að brtt. taki nokkurn veginn út yfir það, sem fyrir tillögumönnunum vakir. Þar er veitt svipað til ræktunar túna, og ætlazt mun til, að bráðabirgðaákvæðin standi óbreytt.

Ég held, að erfitt geti verið að ákveða, hvað sé nýrækt og hvað sé gamalt tún, þegar svo hagar til, sem oft vill verða, að nokkur hluti sléttunnar er í túnjaðri og nokkur hluti út frá túninu. En vel getur verið, að takast megi að finna leið til þess.

Ég vil endurtaka þá ósk, að hæstv. ráðh. láti mér í té vitneskju um, hvor tillagan, sem ég áður drap á, muni hafa meira fylgi almennt, og mun ég þá haga mér eftir því.

Ég skal þá minnast á till. hv. þm. A-Húnv. um að fella niður 17. grein jarðræktarlaganna. Það vill nú svo til, að sams konar till. hefur legið fyrir hv. Ed. og hefur fengið afgreiðslu þar. Vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa nokkuð upp úr nál. Þar segir svo:

„Á Alþingi 1942—1943 var borið fram í Ed. frumvarp nákvæmlega samhljóða því, er hér liggur fyrir. Var það afgreitt frá deildinni með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem telja verður eðlilegt og rétt, að ákvæði um styrk úr ríkissjóði til stofnunar nýbýla, til endurbygginga sveitabýla og ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna verði öll athuguð og umbætt samtímis, svo fljótt sem verða má, til þess að tryggja betur en nú er gert, að nefnd ákvæði nái tilgangi sínum, *og þar sem jafnframt* verður að telja eðlilegt, að búnaðarþingi gefist kostur á að láta Alþingi í té álit sitt og tillögur um slíkar breytingar, telur deildin ekki ástæðu til frekari afgreiðslu málsins á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Á búnaðarþingi 1943 var mál þetta til meðferðar, og samþykkti þingið með 23 samhljóða atkvæðum tillögu þá, sem frá er greint í bréfi milliþingan. búnaðarþingsins, er prentað er sem fylgiskjal hér á eftir. En bréf þetta er svar við bréfi landbúnaðarn., þar sem beðið var um álit milliþinganefndarinnar á frv.

Með tilliti til þess, sem áður hefur gerzt í málinu, og með tilvísun til samþykkta Alþingis og búnaðarþings legg ég til, að frv. verði afgreitt með svolátandi“ (rökst. dagskrá).

Síðar í sama þingskjali stendur:

„Þar sem búnaðarþingið er þeirrar skoðunar, að leið sú, sem farin var með ákvæðum 17. gr. jarðræktarlaganna og ákvæðum byggingar- og landnámssjóðslaganna um fylgifé jarða, muni ekki ná upphaflega fyrirhuguðu marki, að halda niðri söluverði jarða, ályktar búnaðarþingið að fela milliþinganefnd þess í landbúnaðarmálum að athuga jarðasölumálið og leggja fram tillögur um, hvernig hægt sé að halda jarðaverði við hóf í náinni framtíð.“

Hvað sem segja má um gagnsemi eða skaða 17. gr. jarðræktarlaganna, vil ég, þar sem mþn. hefur málið til athugunar, að búnaðarþinginu gefist kostur á að taka ákvörðun sína í því efni.

Ég, sem er einn í n., tel mig ekki geta tekið afstöðu fyrr en búnaðarþingið hefur látið uppi álit sitt.

Ég mun ekki fara að karpa um málið, og mun hvorki greiða atkv. með né móti till.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég hafði ekki ætlað að taka til máls um þetta frv. En af því að hv. form. landbn. beindi til mín fyrirspurn um, hvaða leið stjórnin hygðist fara í þessu máli, vil ég segja nokkur orð.

Hér er um mikið nauðsynjamál að ræða. Það er nauðsynlegt að keppa að því, að allur heyskapur fari fram á ræktuðu landi, og virðist boginn ekki spenntur of hátt í þessu efni með þessu frv. Á þeim 25 árum síðan jarðræktarl. voru sett, eða einkum síðustu 20 árin, hefur jarðrækt aukizt mjög, enda má segja, að ekki var um nokkra ræktun að ræða áður eða svo að nokkru næmi. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hefur verið sléttað og nýræktað land, sem nemur 21500 ha. á síðustu 20 árum, því að ekki mun hafa kveðið mikið að ræktun fyrstu 5 árin eftir að jarðræktarl. voru sett. Það liggja einnig fyrir upplýsingar, sem ég á raunar bágt með að trúa, sem sé, að meðalbýli gefi af sér 200 hestburði af töðu. Þetta mun vera tekið eftir niðurstöðum *fasteignamatsnefndar*. Virðist þetta svo lág tala, að um lágmark hlýtur að vera að ræða. Vantar því 400 hesta heyskap á *meðalbýli til þess að hafa 600 hesta heyskap af* véltæku landi, og svarar það til þess, að þyrfti að rækta 6,6 ha. á hverju býli eða 33687 ha. Er

það álit ræktunarráðunautarins, að til þess að frv. þetta nái tilgangi sínum þurfi að auka ræktunina þetta mikið, og er þá miðað við, að 1 ha. lands gefi af sér 60 hestburði í meðalári, og þykir mér það undarlega há tala, þegar miðað er við, að nú er talið, að árið 1944 sé stærð túna talin vera 37000 hektarar og töðufengur 1300000 hestburðir, eða rúmlega 30 hestburðir af hektara. Það verður að gera meira til að ná þessu setta marki. Þótt ég efist ekki um, að menn greini ekki á um, að heyskapur verður að fara fram á ræktuðu landi, ef vel á að fara, þá greinir menn á um, hvernig á að ná þessu marki. Hv. form. landbn. vill láta hækka jarðræktarstyrkinn til þess að örva bændur til að leggja vinnu í jarðabætur.

Hv. þm. A-Húnv. og hv. 1. landsk. vilja láta ríkið annast frumjarðvinnsluna, en láta félög bænda taka þá við. Það má færa ýmis rök með og móti þessum aðferðum. Ég hefði helzt aðhyllzt þá stefnu, sem bent er á í nál. 630, af því að ég hef þá trú, að með því móti verði ræktunin framkvæmd meira en annars eftir ákveðnum reglum, en ekki að láta ábúendur sjálfa ákveða, á hvern hátt ræktunin er framkvæmd og láta ríkið svo taka að sér fjárhagshliðina. Ef sú leið yrði farin, sem bent er á í nál. 630, færi fram athugun á því, hvernig heppilegast væri að rækta, og framkvæmdirnar yrðu bundnar þeim stöðum, sem bezt eru til ræktunar fallnir. Sums staðar hafa jarðir, sem búið var að vinna töluvert mikið af jarðabótum á, farið í eyði og ekki byggzt aftur. Er ömurlegt til þess að vita. Þótt ég játi, að nauðsynlegt er, að áfram sé haldið með ræktun landsins, efast ég um, að mál þetta sé nægilega undirbúið til þess að ráðizt verði í framkvæmdir á þeim grundvelli, sem hér um ræðir. Mér finnst ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um, hvað það kostar ríkið að standa undir þeim kostnaði, sem af framkvæmdunum leiðir, hvor leiðin sem valin yrði.

Eftir þeim áætlunum, sem landbn. hefur haft fyrir sér, virðist kostnaður fyrir ríkissjóð með þeirri aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, vera 2555 kr. á hvern ha. Aftur á móti, ef farin er hin leiðin, sem gert er ráð fyrir á þskj. 630, virðist þessi kostnaður mundi verða 2790 kr. eða 235 kr. hærri á ha. en eftir till. frv. En af kostnaði samkvæmt brtt. er áætlað, að þurrkunarkostnaðurinn einn verði 2330 kr. á hvern ha., en jarðvinnslan ekki nema 460 kr. Það liggur því í augum uppi, að þar sem hægt er að taka þurrt land til ræktunar og ekki þörf framræslu, verði kostnaðurinn miklum mun minni. Nú liggja hins vegar engar upplýsingar fyrir um það, og ég held ekki þeirra að vænta, því að til þess þarf mikla reynslu, að hve miklu leyti mundi verða hægt að vinna þurrt land, og að hve miklu leyti þyrfti að ræsa fram. En á þessu veltur það mjög, hvor aðferðin yrði ríkissjóði hagkvæmari fjárhagslega. Ef gert væri nú ráð fyrir því, sem að vísu liggja enn engar áætlanir fyrir um, að hægt væri að vinna helminginn á þurru landi, aðallega þar sem enga framræslu þyrfti, og hinn helminginn á mýrum, þar sem þyrfti fulla framræslu, þá skilst mér, að samkvæmt till. á þskj. 630 mundi heildarkostnaðurinn, þ. e. a. s., ef við höldum okkur við það, að hver ha. af unnu landi gæfi af sér 60 hestburði, verða 35 millj. og 750 þús. kr. Ef gert er ráð fyrir, að þetta eigi að fara fram á tíu árum, þá mundu þau útgjöld nema 3 millj. kr. á ári. En það er ákaflega hætt við, að þetta sé of lágt áætlað, því að það er ekki mjög víða, sem þannig hagar til, að nægilega mikið sé heima við gömlu túnin af landi, sem hægt er að taka til vinnslu án þess að þurfi að ræsa það fram. Víða kannske hagar þannig til, að hægt er að fá smá landsvæði, sem ekki þarf að ræsa fram, en sennilega verður það þó miklu óheppilegra í framkvæmdinni að hafa hið ræktaða land á fleiri stöðum en í beinu áframhaldi af gömlu túnunum. Aftur á móti finnst mér, þó get ég ekki áttað mig á því, að ég fari rétt með, en hv. form. n. leiðréttir þá, að í þeim áætlunum, sem hér liggja fyrir, sé gert ráð fyrir, að jarðræktarstyrkurinn geti komizt upp í 6 millj. og 650 þús. kr. *(BÁ:* Það er lagt til grundvallar, að allt sé fullframræst.) Það er sennilegt. Það sýnist of djarft að áætla ekki nema helming landsins, sem þurfi að þurrka, en aftur á móti sýnist nokkuð hátt farið, að það þurfi fulla framræslu á öllu landinu. Þótt þessi kostnaður verði talsvert lægri, þá verð ég að segja það, að eins og hag ríkissjóðs er nú komið, þá veit ég ekki vel, hvar á að taka það fé, og það er að minnsta kosti ekki langt síðan að heyrðust nokkuð margar raddir um það, að erfitt mundi að standa undir öllum þeim útgjöldum, sem þegar er búið að skapa ríkissjóði, enda er það sjálfsagt rétt, og það mundi þá líka verða þungt fyrir fæti, ef ætti að bæta svo stórfelldum útgjöldum við sem hér er um að ræða. Þegar þessa alls er gætt, og þá fyrst og fremst, að það er ákaflega mikið á reiki, hvað þetta í raun og veru kostar, enda naumast hægt að telja, að nægileg athugun hafi farið fram á því, hvor af þessum tveim leiðum, sem stungið var upp á, væri heppilegri, því að það eru ekki nema nokkrir dagar síðan stungið var upp á síðari leiðinni, að láta ríkissjóð annast alla framræslu, — þegar þessa alls er nú gætt, eins og ástandið er nú, þá er ekki hægt að benda á, hvar taka ætti svo mikið fé sem frv. gerir ráð fyrir. Og þar sem þetta mál er talið svo mikilvægt, þá verð ég að segja, að mér finnst, að undirbúningur þess sé tæplega svo góður, að hægt sé að svo stöddu að láta þetta mál ná framgangi, og mér finnst réttara að taka það til rækilegrar athugunar fyrir næsta þing, á hvern hátt sem það yrði gert. Maður gæti látið sér koma í hug, að því væri vísað til nýbyggingarráðs eða til ríkisstj. til frekari athugunar, eða búnaðarþings, ég skal ekki segja um, hver af þeim leiðum væri skynsamlegust. Það yrði þá jafnframt athugað, á hvern hátt væri hægt að ná nægilega miklu fé í ríkissjóð til þess að standa undir þeirri byrði, sem með þessu yrði lögð á ríkissjóð.

Frsm. (Jón Pálmason): Í framsöguræðu minni gerði ég í aðalatriðum grein fyrir afstöðu landbn.

til þessa máls og þeim ágreiningi, sem þar hefur verið um það, hvernig framkvæmdin skyldi vera. Út af þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar, þarf ég ekki að segja mjög margt, en ég vildi þó víkja að örfáum atriðum.

Frsm. minni hl., sem er formaður landbn., hv. þm. Mýr., fór, eins og menn hafa heyrt, mjög hóflega í sakirnar að því leyti, að hann virtist ekki leggja mjög mikið upp úr því, hvor þessara leiða yrði farin, þótt hann óskaði fremur, að frv. yrði samþ. óbreytt eða því sem næst. Hv. þm. Mýr. taldi, að það ætti annaðhvort að gera að hækka styrkinn, eins og lagt er til í frv., eða þá að ríkið annaðist sjálft framkvæmdirnar, en ekki að séð væri um það af Búnaðarfélaginu og ríkisvaldinu. Nú er það svo, að það er alls ekki aðalatriðið að fá okkar hóla sem flesta burtu, hvort sem þetta verður 200 kr. dýrara eða ódýrara á ha. eftir því hvor leiðin verður farin, heldur miklu fremur hitt, að með okkar till. álít ég, að það sé miklu tryggara, að það sé framkvæmt á þann hátt, að það komi að gagni, og það, sem sérstaklega gerir það að verkum, er, að við erum sannfærðir um það, að ef sú leið yrði farin, þá verði ómögulegt að komast fram hjá því að rannsaka aðstöðuna á hverri einustu jörð á landinu, en ef aðeins ætti að hækka styrkinn eins og gert er ráð fyrir í frv., þá er hægt að halda áfram á sömu braut og undanfarið, borga styrki á land, sem rifið hefur verið niður og er framræst til hálfs og gefur ekki nema hálfa uppskeru, miðað við það, sem hægt er að fá af fullræktuðu landi, og má í því sambandi benda á þær skýrslur, sem hæstv. landbrh. lýsti hér, að nú væri meðaltöðufengur af ha ekki nema 30 hestburðir, eða 10 hestburðir af dagsláttu. Við álítum, að með till. okkar verði ekki hægt að komast hjá því að koma þessu starfi í fullkomið kerfi á þann hátt, að það verði framkvæmt með eins heppilegum aðferðum og kostur er á, og eftir því sem verkfæri fást fullkomnust til.

Hv. þm. Mýr. sagði, að hann gæti sætt sig við það að fella inn í okkar till., ef hann fengi fyrir því tryggingu fyrir fram, að þær væru líklegri til þess að ná framgangi í þinginu en frv. sjálft. Út af þessu vil ég taka það fram, sem ég reyndar gerði í landbn., að við, sem flytjum þessar till., höfum ekki neina flokkssamþykkt á bak við okkur um þetta mál, og þetta er það mikið stórmál, að ég álít, að á þessu stigi þess sé ekki hægt að ætlast til slíkrar tryggingar. Við flytjum þessar brtt. sem okkar sannfæringarmál og álítum, að þetta sé rétta leiðin.

Nú hafa menn og heyrt álit hæstv. landbrh., að hann telur aðgengilegri þá leið, sem okkar brtt. fjalla um. Við munum, flm. brtt., reyna að beita okkur fyrir því, að okkar till. nái samþykki.

Þá tel ég, að ég hafi, að svo miklu leyti sem ég get á þessu stigi málsins, svarað þeirri óbeinu fyrirspurn hv. þm., og að öðru leyti skal ég ekki fara langt út í að tala um þann ágreining, sem frá hans hálfu kom fram, en ég verð þó að víkja aðeins að tveim atriðum enn. Annað er það, sem hann tók fram, að það gæti átt sér stað, að tvenns konar ræktun yrði framkvæmd á sömu jörðinni, annars vegar túnasléttur með styrk og hins vegar ræktun, sem ríkið kostaði framræslu og vinnslu á. Það er alveg rétt, og það er atriði, sem þarf að setja nákvæm ákvæði um í þá reglugerð, sem samkvæmt okkar till. er ætlazt til, að sett verði til þess að ákveða nákvæmlega, hvernig þetta skuli allt framkvæmt. Og ég held, að hægt sé að koma þeim ákvæðum þannig fyrir, að þetta þurfi ekki að rekast á. — Hins vegar má svo líka bæta því við, að það eru auðvitað mjög margir menn í landinu, sem hafa náð því takmarki að hafa 600 hesta véltækt land, en mundu vilja rækta meir hjá sér, og ættu þeir að geta fengið vélarnar til vinnslu hjá sér þegar þær eru á ferðinni.

Viðvíkjandi 17. grein skal það aðeins sagt, að það er búið að ganga svo í mörg ár, að það er alltaf verið að flækja þessu máli á milli sín, og þeir, sem ekki vilja breyt. á því, bera alltaf fyrir sig búnaðarþingið, að það sé ekki búið að taka sína afstöðu, og nú er það milliþn. búnaðarþings, sem á eftir að láta álit sitt í ljós. Slíkar afsakanir eru varla frambærilegar fyrir aðra en þá, sem hafa enga sannfæringu í þessu máli sjálfir.

Í tilefni af ræðu hæstv. ráðh. vil ég segja það, en ég ætla ekki að fara út í það að ræða þá galla, sem hann talaði um viðvíkjandi útreikningi á þeim kostnaði, sem hér um ræðir, að öðru leyti en því, sem snýr að heildarupphæðinni, að sannleikurinn er sá, að þótt það sé mikið rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þetta mál væri allt of lítið undirbúið, þá er hins vegar þess að gæta, að málið er þannig vaxið, að það er ómögulegt að undirbúa það, áður en löggjöf er sett, svo fullnægjandi sé. Það er ómögulegt að fá um það fulla vissu áður en l. eru sett, hve mikið þetta mundi kosta, og ekki einu sinni það, hvað það er mikið, sem þarf að rækta, vegna þess að til þess að sá undirbúningur liggi fyrir þarf að mæla upp mikið af landi á öllum jörðum í landinu, og það eru þær undirbúningsráðstafanir, sem ég vil ekki geyma löggjöfina eftir, en um leið og svona löggjöf er sett er það afar nauðsynlegt, að þessum undirbúningi verði hraðað, og mundi jafnframt slík löggjöf ýta mjög á eftir því að útvega sem fullkomnastar vélar til þessa starfs. Hins vegar er það svo, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að skiptir í sjálfu sér ekki svo miklu kostnaðurinn, hvort þetta frv. gengur fram nú á þessu þingi, sem er senn lokið, eða það gengur fram á næsta þingi seinna í vetur eða á næsta ári, því að þótt það yrði ekki samþ. fyrr, þá mætti byrja engu að síður á þeim undirbúningi, sem er mjög mikið verk, að annast mælingar o. s. frv. En ég vil leggja áherzlu á það, að það verður að skera úr um það, hvort verður gengið inn á þá braut að samþ. frv. eins og það liggur fyrir eða með brtt.

Þótt sú ágizkun eða áætlun standist, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að kostnaðurinn mundi verða um 35 millj. kr., sem ég hygg, að sé nú kannske það lægsta, sem hægt er að miða við, ef maður gengur út frá ræktunarkostnaði eins og hann er nú, þá er það að athuga, að allt að því helmingur kostnaðarins í heild yrði borgaður samkvæmt

jarðræktarl. eins og nú, svo að hækkunin, sem um er að ræða, er helmingi hærri en það, sem umfram kann að vera samkvæmt okkar till. Auk þess er þess að geta, að með þeirri aðferð, sem við ætlumst til samkvæmt okkar till., er það víst, að það verða mjög margar jarðir, sem alveg verður gengið frá, vegna þess að þær hafa ekki skilyrði til þess að framkvæma þetta á þeim, sem til er ætlazt. Hitt gæti þó verið, að þær kæmu undir ákvæði, sem eru í frv., sem þyrfti þá að kosta helmingi hærri jarðræktarstyrk til, og þá er það sú stóra spurning, — hvar á að taka þetta fé? Það er ákaflega skiljanlegt, að hver og einn og þá ekki sízt hæstv. ráðh., sem annast hag ríkissjóðs, hugsi slíkt með sér, og þetta er spurning, sem menn verða eðlilega að velta fyrir sér. En ég vil nú taka svo djúpt í árinni, að ég tel, að hér sé um svo þýðingarmikla framkvæmd að ræða og beinlínis grundvöll fyrir því, að þessi okkar annar aðalatvinnuvegur geti þrifizt, en hann getur það áreiðanlega ekki til langframa, ef landið er þýft og óræktað, og þær mundu gefa svo góðan arð á komandi árum, að það mundi borga sig, þótt við þyrftum að taka allt fé til þeirra að láni og ríkissjóður yrði að borga af því vexti og afborganir á hverju árabili. Nú er líka þess að gæta, að í okkar till. er ekkert um það, á hve löngum tíma eða stuttum þetta skuli framkvæmt. En náttúrlega ætlumst við til þess, að þetta sé framkvæmt á eins stuttum tíma og mögulegt er. Og það fer mjög eftir því, hvernig skipulagið er og hvernig undirbúningnum miðar áfram og hve vel er unnið að því að útvega vélar til vinnslu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en ég er alveg sannfærður um það, að það er réttari leiðin til þess að ná takmarkinu og árangrinum sem fyllstum að samþ. okkar till. Og það, sem gerir það að verkum, að ég stakk upp á þessu í landbn., var sú reynsla, sem ég er búinn að fá, ekki einungis í mínu héraði, heldur víðsvegar um landið, þar sem ég þekki til. Og þrátt fyrir þennan háa styrk, sem við verðum að greiða og er nokkuð hár, þá hefur hann ekki verið eins hér nú síðustu árin, vegna þess að ekki hefur verið hægt að vinna að jarðyrkju. En það er ekki vilji manna, sem strandar á, heldur skortur á vinnukrafti í sveitunum, sem veldur því, og það er alls ekki hægt að framkvæma hin nauðsynlegustu verk nema með aðfengnum vinnukrafti, og þess vegna verðum við að geta treyst á vélar. Og um leið og væri farið inn á þá braut að láta ríkið kosta þetta stóra átak að eins miklu leyti eins og hér er farið fram á, þá verður ekki fram hjá því komizt, að það verði einhver stofnun, sem ríkið sér um, sem annast um vélavinnu og það, sem henni er samfara, flutning véla, geymslu þeirra og margt fleira. Þetta þarf allt að skipuleggja á sem hagkvæmastan hátt og menn geti snúið sér til sérstakrar stofnunar þessu viðvíkjandi.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil aðeins árétta tvennt, sem kom fram í ræðu hv. frsm., að þessi umreikningur, sem hæstv. landbrh. var með um kostnað af þessum framkvæmdum, er sennilega í hærra lagi, en það er ekki helmingur þess kostnaðar, sem leiðir af þessu frv. Fyrst og fremst er helmingurinn hækkun á styrk, þannig að sá helmingur kæmi alltaf fram, ef þessar framkvæmdir væru unnar á sama tíma. Auk þess er þess að geta, að nú er í gildi bráðabirgðaákvæði um 100 % hækkun á allar sléttur gömlu túnanna, og það dregst frá heildarupphæðinni líka. Ef maður fer að bera saman, hvað leiðir af þessu frv. og því, sem er í núgildandi l., þá verður það ekki svo lítill hluti af þessari nýrækt, sem tilheyrir núgildandi l. Auk þess verð ég nú að halda því fram, þó að ég hins vegar geti ekki sannað það, að eftir að ég hef farið gegnum reikning Pálma Einarssonar, þá held ég, að hann fari það fyllsta um kostnaðaráætlunina. Hann gerir ekki ráð fyrir, að neitt að þessu nýja landi verði fengið með sléttun engjalands, eins og hlýtur að verða á stóru svæði, og það er ekki nema brot af þeim kostnaði, sem kostar að fá jafnstórt land í nýrækt með fullkominni framræslu, þannig að ég er alls ekki hræddur um, að kostnaðurinn verði eins gífurlegur og hæstv. landbrh. áleit.

Annað vil ég einnig undirstrika hjá honum, að jafnvel hvað mikil vinna sem lögð er í þetta, væri ekki hægt að gera ábyggilega kostnaðaráætlun. Það er svo margt, sem grípur þar inn í og enginn getur séð fyrir. Hvað mörgum árum sem væri varið til að reikna slíkt út, þá lægju aldrei fyrir það áreiðanlegar upplýsingar, að það gæti ekki valdið okkur miklu meira tjóni að bíða en gagnið yrði, sem af því fengist. Þess vegna er það, að þótt ekki liggi fyrir tæmandi upplýsingar, þá getur það ekki réttlætt bið á málinu.

Að hinu leytinu hef ég ekki sannfærzt af þessari ræðu hv. þm. A.-Húnv. og umr. í n. um það, að það geti haft nokkur veruleg áhrif á bætt vinnubrögð eða bætta framkvæmd þessa verks, þó að ríkið kosti ákveðinn hluta þess í stað þess að veittur sé styrkur, því að samkvæmt hans till. eru það sömu aðilarnir, sem sjá um verkið, sömu menn sjá um það hjá þeim, sem fá aðeins jarðræktarstyrk, og þar, sem ríkið kostar framkvæmdina. En hvað um það, um það skal ég ekki deila.

Ég þakka hv. þm. og hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um málið. Hv. frsm. heldur fast við sínar till., og það kom fram hjá hæstv. ráðh., að hann hefur meiri trú á þeim, og þó að ég hafi það ekki, þá vil ég ekki hætta málinu í tvísýnu með mínum till., og mun ég því ekki leggjast á móti till. meiri hl., þar sem þær hafa það mikið fylgi, að málið kæmist ef til vill gegnum þingið, ef þær yrðu samþ., þar sem ég tel meiri tvísýnu með mínar till., því að ég geri ekki það mikinn mun á till., að ég vilji stofna málinu í tvísýnu með þeim.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég svaraði fyrirspurn, sem hv. flm. beindi til mín, hvaða till. stj. mundi aðhyllast í þessu máli. Ég lét aðeins í ljós mína skoðun um það, en skal ekkert segja um skoðun stj. í heild. Að vísu hefur þetta verið rætt í rn. á

fundi, en ég hef ekki umboð til að tala fyrir hönd stj. í heild sinni í þessu máli. Ég skal ekkert fullyrða um, hvað þar verður ofan á. Þar eru eins og gengur og gerist skiptar skoðanir um, hvað rétt sé í þessu, og má vera, að stj. láti frekar til sín taka, en um það liggur ekkert fyrir, og þetta svar mitt var aðeins mín eigin skoðun.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins segja örfá orð í sambandi við þetta mál og þá sérstaklega um þá brtt., sem hér er fram komin á þskj. 630 frá tveimur nm., hv. þm. A-Húnv. og hv. 1. landsk.

Ég verð að taka undir það með hv. þm. Mýr., að ég sé ekki, að þessi brtt. hafi neina kosti fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þar sem byggt er á jarðræktarl., sem gilt hafa síðan 1923, þar sem gert er ráð fyrir, að styrkur verði veittur til þessara framkvæmda eftir þeim reglum, sem settar eru um slíkar styrkveitingar. Mér finnst munurinn eingöngu sá, að eftir þessum brtt. á ríkið að vinna vissan hluta af þessum framkvæmdum í stað þess að ríkið leggur nú fram ákveðna upphæð til heildarframkvæmdarinnar, en það er ekki nema hluti af verkinu að brjóta landið og ræsa fram. Eftir er þá að græða landið og gera það arðbært með þeim hætti. Ég sé ekki, hvað í því felst að kljúfa þetta í tvennt, það, sem bændur eiga sjálfir að gera, og það, sem ríkið á að framkvæma. Ég get ekki séð, að því fylgi neinn kostur, en setur aftur á móti leiðinlegan blæ á þennan stuðning ríkisins, a. m. k. verkar það þannig á mig. Ég verð að segja, að eftir að farið væri að veita styrkinn í þessu formi, þá finnst mér erfiðari sókn sú, sem yfir hefur staðið lengi um að nema úr l. þá kvöð, sem lögð er á þá, sem njóta þessa stuðnings, og felst í 17. gr. jarðræktarl., þegar er beinlínis komið inn í þessi ákvæði, að ríkið eigi að standa fyrir að vinna vissan hluta af þessum framkvæmdum. Ég sé sem sagt ekki, að þetta sé neinn kostur, og ég skil ekki þau rök hæstv. ráðh., að hann vilji frekar hallast að þessu fyrirkomulagi en því, sem gilt hefur í þessu efni um áratugi og hefur orðið til að hrinda mjög áfram ræktunarframkvæmdum í þessu landi og er vafalaust mjög ríkur þáttur í, að landbúnaðurinn hefur ekki þurft að gefast upp í þeirri hörðu samkeppni, sem hefur átt sér stað, sérstaklega á síðustu árum. Þess vegna finnst mér, að þetta hafi enga kosti fram yfir það, sem lagt er til í frv., en sé hins vegar mjög óviðkunnanlegt frá sjónarmiði þess hugsunarháttar, sem íslenzkir bændur ala með sér. Ég get ekki heldur séð, að þetta verði til að ýta á neinn hátt undir framkvæmdir, því að eftir því sem fram kom hjá hv. þm. Mýr. og einnig í framsöguræðu hv. þm. A-Húnv., þá eru það eftir sem áður bændurnir, sem eiga að hafa þessar framkvæmdir, það er engin breyting á því, frá því sem verið hefur. Þeir eiga að gera framkvæmdirnar, þó að það heiti svo, að ríkið geri þetta. Ég held líka, að þetta gefi ekkert aukið öryggi fyrir því, að þessar framkvæmdir séu ekki gerðar á þeim jörðum, sem síðar meir væri hætt við að fara í eyði. Það er að vísu tekið fram í 1. lið þessarar till., að það skilyrði sé sett fyrir styrkveitingunni, að jörðin verði að hafa framleiðsluskilyrði og annað þess háttar, en í jarðræktarl. er sá varnagli sleginn, að ríkið sé ekki að leggja stórfé í jarðir, sem hætta vofir yfir af náttúrunnar völdum, sem geti gert það að verkum, að ekki verið búandi á jörðinni.

Um það, að framkvæmdirnar verði stórtækari með þessum hætti, þá sé ég ekki heldur neinn möguleika til þess, því að við vitum, að allar slíkar framkvæmdir eru ýmsum takmörkunum háðar. Jarðvinnslan ein er ekki nóg, það verður líka að vera áburður fyrir hendi í þessa nýrækt, en við þekkjum það, sem höfum fengizt við búskap og höfum staðið í allstórtækum jarðræktarframkvæmdum, hvað það er mikill hemill á slíkar framkvæmdir, þegar áburð skortir. Og þó að ýmsir hafi notað útlendan áburð í brotið land, þá er það ekki jafnraunhæf framkvæmd eins og að nota húsdýraáburð í flögin. Það eru því ýmsir erfiðleikar á þessum framkvæmdum, sem þarf ekki að lýsa.

Það má taka fram, að þessar framkvæmdir eru í nánu sambandi við og í raun og veru einn þáttur af öðru frv., þar sem gert er ráð fyrir, að stofnaður sé félagsskapur um ræktunarframkvæmdir, og sennilega verður meginið af þeim framkvæmdum, sem kynnu að njóta styrks samkvæmt þessum á kvæðum, framkvæmt á þeim grundvelli, sem lagður er í því frv., að koma ræktunarframkvæmdunum í það horf, að með þeim skapist betri aðstaða til að koma við vélavinnu en nú er. Það þarf því ekki að taka neitt slíkt upp í þetta frv., af því að það er hugsað sem liður í framkvæmdum í þessu máli, sem lagður er grundvöllur að í því frv., sem væntanlega verður að l. á þessu þingi.

Við, sem stöndum að flutningi þessa frv., töldum af þessum sökum enga ástæðu til að taka neitt slíkt inn í þetta frv., af því að eins og tekið er fram í grg. frv., er þetta mál eingöngu um stuðning af hálfu ríkisins við þær væntanlegu jarðræktarframkvæmdir, sem gerðar verða með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í þessu frv., sem nú er komið til Ed.

Ég vil aðeins taka þetta fram, að ég kann miklu verr við blæinn, sem settur er á styrkinn með því orðalagi, sem felst í brtt., heldur en er hjá okkur, því að við byggjum á þeim grundvelli, sem lagður er í jarðræktarl. um þetta efni og við höfum búið við um langt árabil. Þetta er mín skoðun, og ég vil láta hana koma fram, áður en gengið er til atkv. um þessar brtt. Ég býst við, að það sé svipaður stuðningur, sem fram kemur af hálfu ríkisins til jarðræktarinnar, hvor þessi leið sem farin er, þegar tekið er tillit til þeirra takmarkana, sem eru á því, að hægt sé að framkvæma í mjög stórum stíl hjá hverjum bónda, eins og ég hef áður minnzt á, og mér skildist einnig á hæstv. fjmrh., að hann gerði ekki mikinn mun á styrknum, hvort sem farið yrði eftir ákvæðum brtt. eða eftir ákvæðum frv. Ég verð að segja, að þótt svo kynni að vera, að eitthvað meiri stuðningur kynni að fást samkvæmt brtt., þá vil ég ekki vinna það til og

skapa þar með þann stimpil, sem settur er með þessum brtt. á þessar fjárveitingar til landbúnaðarins, ég vildi ekki skapa hann fyrir þann mismun, ef hann kynni þá að vera nokkur. Þetta er nú mín skoðun, og ég hygg, að það séu fleiri bændur, sem líta þannig á þetta. Það má segja, að þetta sé ekki nema orðhengilsháttur, en það er svona, að menn eru dálítið viðkvæmir líka fyrir þeim ytri formum, sem eru á hlutunum, og því er ekki vert að vera gersamlega að óþörfu að leggja neinar slíkar snörur fyrir menn.

Ég held líka, að það ákvæði, að viðkomandi búnaðarfélag eigi að taka á sig nokkurs konar ábyrgð á því, að hlutaðeigandi bóndi komi landinu í ræktun innan ákveðins tíma, svo að tilgangi frv. verði náð, þá beri þar að sama brunni, að markið er sett þar, en það eru svo ýmsar takmarkanir á þessu, svo að ég býst við, að sú ábyrgð, sem hér er um að ræða og gert er ráð fyrir í þessum till., sé nokkuð hæpin og vafasamt, að hún verði nokkurn tíma raunhæf í þessu efni. Nú ber ekki svo að skilja, að ég ali ekki þá von í brjósti, að þessu marki verði náð, sem hér er sett, að hægt sé að koma hverju býli á landinu í það ástand, að þar sé hægt að heyja 600 hesta á véltæku landi. En það verður að líta á þær kringumstæður, sem við nú búum við, og ekki gera sér neinar gyllivonir. Við getum gert okkur vonir um, að allt breytist til batnaðar með aukinni tækni. En það er ýmislegt annað við þessar framkvæmdir, sem gerir það að verkum, að þeim hljóta að verða nokkur takmörk sett.

Mér skilst á hæstv. fjmrh., hvernig sem á því stendur, að þessu máli verði síðar vísað til stj. til frekari undirbúnings. Það má segja, að þá sé sama, hvort þessar brtt. eru samþ. eða frv. látið fara til 3. umr. í því formi, sem það er flutt, ef það eru forlög þess á þessu þingi, að því verði vísað frá eða til stjórnarinnar.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að hv. þm. Borgf. lýsi eftir því, á hvaða rökum ég hafi byggt það álit mitt, að brtt. á þskj. 630 mundu verða affarasælli en þær till., sem koma fram í frv. Það er eðlilegt, af því að ég gerði enga grein fyrir því, á hverju ég byggði þá skoðun, en það var af því, að hv. þm. A-Húnv. hafði þá talað fyrir till. sínum og fært fyrir þeim þau rök, sem ég tel rétt og get gert að mestu leyti að mínum orðum.

Hv. þm. gerði mikið úr því, að blærinn á brtt. hv. þm. A-Húnv. væri leiðinlegur fyrir bændastéttina. Það var helzt að skilja á orðum hans, þó að hann segði það ekki með berum orðum, að með því væri verið að gera bændur að einhvers konar ölmusumönnum. Ég er honum algerlega ósammála um þetta. Ég hef aldrei litið á jarðræktarstyrkinn sem styrk til bændanna sjálfra. Ég hef litið svo á, að ríkið borgaði jarðræktarstyrkinn, af því að það teldi það borga sig fyrir ríkisheildina sjálfa, hvað sem bændum liði. Þessi skoðun held ég, að hafi verið sú almenna skoðun, a. m. k. á fyrstu árum l. Það er fyrst eftir að breyt. er gerð 1936, sem hin skoðunin fer að skjóta upp höfðinu, að þetta sé styrkur til bænda, og það er í sjálfu sér eðlilegt, að sú skoðun fari þá að gera vart við sig, af því að þá voru gerðar breyt. á l., sem var hægt að leggja út á þann hátt, sem kemur fram í þessari skoðun. Þær breyt. lágu m. a. í því að hætta að styrkja jarðabætur, þegar búið væri að ná vissu hámarki á tilteknum jörðum og enn fremur, að jarðabæturnar ættu að skoðast sem nokkurs konar fylgifé jarðanna, en ekki skilyrðislaus eign ábúanda. Ég hef skilið jarðræktarstyrkinn þannig, í því formi sem hann var greiddur fram til 1936, að hann væri veittur jafnt ríkum sem fátækum, jafnt þeim, sem hefðu nauðsyn fyrir aukna ræktun vegna lífsafkomu fólksins, og eins þar, sem slík þörf væri ekki fyrir hendi, ég hef litið á hann sem nauðsyn vegna þjóðfélagsins, en ekki bændanna sérstaklega. Og ef litið er á þessar brtt. frá þessu sjónarmiði, þá sé ég ekki neinn leiðinlegri blæ á því fyrirkomulagi, sem þar er um að ræða, heldur en því, sem gert er ráð fyrir í frv., það kemur alveg út á eitt. Það er staðreynd, að ríkið tekur þennan þátt í ræktunarkostnaði landsins, og ég sé það ekki skipta neinu máli, hvort það kemur fram sem þátttaka ríkisins í ræktuninni eða það kemur sem fjárstyrkur eða fjárveiting til þess, sem ræktunina framkvæmir, niðurstaðan er sú sama. Mér finnst því, að þessi ástæða, sem hv. þm. Borgf. færir fram á móti till., sé ekki á rökum byggð.

Þá get ég ekki séð, að sú barátta, sem hann minntist á í sambandi við 17. gr., verði neitt erfiðari, þó að þessi leiðin sé farin, af því að niðurstaðan er nákvæmlega sú sama, hvor leiðin sem farin er.

Ég skal þá með örfáum orðum minnast á það, á hverju ég byggi þá skoðun, að þegar á allt er litið, muni aðferð hv. þm. A-Húnv. vera heppilegri en sú aðferð, sem stungið er upp á af hv. flm. frv. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að ég álít, að vinnslan á landinu geti orðið skynsamlegar og heppilegar framkvæmd með því, að ríkið standi fyrir framkvæmdunum en að einstaklingarnir geri þær. Ef ræktunarsamþykkt er komið á, þá kemur út á eitt, hvort ríkið lætur framkvæma vinnuna eða félögin standa fyrir því, en með því móti, að ríkið sjái um vinnuna, er hægara að skipuleggja vinnubrögðin. Þá er hægt fyrir fram að gera áætlun og láta vélarnar fara yfir þessi landsvæði, sem ákveðið hefur verið að taka til vinnslu ár frá ári. Það gefur að mínu viti líka betri tryggingu fyrir, að vel sé unnið en ef einstaklingarnir eru látnir einráðir um, hvernig það er gert. Það verður að gera ráð fyrir, ef ríkið tekur þessa framkvæmd í sínar hendur, að þá séu færustu menn ekki eingöngu látnir velja landið, heldur líka sjá um vinnuna. — Loks er á það að líta, að með þessu er ríkið sjálfrátt, hvað mikið fé er borgað í þessu skyni, en eftir hinni till. er það nokkuð undir hendingu komið, hvað mikið fé verður að leggja árlega í þessar framkvæmdir.

Hv. þm. Borgf. benti á, að ef við ættum að taka ræktunina í stórum stökkum á þennan hátt, yrði

áburðarvandamálið erfiðara en það er nú. En þar sem þurrka þarf landið vandlega, er því betra sem lengri tími líður frá þurrkun til fullnaðarræktunar, og verður þá nógur tími til að leysa áburðarvandamálið eigi verr en nú er unnt á smáblettunum. Ef tekið yrði mjög mikið land á hverjum stað í einu, má segja, að sú áhætta fylgi því, að sumt af landinu verði aldrei fullræktað, m. a. vegna áburðarleysis fyrstu árin. En þar ætti nokkur trygging að vera fólgin í ábyrgð ræktunarfélaganna á því, að landið ræktist. Þótt menn geti verið misvel trúaðir á þá ábyrgð, er hún meiri trygging en ef einstaklingur á að bera ábyrgðina.

Loks er á það að benda, að samkv. þessum till. á að vera hægt að ákveða fyrir fram, hvaða jarðir þyki ekki hæfar til að leggja í þær aukinn styrk, af því að ósýnt þyki, að þær haldist í byggð sakir sandfoks, vatnagangs, harðbýlis eða einangrunar. En með því skipulagi, sem nú er, virðist ákaflega lítil trygging fyrir, að styrknum sé ekki varið í framkvæmdir, sem brátt verði gagnslausar.

Skúli Guðmundsson: Ég vil gera fyrirspurn til flm. brtt. á þskj. 630. Í fyrsta lagi, hvort ekki sé rétt skilið, að gert sé ráð fyrir eða ætlazt til, að framkvæmdirnar séu í höndum bænda í búnaðarfélögum, sem búið er að stofna, þó að ríkið kosti framræslu og vinnslu landsins. Svo skildist mér á hv. frsm., en vil fá það skýrt fram tekið. Ef það hins vegar væri markmið brtt., að komið geti til mála, að ríkið annist þessar framkvæmdir með vélum sínum og vinnuflokkum, þá vildi ég spyrja, hvort ekki væri ástæðulaust að setja það skilyrði fyrir framkvæmdum, að ræktunarsamtök hefðu verið sett á svæði viðkomandi jarða.

Önnur spurning mín er um það, hvort ekki sé rétt skilið, að ríkið kosti framræslu og vinnslu landsins og eigi að greiða hana eins og hún kostar, eftir reikningi.

Frsm. (Jón Pálmason): Mér þykir það leiðinlegt, að hv. þm. Borgf. skuli snúast gegn brtt. þeim, sem við höfum flutt, eftir að hv. þm. Mýr. hefur lýst yfir, að hann fallist á brtt. Og varðandi hv. 5. landsk., sem tók ekki afstöðu, er það að segja, að hann beið þess að fá frekari vitneskju um afstöðu ríkisstj.

Ég vil ekki endurtaka það, sem ég sagði í fyrri ræðu, þótt sumir hv. þm. hafi víst ekki heyrt það, enda er hæstv. fjmrh. búinn að taka af mér mesta ómakið að svara. Ég vil þó taka fram tvö atriði.

Framkvæmdum verður ekki hagað einvörðungu á þennan hátt eða hinn, heldur framkvæmt af þeim aðila, sem hentar á hverjum stað. Þegar farið er að vinna með stórvirkum tækjum á einhverjum stað, er ekki hægt að hlaupa þaðan eftir geðþótta einstakra aðila. Þá yrðu ferðatafir hálfur tíminn, og dæmi sýna, hve óhæft það lag er. Vinna verður sem mest á hverjum stað, þótt það kosti það, að ekki má fara eingöngu eftir óskum þeirra, er að ræktuninni standa á hverjum stað.

Þá er hitt atriðið, það er ábyrgð búnaðarfélaga og ræktunarfélaga. Það hefur verið höfuðgalli íslenzkrar jarðræktar, að mjög mikið af þeim löndum, sem unnin hafa verið, hefur aldrei komizt nema í hálfa rækt, ekki verið fullræst, ekki fengið nægan áburð og ekki verið nógu vel unnið, — gefur þess vegna ekki af sér nema rúman helming þess, sem vera ætti. Það er meira en málamyndaábyrgð, sem hér er stefnt að, aðeins um það að velja að bæta um ræktunina eða endurgreiða kostnaðinn.

Varðandi fyrirspurnir hv. þm. V-Húnv. (SkG) er það að segja, að það er fast skilyrði, að búið sé að gera ræktunarsamþykktir áður en framkvæmdir hefjast. Þá má yfirleitt gera ráð fyrir, að það yrði samþykktaratriði að ráðast í framkvæmdirnar og þyrfti því ekki frumkvæði ríkisins til. En í nokkrum tilfellum getur verið gott að hafa það opið, að ríkið megi taka þetta frumkvæði og annast framkvæmdirnar á þeim grundvelli að öllu leyti sjálft. Framræslu og vinnslu greiðir ríkið eins og kostnaður verður, en um framkvæmd þeirra ákvæða verður tiltekið nánar í reglugerð.

Pétur Ottesen: Mér var ómögulegt annað að heyra í fyrstu á hv. frsm. en framkvæmdirnar yrðu á líkum grundvelli og verið hefur, grundvelli búnaðarsambandanna í hverju héraði, en ekki ríkisrekstur. Það var ekki fyrr en hæstvirtur fjármálaráðherra (PM) var farinn að tala um framkvæmdir ríkisins, að nokkurt hop kom á frsm., og síðan fór hann líka að tala um þetta sem framkvæmdir ríkisins. Eins og málið kom fram í hans framsöguræðu, gat ekki komið til mála, að ríkið hefði þessa framkvæmd. Ég veit ekki, að hverju leyti verkið yrði betur skipulagt með því móti, að ríkið léti vinna það. Ráðunautar búnaðarfélaganna mæla fyrir því. Kannske það þætti þá betra að senda jafnframt aðra ráðunauta ríkisins til að vinna hið sama? Eða þætti betra, að ríkið ynni verk með sínum vinnuflokkum en búnaðarfélögin? Ég skil ekki, í hverju það væri betra. Tvískipting þessara framkvæmda milli ríkis og búnaðarfélaga brýtur í bág við allar skynsamlegar till. í þessu máli. Hitt er svo annað mál, sem mér virtist koma fram hjá hæstv. fjmrh., að með því að ríkið annaðist framkvæmdir, væri hægt að miða þær við það fé, sem mönnum þætti þénugt, að ríkið legði fram. Þarna er þá strax komið að því, að hafa þurfi hemil á framkvæmdunum, láta menn ekki vera of duglega á kostnað ríkissjóðs í ræktuninni. Ef það er vegna þessa, sem lagt er til, að ríkið standi að ræktuninni, er málið orðið allt annað en í fyrstu var.

Ég get vel skilið, að með brtt. skapist aðstaða til að sortéra jarðir. Við þekkjum þær stefnur í þjóðfélaginu, að sortéra eigi jarðir, breyta eigi sumum byggðarlögum í auðn og draga fólkið í þéttbýli. En eigum við að ganga til móts við þessa stefnu? Eigum við að taka þá stefnu að láta engan eyri til stuðnings þeim jörðum, sem liggja nokkuð úr alfaraleið? Ég segi nei, og ég álít m. a. af þessu till. með öllu óaðgengilegar.

Hæstv. fjmrh. furðaði sig á því, að ég skyldi

ekki geta verið jábróðir hv. þm. Mýr., er hann sætti sig við till. En það hefur engin áhrif á mig, hverja skoðun aðrir hafa í þessu efni.

Skúli Guðmundsson: Hv. frsm. svaraði fyrirspurnum mínum og taldi undir atvikum komið, hvort félög bænda eða ríkið hefðu framkvæmdirnar með höndum. Ég held, að óheppilegt sé að hafa þetta hvort tveggja saman, og hefur hv. þm. Borgf. bent á, hve varhugavert fyrirkomulag það sé. Töluverðir gallar fylgja því, ef allt yrði unnið af ríkinu. Hitt, að allt sé unnið af samtökum bænda, hygg ég sé raunar eina færa leiðin. Við vitum ekki, hvað ríkið leggur fram til kaupa á ræktunarvélum. En farið gæti það svo, að ýmsum bændum í landinu þætti nokkuð löng biðin eftir því, að ríkið léti vinna fyrir þá með vélum sínum og vinnuflokkum. Ég teldi það illa farið, ef þannig yrði gengið frá málinu, að bændur eða félög þeirra gætu ekki fengið stuðning til að koma á ræktun hjá sér, heldur yrðu að bíða, þangað til ríkið hefði hentugleika til að senda þeim þá vinnuflokka, sem það héldi í þjónustu sinni. Það mun bezt fara, að bændur hefðu þarna frumkvæðið og framkvæmdirnar.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég held, að sá ótti, sem skotið hefur upp hjá hv. þm. Borgf. og hv. þm. V-Húnv., sé ástæðulaus. Það er ekki ætlazt til, að neinn sé útilokaður eða neinn sviptur þeim möguleikum, sem hann hefur nú til jarðræktarstyrks. Hér er um það eitt að ræða, hvernig eigi að skipuleggja þær sérstöku framkvæmdir, sem eiga að fá aukinn stuðning. Sú aukning hlýtur að koma misjafnt niður. Í sumum sveitum er lítið af jörðum, sem til þess henta, í öðrum sveitum flestar jarðirnar. Framkvæmdir verða samningsatriði ríkis og ræktunarfélags, eins og ég hef lýst, og hlutur hvorugs aðila fyrir borð borinn með því. Það var sagt út í hött af hv. þm. Borgf., að ég hefði breytt skoðun á þessu við það að hlusta á fjmrh. Ég hafði áður þessa skoðun. Einnig talaði þm. um að „sortéra" jarðir, og vissulega er hér verið að gera það. En valdið til þess er algerlega fengið búnaðarfélögum héraðanna. Þau ráða, hvaða jarðir þau treysta sér ekki að ganga í ábyrgð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 14. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 630 (ný 1. gr.) samþ. með 22:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, SÞ, ÞG, ÁÁ, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JakM, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PZ, SB, SG.

nei: SkG, PO, JörB.

StJSt, EmJ, SigfS, SEH greiddu ekki atkv.

6 þm. (SvbH, ÁkJ, BG, GG, JJós, PÞ) fjarstaddir.

Brtt. 631 felld með 14:12 atkv.

Brtt. 653 kom ekki til atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 708).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 93. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 134. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 135. fundi í Ed., 23. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 708, n. 900 og 1194).

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Herra forseti. — Ég kemst ekki hjá því að minnast á forsögu þessa frv., áður en ég ræði sjálft frv.

Eins og hv. þdm. munu muna, þá var borið fram á Alþ. 1943 frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögunum. Með þessu var gengið mun lengra en áður hafði verið gert. Í þessu frv. var gert ráð fyrir eftirtöldum atriðum, sem myndu snerta samtök og ræktunarstarfsemi úti um landið og undirbúning að þeim. Í fyrsta lagi, að tryggt yrði svo sem hægt væri að fá vandaðar og stórvirkar vinnuvélar, og þá einnig að fá menn til þess að vinna með þær. Þá er gert ráð fyrir, að ríkið kaupi vélarnar og síðan verði gerð tilraun til þess eftir góðan og réttan undirbúning að hefja jarðræktarframkvæmdir og vinna yfirleitt að þessum málum þannig, að öll jarðræktarstarfsemi geti verið varanleg eign fyrir þjóðfélagið. — Í öðru lagi var svo í því frv. gert ráð fyrir því, að styrkur samkvæmt jarðræktarl. hækki verulega á flæðiengi landsins. Þessu frv., sem flutt var á þingi 1943, var vísað frá með rökst. dagskrá. Landbn. þessarar hv. d. klofnaði um málið og meiri hl. n. bar fram rökst. dagskrá, sem var samþ., og vil ég leyfa mér að lesa hana upp með leyfi hæstv. forseta. Hana er að finna á þskj. 540 á bls. 766. Hún er svona:

„Með því að mikið skortir á, að nauðsynlegur undirbúningur undir framkvæmdir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, sé fyrir hendi, og í trausti þess, að ríkisstj. hlutist til um, að Búnaðarfélag Íslands framkvæmi hið allra fyrsta þessar undirbúningsrannsóknir og aðrar mikilsverðar athuganir, er ákveðnar hafa verið og lúta að eflingu landbúnaðarins, og að jafnframt verði nægilega margar stórvirkar jarðvinnsluvélar útvegaðar, til þess að reynsla fáist af notkun þeirra og nauðsynleg æfing í meðferð þeirra,

telur deildin ekki tímabært að afgreiða frv. á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessu máli var vísað til mþn. búnaðarþings, sem starfað hefur að undirbúningi þessa máls. Árangurinn af því starfi n. var, að á þessu þingi s. l. haust, líklega í sept., voru lögð fram tvö lagafrv. út af þessari þál. og í sambandi við breyt. á jarðræktarl. Þessi frv. voru bæði flutt af sömu mönnum í n., þ. e. a. s. af þeim hv. þm. Mýr., hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf.

Þessi tvö frv. voru gerð með tilliti til þess, sem gert var ráð fyrir í jarðræktarlagafrv. 1943, en þó þannig, að efnið var klofið í tvennt. Fyrri liður, sem sé regla um ræktunarsamtök, vélakaup og vélanotkun og undirbúning jarðræktar, og ýmislegt fleira, styrkur til kaupa á verkfærum o. fl., var sett í sérstakt frv., frv. til l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, sem nú hefur fengið afgreiðslu og nú fyrir skemmstu var staðfest sem lög.

Þetta frv. er aftur á móti um hinn liðinn, styrkinn, sem ríkissjóður skuli leggja til ræktunar landsins. Þegar frv. var lagt fram í Nd., var það nákvæmlega í samræmi við frv. frá 1943, þannig að það var gert ráð fyrir að hækka styrkinn eftir jarðræktarl. um helming að því leyti, sem hann var annars hækkaður, til jarðabóta, þó ekki lengur en þangað til hvert býli hefði fengið vélfært land, ræktað eða óræktað, sem gæfi af sér 600 hestburði á ári.

Frv. tók nú verulegum breyt. í n., þannig að í staðinn fyrir að hækka ræktunarstyrkinn, breytti n. frv. í það horf, sem það er í nú, en nú er það þannig, að það gerir ráð fyrir, að ríkissjóður kosti vinnslu landsins, þ. e. a. s., *beri kostnað af þurrkun* landsins og af annarri vinnslu þess. En bændur og aðrir jarðræktarmenn bera kostnað þann, sem stafar af áburði í landið og útsæði.

Í n. var nokkur meiningarmunur um það, hvora þessa leið ætti að fara, en það varð ofan á að haga þessu eins og nú er gert ráð fyrir í frv., og ætla ég, að stuðningsflokkar ríkisstj. hafi einkum barizt fyrir því, að þessu yrði breytt, og fengið því líka ráðið. Mér finnst yfirleitt líta út fyrir það, að menn séu að verða um það sammála, að stefna beri að því marki að rækta landið vel, þó að menn greini eitthvað á um leiðir til þess. Mér finnst það ekkert undarlegt, þó að menn geti komið *auga á þá miklu nauðsyn*, og það er áreiðanlegt, að eftir því sem menn virða þá hluti betur fyrir sér, sannfærast þeir betur um það, að hér er um stórt nauðsynjamál að ræða, frá hvaða sjónarmiði sem það er litið.

Ég hygg, að menn hafi alltaf vitað það og sjái nú betur og betur, enda oft viðurkennt, að úti í sveitunum, dreifbýlinu, séu fólgnir hinir beztu möguleikar frá uppeldisfræðilegu sjónarmiði. Það eru margir, sem vit hafa á þeim hlutum, sem telja það vera gæfu hverrar þjóðar, að æskan fái að alast upp í dreifbýli, en að henni sé ekki þrengt óeðlilega mikið. Þá er og þess að gæta, að þessi atvinnuvegur leggur fram mikið af fæðu landsmanna og það, sem þjóðin má sízt án vera.

Ég hef hér fengið nýlega merkilega skýrslu eftir einn af þekktustu læknum þessa lands, sem jafnframt mun vera álit og skoðun lækna almennt. Þar talar þessi læknir um það, að fæðu manna sé aðallega skipt í tvo flokka, það sem hann nefnir *heilsuverndandi fæðu og orkugefandi fæðu*. Og af þeirri fæðu, sem kallast heilsuverndandi, er þar talið, að hver maður þurfi frá 50—100% af allri fæðu, sem hann neytir. Og hverjar eru svo þessar heilsuverndandi fæðutegundir, sem menn þurfa til þess að geta haldið heilsu sinni. Þær eru aðallega þessar: Mjólk, kjöt, egg, ostur, kartöflur, grænmeti, svo og fiskur, lýsi og eitthvað af því, sem hann kallar C-vitamíngefandi fæðutegundir og nefnir þar til fæðutegundir hér á landi, einkanlega ber. Þegar maður lítur yfir þessa skýrslu, sér maður, að meginið af því, sem telst hið allra nauðsynlegasta til þess að þjóðin haldi heilsu, eru þær fæðutegundir, sem ræktunin framleiðir, og geta menn þá skilið *og skilja*, hvers virði *ræktunin og landbúnaðurinn* er. Þegar einnig á það er litið, að jafnvel meiri hlutinn af því, sem þjóðin nærist á, er fenginn frá landbúnaðinum, þá fara menn að láta sér skiljast, að þó að sjávarútvegurinn leggi fram mikið af verðmætum, þá má þó ekki gleyma því, að landbúnaðurinn er svo nauðsynlegur til þess að halda lífinu í þjóðinni.

Takmark bænda og stærsta sjónarmið er það að koma landinu í rækt. Við vitum, að mikið af heyfeng landsmanna er fengið á ræktuðu og einnig á óræktuðu landi, og mikið af því er óvéltækt og ræktaða landið svo misjafnt, að það á ekki saman nema að nafninu til. Það er hægt að rækta *einn ha. þannig*, að *hann gefi af sér* 25 hestburði, slík ræktun er til. Af þess háttar ræktun er ekki hægt að lifa. Það kann að vera, að það sé hægt aðeins undir þeim kringumstæðum, að þessi uppskera sé notuð til fóðurs handa sauðfé í beztu og kjarnmestu beitar- og útigangshéruðum landsins. En það mætti kannske segja, að það væri í raun*inni útigangshlunnindi*, sem menn lifa þar á, en varla heyfengur. Það er hægt að rækta ha. þannig, að hann gefi af sér 40 hestburði, og það er það, sem yfirleitt er ræktað hér á landi nú. Af þeirri ræktun má lifa, með því að um leið fylgi góð markaðsskilyrði fyrir þær afurðir, sem heyfengnum er breytt í. En svo er hægt að rækta landið, að það gefi af sér 60 hestburði, og það er meira að segja ekki mikill vandi þar, sem jörðin er góð til ræktunar og vel ræktað og vel borið á. Enda er það áreiðanlegt, að sá mikli munur, sem er á ræktaða landinu, stafar af því, hve áburðurinn er mismunandi mikill.

Vitanlega er þetta mál stórmál fyrir ríkissjóð beinlínis í sambandi við þau útgjöld, sem honum er ætlað að hafa af þessu frv. Það er erfitt að gera sér grein fyrir, hvað mundi kosta að rækta landið eins og frv. gerir ráð fyrir: að rækta það þannig, að hvert byggilegt býli landsins hafi 600 hesta véltækt land, og það langsamlega mest á ræktaða landinu sjálfu, en þó kannske að einhverju leyti á óræktuðu. Það er erfitt að segja nokkuð ákveðið

um það, en það er talið, að túnstærð á öllu landinu hafi verið 1944 37 þús. ha. Um 15 þús. ha. eru ræktaðir og sléttaðir á s. l. 25 árum. Það er talsvert af þeim sléttað, en eðlilega meiri hlutinn þýfður.

Ef gert er ráð fyrir nálægt 40 heyhesta uppskeru af ha., eins og er meðaluppskera af túnum nú, þá lítur út fyrir, að þurfi í viðbót við þessa ræktun 22 þús. ha. lands til þess að hvert býli, en þau eru um 5—6 þús., fái þennan umtalaða heyfeng á véltæku landi. Þessu til viðbótar verður að gera ráð fyrir, að til séu í landinu nálægt 10 þús. ha. af véltæku útengi. Ef við göngum út frá að þurfa að rækta 22 þús. ha. lands til þess að fá landið í góða rækt og hvert býli hefði þetta mikla rækt og véltækt land, þá mætti telja, að slíkum málum væri komið í gott horf, miðað við mannfjöldann, sem kynni að vera að 10 árum liðnum í landinu, að minnsta kosti ágætlega séð fyrir þörf landsmanna á landbúnaðarafurðum, ef þessi heyfengur getur orðið eins og nú er gert ráð fyrir.

En hvað myndi kosta að rækta hvern ha? Um það verður ekki neitt fullyrt, en Búnaðarfélag Íslands hefur leitazt við að gera áætlun um það, hvað það myndi kosta að vinna og rækta einn ha. lands nú, og er áætlun þess á þessa leið: Ef það þarf að fullþurrka ha., rækta upp mýri, þ. e., sem alveg þarf að þurrka, þá verður þurrkunarkostnaður á ha. 2330 kr., og er þar gert ráð fyrir, að opnir skurðir séu og unnir með vélum, en lokræsi gerð með handafli. Annar vinnslukostnaður á ha., án þess að þurrkun komi til greina, telur Búnaðarfélagið, að ætti að vera 1040 kr., og þar er gert ráð fyrir, að unnið sé með beztu vélum og hentugustu sem menn nú hafa. Kostnaður af áburði og útsæði til þess að koma einum ha. í rækt 1880 kr. og ræktunarkostnaður alls 5250 kr. Frá þessum upphæðum telur jarðræktarráðunautur Búnaðarfélagsins, að megi draga nálægt 600 kr., sem komi fyrir uppskeru, sem fengin er með eins árs forrækt og reiknast sem hagnaður. Og eru þá eftir 4650 kr.

Nú er það alveg víst, að það er svo og svo mikið af landi, sem ekki þarf að þurrka, það er mikið af landi, sem er alveg fullþurrkað, en sumt þarf lítilla umbóta, þó að ekki þurfi að ræsa það eins og þar, sem er reglulega votlent.

Það gæti því varla talizt óvarlegt að gera ráð fyrir, að draga mætti frá þessum vinnslu- og ræktunarkostnaði 150 kr. á ha., sem sé að gera ráð fyrir því, að það þurfi engan veginn að fullþurrka allt landið, sem ræktað verður. Yrði þá eftir 4500 kr., sem væri ræktunarkostnaður á hvern ha. Þá kemur í ljós, að öll ræktun eftir þennan umreikning ætti að kosta 99 millj. kr., og segjum þá 100 millj. kr. Og virði maður fyrir sér, hvernig þessi kostnaður skiptist eftir frv. á milli ríkis og ræktunarmanna, þá kemur í ljós, að skiptingin að heita má er nákvæmlega eftir hlutfallinu ⅗ og ⅖, þannig að ríkið borgar stærri en ræktunarmenn minni partinn. Og miði maður við 100 millj. kr. kostnað á verkinu í heild, verður kostnaðurinn fyrir ríkið 60 millj. kr., en fyrir ræktunarmenn 40 millj. kr. Þetta eru vitanlega geysilegar fjárhæðir, en það er líka mikið í aðra hönd, ef heppnin fylgir þessum framkvæmdum, sem sé sú heppni, að með þessum tilkostnaði sé hægt að rækta landið vel. Gangi maður út frá því, að þetta kostaði ríkið í heild 60 millj. kr. og það legði þetta fé fram á næstu 10 árum með nokkurn veginn jöfnum afborgunum, þá verða útgjöld ríkisins á ári um 6 millj. kr. Það er há fjárhæð, en er nú samt ekki allt útlit fyrir, að Alþ. treysti sér til að bæta við laun embættis- og starfsmanna ríkisins sem þessum útgjöldum nemur og kannske meiru? Ég bendi nú svona bara á þetta til samanburðar og til skýringar og upplýsingar fyrir hv. deildarmenn.

Þetta frv. hefur legið hér fyrir hv. d. síðan um áramót. Landbn. gat ekki orðið sammála um það. Tveir nm., sem sé ég og hv. þm. Dal., skiluðum um þetta nál. 18. jan., þar sem lagt er til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. En þrír nm. (EE, HG og KA) voru ekki þá reiðubúnir til þess að mæla með því, að frv. yrði samþ. Síðan hafa tveir nm. lagt fram nál. alveg nýlega, þar sem þeir leggja til að vísa málinu frá.

Ég skal geta þess fyrir mína hönd og hv. þm. Dal., að þó að við leggjum til, að frv. verði samþ. eins og það er, þá er það ekki einungis fyrir það, að við séum vissir um það, að það sé í hinu heppilegasta formi, heldur hitt, að við viljum leggja áherzlu á, að þetta mál nái fram að ganga, og við töldum það einu vonina til þess, að það gengi fram eins og það liggur fyrir. Ég verð að telja, að það sé álitamál, hvort verði kostnaðarsamara fyrir ríkissjóð að vinna að ræktun landsins eftir þessu frv. eða eftir frv. eins og það var þegar það var lagt fram. Það mun velta á ýmsu um þetta. Ég býst þó við því, að þar, sem þarf að þurrka landið, verði þátttaka ríkisins eftir frv. kostnaðarmeiri en eftir frv. eins og það var fyrst. En þar, sem lítið þarf að þurrka, geri ég ráð fyrir, að þátttaka ríkisins verði ódýrari en eftir jarðræktarl. með tvöfölduðum styrknum. En náttúrlega mundi verða alls heldur dýrara fyrir ríkið að fara eftir frv. eins og það er en hinu upphaflega frv., sem sé þótt jarðræktarstyrkurinn hefði verið tvöfaldaður. En sá kostur er á þessu fyrirkomulagi, þ. e. eftir frv. eins og það er, að þarna er greitt fyrir þurrkun og vinnslu landsins það, sem þetta kostar. En það er varla hægt, býst ég við, að haga styrkveitingum úr ríkissjóði þannig, að nákvæmlega sama hlutfall komi á jarðvinnsluna alls staðar, vegna þess að aðstaða og jarðvegur eru svo misjöfn á hinum ýmsu stöðum.

Í áliti frá öðrum minni hl. landbn. er nú lagt til enn á ný að vísa þessu máli frá með rökst. dagskrá. Annars er það um þetta nál. að segja, að út af fyrir sig er það vinsamlegt í garð málsins. Aðalástæðan fyrir því, að þeir hv. nm. vilja láta vísa málinu frá, er sú, að þeir telja, að frv. hafi tekið svo gagngerðum breyt. í hv. Nd., að það þurfi að athuga það betur og að ríkisstjórninni eigi að vera falið að athuga þetta allt betur með aðstoð Búnaðarfélags Íslands og nýbyggingarráðs og að síð-

an verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþ. nýtt frv. Það er því ekki hægt að segja annað en að undirtektir undir málið eru út af fyrir sig góðar. En mér finnst koma á þessar undirtektir annar blær, þegar maður tekur jafnframt til greina till. hv. Nd. Stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. í Nd. lögðu nokkra áherzlu á það og færðu fyrir því sín rök, að málið ætti að komast í það form, að ríkið léti vinna vissan hluta af ræktunarstarfinu, sem sé þurrkun landsins og vinnslu, í staðinn fyrir að greiða háan styrk á flatareiningu. Og þessir hv. þm. í Nd. léðu ekki máls á því að fylgja frv. í öðru formi. Þegar svo þetta frv. kemur í þessu nýja formi hingað til hv. Ed., þá virðist mér, að a. m. k. nokkrir af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar hér setji það einkum út á frv., að það hefur tekið á sig þennan búning í hv. Nd., og það sé þess vegna, sem þeir telji nauðsyn á að taka sér enn frest til þess að undirbúa málið. Það er slæmt, að það skuli vera svona ósamræmi á milli hv. stuðningsflokka hæstv. ríkisstjórnar í Nd. og Ed. Það getur orðið til tafa, ef það reynist svo, að sá búningur, sem hv. Nd. vill hafa á máli, sé sá búningur, sem hv. Ed. getur ekki tekið til greina, a. m. k. ekki fyrst um sinn. En ég geri mér sjálfur vonir um það, að þetta frv. verði samþ. eins og það er. Einn fulltrúi stjórnarflokkanna í landbn. hefur nú ekki sagt sitt álit enn, og það getur allmikið oltið á hans áliti. En þó að svo færi, að rökst. dagskráin á þskj. 1194 yrði samþ., sem yrði töf á málinu, þá ylti mest á því, að sú töf yrði ekki lengri en fram að næsta þingi, eins og rökst. dagskráin leggur til.

Ég ætla ekki að fjölyrða um málið meira að sinni. Ég þykist hafa lagt það greinilega fram frá sjónarmiði fyrsta minni hl. landbn. Við álítum, að þetta ræktunarmál sé svo stórvægilegt mál, að það megi ekki dragast ár frá ári að taka alvarlega á því. Og þó að ýmislegt geti orkað tvímælis í frv., viljum við ekki setja það fyrir okkur og ráðum hv. d. fastlega til þess að samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Ég tel ekki mitt hlutskipti hafa verið að taka hér næstur til máls, því að frá landbn. þessarar hv. d. eru komin fram tvö nál., frá tveimur og aftur tveimur nefndarmönnum. En ég er þar staki hrafninn, fimmti nefndarmaðurinn, án þess að ég hafi sagt álit mitt um málið. En hv. frsm. 2. minni hl. n. er ekki hér til staðar í hv. d., og þess vegna get ég, þar til séð er, hvort hann eða annar hv. þm. verður hér til staðar til þess að ræða afstöðu þess minni hl., sagt mitt álit um málið.

Ég get sagt það strax, að þegar búið var að ræða þetta frv. á nokkrum fundum í n., þá hallaðist ég að því, að ekki væri annað fært en að afgr. þetta mál að þessu sinni með rökst. dagskrá. Og það er skoðun mín enn, að svo sé. Því að þótt sitt hvað gott megi um þetta frv. segja og að meining þess sé tvímælalaust góð og byggð á velvilja til landbúnaðarins og framfarahug, þá finnst mér það ótraustar brautir, sem þarna er farið inn á. Og það gefur mér tilefni til að hika dálítið við afgreiðslu málsins.

Eins og getið var í ræðu hv. frsm. fyrsta minni hl. nú, þá er þetta ekki nýmæli á þingi. Það hefur verið flutt áður, og varð þá ekki að l. Og þau nýmæli, sem þá lágu fyrir, hafa nú verið flokkuð í sundur, ef svo mætti orða það, og er það einn þátturinn, sem hér kemur fram, till. um styrkveitingar ríkisins til þess að koma á almennri ræktun til þess að fullnægja þörf og lágmarksheyfeng á ræktuðu landi á hverri jörð, eftir nánari ákvæðum, sem sett eru í frv. Ég get játað það, að ef nógu væri úr að spila, þannig að hægt væri að haga jarðræktinni eftir vild og öllum óskum manna um jarðrækt væri fullnægt, þá gæti ég léð þessu frv. alveg athugasemdalaust atkv. mitt. Og ég vil bæta því við, að ég tel, að seint verði svo miklu eytt til íslenzkrar jarðræktar, að það beri að telja eftir. En því takmarkaðri sem þær fjárveitingar eru, sem til jarðræktar fara, því betur ber að því að gá, að rétt sé að farið í þessum efnum, til þess að það fjármagn fái notið sín á réttan veg. Það er í sambandi við þetta, sem ég síðast sagði, sem ég sérstaklega steyti við, að því er þetta frv. snertir. Ég er nefnilega ekki bjartsýnni en svo, að mér meir en flýgur í hug, að þegar ætti nú að fara að framfylgja þessu frv., ef að l. yrði, með ræktun víðs vegar um land, svo að lágmarksheyfengur af ræktuðu landi væri eins og tekið er til í frv., og með því fjármagni frá ríkinu til þess að koma málinu í þetta horf, þá gæti svo farið, sem ég vildi, að aldrei kæmi til, að það yrði að rifa seglin á öðrum sviðum íslenzkrar jarðræktar. Þarna væri eins konar kvöð sköpuð til þessarar lágmarksræktunar á heil búnaðarfélög, hvar sem er um landið, þar sem svona samþykktir væru gerðar, sem í frv. greinir. Og verður ekki séð, hvað til þess þyrfti hverju sinni. En meðan maður er ekki kominn lengra en svo, að því er getu til framkvæmda áhrærir, að legið hefur við, að illa gengi að hafa alltaf tilbúið það fé, sem áætlað hefur verið til sumra hinna stærri aðgerða í samræmi við framkvæmdir jarðræktarl., þá virðist mér einsýnt, að maður verður að viðhafa nokkra gát. Ég vildi, að aldrei kæmi til, að óttast þyrfti neitt getuleysi til jarðræktarframkvæmda, en allur er varinn góður. Og ef nú svo færi, að með samþ. þessa frv. væri boginn að vissu leyti ofspenntur, og ef það yrði aftur til þess, að vegna heimilda þeirra, sem hér yrðu veittar, yrði að draga úr framkvæmdum í jarðyrkju þar, sem búandmannskrafturinn er mestur og jarðvegurinn beztur, þá álít ég, að það gæti orðið til eftirsjónar, einnig fyrir beztu meðhaldsmenn þessa frv., sem fylgt hafa því eftir af beztum hug. Ég er ekki með þessu að halda fram, að það sé ekki nauðsynlegt, sem í frv. er farið fram á, og mér dettur ekki í hug að mótmæla því, að réttilega hafi verið komið auga á þá nauðsyn. En spurninguna tel ég aftur á móti vera þá, hvort hin jafnláta aðstaða til jarðræktarinnar yfirleitt er ekki hentust til þróunar í þessum málum, þann-

ig að þeir, sem eru úti um hinar dreifðu byggðir landsins, sem hafa túnin þýfð og líka ræktað land, nytu samræmilega góðs af framkvæmd hins opinbera í jarðræktarmálum á við aðra landsmenn, án þess að vera dregnir í sérdilk til forréttinda. Nú er stefnt að því að fá sem allra stórvirkust jarðvinnslutæki, sem gefur nokkurt tilefni til bjartsýni í þessum efnum. Og fyrir mér er það grundvallaratriði í öllum þessum málum, að það verði sem allra örust þróunin í jarðræktarmálunum og að sem allra mest verði hægt að útvega af hentugustu jarðvinnslutækjum til útbýtingar eftir skynsamlegustu reglum, sem finnast, til búnaðarfélaga og búnaðarsambanda, hvar sem er um landið, fyrir góðan jarðveg og dugandi bónda, með jöfnum, samræmdum rétti fyrir alla þessa menn, þar sem enginn um allt landið verði settur hjá og enginn um allt Ísland njóti heldur sérstakra forréttinda.

Þó að ég sé, af ástæðum, sem ég hef greint, með því, að málinu að þessu sinni verði vísað frá með rökst. dagskrá, hef ég ekki skrifað undir nál. þess minni hl., sem það leggur til. Hv. annar minni hl. landbn. talar um í sínu nál., að 17. gr. jarðræktarl. þurfi að endurskoðast og bætir svo við, að koma þurfi í veg fyrir, að almannafé, sem varið er til ræktunarinnar, verði notað til þess að auðga einstaka menn og gera jarðirnar að braskvöru. Ég get tekið undir það með þeim, að ég vildi ekki stuðla að því að gera jarðir að braskvöru. En ég vildi hins vegar vinna að því, að jarðir verði gerðar yfirleitt sem allra eigulegastar. En þeir, sem leggja sig í brask og eru gróðamenn, vilja leggja sig eftir því, sem er einhvers virði. Og hvað sem um allt brask má segja, vildi ég gjarnan, að það, sem gert er í krafti jarðræktarl., yrði til þess að auðga sem allra flesta búendur í sveitabyggðum landsins, og ég vildi, að þeir allir yrðu ríkir. Þá hætti allur jarmur um uppbæturnar, af því að þeir væru allir orðnir forríkir, vegna þess, hve jörðin er góð og mild til ræktunar. Og þau efni, sem íslenzkir bændur hafa nú hlotið á þessum peningatímum, því að þeir hafa losað sig af skuldaklafanum, eru ekki meiri en svo, að ef gerði harðindaár, er ég hræddur um, að ekki yrði lengi að fara kúfurinn af því. Og hamingjan forði Íslendingum frá því að fara inn á nýjar kreppuráðstafanir. Ég er óhræddari við auðsöfnun bænda en kreppuráðstafanir. Þær er ég hræddur við. En það er eðlilegt, að hæstv. Alþ. vilji setja sínar skorður við því, hve mikið er veitt til jarðræktarframkvæmda og að það sé ekki meira en þarf. En sízt vil ég segja, að það sé óhentugt, að bændur auðgist af þessu. Þeir þyrftu að auðgast af þessu. Það skapar þeim manndóm, sjálfstæða lífsskoðun og öryggi allri framtíð Íslands, ef þeir auðgast af þessu, ekki til þess að verða braskarar, heldur sjálfstæðir menn á óðulum sínum, og það megi svo haldast með íslenzkum manndómi frá kyni til kyns. Þetta yrði heildinni fyrir beztu. En hugurinn er ekki meiri en svo allvíða hjá bændum, því er verr og miður, að þeir þurfa margháttaðrar örvunar við, til þess að finna öryggi fyrir sig á bújörðum sínum. Ég vildi, að þetta væri ekki rétt hjá mér, en ég er hræddur um, að svo sé. En þetta öryggi eykst ár frá ári, þegar þeir verða þess varir, hve hæstv. Alþ. verður með góðum skilningi við þörfum þeirra og þeirra viðleitni til að afla góðra tækja til þess að bæta jarðir sínar. Og er einn þáttur þeirra málefna það frv., sem hér liggur fyrir, sem, þó að ég vilji ekki, að það verði samþ. nú, er á sinn hátt góðra gjalda vert.

Ég mun, samkv. þessu, sem ég nú hef sagt, mæla með því, án þess að ég hafi gefið út sérstakt nál. um það, að frv. verði afgr. á þessu stigi með rökst. dagskrá, er feli það í sér, að málið þurfi víðtækari og betri undirbúning, svo að þau sérréttindi, sú sérstaða, sem á að skapa með samþykkt þessa frv., ef að l. yrði, komi ekki í l. án frekari athugunar. Ég hygg, að það sé ekki búið að lesa það ofan í kjölinn, til hvers það kynni að leiða að samþ. frv. eins og það er.

Ef hæstv. ríkisstjórn kæmist að þeirri niðurstöðu, að svo mikið beri nú að leggja til jarðræktar sem frekast er unnt miðað við fjárhaginn, og ég þykist vita, að sú verði niðurstaðan, þá mundi það gleðja mig. Það er í trausti þess, að hæstv. ríkisstjórn, með aðstoð þessa ráðuneytis, sinni framkvæmdum þessum fyrir næsta þ., svo að leitt geti til sem beztrar niðurstöðu á víðtækum grundvelli, að ég fyrir mitt leyti vil, að frv. verði afgreitt með rökst. dagskrá. Ég vildi, áður en ég sezt niður, segja, að ég tel þá rökst. dagskrá, sem hér liggur fyrir frá hv. minni hl., á þann hátt, að ég gæti vel samþykkt hana, en ég vildi fyrir mitt leyti þó gjarnan, að orðalag dagskrárinnar af hálfu þessarar hv. d. í hendur hæstv. ríkisstjórnar væri dálítið meira örvandi til jákvæðra aðgerða en orðalag dagskrárinnar, sem fyrir liggur á þskj. 1194, en með tilliti til þess, að ég vildi gjarnan, að hún feldi í sér meira örvandi ákvæði, vildi ég leyfa mér að bera fram brtt. við hina rökst. dagskrá um, að hún verði þannig orðuð:

„Þar sem deildin telur, að breytingar þær, sem frv. gerir ráð fyrir á fyrirkomulagi jarðræktarmála, kunni að valda verulegri röskun á grundvelli þeim, sem jarðræktarlögin eru reist á, og gera framkvæmd þeirra ótrausta, og í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi endurskoðun jarðræktarlaganna í samráði við Búnaðarfélag Íslands og nýbyggingarráð fyrir næsta reglulegt Alþingi og leggi síðan frv. fyrir þingið, þar sem miðað verði við sem öruggasta þróun íslenzkrar jarðræktar með þeim hætti, að góður jarðvegur og framtakssemi bændastéttarinnar fái sem bezt notið sín, álítur deildin ekki rétt að afgreiða frv. á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég vildi leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. mína um orðalag dagskrárinnar.

Forseti (StgrA): Hv. þdm. hafa heyrt brtt., sem hefur verið lesin upp, við rökstuddu dagskrána.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég get nú að langmestu leyti látið mér nægja að vísa

til nál. á þskj. 1194, sem ég og hv. 6. landsk. stöndum að. N. þykir þó rétt að láta fylgja þessu örfá orð, og sérstaklega gefa ummæli hv. síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Árn., tilefni til þess.

Fyrst vildi ég mega segja það, að ég tel, að þær breyt. á fyrirkomulagi jarðræktarmálanna, sem gert er ráð fyrir í því frv., sem hérna liggur fyrir, horfi að minnsta kosti að vissu leyti í rétta átt. Ég hygg, að það hafi einmitt sýnt sig, að einn ágalli jarðræktarlaganna og fyrirkomulagsins í þessum efnum undanfarin ár hafi verið sá, að framkvæmdirnar voru í svo margra manna höndum með svo mismunandi þekkingarskilyrðum og við svo mismunandi ástæður, að niðurstaðan hafi ekki orðið slík sem skyldi. Auk þess hefur að minni hyggju ekki verið tekið nægilegt tillit til þess, þegar ráðizt hefur verið í ræktun og hún styrkt af ríkissjóði, að sérstök áherzla væri lögð á að byrja ræktun á þeim stöðum, sem með tilliti til gæða landsins og aðstöðu til nytja á því voru líklegastir til að skila því fé aftur, sem til ræktunarinnar var lagt. Með því að taka upp þá aðferð í þessum efnum, sem lagt er til í frv., sem sé, að ríkissjóður sjái um og kosti ræktunina, þá hygg ég, að fram hjá þessum agnúum verði stýrt. En rétt er þó að taka fram, að að minni hyggju er í frv., eins og það er nú úr garði gert, ekki svo tryggilega frá þessu atriði gengið, að ég geti talið það fullnægjandi, og vísa ég um það efni til nál. á þskj. 1194.

Hv. 2. þm. Árn. taldi það í sjálfu sér engan ágalla, þó að það fé, sem ríkissjóður legði fram til jarðræktar, yrði til þess að auðga einstaka menn. Það, sem hann taldi aðalatriðið í þessu sambandi, væri að gera jarðirnar sem eigulegastar. Segja má, að nokkuð sé til í því, að það sé æskilegt, að jarðirnar séu eigulegar, ef það kemur ekki þannig fram, að þær verði að sama skapi dýrari. En það segir sig sjálft, að ef verð jarða hækkar fullkomlega til jafns við það, sem þær verða eigulegri, þá er spursmál, hvort sá, sem situr á eigulegri jörð, verður nokkuð betur settur en hinn, sem situr á óeigulegri jörð, og ef taka þarf lán fyrir mismuninum.

Það, sem að minni hyggju er megintilgangur jarðræktarlaganna nú og eins þessa frv., sem hér liggur fyrir, er það, að búa svo að þeim, sem við landbúnað fást, að þeim sé fært að framleiða landbúnaðarafurðir með sem allra lægstum tilkostnaði, þannig að hægt sé að selja þær fyrir sem allra lægst verð og sambærilegt við það, sem aðrar nauðsynjavörur kosta, og jafnframt sé þeim mönnum, sem vinna að þessu, tryggðar þær tekjur af vinnu sinni, að þeirra lífskjör geti staðizt samanburð við lífskjör annarra atvinnustétta í landinu. Menn eru sammála um, að þessu marki sé ekki unnt að ná nema með því að hverfa að verulegu leyti frá því, að vinnan sé öll unnin af handafli, og vélar notaðar til erfiðustu vinnunnar. Til þess að það sé hægt, verði að sjálfsögðu að fara á undan sú vinnsla á jörðunum, að vélum megi koma við. Þetta er vissulega rétt, en ef sá böggull fylgir þessu skammrifi, að jarðirnar hækki í verði sem því nemur, sem þær verða eigulegri, þá getur útkoman orðið sú, að vextirnir af þeim höfuðstól, sem bundinn er í jörðinni, og þær nauðsynlegu afborganir, sem á hverjum tíma verður að greiða, éti upp það, sem afrakstur jarðarinnar vex fyrir þessar umbætur, sem á henni eru gerðar, og þá er sá, sem á henni býr, engu betur settur eftir en áður.

Ef það fé, sem það opinbera leggur fram til umbóta á jörðunum, verður þess vegna fullkomlega kvaðalaus eign þess manns, sem við því tekur, sem hann getur selt næsta manni fullu verði og kannske hærra en tilkostnaðurinn nam, hlýtur það að leiða til þess, að jarðirnar hækki í verði og meir og meir þurfi til að greiða vexti og afborganir og minna verði eftir til annarra þarfa bóndans, sem á jörðinni býr, og fólksins, sem vinnur hjá honum. Tilgangur 17. gr. jarðræktarlaganna er sá, eins og viðurkennt er, að fyrirbyggja, að svo fari. Það er viðurkennt af öllum, bæði þeim, sem eru meðmæltir eða samþykkir þessu ákvæði og telja það eðlilegt og réttmætt, og eins hinum, sem eru andvígir því, að þessi gr. hafi ekki undanfarin ár náð tilgangi sínum, að koma í veg fyrir óeðlilega hækkun á jarðveginum. Það er að sjálfsögðu rétt að geta þess í þessu sambandi, að þar hafa verið önnur öfl að verki en umbætur á jörðunum, öfl, sem hafa verið svo áhrifarík í því efni, að þess er ekki að vænta, að ákvæði l. um þetta efni gæti fyrirbyggt verðhækkun, eins og nú er ástatt.

Ef þetta frv. verður að l., annaðhvort í sinni núverandi mynd eða með einhverjum breyt. í þá átt að kveða nánar á um framkvæmdirnar en gert er í frv., virðist mega gera ráð fyrir því, að ríkissjóður tæki á sig að leggja fram til þessa máls um 60 millj. kr., og þeir, sem eru bjartsýnastir og mest stórhuga í þessum efnum, láta sér detta í hug, að þessu verki, sem við er miðað í frv., mætti verða lokið á hér um bil 10 árum eða kannske ekki fullkomlega þeim tíma.

Það liggur alveg í augum uppi, að það fer mjög mikið eftir því, hvernig þessu fé er varið og hvernig er um það atriði búið, hvort það kemur að þeim notum, sem til er ætlazt. Ef óþarfa umbætur verða gerðar á jörðunum og þær hækka í verði við hver eigendaskipti, þá er augljóst mál, að vextir og afborganir hljóta að taka til sín mjög verulegan hluta af afrakstri jarðanna. Ég legg því á það hina mestu áherzlu, að um leið og þessi breyt. verður gerð, verði einnig kveðið skýrar á um það efni, sem nú felst í 17. gr. jarðræktarlaganna, og tryggilegar frá því gengið en nú er, að því verði beitt í framkvæmdinni.

Fyrir skömmu afgreiddi þetta þing l. um byggingar- og ræktunarsamþykktir í sveitum. Þegar þau l. voru afgr., þá hygg ég, að ekki hafi verið búizt við því, að jafnstórfelldar breyt. yrðu gerðar á jarðræktarlögunum eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, því að mér virðist alveg auðsýnt, að þau l. séu miðuð við jarðræktarlögin í meginatriðum eins og þau nú eru. Ef þá hefði verið ráðið, að ríkið skyldi kosta að fullu alla framræslu og þurrkun landsins og alla vinnslu þess, þá væri að sjálfsögðu miklum

mun eðlilegra, að ríkið beinlínis gerði ráðstafanir til þess að kaupa þær vélar, sem til þess þarf, heldur en að vera að styrkja samlög bænda víðsvegar um landið til þess að afla véla, nema þá í þessu frv. væri beinlínis gert ráð fyrir, að vélarnar væru tiltækar með ákveðnum kjörum til þessara framkvæmda, þó að þær ættu að vera í eign Búnaðarsambandsins, eins og gert er ráð fyrir í fyrrnefndum l. Yfirleitt má segja, að þar sem um svo stórkostlega grundvallarbreytingu er að ræða eins og lagt er til í þessu frv., þar sem í staðinn fyrir að veita einstaklingum styrk, sem miðaður er við það ákveðna verk, sem þeir inna af höndum, þá hefur ríkið tekið að sér að greiða allan kostnað við ræktunarframkvæmdirnar, að þá leiði af sjálfu sér, að jarðræktarlögunum í heild sinni verði að breyta í ýmsum atriðum, ef þau eiga að samrýmast því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir, að upp verði tekið.

Eitt atriði þykir mér rétt að nefna enn í þessu sambandi. Þar sem um svo stórar upphæðir er að ræða eins og ætla má, að gert sé ráð fyrir samkv. þessu frv., þá virðist mér augljóst mál, að sjálfsagt sé að haga þessum framkvæmdum þann veg yfirleitt, að fyrst sé snúið sér að framkvæmdum í þeim héruðum eða á þeim löndum, þar sem útlit er fyrir eða þar sem telja má víst, að peningarnir komi fyrst að gagni eða skili sér fljótt aftur. En þá er orðið erfitt, að ég ekki segi ókleift, að byggja á þeirri viðmiðun, sem gerð er í þessu frv. nú, þar sem kveðið er svo á, að allir þeir, sem hafa umráð yfir býlum, sem ekki fá 6 hundruð hesta heyskap af véltæku landi, skuli koma jafnt til greina til þess að láta ríkið annast þessar framkvæmdir fyrir sig. Ég hygg einmitt, að þetta atriði í frv. sé mikil ástæða til að athuga nánar áður en slík löggjöf sem þessi er sett.

Eins og í grg. segir, þá liggur engin heildaráætlun fyrir um það, hve mikill kostnaður lendir á ríkissjóði, ef frv. yrði samþykkt, og ég get ekki látið vera að segja, að mér finnst það mikill galli á málsmeðferð allri, að glöggar upplýsingar um þetta efni skuli ekki vera látnar fylgja. Landbúnaðarnefnd hefur átt þess kost að fá að sjá ýmislegt, sem þetta mál varðar og Búnaðarfélag Íslands hefur í sínum fórum, og á því eru byggðar þær tölur, sem teknar eru hér upp í grg. Það má engan veginn líta svo á þær, að ég telji, að megi treysta þeim og þetta séu endilega þær réttu tölur. Það er að minni hyggju nokkurn veginn jafnlíklegt, að upphæðin sé heldur um of eins og líka hitt, að hún sé heldur van. En að sjálfsögðu er einnig upphæðin að verulegu leyti undir því komin, hvaða reglum verður fylgt um það, hvaða land sé fyrst tekið til ræktunar, bæði með tilliti til þess, hvort það er gott ræktunarland og hver aðstaðan er með tilliti til samgangna, markaðs og annars slíks. Einnig hygg ég, að það sé engum efa undirorpið, að með því að taka samfelldar stórar landspildur með þessum stórvirku vélum, sem hér er gert ráð fyrir, muni ræktunin í heild sinni verða ódýrari en ef tekin eru smástykki á víð og dreif með þeim annmörkum og aukakostnaði, sem sjálfsagt hlýtur að fylgja slíku fyrirkomulagi. Allt þetta tel ég, að þurfi nánar að athuga, áður en sú mikla grundvallarbreyt. verður gerð á l., sem hér er lögð til. Því leggjum við til, þessi minni hl., að málið verði að þessu sinni afgreitt á þann hátt, að ríkisstjórnin undirbúi málið fyrir næsta reglulegt Alþ. og hafi um það samráð við Búnaðarfélag Íslands og einnig við nýbyggingarráð. Ég get þó bætt við, að ég geri ráð fyrir, að nýbyggingarráð hafi ekki aðstöðu til þess að kynna sér þetta mál í einstökum atriðum neitt svipað því á þann veg jafnvel eins og Búnaðarfélag Íslands. Það verður að sjálfsögðu að vænta þess, að miklu meiri kunnugleiki sé á þessum málum hjá Búnaðarfélagi Íslands. Hins vegar hygg ég, að um meginatriði málsins megi vænta þess, að nýbyggingarráð hafi aðstöðu til að skapa sér ákveðna skoðun, einmitt með tilliti til þess, að það, sem ákveðið verður í þessu efni, sé gert með hliðsjón af því, sem ráðið hugsar sér að gera til stuðnings atvinnuvegum í landinu, sem jafnmikla þýðingu hafa, ekki einasta fyrir þá einstaklinga, sem þennan atvinnuveg rækja, heldur fyrir þjóðina alla í heild.

Um brtt. hv. 2. þm. Árn. á ég bágt með að ræða ýtarlega í einstökum atriðum. Ég hef aðeins heyrt hana lesna upp, að vísu vel og skörulega, en hún er svo löng, að ég festi mér hana ekki fullkomlega í minni. Mér fannst hún nálgast að vera eins konar drápa í óbundnu máli, en ég skal þó játa, að ég fæ ekki séð, að hún sé neitt verulega til bóta frá því, sem lagt er til af okkur tvímenningunum á þskj. 1194, og mér finnst ég því ekki geta, nema aðrar ástæður komi til, horfið frá þeirri dagskrá og stutt brtt. hans. Annars virtist mér í ræðu hans allri, að í raun og veru væri hann samþykkur dagskrártill. eins og hún er hér, þó að hann hafi ýmislegt við rökstuðning hennar í nál. að athuga, sem ég vissi fyrir og furða mig ekki heldur neitt á.

Till. okkar tvímenninganna er sem sagt, að málið verði afgreitt á þann hátt, sem í dagskrártill. felst, í trausti þess, að ríkisstjórnin hafi undirbúið málið svo fyrir næsta reglulegt Alþ., sem ekki verður síðar en 1. okt. í haust, að það geti þá fengið fulla afgreiðslu þ., og þá sé ég ekki, að nein töf þurfi að verða á því, að framkvæmdir geti hafizt samkv. því skipulagi, sem þá verður ákveðið.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Mér þótti viðkunnanlegra að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég býst við, að í sjálfu sér séu ekki skiptar skoðanir um, að nauðsyn sé fyrir landbúnaðinn að auka ræktun landsins. Ég hef lengi ekki verið í neinum vafa um, að framleiðslan til landbúnaðarins veltur á því, hvort honum tekst að koma nægilega miklu landi í ræktun og heyskapur geti að mestu leyti farið fram á ræktuðu véltæku landi. Þetta eru sem sagt ekki skiptar skoðanir um. Hitt geri ég ráð fyrir, að séu frekar skiptar skoðanir um, að hve miklu leyti bændastéttin sé fær um á eigin spýtur að annast ræktun lands síns. Því verður ekki neitað, að á síðari árum hafa orðið

geysilegar breyt. á efnahag bændastéttarinnar. Hún hefur losnað úr skuldum og að því er virðist aflað sér talsverðra sjóða. Samt sem áður dreg ég ekki í efa, að mjög æskilegt væri, að ríkissjóður gæti veitt meira fé en gert hefur verið á undanförnum árum til ræktunar landsins. Á síðasta ríkisreikningi, 1941, eru gjöld samkv. jarðræktarlögunum nálega 320 þús. kr. Síðan hafa þau aukizt nokkuð við lækkað peningagildi, en í frv. því, sem liggur fyrir hér á þskj. 708, er gert ráð fyrir, að þessi útgjöld hækki upp í 6 millj. kr., eða eftir *því, sem fram kom í Nd., rúmlega það á ári.*

Það líður nú varla sá dagur, að ekki heyrist rætt um það hér á hæstv. Alþ., að fjárhagur ríkisins sé kominn í öngþveiti og að teflt sé á tæpasta vaðið um fjárhagsafkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Þó að þetta sé að ýmsu leyti orðum aukið að því leyti, að hagur ríkissjóðs er í sjálfu sér engan veginn slæmur núna, og hefur jafnvel kannske 2 til 3 síðustu áratugina aldrei verið betri en nú, þá verður því hins vegar ekki neitað, að eins og nú stendur, á ríkissjóður í talsverðum fjárhagserfiðleikum. Eins og reynslan hefur sýnt, er mjög erfitt að afla þeirra tekna, sem óhjákvæmilegar eru til að standa undir þeim útgjöldum, sem ríkissjóði er bakað á síðari árum. Ég sé ekki, hvernig á að afla tekna til þeirra útgjalda, sem ætlazt er til með þessari löggjöf. En ég vil hins vegar ekki láta ríkissj. taka á sig skuldbindingar, sem ekki eru horfur á, að hann geti staðið við. Ég geri einnig ráð fyrir því, ef horfið yrði að því ráði að auka svo mjög sem hér er lagt til framlög til ræktunar landsins, þá mundi reynast óhjákvæmilegt að skera niður önnur framlög, sem nú eru veitt til landbúnaðarins. Samkvæmt fjárl. 1945 eru þessi útgjöld 8 millj. kr., þar með talin skógrækt, sem ekki er hægt að segja, að gangi beinlínis til landbúnaðarins, en fyrir utan allar uppbætur rúmar 8 millj. kr. Ef horfið yrði að því ráði að auka framlag til jarðræktar og skera niður eitthvað af þeim framlögum, sem nú eru veitt til landbúnaðarins, þarf athugunar við, hvaða liði ætti helzt að skera niður, en það hefur enn þá ekki verið athugað nægilega. Auk þess tel ég frv. þetta þurfa nánari athugunar en það hefur fengið, og mun ég því, þrátt fyrir það þó að ég viðurkenni fullkomlega þá nauðsyn, sem á því er að auka ræktun landsins, greiða atkv. með dagskrártill. annarri hvorri, sem fyrir liggur. Ég tel ekki miklu máli skipta, hvor dagskrártill. yrði samþykkt.

Jónas Jónsson: Ég vil segja fáein orð út af hinni stuttu ræðu hæstv. fjmrh.

Ég get vel skilið þann hluta ræðu hans, sem lýtur að því, að það sé örðugt með peninga. En á hinn bóginn er verið að tala um stórmiklar framkvæmdir á þessu sviði, t. d. að reisa nýjar síldarbræðslur á stöðum, þar sem ekki er höfn. Þannig að það, sem hlýtur að verða matsmál fyrir Alþ. og stj., er það, hvað þetta kosti fyrir framtíðina.

En fyrst hv. 3. landsk. þm. er kominn í d., vildi ég segja fáein orð út af hans ræðu. Hann hélt því fram, að honum litist ekki á það skipulag að halda við byggðinni eins og hún er. Hann hugsar sér, að þetta gæti verið öðruvísi, það væri hægt að taka það bezta af landinu o. s. frv. Þetta finnst mér vera mjög æskilegt, að sé tekið til athugunar nú meðan þetta mál er til umr., vegna þess að þessi röksemd sýnist vera mjög álitleg á yfirborðinu. En ég verð að hryggja hv. þm. og d. með því að segja, að allt, sem hefur verið gert í þessa átt með það bezta úr landinu, hefur endað þannig, að það er verri útkoma á því en jafnvel á býlum, sem búið er að basla við í þúsund ár. Ég ætla að taka tvö dæmi: Annað hefur hv. þm. átt nokkurn þátt í að framkvæma, en hitt dæmið er nær okkur, í Mosfellssveitinni. Hin svokallaða Síbería í Flóanum var gerð á þeim tíma, þegar hv. 3. landsk. var ráðh., þá var hann atvmrh. og sá um það, sem gert var á þessum stað. Með þessum framkvæmdum í Flóanum var stefnt að því, sem hv. þm. hefur alltaf verið að tala um. Ég þarf ekki að fara lengra út í þetta, og ég vil ekki segja, að þau missmíði, sem áttu sér stað í Síberíu, hafi verið hv. 3. landsk. að kenna, því að þá var samstjórn Framsfl. og Alþfl. Það voru þrír menn, sem aðallega virtust bera ábyrgðina á þessu verki, Ásgeir L. Jónsson, ráðunautur, Hermann Jónasson, landbrh. og Haraldur Guðmundsson, sem þá fór með atvinnumálin og lagði til vinnukraftinn. Þetta land var valið eftir þessum reglum. Það er samfellt sléttlendi og liggur rétt hjá akbrautinni til Eyrarbakka, og í þetta land hafa verið sett nokkur hundruð þúsund kr. En niðurstaðan er sú, að eftir mörg ár er þetta land ónothæft. Það er búið að grafa í það skurði, sem fyllast af vatni á vorin, svo að það er illfært þar um að komast. Nú vil ég benda hv. þm. á það, að þetta mun vera eina tilraunin, sem íslenzka ríkið hefur gert í þessa átt, og hún er þannig, að það er ekki enn kominn fram sá maður eða kona á Íslandi, sem veit, til hvers á að nota þetta land, því að það er alls ekki hægt að nota landið til búskapar.

Kemur þá hitt dæmið, sem er annars eðlis. Thor Jensen tekur sér fyrir hendur að sýna það, sem kom fram í ræðu hv. þm. Hann kemur á stórfelldri ræktun á Korpúlfsstöðum, hér nærri Reykjavík, þar sem hægt er að hafa fullkomnustu véltækni. Hann ræktar og ræsir fram stóra landfláka, og þetta er betra land til ræktunar en Síbería. Hann byggir stórhýsi og rekur þarna eitthvert stærsta kúabú á Íslandi. En svo kaupir bæjarstjórn Reykjavíkur þessa jörð, Korpúlfsstaðina, og þó að verkamannaflokkarnir hafi ekki nema 7 fulltrúa þar á móti 8, er ótrúlegt annað en að þeir hefðu getað komið því til leiðar að hafa þar þann búskap, sem þeir telja, að eigi að koma í stað gamaldags búskapar, og þarna eru þau allra beztu skilyrði til nýtízkubúskapar, sem hægt er að hugsa sér. En nú skal ég segja hv. þm., hvernig er ástatt í þessu dæmi, þar sem ætti að vera fyrirmyndarbýli. Nú eru örfáar skepnur á Korpúlfsstöðum, túnið var í

sumar leigt til slægna, og þegar búið var að flytja burtu töðuna, var túnið leigt út sem hestabeit. Húsnæðið hefur verið notað til geymslu fyrir skran úr Reykjavík og sumpart verið leigt fyrir fávita. Þó var þar allt, sem nauðsynlegt var til þess að reka nýtízkubúskap. En þetta er frá búskaparlegu sjónarmiði versta meðferð, sem nokkurn tíma í sögu landsins hefur verið viðhöfð við nokkurt stórbýli.

Ég verð að segja það um hv. 3. landsk. og ræðu hans, að það hefði getað verið skemmtilegt að hlusta á hana, ef maður hefði ekkert vitað um málið annað en það, sem hann sagði. En það er sá beizki sannleikur, að ríkið hefur gert þessa tilraun, og nú er þetta býli í höndum bæjarstjórnar Reykjavíkur, og ég sé ekki annað en að þessi dæmi séu það eina, sem til eru til þess að sanna, hvernig slíkur stórbúskapur hefur gengið. Ég get tekið dæmi til viðbótar. Í Vestmannaeyjum er verið að byggja fjós yfir 50 kýr, og þeir, sem þar eru kunnugir, telja, að mjólkurlítrinn þurfi að kosta 4 kr., vegna þess hvað framleiðslukostnaðurinn er mikill. Fólkinu í bæjunum fjölgar alltaf, og það mun komast að þeirri niðurstöðu, að ef það getur ekki fengið mjólkina frá Ameríku, þá verður það að sætta sig við að fá hana frá þessum búskap, sem dreifður er um allt landið. Ég vil segja hv. 3. landsk. og þeim, sem segja, að allt sé óskaplega ófullkomið í sveitunum, hvernig véltæknin er hjá okkur hér í Reykjavík. Muna menn, hvernig það var hér við höfnina áður en Bandaríkjamenn komu? Sjómenn urðu stundum að draga fiskinn á sjálfum sér eða kasta honum úr bátunum upp á bryggjuna, og þar tók annar við. Við skulum játa, að okkur vantar á öllum sviðum, bæði í bæjum og sveitum, meiri tækni.

Fyrst verið er að tala um þessa hluti, er ekkert á móti því að segja eitt dæmi úr sveit, þar sem ég var kunnugur s.l. sumar. Það er oft talað um, að það vanti smjör og mjólk. Þarna var nokkuð myndarlegur búskapur, en fólkið var fátt og það vann ákaflega mikið. Konan fór á fætur kl. 5 á morgnana, mjólkaði kýrnar og fór svo 3 tíma út að raka. Svo þurfti hún að hugsa um matinn, þurfti svo aftur að mjólka á kvöldin og fór ekki að hátta fyrr en kl. 12—1 á kvöldin. Það má segja, að þetta sé þrældómur, en þetta er þó alveg rétt lýsing á því, hvernig þetta fólk vinnur. Ég álít, að kenningar hv. 3. landsk. og margra fleiri þm. séu byggðar á röngum hugmyndum um það, hvað hægt er að gera hér á landi í þessum efnum. Þeir halda, að það sé hægt að koma hér á stórfelldri ræktun með vélum í kringum bæina, en reynslan hefur sýnt, að sú tilhögun er ekki heppileg.

Það verður að taka tæknina í þjónustu framleiðslunnar úti um hinar dreifðu byggðir landsins, það hlýtur að verða veigamikill grundvöllur undir íslenzku þjóðlífi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1232) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég hefði löngun til að ræða við hv. þm. S-Þ. um það efni, sem hann tók til meðferðar í ræðu sinni, því að ég hygg, að þar gæti nokkurs misskilnings á báða bóga. En tími gefst ekki til þess. Þó vil ég minna hv. þm. á það, að þegar talað er um landbúnað á Íslandi, er rétt að gera sér grein fyrir því, að það gildir ekki það sama um sauðfjárrækt og kúabú og ýmislegt annað, sem landbúnaðurinn hefur tekið yfir á seinni árum, svo sem ræktun alifugla o. fl. Til þess að nokkur von sé til þess, að nautgriparækt gefi þann arð, sem þarf til þess að menn vilji stunda þann atvinnuveg, hygg ég, að allir séu sammála um, að það sé nauðsynlegt, að innanlands séu nærtækir markaðir fyrir slíka framleiðslu. Það mun sýna sig, að framleiðslan gefur betri arð með því að hún sé stunduð að mestu leyti á ræktuðu landi heldur en á hálfræktuðu eða óræktuðu landi. Þess vegna á fyrst og fremst að taka það land til ræktunar, sem bezt hentar fyrir hverja framleiðslugrein fyrir sig. Nautgriparækt á að stunda þar, sem það hentar bezt, og sauðfjárrækt þar, sem hún hentar bezt. Á öðrum stöðum, þar sem sauðfjárræktin er meginþátturinn í búskapnum, má nota víðáttuna og beitilöndin. Það verður að meta landið eftir því, til hvers það er nothæft.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi átt að skilja ræðu hv. þm. þannig, að hann álíti, að halda ætti búskapnum áfram í svipuðu formi og verið hefur, enda þótt vel mætti skilja hana svo.

Raunar er það svo, að sú tækni, sem víða er komin á, sýnir svo ljóslega yfirburði vélavinnunnar fram yfir það, sem verið hefur, að ekki mun líða á löngu, unz nýtízkubúskapur verður rekinn víðast hvar. Ég hef séð búskap, þar sem allt var unnið með vélum, ekki bundinn nokkur baggi né snertur ljár. Með slíkum aðferðum sparast vinnukraftur, og tilkostnaður við framleiðsluna verður miklu minni. En slík vinnubrögð heimta, að hver tegund búskapar sé rekin þar, sem skilyrðin eru bezt, á þann hátt fæst mest fyrir sem minnsta vinnu. Hv. þm. sagði, að sú reynsla, sem fengin væri af stórbúskap hér á landi, sýndi, að þetta væri vitleysa, og tók tvö dæmi því viðvíkjandi. Annað var Síbería í Flóanum, en það er áveitusvæði frá 1937. Hann taldi þetta landsvæði nú einskisvert. Ég hygg þó, að þetta sé ekki rétt. Það mun vera mikið sótt eftir þessum spildum, meðal annars frá Eyrarbakka, enda fæ ég ekki séð, þótt spildurnar séu ekki meira en 75 m. breiðar og skurðir á milli, að það torveldi á nokkurn hátt nytjar þessa lands, því að auðvitað má brúa þessa smáskurði. Í öðru lagi mun það svo, að ekkert hefur verið gert til að þetta land yrði nytjað sem skyldi. Það hefur meðal annars verið látið vanta áburð.

Af þessu er ljóst, að hér er ekki um heppilegt dæmi að ræða.

Sama máli gegnir einnig um Korpúlfsstaði. Um búskap bæjarins á þessu landi verður enn ekkert sagt, þar eð hann er naumast byrjaður. Þar munu vera um 50 gripir, sem voru taldir heppilegur stofn, en eru enn þá í uppvexti. — Varðandi það, að

ræktunin þar sé að engu orðin, þá er það vitanlega ofmælt. Meðalheyfengur af túnum er 50 hestar af hektar. En eftir því sem upplýst er nú, er verið að undirbúa þar búrekstur, og ég veit ekki til, að ræktun þar hafi spillzt að verulegu leyti. Hitt, til hvers húsin eru nú notuð, kemur þessu máli ekki við.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar að sinni. En viðvíkjandi ummælum hæstv. ráðh. um vafasama getu ríkissjóðs, þá virðist mér auðsætt, að því meiri nauðsyn sé að verja þessu fé rétt og láta það koma þar niður, sem heppilegast er.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins bæta örfáum orðum við það, sem ég sagði áður í sambandi við það, sem til mín var mælt af hv. síðari ræðumanni.

Hv. 3. landsk. gerði orð mín að nokkru umtalsefni. Það var eitt atriði, sem hann reyndi að gera sér mat úr, sem sé það, að ég legði á það höfuðáherzlu, að jarðeignirnar yrðu dýrar, hækkuðu í verði. Þetta er alveg rétt hjá honum. En ég sá ekki betur en að hann teldi þetta að einhverju leyti háskalegt, þar sem hann amaðist við því, að jarðeignirnar hækkuðu í verði. Ég fæ nú ekki betur séð en að þetta sé það sama og að amast við því, að jarðeignirnar batni, en það er takmark, sem allir keppa að í öllum landsbyggðum, að jarðirnar batni. Til þess er nú allur róðurinn fyrst og fremst með jarðræktarlögunum að gera ábýlisjarðir í landinu að verðmætri eign. Ég sé nú ekki betur en að kostirnir, sem fylgja þessu, séu svo mjög ósambærilegir við vankantana, að maður geri sig broslegan að vera að ræða það, og ég held, að sé alveg ástæðulaus sá ótti, sem fram kom hjá hv. þm., að hætta væri á, að jarðirnar lentu í braski, ef þær væru gerðar verðmeiri, og því yrði að dreifa því víðar.

Ég veit ekki, hvað sagt yrði, ef þeirri kenningu væri fylgt í nýtízku húsagerð í bæ, t. d. Reykjavík, að ekki væri vert að vera að keppa að því takmarki að byggja húsin þannig, að þau séu laus við raka, ljósaútbúnaður sem beztur, herbergjum hagað þannig, að húsin séu sem heilsusamlegust og bezt til íbúðar o. s. frv. Því betur sem þessu er framfylgt, þeim mun dýrmætari er eignin. Ég býst við, að fáir yrðu til þess að halda fram þessari fáránlegu kenningu. Það segir sig sjálft, að öllum eignum eykst verðgildi með auknum umbótum.

Ég skal svo ekki hafa þetta lengra.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Herra forseti. — Ég var að gera mér vonir um, að samnefndarmaður minn, hv. 2. þm. Árn., mundi máske rétta þessu frv. hjálparhönd. En nú hefur mér skilizt, að ekki þurfi að gera ráð fyrir því.

Hæstv. fjmrh. hefur minnzt á þetta mál, og hann hefur dregið í efa, að ríkissjóður hafi bolmagn til að taka á sig þær byrðar, sem fylgja því að samþ. þetta frv. Og eftir að hafa heyrt undirtektir þessara tveggja flokksbræðra, er ég nokkuð uggandi um afdrif frv. Ég býst því við, að langar umr. um málið hafi litla þýðingu, eins og raunar er um fleiri mál.

Út af því, sem hæstv. landbrh. sagði um kostnaðinn, sem er náttúrlega mikill, þá finnst mér hans afstaða sem fjmrh. skiljanleg. Ég skal játa, að ríkissjóður hefur í mörg horn að líta, og mér finnst því eðlilegt, að hæstv. landbrh. vildi gjarnan hafa hugmynd um það, hvernig hann fengi staðið við þær skuldbindingar, sem þarna eru lagðar á herðar ríkissjóðs. En þó ég skilji hann að þessu leyti, er ég honum ekki sammála, ef hann er á þeirri skoðun, að ríkissjóður gæti ekki innt þessi gjöld af höndum. Heldur er ég þeirrar skoðunar, að hann verði að gera það, af því að ég held, að landbúnaðurinn geymi að nokkru leyti lykilinn að heilsulind þjóðarinnar, bæði að því leyti, sem hann leggur þjóðinni til þá fæðu, sem hún má ekki án vera, og ekki síður vegna þess, að sveitalífið verður alltaf heilsulind allrar þjóðarinnar.

Að því er viðvíkur ummælum hv. 3. landsk. um þetta mál, bæði í nál. hans og hv. 7. landsk. og í umr., vildi ég gera örfáar athugasemdir.

Í nál. á þskj. 1194 er á það bent, að hv. Nd. hafi gerbreytt grundvelli frv. eins og hann var, þegar það var lagt fram, með því að ákveða, að ríkissjóður skuli kosta framræslu og vinnslu landsins í stað þess að greiða aukinn jarðabótastyrk, eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta virtist hv. Nd., og að þessari skoðun í þeirri hv. d. stóðu einkanlega, að því er mig minnir, eingöngu menn úr þeim flokkum, sem styðja núverandi hæstv. ríkisstjórn, og hefði maður getað búizt við, þegar ráðizt var í þessa fjárveitingu, að nokkur trygging hefði verið fengin fyrir því, að stuðningsflokkar hæstv. ríkisstjórnar í þessari hv. d. gætu fallizt á þessa breyt. Sérstaklega hefðu þeir menn, sem vildu framgang þessa máls, þurft að hafa kynnt sér þetta. En mér sýnist annað hafa orðið uppi á teningnum, og verð ég að segja, að mér þykir það mjög miður, að sá ráðandi meiri hl. í þinginu skuli ekki geta haft betra samræmi í sínum vinnubrögðum í svona stóru máli en það, að þar sem annar hlutinn leggur áherzlu á að verði í jákvæðu formi, einmitt það form verður til þess, að hin d. getur ekki samþ. frv.

Í nál. á þskj. 1194 er komizt svo að orði, að ei þessum grundvelli, sem áður var, sé gerbreytt, þá sé óhjákvæmilegt að taka jarðræktarlögin í heild til endurskoðunar eða a. m. k. setja vtarlegt ákvæði í þau um það, hvernig þessum framkvæmdum ríkisins skuli hagað, en slíkt sé tæpast á færi þingnefndar, sem er önnum kafin við önnur störf.

Hv. 3. landsk. benti á, að l. um ræktunarsamþykktir og húsagerð í sveitum, sem hafa orðið til fyrir nokkrum vikum síðan, gengju út frá því, að jarðræktarlögunum yrði breytt á þennan hátt. Mun þetta vera alveg rétt. En ég held, að það þurfi ekki að standa í vegi fyrir framkvæmd þessara l. Þegar l. voru sett um jarðræktarsamþykktir, hafði verið gengið út frá öðru fyrirkomulagi á jarðræktarlögunum, og er það af því, að í þessu frv. er ekki neitt ákvæði um það, hvernig skuli framkvæma þau fyrirmæli, sem í því eru. Það er óbundið.

Hv. 3. landsk. talaði um, að það yrði að tryggja það, að fyrst yrðu unnin auðunnustu löndin, sem

jafnframt hefðu markaðsskilyrði. Þar sem t. d. svo stendur á, að mjólk vantar sérstaklega, álít ég sjálfsagt að greiða fyrir því í frv. Heyrzt hefur um það, að upplýst hafi verið á búnaðarþingi núna nýlega, að vanti um 40 % og þyrfti að fjölga kúm um ⅓ til að fullnægja þörfinni. Þessar kýr þyrftu ekki allar að vera þar, sem mjólkurmarkaður er, því að mikið af mjólkurafurðum mætti líka selja í unnu ástandi, svo sem smjör, skyr o. s. frv. Slíkt mætti gera víðar en þar, sem mjólkurmarkaður er.

Ég skal svo ekki orðlengja meira um þetta mál. Vildi ég mega vænta þess, að frv. yrði samþ. En ef svo færi, að það yrði ekki samþ., þá vildi ég a. m. k. vænta þess, að það yrði lagt vandað frv. um þetta mál fyrir næsta þing.

Hv. 3. landsk. sagði, að þess væri tæplega að vænta, að þm., sem hlaðnir eru fleiri störfum, geti leyst af hendi það verk, sem þarf til undirbúnings. Ég er honum ekki sammála um þetta. Mér finnst, að þingnefndir þær tvær, sem hafa haft þetta mál til meðferðar í hér um bil sex mánuði samfleytt, hefðu vel getað unnið nokkurt umbótaverk á þessu frv., ef þær hefðu viljað leggja verk í það. En það þýðir ekkert að ræða það atriði úr þessu. Annaðhvort verður frv. samþ. eins og það er eða það verður fellt eða vikið frá á einhvern annan hátt. En ég er ekki alveg viss um það, að næstu sex mánuðina, sem nú væntanlega líða þangað til þing kemur saman næst, verði miklu betra tækifæri til að athuga þetta mál, endurskoða það og gera sér grein fyrir því en jafnvel landbn. þingsins hefðu getað á öllum þessum langa þingtíma, ef þær hefðu tekið sér það fyrir hendur fyrir alvöru, en svo sker reynslan úr því.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Það má sjálfsagt segja, að þetta sé eitt af stærstu málum, sem liggur fyrir þessu þingi, hvort sem miðað er við það fjármagn, sem til þess er ætlað til að framkvæma allar þær aðgerðir, sem frv. kveður á um, eða það gagn, sem það á að veita landsmönnum í framtíðinni. Mér þykir því rétt að láta málið ekki fara svo úr d., að ég lýsi ekki afstöðu minni til þess.

Ég sé, að þetta mál hefur farið í landbn. þessarar d. 8. janúar, og n. hefur afgr. 18. janúar nál., sem er svo útbýtt næsta dag. Síðan hefur ekki þótt tækifæri eða ástæður til að taka þetta mál til umr. allan þennan tíma, rúman mánuð. Ég verð að segja það, að mér finnst hvort tveggja, að annars vegar hafi hv. frsm. lítið rekið á eftir þessu máli og þá kannske ekki haft þann áhuga fyrir því, sem maður kynni að vænta, og hins vegar, að forseti hafi beitt óvenjulegri ósanngirni í að taka málið á dagskrá, sem ég hef ekki orðið var við með önnur mál. En ef svo lítill áhugi er fyrir þessu stórmáli, að sjálfir nm. hafa ekki getað þar neinu um þokað í meira en mánuð, þá er þess varla að vænta, að það verði afgr. á stuttri stundu, jafnumfangsmikið og það er.

Ég minnist þess, að á þinginu 1943 bar hv. þm. Str. fram mikinn lagabálk um breyt. á jarðræktarl., sem fór að nokkru leyti í sömu átt. Ég lýsti þá yfir fylgi mínu við það frv. í grundvallaratriðum. Ég held, að búnaðarþing og Búnaðarfélag Íslands hafi fengið þetta frv. til meðferðar og jafnvel mþn. í búnaðarmálum. Út úr því hefur svo komið það frv., sem hér er borið fram af hv. þm. Mýr. o. fl., en þetta frv. er í rauninni allt annað mál, og það lakasta er það, að það er eins og þeir, sem hafa haft það til meðferðar, hafi ekki komizt að fastri niðurstöðu um, hvað ætti að gera við þetta stórmál. Mér virðist, að sumir af þessum mönnum hefðu átt að vita betur, þar sem í landbn. Nd. eru sumir sömu mennirnir og fjölluðu um málið á búnaðarþingi. Þetta finnst mér mikill galli á málinu sjálfu, auk þess sem það er vitað, að það er ekki nema einn liður í að reisa við landbúnaðinn á Íslandi, sem sé ræktunin, því að þar eru aðrir liðir, sem eru eins þýðingarmiklir eða jafnvel enn þýðingarmeiri. Ég get ekki hugsað mér, hvernig menn geta hugsað sér að láta rækta 600 hesta tún á jörðum eins og t. d. á Rauðasandi, þar sem möguleikar eru til að hafa tugi þúsunda hesta af grasi með litlum ræktunarkostnaði, en á sama tíma er ekki hægt að koma þangað nokkurri vél, nema þá ef fengin væri herflugvél til að flytja þær þangað. Það er ekki lítið atriði, að samhliða því, sem jörðinni er bylt um og landið ræktað, sé komið á sæmilegu vegasambandi. Það segir sig sjálft, að það er ekkert vit í að verja milljónatugum í að stækka túnin á jörðunum, ef það á fyrst að vera útilokað um langan tíma, að hægt sé að koma þangað vélum, og þar næst að unnt sé að koma þaðan nokkrum afurðum. Þetta er einn liður í málinu, sem verður að leysast, eða þá að láta það standa til langframa, að þessu fé verði aðeins varið í þær jarðir, sem áður hafa fengið þau fríðindi að fá vegasamband og aðstöðu til að selja sínar afurðir. En það er að bæta gráu ofan á svart að veita kannske meira en helming þessa fjár til að stækka túnin þar, en láta hina vera afskekkta áfram, slitna út úr vegasambandi og án allra möguleika til að geta selt afurðir sínar. Mér þætti því vænt um, að hv. frsm. vildi athuga þetta og virða mér til vorkunnar, þó að ég geti ekki fellt mig við frv. eins og það er, eftir að hafa heyrt þessa afstöðu mína. Mér finnst þetta fara í gagnstæða átt við það, sem fram kom hjá hv. þm. S.-Þ., því að mér virtist hann leggja mikla áherzlu á, að þetta frv. tryggði fyrst og fremst, að haldið yrði uppi dreifbýli í landinu og hlynnt að því. Mér finnst þetta frv. vinna gagnstætt því, mér finnst það vera spor í áttina til að færa byggðina saman, því að þar er útilokað, að hin fjarlægari býli geti á nokkurn hátt notið þeirra fríðinda, sem frv. gerir ráð fyrir. Og ef það er rétt skilið hjá mér, og ég ætla að ganga út frá því, þangað til mér er bent á annað, þá get ég ekki fylgt þeirri stefnu, því að ég er sammála hv. þm. S.-Þ., að ég met miklu meira en fé sumt af þeim þjóðlegu verðmætum, sem enn þá eru geymd í dreifbýlinu, og dreifbýlið er einmitt líklegasti staðurinn í þessu landi til að geyma þau verðmæti í framtíðinni. Kemur þar margt til greina, og skal ég ekki fara út í það nú, en eftir að ég hef kynnt mér það sérstaklega, hef ég ákveðið að fylgja hverri þeirri krónu, sem veitt er

til dreifbýlisins, fylgja því, að það sé gert, af því að ég álít, að því fé sé vel varið, sem fer til að halda uppi þeirri menningu, sem er svo mikils verð, að ég er fullviss um, að það mundi gerbreyta íslenzku lífi, ef hún væri þurrkuð út, en ég sé ekki, að þessar till., sem hér koma fram, séu nokkuð nema stórt spor í þá átt að þurrka hana út, því að það er vitanlegt, að það getur enginn maður látið þau býli njóta þessara kjara, sem enn þá eru svo einangruð, að ekki er hægt að koma þangað nokkurri vél nema skóflu og spaða.

Ég vil í sambandi við þetta einnig benda á, að það er engan veginn nægilegt að tryggja ræktunina, þó að þjóðin gæti greitt 60 milljónir til að koma henni í það horf, sem hér er gert ráð fyrir, ef það er ekki tryggt um leið, að þessari ræktun verði haldið við. Það, sem mér finnst meginatriði í málinu, er að tryggja, að býlin komist í vegasamband, fái rafmagn og markaði fyrir sínar afurðir og viðunandi húsakynni til að búa í. Þetta tel ég frumskilyrðið til að hægt sé að fleygja stórkostlegu fé í ræktunina, því að ef þetta frumskilyrði er ekki fyrir hendi, þá er nákvæmlega sama, hvað mikið er ræktað, því að hvað mikið sem hægt er að slá og hvað mikið sem hægt er að starfa með vélum, þá geta menn ekki haldizt við búskap á þessum jörðum, nema þeir séu settir í lífvænlegt samband við annað atvinnulíf landsins.

Þá tel ég það einnig stórkostlegan ágalla á þessu frv., að þar skuli ekki vera beinlínis tryggt, á hvern hátt skuli greiða það fé, sem ætla þarf til þessara framkvæmda, því að það segir sig sjálft, að þótt sagt sé, að þetta skuli gert, þá er það ekki nóg, ef ekki er á sama tíma fullkomlega tryggt, að hægt sé að veita nægilegt fé til framkvæmdanna árlega, því að annars verður á næsta þingi eða því þingi, sem telur þess þörf, að breyta þessum l. þannig, að þau skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en ríkissjóður hefur ráð á að leggja nóg fé til framkvæmdanna.

Þá þykir mér einnig vanta næg ákvæði um það í þessu frv., hvernig skuli fara með það verðmæti, sem ríkissjóður hér á þátt í að skapa, og hefur hv. 3. landsk. nokkuð komið inn á það. Mér finnst alveg ótækt, að það séu engin ákvæði um það í l., hver skuli í framtíðinni vera eigandi að þeim 60 millj. kr., sem hér er ráðgert að leggja í þessar framkvæmdir. Ég tel ekki undir neinum kringumstæðum réttlátt að setja t. d. 30 þús. kr. í einhverja ákveðna jörð, sem liggur nærri markaðsstað, ef það er gert á kostnað þeirra, sem enn þá verða að bíða einangraðir úti á landi, og svo skyldu einhverjir einstaklingar verða þess aðnjótandi á þann hátt, að þeir seldu jörðina með þeim umbótum, sem gerðar hefðu verið fyrir þessar 30 þúsundir, og fengju þannig allt fé sínar hendur. Mér fyndist þetta alveg óverjandi, og ég tel, að þessa hlið málsins verði að taka til athugunar, ef á að vera hægt að ætlast til þess, að þm. samþ. 60 millj. kr. útgjöld, án þess að tryggt sé, að einhverjir vissir menn geti ekki fengið þetta fé á kostnað annarra.

Þá kom hv. þm. Str. hér með upplýsingar, sem mér finnst vera svo athyglisverðar, að ef þær eru réttar, þá er ekkert vit í þessum framkvæmdum. Hann fullyrti, að nú á síðustu árum hefði það verið svo, að stærstu býlin, þar sem væru vel ræktuð tún og unnið á véltæku landi með fullkomnustu vélum, þau gæfu af sér langminnstan arð hlutfallslega. Ef þetta er byggt á nokkurri reynslu, þá vaknar sú spurning, hvort það sé nokkur vitglóra að taka aðra eins byrði á ríkissjóð eins og gera á með þessu frv., ef að l. verður. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt, ég á erfitt með að trúa því, en þetta er að vísu frá manni, sem ekki er fyrir löngu kominn úr sæti landbrh. og hefur löngum stært sig af því, að hann þekkti landbúnaðarmálin bezt hér á þingi. Ef hann hefur fullar sannanir fyrir því, að þar, sem mest hefur verið ræktað, þar séu afkomuskilyrðin lökust nú á tímum, þá er ekki glæsilegt að samþ. frv. eins og þetta.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að eftir því sem ég bezt veit, munu verða nokkuð hörð átök um það nú á búnaðarþingi, hvernig eigi að skipuleggja önnur mál landbúnaðarins, sem vitanlega geta haft miklu meiri þýðingu fyrir bændur en þetta mál, og er það ekki sagt til að halda fram, að þetta mál hafi ekki mikla þýðingu, en það er sumt í skipulagningu búrekstrarins. Ég hygg, að það sé rétt, að það séu orðin nokkuð hörð átök um það, sérhagsmunaátök um það, hvort ákveðnir bændur hér á landi eigi að fá beztu markaðina eins og Reykjavík til að selja kjöt og mjólk, en jafnframt að útiloka aðra, sem þó einnig eru bændur í landinu. Ég veit ekki, hvernig er hægt að hugsa sér að halda þeirri stefnu áfram, sem mér sýnist hafa verið fast sótt af þeim, sem fastast standa utan um þetta frv., að einangra að fullu ákveðna landshluta til að nota ákveðna markaði fyrir aðra landshluta, og þeir, sem búa í því Gósenlandi, eiga að fá aðgang að markaðinum, en aðrir eiga að svelta fyrir þá og fá ekki aðgang að því. Það hefur verið haldið þannig á þessum málum að undanförnu, að ríkissjóður hefur orðið að standa undir verðuppbótum á þeim vörum, ull, gærum og jafnvel kjöti, sem ekki hefur verið hægt að nota í landinu, á sama tíma og þjóðinni hefur verið haldið í mjólkursvelti og er haldið enn þá. Á þessu virðist ekki vera nokkurt skipulag, hvorki frá Búnaðarfélaginu né öðrum aðilum. Það virðist því tími til kominn að skipuleggja þessi mál ekki síður en sjálfa jarðræktina. Ég heyri sagt og hef það eftir blöðum hér, að nú sé verið að flytja inn fyrir milljónir smjör frá Ameríku handa landsmönnum í stað þess að skipuleggja þannig landbúnaðinn, að hægt sé að flytja það frá Norður-, Austur- og Vesturlandi, þeim stöðum, sem geta ekki komið mjólkinni frá sér á mjólkurmarkað. Auk þess er öllum ljóst, að hér er leyfð svo mikil hrossarækt, að hún er að eta upp landið og það svo, að Alþ. hefur þótt ástæða til að taka þar í taumana og samþ. l. um ítölu. Þetta hefur líka orðið til þess að eyðileggja fyrir bændum möguleika til að selja gott dilkakjöt, því að markaðurinn er

fylltur á haustin með óætu eða lítt ætu hrossakjöti, sem er selt fyrir minna verð og bolar þar með burt einhverri beztu fæðutegundinni, sem til er í þessu landi. Þetta er ekki gert fyrir alþjóð, heldur fyrir skipulagsleysi og í eiginhagsmunaskyni einstakra manna, sem þykir þægilegra að láta 40—50 bikkjur ganga á klakanum, en hugsa ekki um að skapa sér aðstöðu til að búa með nýtízku sniði og á þann hátt, sem hollast er fyrir íslenzku þjóðina. Allt þetta eru atriði, sem vert er að taka til athugunar fyrir bændur og eru ekki síður mikils verð en fara að veita stórfé í aukna ræktun eins og hér er um að ræða. — Þá er það einnig atriði, sem vert er að minnast á, að nú er þjóðinni haldið í svelti vegna kartöfluleysis. Hér vantar enn þá tilfinnanlega garðávexti. Það er órannsakað mál, hvort ekki mætti með betra skipulagi á þessum hlutum öllum hjálpa bændum heldur en að ausa svo og svo mörgum milljónum að órannsökuðu máli í ræktun, sem mundi skapa mikla óánægju, ef farið væri eftir því, sem þetta frv. ákveður.

Ég vil út af því, sem hv. þm. S-Þ. minntist á tvö atriði, leyfa mér að benda á hvernig hefur farið með framkvæmdir í Síberíu. Það sýnir bezt, hversu það er afar nauðsynlegt, að þetta stórmál sé rannsakað gaumgæfilega, áður en tekið er svona stórt spor. Ég hygg, að allir séu sammála um, að það sé engum manni til sóma að hafa komið nálægt þeim verkum. Það eru ekki til svo bjartsýnir menn í Búnaðarfélaginu, á búnaðarþingi eða nokkurs staðar annars staðar, sem gera sér nokkurn tíma von um, að það verði að gagni, sem þar hefur verið gert. Það væri sorglegt, ef svo og svo mikið af því fé, sem ætlað er til þessara framkvæmda, væri látið jafnóhugsað í einn og annan stað á landinu.

Út af því, sem hann sagði um Korpúlfsstaði, þá vil ég leyfa mér að benda á, að hann veit vel, af hverju þessi mikla jörð er nú komin eins og hún er komin. *(JJ:* Nei, nei). Það er fyrst og fremst fyrir hreina og beina ofsókn frá Framsfl. Þessi jörð var þannig komin, að sá, sem þar bjó, var fyrsti bóndinn á Íslandi, sem hafði gengið svo langt, að hann hafði fengið sér vélar til að hreinsa mjólkina heima. Það var vitað, að ekki var sótt eins mikið eftir mjólk nokkurs framleiðanda og hans, svo viðurkennd var hans framleiðsla fyrir gæði. Þá kom Framsfl. með mjólkurlögin. Hann kom með sérstakan skatt á kýr hér í nágrenni bæjarins, mér er tjáð allt upp í 200 kr. á kú. Það má nærri geta, hvað þungur þessi skattur hefur verið á þetta bú. Stærsta og fullkomnasta bú landsins varð að leggja niður fyrir ofsókn frá framsóknarmönnum. Síðan hefur sömu stefnu verið haldið áfram gagnvart öllum bændum vestan Mosfellsheiðar, þeir hafa orðið að greiða þennan þunga skatt, sem afurðasölul. lögðu á þá. Það varð til þess, að þeir urðu að hrökklast frá jörðum sínum. Þetta er ástæðan til þess, að gera varð þetta mikla og velræktaða tún að hrossabeit, eins og hv. þm. S-Þ. lýsti svo sorglega hér áðan. Það verður því, ef á að samþ. þetta frv., að setja ákvæði til að fyrirbyggja, að svona verði farið með jarðirnar, þegar búið er að rækta þær sumpart fyrir ríkisfé og sumpart fyrir dugnað einstakra manna. *(BBen:* Það er bezt að gera það með því að láta Framsókn ekki komast til valda aftur. — *JJ:* Ekki ræður hún yfir Reykjavíkurbæ). Mér fannst það koma úr hörðustu átt, þegar hann fór að tala um, að þetta mikla tún væri nú haft til hrossabeitar, því að það var fyrir aðgerðir hans flokks. *(JJ:* Draumórar). Nei, hreinn veruleiki. *(IngP:* Ekki hefði Reykjavíkurbær þurft að beita túnið hestum þrátt fyrir það. — *BBen:* Hefur það ekki átt sér stað á Austfjörðum, að hestum væri beitt á tún? — *IngP:* Nei, svo lélegir bændur eru ekki á Austfjörðum, það er áreiðanlegt). Ég vil segja hv. þm. S-M. það, að þótt ég hefði mikla löngun til að fylgja þessu frv., þá treysti ég mér ekki til þess í því formi, sem það er. Og ef það færi samt sem áður í gegn, þá tel ég nauðsynlegt á næsta þingi að bera fram stórkostlegar breyt. við þau l. Eftir að hafa fengið þá skoðun, sé ég ekki annað réttara en að fylgja þeirri dagskrá, sem fram er komin um að fela ríkisstj. að undirbúa málið betur en gert hefur verið í stað þess að láta samþ. það nú og verða síðan að gera stórkostlegar breyt. á því á næsta þingi.

Ég vil leggja alveg sérstaklega áherzlu á, að ef þetta frv. er samþ. í meginatriðum eins og það liggur fyrir, þá tel ég, að það sé fyrsta og stærsta sporið til að færa byggðina saman, og það er hlutur, sem ég vil ekki gera. Ég tel einnig, að tryggja verði í frv. sjálfu, að fé sé fyrir hendi til að ljúka framkvæmdum, og til að skapa þeim stöðum, sem framkvæmdirnar fá, viðunandi möguleika til að koma frá sér ekki eingöngu þeim afurðum, sem nú eru framleiddar þar, heldur þeim afurðum, sem á að framleiða þar við að ríkið leggur svo og svo margar milljónir í framkvæmdir á þessum stöðum, því að án þess að það sé gert, verður þessi ræktun fjarstæða ein frá mínu sjónarmiði.

Jónas Jónsson: Ég er nú ánægður með ýmislegt, sem hv. þm. Barð. sagði um þessi mál. Við erum báðir aldir upp í dreifbýli og lítum því á málið frá líkum sjónarmiðum. En ég fæ ekki séð, að það sé nokkuð hættulegt, þótt málið gangi fram eins og það liggur fyrir nú.

Það, sem okkur ber ekki saman um, eru einkum söguleg atriði, og í því vil ég leiðrétta hv. þm. lítillega. Við erum sammála um það, að sá búskapur, sem verkalýðsflokkarnir mæla með, sé bæjarbúskapur og félagsbúskapur, sem rekinn sé í nágrenni kaupstaðanna. Á svona 100 hektara landi í Síberíu mætti koma á búskap, sem fyrir þeim vakir. En það hefur ekki verið gert, og það stafar ekki af því, að óheppilegir staðhættir séu fyrir hendi, heldur vegna þess, að hugur Íslendinga stefnir ekki til slíkra framkvæmda. Og það er aðalatriðið. Ég býst við, að hv. þm. Barð. viti, að helzti áróðursmaður þessarar stefnu, Halldór Kiljan Laxness. rithöfundur, hefur haldið því fram, að Korpúlfsstaðabúskapur væri sú fyrirmynd, sem hér ætti að stefna að. Ég hef skilið skáldið svo, að búið á Korpúlfs-

stöðum væri svo stórt, að þar væri hægt að nota allar hugsanlegar vélar, sem til búskapar eru notaðar, og það væri aðalatriðið. Í þessu sambandi álít ég, að ekki mundi spilla, þótt þessi búskapur Halldórs Kiljans og hans fylgismanna væri athugaður dálítið með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af ríkisbúunum á Kleppi og Vífilsstöðum og á bæjarbúunum á Siglufirði og Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Það er langt síðan byrjað var að reka búin á Kleppi og Vífilsstöðum, og þetta eru stórbú og myndarlega rekin. En þau bera sig aðeins þannig, að reksturinn rétt flýtur, þótt ríkið leggi til landið og húsin alveg án endurgjalds. Maður gæti hugsað sér, hver útkoman væri, ef búin ættu að standa undir landinu og byggingunum. En ástandið er nú þannig, að verkalýðsflokkarnir eru búnir að sprengja svo upp kaupið, að landbúnaðurinn er eiginlega ekki lengur arðbær atvinnuvegur. Í höndum einstakra manna yrði reksturinn allt öðruvísi settur en hjá ríkisbúunum. Þar yrði hann að standa undir kaupum á landinu og ræktun þess og byggingum og fleiri kostnaðarliðum. Þess vegna er það ekki sambærilegt vegna aðstöðumunar að bera saman búin á Kleppi og Vífilsstöðum og einstaklingsrekstur. En búin rétt hjá bænum bera sig ekki nema þau séu rekin af einstaklingum. Það má segja um búin á Siglufirði og Ísafirði, að þau séu illa sett vegna þess, að þau eiga að búa við mikinn skort á landrými og erfiðar kringumstæður. En reynslan af rekstri þeirra sýnir þó, að það er ekki nóg, að búin séu rekin rétt við kaupstaðina. Þó hefur búið í Vestmannaeyjum farið verst út úr þessu, því að það hefur verið að byggja hús og rækta. Ég vil nefna þessi dæmi til þess að sýna það, að á Islandi ber ekkert bú sig, sem rekið er eftir fyrirmynd Halldórs Kiljans og hans manna. Það var þetta, sem ég ætlaði að sanna.

Það, sem sameinar okkur þm. Barð. og mig, er það, að við trúum því, að það sé ómetanlegt fyrir menningu þjóðarinnar, að dreifbýlinu sé haldið við með heimilum sínum og atvinnurekstri og húsakosti, eftir því sem kröfur tímans eru hverju sinni.

En svo er það sögulegt atriði, sem ég þarf að skýra fyrir hv. þm. Hv. þm. gengur með einhverja gamla hugaróra frá baráttuárunum um mjólkurlögin. Það virðist eins og þeir villi honum sýn. Hann vill halda því fram, að mjólkurl. og Framsfl. hafi drepið búskapinn hér í nágrenni Reykjavíkur og gert ómögulegt að reisa við búið á Korpúlfsstöðum. En ég vil minna hv. þm. á, að nokkru frá Korpúlfsstöðum rak Magnús á Blikastöðum mikið bú, og allt gekk vel, enda var Magnús duglegur og útsjónarsamur maður um þessi efni. Og það, sem fór með búskapinn á Korpúlfsstöðum, var ekki mjólkurlöggjöfin, heldur það, að á jörðinni urðu mannaskipti. Thor Jensen var orðinn gamall maður og gat ekki lengur haldið áfram að sjá um rekstur þessa mikla bús. En ástæðan til þess, að Reykjavíkurbær reisir ekki búið við, er blátt áfram sú, að kaupgjaldið er búið að sprengja búskapinn, ekki aðeins þar, heldur líka alls staðar undir áhrifum setuliðsvinnunnar og annarra slíkra breytinga, svo að heita má ómögulegt að reka bú annars staðar en þar, sem fjölskyldan heldur saman. Ef reisa á við búið að Korpúlfsstöðum, veltur mest á því að fá hæfan mann til að stýra því. Ef borgarstjórinn í Reykjavík bæði mig að útvega mann til þess að standa fyrir búinu, þá mundi ég svara, að ég væri ekki reiðubúinn til þess, þótt ég þekki menn víða um land og marga ágæta búforka. Það er búið að sprengja allan landbúnað í nágrenni Reykjavíkur og stærri kauptúna. Það er útskýringin.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Ég ætla aðeins að gera stutta athugasemd út af ræðu hv. þm. Barð. Hann átaldi mig og nokkra aðra þm., sem hann taldi, að hefðu áhuga fyrir framgangi málsins, fyrir þann drátt, sem frv. hefur fengið. En ég tek þessar átölur ekki nærri mér, af því að mér finnst þær ekki vera á rökum byggðar. Það mun vera rétt, að minni hluti landbn. gaf út álit um málið 18. jan. s.l. Því var fljótlega útbýtt, en þessi tími hefur þó liðið, þar til málið var tekið á dagskrá. Ég vil minna hv. þm. Barð. á, að ég hef hér í d. utan dagskrár vakið athygli hæstv. forseta á þessum drætti, auk þess hef ég oftar en einu sinni minnzt á þetta við forseta þar fyrir utan. Þótt þetta hafi dregizt, vil ég bera blak af forseta vegna þessa dráttar. Ástæðan fyrir þessum drætti er fyrst og fremst sú, að ekkert hefur heyrzt frá meiri hl. n. um málið fyrr en nú 21. febr. með útgáfu nál., sem var útbýtt á fundi í gær. Mér finnst mjög eðlilegt, að forseti hafi viljað bíða eftir þessu nál., þótt langlundargeð manna sé takmörkunum háð, einkum þegar líða tekur að þinglokum.

Í þessu nál. er mælzt til, að málinu sé vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem mér skildist, að hv. þm. Barð. gæti hallazt að. Hv. þm. sagðist ekki geta fylgt frv. og taldi á því marga annmarka. Og mér skildist á honum, að ég ætti að svara fyrir eitthvað af þessum annmörkum. En það get ég ekki. Hann verður að ræða um það við flokksbróður sinn, hv. þm. A.-Húnv. Hann hefur ráðið mestu um það form, sem frv. er í nú.

Þetta er helzt að segja um þær breyt., sem orðið hafa á frv. og valdið hafa því, að hv. þm. telur sig ekki lengur geta fylgt því. Hins vegar vil ég benda á það, að eins og frv. var lagt fram, var það mjög í samræmi við frv. um breyt. á jarðræktarl., sem lá fyrir þingi 1943 og hv. þm. fylgdi. Neðri deild er búin að ákveða að hafa málið þannig og ekki öðruvísi, og við, sem fylgjum þessu máli, verðum að þiggja það heldur svona eða ekki neitt. Annars held ég, að frv. sé ekki eins slæmt og hv. þm. Barð. telur það. En ég get ekki borið ábyrgð á þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á því. Um þær verður hv. þm. að tala við flokksmenn sína, aðallega þó hv. þm. A.-Húnv., sem mestu hefur ráðið um þann búning, sem frv. er í nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 136. fundi í Ed., 26. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 1232 við rökst. dagskrána á þskj. 1194 felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, BBen, EE, LJóh, MJ.

nei: ÞÞ, BSt, BrB, GJ, HG, HermJ, IngP, JJ, KA, PHerm, StgrA.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Rökst. dagskráin á þskj. 1194, frá 2. minni hl. landbn., samþ. með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, GÍG, HG, KA, LJóh, MJ, PM, BBen, BrB, StgrA.

nei: HermJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Eirikur Einarsson: Þó að ég hafi hér sérstaka till. um gang málsins, sem nýbúið er að fella, sé ég mér fært að greiða atkv. með þessari dagskrártill., þar sem ekki bar annað á milli en að mér fannst hressilegra orðalag á minni till. og að hún hafi gefið frekar bendingu í framkvæmdaáttina. Ég segi já.

12. Vernd barna og unglinga.

Á 103. fundi í Nd., 12. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um vernd barna og ungmenna (þmfrv., A. 799).

Á 105. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 106. fundi í Nd., 16. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Árið 1932 voru fyrst sett lög um barnavernd. Þeim var svo breytt ári síðar. Næsta skref var stigið 1942, þegar sett eru lög um eftirlit með ungmennum og m. a. ákvæði um ungmennadómstól. Þriggja manna nefnd, er ráðh. hafði til þess kvatt, tók löggjöfina alla um þessi mál til endurskoðunar, og vann hún það starf á síðari hluta ársins 1942. Í ársbyrjun 1943 flutti svo þáv. ríkisstj. frv. til l. um vernd barna og ungmenna. Það frv. fór til allshn. þessarar hv. d. N. tók málið til mjög ýtarlegrar athugunar, aflaði um það umsagnar fróðustu manna og flutti margar brtt. við það, sem allar voru samþ. Málið fór svo til hv. Ed. og dagaði þar uppi. — Nú hefur heilbr.- og félmn. þessarar d. tekið málið upp og haft það til meðferðar um alllangt skeið, rætt það við fyrrv. dómsmrh., Einar Arnórsson, við dómendur ungmennadóms, barnaverndarráð og barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Eftir þessar umr. hefur n. þótt rétt að flytja málið að nýju, í meginatriðum eins og frá því var gengið og það afgreitt héðan úr hv. d. 1943, en með nokkrum breyt., aðallega eftir till. hæstv. dómsmrh. Meginbreyt., sem er í þessu frv. frá því frv., sem samþ. var hér 1943 frá þessari hv. d., er sú, að niður eru felld úr frv. ákvæðin um ungmennadóm. Það hefur verið upplýst, að framkvæmd þess ákvæðis hefur legið niðri, þannig að ungmennadómur er raunverulega lagður niður síðan haustið 1943. Hefur hann ekki starfað síðan. Hefur þess vegna ekki þótt rétt að halda í lögunum slíkum ákvæðum, sem alls ekki væri fram fylgt.

Breyt. þær, sem í þessu frv. að öðru leyti eru gerðar frá gamla frv. og frá gildandi löggjöf, skal ég ekki fara út í á þessu stigi málsins. — Þetta mál var rætt ýtarlega hér í hv. d. á sínum tíma, og vísa ég til grg., sem þá fylgdi frv.

Vænti ég þess, að málið fái góða afgreiðslu. En ég beini því til hæstv. forseta, að það mun vera ósk hæstv. ríkisstj. að ræða þetta mál nokkuð við n. áður en það kemur til 2. umr., og óska ég þess vegna, að það verði ekki tekið á dagskrá aðeins næstu daga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Heilbr.- og félmn. hefur gert ráð fyrir að bera fram brtt. við 3. umr., en mælir annars með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

4.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

13.—50. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

51.—58. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

59.—60. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 118. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 121. fundi í Nd., 5. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 799, 1024).

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. — Þar sem hv. frsm. er veikur, hefur hann beðið mig um að fylgja fram nokkrum brtt., sem hann flytur, í samráði við heilbr.- og félmn., á þskj. 1024, og ekki eru mjög veigamiklar.

1. brtt. er um það, að barnaverndarráðsmaður megi ekki veita forstöðu barnahæli né vera í stjórn þess.

Í 2. brtt. segir, að barnaverndarnefnd skuli vera skylt að hafa eftirlit með börnum og ungmennum, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með sökum umkomuleysis eða annmarka, a. m. k. tvisvar á ári.

3. brtt. er við 37. gr. og er um það, að ríkisstj. skuli heimilt að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skuli börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.

4. brtt. er við 43. gr. og er þess efnis, að eftirlitsmaður kvikmynda skuli stimpla úrskurð sinn á seðil, sem fylgi hverri mynd, og gildi sá úrskurður.

5. brtt. er við 56. gr. og segir þar, að barnaverndarráð skuli fela einum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Ég vil svo mælast til, að brtt. þessar verði samþ.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Þetta er mikill lagabálkur og virðist standa til bóta að mörgu leyti.

Þó vil ég benda heilbr.- og félmn. á, að í 16. gr. er barnaverndarnefnd gefin víðtækari heimild til yfirheyrslu en ég tel æskilegt. Segir þar m. a.:

„Barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa barnaverndarnefndar, starfsmönnum og öðrum, er barnaverndarnefnd kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á heimili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera."

Nú kemur ekki fram í gr., að til þessa þurfi samþykki barnaverndarnefndar. Ég hefði þó talið viðkunnanlegra, að til slíkra rannsókna þyrfti löglegt samþykki hennar.

Ég hef fengið um þetta umsögn sakadómara, sem ég mun afhenda n., og vildi ég óska, að þessari umr. yrði frestað og n. taki þetta til sérstakrar athugunar.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. — Það er sjálfsagt að verða við þeim tilmælum að fresta umr. Ég er sammála hæstv. dómsmrh. um það, að ef þetta væri svo, að barnaverndarnm. gætu komið á heimili án samþ. n. í heild og haft þar yfirheyrslu, þá væri það óviðunandi. En mér virðist það felast í gr., að það sé tilskilið, að samþykki n. eigi að vera fyrir hendi fyrir slíkar yfirheyrslur. Það stendur í frvgr.:

„Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á heimili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli."

Þarna er gert ráð fyrir, að barnaverndarn. veiti samþykki sitt áður. Þess vegna sé ég ekki, að þessi mótbára sé á rökum reist. Hins vegar er ég samþ. að fresta umr. og málið sé tekið af dagskrá til þess að athuga það nánar.

Umr frestað.

Á 122. fundi í Nd., 6. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 799, 1024, 1037).

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. — Umr. um þetta mál var frestað í gær eftir beiðni hæstv. dómsmrh. út af 16. gr., sem sakadómari hafði talið, að gæti orkað tvímælis. Heilbr.- og félmn. hefur tekið þetta til greina og flytur á þskj. 1037 brtt., þar sem bætt er úr þessu.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Það eru örfá orð. Það vill svo til, að ég hef ekki tekið þátt í afgr. þessa máls nema að örlitlu leyti. N. mun hafa verið búin að fara gegnum það, áður en ég tók þar sæti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að brtt., sem hér liggja fyrir á tveimur þskj., 1024 og 1037, eru stílaðar frá n. Það þykir kannske formsatriði, en ég kannast ekki við, að öll n. flytji þessa till. Mér er ókunnugt um, að n. hafi rætt um þetta atriði, og tel því ekki rétt, að þetta sé borið fram í nafni n.

Sigurður Thoroddsen: Hvað við kemur síðustu brtt., þá er ég hræddur um, að ég verði að bera fram afsökun við hv. síðasta ræðumann, því að ég náði ekki til hans til að bera brtt. undir hann, en brtt. er ekki nema sjálfsögð leiðréttting. Hins vegar bar ég hana undir hv. 2. þm. N.-M., svo að það er rétt, að hún sé stíluð frá n. En viðvíkjandi hinni brtt., þá get ég tekið fram, að það hefur ekki náðst í þennan hv. þm., en ég veit, að hinir nm. hafa verið henni sammála.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Það eru örfá orð. Það er upplýst, að hv. þm. hefur rætt þetta utan funda við einstaka nm. Mér þykir einkennilegt, að hann skuli ekki hafa náð í mig, því að ég er hér oftast á hverjum morgni og alltaf meðan þingfundir standa, og hefði því ekki verið úrhættis, þó að hann hefði sýnt mér brtt.

ATKVGR.

Brtt. 1024,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1037 samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1024,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1024,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1024,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1024,5 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 92. fundi í Sþ., 7. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 1060).

Á 120. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9:3 atkv.

Á 134. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 135. fundi í Ed., 23. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 1060, n. 1159 og 1161).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Ég get algerlega látið mér nægja að vísa til nál., sem meiri hl. allshn. hefur lagt fram. N. leggur til, að undanteknum hæstv. forseta d., að frv. sé vísað frá með rökstuddri dagskrá og hæstv. ríkisstj. falið að undirbúa málið betur. Sérstaklega er þess óskað, að fullkomnari skýringar verði gefnar en enn hafa fengizt á því, hverjar breytingar þessi stóri lagabálkur gerir á fyrri löggjöf. Það má að vísu segja, að n. geti borið þetta saman, en hér er um mjög stóran lagabálk að ræða, sem var lagður fram á síðustu stundu, og það er óvenju erfitt að átta sig á, hvað í þeim ákvæðum felst, auk þess sem hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða.

Ég skal ekki að svo stöddu ræða meira um þetta, heldur vísa til nál.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Mér þykir rétt að segja hér nokkur orð. Mér þykir mjög miður farið, að meiri hl. hv. n. skuli ekki hafa getað fallizt á að mæla með samþ. frv. með þeim breytingum, sem n. kynni að hafa talið nauðsynlegt, að gerðar yrðu á því. Frv. þetta er búið að vera lengi á döfinni. Það stendur hér í nál. frá hv. meiri hl., að það líti út fyrir, að undirbúningi málsins sé mjög ábótavant. Ég veit ekki, hverju sætir, að slík fullyrðin skuli koma frá hv. meiri hl. Ég hygg þetta frv. sé mjög vel undirbúið og það séu fá frv., sem liggi fyrir þinginu, sem fengið hafi eins rækilegan undirbúning. Þetta frv. lá fyrir síðasta þingi og var þá borið fram sem stjórnarfrv. Það var samið af n., sem í voru Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómari, dr. Símon Jóh. Ágústsson uppeldisfræðingur og Vilmundur Jónsson landlæknir. Þeir sömdu frv. upprunalega, eins og það var lagt fram á síðasta þingi. Og eru þeir engir viðvaningar, hvorki hvað snertir kunnugleika á þessu máli né í lagasmíði.

Síðan l. voru sett 1943, hefur fengizt mikil reynsla. Síðan barnaverndarl. voru sett árið 1932, hefur fengizt mikil reynsla í þessum efnum, og er dr. Símon t. d. nákunnugur þessari reynslu. Við þessa meira en 10 ára reynslu hefur því verið stuðzt við samningu þessa frv. og enn fremur við erlend l. um þessi efni, sem n. hefur viðað að sér og lagt mikla vinnu í að athuga.

Ég skal ekki fara langt út í að rekja efni þessara frv., en læt mér nægja að nefna nokkrar helztu breyt. frá núgildandi l.

Í fyrsta lagi eru í þessi l. tekin upp ákvæði um það, að meðlimir barnaverndarráðs, barnaverndarnefndar og fulltrúar þeirra skuli gerðir að opinberum starfsmönnum, sem þeir hafa ekki verið hingað til, og hafa réttindi opinberra starfsmanna samkv. l.

Í öðru lagi, að barnaverndarn. skuli hafa eftirlit með unglingum allt til 18 ára aldurs, en samkv. barnaverndarl. frá 1932 er aðeins um börn að ræða til 16 ára aldurs; hér er hins vegar lagt til, að þetta nái til 18 ára aldurs ungmenna, sem eru líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín.

Í þriðja lagi er hér ákvæði um, að barnaverndarráð í Reykjavík skuli ráða fulltrúa, að fengnum till. barnaverndarn., sem sé starfsmaður hjá barnaverndarn., og enn fremur er hægt samkv. l. að ráða fleiri starfsmenn að fengnu samþ. bæjarstj. Hygg ég, að flestir, sem hafa haft kynni af þessum málum, séu sammála um, að hér sé um svo mikið starf að ræða, að það verði ekki framkvæmt þannig, að nokkuð gagn sé af, í frístundavinnu einni saman, eins og gert hefur verið að undanförnu að mjög miklu leyti, enda þótt barnaverndarn. hér hafi starfsmann eins og nú standa sakir.

Þá er í frv. nýtt ákvæði um það, að barnaverndarnefndum verði veitt heimild til þess að gera ráðstafanir upp á eigin spýtur, ef börn líða skort vegna örbirgðar. Ég hygg, að þetta ákvæði sé alveg sérstaklega nauðsynlegt, því að í mörgum tilfellum er ekki annað, sem þarf að gera, heldur en að bæta úr þessum skorti til þess að framkvæma þá vernd, sem nauðsynleg er til þess, að börn bíði ekki líkamlegt eða andlegt tjón.

Enn fremur er í frv. ákvæði um það, að barnaverndarn. skuli hafa til umráða heimili til þess að vista börn og unglinga, sem framið hafa lagaafbrot, og enn fremur þar sem hægt er að láta fara fram athugun á börnum, sem ástæða þykir til að vista til frambúðar utan heimilis síns, því að oft verður ekki úr því skorið, hvort nauðsyn beri til slíkrar vistunar nema uppeldisfræðingar eða hæfir menn geti látið fara fram rannsókn á því. — Einnig er í frv. gert ráð fyrir, að ríkið komi upp hæli fyrir börn og ungmenni, sem lent hafa á glapstigum, og skulu greiðslur fyrir vist þessara barna fara eftir l. um framfærslu sjúkra manna og örkumla.

Í 39. gr. frv. eru nokkuð ýtarleg ákvæði um vinnuvernd barna og ungmenna, og eru þetta ákvæði, sem algerlega hefur vantað í löggjöfina, þ. e. a. s., að í þeim er að vísu ein setning, sem segir fyrir um, að þetta sé eitt af verkefnum barnaverndarn. Er einkennilegt, að við skulum ekki enn vera komin á það stig að hafa sett l. um vinnuverndun barna og ungmenna, þar sem þetta eru þær allra frumstæðustu reglur, sem allar menningarþjóðir hafa sett í þessum efnum og enn þá vantar hjá okkur. Einnig er í frv. ákvæði um skyldu manna til að kæra fyrir barnaverndarn. yfir illri meðferð barna, og eru þar allnákvæm refsiákvæði, sem vantar algerlega í núgildandi l., en eru nauðsynleg, til þess að l. nái tilgangi sínum.

Ungmennaeftirlit, sem sett var með l. árið 1942, er með þessum l. úr gildi numið, en hins vegar hefur það, sem nýtilegt er í l. um ungmennaeftirlit að mínum dómi og þeirra, sem með þetta hafa fjallað, verið tekið upp í frv.

Þetta eru nokkur þau stærstu og mikilsverðustu atriðin í því frv., sem hér liggur fyrir og ég tel öll mjög nauðsynleg og aðkallandi, að verði gerð að l. Ef þetta frv. nær hins vegar ekki fram að ganga, verður ástandið þannig, þar eð ungmennaeftirlitið, sem sett var með l. 1942, en þegar er búið að

afnema í praksis, að það skapar hin mestu vandkvæði, ef ekkert kemur í staðinn. Tel ég óviðunandi að búa við slíkt ástand, og get einnig lýst þessu yfir fyrir hönd hæstv. félmrh. Það eru líka fleiri smærri atriði, sem mundu valda miklum erfiðleikum, ef frv. nær ekki fram að ganga eins og allir höfðu gert ráð fyrir, sem nálægt frv. hafa komið. Í þeim mjög svo ófullkomnu barnaverndarl., sem nú eru í gildi, eru t. d. engin ákvæði um varamenn í barnaverndarráð, en nú er einn meðlimur barnaverndarráðs erlendis, þannig að í ráðinu starfa nú ekki nema 2 menn, og ef annar þeirra félli frá, væri ekki nema einn eftir, og yrði ráðið þannig óstarfhæft. Sýnir þetta eina dæmi, hve miklir erfiðleikar það geta orðið að búa lengi við þetta ástand, ef ekki fást nauðsynlegar breyt.

Nál. hv. meiri hl. allshn. er nokkuð kynlegt; í fyrsta lagi þær fullyrðingar, að undirbúningi málsins sé mjög ábótavant. Frv. þetta er samið af mþn. og fór síðan til hv. Alþ., og fékk það mjög ýtarlega meðferð í hv. Nd. Var mér kunnugt um það, að hv. heilbr.- og félmn. Nd. lagði í það sérstaklega mikla vinnu og á fundum þeirrar n. mættu barnaverndarn. og barnaverndarráð. Heilbr.- og félmn. gerði á frv. talsvert miklar breyt., sem m. a. eru í því fólgnar, að ungmennaeftirlitið er lagt niður, en í stað þess er þessum málum á annan veg fyrir komið, eins og hér er lagt til í þessu frv. Barnaverndarn., barnaverndarráð og öll heilbr.- og félmn. hv. Nd. urðu að lokum alveg sammála, þrátt fyrir að ýmislegt hefði áður á milli borið. Náðist þetta samkomulag eftir mjög mikla vinnu og mjög ýtarlegar umr., sem að mestu leyti fóru fram á fundum heilbr.- og félmn., barnaverndarn., barnaverndarráðs og sérfræðinga í þessum greinum og í umr., sem enn fremur fóru fram í hv. Nd. um málið. Það var lögð í þetta frv. svo mikil vinna, að það dagaði uppi og náði ekki fram að ganga á síðasta þ. Nú flutti hv. heilbr.- og félmn. frv. að nýju í hv. Nd., og einmitt vegna þess, hve mikla vinnu var búið að leggja í það á síðasta þ. í hv. Nd., náði frv. nú tiltölulega skjótri afgr. í þeirri hv. d., og án þess að á því hafi verið gerðar neinar verulegar breyt.; voru það nokkrar breyt., sem samþ. voru, er fluttar voru af hæstv. félmrh., eftir að hann hafði rætt við sakadómara. Get ég enn fremur tekið fram, að sakadómari var tilkvaddur við samning frv. og umr. um það. — Þegar þessi saga er rakin, er ég alveg hissa á því, að þessir fjórir hv. nm. skuli geta komið með slíkar fullyrðingar, að frv. sé illa undirbúið; þetta er ákaflega fjarri sanni. Rökin, sem þeir færa fyrir þessu, eru m. a. þau, að fræðslumálastjóra hafi ekki verið sent frv. til umsagnar og ekki heldur hinni nýju n., sem nú er starfandi, mþn. í skólamálum. Nú er það svo, að þessi mál heyra alls ekki undir fræðslumálastjóra og þau tilheyra alls ekki því verkefni, sem mþn. í skólamálum hefur verið markað, þannig að ég býst við því, að ef fræðslumálastjóra væri sent frv. til umsagnar, mundi hann ekki gera á því neinar breyt. og ekki telja það sitt verkefni. Er mér kunnugt um, að mþn. í skólamálum er ófáanleg til þess að fara að taka þetta frv. til endurskoðunar, því að það verk mundi verða framkvæmt af þeim manni, sem alltaf hefur verið með í ráðum, þ. e. form. barnaverndarráðs, prófessor Ásmundi Guðmundssyni. Þetta er því alveg út í bláinn sagt og mundi ekki hafa neina þýðingu, en er hins vegar ekkert annað en undanbrögð. Ég er búinn að sýna hv. meiri hl. allshn. fram á það, að röksemdir hans duga ekki, og hann veit það vel, þegar hann ber fram þessar röksemdir, að þær eru ekkert annað en undanbrögð. Í nál. hv. meiri hl. standa þessi laglegu orð:

„Það hefur þannig komið í ljós, að fræðslumálastjóri landsins hefur aldrei í embættisnafni haft þetta mikilsvarðandi mál til athugunar eða umsagnar. Virðist þó sem barna- og unglingaskólar ættu að vera öruggasta barnaverndin, og þess vegna hæpið, að máli sem þessu sé ráðið til lykta án samráðs við yfirmann skólanna.“

Þetta eru hins vegar bara tóm orð, því að margt mætti telja til barnaverndar, ef færið væri út í þá sálma. Það er að vísu rétt, að skólarnir eru þýðingarmiklir, að því er snertir uppeldi unglinga, en það er hins vegar fleira, sem til greina kemur, t.d. atvinnumálin; það hefur ekki lítið að segja, hvort atvinnuleysi er í landinu eða ekki, sömuleiðis kemur þetta tryggingunum við, og mætti alveg eins vísa þessu til tryggingarráðs, og væri þá ekki úr vegi að leita umsagnar nýbyggingarráðs. Það er alveg rétt, að hugtakið barnavernd á sér ákaflega djúpar rætur í okkar þjóðfélagi, og er hægt að tengja það við alla skipun okkar þjóðfélags, en það er ekki það, sem hér er um að ræða; heldur er hér um að ræða alveg takmarkað svið, sem ákveðnum aðilum er falið, ákvarðanir og ráðstafanir takmarkaðar með l., sem allar menningarþjóðir hafa komið á hjá sér og við höfum verið og erum að gera tilraunir með, en þótt frv. væri sent fræðslumálastjóra og mþn. í skólamálum, hefði það enga þýðingu. — Það má segja, að eitt atriði í röksemdum hv. meiri hl. hafi nokkuð til síns máls; það er að grg. vanti með frv., til þess að hv. þm. geti áttað sig á því. Það er rétt, að grg. þess er mjög stutt, og getur af þeim sökum verið erfitt fyrir hv. þm. að átta sig á frv., en hins vegar var þetta frv. hér til umr. í fyrra, og geta hv. þm. lesið grg. í þingtíðindunum, þar sem hún er tekin upp. Það er ekki venja, þótt frv. sé breytt hér á hv. Alþ., að þeim breyt. fylgi grg., heldur ætlazt til þess, að hv. þm. geti áttað sig sjálfir á þeim breyt., sem gerðar hafa verið. Hér er aðeins sá munurinn, að þessar breyt. eru gerðar að vissu leyti á öðru þ., — þær voru komnar fram á hinu þ., en eru bornar fram á þessu þ. sem nýtt frv., flutt af heilbr.- og félmn., eins og hv. Nd. gekk frá því á sínum tíma, að öðru leyti en því, að úr frv. eru felld ákvæðin um ungmennadóm. Auk þess eru nokkrar aðrar breyt., en fæstar þeirra eru verulegar efnisbreytingar. Þessi rökstudda dagskrá hv. meiri hl. hefur því enga þýðingu; útkoman yrði aðeins sú frá minni hálfu, að ég mundi senda það barnaverndarn. og barnaverndarráði, og sömuleiðis mundi ég, vegna fyrirskipana hv. Alþ., senda það til fræðslumálastjóra og mþn. í skólamálum, og

mundu þessir aðilar leggja til, að frv. yrði samþ. eins og það er í höfuðdráttum, að svo miklu leyti, sem þeir vilja taka afstöðu til þess.

Það er að vísu sagt hér í nál. hv. meiri hl., að á síðustu stundu hafi komið till. til breyt., sem þyrfti að gera á frv., frá aðilum, sem um málið hafa fjallað. Það er rétt, að einn af meðlimum barnaverndarn. taldi rétt að gera eina breyt. á frv. á síðustu stundu, sem var í því fólgin, að barnaverndarn. yrði gefin heimild — undir vissum kringumstæðum — til þess að vista ungmenni. Þegar ég heyrði frá þessu skýrt, þar sem þetta var notað sem röksemd á móti því, að frv. yrði samþ., fór ég til meðlims barnaverndarn., sem borinn var fyrir þessu. Hann taldi, að hann gæti fallizt á slíka vistun ungmenna undir alveg vissum kringumstæðum og heimild yrði veitt til þess, þó þannig, að allir nm. yrðu sammála um það, en ef hann hefði vitað, að þessi uppástunga sín yrði notuð til þess að bregða fæti fyrir frv., hefði hann aldrei á þetta minnzt. Væri auðvelt fyrir hv. meiri hl. að koma með þessa brtt. sjálfur. Það virðist þess vegna vera svo, að eitthvað annað hafi vakað fyrir hv. meiri hl., sem mér er alveg ókunnugt um, heldur en þau rök, sem fram eru borin á nál., því að þau eru alveg haldlaus.

Ég tel ástandið í þessum málum vera í slíku öngþveiti, ef frv. nær ekki fram að ganga, að mjög erfitt verði að komast hjá því að gefa þetta frv. út sem brbl., og mundi ég a. m. k. fara fram á það við ríkisstj. Að þessu máli athuguðu vona ég, þrátt fyrir þessa skoðun hv. meiri hl. allshn., að frv. nái samþykki hv. d.

Umr. frestað.

Á 136. fundi í Ed., 26. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. — Hv. meiri hl. allshn. hefur lagt til að frv. því, sem hér liggur fyrir, verði vísað frá með rökst. dagskrá, sem prentuð er hér í nál. hans á þskj. 1159. Aðalrökin, sem hv. meiri hl. færir fyrir þessari afstöðu sinni, og raunar einu rökin, sem af hálfu hv. meiri hl. hafa komið fram enn þá, eru þau, að málið sé ekki nægilega vel undirbúið, og leggur hann þess vegna til, að frv. verði vísað frá með þessari dagskrá sinni, og skírskotar til þess, að fyrir næsta þ. verði framkvæmdur nánari undirbúningur þessa máls og m. a., að fræðslumálastjóra og mþn. í skólamálum, sem nú er starfandi, verði gefinn kostur á því að leggja nokkuð til þessa undirbúnings.

Þar sem þetta eru meginrök hv. meiri hl., tel ég ástæðu til þess að gera nokkra grein fyrir því, hvernig háttað hefur verið undirbúningi þessa máls, þótt hæstv. menntmrh hafi að vísu sagt nokkur orð um það áður á fundi hér í hv. d.

Frv. þetta er samið upphaflega af 3ja manna n., sem til þess var kvödd af fyrrv. hæstv. ríkisstj.; skipuðu hana þessir menn: Gissur Bergsteinsson, dr. Símon Jóhann Ágústsson og Vilmundur Jónsson. Í grg., sem fylgdi frv. í upphafi, telur þessi n., að í frv. hafi verið sameinuð í eitt ákvæði barnaverndarl. frá 1932, sömuleiðis breyt., sem gerðar hafi verið á þeim l. 1933, og enn fremur ákvæðin í l. um ungmennadóm, sem gefin voru út sem brbl. 1941 og síðan staðfest af hv. Alþ. 1942. Enn fremur segir þessi n., að auk þess, sem ákvæði allra þessara l. hafi verið sameinuð í eitt, hafi þau einnig verið samræmd og gerð ýtarlegri; enn fremur, að tekinn hafi verið upp í frv. fjöldi nýmæla, sem byggð væru bæði á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengin væri af barnaverndarl., sem sett voru fyrir meira en einum tug ára, og enn fremur, að frv. hafi verið samið með hliðsjón af erlendri löggjöf um þetta sama efni. Undirbúningur þeirrar n., sem samdi frv., virðist þannig strax hafa verið allýtarlegur. — Frv. var þannig fyrst flutt af hæstv. fyrrv. ríkisstj. í ársbyrjun 1943, þ. e. a. s. í lok hins reglulega þ. 1942, sem, eins og hv. þm. muna, stóð fram yfir árslokin. Málið var þá flutt í hv. Nd. og vísað til hv. allshn. þeirrar d. Í allshn. áttu þá sæti: Garðar Þorsteinsson, Gunnar Thoroddsen, Stefán Jóh. Stefánsson, Áki Jakobsson og Jörundur Brynjólfsson. Mælti sú n. eindregið með því, að frv. yrði samþ., og í nál. hennar tekur hún fram, — orðrétt tekið upp —, að hún telji, að frv. sé á marga lund til mikilla bóta frá þeirri löggjöf, sem fram til þess tíma hafði gilt. Fékk þessi n. — eins og hún kallar — umsögn fróðustu manna um þessi mál, og hefði hún tekið upp í frv. till. frá þeim aðilum, er hún þannig hafði rætt við um málið, þ. á m. barnaverndarráð, sem n. ræddi þetta mál ýtarlega við, og gerði það till. um ýmsar breyt. á frv. Tók allshn. margar þeirra til greina og gerði að sínum brtt. við meðferð málsins í hv. Nd. þá. Einnig ræddi hún við þáv. dómsmrh., sem líka gerði ýmsar brtt., sem n. telur sig hafa tekið allar upp. Meðferð málsins í hv. Nd. virðist þannig einnig, eftir þann undirbúning, sem gerður hafði verið utan þings, hafa verið mjög ýtarleg á því stigi, sem málið var þá, og virðist n. hafa unnið ýtarlega að því að fá fram álit þeirra, sem n. telur fróðasta menn í þessum efnum. Þær brtt., sem n. síðan flutti með þessum undirbúningi þar, voru þá allar samþ. í hv. Nd., en af því að þá var orðið áliðið þ., dagaði málið uppi að því sinni í þessari d., þ. e. a. s. hv. Ed. Á haustþ. 1943 tekur hv. heilbr.- og félmn. Nd. málið enn til athugunar og umr. og ræðir það þá við ýmsa aðila að nýju, þ. á m. dómn. ungmennadóms, barnaverndarráð og barnaverndarnefnd Reykjavíkur og þáverandi dómsmrh. Málið er þannig enn á ný tekið til allýtarlegrar umr. við alla þá aðila, sem mestar sýnast líkur til, að fróðastir væru um þessi mál, og þá, sem hafa tekið þátt í þeim störfum, sem barnaverndarlöggjöfin fjallar um. Síðan, eftir alla þessa meðferð, er málið flutt enn á ný á þessu þ. af hv. heilbr.- og félmn. Nd. og er þá flutt eins og hv. Nd. hafði gengið frá því áður árið 1943, að öðru leyti en því, að nú eru felld úr frv. ákvæðin um ungmennadóm. Er þetta vafalaust gert vegna þess, að sú reynsla, sem fengizt hafði af ungmennadómi, virðist benda í þá átt, að ekki sé heppilegt

að halda þessari stofnun við, enda hafði fyrrverandi dómsmrh. þegar lagt þessa stofnun niður, og eru ákvæðin um ungmennadóm af þessum ástæðum felld nú úr frv., en að öðru leyti er það flutt eins og hv. Nd. hefur gengið frá því í ársbyrjun 1943. Mér virðist þess vegna, að það sé margítrekaður undirbúningur, sem fram hefur farið á flutningi þessa máls. Í fyrsta lagi er það samið af sérfræðingum um þessi efni, þeirri n., sem í fyrstu samdi frv.; eftir það fær málið ýtarlega meðferð í n., og er leitað umsagnar hinna fróðustu manna, og flestar till. þeirra, sem þeir færðu þá fram til breyt. og umbóta á frv., teknar upp í það, og í þriðja lagi er önnur n., sem undirbýr málið að nýju til framhaldsflutnings og ræðir það enn við þá aðila, sem sérstaklega hafa annazt framkvæmd viðkomandi l. að undanförnu.

Mér virðist þess vegna, að þær aðalröksemdir, sem hv. meiri hl. allshn. færir gegn framgangi málsins, sem sé þær, að málið sé ekki nægilega undirbúið, hafi naumast við nein rök að styðjast og virðast tæplega fullnægjandi til þess að vísa málinu frá afgr., nema því aðeins, að önnur og mikilvægari rök komi hér fram við umr.

Að öðru leyti, varðandi efni frv., eins og það nú liggur fyrir, sé ég ekki ástæðu til þess að fara ýtarlega út í að rekja það í einstökum smáatriðum. Þetta er nokkuð langur lagabálkur, og hv. þm. verða að sjálfsögðu að kynna sér málið með því að lesa frv., en ég mun þó drepa aðeins á nokkur stærstu atriðin í frv.

Í fyrsta lagi er það, sem mestu máli skiptir, hvað vernd barna og ungmenna tekur yfir, en um það er rætt í 1. gr. frv. Er þar fyrst upp talið almennt eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili; í öðru lagi eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis, síðan ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir, eftirlit með uppeldisstofnunum og eftirlit með börnum og ungmennum, líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, heilsu- og vinnuvernd, eftirlit með skemmtunum og loks fræðslu- og leiðbeiningastarfsemi varðandi uppeldismál. — Þetta eru meginþættirnir, sem vernd barna og ungmenna á að ná yfir, og síðan eru ýmiss konar nánari skilgreiningar í hinum ýmsu öðrum gr. frv. Framkvæmdir til verndar börnum og ungmennum eiga að ræðja samkv. l. þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð. — Barnaverndarn. skal vera í hverjum kaupstað landsins og kosin af viðkomandi bæjarstj. og til sama tíma og bæjarstjórnir. Í Reykjavík á barnaverndarn. að vera skipuð 7 mönnum, en í öðrum kaupstöðum 5 mönnum, og er gert ráð fyrir því, að utan kaupstaða verði það skólanefndir, sem eiga að gegna hlutverki barnaverndarn. og hafa að því leyti réttindi hennar og skyldur, þ. e. a. s. hafa á hendi barnavernd samkv. l. Þó er heimild til þess, ef viðkomandi staður óskar eftir því, að einnig þar sé kosin sérstök barnaverndarn., og skal hún þá kosin af viðkomandi hreppsn. Þetta er viðvíkjandi barnaverndarn. og samsetningu þeirra; en sá annar aðilinn, sem hefur á hendi framkvæmd l., er barnaverndarráð. Barnaverndarráð skal skipað af ráðh. til 4 ára í senn, og í því eiga að vera 3 menn. Einn skal skipaður eftir till. Prestafélags Íslands, annar samkvæmt tillögu Sambands íslenzkra barnakennara, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður ráðsins. Barnaverndarráð á að hafa með höndum yfirumsjón með störfum barnaverndarn. í kaupstöðum og annars staðar á landinu, þar sem þær eru starfandi. Almennt eftirlit á að vera með börnum og ungmennum til 16 ára aldurs, en eins og kunnugt er, öðlast ungmenni sjálfsforræði samkv. l. nr. 60 1917, er þau ná 16 ára aldri, og þess vegna, eftir að hætt hefur verið við þá skipan, sem sett var á með l. um ungmennadóm 1941, — eftir að sú skipun hefur verið felld niður, — þá er ekki eðlilegt, að barnaverndarn. geti haft svo óskorað vald til ráðstöfunar á ungmennum, sem náð hafa sjálfsforræðis aldri, nema því aðeins, að viðkomandi ungmenni séu svipt sjálfsforræði sínu með dómi. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að þetta almenna eftirlit nái til 16 ára aldurs, en að vísu er þó ætlazt til þess, að barnaverndarn. og barnaverndarráð leitist við eftir þörfum og getu að hafa uppeldisleg eða leiðbeinandi áhrif á ungmenni allt til 18 ára aldurs, en réttinn til ráðstöfunar yfir þeim hafa þessir aðilar ekki nema til 16 ára aldurs, en eftir þann tíma aðeins með samþ. viðkomandi aðila til þess að ráðstafa ungmennum t. d. á hæli eða uppeldisstofnun. Annars nær vald barnaverndarn. og barnaverndarráðs til þess að geta jafnvel ráðstafað barni af heimili, ef sérstök ástæða þykir til.

Í frv. sjálfu er auk þessa gert ráð fyrir, að rekið verði hæli fyrir vandræðabörn, en þessu var breytt í Nd. og gert að heimild, en í samræmi við önnur ákvæði, þá liggur í hlutarins eðli, að ekki er hægt að framkvæma þetta, svo að í lagi sé, nema að til séu slík hæli fyrir börn, sem ekki er hægt að vista á annan hátt.

Þá er og gert ráð fyrir því í frv., að Reykjavíkurbæ verði lögð sú skylda á herðar að starfrækja heimili fyrir vandræðabörn og börn, sem taka þarf af heimilum, á sinn kostnað, en að öðru leyti er ætlazt til, að sett verði á stofn almenn heimili fyrir þau börn, sem þurfa á því að halda.

Þetta eru helztu atriði frv., en það tæki of langan tíma að rekja öll atriði þess. Það er skoðun mín, að þetta mál sé svo mjög áríðandi, að því verði ekki frestað, og á meðan ekki koma fram önnur rök en þau, að málið sé ekki nægilega undirbúið, þá ætla ég, að fjöldi mála hafi verið afgr. verr undirbúinn. Ég legg því til, að dagskrártill. hv. meiri hl. verði felld.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég álít, að það sé vel til fallið, sem hv. meiri hl. allshn. leggur til, að málið verði rannsakað nánar. Ég vil taka það fram, að undir vissum kringumstæðum er nauðsynlegt að hafa eftirlit með börnum á vandræðaheimilum. En ég veit ekki til þess, að þetta hafi verið leyst á annan hátt hér en að koma þessum

börnum fyrir á völdum sveitaheimilum, og þetta hefur reynzt heppilegt fyrir börnin. En hins vegar er það ekki lítil fórn fyrir heimili að taka slík börn, og þótt þetta hafi reynzt vel, þá er þetta mikill vandi fyrir heimilin og jafnvel niðurlægjandi.

Þetta kann að virðast sem meðmæli með frv., en þetta, sem hér er lagt til, er algerlega óransakað og óreynt og því óhæfa að ætla að lögfesta það. Erlendis hefur þetta reynzt hið mesta vandræðamál og hælin orðið vandræðaheimili, því að fólk hefur ekki fengizt til þeirra, og hafa þau verið sem mild fangelsi, sem vantaði allt hið milda, sem fæst ekki nema með sambúð barna og foreldra. Og ég vil benda á, að hér eru mörg mál, sem eru mjög aðkallandi og þess eðlis, að hægt er að ráða fram úr þeim, svo sem með geðveika menn, fávita og drykkjumenn. Í Vestmannaeyjum eyddi bæjarfélagið 6 þús. kr. til að geyma geðveikan mann, og þetta er svo algengt og liggur svo nærri, að það er höfuðnauðsyn að bæta úr þessu og koma slíkum mönnum á hæli, en til þess vantar húsnæði og fólk til að annast þá. Og það er nú meira að segja svo komið, að ekki er hægt að fá starfsfólk að Kleppi.

Það munu vera um 200 fávitar, sem ekkert hefur verið gert fyrir, nema hvað ein dugleg stúlka rak heimili í Grímsnesi fyrir slíka menn, með þýzku starfsfólki, sem hafði kunnáttu til að annast þá. En þegar starfsfólkið fór, var heimilið lagt niður, og er það skaði, að ekki hefur fundizt brú á milli þjóðfélagsins og þessarar stúlku, sem er þó eina konan, sem hefur þekkingu á þessu.

Ég vil benda hæstv. forseta þessarar d. á það, hvernig fer, þegar mál eru illa undirbúin sem þetta. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er náskylt því, þegar taka átti húsið á Kleppjárnsreykjum fyrir hæli og kastað 120 þús. kr. til þess að gera læknisbústaðinn í stand. Hér var sett á stofn n. og fáeinir unglingar teknir og settir í hald og síðan sendir upp í Borgarfjörð, að Kleppjárnsreykjum, en urðu þó aldrei fleiri en 10 stúlkur. Þá kom í ljós alger vöntun á skilyrðum til að reka þetta. Forstöðukonan, læknisekkja, vel menntuð og dugleg, og var skynsamlega ráðið, að hún veitti þessu forstöðu, gat ekki við neitt ráðið, eins og þetta var í pottinn búið. Eitt sinn struku stúlkurnar yfir Hvítá, og gekk mjög erfiðlega að handsama þær, en þó gáfust þær upp með þeim skilyrðum, að bíll frá Borgarnesi yrði fenginn til að flytja þær til baka. Forstöðukonan vildi þá ekkert eiga við þetta og tilkynnti það stjórninni, sem þá var þjóðstjórn, en hún gat ekki fengið neitt fólk. Þá kvaðst forstöðukonan mundu koma með stúlkurnar suður, ef ekki yrði úr ráðið, og sendi stjórnin þá konu til þess að taka við hælinu. En nokkru síðar gafst stjórnin upp á þessu, og hælið var lagt niður. Mér skilst, að núv. stj. standi algerlega í sömu sporum og þá, er þetta gerðist, og samt er í ráði að lögfesta stóran lagabálk án frekari athugana á þessu.

Ég skal þá aftur víkja að fávitunum, því að ekki er léttara að fást við þá. Sú eina kona, sem þekkingu hefur á þessu, hyggur að leysa megi þetta vandamál með því að byggja smáhús á Kleppjárnsreykjum fyrir fávita, svo að þarna kæmi nokkurs konar þorp, og væri gott að nota til þessa skála, sem nú fást, og mætti ef til vill fá erlent starfsfólk, ef annars væri ekki kostur. Mér finnst þetta svo mikið böl, að hjá því verði ekki komizt að ráða bót á því sem allra fyrst. Ég minnist í þessu sambandi tveggja heimila á Norðurlandi. Á öðru þeirra er það tvíburi, og er hinn tvíburinn látinn gæta hans, og er auðvelt að skilja, hvaða erfiðleikum slíkt er bundið. Og úr þessu verður ekki bætt nema með hæli fyrir þetta fólk.

Mér skilst, að út frá þessari reynslu væri ekki vanþörf á að láta mál það, sem hér um ræðir, vera lengur til athugunar, því að hér er ekkert tekið fram, hvernig á að taka á þessu. Það hefur ekki einu sinni verið reynt að hafa fræðslumálastjóra með í ráðum um þetta. Menn verða fyrst að gera sér það ljóst, hvernig á að framkvæma þetta, en á meðan ekkert slíkt liggur fyrir, þá tel ég skynsamlegra að leysa fyrst málin um fávita- og geðveikrahælin. Ég skal nefna dæmi um reynslu erlendis í þessu. Mér er kunnugt um eitt heimili fyrir vandræðabörn, nálægt Bergen, þar sem röskur maður var fenginn til forstöðu. Erfiðleikarnir reyndust miklir. Það var reynt að nota kristindóminn til þess að mýkja hjörtu barnanna. Forstöðumaðurinn var alvörumaður, og börnin byrgðu andlit sín, en gerðu gys og hlógu að forstöðumanninum. Þetta sýndi erfiðleikana við starfið, þar sem umhyggju foreldra vantaði. — Það hefur komið til mála, að Reykjavíkurbær keypti eyju á Breiðafirði í þessu skyni, en verið hikað við það af sömu ástæðum og með Kleppjárnsreyki.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Ég hef því miður verið vant við látinn, svo að ég hef ekki getað fylgzt með umr. sem skyldi og get því ekki svarað öllu, sem fram hefur komið. En ég held, að hvernig sem menn velta þessu fyrir sér, þá sjái menn, að þetta mál hefur fengið óvenjulegan, óskýran og jafnvel lélegan undirbúning. Þetta mál er upphaflega flutt af fyrrv. ríkisstj. Þetta er lagabálkur í 60 gr., sem má jafna til hegningarlaga fullorðinna. Ég sem lögfræðingur get upplýst það, að aðalinntak lögfræðinnar eru skýringar á því, hvað fyrir löggjafanum vaki, en ekkert slíkt liggur fyrir viðvíkjandi þessum lagabálki, heldur er þetta samsafn frá mörgum aðilum, sem hafa breytt þessu á ýmsa lund, án þess vitað sé, hvaða breytingu hver hefur gert. Svo virðist sem hv. Nd. hefði ekki verið of góð til að upplýsa, hvaðan hvert atriði var komið. Ég tel það alls ósæmandi fyrir þingið að afgreiða slíkan lagabálk sem þennan, sem hefur jafnvíðtæka þýðingu fyrir frelsi og sjálfræði unglinga, á þann hátt, sem háttv. Nd. leggur til.

Menntmn. telur þýðingarlaust að láta málið fara aftur til Nd., þar sem hún er því samþ. í því formi, sem það nú er í, en mér virðist, að hún gæti þó látið semja skýringar við frv. Ég vil al-

varlega vara við því, að slík löggjafaraðferð sé upp tekin, að samþykkt séu l., án þess að hv. þm. viti til fulls, hvað þeir eru að samþ. Það er nauðsynlegt fyrir alla aðila, sem með þetta kunna að fara í framtíðinni, að ljóst sé, hvað fyrir löggjafanum vakti.

Þessi óvenjulega aðferð með svo stórt mál er mér nægileg til að fallast ekki á það. En auk þess er margt í frv., sem mér virðist þurfa lagfæringar við. Til dæmis stendur í upphafi 45. gr.:

„Rétt er að setja með reglugerð ákvæði til verndar börnum og ungmennum gegn siðspillandi áhrifum, vondum fordæmum og freistingum."

Hér er komið inn á atriði, sem löggjafinn getur ekki ráðið við, og eru þetta því ekkert annað en falleg orð. Þannig er og um ýmsar heimildir, sem hér er farið fram á, að þær eru þegar fyrir hendi, svo sem um að setja á stofn heimili fyrir vandræðabörn og fleira. Hins vegar er sá hængur á þessu, að okkur vantar alveg kunnáttumenn um þessi mál, og þyrfti að byrja á því að afla þeirra, en að því gæti hæstv. ríkisstj. unnið, þótt þessi l. séu ekki samþykkt nú. Þá á að skylda bæjarsjóð Reykjavíkur til að setja á stofn rannsóknarstöð, en ég hygg, að einnig vanti mann til að veita slíkri stofnun forstöðu. Annars virtist mér eðlilegra, að ríkið kostaði slíka rannsóknarstöð, og væri nær sanni að snúa þessu þannig við að skylda ríkið til þessa, en gefa Reykjavík heimild.

Ég hef verið kallaður hér af fundi og get því ekki rætt þetta sem skyldi, en ég vil að lokum benda á, að það er ákaflega óljóst, hvaða vald barnaverndarnefnd á að hafa yfir unglingum frá 16—18 ára, og ég hef það eftir einum hæstaréttardómara, að hann geti ekki gert sér það ljóst. Þetta atriði þarf þó að vera skýrt og óvéfengjanlegt. Sumir segja, að í rauninni sé þetta ekki óljóst, því að barnaverndarnefnd hafi, þegar allt kemur til alls, ekkert vald. Ég vil benda á, að á síðustu stundu komu tveir barnaverndarnefndarmenn, þeir próf. Ásmundur Guðmundsson og Sigurður Thorlacius, með till. um að gera breyt. á þessu. Þeir hafa þá ekki áttað sig betur á þessu en svo. Ég held því, að þótt ég hafi ekki aðstöðu til að ræða þetta frekar, þá sé það fullljóst, að þetta mál þarf nánari athugunar við og því sjálfsagt að samþ. hina rökst. dagskrá.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Það hefur nú skipazt svo, að ýmsir af þeim, sem hér hefðu viljað vera viðstaddir, hafa ekki aðstöðu til þess. Háttv. 6. þm. Reykv. sagði, að þetta mál hefði fengið óskýran og óvenjulegan undirbúning, en gat þess þó, að margir aðilar hefðu um það fjallað. Þá sagði hann og, að skýringar vantaði og ekki væri unnt að sjá, hvaðan hvert atriði væri tekið. Þetta er að nokkru leyti rétt, en það stafar af því, að skammt er um liðið, síðan þetta frv. var síðast flutt, en þá fylgdu þessar skýringar, og til þeirra er vísað í frv., en þær liggja fyrir í þskj., sem hv. þm. hafa aðgang að. Það, sem háttv. 6. þm. Reykv. þarf að gera, er að lesa þessi þskj., og þótt þetta væri prentað upp að nýju, þyrfti hann samt sem áður að lesa það. Ég sé annars ekki ástæðu til að fara hér út í einstök atriði, þar sem háttv. 6. þm. Reykv. er ekki á fundi. Hann kvað vera óskýr ákvæði um vald barnaverndarn. yfir unglingum á aldrinum 16—18 ára. Vera má, að þetta sé rétt, en mér skilst þó, að svo sé sem hann gat um, að yfir þessum unglingum hafi n. ekkert vald, þar sem þeir eru sjálfráða 16 ára, og án þess að ég viti um það, þá vil ég draga það í efa, að háttv. 6. þm. Reykv. mundi flytja brtt. í þá átt að gefa n. sams konar vald yfir þessum unglingum og hinum yngri.

Varðandi till. hinna tveggja barnaverndarnefndarmanna, þá er það ekki rétt, að þeir hafi í hyggju að umbreyta frv., heldur færðu þeir það í tal við n., hvort ekki væri unnt að gera undantekningar á unglingum á þessum aldri, t. d. með samþykki héraðslæknis, án samþykkis viðkomandi unglings. Ég tel, að þetta geti komið til mála, en dreg það þó í efa.

Háttvirtur þingmaður Suður-Þingeyinga taldi, að undirbúa þyrfti þetta betur, og sagði, að alla reynslu skorti í þessum efnum, einkum viðvíkjandi rekstri barnaheimila. Þetta er rétt, en þessi reynsla fæst ekki fyrr en byrjað er á að reka slík heimili, og það verður ekki gert fyrr en búið er að ákveða það með l.; á þann hátt fæst einungis sú reynsla og sá árangur, sem þarf að ná. Einnig skildist mér á hv. þm. S-Þ., að það væru önnur svið, sem ætti að láta sitja fyrir slíkri starfsemi sem þessari, sem væri, að mér skildist, að búa betur að og auka húsnæði fyrir geðveikt fólk, fávita og drykkjumenn. Ég skal ekki mæla á móti því, að þörf sé á aðgerðum á þeim sviðum að bæta aðbúð þessa fólks, sem hann þarna nefndi. En það er nú hvort tveggja, að það hefur nú þegar verið gert nokkuð á þessum sviðum öllum, og svo hitt, að þótt aukin væri slík starfsemi, sem hann nefndi, þá ætti það ekki að koma í bág við það, að líka væri betur séð fyrir uppeldi þeirra barna og ungmenna, sem ekki hafa viðunandi aðbúð á sínum heimilum, heldur en nú er gert. Og t. d. varðandi húsnæði og aðhlynningu fyrir geðbilað fólk, þá býst ég við, að hv. þm. S-Þ. sé kunnugt um það, að það hafa, þó að ekki sé fullnægjandi, verið gerðar nú ráðstafanir til þess að auka við húsnæði á Kleppi nú á þessu ári. Og það er a. m. k. spor í áttina, þó að það verði því miður ekki fullnægjandi fyrir það geðbilaða fólk, sem til er í landinu. Sömuleiðis, þótt það sé ekki nema vísir, þá er rekið á Kleppjárnsreykjum hæli fyrir fávita. Það er vafalaust ófullnægjandi, en það eru byrjunaraðgerðir í þessu efni. Og sjálfsagt þarf að gera meira í því efni. Sama má segja um það drykkjumannahæli, sem til er í landinu. Það er ekki fullnægjandi, en er byrjunarframkvæmdir á þessu sviði. En þó að þessar greinar starfsemi þurfi að auka og efla, er það ekki röksemd fyrir því, að ekki þurfi að koma á fót og reka uppeldisstofnanir fyrir börn, sem ekki hafa viðunandi uppeldisskilyrði á sínum heimilum. Og það er það, sem um er að ræða í

þessu frv. Og þær aðgerðir, sem frv. miðar að í þeim efnum, koma vissulega á engan hátt í bág við aðgerðir á þeim sviðum, sem hv. þm. S-Þ. talaði sérstaklega um.

Ég mun ekki að svo komnu máli fjölyrða um þetta. En þær röksemdir, sem enn hafa komið fram, hafa ekki breytt minni afstöðu til frv., og tel ég, að bæði sé sá undirbúningur, sem fram hefur farið í málinu, alveg nægilegur til þess, að hæstv. Alþ. geti tekið afstöðu til frv. og afgreitt það, og að efni frv. sé svo mikilvægt, að ekki aðeins sé full ástæða til þess, heldur þó nokkuð brýn nauðsyn, að það dragist ekki lengur, að endurbætt sé sú löggjöf, sem í gildi hefur verið um barnavernd, og tekin séu upp þau nýmæli ekki hvað sízt, að komið verði upp uppeldisstofnun í landinu fyrir börn, sem ekki hafa viðunandi uppeldisskilyrði á sínum heimilum. Legg ég því til, að frv. verði samþykkt og afgreitt sem lög frá þessu þingi, sem nú situr.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég álít, að það sé engan veginn tilgangslaust að ræða þetta frv. nokkru ýtarlegar hér, jafnvel þótt það kunni að bíða annars þings, að það verði haldið áfram með það. Og það er einmitt af því, að í öllum þessum málum er svo tilfinnanleg vöntun á því, að þjóðin fylgist með því, sem um er að ræða. Þetta frv., sem hér ræðir um, grípur ákaflega mikið inn í verksvið heimilanna. Og vil ég aðeins, með leyfi hæstv. forseta, benda á það, til sönnunar því, að þetta getur orðið misnotað, ef ekki er skynsamlega með farið, að það er gert ráð fyrir því í 1. gr. frv., að þetta eftirlit nái yfir aðbúð og uppeldi á heimilunum. Í öðru lagi á það að ná yfir hegðun og háttsemi ungmenna utan heimilanna. Í þriðja lagi segir hér í frv., að þetta eftirlit taki yfir ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir. Enn fremur eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnahælum, dagheimilum, leikskólum, sumardvalarheimilum, fávitahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv. Svo kemur í fimmta lagi eftirlit með börnum og ungmennum, líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín. Svo koma enn fremur þrjár gr. í viðbót í 1. gr. frv. um það, hvað þetta eftirlit nái yfir.

Það er auðséð á þessu máli, að það er gert ráð fyrir, að það verði sett upp nokkuð víðtækt eftirlit, sem er utan við skólana og utan við prestana og utan við löggæzlu í þessum efnum. Og ég verð að segja það, að mér fyndist, að ef lag væri á skólastjórn og fræðslumálum, þá væri langeðlilegast, að þessar heimildir og allt eftirlit með slíkum málum sem þessum yrði ein grein á skólastarfseminni og heyrði undir fræðslumálastjóra. Það, sem ég óttast mest og mér finnst að einkennt hafi þessar tilraunir fram að þessu, er orðmargur vanmáttur. Það hafa verið kosnar n. til aðgerða í þessum málum, og þessar n. geta fengið vald til þess að grípa inn í heimilin. Að vísu er þess stundum þörf. En það er þannig, eins og við vitum, að heimilisfriðurinn er verndaður, þannig að ekki er hægt að rjúfa hann nema með dómi. En hér sýnist stefnt að því, að það eigi að vera miklu minni trygging um friðhelgi heimilisins en gilt hefur.

Í Reykjavík hefur verið barnaverndarnefnd með 7 mönnum. Og slíkar n. hafa verið í minni kaupstöðum og kauptúnum. Svo koma fastir starfsmenn og þ. u. l. Þetta allt er mikið bákn. Og satt að segja, þegar litið er yfir þá reynslu, sem er af því, þá held ég, að segja megi svona hér um bil, að enn sé ekkert gert í þessum efnum. Það er fiktað og fálmað í þessum n., og þær vita augsýnilega ekkert, hvernig þær eiga að taka á málum. Og svo gæti það komið til, ef illa tækist til um val á mönnum í slíka n., að það gæti leitt til ábyrgrar íblöndunar í heimilislíf á einhverjum heimilum.

Það, sem ég vil, að hv. 4. landsk. þm. taki til endurbættrar athugunar, er, að hann eða heilbr.- og félmn., sem flytur þetta frv., gerir sér ekki grein fyrir því, hvernig á að leysa þessi spursmál. — Ég kom inn á það, að vegna sveitaheimila er nauðsynlegt að minnast á sendingar á afvegaleiddum börnum þangað. Það er svo mikið réttleysi að nota sér góðmennsku þeirra heimila. Þó hefur það verið þrautaráðið og hefur verið það bezta, sem hefur verið gert í þessum efnum. — Ég vil segja hv. 4. landsk. þm. frá einu dæmi í sveit skammt frá Akureyri. Ég kem stundum á sumrin á þennan bæ. Hjónin eiga einn dreng, 6—7 ára að aldri. Það höfðu komið stórir hópar af börnum í skólaheimili úti á landi, og í einum þessara skóla voru um 100 börn úr Reykjavík, og einn drengjanna þar þótti svo óviðráðanlegur, að hann væri ekki hafandi með hinum börnunum á þessu skólaheimili. Honum var svo komið fyrir á þessum bæ, sem ég minntist á, þar sem þetta eina barn var fyrir. Og þessi drengur, sem var víst töluvert óþægur, bæði heima hjá sér og í skólanum, tamdist svo undarlega vel á þessu heimili við það að fá að vera með í heimilisstörfunum. Hann varð svo handgenginn bóndanum við það að fá að vera með við heyskap og við skepnur, að hann bað þess, þegar hann fór um haustið, að hann mætti koma mjög snemma næsta vor, til þess að fá að vera á þessum sveitabæ um sauðburðinn. Ég hygg, að þessi drengur hafi verið þarna tvö eða þrjú ár. Og það er ekki vafi á því, að drengir, sem erfiðleikar eru um uppeldi á í kaupstöðum, geta mjög oft lagazt, ef þeir komast í sveit og fá að vera með fullorðnum við störf. — Þess vegna get ég ekki annað en verið með þeim anda, sem kemur fram hjá hv. 4. landsk. þm. og tilgangi frv. En ég get ekki annað — sem maður, sem hefur um langa stund haft meðgerð með börn og unglinga um að ala þau upp að nokkru leyti — en varað menn við því að takast þetta vandasama starf á hendur, án þess að gera sér grein fyrir, hvað á að gera í þeim efnum. Ég er ákaflega hræddur við frv., sem ég hygg, að hæstv. ráðh. sé að spekúlera í að koma inn á næsta þ., um að auka skólaþvingun á börnum í landinu. Og það, sem eru erfiðleikar með heimavistarskóla fyrir börn, t. d. þegar þau koma 7 ára í skólana, er það, að ekki verði allir kennararnir nógu vel

starfinu vaxnir. Kennarastéttin er stór stétt manna, sem eru eins og fólk flest, hvorki verri né betri en í öðrum stofnunum. Í svona stórri stétt með um 500 manns er margt af góðu fólki. En mjög margir eru þarna ekki nema vegna atvinnu. Þeir gætu alveg eins setið á skrifstofu eða fiskað eða þ. u. l. Það, sem hættulegast er við svona kerfi, er það, að nú er fjölgað heimavistarskólum langt fram yfir það, sem nokkur trygging er fyrir, að fáist verulega hæfir menn til að stjórna, af því að það er ákaflega erfitt að taka að sér börn á skólaaldri, sem tekin eru frá foreldrum sínum. Og svo kemur enn spursmál. Hve lengi eiga þau að vera á heimavistarskólanum? T. d. er mér kunnugt um það frá dugandi bændum á Suðurlandi, sem nú verða að hafa börn 4 mánuði á ári á heimavistarskóla, að þeim finnst þessi tími hafa slitið þessi börn frá heimilunum og daglegum störfum þar og breytt þeim á þann hátt, sem síður skyldi, og þannig hefur slitnað sá eðlilegi þráður, sem í uppeldinu var snúinn úr íslenzku sveitalífi. Og það vofir yfir, að stefnan í fræðslumálunum fari dýpra og dýpra í þann farveg að breyta því uppeldi, sem í gegnum þúsund ár hefur miðazt við það, að börnin hefðu á heimilunum umgengni við fullorðna fólkið í heimilislífi og störfum. Og viðkomandi þessu uppeldi eru margir sammála um, að það hafi eitthvað við sig, sem ekki megi missast.

Nú hafa jafnvel heimavistarskólarnir mikla erfiðleika af því, að það er ekki nóg að hafa sæmilega kennara til þess að stjórna þeim, heldur þarf meira en það. Og ég vil taka eitt dæmi, sem ég veit, að hv. 4. landsk. þm. er vel kunnugt. Það er dæmi um fórnfýsi hjá fólki, sem er í þéttbýli, sem er að reyna að búa venjulegum börnum sumardvalarstað. Konur á Siglufirði höfðu miklar framkvæmdir, fjársöfnun o. þ. u. l., til þess að koma upp sumarhæli fyrir börn frá Siglufirði í Fljótum í sambandi við barnaskóla. Þeir þurftu að byggja barnaskóla við jarðhita í Fljótum, og svo skyldu siglfirzk börn vera þar á sumrin. Þetta er vel og skynsamlega útreiknað, að hafa svo Fljótabörn þarna í skóla að vetrinum. Þarna er fastur kennari. — Svo kemur sumarið, og þá verður niðurstaðan, að það er varla hægt að fá mann til að stýra þessu barnaheimili. Þessi kennari, sem þarna er að vetrinum, vill ekki taka að sér þessi börn, sem þarna eiga að vera yfir sumarið. Og ef tekinn væri annar kennari frá Siglufirði til að annast þetta að sumrinu, þá er hinn kennarinn fyrir, og hann er húsbóndinn á heimilinu. Niðurstaðan er sú, að þetta ágæta plan kvennanna á Siglufirði er óleyst enn. Það hefur ekki enn tekizt að fá eðlilega forstöðu fyrir þessu fyrirtæki þeirra né heldur eðlileg vinnubrögð um það.

Ég er efnislega samdóma hv. 4. landsk. þm. um grundvallarhugsun hans í þessu efni og vil því segja, að það er ómögulegt að reka þessi heimili, sem fyrir mönnum vakir að koma upp, öðruvísi en helzt að hafa þau þar, sem mætast land og sjór, og þar, sem hægt er að láta unglingana sýsla við mjög fjölbreyttan búskap, þar sem eru allar tegundir af skepnum til að annast og líka hægt að nota báta við einhvers konar veiði, þar sem unglingar geta verið uppteknir fyrst og fremst við líkamleg störf af því tagi, sem alltaf hafa verið stunduð hjá okkur í þúsund ár og hafa verið aðaluppeldismeðal heimilanna, vinna við störf til lands og sjávar. En ég veit, að það er ekki hv. 4. landsk. þm. að kenna, þó að enginn af þessum mönnum, sem við þessi mál hafa verið riðnir, svo sem Símon Jóh. Ágústsson, Sigurður Thorlacius og fleiri, — enginn þessara manna hefur látið heyra frá sér eitt orð um það, hvernig á að koma þessu fyrir, af því að þeir fikta við hluti, sem þarf að gera, en þeir vilja leysa eftir pappírsreglum og pappírsanda. — Og nú get ég sagt hv. d. frá einu dæmi af mörgum af þessum tilraunum, sem gerðar voru í beztu meiningu, meðan verið var að flytja börn úr Reykjavík af ótta við loftárásir. Í einu skólahúsi í sveit voru 100 börn úr Reykjavík. Þangað voru valdir mjög góðir kennarar. Einn kennari norðlenzkur starfaði við þetta, sem ég hafði kynnzt fyrir löngu og vissi, að var úrvalskennari í sínum skóla. — Og niðurstaðan var, að þessi 100 börn höfðu nóg að éta, góð rúm, nóg loft, en þetta var eins og eitt refahreiður. Börnin komu hvert úr sínu horni, og þau höfðu ekkert að gera. Strákarnir voru látnir vera við jarðrækt og málamynda vegagerð. Og þessir kennarar voru mest hræddir um, að strákarnir settu spaðana hver í hausinn á öðrum og dræpu þá. Þetta var af því, að 100 meira og minna óþæg börn voru sett þarna niður til tölulega undirbúningslaust. Þó að mjög prýðilegir kennarar væru við þetta hafðir, þá höfðu þeir enga undirstöðu til þess. Ég hygg, að það sé sízt betra að hafa stráka á slíkum stöðum en á götunum í Reykjavík, svo lítið sem það er eftirsóknarvert.

Mér sýnist þess vegna, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, gangi á pappírnum út á það að veita n., sem kosnar yrðu af tilviljun og án undirbúnings, í kaupstöðum og kauptúnum töluvert vald til þess að reka nefið inn í heimilin, en engin úrræði eða býsna lítil. Og þeir, sem fyrir þessu gangast, vita alls ekkert um það, hvernig eigi að koma þessum heimilum fyrir. Og eins og tekið var fram af hv. 6. þm. Reykv., var eðlilegt að búa þetta út þannig, að láta þjóðina, gegnum blaðagreinar og útvarp o. þ. l., vita, hvað til stæði að gera. Það er ekki fært að ætla að stjórna landinu þannig að koma með ný system og demba yfir fólkið án undirbúnings. Og ég vil í þessu sambandi víkja því að hv. 4. landsk. þm., sem er Eyfirðingur, að í hans héraði, þar sem er margt um að tala af góðum fordæmum, þar veit hann, sem ég býst við, að margir viti, að fyrsta stóra mjólkurbúið á landinu kom. Það kom á Akureyri og gerðist þannig, að einn ungur og efnilegur Eyfirðingur, Jónas Kristjánsson, fann löngun hjá sér til þess að leysa það spursmál. Og hann talaði um þetta við áhugasama menn, sem varð til þess, að hann var í öðrum löndum í þrjú ár til að fullnuma sig, en stóð á meðan í sambandi við bændur heima. Þegar hann kom heim, var fengið hús, settar upp vélar til mjólkurhreinsunar

og vinnslu, ekki kannske af stærstu gerð. En samt sem áður varð það þannig, að Eyfirðingar leystu þetta mál án hjálpar annars staðar að, sköffuðu byggingar, vélarnar og manninn í þetta. Síðan hefur þetta gengið mjög vel. Svo var þetta gert miklu stærra síðar. — Annað dæmi er svo héðan að sunnan. Þegar sást, að þetta gekk vel á Akureyri, var sett upp mjólkurbú í Ölfusinu og annað við Ölfusárbrú. Þar var nóga mjólk um að ræða. Ráðizt var í að drífa upp þetta hús þarna. En ýmis vansmíði voru á þessu. Þeir urðu að hafa við þetta danska og norska menn, sem voru sæmilegir menn. Þetta stóð í nokkur ár, en á endanum gafst það upp. Þarna vantaði grundvöllinn, því að ekkert samband var á milli fólksins og þessa fyrirtækis. Þetta var eins og dottið af himnum ofan á fólkið. — Svo er verið að setja verksmiðju í þetta hús, til þess að gera eitthvað við það. — Ég hygg, að þessi tvö dæmi séu nokkuð táknræn. Í Eyjafirði var byrjað með því að rannsaka, hvað gera skyldi í málinu, síðan útvegað hús og kunnáttumaður innlendur, sem í þrjú ár var að fullnuma sig til að takast stjórn fyrirtækisins á hendur, og á meðan var unnið heima, og þegar maðurinn kom, voru settar upp vélar og fyrirtækinu hrint af stað vel undirbúnu.

Mér finnst eðlilegt, þegar talað er um Reykjavík í sambandi við það mál, sem fyrir liggur til umr., þar sem fólkið er flest hér saman komið og yfirleitt mæðir mest á hér í þessum efnum, þá finnst mér ekki nema eðlilegt, þó að borgarstjórinn hiki við að setja upp svona stofnun, af því að hann veit, að þetta er að verulegu leyti fálm, ef þessu er allt í einu kastað framan í hann. Ég hygg því, að réttast væri að athuga betur, hvernig þetta á að vera, svo sem hvað börnin eru mörg, sem þessa eiga að njóta, og hvernig hugsað er að stjórna þessum heimilum barna, sem um er að ræða í frv. Og svo ætti að reyna að freista þess að ala upp dugandi starfsmenn til þess að standa fyrir þessu. Þetta vonast ég til, að hv. 4. landsk. þm. geti átt þátt í að leiðrétta. Ef til vill þarf þetta ekki að vera í hans kjördæmi. En ef þetta á að lánast, þá þarf fyrst að vita, hvað á að gerast, og það þarf að ala upp til þess menn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 137. fundi í Ed., 27. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 1159, frá meiri hl. allshn., samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JJ, LJóh, MJ, PHerm, ÞÞ, EE, GJ.

nei: KA, PM, BrB, StgrA.

5 þm. (GÍG, HG, HermJ, BSt, BBen) fjarstaddir.

Lagafrumvarp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Iðnaðarnám.

Á 47. fundi í Sþ., 26. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 1938, um iðnaðarnám, og l. nr. 43 1940, um breyt. á þeim l.* (þmfrv., A. 363).

Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Þetta frv., sem fyrir liggur á þskj. 363, er flutt af mér ásamt hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Ak. Í sjálfu sér er óþarft að hafa um það langt mál hér. Rökstuðningur fyrir því er prentaður í grg. þess. — Í frv. er farið fram á tvær breyt. á l., fyrst á l. nr. 100 frá 1938, um iðnaðarnám, og í öðru lagi á l. nr. 43 frá 1940, um breyt. á fyrrnefndum l. um iðnaðarnám. Miða þessar breyt., sem í frv. er farið fram á, að því að nema burt þær skorður, sem við flm. frv. teljum óeðlilegar nú a. m. k., sem í löggjöfinni eru fyrir því, að ungir menn geti komizt að iðnaðarnámi. Við *lítum svo á*, að þessar skorður séu allt of ríkar og frjálsræði í þessum efnum eigi að ríkja, en ekki ófrelsi og afturhald. Það er sannarlega enginn verr settur í lífinu, þó að hann læri eitthvert handverk, jafnvel þótt hann hafi ekki alltaf aðstæður til þess að notfæra sér þá mennt sína, en fyrir því þarf raunar varla að gera ráð hér á landi, því að það er svo mikill skortur á iðnfaglærðum mönnum í öllum greinum, að það virðist óhætt að taka burt þær skorður, sem af því opinbera hafa verið settar fyrir því, að ungum mönnum gefist kostur á að stunda iðnaðarnám.

Skal ég svo ekki, nema tilefni gefist, fara um þetta fleiri orðum, en æski þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn., þegar þessari umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 363, n. 506).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Eins og segir á þskj. 506, leggur meiri hl. iðnn. til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Á fundi voru aðeins 4 nm., en hv. 11. landsk. hefur ekki skilað áliti, og mun mega telja hann vera á móti frv., a. m. k. óbreyttu. Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Málið er ofur einfalt og óbrotið, og kemur fram í nál. álit meiri hl., sem leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Þetta mál var til umr. í iðnn., þegar ég átti sæti í henni, og var þá ekki afgr. Þá var meiningamunur um afgr. þess og ákveðið að senda það til umsagnar nokkrum aðilum, eins og segir á nál. meiri hl. n. Ég hefði kosið, áður en þetta mál væri afgr. í hv. d., að minni hl. n. væri gefinn kostur á að skýra frá sínu áliti, því að einhverra orsaka vegna hafa ekki allir verið viðstaddir, þegar þetta mál var afgr., eins og hv. frsm. gat um. Sömuleiðis væri æskilegt, áður en hv. dm. taka afstöðu til málsins, að sjónarmið þeirra aðila, sem umsagnar var leitað hjá, fengju að koma fram, svo að hv. dm. fengju að kynna sér þau, áður en endanlega verður *gengið frá málinu* við þessa umr. Ég hefði því kosið, að málinu yrði frestað, þangað til minni hl. n. fengi að færa rök fyrir máli sínu og umsögn n. allrar lægi fyrir um málið.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Það stendur ekki á meiri hl. n. að leggja fram þau plögg, sem hafa borizt í þessu máli. En ég hefði haldið, að hv. dm. kærðu sig ekkert um þá tímatöf, sem af því mundi leiða, að kynna efni þeirra skjala, sem fyrir liggja, því að í nál. meiri hl., sem ég vísaði til, er frá því skýrt, til hverra hafi verið leitað og hvernig þessir aðilar hafa tekið í málið með og á móti, og veit ég, að hæstv. ráðh. vefengir ekki þá skýrslu. Hitt taldi ég tímatöf að fara að tíunda þau löngu erindi, sem fyrir liggja í málinu. Annars má, ef það málefni er vakið, gjarnan gera það fyrir mér. Sem sagt, meistarafélag járniðnaðarmanna mælir með samþ. frv., og meiri hl. iðnfulltrúanna mælir með því, og minni hl. fulltrúanna mælir þó ekki á móti framgangi frv., en óskar lítils háttar breyt. á því. Um meistarafélagið skal ég svo bæta því við, að það telur frv. ekki nema góða byrjun til lagfæringar á iðnlöggjöfinni. En þeir, sem leggja á móti, eru Alþýðusambandið og Samband iðnnema.

Þetta mega hv. þdm. lesa á þskj. 506. Hvað það snertir að bíða eftir áliti minni hl., þess hl. af honum, sem mætti á nefndarfundinum, þá er það að segja, að hv. 11. landsk., sem þar mætti, er utanlands. En ég veit, að hæstv. ráðh. lítur svo á, að fleiri geti komið þar í skarðið heldur en hann.

Þetta mál hefur verið nokkuð lengi á döfinni, vegna þess að það hefur ekki legið fyrir nál. nema frá öðrum hluta n., og hefur dregizt að taka málið á dagskrá þess vegna. Ég vildi þess vegna frekar, ef hæstv. ráðh. gæti fallizt á það, að málið fengi að ganga áfram til 3. umr., og væri þá auðvelt fyrir minni hl., þann part af honum, sem innanlands er, að gefa út álit á milli umr. Áður en ég heyri, hvernig hæstv. ráðh. tekur á þessu, skal ég spara þá tímatöf, sem af því mundi leiða að lesa upp álit meistarafélagsins og að öðru leyti að fara rækilega út í málið, ef hæstv. ráðh. gæti á það fallizt, að málið fengi að ganga til 3. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Það hefur viljað svo einkennilega til í þessari iðnn., að 2 af 5 mönnum, sem þar eiga sæti, hafa ekki getað mætt á þeim fundi, sem meiri hl. virðist hafa haldið um málið. Hv. 11. landsk. er ekki hér á landi, en í hans stað er mættur hér annar hv. þm., sem hefur tekið sæti í n. Í stað mín hefur hv. 4. þm. Reykv. tekið sæti í n. Þessir menn hafa, að því er mér skilst, ekki átt kost á því að kynna sér meðferð málsins. Hins vegar hefur meiri hl., hv. þm. Vestm., hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. Ak., sem allir eru flm. þessa frv., einir gefið út um það nál., og mér finnst satt að segja eðlilegt, að einhverjir fleiri heldur en flm. einir geti fengið tækifæri til þess að láta sína aðstöðu í ljós. Meðan ég átti sæti í n., lýsti ég því yfir, hvernig ég liti á málið, og ég hef ástæðu til að ætla, að hv. 4. þm. Reykv., sem mætir í minn stað, muni ekki líta á þetta ósvipuðum augum. Aftur á móti veit ég ekki um þann hv. þm., sem mætir fyrir hv. 11. landsk., en ég er viss um það, að hv. 11. landsk. vildi ekki láta samþ. frv. eins og það lá fyrir.

Ég vil ekki skorast undan því við hv. þm. Vestm. að ræða málið, ef út í það verður farið, og mér hefði fundizt eðlilegt, að aðrir en flm. einir hefðu fengið tækifæri til þess að kynna sér það og gefa út um það nál. Að öðru leyti vil ég aðeins taka undir að nokkru leyti það, sem hv. frsm. hafði eftir iðnfulltrúunum, að hér væri um að ræða aðeins byrjun, sem þeir að vísu teldu góða byrjun, en ég ekki, um breyt. á iðnlöggjöfinni. Ég er sammála að því leyti, að hér er ekki tekið nema eitt atriði, og um það hefur verið deilt í seinni tíð. En það eru mörg fleiri atriði, sem fullkomin ástæða væri til að taka til athugunar. Þessi löggjöf hefur verið í gildi milli 10—20 ár, og er fengin af henni margvísleg reynsla, og þar sem hún er á sínu frumstigi, er ekki óeðlilegt, að hún standi til bóta. Ég hefði getað hugsað mér, að þessi löggjöf yrði í heild tekin til endurskoðunar á næstunni, bæði þetta atriði og önnur. En áður en þetta atriði verður afgr. á þennan hátt á fundinum, finnst mér sjálfsagt, að minni hl. n. fengi tækifæri til þess að setja fram sitt álit.

Forseti (JörB): Þetta mál var tekið á dagskrá sakir þess, að nál. var komið fram, en mér var hins vegar ekki kunnugt um, hvort nál. væri væntanlegt frá minni hl. En þar sem nokkuð sérstaklega stendur á um það, að minni hl. n. hefur ekki gefið út álit, vil ég mæta ósk hæstv. ráðh. um það, að málið verði ekki afgr. við þessa umr. nú. En ég vil mega vænta þess, að álit komi innan stutts tíma.

Umr frestað.

Á 82., 83. og 84. fundi í Nd., 27., 28. og 29. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 363, n. 506 og 548).

Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og sést á nál. á þskj. 548, höfum við tveir, sem undir það höfum skrifað, ekki getað orðið samferða meiri hl. n. um afgr. þessa máls. Við leggjum til, að frv., eins og það liggur fyrir, verði vísað til ríkisstj., með það fyrir augum, að öll iðnaðarnámslöggjöfin verði ýtarlega endurskoðuð. Okkur er það vel ljóst, að brýna nauðsyn ber til þess, að löggjöfin verði rækilega endurskoðuð, og að þörf mun vera að athuga ekki hvað sízt þau fyrirmæli í löggjöfinni, sem frv. fjallar um. Það er viðbúið, að misnotuð hafi verið þau ákvæði, sem í löggjöfinni finnast um takmarkaðan aðgang að einstökum iðngreinum. En jafnvel þótt svo kunni að vera í einstökum iðngreinum, hyggjum við, að ekki verði bætt úr því með því að sleppa öllum lagaákvæðum um það og hindra líka, að samningar séu um þetta gerðir, eins og verið hefur, milli meistara og sveina. Í sambandi við það atriði vil ég leggja á það mikla áherzlu, að ef svo færi, að þessu yrði breytt á þann veg, sem flm. frv. vilja gera, legði það ríkinu mjög miklar skyldur á herðar, með því að auka stórkostlega iðnaðarfræðslu í landinu, ef ekki á að hljótast af þessum breyt. stórkostleg afturför meðal iðnstéttanna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þar, sem iðnnemendur eru flestir, en það er í Reykjavík, er högum svo háttað, að erfitt er að koma því svo fyrir, að allir iðnnemar geti átt kost á þeirri skólagöngu, sem viðkemur iðnaðarnáminu. Ef allar stíflur eru teknar burtu í einu vetfangi, yrði afleiðingin sú, að verklega námið yrði ófullkomið, þar sem nemendafjöldinn yrði það meiri, miðað við meistara og sveina, en verið hefur, að ekki væri hægt að veita verklega tilsögn að fullu gagni. Einnig má búast við, að erfitt verði að koma því svo fyrir, að bóklega námið verði stundað með þeim aðbúnaði, sem nauðsynlegt er fyrir iðnnema.

Ég held, að hyggilegra væri að fara gætilega af stað og rasa ekki um ráð fram, þótt ég geri ekki lítið úr þeirri gagnrýni, sem hv. frsm. kom með í sambandi við lokun á sumum iðngreinum. En það er í þessu máli eins og í mörgum öðrum málum,

að rétta leiðin er kannske á milli tveggja öfga til beggja skauta. Það er einmitt það, sem minni hl. n. ætlast til, að ríkisstj. athugi með endurskoðun á allri iðnaðarnámslöggjöfinni.

Ég hef átt tal við sakadómarann í Reykjavík, en undir hans embætti falla framkvæmdir í þeim málum, sem heyra undir iðnaðarnám, og hann hefur sagt mér, að það hafi komið í ljós æði margir ágallar á iðnaðarnámslöggjöfinni í sambandi við meðferð dómstólanna í þrætumálum. Þá galla þyrfti að sníða af, og væri margra góðra upplýsinga að vænta frá honum.

Mér er kunnugt, að iðnmrh., sem þessum málum er mjög kunnugur og hefur fjallað um þessi mál hér á Alþ., telur fyrir sitt leyti mjög varhugavert að taka í skyndi þær ákvarðanir, sem frv. leggur til. Hann telur brýna þörf á því, að öll löggjöfin sé tekin til rækilegrar endurskoðunar, og þar á meðal þau atriði, sem frv. fjallar um.

Í höndum þessa ráðh. tel ég, að málinu væri bezt borgið við endurskoðun.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Aðalatriðið er, að á þessu stigi verði ekki gripið til svona bráðabirgðabreyt., svo róttækar sem þær eru, án þess að iðnaðarnámslöggjöfin sé endurskoðuð, og legg ég til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Ásmundur Sigurðsson: Ég vil aðeins segja örfá orð. Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 548 og er alveg sammála því, sem hv. frsm. minni hl. tók fram.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Ég sé það á þskj. 548, sem og var staðfest í ræðu hv. frsm. minni hl. iðnn., að lagt er til, að málinu verði vísað til ríkisstj. Að vísu er drepið á það í þessu nál., að endurskoðun iðnaðarnámslöggjafarinnar þurfi að fara fram, en þó er þar ekki neitt ákveðið um afgreiðslu þessa máls innan hæfilegs tíma, og þar tel ég mjög á skorta, því að málið er vissulega þess eðlis, að það er ekki heppilegt, að því sé blátt áfram vísað til ríkisstj., án þess að Alþ. áskilji neitt um frekari afgreiðslu þess, því að það er vitað mál, að einfaldasta leiðin til að koma málum fyrir kattarnef er að vísa þeim til ríkisstj. Hv. frsm. varaði við þeirri hættu, er af því gæti stafað, að þau ákvæði, sem eru í l. um aðgang að iðnaði, væru numin úr gildi. Ég skal ekki véfengja það, að frsm. þykist sjálfur sannfærður um, að af þessu geti eitthvað hlotizt, og hann bendir sérstaklega á það, að það gæti bakað ríkissjóði byrðar að því er iðnaðarfræðslu snertir. Ég hef ekki heyrt, að hætta geti stafað af kröfum fólks um aukna menntun, þótt kostnaður bæjarfélaga og ríkissjóðs verði meiri en annars. Hitt hefur verið stefnan, að ýta undir aukna menntun, en ekki það, að menn setji kostnaðinn svo fyrir sig, að ekki megi hverfa að því ráði að auka menntun í landinu, og þegar verið er að tala um menntun og menningu, á ekki hvað sízt við að minnast á verklega menntun, svo að það út af fyrir sig virðist mér ekki eins fráfælandi eins og hv. frsm. vildi vera láta.

Ég veit vel, að því mun haldið fram, að húsrými fyrir iðnnemendur sé ekki nægilegt eins og stendur, en það eru fleiri nefndir en þeir, sem búa við skarðan hlut í þeim efnum.

Hv. minni hl. hefur gert meiri hl. þann greiða að birta með nál. sínu þau bréf, sem iðnn. hefur borizt, til meðmæla eða mótmæla. Eitt af þessum bréfum er frá Iðnnemasambandi Íslands. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé nýtt félag og meðlimir þess séu aðeins þeir, sem iðnnám stunda. En svo kynlega bregður við, að í löngu erindi, sem félag þetta sendir Alþ., mótmælir það því af öllum kröftum, að aðrir unglingar fái aðgang að iðnnámi. Þykir mér tæplega vera hægt að skoða þetta heilbrigða hugsun hjá uppvaxandi æskulýð, ef tileinka á þetta bréf þeim, sem hafa skrifað undir það. Ég hef tilhneigingu til þess að ætla, að um þessi mótmæli, sem beint er til Alþ. frá þessum unglingum, sem eru í Iðnnemasambandinu, megi eitthvað svipað segja og þegar Jakob, að ráði Rebekku, blekkti Ísak föður sinn og villti á sér heimildir með því að vefja skinni um hendur sér, til þess að Ísak, sem vissi að hendur Esaús voru loðnar, skyldi trúa, að Esaú væri kominn. Má segja, að Alþ. geti sagt, þegar unglingarnir eru að mótmæla því, að aðrir komist til iðnaðarnáms, að höndin sé Esaús, en röddin Jakobs.

Ef við lítum á kæruskjal það frá félagi járniðnaðarmanna til sakadómara, gegn þeim fyrirtækjum hér í Reykjavík, sem hafi of marga nemendur í samanburði við sveina, þá er fróðlegt að bera þetta saman við það, hve erfitt er að fá nokkuð gert hér á þessu sviði.

Enn fremur er fróðlegt að heyra niðurstöðurnar, ef þessu væri sinnt og fylgt fram.

Eftir þessu yrði að víkja frá fyrirtæki no. 1, sem hefur 3 nemendur, en einungis 1 fullgildan járnsmið, 2 nemendum. Frá fyrirtæki no. 2, sem hefur 3 nemendur, en bara 2 fullgilda járnsmiði, yrði 1 nemandi að víkja.

Frá fyrirtæki no. 3, sem hefur 4 nemendur, en 1 fullgildan járnsmið, yrðu 3 nemendur að víkja. Frá fyrirtæki no. 4, sem hefur 5—6 nemendur, en aðeins 3 fullgilda járnsmiði, yrðu 3 nemendur að víkja. Frá fyrirtæki no. 5, sem hefur 9 nemendur, en aðeins 1—2 fullgilda járnsmiði, yrðu 6 eða 7 nemendur að víkja. Frá fyrirtæki nr. 6, sem hefur 7 nemendur, en aðeins 1 fullgildan járnsmið, yrðu 6 nemendur að víkja. Frá fyrirtæki no. 7, sem hefur 10 nemendur, en aðeins 1 fullgildan járnsmið, yrðu 9 nemendur að víkja. Frá fyrirtæki no. 8, sem hefur 12 nemendur, en aðeins 2 fullgilda járnsmiði, yrðu 10 nemendur að víkja. Frá fyrirtæki no. 9, sem hefur 14 nemendur, en aðeins 5 fullgilda járnsmiði, yrðu 9 að þoka. Frá fyrirtæki no. 10, sem hefur 22 nemendur, en aðeins 4 eða 5 fullgilda járnsmiði, yrðu 17 nemendur að þoka. Frá fyrirtæki no. 11, sem hefur 30 nemendur, en aðeins 4 fullgilda járnsmiði, yrðu 26 nemendur að víkja. Ég fer hér í öllu eftir því kæruskjali, sem birt hefur verið. Hugsum okkur, ef allir þeir nemendur, sem hér eru taldir, á milli 90 og 100, yrðu að hverfa frá námi, hvaða þýðingu það hefði fyrir fyrirtækin, því að margir þeirra eru að nálgast það að verða fullgildir.

Og samkvæmt löggjöfinni eru svo þessi fyrirtæki, sem yrðu að vísa nemendunum á bug eftir lögunum, skuldbundin til þess að halda þeim við nám með öllum sínum fríðindum. En þetta sýnir, hvernig lífið sjálft tekur á þessu, þróunin gengur í aðra átt en l. ætluðu, og þegar á þetta er litið, þá sé ég ekki, hve hættulegt það er að nema burtu svo óhæf ákvæði. Mér er sagt, að þeim, er kærðu, hafi eigi litizt á blikuna, þegar til kom, að reka á milli 90 og 100 nemendur frá járniðnaðarfyrirtækjum, þar sem eftirspurnin er engu minni. Í raftækjaiðnaðinum er mér sagt, að ríki hið mesta öngþveiti. Nú er svo komið, að ómögulegt er að fá fullkominn svein í vinnu, hvað sem við liggur. Það er leyfilegt að hafa 1 nemanda á móti 1 sveini. Fyrirtæki, sem hefur 10 sveina, má hafa 10 nemendur, en fyrirtækið getur ekki hindrað það, að þessir 10 sveinar fari úr vinnu og stofni fyrirtæki, og þá stendur fyrirtækið uppi með sína 10 nemendur og engan svein, og ef til vill er það þannig með þau fyrirtæki, sem ég las upp áðan. Ég hygg, að þótt hv. minni hl. hafi eitthvað til síns máls viðvíkjandi því, að skólarúmið sé lítið, þá séu þó hinir örðugleikarnir miklu hættulegri fyrir atvinnulíf landsins. En þetta er ekki eina atriði þessa máls.

Nýlega hefur því verið hreyft af einum hagfræðingi ríkisins í Kaupsýslutíðindum, og þar segir m. a.: Löggjafinn hefur ekki einungis látið það afskiptalaust, að félög sveina og meistara ákveði tölu nemenda og þar með tölu starfandi iðnaðarmanna í grein sinni, heldur hefur hann beinlínis heimilað, að slíkt samkomulag sé gert. Samkv. iðnaðarnámslögunum frá 1938 eiga iðnaðarfulltrúarnir, sem skipaðir eru af atvinnumálaráðherra, að setja reglur um slíka samninga og staðfesta þá, að fengnu áliti sveina- og meistarafélags staðarins eða landssambands iðnaðarmanna um þörfina fyrir fjölgun í iðninni. En jafnframt segir í lögunum, að hafi félög sveina og meistara í einhverri iðngrein komið sér saman um tölu iðnnema, kaup og kjör, skuli því samkomulagi ekki raskað af iðnaðarfulltrúunum. Í viðauka við lögin, sem samþykkt voru 1940, var svo enn fremur ákveðið, að meistari megi aldrei hafa fleiri nemendur að vinnu en fullgilda iðnaðarmenn.“ Og enn fremur segir þar:

„Mundi nokkur mæla því bót, ef stungið væri upp á því, að félagsskapur íslenzkra lækna ætti að ráða því, hversu margir fengju inngöngu í læknadeild Háskólans á ári hverju?

Það er þó þýðingarmikið fyrir læknana, að þeim fjölgi ekki um of, og það er raunar ekki einungis þýðingarmikið fyrir þá, heldur þjóðfélagið allt, þar eð því getur verið samfara nokkur hætta, að mjög margir læknar gangi atvinnulausir. Eða hvað yrði sagt við því, ef stýrimenn vildu fá að ráða því, hversu margir fengju inngöngu í stýrimannaskólann og verða skipstjórar?“

Og enn segir hann:

„Nú um þessar mundir er mikið talað um rétt manna til atvinnu og menntunar og ákveðinna lágmarkstekna, og er hér jafnvel talað um að lögfesta slíkan rétt í stjórnarskránni. Væri það vissulega mikið framfaraspor og æskilegt í alla staði. En það er hins vegar engan veginn í samræmi við þessar hugsjónir, að löggjafinn heimili eða láti afskiptalaust, að ungum mönnum sé meinað að læra það verk, sem hugur þeirra girnist, og síðan stunda þá atvinnu, sem þeir hafa tilskilda kunnáttu til. Slíkt er í rauninni skerðing á frumstæðum mannréttindum, auk þess sem að því er þjóðfélagslegt tjón, að mönnum, sem vilja sérmennta sig, sé meinað það. Þjóðin þarf auðvitað á sem flestum faglærðum mönnum að halda. Eins og allar aðrar stéttir þjóðfélagsins, ættu iðnaðarmenn að eiga rétt til nokkurn veginn stöðugrar atvinnu við sómasamlegum launum, er þeir eiga ekki rétt til sérstakra tryggingarákvæða af hálfu löggjafarvaldsins umfram aðrar stéttir, sérstaklega ekki, ef af þeim er þjóðfélagslegt tjón að öðru leyti, og að þau valda því, að skertur er réttur ungra manna til þess að stunda það nám og velja sér það ævistarf, sem þeir kjósa sér.“

Mér þykir mjög vænt um orð þessa ágæta hagfræðings, sem mun vera talinn gilt vitni hjá þeim, sem hér mæla gegn því, að hliðið sé opnað fyrir ungu mönnunum. Það helzt ekki vel í hendur að vilja framkvæma meiri tæknilegar framkvæmdir en áður hefur þekkzt, en viðhalda jafnframt úreltum lögum, sem orsaka skort á mönnum, sem hafa þekkingu á að framkvæma verkið. En á þessu hefur ætíð verið klifað að gera varnargirðingu, til þess að tryggja fáeinum mönnum afrakstur af vinnunni. Það hefur einnig verið haldið fram í nafni réttlætis og mannúðar svo miklum kröfum til handa nemendunum, að meistararnir hika við að taka þá. T. d. fríðindi, svo sem ókeypis skólaáhöld og kaup fyrir þann tíma, sem þeir eru í skólanum. Þótt þetta sé náttúrlega gott fyrir nemendurna, þá getur það fælt meistarana frá því að taka þá og kenna þeim. Ég vil þó endurtaka það, að það verður að tryggja nemendunum góð skilyrði, en þó má ekki ganga of langt. Þegar þess er t. d. krafizt, að nemandinn hafi kaup þann eina klukkutíma, frá því hann yfirgefur verkstæðið og mætir í skólanum kl. 5, sem hann býr sig undir tímana á, og þetta verður svo til þess að þrengja, að nemendurnir verði teknir. Ég hygg, að þetta verði skammgóður vermir, því að námstíminn er undirbúningur undir starfið, og það fer eftir því, hvernig sá undirbúningur verður, hversu nemendurnir reynast í lífinu, og skiptir því meira en hitt, hvort þeir fá þennan klukkutíma borgaðan eða eigi. Ég legg aðaláherzluna á þau mannréttindi, að unga kynslóðin fái að velja sér sitt eigið starf. Menn hafa ótakmarkaðan aðgang að lækna- og prestaskólanum, en í iðnskólanum eru settar þessar hindranir, sem eru ólög gagnvart þeim, sem hann vilja sækja, að við viljum afnema þennan lagastaf, þótt það kosti aukningu iðnskóla. Það á að hætta að búa svo að þessum greinum, að þær kyrkist, svo að nauðsynlegt sé að flytja inn útlenda fagmenn, eins og það, er sækja þurfti sjómenn og vinnukonur til Færeyja. Það má segja, að hér sé um „princip“mál að ræða: Vilja menn hafa réttindin jöfn eða að sumir fái að velja sér ævistarf, en aðrir ekki? Að svo mæltu vil ég fyrir mitt leyti mælast

til, að þessu verði ekki vísað til ríkisstj., því að það væri sama og að leggja málið á hilluna, og er ég þar af leiðandi á móti till. hv. minni hl.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég hygg, að í þessu gæti allmikils misskilnings. Þeir halda því fram, að þetta sé gert sökum þess, að menn séu á móti því, að hver og einn fái að velja sér ævistarf að eigin geðþótta. En þetta er ákaflega mikill misskilningur, því að þær hömlur, sem í þessum málum eru settar á iðnaðarnám, eru fyrst og fremst settar til þess að þeir, sem út í þetta fara og nám stunda, fái notið þess til fulls, fái lært það. Það þýðir ekkert að *senda nemanda á skóla*, — við skulum taka það almennt —, nema það sé einhver til að kenna honum. Og það þýðir ekkert að senda nemanda á skóla, ef ekki er til húsrúm fyrir hann, ef engin tæki eða möguleikar eru til að kenna honum það, sem hann á að læra. Þetta hefur orðið til þess, að það hefur orðið að takmarka nemendafjölda í mörgum skólum fyrir utan iðnfræðsluna. En þær takmarkanir, sem í iðnlöggjöfinni hafa verið settar um það, hve marga nemendur megi á *hverjum* stað taka til náms, eru fyrst og fremst miðaðar við það, að þeir, sem teknir eru til kennslu, fái þá kennslu og þann aðbúnað, að þeir njóti kennslunnar til fulls. — Iðnfræðslan gengur fyrir sig hjá okkur öðruvísi en aðrar námsgreinar. Þegar menn ætla að vera iðnaðarmenn, tekur ríkið ekki þátt í því nema að mjög litlu leyti. Iðnfræðslan getur verið á tvennan hátt, svo kölluð skólakennsla annars vegar og svo kölluð starfskennsla hins vegar. Þar, sem skólakennsla er í iðnaði, er hún venjulega á þann hátt, að ríkið, — eða stofnanir einhverjar, oftast ríkið —, setur á stofn skóla, sem kennir viðkomandi iðngreinar í skóla, og er þá venjulega ekki takmarkaður neitt aðgangur að kennslunni að öðru leyti en því, sem húsrúm og kennslukraftar gera. Hins vegar er það ekki svo hér, að ríkið sjái um þessa starfskennslu, heldur einstaklingar, eða svo kallaðir meistarar. Þeir taka menn til náms af tveimur ástæðum. Bæði til þess að viðhalda fagmönnum í stéttinni og til þess að hjálpa sér á verkstæðinu. Þessi kennsla er talin betri og hagkvæmari heldur en skólakennslan. En *þegar kennslan fer fram á þennan hátt, að meistari* tekur nemanda á verkstæði til náms, þá verður nemandinn að ganga með iðnaðarmanni til starfa, fylgja honum eftir og læra af honum handbrögðin og njóta hans persónulegu tilsagnar meðan á náminu stendur. — Venjulega taka menn ekki nema einn nemanda til náms í einu. Og það var álitin góð og gild regla, að einn nemandi kæmi á hvern meistara. En eftir að meistarar tóku stærri verk, tóku *þeir sveina til vinnu, og þá færðist kennslan að meira* og minna leyti yfir á sveinana. Og þá yfirfærðist reglan þannig, að hæfilegt var talið fyrir einn svein að hafa einn nemanda til kennslu, og mátti ekki meira vera. Nú hefur það verið lagt til grundvallar á síðustu tímum í iðnnámslöggjöfinni, að þetta hefur verið bundið við það, að meistari mætti ekki hafa fleiri iðnnema heldur en faglærða menn, sveina og meistara, til vinnu. Þetta er lagt til með frv., sem fyrir liggur, að numið verði alveg úr gildi, en engar takmarkanir verði settar fyrir því, hversu margir nemendur megi vera hjá meistara. Ég held, að þetta sé ekki rétt stefna að nema allar takmarkanir um þetta úr gildi. Því að það hefur sýnt sig, að það yrði herfilega misnotað. — Hv. þm. Vestm. las áðan upp úr þskj. 548, þar sem kom í ljós, að til eru í járniðnaðinum fyrirtæki, sem hafa 10 nemendur í vinnu, en aðeins einn svein. Hvernig halda menn, að kennslan sé á þessu verkstæði? Vélsmiðjur eða járnsmiðjur hafa vinnu í mörgum mismunandi stöðum, og þessi eini sveinn, sem til er í fyrirtækinu, getur ekki verið nema á einum stað og kannske með einn nemanda með sér, ef hann getur þá verið með nokkurn. En hvar eiga hinir nemendurnir að vera á meðan, og hvar eiga þeir að læra? — Hjá öðru fyrirtæki eru hér taldir yfir 20 nemendur, en ekki nema 4 eða 5 fullgildir járnsmiðir, sem geti veitt þeim tilsögn. Það er á vitund allra, bæði þeirra, sem þetta snertir, og annarra, að þessi hlutföll fá ekki staðizt, ef um nokkra eðlilega kennslu á að vera að ræða.

Að hafa engar hömlur í þessu sambandi, álít ég ekki koma til greina, því að ég álít, að þessi dæmi sýni bezt og sanni, að það geti leitt til öfga á hinn bóginn.

Ég viðurkenni hins vegar fúslega, að þetta er vandamál, sem þarf mikillar athugunar við og skilnings frá beggja hálfu, til þess að á þessu fáist einhver skynsamleg lausn.

Það mun nú vera svo, bæði í járniðnaði og í öðrum iðnaði, að ákveða tölu nema þannig, að það er miðað við þá sveinatölu, sem á þeim tíma er á viðkomandi stað, eins og löggjöfin segir fyrir um. Og ég hef ekki ástæðu til þess að ætla, að þrátt fyrir þetta misræmi, sem á sér stað, þá sé yfirleitt sú heildartala, þó að annað komi fram í þessu skjali, mjög svipuð þeirri sveinatölu, sem hér er í heild í bænum. Ég hygg, að samanlögð tala nema í járniðnaði sé mjög svipuð þeirri sveinatölu í heild, sem til er í bænum. Hins vegar flytjast þeir til á milli staða, sem erfitt er að gera við, og það er af því, sem getur skapazt það óheilbrigða fyrirkomulag, að það hafa orðið 10 nemar á móti einum sveini til að kenna þeim, *sem er auðvitað alveg ófullnægj*andi.

Hv. frsm. sagði, að þannig hefði lífið sjálft tekið öðrum tökum á málinu heldur en löggjöfin. Þetta er náttúrlega ekki rétt nema að nokkru leyti, því að starfandi eru nú iðnfulltrúar, sem eiga að sjá um og hafa fullkomið eftirlit með því, að ákvæðum þessarar löggjafar sé fylgt. Svo að ef misræmi á sér stað eða löggjöfin er brotin, þá er það a. m. k. *að einhverju leyti af því, að þess hefur ekki* verið gætt sem skyldi, að þeim ákvæðum væri fylgt.

Þróunin hefur að vísu orðið miklu örari í þessum málum en nokkurn óraði fyrir. Iðnnematalan hér í Reykjavík mun vera 660, eftir því sem mér er sagt. Þannig að ætla mætti, að viðkoman væri allt að því nægileg. A. m. k. er hún svo mikil, að sá skóli, sem hér er til þess að kenna hinar bóklegu greinar námsins, rúmar ekki alla þá nemendur, og hefur

orðið að fara með þá í húsnæði úti um bæinn og kennslan fyrir það orðið miklu erfiðari.

En það, sem ég vildi aðallega og fyrst og fremst um þetta segja, er það, að sú takmörkun, sem er í löggjöfinni um iðnaðarnám, er fyrst og fremst gerð til þess að tryggja þeim nemendum, sem í námið fara, fullkomið og gott nám. Því að hvorki nemendur sjálfir né þjóðin í heild er bættari með mönnum í iðngreinum, ef engin skilyrði eru til þess að kenna þeim það, sem þeir eiga að læra. Þótt það þyki skerðing á mannréttindum, eins og hv. þm. Vestm. orðaði það, að leyfa ekki ótakmarkaða tölu nema í iðngreinum, þá verður að sjá til þess, að nemendur fái fullkomna kennslu, eins og til er ætlazt, en það takmarkast af þeim fjölda faglærðra manna, sem þar eru fyrir hendi.

Hv. þm. Vestm. minntist á kaup iðnnema og taldi, að kauphækkun gæti valdið fyrirstöðu hjá meisturum til þess að taka nema til náms. Ég álít, að ekki sé hætt við því. Því að mér hafa borizt frá iðnfulltrúum, sem hafa sent með þessu frv. umsögn sína, bréf, þar sem þeir skýra frá því, að yfirleitt séu iðnnemar hér svo illa launaðir, að þeir áliti það nauðsyn og telji sig, eftir núgildandi l., mega grípa þar í taumana og þeir muni upp úr næstu áramótum koma inn fleiri reglum en nú eru í l. um það, hvernig nemum þessum skuli greitt kaup. Áður var það svo hér, að iðnnemar fengu, meðan þeir voru við nám, frítt fæði, húsnæði og einn fatnað á ári fyrir utan vinnuföt. Nú telja iðnfulltrúar, að laun iðnnema séu miklu lægri en þessu nemur, jafnvel þótt þeim sé reiknað kaup í iðnskólastundunum eins og hv. þm. Vestm. sagði. Kaupið er borgað með öðrum hætti; það er borgað sem tímakaup. En áður var það borgað með fæði, húsnæði og fötum, sem sagt, piltunum var gert fært að lifa án kaupgreiðslu. En að dómi iðnfulltrúa virðist það ekki vera eins auðvelt fyrir nema að lifa við þau kjör, sem þeir nú hafa, eins og áður var hægt.

Ég er alls ekki að telja eftir, þó að veita þyrfti fé til iðnskólastækkunar eða iðnskólabyggingar út af fyrir sig, en ég hefði viljað, að möguleikar væru fyrir hendi með kennslu í skólanum, áður en fleiri nemendur væru teknir, og ég álít, að það þurfi að athuga það, hvaða möguleikar séu til þess.

Hér eru á þskj. 548 umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Iðnnemasambandi Íslands, Meistarafélagi járniðnaðarmanna og iðnfulltrúum. Þessar umsagnir eru á ýmsan veg, og mæla sumar með frv. og aðrar á móti frv. og sumar ekki nema að nokkru leyti. En eitt er sameiginlegt hjá öllum þessum fjórum aðilum, sem er eftirtektarvert, að þeir leggja allir til, að iðnlöggjöfin verði endurskoðuð. Alþýðusamband Íslands segir í niðurlagi álits þess, er það sendir til iðnn. Nd. Alþ., með leyfi hæstv. forseta: „Viljum vér lýsa því áliti voru, að æskilegt væri, að lög um iðnaðarnám yrðu tekin til rækilegrar endurskoðunar.“

Iðnnemasamband Íslands segir í sínu bréfi: „Leggjum vér því til, að báðar þessar umræddu breytingar verði felldar, en iðnnámslöggjöfin í heild verði tekin til endurskoðunar með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum, en ekki nokkurra atvinnurekenda, eins og flm. þessa frv. hefur orðið á.“

Meistarafélag járniðnaðarmanna segir, að það telji, að frv. sé góð byrjun á lagfæringum, sem það telji, að iðnlöggjöfin þyrfti að fá. Þar með benda þeir á, að meira þurfi við. Loks eru það iðnfulltrúarnir. Þeir hafa fyrir nokkru mætt á fundi með iðnn. Alþ., og létu þeir í té í frumvarpsformi ásamt grg. nokkrar brtt. við iðnnámsl., og var ein þeirra samhlj. 1. gr. frv. á þskj. 363. Allir þessir aðilar, sem hafa verið hér kvaddir til umsagna um málið, telja, að endurskoðun þurfi að fara fram á iðnskólalöggjöfinni.

Lög um iðnskóla voru sett fyrst árið 1927 og hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan. Þetta er vitaskuld frumsmíð, þar sem þetta var nýtt atvinnusvið og líka alveg nýtt með þjóðinni, þegar löggjöfin var sett, og er ekkert undarlegt við það, þótt reynslan hafi síðar kennt, að á löggjöfinni þurfi að gera ýmsar breytingar.

Ég fyrir mitt leyti tel það sjálfsagt, að það verði farið að óskum þessara aðila; löggjöfin í heild, bæði einstök atriði, sem er um að ræða, og önnur verði tekin til rækilegrar og ýtarlegrar athugunar og meðferðar.

Hv. minni hl. iðnn. hefur lagt til, að frv. verði vísað til ríkisstj. Ég fyrir mitt leyti get lýst því hér yfir, að ef það verður úr að vísa frv. til ríkisstj., og reyndar hvort sem er, þá mun ég reyna að sjá um það, að þessi löggjöf verði tekin fyrir til gagngerðrar endurskoðunar svo fljótt sem unnt er, og niðurstaða af þeim athugunum verði í frumvarpsformi lögð fyrir hæstv. Alþ., þegar sú athugun hefur farið fram. Þetta vildi ég láta koma fram vegna tilefnis frá hv. frsm., þar sem hann virðist álíta það, að ef frv. væri vísað til ríkisstj., þá mundi það vera sama og að leggja málið á hilluna. En ég tel mig geta lofað honum því, að það verði leitað till. allra eða flestra þeirra málsaðila, sem hér eiga hlut að máli, bæði þeirra, sem eru með hans frv. og móti, og reynt að vinna þannig að og úr, að endum verði náð saman. Þetta verður að gera með samkomulagi; það er varla unnt með öðru móti.

Ég hefði óskað eftir því, ef þeir sæju sér það fært, frsm., að þessari lagasetningu, sem hér liggur fyrir, yrði þá frestað, þangað til þessi athugun hefur farið fram. Ég teldi það betra heldur en að setja einhliða ákvæði eins og þetta, sem vitað er, að ef sett verður, jafnvel þótt eftirlits iðnfulltrúa gæti framvegis eins og hingað til, þó að frv. verði samþ., þá óttast ég, að það muni torvelda samkomulagið um þá endurskoðun, sem ég tel vera nauðsyn og mér virðist allir aðilar vera sammála um að þurfi að fara fram.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég hef nú hlustað á hæstv. ráðh. og verð ég að segja það, að að því leyti, er snertir þá ágalla, sem eru á ýmsum stöðum í iðnaðinum, þá er ég ekki sammála með sams konar niðurstöður og hæstv. ráðh.

Við skulum gæta að því, að það, sem hér er nú komið betur í dagsljósið, er ekki búið til í gær og

ekki heldur á þessu ári. Það er afleiðing af stefnu í þessum málum, sem hefur verið tekin í öfuga átt við eðlilega þróun.

Og mér er næst að minnast, hve erfitt hefur verið að koma hér unglingum að iðnnámi á undanförnum árum, fyrir 1930. Þá átti ég hlutdeild í því að koma ungum mönnum úr Vestmannaeyjum í iðnnám hér í Reykjavík einmitt í járnsmíðaiðn. Og hvað annan þeirra snerti, þá var ég að glíma við það í fjögur ár að koma honum á verkstæði. En forstjórar Héðins og Hamars voru reiðubúnir að taka við þeim piltum, en það voru sveinafélögin, sem settu þrepskjöld fyrir, að það dugði til að bægja honum frá. Hann er nú fyrir löngu orðinn sveinn. En í þessu einstaka tilfelli tók það fjögur ár.

Í öðru tilfelli, sem ég hef haft líka með að gera, lukkaðist mér á þremur árum að koma pilti í járnsmíðanám. Ég drep á þetta sem dæmi um það, hvað meinsemdin er gömul. Verkanir hennar eru að koma alvarlega í ljós í þjóðfélaginu og sýna sig í þeim skorti á faglærðum mönnum.

Nú hef ég alls ekki sagt, að það út af fyrir sig, að samþ. frv., sem hér liggur fyrir, sé allra meina bót í þessu efni. Það er miklu frekar borið fram til þess að vekja athygli hæstv. Alþ. á því ástandi, sem nú er í þessum efnum. Og við flm. teljum það mikla bót á þeim mikla galla á ríkjandi ástandi, sem nú er í þessum efnum, ef frv. næði samþykki þingsins. En ég vil engan veginn leggja á móti því, að iðnlöggjöfin verði endurskoðuð, og get að því leyti tekið undir með hæstv. ráðh., að það sé gert hið fyrsta. En ég vil þá benda á það, að nú ranka menn fyrst við sér og fara að tala um, að það þurfi að fara að endurskoða iðnlöggjöfina, þegar þetta frv. er borið fram, og þá halda þeir, að það sé borið fram til þess að hlynna að atvinnurekendum, sem er bláber vitleysa, og ég mótmæli því algerlega. Þetta frv. er ekki borið fram fyrir neinn annan aðila en unglingana, sem langar til að komast að í iðngrein, en er meinað það af sveinafélögunum. Og í nýafstöðnum verkföllum munu sveinafélögin hafa komið með kröfu um að þrengja enn þá meir aðgang að iðngreinum. Ég hef sannorðan mann fyrir því. En þær kröfur náðu ekki fram að ganga það sinn. Og ekki sízt er þetta frv. fram komið til þess að útiloka þessa útilokun unglinga frá námi af nokkrum mönnum, sem eru af tilviljun innan þessara sveinafélaga.

Svo hlaupa þessir menn til og bera það á þm., sem halda fram rétti þeirra, sem til þeirra hafa leitað, vegna þess að þeim er meinað að undirbúa sig undir lífið á heiðarlegan hátt, að þeir séu að vinna aðeins fyrir atvinnurekendur. Ég veit ekki, hvar er meiri þörf á að rýmkað sé eitthvað til en einmitt fyrir hinni uppvaxandi kynslóð.

Ég býst við, að þeir, sem nú eru búnir að koma fótum undir sig í atvinnurekstri, rjúki ekki um koll, þó að rýmkað sé til eins og frv. þetta fer fram á.

Það sýnir bezt, hvernig l. eru um iðnaðarnám og hvernig menn yfirleitt líta á þau, að yfirvöldin hafa ekki séð sér fært að framfylgja þeim, þar sem allt of margir nemar munu vera í Reykjavík miðað við núgildandi löggjöf.

Ég vísa algerlega á bug þeim aðdróttunum, að þetta frv. sé fram komið af nokkrum öðrum hvötum en þeim að greiða úr því ófremdarástandi, að því er snertir aðgang að iðnaði í landinu fyrir þá ungu menn, sem hann vilja læra.

Í einstaka iðnaði er það svo, að bili eitthvað á heimilum, þá vita menn, að ekki eru nokkur tök á að fá það lagfært nema með löngum tíma. Það mætti nefna margar iðngreinar, t. d. rafmagn, þar sem slíkt ástand ríkir; bili eitthvert rafmagnstækið, þurfa menn að bíða mjög lengi, þangað til rafvirkinn má vera að því að líta á það. Það kemur fram í því ástandi, sem ég hef lýst.

Hæstv. ráðh. gerði hér talsverða bragarbót á því a. n. l., sem hér er um að ræða, að því leyti, að hann lofaði því, að endurskoðun á þessari löggjöf skyldi fara fram. Það er í sjálfu sér gott og blessað, að hæstv. ráðh. lofaði því. En ég fyrir mitt leyti vildi óska þess, að hæstv. ráðh. vildi þá lýsa yfir því, að ef fallizt væri á, að niður félli nú barátta um þetta mál hér í hv. þd., þá yrði framkvæmd endurskoðun á löggjöfinni svo tímanlega, að frv. um þetta yrði lagt fyrir næsta þing. Og málið er ekki stærra en svo, að með góðum vilja ætti hæstv. ríkisstj. að geta komið fram endurskoðun á l. fyrir næsta þing og lagt fram slíkt frv. á næsta þingi. Það mundi horfa öðruvísi við fyrir mínum augum, ef þessu væri lofað af hæstv. ríkisstj., en ég get ekki svarað í þessu efni fyrir meðnm. mína. Því að, eins og ég áður sagði, vil ég alls ekki mæla á móti því, að það sé fleira í þessari iðnlöggjöf, sem lagfæringar þurfi við, heldur en þetta atriði, sem ég hef talað um. En í hinu atriðinu læt ég ekki undan síga um, að útilokunin og ófrelsið í þessum efnum verður að hverfa. Hvort það hins vegar verður á þessu þingi eða á næsta ári, er ekki aðalatriðið fyrir mér. Og mér þætti vænt um að heyra álit hæstv. samgmrh. um það, hversu fljótt þetta mætti verða.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég skal ekki fara út í það, sem hv. þm. Vestm. sagði nú um tilraunir sínar 1930 eða þar um kring til þess að koma mönnum í iðnaðarnám. En ég vil benda honum á það, að hlutfallið um einn nemanda á móti einum sveini er nýtt ákvæði, — það, sem hér er lagt til að fella úr, — sem var ekki komið þá í lög.

Kæran, sem hann minntist á og var lögð til hliðar, mun fyrst og fremst hafa verið lögð til hliðar vegna þess, að heildartala nemenda í járniðnaðinum var eins og sveinanna, svo að tekið undir eitt mundi þetta standast.

Um hvatir hv. flm. í þessu sambandi hef ég ekkert sagt nokkurn tíma. Ég las aðeins það upp, sem hér er í fylgiskjali. En þau orð verða að standa fyrir ábyrgð þeirra manna, sem þau hafa skrifað.

Út af fyrirspurn hv. þm. Vestm. um það, hvort ég gæti lofað því, að frv. um breyt. á iðnlöggjöfinni, sem væntanlega yrði þá niðurstaða n., sem at-

hugaði málið á milli þinga, yrði lagt fyrir næsta þing, get ég ekki sagt annað en það, að ég mun leggja áherzlu á það og gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að svo geti orðið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Það er aðeins út af einu atriði í því, sem hv. þm. Vestm. sagði, sem ég vildi segja örlítið. Það er alveg rétt hjá honum, að það er sjálfsagt að reyna að tryggja ungum mönnum aðgang að iðnum. Það er sjálfsagt að reyna að tryggja þeim í því efni bæði menntun og atvinnu. Og það verður tryggast gert á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að tryggja það, að þeir geti komizt inn í iðnina, lært hana og unnið við hana, meðan þeir eru nemendur, og síðan með því að tryggja, að þegar þeir eru búnir að taka sveinspróf, þá geti þeir starfað áfram í þessari iðn.

Ástandið, sem við höfum búið við áður fyrr, hefur verið það hvað eftir annað, að ungir menn hafa farið inn í iðn og útskrifazt sem sveinar og verið svo sagt upp vinnu daginn eftir að þeir tóku sveinsprófið, en nemendur fengnir í staðinn, til þess að fá ódýrt vinnuafl. Og ef svo hefði gengið koll af kolli, þá hefði þeim ungu mönnum aftur verið sagt upp vinnu, þegar þeir væru orðnir sveinar, og svo áfram. Og þetta er ekki að tryggja mönnum vinnu við iðnað. Við erum allir sammála um það, að við þurfum að hafa eins marga faglærða menn og við getum mögulega fyrir komið við hverja iðngrein og sömuleiðis eins mikið af tækjum og við getum til þess að láta þá vinna með. En enginn okkar er interesseraður fyrir því að fá svona og svona mikið af nemendum inn í iðngreinarnar til þess að reka þá burt, þegar þeir eru orðnir sveinar. Því að með því móti mundum við aldrei fá þá faglærðu verkamenn, sem verður að sækjast eftir. Hagsmunir þessara manna, sem vilja verða faglærðir, rekast á á þessum tveimur sviðum. Það vilja eðlilega margir ungir menn læra þessar iðngreinar. En þeir vilja líka allir saman fá vinnu sem lengst, það sem eftir er í þessum iðnaði, eftir að þeir eru búnir að læra. Því að alltaf verða þeir fullkomnari og fullkomnari í iðn sinni. Og það er þjóðfélaginu líka fyrir beztu, að þeir fái að vera áfram við sínar iðngreinar. Þessa tvo póla verðum við að samríma. Við verðum að hafa iðngreinarnar mátulega opnar, til þess að við getum fengið nægilega mikið af faglærðum verkamönnum, og við verðum að sjá til þess, að þeir faglærðu verkamenn séu ekki reknir burtu úr iðn sinni, þegar þeir eru orðnir góðir í sinni iðn. En þetta er nokkur vandi að samríma, og þennan vanda er brýn þörf að leysa, sem hæstv. ríkisstj. mun hafa hug á að beita sér fyrir. Og í sambandi við afstöðu Alþýðusambands Íslands, sem hv. þm. Vestm. talaði um, að þarna hafi verkamenn yfirleitt þeirra hagsmuna að gæta, að þeir vilji gjarnan fá sem flest af mönnum inn í þessar iðngreinar og gefa ungum mönnum tækifæri til að læra þær, þá er það að segja, að þeir eru ekki heldur interesseraðir í því, að þessir menn séu reknir aftur úr iðninni. Fyrir 4 árum var það svo, að margir af faglærðum mönnum, bæði í byggingaiðnaðinum og sumir fleiri, urðu að vinna annað en að sinni iðngrein, taka upp mó o. þ. h. Þetta er mikið vandamál fyrir verkamannastéttina sem heild eins og fyrir þjóðfélagið. Og ég ber það traust til ríkisstj., að hún muni vinna að því að samríma það tvennt, sem samríma þarf í þessu efni og ég hef talað um, og leggi fyrir hæstv. Alþ. árangurinn af þeim athugunum.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég vil segja það viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það er í sjálfu sér gott að tryggja þessi tvö atriði, sem hann minntist á: að veita sem flestum ungum mönnum aðgang að því að læra það, sem þeirra hugur stendur til, og hitt, að þeir geti stundað sína iðn, þegar þeir eru búnir að læra hana, og ekki verði frá þeim tekið tækifærið til þess að vinna áfram í henni. En í þessu máli er a og b, og undir a vil ég færa það, að áður en hægt er að tala um að tryggja ungum mönnum atvinnu við það, sem þeir hafa lært, verður að opna þeim aðgang að því að læra þetta, sem þeir eiga að lifa á. Hins vegar vil ég taka undir það með hv. 2. þm. Reykv., að um leið og maður hefur sagt a, verður maður líka að segja b í þessu máli og reyna að halda svo í horfi, að iðnaðarmenn geti haft framhaldandi atvinnu, þegar þeir eru búnir að læra. En við hvort tveggja þetta verður frelsið langbezta úrræðið, vegna þess að menn sækjast ekki eftir því til lengdar, sem enga framtíðaratvinnu veitir, heldur sækja menn í þær iðnir, sem hafa not fyrir þeirra vinnukraft framvegis. Frelsið verður í þessu efni langfarsælast úrræði.

Mér virðist hv. 2. þm. Reykv. vera fyllilega samdóma stefnu þeirri, sem kemur fram í frv.

Að því er aths. hæstv. samgmrh. snertir, þá vil ég taka það fram, að þar sem hæstv. ráðh. hefur lýst yfir, að hann vilji vinna að því eftir getu og leggja sitt lið til þess, að endurskoðun á þessari löggjöf fari fram svo tímanlega, að nýtt frv. um þau atriði, sem hér er um að ræða, og fleira viðkomandi þeirri löggjöf verði lagt fyrir næsta Alþ., þá vil ég tilkynna hæstv. ráðh. það, að meðflm. mínir að þessu frv. og ég höldum ekki þessu máli svo til streitu nú, að við viljum ekki gefa hæstv. ríkisstj. tækifæri til þess að koma með nýtt frv. um þetta mál fyrir næsta þing, og munum við ekki mótmæla því, að gefnu þessu fyrirheiti hæstv. samgmrh., að málið gangi nú til hæstv. ríkisstj., eins og lagt er til af minni hl. n. — Get ég svo látið hér staðar numið fyrir hönd meiri hl. n. og vil þá vænta þess, að árangurinn verði sá af flutningi þessa máls, að ný og betri löggjöf um þetta efni verði samþ. á næsta þingi.

ATKVGR.

Till. frá minni hl. iðnn., á þskj. 548, um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JPálm, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, SÞ, StJSt, ÁS, EOl, EmJ, GÞ, BG.

nei: SkG.

JS, PZ, PÞ, GSv greiddu ekki atkv.

15 þm. (JakM, LJós, PO, SvbH, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EystJ, FJ, GG, GTh, HelgJ, IngJ, JörB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Jóhann Jósefsson: Með skírskotun til loforða hæstv. samgmrh. um það, að þessi löggjöf, sem hér er um að ræða, verði tekin til endurskoðunar og hann muni gera allt, er í hans valdi stendur, til þess að frv. verði tilbúið fyrir næsta Alþ. til lausnar þessa máls, segi ég já.

Sigurður Kristjánsson: Enda þótt lagfæringar á iðnlöggjöfinni hafi nú beðið allt of lengi að mínu áliti og einmitt í því efni, sem frv. þetta fjallar um, mun ég samt, eftir það samkomulag, sem hefur orðið milli hv. flm. frv. og hæstv. samgmrh., segja já.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Fjárlög 1945 (fyrra frv.).

Á 4. fundi í Sþ., 14. jan., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 (stjfrv., A. 4).

Á 8. fundi í Sþ,. 20. jan., utan dagskrár, mælti

fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Það hefur nú verið lagt hér fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1945. Í athugasemdum með þessu frv. er tekið fram, að af eðlilegum ástæðum hafi ekki unnizt tími til að undirbúa það eins vel og æskilegt væri, og því er það í öllum atriðum sniðið eftir fjárlögum þessa árs og aðeins lagt fram til að fullnægja bókstaf stjórnarskrárinnar, sem leggur svo fyrir, að fjárlög skuli jafnan leggja fram í byrjun hvers reglulegs þings á árinu. Ríkisstj. áskilur sér af þessum ástæðum rétt til að mega síðar leggja fram annað frv., eftir að nauðsynlegur undirbúningur hefur farið fram, og fer hún fram á það við hæstv. forseta, að þetta frv. verði því ekki tekið fyrir fyrr en síðar á þinginu, er þessi undirbúningur hefur farið fram.

Forseti (GSv): Ég vil taka tillit til þessara óska hæstv. fjmrh., og vænti ég samvinnu við flokkana um þetta atriði.

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, utan dagskrár, mælti

fjmrh. (Björn Ólafsson): Þingstörfum verður nú brátt lokið og þingi frestað, án þess að umræður fari fram um fjárlög, eins og tíðkazt hefur. Munu þær umræður að líkindum ekki verða teknar upp fyrr en á haustþingi. Af þessum sökum hef ég talið mér skylt að gefa Alþingi sérstakt yfirlit utan dagskrár um afkomu ríkissjóðs á síðasta ári, svo að þingmenn geti glöggvað sig á, hvernig fjármálum ríkisins er nú háttað.

Eins og bráðabirgðaskýrsla sú ber með sér, sem lögð er hér fram á þinginu í dag, hefur afkoma ríkisins verið sæmileg á síðasta ári, þar sem tekjuafgangur er talinn 16409 þús. kr. Þær tölur, sem hér eru birtar, eru settar fram með fyrirvara um, að þær geti breytzt að einhverju leyti, þegar gengið er til fullnustu frá ríkisreikningi.

Ég skal þá gera grein fyrir einstökum liðum í bráðabirgðayfirliti um tekjur og gjöld ríkissjóðs, eftir því, sem ástæða þykir til.

Tekjurnar á árinu hafa orðið samtals 109542 þús. kr., og er það 43790 þús. hærra en áætlað var í fjárl. Hér er að vísu verðlækkunarskattur tekinn með, en fyrir honum var ekki ráð gert í tekjuáætlun fjárlaganna. Þetta eru mestu tekjur, sem íslenzka ríkið hefur haft á einu ári. Til samanburðar má geta þess, að tekjurnar þrjú ár næstu á undan voru sem hér segir:

1942	kr.	86736	þús.	kr.
1941	—	50382	—	—
1940	—	27311	—	—

Um einstaka tekjuliði er þetta að segja:

1. Teku-, eignar- og stríðsgróðaskattur voru áætlaðir 23 millj. kr. samtals, en þeir verða 28181 þús. eða 5181 þús. umfram áætlun. Undanfarin 3 ár námu þessir skattar:

1942	kr.	20470	þús.	kr.
1941	—	10804	—	—
1940	—	2625	—	—

2. Tollar hafa farið mikið fram úr áætlun. Vörumagnstollur var áætlaður 6 millj., en varð 8949 þús. Verðtollurinn var áætlaður 21500 þús., en varð 33871 þús. Umframtekjur á þessum tveimur liðum eru samtals 15320 þús. Undanfarin þrjú ár voru þessir tollar svo sem hér segir:

	1942	1941	1940
Vörumagnstollur	9420 þús.	6995 þús.	6310 þús.
Verðtollur	39384 —	16699 —	6422 —

Sést á þessu, að verðtollurinn, sem er stærsti einstakur tekjuliður fjárlaganna, hefur lækkað frá árinu áður um 5292 þús. Lækkun þessi stafar af því, að minna var flutt inn af ýmsum hátolluðum vörum, vegna þess að erfiðleikar hafa farið vaxandi í því að fá slíkar vörur, svo sem vefnaðarvörur, og að dregið hefur verið úr innflutningi ónauðsynlegs varnings vegna skorts á farkosti.

Verður ekki annað séð en að tekjur af verðtolli muni halda áfram að lækka á þessu ári, og kem ég að því síðar.

Hins vegar stendur vörumagnstollurinn í stað, enda er þessi tollur miklu traustari tekjuliður en verðtollurinn.

3. Verðlækkunarskatturinn, sem reyndist 6281 þús. í stað 7 millj., eins og gert var ráð fyrir þegar hann var settur á, hefur verið talinn í tekjum um-

fram fjárlög. Fjárlögin gera ekki ráð fyrir þessum skatti, og honum er ætlað að bera sérstök útgjöld, sem fjárlögin gera ekki heldur ráð fyrir og því ekki rétt að telja þennan skatt í umframtekjum. Eins og kunnugt er, var skattinum ætlað að standa undir útgjöldum samkv. l. nr. 42 1943 um dýrtíðarráðstafanir. Útgjöld samkv. þessum l. eru samtals um kr. 9075 þús., og skortir því 2800 þús. kr. á, að skatturinn standi undir útgjöldunum.

4. Ríkisstofnanir eru nú stór liður í tekjum ríkissjóðs. Er að vísu aðallega um tvær stofnanir að ræða, sem verulegar tekjur gefa, áfengisverzlunina og tóbakseinkasöluna. Í fjárlögum er áætlað, að tekjur af ríkisstofnunum verði 7761 þús., en tekjurnar urðu samtals 22006 þús. eða 14245 þús. umfram áætlun.

Tekjur áfengisverzlunarinnar eru 16250 þús., eða 12750 þús. kr. umfram áætlun. Verð á áfengi var hækkað í miðjum septembermánuði um 50%, og stafar hinn mikli hagnaður verzlunarinnar að sjálfsögðu að verulegu leyti af því. Sama er að segja um tóbakseinkasöluna, sem skilar um einni milljón umfram áætlun. Verð á tóbaksvörum var hækkað í september. Aðrar stofnanir, sem skila hagnaði, eru: ríkisútvarpið og viðtækjaverzlunin 904 þús., ríkisprentsmiðjan 250 þús. Hins vegar eru tekjur af landssímanum 738 þús. kr. minni en áætlað var.

Þá eru ótaldir nokkrir smærri tekjuliðir, sem fara fram úr áætlun, og eru þessir helztir:

Stimpilgjald	641	þús.	umfram	fjárlög
Innlendar tollvörur	372	—	—	—
Erfðafjárskattur	193	—	—	—
Bifreiðaskattur	178	—	—	—
Veitingaskattur	105	—	—	—
Aukatekjur	82	—	—	—

Nokkrir smáliðir hafa ekki náð þeim tekjum, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Er sá halli *samtals rúmlega hálf millj. kr. Er stærsti liðurinn* fasteignaskattur, og vantar þar 244 þús. kr. upp á áætlun.

Að öðru leyti vísast til heildarskýrslu um tekjur ríkissjóðs.

Ég skal þá í stuttu máli gera grein fyrir helztu umframgreiðslum, sem orðið hafa á síðasta ári á *ýmsum greinum fjárlaganna.*

(Samkvæmt yfirlitinu námu heildargjöldin á árinu 93.1 millj. kr., og er það 31.9 millj. umfram áætlun fjárlaganna).

Alþingiskostnaður og yfirskoðun ríkisreiknings. Þessi liður hefur farið 300 þús. fram úr áætlun. Sá kostnaður, sem færður er á árið 1943, nemur 854 þús. kr. og er fyrir þingstörf 15. til 21. apríl og 1. sept. til 17. des., eða alls 115 daga. Kostnaður á dag verður ca. kr. 7426.00.

Árið áður var kostnaður við þinghaldið talinn 1478 þús. kr., og var það fyrir þingstörf í 182 daga á því ári og 105 daga fyrri hluta ársins 1943, eða alls 287 daga. Kostnaður á dag verður ca. kr. 5150.00. Þegar tekið er tillit til meðalvísitölu hvort árið, verður dagskostnaður nokkru hærri á árinu 1943.

Kostnaður stjórnarráðsins hefur farið 200 þús. kr. fram úr áætlun. Er hér um að ræða hækkun á ýmsum kostnaði. Í þessu er og innifalin breyting, sem gerð var á stjórnarráðshúsinu í sambandi við herbergjaskipun og hitalögn. Gert er ráð fyrir, að þessi fjárhæð lækki eitthvað vegna endurfærslu á aðra liði.

Til hagstofunnar hafa verið greiddar 54 þús. kr. og til utanríkisþjónustunnar 90 þús. kr. umfram áætlun.

Dómgæzla og lögreglustjórn. Skrifstofukostnaður tollstjóra, lögmanns og sakadómara hefur farið 300 þús. kr. fram úr áætlun. Skiptist það þannig á embættin:

Lögreglustjóri	126	þús.	kr.
Tollstjóri	101	—	—
Sakadómari	37	—	—
Lögmaður	36	—	—

Toll- og löggæzla 80 þús., saka- og lögreglumál 70 þús., löggildingarstofan 39 þús. kr. Stærsti liðurinn á þessari grein er landhelgisgæzlan. Í fjárlögum er áætlað 1250 þús., en liðurinn hefur farið 1800 þús. fram úr áætlun.

Vegna skattstofu Reykjavíkur og skattanefnda eru umframgreiðslur 248 þús. kr.

Í þessum lið hefur burðargjald og símakostnaður orðið 58 þús. kr. undir áætlun.

Samgöngumál. Umframgreiðslur eru á vegamálum og strandferðum ríkissjóðs.

Til viðhalds og endurbóta þjóðvega hefur af hálfu ríkissjóðs verið varið samtals á árinu 5100 þús. En herstjórnin hefur lagt fram aðra eins fjárhæð til viðhalds veganna, svo að raunverulega hefur til viðhaldsins verið varið yfir 10 millj. kr. Viðhaldið hefur farið 1800 þús. kr. fram úr áætlun fjárlaganna. Til nýrra akvega 60 þús. kr. og til brúargerða 98 þús. kr. Samtals eru umframgreiðslurnar á vegamálum taldar 2041 þús. á móti 4224 þús. árið áður.

Samkvæmt loforði, sem gefið var í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna fyrir 1943, hefur það fé, sem veitt var, en ekki notað, verið lagt til hliðar og geymt, og skiptist það svo sem hér segir:

1. Til nýrra akvgea	1222	þús.	kr.
2. — þjóðvega af bensínskatti ..	214	—	—
3. — brúargerða	694	—	—
Alls	2130	þús.	kr.

Þetta er samkvæmt uppgjöf vegamálastjóra.

Kostnaður við strandferðir hefur farið 1818 þús. kr. fram úr áætlun. Þessi umframgreiðsla er nokkuð minni en árið áður, en þá var hún 2672 þús. kr. Þótt ekki sé þess að vænta, að strandferðirnar séu reknar hallalaust eins og sakir standa, þá lítur ríkisstjórnin svo á, að ekki sé fært að reka þær með svo miklum halla sem verið hefur undanfarið og hefur því gert ráðstafanir til að rekstrarafkoman megi breytast eitthvað til batnaðar.

Kirkju- og kennslumál. Fjárhæðin er samtals 422 þús. Af því hefur verið greitt til háskólans 127 þús. kr. Aðrir æðri skólar 103 þús., barnaskólar 80 þús. og húsmæðrafræðsla samkvæmt lögum 112 þús. kr.

Vísindi, bókmenntir og listir. Fjárhæðin á þessum lið er aðeins 47 þús. og skiptist svo: Opinber söfn 30 þús., vísindamenn, skáld og listamenn 17 þús. kr.

Til verklegra fyrirtækja. Stærsti liðurinn á þessari grein er mæðiveikivarnirnar, sem fara 650 þús. kr. fram úr áætlun. Svo er jarðabótastyrkurinn 90 þús. og nokkrir smærri liðir. Nokkrir smáliðir á þessari grein eru undir áætlun. Af fjárveitingunni 500 þús. til framleiðslubóta og atvinnuaukningar hefur verið notað 50 þús. og verður væntanlega notað 50 þús. í viðbót.

Almenn styrktarstarfsemi. Það eru alþýðutryggingar 590 þús. kr., sem stafar aðallega af almennri iðgjaldahækkun sjúkrasamlaga, meðlimafjölgun og hækkunum á framlagi ríkissjóðs samkvæmt lagabreytingum, gerðum á árinu.

Til nauðstaddra Íslendinga erlendis 10 þús. og sumardvöl barna 32 þús. kr.

Berklavarnir hafa kostað 155 þús. minna en áætlað var.

Óviss útgjöld. Verðlagsuppbótin hefur orðið miklu hærri en gert var ráð fyrir, og nemur það 1955 þús. Eins og kunnugt er, voru fjárlögin byggð á vísitölu 250, en meðalvísitala ársins var 256, auk þess var verðlagsuppbótin í fjárlögunum lauslega áætluð og hefur að sumu leyti reynzt hærri en gert var ráð fyrir.

Aðrar helztu greiðslur, sem komið hafa á þessa grein, má telja: Nefndakostnaður 188 þús. kr. Starfandi hefur verið fjöldi nefnda (yfir 50 að tölu) um ýmis málefni. Mörg þessara nefndastarfa hafa orðið æði dýr. Vilja menn oft fá mikið fé fyrir lítið starf. Er mikil nauðsyn, að settar væru fastar reglur um slíkar greiðslur og nefndunum fækkað. Enn fremur má telja: Gengistap á erlendri víxilskuld 239 þús., málskostnaður og skaðabætur 102 þús. og yfirfærslukostnaður 55 þús. og ýmsir smærri liðir.

Heimildir handa ríkisstjórninni. Þær heimildir, sem notaðar hafa verið á árinu, nema samtals 308 þús., auk greiðslu vegna sjómannaskóla 500 þús. Þessir liðir eru helztir: Byggingarstyrkur til Gagnfræðaskólans í Reykjavík 50 þús. Til sauðfjárræktarbús 50 þús. kr. Styrkur til bátakaupa handa útgerðarmönnum, sem misst hafa skip sín, 126 þús. Byggingarstyrkur listamanna 68 þús.

Sérstök lög. Hér er um óvenjulega háa fjárhæð að ræða, 19,7 millj., sem greidd er samkvæmt sérstökum lögum, alveg utan við sjálf fjárlögin. Stærstu liðirnir eru þessir:

Til verðlækkunar á kjöti	7000	þús. kr.
— verðlækkunar á mjólk	2780	— —
— hafnarbótasjóðs	3000	— —
— alþýðutrygginga	3000	— —
— fiskveiðasjóðs	2000	— —

Sumir þessara liða hafa ekki verið greiddir enn þá og eru taldir með „geymdu fé“ hjá ríkissjóði.

Þingsályktanir. Útborgað 580 þús. kr. Hér er aðallega um að ræða verðuppbætur, er nema 500 þús. kr., á síldar- og fiskimjöli, sem selt var innanlands af framleiðslu ársins 1942. Á síðasta ári tók ríkissjóður ekki þátt í verðlækkun á þessum vörum.

Væntanleg fjáraukalög. Fjárhæðin er samtals 590 þús. kr. Helztu greiðslurnar eru: Til loftvarna 215 þús. kr., viðgerð á menntaskólum, Akureyri 80 þús., Reykjavík 37 þús., viðgerð á safnahúsinu 80 þús., bryggjugerð í Keflavík 30 þús., prestsseturshús í Reykjavík 30 þús., og nokkrir smærri liðir.

Þegar frá eru dregnar þær fjárhæðir, sem greiddar eru samkvæmt sérstökum heimildum, lögum eða þingsályktunum, þá verður eftir 11,2 millj., sem eru hinar raunverulegu umframgreiðslur, greiðslur, sem fara fram úr heimildum fjárlaganna. Af þessari fjárhæð eru rúmar 8 millj. á 4 greinum fjárlaganna, á þeim liðum, sem oftast fara fram úr áætlun, en þeir eru landhelgisgæzla, strandferðir og vegamál, en í þetta sinn bætist við verðlagsuppbót, eins og áður er frá skýrt. Allt eru þetta útgjöld, sem erfitt er að halda í skefjum samkvæmt áætlun.

Eignabreytingar. — Ég skal þá gera grein fyrir greiðsluyfirliti ársins, er sýnir eignabreytingar þær, sem orðið hafa.

Af yfirlitinu sést, að afborganir lána hafa orðið 3919 þús., en af því eru dönsk lán 673 þús., sem ekki hefur verið hægt að koma til réttra aðila og stendur því inni hjá ríkissjóði. Til greiðslu á lausaskuldum, sem þannig hafa safnazt, hafa verið keypt dönsk skuldabréf fyrir 1577 þús. kr., sem geymd verða fyrst um sinn.

Ríkisskuldirnar. — Skuldir ríkisins 31. des. 1942 eru taldar að vera 51012 þús. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti 31. des. 1943 eru skuldirnar 63733 þús., eða 12721 þús. hærri. Þetta stafar eingöngu af því, að geymt fé, sem ríkissjóður er talinn skulda, er nú 15 millj. kr. hærra. Lán hafa engin verið tekin á árinu. Hins vegar hefur verið greitt lán í Ameríku, um 1680 þús. kr., og venjulegar afborganir af brezkum og innlendum lánum. Afborganir og vexti af lánum í Danmörku hefur ekki verið mögulegt að greiða, og hafa þessar fjárhæðir verið settar á „lausaskuldir“, og er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að greiða þær strax og þess er kostur.

Ég skal geta þess, að þótt skuldir ríkisins séu nú taldar 63 millj. kr., þá þarf ríkissjóður ekki að bera alla þá fjárhæð. Bankarnir og síldarverksmiðjurnar skulda af þessu 7794 þús. kr. Bankavaxtabréf standa undir 7696 þús. kr. Þegar svo frá er dregið hið *geymda fé*, sem ríkissjóður hefur handbært, er hin raunverulega skuld, sem ríkissjóður verður nú að bera, 31272 þús. kr.

Getur það varla talizt þungur baggi, eins og nú standa sakir, og þótt minna hafi verið lagt til hliðar en skyldi af tekjum ófriðaráranna, þá eru þó nú til sjóðir í sérstökum reikningum, er nema tugum millj. á móti áður greindri skuld ríkisins. Kem ég að því síðar.

Geymt fé. — Ríkissjóði eru undir þessum lið taldar til skuldar ýmsar væntanlegar greiðslur, sem koma til útborgunar bráðlega. Þessar eru helztar:

Stríðsgróðaskattur	5439 þús.
Hafnarbótasjóður	3000 —
Alþýðutryggingar	3000 —

Útflutningsgjald ..... 1046 þús.
Skemmtanaskattur ..... 1242 —
Fiskimálasjóðsgjald ..... 930 —

Eignaaukning ríkisins. — Rekstrarhagnaður ríkissjóðs fjögur síðustu ár er samtals 29284 þús., er sundurliðast þannig:

1940 ..... 5497 þús.
1941 ..... 5129 —
1942 ..... 2249 —
1943 ..... ca. 16409 —
——— 29284 þús.

Við þetta bætast sérstakar sjóðmyndanir, sem færðar hafa verið út af rekstrarreikningi ..... 24375 —

53659 þús.

Tekjuafgangur þessi kemur fram í aðaldráttum á þennan hátt:

1. Raforkusjóður ..... 10000 þús.
2. Framkvæmdasjóður ..... 11375 —
3. Hafnarbótasjóður ..... 3000 —
——— 24375 þús.
4. Afborganir lána ..... 8149 —
5. Eignaaukning ríkisstofnana og aukið rekstrarfé þeirra ..... 15598 —
6. Aðrar eignir ..... 5206 —
7. Aukning sjóðs og innstæða í banka .. 15790 —

69118 þús.

8. Frá þessu dregst geymt fé etc. .... 15459 —

53659 þús.

Af þessu yfirliti er ljóst, að nokkuð hefur verið lagt til hliðar af þeim miklu tekjum, sem ríkissjóði hafa fallið í skaut á undanförnum ófriðarárum. Af því, sem sparazt hefur og lagt í sérstaka sjóði og til er í handbæru fé, er sem hér segir:

1. Áður greindir sjóðir ..... 24375 þús.
2. Til alþýðutrygginga (hjá ríkissjóði) 3000 —
3. Varasjóðsaukning ríkisstofnana .... 5000 —

Sjóðsaukning ríkisstofnana. — Þremur ríkisstofnunum hefur verið leyft að auka varasjóði sína á árinu með því að leggja fé til hliðar vegna væntanlegra húsbygginga. Áfengisverzlunin leggur 750 þús. kr. í húsbyggingu og áhaldasjóð, og er hann nú 1250 þús. kr. Tóbakseinkasalan leggur nú í fyrsta sinn til hliðar 500 þús. kr. í sama skyni. Enn fremur ríkisútvarpið 500 þús. kr. Öllum þessum stofnunum er nauðsyn að geta reist byggingar við sitt hæfi hið allra fyrsta, en úr slíkum framkvæmdum getur þó ekki orðið fyrr en stríðinu er lokið.

Verðlækkun innanlands með framlagi úr ríkissjóði. — Til þess að halda verðbólgunni í skefjum, hefur fé verið greitt úr ríkissjóði á árinu, er nemur 10480 þús., og hefur það gengið til þess að lækka verð á kjöti, mjólk og smjöri. Greiðslan sundurliðast þannig:

Kjöt (áætlað) ..... 7000 þús.
Mjólk ..... 2780 —
Smjör (áætlað) ..... 700 —

Núverandi framlag ríkissjóðs í þessu skyni er áætlað 10—12 millj. kr. yfir árið. Þótt þessum greiðslum sé enn haldið uppi, er með öllu óvíst, hversu lengi það verður gert. Ef sýnilegt þykir, að kaupgjald í landinu verði knúið upp, svo að verðlaginu verði ekki haldið í skefjum, þá er líklegt, að hætt verði að greiða niður dýrtíðina með framlagi úr ríkissjóði og verðbólgunni leyft að leita jafnvægis og stöðvunar á annan hátt. Árangur þess yrði samdráttur atvinnuveganna og minnkandi eftirspurn um vinnukraft og vörur, innlendar og erlendar. Það verður beizk lækning. En ef þjóðin vill ekki sjá kviksyndið, sem hún stefnir í, og lokar eyrunum fyrir öllum aðvörunum, getur enginn máttur forðað henni frá afleiðingum þeirrar háttsemi.

Verðbætur á útfluttar landbúnaðarvörur. Samkvæmt greiðsluyfirliti voru á árinu greiddar verðbætur á *útfluttar* landbúnaðarvörur af framleiðslu ársins 1942, er námu alls 16764 þús. Verðbætur þessar færast á reikning ársins 1942. Þær sundurliðast þannig:

Ull ..... 5678 þús.
Gærur ..... 8773 —
Kjöt ..... 2313 —

Samtals 16764 þús.

Verðbætur á útfluttar afurðir af framleiðslu ársins 1943 hafa engar verið greiddar enn og koma því til útborgunar á þessu ári, samkvæmt ákvörðun í fjárlögum 1944.

10% útflutningsgjald á fiski. — Þetta gjald var sett á útfluttan afla togaranna í ágústmánuði 1942, samkvæmt heimild í lögum nr. 98 frá 9. júlí 1941. Í júnímánuði 1941 var lækkað fiskverð í Bretlandi, og varð þá ljóst, að margir togarar mundu ekki þola þetta háa útflutningsgjald. Var gjaldinu þá létt af, og hefur það ekki verið sett á aftur, þótt fiskverðið hafi aftur hækkað í Bretlandi. Verður að teljast óeðlilegt, að slíkur tollur sé lagður á afla togaranna, þegar rekstrarhagnaður útgerðarfélaganna fer að mjög verulegu leyti í ríkissjóð. Tekjur ríkissjóðs af þessu gjaldi á síðasta ári urðu 2350 þús. kr.

Sérstakt fyrningargjald framleiðslutækja. — Samkvæmt þingsályktun 6. desember síðastliðinn var ríkisstjórninni heimilað, í sambandi við álagningu skatta, að ákveða, að sérstakt fyrningargjald væri dregið frá tilteknum eignum, sem komið hefði verið á fót með styrjaldarverði. Þessar eignir voru nánar taldar: Fiskiskip og vélar í þau, fasteignir og vélar í sambandi við fiskveiðar og fiskiðnað, mjólkurvinnslustöðvar, sláturhús, kjötfrystihús og ullarverksmiðjur.

Að athuguðu máli var það ekki talið gerlegt að framkvæma þessa ályktun, nema upplýsingar lægju fyrir um það, hver áhrif þetta gæti haft á afkomu ríkissjóðs. Þess vegna auglýsti fjármálaráðuneytið eftir upplýsingum um, hvaða eignir hér kæmu til álita og hversu mikla fjárhæð hér var um að ræða. Þær upplýsingar, sem ráðuneytinu hafa borizt, eru á þá leið, sem hér segir, að því er snertir tegund eigna og verðmæti:

	Núv. verð	Hæfil. verð
1. Fiskiskip og vélar	15400 þús.	3800 þús.

2. Fasteignir og vélar í sambandi við fiskveiðar og fiskiðnað	14700 þús.	4700 þús.
3. Kjötfrystihús	176 —	42 —
4. Sláturhús	311 —	112 —
	30587 þús.	8654 þús.
Nauðsynleg afskrift talin		2193 —

Það mat af afskriftum, sem hér er um rætt, er mat eigendanna sjálfra. Þær skýrslur, sem sendar hafa verið, eru ekki allar nákvæmar, og úr þeim hefur ekki verið unnið til hlítar. Þessar tölur eru því gefnar með fyrirvara. Eignir þær, sem þarfnast þessara afskrifta, eru um 50 skip og vélar og um 40 fasteignir í sambandi við fiskframleiðslu.

Líklegt er, að við nánari athugun mundi ekki talin þörf á allri þessari afskrift, en hins vegar má gera ráð fyrir, að eitthvað bætist enn við.

Ríkisstjórnin hefur ekki enn tekið afstöðu til þessa máls og ekki gert sér enn grein fyrir, hvernig eða hvort tiltækilegt væri að leyfa sérstakar afskriftir með hliðsjón af áhrifum þeirra á afkomu ríkissjóðs. En ég hef talið rétt að minnast á þetta hér, því að sú verðþensla, sem hér hefur átt sér stað í sambandi við framleiðslutækin, snertir ríkissjóðinn beint og óbeint.

Hvernig verður afkoman 1944? — Rúmlega tveir mánuðir eru liðnir síðan Alþingi samþykkti fjárlög fyrir yfirstandandi ár. En þótt ekki sé lengra liðið, er nú þegar útlit fyrir, að stærsti tekjuliður fjárlaganna muni hvergi nærri ná áætlun. Sá liður er *verðtollur*. Þegar fjárlög voru til umræðu, kom það í ljós, að hv. fjvn. vildi álíta, að þessi liður mundi á síðasta ári verða svipaður því, sem hann varð 1942, eða nálægt 40 millj. Þess vegna mundi óhætt að áætla þessar tekjur 30 millj. í fjárlögum 1944. Ég hélt því hins vegar fram, að þær mundu verða 32—33 millj. á árinu 1943 og þess vegna væri óverjandi bjartsýni að áætla þær 30 millj. í núgildandi fjárlögum. Verðtollurinn varð síðasta ár 33871 þús. kr., eins og áður er frá skýrt.

Ég varaði eindregið við því að gera ráð fyrir þeim miklu verðtollstekjum, sem settar voru í núgildandi fjárlög. Þessi tekjustofn er að bresta af þeirri einföldu ástæðu, að vörurnar, sem tollinn eiga að bera, eru ekki fáanlegar nema af skornum skammti. Því lengur sem stríðið stendur, því meiri þurrð verður í ýmsum vörugreinum. Þurrðin er mest í ýmsum vörum, sem bera háan verðtoll.

Þessi tollur komst hæst 1942 og var þá rúmar 39 millj. kr. Næsta ár, 1943, var hann 5 millj. kr. lægri. Á þessu ári verður lækkunin mun stórfelldari. Ég mundi ekki telja neinni furðu sæta, þótt verðtollstekjurnar á þessu ári yrðu ekki hærri en 20—25 millj. kr. Í janúar- og febrúarmánuði þessa árs eru þessar tekjur nálega helmingi lægri en á sama tíma í fyrra.

Að því er séð verður nú, er útlitið þannig, að gera verður ráð fyrir mjög verulegum greiðsluhalla í fjárlögum yfirstandandi árs. Fjárlögin voru afgreidd frá þinginu með greiðsluhalla, að vísu ekki miklum, en þar að auki var tekjuáætlunin óvarleg. Sumir hv. þm. hafa opinberlega látið í ljós undrun sína yfir því, að ég skyldi taka við fjárlögunum eins og þingið gekk frá þeim, með jákvæði þessara hv. þingmanna. Ég er fyllilega sammála þessum hv. þingm. um það, að fjárlögin voru óvarlega samin, en mér skilst, að orsakar þess sé að leita hjá þinginu sjálfu og þess pólitísku erfiðleikum, því ekki veldur sá, er varir. Ef ég hefði neitað að taka við fjárlögunum, eins og málum var þá háttað, hefði það að líkindum aukið erfiðleika þingsins og skapað ástand, sem fáir hefðu talið æskilegt.

Eins og áður er frá skýrt, er gert ráð fyrir, að verðlækkunarframlag ríkissjóðs á þessu ári muni nema 10—12 millj. kr. Til þess að greiða þau útgjöld hefur Alþingi veitt stjórninni heimild, en ekkert fé.

Stjórnin hefur leitað fyrir sér hjá stjórnmálaflokkunum um lagaheimild til tekjuöflunar til þess að standast þessi útgjöld. Undirtektirnar hafa verið á þann veg, að ekkert samkomulag virðist mögulegt með flokkunum um heimildir í þessu skyni. Telur stjórnin því tilgangslaust að leggja fram frumvarp um þetta, eins og sakir standa. En með þeim greiðsluheimildum, sem hún hefur, telur hún sig hafa fullan rétt til að meta það, hvaða útgjöld fjárlaganna skuli mæta afgangi, ef þess verður freistað að halda verðbólgunni í skefjum á þann hátt, er verið hefur.

Vegna þeirra merkilegu tímamóta, sem þjóðin stendur á, telur ríkisstjórnin skyldu sína að verjast áföllum og forðast alla árekstra, meðan undirbúningur um stofnun lýðveldis fer fram og þar til því máli er komið heilu í höfn. Eftir þann tíma er líklegt, að meðferð knýjandi viðfangsefna verði ekki slegið á frest.

Ég hef áður lýst yfir því, að ég muni ekki stofna skuldir til þess að annast útgjöld fjárlaganna, ef tekjurnar hrökkva ekki fyrir þeim öllum. Ef að því kemur, er ekki annað fyrir hendi en að draga úr þeim útgjöldum, sem ekki snerta beinlínis nauðsynlegan og lögboðinn rekstur ríkisins. Aðra leið tel ég ekki fært að fara, ef skynsamlegt vit á að ráða, þegar tekjustofnar ríkisins bresta eða fjárlög eru samin af lítilli varúð.

Þótt nokkur tekjuafgangur hafi orðið á rekstri síðasta árs, þá er þess að gæta, að miklum hluta þess afgangs hefur þegar verið ráðstafað samkvæmt greiðsluyfirliti.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég vil byrja á því að færa hæstv. fjmrh. þakkir fyrir hina skýru greinargerð hans og láta í ljósi ánægju mína yfir þeirri venju, sem hann hefur upp tekið, að útbýta ársfjórðungsyfirlitum yfir hag ríkissjóðs.

Ég er lítt undir það búinn að gagnrýna ræðu hans, en þó vil ég benda á nokkur atriði.

Svo lítur út samkv. 3. blaðsíðu áramótayfirlitsins, að afkoma ríkissjóðs árið 1943 hafi verið hin glæsilegasta. En líti maður á 4. síðuna, er nokkuð öðru máli að gegna. Sú aðferð hefur verið viðhöfð, að 16,7 millj. kr. verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur, er komu til greiðslu á árinu 1943, eru taldar

til reiknings á árinu 1942, og samsvarar þessi upphæð meiru en allur tekjuafgangurinn af árinu 1943 nemur. Er þetta eitt út af fyrir sig ærið umhugsunarefni, og mætti hæstv. ráðh. gefa nánari skýringar á þessu. Ef uppbæturnar hefðu verið taldar með gjöldum ársins 1943, hefði orðið um 400 þús. kr. rekstrarhalli í stað yfir 16 millj. kr. tekjuafgangs.

Annað atriði í ræðu hæstv. fjmrh. vildi ég minnast á nokkrum orðum. Hann sagði, að umframgreiðsla vegna strandferða hefði orðið 1818 þús. kr., og væri þessi halli svo hár, að engan veginn yrði við unað, svo að ríkisstj. hefði því gert ráðstafanir til úrbóta. Vildi ég leyfa mér að óska þess, að hæstv. ráðh. gæfi nánari skýringar á því, á hvern hátt þessar úrbætur verða framkvæmdar. Ég hef heyrt, að þessar ráðstafanir væru í því fólgnar, að leiguskipum þeim, sem Skipaútgerð ríkisins hefur haft til umráða að undanförnu, verði fækkað. Þetta mun hafa þær afleiðingar, að flutningar út um land verða miklu erfiðari en ella, en vörubirgðir þar hljóta að vera að þrotum komnar, enda hef ég heyrt, að svo sé allvíða vestan lands og norðan. Í þessu sambandi er vert að minnast þess, að hafís er mjög nærri ströndum landsins, og getur því auðveldlega farið svo, að flutningar á nauðsynjum út um land verði mjög ótryggir eða stöðvist. Þarf ekki að fjölyrða um þá hættu. Enn fremur er mér sagt, að flutningsgjöld með ströndum fram hækki eða hafi hækkað mjög mikið. Í því sambandi vil ég benda á eitt atriði. Vísitala sú, er gildir fyrir landsmenn alla, er miðuð við verðlag í Reykjavík. Hækkun flutningsgjalda frá Reykjavík út um land mun leiða til þess, nema stjórn og starfsmenn verðlagseftirlitsins verði enn röggsamari heldur en til þessa, að þær vörur, sem þessi háu flutningsgjöld koma á, verða dýrari út um land heldur en hér í Reykjavík. Þ. e. a. s. dýrtíðin verður þar meiri, án þess að það komi fram í hinni almennu vísitölu, sem miðað er við í landinu. Þetta er að sjálfsögðu ekki rétt. Vísitalan gefur þá ekki lengur rétta mynd af dýrtíðinni hjá því fólki, sem á við þetta verðlag að búa. Þetta þótti mér rétt að benda hæstv. ráðh. á og vil mega vænta þess, að hann láti þingið vita um, hverjar aðrar ráðstafanir heldur en þær, er hann hér nefndi, hann kynni að hafa ákveðið til þess að bæta úr halla við rekstur strandferðanna og einnig, hversu langt hefur verið gengið í þessum efnum, sem ég hef nú drepið á.

Hæstv. fjmrh. vék að því, að það væri ekki ofmælt, að fjárl. þau, er afgreidd voru hér á síðasta þ., hafi verið ógætileg. Ég vil taka undir þetta. Ég hef áður látið í ljós, að mér hefði verið það undrunarefni, að hann skyldi taka við þeim þannig. Sérstaklega furðar mig á því, að hann skyldi sætta sig við það, að lítill þingmeirihluti setti inn í fjárl. á síðasta augnabliki 10—14 millj. kr. upphæð til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Hæstv. ráðh. hlaut að sjá og var enda á það bent, að slík samþykkt hlaut að leiða til þess, að kröfur um hliðstæðar og svipaðar fjárveitingar til annarra þarfa mundu einnig fram koma. Og einmitt þarna er að finna, eins og ég veit, að hæstv. ráðh. gerir sér nú ljóst, meginorsakirnar til hinnar mjög ógætilegu afgreiðslu á fjárlögunum.

Við þessa ógætilegu afgreiðslu fjárl. bætist svo það, að ekkert fé er þar ætlað til greiðslu uppbóta á verði kjöts og mjólkur á innlendum markaði, en þau gjöld áætlaði ríkisstj. 10—12 millj. kr. Yrðu þá þessar uppbótargreiðslur á þessu ári um 25 millj. alls, eða nærfellt sama upphæð og s.l. ár.

Hugmyndir hæstv. ráðh. um það, að dýrtíðin haldi áfram að magnast af þeim sökum, að kaupgjald verði sprengt upp, sé ég ekki ástæðu til að taka til umr. nú að þessu sinni. Mun síðar gefast tækifæri til þess. Get ég þó ekki stillt mig um að benda á það, að ég hygg, að sú kauphækkun, sem samþykkt var hjá Dagsbrún, þurfi ekki að hafa nein áhrif á dýrtíðina, ef verðlagseftirlitið og hæstv. ráðh. neytir aðstöðu sinnar til fulls, og vildi ég beina því til hæstv. ráðh. að taka þetta til athugunar.

Hæstv. ráðh. lét svo um mælt í sambandi við hin ógætilegu fjárlög, sem nú eru í gildi, að það væri ekki ætlun hans að taka lán til þess að standast útgjöld fjárl., heldur, að því er mér skildist, teldi ríkisstj. sig hafa rétt til þess að meta, hvaða útgjöld fjárlaga skyldu sitja á hakanum, ef ekki væri fé fyrir hendi að annast þessar greiðslur. Ég tók að vísu eftir síðar í ræðu hans, að hann gerði þó ráð fyrir, að lögboðin útgjöld yrðu innt af hendi, enda get ég ekki látið mér detta í hug, að hæstv. ráðh. álíti, að ríkisstj. geti stöðvað greiðslur á lögboðnum útgjöldum. Ég vil taka það skýrt fram, að ég get alls ekki á það fallizt, að ríkisstj. eigi að hafa í hendi sinni, ef lítið er um fé í ríkissjóði, að ákveða, hvað af útgjöldum fjárl. skuli inna af hendi og hver ekki. Ef ríkisstj. telur einhvern tíma á árinu, að sýnt sé, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi ekki til þess að inna af hendi þær greiðslur, sem fjárl. ákveða, og hún telur sig ekki hafa heimild til eða vill ekki taka lán til þess að annast greiðslurnar, er ekki um annað að gera fyrir ríkisstj. heldur en að kalla Alþ. saman til fundar, leggja málið fyrir Alþ. og láta það svo ákveða, hvort gera eigi einhverjar breytingar á fjárl. eða ráðstafanir til tekjuauka. Ríkisstj. getur ekki tekið sér sjálfsvald og ákveðið, að einum skuli greiða 50%, öðrum 75% eða 100% af upphæðum fjárlaganna, og einhverjum ef til vill ekkert. Slíkt vald á engin ríkisstj. að hafa. Ætti að vera óþarft að fjölyrða um þetta. En vegna ummæla hæstv. ráðh. þótti mér rétt að taka það skýrt fram, að ég er algerlega ósamþykkur ummælum hans um þetta atriði.

Eysteinn Jónsson: Það er ekki ætlun mín að tefja þessar umr. með langri ræðu, enda ekki til þess ætlazt við þetta tækifæri.

Ég mun fyrst minnast fáum orðum á það yfirlit, sem hæstv. fjmrh. gaf um afkomu ríkissjóðs á síðasta og síðustu árum. Í þessu yfirliti gerði hann nokkra grein fyrir því, hvað ríkissjóður hefði efnazt á þessum styrjaldarárum. Skildist mér, að hann hefði efnazt um 50 millj. kr., en þar af væri tæplega helmingur í föstum sjóðum, en hitt gengið til

niðurborgana skulda og eignaaukninga ýmiss konar. Þetta er nokkur fjárupphæð og breyting frá því, sem var, og er ekki nema gott eitt um það að segja, að þessi breyting hefur á orðið. Hins vegar þykir mér ástæða til að harma, að þessi breyting er ekki enn stórfelldari en raun er á orðin, sérstaklega þegar tekið er tillit til peningaflóðsins, sem yfir landið hefur gengið, og hvað hefði verið hægt að gera á undanförnum árum.

Nú ætti að vera öllum ljóst, að ef við ætlum að halda uppi eftir stríð þeirri stefnu í atvinnumálum, fjármálum og um verklegar framkvæmdir, sem okkur er nauðsynleg, til þess að halda uppi atvinnu í landinu og komast hjá gífurlegri fjárhagskreppu, er þörf á miklu fé. Þessar 20—30 millj., sem tekizt hefur að safna í framkvæmdasjóð og aðra sjóði, eru beinlínis ætlaðar til að styðja þessar framkvæmdir, þegar að þessu kemur, en þær munu hrökkva skammt. Að stríði loknu munu verkefnin kalla að, en tekjur ríkissjóðs verða þá stórum minni en nú, því að tekjuskattur og tollar hljóta að lækka mjög mikið. Verður það því hið mesta vandamál, hvernig á að afla fjár til þess að halda uppi öflugri umbótastefnu í atvinnumálum og verklegum framkvæmdum. Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri til þess að benda á það, hvernig horfur eru að þessu leyti, og þar sem farið hefur á þá lund, að tiltölulega lítið af stríðsgróðanum hefur stöðvazt hjá ríkinu og ekki er hægt að auka tekjur ríkisins af atvinnutekjum landsmanna, þegar kreppir að, má búast við því, að grípa verði til þess, að framkvæma verði í eitt skipti tekjuöflun með sérstökum skatti, eignaraukaskatti. Það fé, sem þannig næst, yrði þá eins konar stofnfé þeirra þjóðfélagsumbóta, sem gera þarf eftir stríð. Það er ekki skemmtilegt að þurfa að grípa til slíkra úrræða, en ég get ekki séð, að hægt sé að komast hjá slíku, eins og til hefur tekizt um fjármálastjórn á stríðsárunum. Mér sýnast allar horfur á því, að verði ekki gripið til slíkra úrræða eða hliðstæðra, muni fara þannig, að á þeim tímum, sem mest verður þörf á því, að ríkið grípi inn í til stuðnings atvinnuvegum og framkvæmdum þjóðarinnar, verði ríkissjóði alveg um megn að annast slíkar framkvæmdir. Afleiðingar þess mundu verða gífurlegt atvinnuleysi og stórfelld atvinnukreppa.

Viðvíkjandi fjárhagshorfum á því ári, sem nú er byrjað, vil ég aðeins segja það fyrir mitt leyti, að Framsfl. lét í ljós þá skoðun á síðasta þingi, er lauk fyrir áramót, að hann teldi afgreiðslu fjárl. mjög óvarlega, og sýndi Framsfl. þessa skoðun sína í verki með því að fylgja þeim till., sem fram komu þá á þinginu, um tekjuöflun til þess að styðja fjárlögin. En þá kom fram till. um framlengingu verðlækkunarskattsins og síðar frv. frá ríkisstj. til tekjuöflunar í þessu skyni. Eftir yfirliti hæstv. fjmrh. virðist vera enn frekari ástæða til að vera svartsýnn í þessum efnum en nokkurn tíma var á síðasta hausti, því að nú liggja fyrir gleggri líkur fyrir því, að einstakir tekjuliðir standist ekki áætlun fjárl. Mér virðist því illa horfa um afkomu ríkisins á því ári, sem nú er hafið. Verður slíkt ekki kennt þeim, sem reiðubúnir hafa verið og eru til þess að fylgja nauðsynlegri tekjulöggjöf.

Ég gat um það áðan, að Framsfl. fylgdi hér á síðasta þingi frumvörpum um skatta, en þau voru ýmist felld eða döguðu uppi. Afstaða okkar er sú sama á þessu þingi. Við erum og höfum verið reiðubúnir til þess að fylgja tekjuöflun á þessu þingi og haga afstöðu okkar þannig til tekjuöflunarmála, að það gæti orðið tryggt, að svo miklu leyti, sem í okkar valdi stendur, að tekjuöflun næði fram að ganga.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í að ræða viðhorfið í fjármálunum, en ég vil í sambandi við dýrtíðarráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. telur sig hafa erfiða aðstöðu til þess að kosta, benda á, hvort ekki væri rétt að styðja framkvæmd fjárlaganna og dýrtíðarráðstafanir með því að taka upp útflutningsgjald, sem um skeið var lagt á togarafiskinn og heimilt er að leggja á. Ég vil benda á, að liggi við borð, að fella þurfi niður útgjöld fjárlaganna og gera aðrar slíkar ráðstafanir, þá finnst mér sjálfsagt, að áður séu rannsakaðir allir möguleikar á því að nota þær heimildir til tekjuöflunar, sem í lögum eru.

Að endingu vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., vegna þess að svo mikið hefur verið rætt um einn lið í fjárl. yfirstandandi árs, sem sé verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, hvort ekki hafi farið fram sala á einhverjum af þeim afurðum, sem gert er ráð fyrir að verðbæta, og hvaða ályktanir megi af því draga. Þetta er stórt atriði í sambandi við fjárlögin, og var mjög mikil óvissa um það á síðastliðnu hausti, hvað þessi fjárútlát mundu nema miklu. Ágizkanir manna voru þá mjög mismunandi, og voru nefndar tölur í þessu sambandi, og munaði mörgum millj. kr. á þeim fjárhæðum, sem taldar voru geta komið til greina. Það væri því afar fróðlegt, ef menn gætu fengið einhverja nánari vitneskju í þessum sökum; hins vegar ætlast ég ekki til, að ríkisstj. geti sagt neitt um, hvað óorðið er fremur en aðrir. Mér hefur skilizt, að búið væri að ganga frá einhverjum liðum í þessu sambandi, sem líklegir eru til að geta gefið bendingar um þessi efni. Það væri bezt, að menn fengju þær upplýsingar, sem hægt er að gefa um þetta, sökum þess m. a., að það er verra að láta menn standa í þeirri trú, að hér sé um miklu meiri fjárútlát að ræða heldur en þau í raun og veru eru. En mér er nær að halda, að þannig sé þessu varið, ef þær fregnir um kjötsölu eru réttar, sem mér hafa borizt.

Einar Olgeirsson: Ég vil aðeins minnast á eitt atriði í sambandi við þær tekjur, sem gefur að líta á yfirlitinu um afkomu ríkissjóðs árið 1943. Það er auðséð, að fulltrúar Sósfl. í fjvn. voru ekki of bjartsýnir, eins og álit margra var, þegar tekjur voru áætlaðar 70 millj. kr. Nú hefur það sýnt sig, að tekjurnar urðu ekki 70 millj., heldur 109 millj. Annars er ekki ástæða til þess að eyða mörgum orðum um útkomu ríkissjóðs eða yfirlit hæstv. fjmrh., sem hann gaf um afkomu ársins 1943.

Hins vegar er annað atriði í ræðu hans, sem ég get ekki að mér gert að gera að umtalsefni

og kom mér á óvart. Hæstv. fjmrh. talaði um það — og með hita —, að svo framarlega sem verkamenn ætluðu að fara að hækka kaup sitt, eins og gert var nú nýlega, væri ekki um annað að gera en að sleppa öllu lausu og láta dýrtíðina vaxa í landinu og láta þjóðina fá að kenna á því, hvað af slíku mundi leiða. Mér finnst undarlegt, að hæstv. fjmrh. skuli bera slíkt fram, eftir að sá sami fjmrh. hefur tekið á móti þeim fjárl., er taka „faktiskan" þátt í að láta nokkra tiltölulega *efnaða menn fá aðra eins verulega hækkun á sínum* tekjum eins og gert er með afgreiðslu síðustu fjárlaga. Það er undarlegt, ef kauphækkun verkamanna á endilega að vekja hæstv. fjmrh. til þess að kasta fram hótunum um, að nú sé verið að leiða atvinnuleysi yfir þjóðina, en kröfum frá nokkrum vel efnuðum mönnum í landinu, sem eiga fylgismenn innan veggja hins háa Alþ. og fara fram á tugi millj. úr ríkissjóði, sem teknar eru úr vösum alþýðunnar, er sjálfsagt að verða við til þess að halda niðri dýrtíðinni. Mér finnst þetta því koma úr hörðustu átt, þegar vitað er, að kauphækkun verkamanna þarf ekki að hækka verðlagið. Hins vegar er vísitalan beinlínis fölsuð með þessum fjárframlögum á kostnað launþega í landinu, því að þeirra fé er notað til þess að greiða niður verð landbúnaðarafurða í þeim tilgangi að halda niðri vísitölu og kaupgjaldi. Það er því sízt af öllu ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að koma fram með hótanir í sambandi við þessa kauphækkun verkamanna, sem nýlega átti sér stað. Eg verð að segja það, að það er *af einhverjum öðrum ástæðum heldur en af* umhyggju fyrir afkomu ríkissjóðs, að slíkar hótanir skuli koma fram í sambandi við kauphækkun verkamanna, og eiga þær heima á öðrum stað og á öðrum tíma. Ég fæ því ekki betur séð en að þessar hótanir frá hæstv. fjmrh. um, að þessi kauphækkun þurfi að leiða atvinnuleysi yfir þjóðina, séu hótanir gegn því, að verkamenn fái bætt kjör, en ekki aðvörun til þjóðarinnar út af dýrtíðinni.

Ég tel þetta því mjög óviðeigandi af hæstv. fjmrh., þótt hins vegar sé gott að vita, hvað undir býr og hvað ríkisstj. hefur í huga með þess háttar pólitík.

Þess vil ég geta hér, einmitt út af ummælum hæstv. fjmrh. viðvíkjandi tekjuöflun og hvernig fjárl. fyrir árið 1944 voru búin í hendur honum, að Sósfl. hefur tekið heldur dauflega í að aðstoða ríkisstj. við það, sem hún hefur farið fram á. Sósfl. álítur sem sé, að það séu verk hinna 28 manna, sem gerðu hér hið alræmda samsæri, hvernig fjárl. fyrir árið 1944 voru útbúin, og að samþ. voru hinar háu verðuppbætur. Það er nú verk þessara sömu 28 manna að útvega fé til þess að greiða þau útgjöld, sem ákveðið er samkvæmt fjárl., og það er þeirra að segja til um, hvar peningar séu til þess að greiða þau með. Við getum skorað á hæstv. ríkisstj., hafi hún möguleika á, að láta þessa menn standa við það, sem þeim bar að gera. Sósíalistar greiddu atkv. á móti fjárl. eftir þá samþykkt, sem meiri hl. þingsins hafði veitt þeim, og þeir lýstu yfir því, að ríkisstj. sæti á ábyrgð þess meiri hluta.

Út af hótun hæstv. fjmrh. um að sleppa dýrtíðinni lausri vil ég taka það fram, að ég álít, að hæstv. ríkisstj. bæri að kveðja Alþ. til fundar til að tilkynna það, ef hún hefur slíkt í hyggju, svo að þingið geti athugað, hvort ekki væri unnt að gera einhverjar aðrar ráðstafanir til að halda dýrtíðinni niðri. Það er t. d. vitað, að viðskiptaráðið er skipað einhliða þeim mönnum, sem standa hæstv. ríkisstj. næst og henni finnst eiga að ráða vöruverðinu, en það eru heildsalarnir og þeir, sem þeim eru skyldir. Enginn fulltrúi er þar frá neytendum eða alþýðusamtökunum. Það er ekki hægt að álíta, að unnið sé að lausn þessara mála eins og hægt er að gera kröfur til, meðan vitað er, að heildsalarnir raka saman milljónagróða og setja upp firma erlendis til að hækka vöruverðið, án þess að viðskiptaráðið geri nokkurn hlut í málinu. Meðan slíku fer fram, virðist óþarfi að tala um það sem ástæðu til að sleppa dýrtíðinni lausri, þó að verkamenn fái nokkra hækkun á kaupi sínu. Ég vil láta það koma fram, að sé það hugmynd hæstv. ríkisstj. að framkvæma þessa pólitík, þá væri réttast að kveðja Alþ. saman, svo að það gæti gert sínar ráðstafanir í málinu.

Jón Pálmason: Það hefur verið föst venja að undanförnu, þegar fjárlög eru lögð fyrir Alþ., að fjmrh. gæfi yfirlit um tekjur og gjöld ríkisins liðið ár og gerði grein fyrir fjárhag þess og fjárhagshorfum. Frá þessu hefur nú verið vikið í skjóli þess, að eigi er ætlað að taka fjárlögin til afgreiðslu *fyrr en á framhaldsþingi næsta haust.* Um það er eigi nema gott að segja, að hæstv. fjmrh. skuli nú bæta fyrir þetta með því að gefa Alþ. þær upplýsingar, sem hann nú hefur flutt um tekjur og gjöld s.l. ár og fjárhaginn eins og nú er.

Ég mun nú eigi að þessu sinni gera neina tilraun til að ræða þá skýrslu, sem hæstv. ráðh. hefur gefið, enda ekkert tækifæri til undirbúnings í því skyni. En það voru nokkur atriði í ræðu ráðh., sem gefa mér tilefni til að segja fáein orð, og það, sem fulltrúar hinna flokkanna hafa sagt, gefur að vissu leyti tilefni til athugasemda. En þeim mun ég að mestu sleppa.

Hæstv. ráðh. gat þess í ræðu sinni, að verðbætur á útfluttar landbúnaðarvörur, framleiddar 1942, hefðu orðið 16 millj. og 764 þús. kr. og að sú upphæð sé færð á reikning ársins 1942. Á eftir telur hann svo rekstrarkostnað ríkisins 1942 röskar 2 millj. kr., en rekstrarhagnað ársins 1943 rúmar 16 millj. kr. Ég tel þessa reikningsfærslu mjög athugaverða. Þessar uppbætur voru ekki greiddar *fyrr en seint á árinu 1943 og eiga auðvitað heima* á reikningi þess árs. Vilji einhver færa það til afsökunar, að til þessara gjalda hafi verið stofnað með samþykkt Alþ. á árinu 1942, þá hefur það ekkert að segja í þessu sambandi. því að þannig er ástatt með nálega öll gjöld ríkisins, að þau eru afleiðing af samþykktum fyrra árs eða fyrri ára. Þess er og að geta, að ef sú færsla væri rétt hjá hv. ráðh. að færa þessar uppbætur á reikning ársins 1942, þá ætti á sama hátt að færa þær útflutnings-

uppbætur, sem enn eru ógreiddar á vörur ársins 1943, á reikning þess árs. Nú eru þær uppbætur áætlaðar 10 millj. kr., og yrði því sú upphæð eða hver sú, er þarf að greiða, að dragast frá þeim rekstrarhagnaði ársins 1943, sem ráðh. hefur nú upplýst, að sé rúmar 16 millj. kr.

Hæstv. ráðh. gat þess, að sumir hv. þm. hefðu lýst undrun sinni yfir því, að hann skyldi taka við fjárl. fyrir árið 1944, sem samþykkt voru rétt fyrir jólin. Af því ég er einn þeirra þm., sem hef opinberlega látið í ljós þessa undrun, þá finn ég ástæðu til að svara hæstv. ráðh. að þessu leyti. Og mitt svar er það, að mér virtist, að fjárlögunum vera breytt það mikið frá því, sem ráðh. virtist vilja, að ég hygg, að enginn þingræðisráðh., sem studdur væri á eðlilegan hátt á þingi, hefði sætt sig við það og tekið við fjárlögunum eins og ekkert hefði í skorizt. Ég varð heldur ekki var við, að hann reyndi nein samtök við þm. á þessu sviði, enda þótt hann talaði eitthvað gegn breytingunum.

Nú er ráðh. líka sjálfur að sanna það í þeirri ræðu, sem hann flutti áðan, að hann er ekkert ánægður yfir því að hafa tekið við þessum fjárlögum. Hann talaði um, að tekjur mundu ekki hrökkva fyrir gjöldum og sumir tekjuliðir jafnvel bregðast. Ég er ekkert hissa á, þó þetta geti komið fram, þótt enn sé engin vissa fyrir því. Hæstv. ráðh. lýsti því, að illa liti út með það, að verðtollurinn næði áætlunarupphæð á þessu ári. Þetta er ekki svo óeðlilegt. En þó er þess að gæta, að tekjur ríkisins fyrstu tvo mánuði ársins eru ekki réttur mælikvarði á það, hvað þær endanlega verða. Vöruinnflutningur er svo misjafn og getur vel orðið meiri síðari hluta árs, eins og oft áður. Satt að segja þótti mér öllu ískyggilegar horfa með gjöld ríkisins, þegar við töldum hjá ríkisféhirði um miðjan febrúar. Þá voru þau orðin frá nýári fyllilega 21 millj. kr. og hallinn á 1½ mánuði orðinn verulegur.

Hæstv. ráðh. lét orð falla um það, að ríkisstjórnin teldi sig hafa heimild til að meta, hvaða útgjöld yrðu látin mæta afgangi, ef ekki yrðu tekjur til að mæta þeim öllum. Þetta getur nú orðið ærið athugavert. Að minnsta kosti gæti það ekki gengið út yfir lögboðin gjöld, og ef það væri tekið til greina, þá er á hitt að líta, að um það er verulegur ágreiningur, hvað eru lögboðin gjöld. Í því sambandi má nefna verðuppbæturnar á útfluttar landbúnaðarvörur, framleiddar árið 1943, sem mest hefur verið deilt um og þeir véku að í ræðum sínum nú, háttv. 3. landsk., Haraldur Guðmundsson, og háttv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson. Ég staðhæfi, að þetta séu lögboðin útgjöld samkvæmt dýrtíðarlögunum frá 4. apríl s.l. En það hefur aldrei komið fram, hvernig hæstv. stjórn lítur á það mál.

Háttv. 2. þm. Reykv. gat þess, að 28 menn hér á þingi bæru ábyrgð á þessari greiðslu og stjórnin ætti að heimta af þeim peningana, þær 10 millj. kr., sem um er að ræða. Af því ég er einn af þessum 28 mönnum, þá vil ég segja það, að ég tel þessa upphæð fyllilega eins réttmæta eins og hverja aðra í fjárlögunum, og ég mótmæli því alveg, að hún verði á nokkurn hátt látin mæta afgangi. Eftir færslu ráðh. á sams konar gjöldum áður, ætti hún náttúrlega að sitja fyrir og takast af tekjuafgangi fyrra árs. Komi hins vegar til þess, að ríkisstjórnin ætli sér upp á eindæmi að skera niður gjöld vegna fyrirsjáanlegs halla, þá hlýtur það að ganga að mestu yfir framkvæmdir, og þá verður það að ganga jafnt yfir.

Að lokum vil ég aðeins minnast á það, sem hæstv. ráðh. sagði um dýrtíðarráðstafanir. Hann vék að kauphækkun í því sambandi og gat þess, að öllum dýrtíðarráðstöfunum mundi hætt, ef kaup hækkaði mikið. Eins og kunnugt er, hefur nýlega verið sætt kaupdeila með mikilli hækkun, sem hlýtur að hafa í för með sér hækkun á öðru kaupi og hækkaða dýrtíð. Mér er nú sagt, að hæstv. ríkisstj. hafi samþ. það, að afleiðingar hækkaðs kaups mundu verða teknar til greina með hækkuðu verði. Hún hefur því greitt fyrir því, að samið væri um hækkað kaup, og henni hlýtur að vera ljóst, að það leiðir til hækkandi dýrtíðar. Í þessu sambandi þykir mér rétt að geta þess, að ég tel það mjög óheppilegt, að ekki skuli hafa verið teknar fastar ákvarðanir um það, hvaða dýrtíðarráðstafanir stjórnin eigi að framkvæma og hvað ekki. Hún hefur þetta mikið í sinni hendi. Það tel ég óheppilegt og vera eitt ákveðnasta merkið um þann slæma losarabrag, sem nú er á samstarfi þings og stjórnar.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég tel ekki viðeigandi, eins og sakir standa, að halda uppi deilum út af því, sem hv. þm. A-Húnv. drap á um afgreiðslu fjárl. Hv. þm. ættu sem minnst að vega að mér fyrir það, að fjárl. eru úr garði gerð eins og þau eru.

Út af ummælum hv. þm. A-Húnv. (JPálm) vil ég taka það fram til leiðréttingar, að ríkisstj. hefur ekki gefið neinar skuldbindingar um það, að sú kauphækkun, sem orðið hefur hér, verði tekin í verðlagið. Það er verðlagsráð, er stofnað var með sérstökum l., sem á að fjalla um þessi mál, og það hefur vald til að ákveða, að hve miklu leyti kauphækkanir hafa áhrif á verðlagið.

Hv. 3. landsk. (HG) og hv. þm. A-Húnv. (JPálm) minntust á færslur á uppbótum landbúnaðarafurða 1942, og skal ég til skýringar í því sambandi taka fram, að samkv. l. um framkvæmdasjóð var megintekjuafgangi ársins 1942 ætlað að ganga til þess sjóðs. Það var því ekki hægt að gera hvort tveggja að leggja tekjuafganginn í framkvæmdasjóð og greiða uppbæturnar, enda var svo ráð fyrir gert í öndverðu, að uppbæturnar kæmu til frádráttar tekjuafgangi nefnds árs. Greiðsluna var raunar ekki hægt að inna af hendi að fullu, fyrr en seint á árinu 1943, þegar búið var að loka reikningum ársins 1942, en uppbæturnar komu eigi að síður til gjalda á reikningi ársins 1942. Get ég ekki séð, að þetta þurfi að rugla reikningana. Þetta er sérstök reikningsfærsla, sem getur ekki blandað málum á nokkurn hátt.

Hv. 3. landsk. (HG) spurði, hvort hugmyndin

væri að minnka tap skipaútgerðarinnar. Ég get sagt honum, að talað hefur verið um að hækka farmgjöldin, en ég get ekki gefið honum frekari upplýsingar að svo stöddu, enda heyrir þetta undir atvmrn., og get ég ekki sagt nú, hvernig þetta muni verða framkvæmt.

Hv. 2. þm. S-M. (EystJ) spurði, hvernig horfði með uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á þessu ári. Eins og flestum hv. þm. er kunnugt, hefur verið gengið frá samningum um sölu á útfluttu kjöti, og eftir útreikningi þeirra manna, sem þessu eru kunnugastir, er gert ráð fyrir, að greiða þurfi 6½ millj. með kjötinu eingöngu. Þá er þess að geta, að ull og gærur eru enn óseldar og óvíst, hvað fæst fyrir þær vörur. Fyrir nokkru var tíundi hlutinn af gærunum seldur fyrir sæmilegt verð, og menn vonuðu, að það, sem eftir var, mundi seljast sama verði, en nú er vissa fyrir því, að svo verður ekki. Er með öllu óvíst, hvaða verð fæst fyrir gærur, hvort það verður svipað verð og í fyrra eða lægra, og því er nú ómögulegt að segja, hver uppbótin verður.

Hv. 2. þm. Reykv. segir, að ég hafi í hótunum um að sleppa dýrtíðinni lausri. Ég var ekki með neinar hótanir, en talaði aðeins um kaldan veruleika. Hann virðist ekki hafa tekið eftir því, sem ég sagði. Ég sagði orðrétt: „Ef sýnilegt þykir, að kaupgjaldið í landinu verði knúið upp, svo að ekki sé hægt að halda verðlaginu í skefjum, þá er líklegt, að hætt verði að greiða niður dýrtíðina".

Það einkennilega er, að þessi hv. þm. hefur jafnan áður talað mest á móti því, að verðlaginu sé haldið í skefjum með uppbótum, svo að mér skilst, að það ætti að vera í samræmi við stefnu hans og vilja, að þessu verði hætt. Það er því kynlegt, að hann rýkur upp einmitt nú út af þessu atriði, og fæ ég ekki skilið, hvers vegna það kemur svona illa við hann, að verðuppbótargreiðslum sé hætt og dýrtíðinni þar með sleppt lausri, eftir allt, sem hann hefur áður um þetta sagt.

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

2. Áfengisverzlun og tóbakseinkasala.

Á 38. fundi í Sþ., 4. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um sameiningu áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölu ríkisins* (stjfrv., A. 278).

Á 45. fundi í Nd., 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Frv. skylt þessu var lagt fyrir síðasta Alþ., en náði þá ekki fram að ganga, og er því þetta frv. lagt fram nú, en í því er lagt til, að þessi tvö fyrirtæki verði sameinuð, þegar fjmrh. telur það hagkvæmt.

Sameining þessara fyrirtækja er hagkvæm af ýmsum ástæðum. Það er m. a. auðvelt að reka þau sameinuð með sömu stjórn og sama skrifstofuhaldi og nú er aðeins notað við annað þeirra. Það verður ekki hjá því komizt, áður en langt um líður, að byggja yfir bæði þessi fyrirtæki, en það, hvernig byggt verður, hlýtur að fara mjög eftir því, hvort þau verða sameinuð eða ekki.

Þessar framkvæmdir eru mjög aðkallandi, því að það er með öllu óverjandi að hafa áfengisverzlun ríkisins lengur í sömu húsakynnum, og kemur þar bæði til greina eldhætta og annað.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Tekjuskattur og eignarskattur (gjafir til líknar- og menningarmála).

Á 38. fundi í Sþ., 4. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt* (stjfrv., A. 279).

Á 45. fundi í Nd., 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Frv. þetta lá fyrir síðasta Alþ., en náði þá ekki fram að ganga, enda þótt hv. þm. muni yfirleitt hafa verið því samþykkir, að þetta ákvæði kæmist inn í skattalögin.

Það er sanngjarnt, að menn fái að ráðstafa einhverju af tekjum sínum til líknar- og menningarmála, án þess að þeir þurfi að greiða af því skatta. Þetta getur einnig komið í veg fyrir ýmsar undanþágur, sem geta farið út í öfgar, eins og nærtæk dæmi sýna. Ákvæði svipuð þessum tíðkast mjög meðal erlendra þjóða, en ekkert tilsvarandi er til í íslenzkum skattalögum.

Ég mun ekki ræða meira um þetta að sinni, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 279, n. 447).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Þetta frv., sem er stjórnarfrv., felur í sér ákvæði um, að skattgreiðendum sé heimilt að draga frá tekj-

um sínum allt að 10%, sé því fé varið til líknarstarfs eða menningarmála. Frv. hefur legið fyrir fjhn., og leggur n. til, að það verði samþykkt.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta neitt frekar, nema tilefni gefist, en legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til fjhn., hvort n. lítur svo á, að sú undanþága, sem hér um ræðir, nái til íþróttastarfsemi. Það er að vísu tiltekið „líknar- og menningarmál", en ég hygg, að engum blandist hugur um, að íþróttastarfsemi er menningarmál. Ef n. lítur hins vegar svo á, að íþróttastarfsemi og íþróttamannvirki heyri ekki hér undir, þá mun ég leggja til, að það sé fram tekið.

Ég ætla, að ekki þurfi að rökstyðja það, hverja þýðingu þessi mál hafa, og því eðlilegt, að framlag til þeirra sé skattfrjálst.

Frsm. (Jón Pálmason): Í tilefni af þessari fyrirspurn vil ég svara því, að þetta atriði var ekki sérstaklega rætt í n., og ég tel vafasamt, að það mundi heyra hér undir. Ef til vill hefði verið rétt að einskorða þetta við líknarstarfsemi, en við vildum ekki skjóta loku fyrir, að annað gæti komið til greina. En hins vegar var ekki ætlun okkar með því að hengja á þessa undanþágu meira en eðlilegt og sanngjarnt er.

Sigurður Bjarnason: Ég heyri, að hv. n. hefur ekki gert sér grein fyrir, hvort íþróttamál skuli heyra undir menningarmál, enda þótt það virðist augljóst. En þar sem hv. n. hefur þessa skoðun, vil ég leyfa mér að bera fram brtt. þess efnis, að orðið „íþróttastarfsemi" verði fellt þarna inn í. Ég hygg, fyrst eðlilegt þótti, að ekki væri einungis um að ræða líknarstarfsemi, heldur einnig menningarmál, að þá sé eðlilegt og sjálfsagt að samþ. þessa brtt. Ef n. vill taka þetta til athugunar, er ég fús til að taka till. aftur til 3. umr. Leyfi ég mér svo hér með að afhenda forseta þessa till.

Forseti (SigfS): Hér hefur komið fram skrifleg brtt., og þarf tvöföld afbrigði til að taka hana til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 475) leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Mér þykir allundarlegt, að hv. þm. N-Ísf. skuli ekki finna, að íþróttamál eru menningarmál, því að af því hlýtur till. hans að vera fram komin. Hún sker úr um, að hann álítur íþróttamál ekki menningarmál, ella væri hún óþörf. En eftir frv. virðist ljóst, að ráðh. skuli úr því skera, til hvaða menningarmála skuli veitt.

Ég er á móti þessu frv., af því að ég lít svo á, að það sé skálkaskjól til að koma undan skatti, því að fullerfitt mun reynast fyrir skattan. að henda reiður á slíkum frádrætti. — Í öðru lagi getur þetta munað ríkissjóð allmiklu, vegna þess að þetta er tekið af toppnum á tekjum manna, og auðvitað verður erfitt að ákveða, hvar draga skuli mörkin í þessu máli.

Ég heyrði á hv. frsm., að hann hafði ekki gert sér grein fyrir, hversu langt skal farið í þessu. Og ég álít, að þetta kæmi einatt ekki rétt niður. Við skulum t. d. hugsa okkur, að maður yrði fyrir stórfelldum skaða af eldsvoða eða öðrum orsökum og hafin væru samskot honum til styrktar. Ég tel hæpið, að ráðh. gæti tekið tillit til slíkrar líknarstarfsemi, og er hennar þó full þörf. Þess vegna á ekki að samþ. þetta frv.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Ég hafði búizt við, að þetta frv. hefði tekið breyt. nokkrum, er það kæmi frá hæstv. ríkisstj. Eins og þetta nú liggur fyrir, er mönnum opnuð leið til þess að veita tekjum sínum í annan farveg en lög almennt gera ráð fyrir. Þetta væri þó ekki svo athugavert, ef glögg takmörk væru fyrir hendi, sem nú eru ekki. Ég hygg, að engum þm., sem komið hefur við þetta mál, hafi komið til hugar að láta þetta ná nema til líknarstarfsemi.

Nú hefur ríkisstj., sem áður var á móti þessu, lagt frv. fyrir svo geysivíðtækt, að ekki verður annað séð en að mönnum sé fært að leggja fé sitt skattfrjálst í hinar margvíslegustu stofnanir og fyrirtæki og þá auðvitað til íþróttamála sem annars. Ég hafði vænzt þess, að hv. n. felldi úr frv. „menningarmál". Ég legg því til, að hún fái um þetta umhugsunarfrest til 3. umr. Þetta er ekki mælt af neinni andúð til menningarmála, heldur af því, að ég tel, að hér sé komið á svo hála braut, að ég efast um, að Alþ. og ríkisstj. sjái sér þar stætt, ef á reynir.

Hins vegar er hér í þessu landi lagt fram meira fé af hálfu hins opinbera til menningarmála en þekkist nokkurs staðar annars staðar í hlutfalli við fólksfjölda. Eigi ráðh. eftir sínu þori og vilja að ákveða, hvað telja skuli menningarmál, þá er það svo vítt svið, að menn munu sjá, að slíkt er alveg ófært. Þar gætu heyrt undir framlög til skóla, fyrirlestra, ritgerða og bóka. Hér er og til félag, sem heitir Mál og menning. Hví skyldi ekki fært fyrir ráðh. að telja allt slíkt til menningarmála? Við því yrði að sjálfsögðu ekkert gert.

Ég tel, að mál þetta þurfi nákvæmrar athugunar við, og er tilefnið bæði það, sem fram kom í till. formannsins, og svo ætti n. að fjalla um allar þær till., sem hér kunna fram að koma.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Ég vil fyrir hönd fjhn. mælast til þess, að sú skriflega brtt., sem hér hefur verið lögð fram, verði tekin aftur til 3. umr., svo að n. fái tækifæri til þess að athuga það, sem hún fjallar um. Að öðru leyti vil ég geta þess, að það kann að vera eðlilegt, að menn tali um málið á svo breiðum grundvelli sem þeir gera. En það, sem fyrir fjhn. vakir, er að láta þetta ekki ná til annarrar starfsemi en líknar- og menn-

ingarmála þeirra, sem ekki njóta opinberra styrkja, og þess vegna kemur mál eins og íþróttastarfsemi og mál, sem eru á opinberum styrkjum, síður til greina. *(PZ:* Það er ekki talað um það neins staðar.) Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða meira um þetta mál.

Ég geri ráð fyrir, að menn séu því ekki mótfallnir, að málið gangi til 3. umr., en það þarf að bæta inn í frv. greinilegu ákvæði um það, að ekki sé til þess ætlazt, að þarna heyri undir önnur starfsemi en sú, sem ekki nýtur opinbers fjárstuðnings, t. d. ef öll skólastarfsemi kæmi þarna undir, þá væri þetta of víðtækt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Eins og sést á nál. fjhn., skrifaði ég undir það með fyrirvara, og var það vegna þess, að ég vildi hafa rétt til þess að taka málið til nánari athugunar, flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Ég er sammála öðrum, sem hér hafa talað, um það, að athuga þurfi málið betur, og sé, að ekki er heppilegt að samþ. frv. óbreytt eins og það liggur hér fyrir. Mér skildist á hv. þm. A.-Húnv., að hann einnig telja málið þurfa nánari athugunar við. Vænti ég, að því verði frestað að sinni, og sé því ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að svo stöddu.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég vil verða við þeim tilmælum frá form. fjhn. að taka till. mína aftur til 3. umr., þannig að n. geti tekið hana til athugunar að lokinni þessari umr. Ég sé ekki ástæðu til að gera mál hv. 2. þm. N.-M. að umræðuefni, en ég vil þó benda honum á, að það er misskilningur hjá honum, að þessi till. mín beri vott um, að ég telji íþróttir ekki til menningarmála. Ég færði áður í ræðu minni rök fyrir því, að íþróttastarfsemi væri menningarmál. En till. mín er borin fram vegna þeirrar yfirlýsingar, sem formaður n. gaf, nefnilega þeirrar yfirlýsingar, að til þess væri síður ætlazt, að það væri tilgangur n., að íþróttastarfsemi kæmi undir þetta frv. Það er vegna þessa, að ég vil fá úr því skorið, hvort íþróttastarfsemi falli undir menningarmál. Í mínum huga skolast það ekki neitt, að íþróttastarfsemin er eitt mesta menningarmál okkar þjóðar á þessum tímum.

Hitt sýnir dálítið einkennilegt hugarfar hjá hv. 2. þm. N.-M. um það, hvað menning er, þegar hann talar um það, að meginkjarni þessa frv. sé að gera menningarmálin að skálkaskjóli skattsvikaranna. Það er nú meira skálkaskjólið, ef menn gefa 10 þús. kr. til menningarstarfsemi í landinu, svo að æskan geti iðkað íþróttir. Sér er nú hver glæpurinn, sem menn þá drýgja. Þannig er mat hv. 2. þm. N.-M. á því, hvað til menningarmála heyrir.

Ég læt svo útrætt um þetta mál, en vænti þess, að fjhn. sjái sér fært að koma til móts við þá brtt., sem ég hef flutt og lýtur að því, að heimild sú, sem frv. fer fram á, nái einnig til gjafa til eflingar íþróttalífinu í landinu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég skil það, að ef hv. þm. N.-Ísf. kemur íþróttastarfseminni þarna inn á eftir líknarstarfsemi, en að öðru leyti er gr. óbreytt, eins og forseti sagði úr forsetastóli — *(SB:* Það er ekki rétt.) *(Forseti* les upp brtt. þm. N.-Ísf.) — Nú, þá er íþróttastarfsemin sett þarna inn í líka, og bendir þetta til þess, að hann geri ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh., Pétur Magnússon, sé svo sannfærður um, að íþróttastarfsemi sé ekki menningarstarfsemi, að það þurfi að taka það fram sérstaklega í gr. Það ber ekki mikinn vott um traust til Péturs Magnússonar, sem á að semja þessa reglugerð, ef taka þarf það hér sérstaklega fram, hvað eru menningarmál.

Ég þekki það marga menn, sem reyna að nota happadrætti Háskólans, þegar þeir komast í vandræði með skattaframtöl sín, að ég veit, að margir mundu telja fram gjafir til ýmiss konar starfsemi, sem ekki yrði hægt að kontrólera, til að útskýra framtöl sín. Þetta þekki ég af eigin raun. Það hefur oft verið hægt að kontrólera tekjur manna af happadrætti Háskólans, en þetta verður erfiðara viðfangs *með gjafir til alls konar menningarmála.*

Ég vildi gjarnan, að n. athugaði málið betur, og tel víst, að þá kæmist hún að raun um, að þetta frv. á engan tilverurétt. Það opnar svo vítt svið fyrir starfsemi, sem hægt er að telja til líknarstarfsemi, að það er ekkert vit í því. Og þó að hæstv. ráðh. reyni að bremsa það með reglugerð, þá getur hann það ekki, svo að skynsamlegt sé, því að til ýmiss konar líknarstarfsemi, sem rétt væri að hafa skattfrjálsa, væri önnur höfð það, getur hann ekki náð með reglugerð. Þess vegna er það *eina rétta* með þetta frv. að fella það.

ATKVGR.
Brtt. 475 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 13:6 atkv.
2. gr. samþ. með 13:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:6 atkv.

Á 77. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 279, 475).

Frsm. (Jón Pálmason): Ég vil mælast til við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá. Því var vísað til framhaldsathugunar í fjhn. við 2. umr. En hún hefur ekki skilað neinu áliti á brtt. enn. Þætti þess vegna n. ósanngjarnt, að málið væri tekið fyrir fyrst um sinn, eða þangað til hún hefur athugað það.

Umr frestað.

Á 83. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

4. Dýrtíðarráðstafanir (stjfrv.).

Á 38. fundi í Sþ., 4. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv til. l. um ráðstafanir vegna dýrtíðar o. fl.* (stjfrv., A. 281).

Á 47. fundi í Nd., 11. sept., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (JörB): Þá fara fram útvarpsumr. um frv. ríkisstj. um ráðstafanir vegna dýrtíðar o. fl., 89. mál, Nd., þskj. 281, 1. umr. Verður umr. tvær umferðir. Af hálfu ríkisstj. mun fjmrh., Björn Ólafsson, tala fyrst. Því næst tala eftir röð fulltrúar Sósfl., Sjálfstfl., Alþfl. og loks Framsfl., en því næst hefst síðari umferð. Í fyrri umferð má ræðulengd verða um 30 mín. hjá hverjum flokki eða lítið eitt meiri, ef svo stendur á, en tími hvers flokks í báðum umferðum 45 mín. alls.

Þá tekur til máls hæstv. fjmrh. og talar af hálfu ríkisstj.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Þær umr., sem hér fara fram, fjalla um frv. það til dýrtíðarráðstafana, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. Sökum þess, að dýrtíðarmálin varða miklu alla afkomu þjóðarinnar og lausn þeirra getur mótað til góðs eða ills lífið í landinu næstu árin, er líklegt, að umr. þessar komi víða við. Aðeins róleg og hleypidómalaus athugun á málinu frá ýmsum hliðum getur gert mönnum fyllilega ljóst, í hvert öngþveiti stefnir og hversu óvenjuleg nauðsyn er á því, að snúið verði við á þeirri braut, sem nú er haldið.

Sum blöðin hafa látið í ljós undrun yfir því, að stj. hafi óskað eftir útvarpsumr. um mál þetta, áður en flokkarnir hafi tekið ákveðna afstöðu til málsins eða það hafi verið gerathugað í þingnefnd. Stj. fór fram á það við flokkana fyrir nærri tveim vikum, að þeir létu uppi afstöðu sína til frv. fyrir 10. þ. m. Ekkert svar hefur komið. Flokkarnir hafa haft dýrtíðarmálin til athugunar nú í nærri tvö ár. Engar till. hafa frá þeim komið. Nú finnst stj. tími til kominn, að flokkarnir geri hreint fyrir dyrum sínum í þessu máli og skýri þjóðinni frá, hvernig þeir ætli sér að leysa það.

Hver dagur, sem nú líður, færir nýjar sannanir fyrir því, að lok styrjaldarinnar í Norðurálfu séu í nánd. Hvort um vopnahlé verður samið eftir viku eða mánuð, getur líklega enginn sagt, en þeir, sem bezt þekkja til þessara mála og sjálfir hafa þræðina í hendi sér, munu vera þeirrar skoðunar, að um næstu jól muni styrjöldinni lokið í álfunni.

Hér á landi getur fáum dulizt, að allt atvinnulíf landsmanna hefur undanfarin fjögur ár mótazt og vaxið vegna beinna áhrifa styrjaldarinnar. Þensla atvinnuveganna hefur orsakazt af óvenjulegri eftirspurn, sem styrjaldir jafnan skapa, um vörur og vinnukraft. Þegar ófriðurinn hættir, fellur niður hin óvenjulega eftirspurn, vegna þess að þörfin minnkar, en um leið hlýtur ofþenslan að fjara út.

Þjóðin er eins og skipverjar á litlum seglbáti. Meðan stormurinn varir, eru seglin þanin, og báturinn þýtur áfram, en þegar aftur lygnir, fer vindurinn úr seglunum og skipverjar verða að fara að róa, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Ef svo er, að allt atvinnulíf vort hefur undanfarið verið mótað af áhrifum ófriðarins, þá er það bein og eðlileg afleiðing, að miklar breyt. hljóta því að verða, þegar þessara áhrifa hættir að gæta. Lok ófriðarins hljóta því að marka mjög ákveðin og áhrifarík þáttaskipti í atvinnumálum landsmanna, og þjóðin þekkir ekki sinn vitjunartíma, ef hún áttar sig ekki á þessari staðreynd nógu snemma.

Til þess að fá heildarmynd af því, hvernig dýrtíðarmálin standa nú og hvernig aðstaða atvinnuveganna er í því sambandi, er nauðsynlegt að fara nokkuð aftur í tímann. — Í ársbyrjun 1940 stóð vísitalan í 112, en á því ári hækkaði hún um 30 stig. Árið 1941 hækkar vísatalan enn um 35 stig. Er því hækkunin þessi tvö ár mjög svipuð hvort árið og frekar hægfara. Í árslok 1941 er vísitalan 177 stig. Hefði á þessum tímamótum verið tekið rösklega og af einbeitni í taumana, eins og flestum var þá ljóst, að þörf krafði, hefði að líkindum verið hægt að forðast þá miklu verðbólgu, er síðar varð. Á árinu 1942 tók skriðan hins vegar að renna fyrir alvöru, og er lítill vafi á, að hin pólitísku átök og áhrif tveggja kosninga, sem urðu á því ári, áttu ekki óverulegan þátt í því, að svo varð. Á árinu hækkaði vísitalan um 95 stig, en 50 stig af þeirri hækkun koma fram af verðhækkunum, sem fram fóru í mánuðunum sept.—nóv., aðallega á kjöti og mjólk. Í des. 1942 var vísitalan komin upp í 272 stig.

Enginn vafi er á því, að verð landbúnaðarvara, sérstaklega á kjöti og kartöflum, hefur verið sett of hátt um haustið 1942. Þá hækkaði kjöt úr kr. 4,10 upp í kr. 7,75, mjólk úr kr. 1,21 í 1,57 og kartöflur úr kr. 60,00 upp í kr. 85,00 í heildsölu. Hagstofan hefur reiknað út, að samkvæmt grundvelli sex manna n. hefði verð á kjöti haustið 1942 átt að vera 3,59 til bænda, en þeir fengu kr. 5,21, sem meðalverð á Suðurlandi. Kartöfluverðið hefði átt að vera kr. 64,50, en varð um kr. 85,00. Samkv. þessu hefur Hagstofan enn fremur reiknað út, að hefðu landbúnaðarafurðir 1941 og 1942 verið verðlagðar samkv. nefndum grundvelli, þá hefði vísitalan í des. 1942 átt að vera 242 í stað 272 stig. — Þau mistök, sem hér virðast hafa orðið, stafa af því, að við verðlagningu afurðanna var enginn mælikvarði að fara eftir í því skyni að halda réttu hlutfalli milli afurðaverðs og vinnulauna. Þess vegna var verðsetningin matsatriði hverju sinni með þeim árangri, sem nú var getið. Út af þessu hafði raunverulega myndazt kapphlaup milli afurðaverðs og vinnulauna, sem enginn gat séð fyrir, hvernig enda mundi, ef ekki yrðu settar skorður við slíku kapphlaupi með frjálsum samningum eða lagaboði.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum 16. des. 1942, var vísitalan 272 stig, eins og áður er sagt. Verðlagið innan lands var að miklu leyti að fara úr reipunum, og viðbúið var, að hver hækkunin mundi reka aðra. Með sérstökum bráðabirgðaráðstöfunum var verðlagið stöðvað, og í byrjun ársins 1943 lækkaði vísitalan nokkuð vegna fjárframlaga úr

ríkissjóði til verðlækkunar. Ríkisstj. lagði þá fram í þ. frv. um dýrtíðarráðstafanir. Flestum er enn í fersku minni, hvernig þingið fór með það frv., og hirði ég ekki um að rekja þá sögu hér. Þingið vék sér undan því að gera nokkrar raunhæfar aðgerðir gegn verðbólgunni. En upp úr þessu spratt starf sex manna n. og sá grundvöllur, sem hún setti um verðlag landbúnaðarafurða. Þessi grundvöllur, þótt gallaður sé, kom að vísu festu í verðlagningu afurðanna, en hann orsakaði jafnframt hækkun á verðinu og gerði stórum erfiðari en áður baráttuna við dýrtíðina. Grundvöllur sex manna n. styrkti mjög aðstöðu framleiðenda landbúnaðarvara, en eins og hann er lagður, hindrar hann það, að verðlagið geti breytzt nema á tiltölulega löngum tíma. Í þessu sambandi er þó rétt að hafa það hugfast, að grundvöllurinn stendur ekki lengur en ófriðarástandið varir. — Á miðju ári 1943 hafði vísitalan komizt niður í 245 stig. En vegna verðhækkunar, sem stafaði af samkomulagi sex manna n., og öðrum ástæðum, hækkaði vísitalan í lok ársins upp í 266 stig. Síðan hefur hún haldizt nokkuð stöðug með fjárframlögum úr ríkissjóði.

Þetta er í fáum dráttum gangur málsins. Enn þá hefur ekkert verið gert af hendi þingsins til þess að stöðva vöxt dýrtíðarinnar varanlega. Ríkisstj. hefur haldið verðbólgunni í skefjum í nærri tvö ár, aðallega með verðlagsráðstöfunum og fjárframlögum. Þingið hefur ekki treyst sér til að svipta stj. heimild til slíkra ráðstafana, en sumir flokkar þess hafa gert stj. allan þann óleik, er þeir hafa mátt. Mundu þó margir ætla, að það væri sameiginlegt áhugamál allra þjóðhollra manna að koma í veg fyrir hinar örlagaríku afleiðingar verðbólgunnar.

Nú stendur þjóðin á nýjum vegamótum í þessu máli. Ný verðhækkun á landbúnaðarvörum stendur fyrir dyrum, og nú verður að fara að hugsa fyrir því að létta af ríkissjóði þeim miklu útgjöldum, sem hann notar nú til að standa á móti flóðbylgju dýrtíðarinnar. Samkv. útreikningi Hagstofunnar hækkar vísitala landbúnaðarins um 9,4 stig.

Samkv. hinu nýja verði landbúnaðarvara er talið, að útsöluverð á kjöti, mjólk og kartöflum ætti að vera sem hér segir:

Kjöt	kr. 9,90	kg, er nú kr.	6,50
Mjólk	- 1,76	l, - - -	1,45
Kartöflur	- 1,54	kg, - - -	0,80

Af þeim mismun, sem er á kjöti og mjólk, greiðir ríkissjóður nú til verðlækkunar kr. 1,90 fyrir kg af kjöti og 16—18 aura fyrir lítra af mjólk. Hinn mikli verðmunur, sem er á kartöflum, stafar af því, að undanfarið misseri hafa erlendar kartöflur verið seldar á 80 aura kg. Er það nær helmingi lægra verð en innlendu kartöflurnar eiga að kosta.

Fjárframlag ríkissjóðs til verðlækkunar er áætlað, að muni nema nú um einni millj. kr. á mánuði fyrir kjöt og mjólk. Þetta fjárframlag lækkar vísitöluna kringum 14 stig. Ef engum fjárframlögum væri beitt, ætti vísitalan raunverulega að vera nú 280 stig í stað 266. Hækkunin, sem kemur 15. sept. á kjöti og mjólk og kartöflum, má ætla, að hækki vísitöluna um allt að 17 stig. Af þessu er hækkunin á kartöflunum einum rúmlega 7 stig. Um 5 stig af þessari hækkun munu koma fram í vísitölunni fyrir september. — Ef hætt verður greiðslum úr ríkissjóði 15. sept. og þessar afurðir verða seldar samkv. framangreindri verðlagningu, mun vísitalan verða um 297 stig. Við það mundi svo bætast eftir einn til tvo mánuði frekari hækkun, er mundi sækja á með miklum þunga. Það er ekki auðvelt að áætla, hversu mikið mundi kosta ríkissjóð að greiða niður alla þessa hækkun á vísitölunni, en ég gæti trúað, að til þess þyrfti yfir tvo tugi millj. yfir árið eða allt að 2 millj. kr. á mánuði. Engum getur dulizt, að slíkt mundi ríkissjóði gersamlega ofviða til lengdar.

Landbúnaðarvísitalan nýja kemur til framkvæmda 15. sept., ef ekkert er gert fyrir þann tíma, sem hindrar verðhækkunina á einn eða annan hátt.

Ríkisstj. er ljóst, að hún hefur skyldu til að leggja til málanna það, sem hún telur nauðsynlegt til þess að forðast öngþveiti í þjóðfélaginu, en hins vegar er það á valdi Alþ., hvort till. hennar ná fram að ganga eða hvað gert verður í málinu. Verði ekkert gert, er það ekki hennar sök.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er hvorki stórt skref né miklar aðgerðir. En það er stöðvun. Það ætti að geta stöðvað frekari vöxt verðbólgunnar og hindrað, að sú þróun, sem nú virðist ætla að sprengja öll bönd og liða sundur fjármála- og atvinnukerfi landsins, geti haldið áfram.

Ég skal með fáum orðum geta helztu atriða frv. Uppistaðan í því er þreföld: í fyrsta lagi lækkun á verði landbúnaðarafurða um 10%; í öðru lagi lækkun á dýrtíðaruppbót allra, sem laun taka í landinu, í hlutfalli við lækkun á verði afurðanna; í þriðja lagi skattur á þá, sem eignazt hafa mikið fé á ófriðarárunum.

Til þess að setja sem sterkastar skorður við auknингu verðbólgunnar, er ákvæði um það, að dýrtíðaruppbót megi aldrei reikna með hærri vísitölu en 270. Ef framfærsluvísitalan fer hærra, greiðist engin dýrtíðaruppbót með því, sem fram yfir er. En til þess að hindra það, að vísitalan fari langt upp fyrir 270, er svo ákveðið, að verð landbúnaðarvara skuli lækka í réttu hlutfalli við þá skerðingu, sem launþegar verða fyrir vegna hámarksbindingar vísitölu í sambandi við kaupgreiðslu.

Heimilað er, að ríkissjóður haldi áfram greiðslum til verðlækkunar til áramóta. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir, að þær falli alveg niður. Við það mun vísitalan hækka, en þá kemur til framkvæmda ákvæðið um, að verðlag afurðanna lækki í hlutfalli við þá skerðingu, sem launþegar verða fyrir. Eftir því, sem næst verður komizt, mundi vísitalan að líkindum hækka um áramótin um allt að 20 stig eða upp í 286, en lækkun á afurðaverðinu, sem næmi um 6%, mundi lækka vísitöluna ofan í 279, og í námunda við það mundi hún að líkindum stöðvast.

Samkv. 5. gr. frv. skal engin dýrtíðaruppbót greidd af kauphækkunum, sem fara fram á tímabilinu 1. sept. 1944 til 1. júlí 1945. Er þetta ákvæði sett til að hindra nýjar kauphækkanir, því að þær stefna að aukinni verðbólgu og vinna því öfugt við tilgang frv.

Þá er eftir að minnast á þann hluta frv., sem fjallar um eignaraukaskattinn. Þetta er skattur, sem allir flokkar hafa tjáð sig fúsa að samþykkja. Þess vegna er hann nú hér borinn fram í því skyni að jafna metin í sambandi við þær byrðar, sem mönnum eru lagðar á herðar með frv. Ég skal fúslega játa það, að hér er um mjög óvenjulega skattlagningu að ræða, sem ekki getur komið til mála að framkvæma nema undir mjög óvenjulegum kringumstæðum. Ef bændur og launþegar verða að taka á sig nokkra byrði til þess að stöðva rýrnun krónunnar, þá virðist ekki ósanngjarnt, að þeir, sem grætt hafa mikið fé vegna ófriðarástandsins, fé, sem nú er í hættu vegna verðbólgunnar, leggi nokkuð af mörkum til tryggingar afkomu almennings eftir stríðið. Skatturinn verður engum ofviða og snertir ekki nýbyggingarsjóði fiskiflotans. Hversu miklu hann nemur, er ekki auðvelt að segja um nákvæmlega, en eftir því, sem næst verður komizt, mun hann nema um 11—12 millj. kr. Lagt er til, að skatturinn verði allur notaður til tryggingar afkomu almennings eftir stríðið með því, að stofnaður verði með honum sjóður, er nefnist atvinnutryggingarsjóður og ráðstafa má aðeins af Alþ. með sérstökum l. um atvinnutryggingar í landinu. Sjóðurinn yrði því hin fyrsta undirstaða slíkra trygginga, sem ættu að verða einn þátturinn í skipulagningu vinnunnar og baráttunni gegn atvinnuleysi eftir stríðið. Það hlýtur að verða eitt af höfuðverkefnum þjóðfélagsins á næstu árum að útrýma óttanum við skort og örbirgð með því að veita einstaklingunum öryggi fyrir sæmilegri lífsafkomu.

Þessu frv. verður vafalaust fundið margt til foráttu og um það deilt, hver af þeim aðilum, er frv. snertir, beri verstan hlut frá borði. Það er hin smáborgaralega hlið málsins. Ef menn vildu líta á það, hvað þjóðinni í heild er fyrir beztu, þá mundu flokkssjónarmiðin hverfa. Ég hef ekki gert ráð fyrir því, að ekki væri hægt að benda á galla eða annmarka á frv. Það gengur að ýmsu leyti skemmra en ríkisstj. hefði kosið. En engum mun það ljósara en hv. þm. sjálfum, hversu miklum erfiðleikum er bundið að leggja fram dýrtíðartill., sem enginn flokkur hefði nokkuð út á að setja. Þess vegna geng ég þess ekki dulinn, að till. verða harðlega gagnrýndar af talsmönnum flokkanna á þann hátt, að hver mun verja hagsmuni þess, er hann telur sinn umbjóðanda, og benda á veilur frv. í því ljósi. Ég vænti þess, að einhver þeirra taki málstað þess aðilans, sem mest á í húfi, þjóðarheildarinnar.

Ég býst við, að bent verði á það sem megingalla frv., að ekki séu settar öruggar skorður gegn hækkun grunnkaups og að launþegum sé innan handar að knýja fram hækkun á grunnkaupi sínu til þess að gera að engu skerðingu, sem frv. gerir ráð fyrir. Ef svo færi, mundi byrðin lenda eingöngu á framleiðendum. Þessu er því til að svara, að stj. mun fús til að breyta 5. gr. frv. á þá leið, að öll kauphækkun sé bönnuð frá 1. sept. 1944 til 1. júlí 1945 og að verkföll, sem hafin eru í því skyni að gera að engu þetta ákvæði, séu ólögleg. Ef þingið vill setja þetta inn í frv. til þess að bæta úr göllum þess, þá mun það ekki gert að deiluefni af hendi stj. Ef þingið hikar við að setja inn þetta ákvæði, þá virðist lítil ástæða til að ásaka stj. fyrir að hafa látið það undir höfuð leggjast.

Annars vil ég benda á það, að þótt launþegar vildu bregðast sinni þegnlegu skyldu um þátttöku í aðgerðum gegn dýrtíðinni, þá eru talsverðir örðugleikar á því, er til framkvæmdanna kemur. Í fyrsta lagi mundi slíkur skortur á félagsþroska og þegnskap verða fordæmdur af almenningsálitinu og skapa stórkostlega mótstöðu gegn slíkum kauphækkunum. Í öðru lagi þyrftu launþegar nálega að þrefalda kröfur sínar á við það, sem nú er framborið, vegna þess að hin nýja grunnkaupshækkun tæki ekki dýrtíðaruppbót. Slík hækkun á grunnlaunum yrði ekki auðfengin undir þessum kringumstæðum, nema menn geri ráð fyrir, að verkalýðsfélögin hafi þessi mál svo í hendi sér, að þau geti einhliða ákveðið allt kaupgjald í landinu. Slíkt vill víst enginn viðurkenna, enda væri þá allt unnið fyrir gýg, er stefnir að lækkun framleiðslukostnaðar.

Þótt ég hafi orðið nokkur fjölorður um þetta atriði, er það ekki af því, að ég hafi nokkurn tíma efazt um, að verkamenn og aðrir launþegar sýni ekki jafnmikinn þegnskap og aðrir í baráttunni við dýrtíðina, ef þeir eru sjálfráðir og geta látið skoðun sína í ljós. Slíkt vantraust væri óverðskuldað, því að það gæfi til kynna, að þeir stæðu öðrum mönnum að baki um þjóðhollustu. Slíkt væri mjög fjarri sanni.

Sumir halda því fram, að frv. sé kúgunarlög á hendur verkalýðnum, gerð í þeim tilgangi einum að skerða laun hans. Það er venjulega auðvelt að þyrla moldviðri upp í kringum alvarleg málefni, svo að sumir menn missi alveg sjónar á kjarna málsins. Sú kaupskerðing, sem hér er um að ræða, er engin kúgunartilraun, enda mundi hún ekki miklu valda í þá átt. Hún er aðeins liður í ráðstöfunum til að stöðva hina hættulegu þróun dýrtíðarinnar, sem aðeins getur endað í langvarandi atvinnuleysi, ef ekkert er að gert og hún er látin halda áfram. Þetta er framlag verkamannsins til þess að tryggja það, að atvinnan geti haldizt, til þess að tryggja afkomuna fyrir sig og sína, í stað þess að láta upplausnarástand vaxandi dýrtíðar stöðva atvinnutækin. Hið raunverulega kaup verkamannsins byggist ekki á tölu krónanna, sem hann fær, heldur á gildi þeirrar krónu, sem honum er greidd. Framlag verkamannsins, sem áður er greint, hindrar verðlækkun krónunnar, þeirrar krónu, sem honum er greidd í laun. Í þessu sambandi tala sumir um fórn. Hver mundi kalla það fórn af manni, sem hefur ofhlaðið skip sitt, að kasta út litlu broti af farminum til þess að ná landi heilu og höldnu með það, sem eftir er, í stað þess að láta allt fara í kaf.

Það má snúast á tvennan hátt gegn vandamáli verðbólgunnar. Það má gera það á þann hátt, sem stj. stefnir að, með því að minnka verðbólguna og þannig hækka gildi krónunnar, auka kaupmátt hennar og gildi hins sparaða fjár í landinu. Það er einnig hægt að gera það með því að fella gengi krónunnar og þannig lögfesta verðbólguna og þá

rýrnun sparifjár, sjóða og trygginga, sem nú er orðin. Slíkt væri að kippa stoðunum undan þeim fjárhagsgrundvelli, sem þjóðin byggir nú á. Hin síðari leiðin er auðveldari í framkvæmdinni eins og jafnan, þegar slegið er undan og gefizt upp. Það er hægara að fljóta undan straumnum en synda á móti honum. Að fella gengi krónunnar væri ekkert annað en uppgjöf, uppgjöf þreyttra og ráðlausra manna. Gengisfelling til þess að gera framleiðsluna samkeppnisfæra yrði skammgóður vermir. Með einu *pennastriki* væri kaupgjaldið í landinu lækkað um þriðjung, ekki í krónutölu, heldur að verðmæti. Allar innfluttar nauðsynjar mundu hækka að sama skapi í verði. Verkamaðurinn mundi fá sömu krónutölu og áður, en maturinn, fatnaðurinn, eldiviðurinn mundi kosta miklu fleiri krónur en áður. Sparifé almennings mundi verða lítils virði, — opinberir sjóðir sömuleiðis. Tryggingarfé, sem fjöldi manna hefur lagt til hliðar á langri ævi, mundi fara sömu leiðina. Ef um er að ræða þær tvær leiðir, sem ég nú hef nefnt, þá getur engum skynsömum manni við nánari athugun dulizt, að vér eigum að synda á móti straumnum í þessu efni og sigra erfiðleikana. Gengisfall í stórum stíl, eins og nú standa sakir, væri þjóðarógæfa, það væri uppgjöf og vonleysi, vesallegur flótti frá ábyrgðinni og gæfi frið, meðan gengið væri frá öskunni til eldsins.

Þetta frv. er aðeins stöðvun, eins og áður er fram tekið. Og þjóðinni er brýn nauðsyn, að stöðvun geti nú orðið. Rekstrarkostnaður framleiðslunnar og allt verðlag í landinu er að komast út í öfgar. Vér seljum í dag fiskafurðir *vorar fyrir hátt verð*, en um næstu áramót, eftir aðeins hundrað daga, getum vér búizt við, að samningar falli niður og verð afurðanna fari stórum lækkandi. Um leið og verðið lækkar, verður rekstrarkostnaður útgerðarinnar að lækka í réttu hlutfalli, til þess að atvinnuvegurinn geti haldið í horfinu. Ef söluverð aflans er ekki nægilegt til þess að standa straum af kostnaðinum við framleiðsluna, stöðvast reksturinn mjög fljótlega, þangað til jafnvægi er náð milli framleiðslukostnaðar og söluverðs. Það er vonlaust til lengdar fyrir einstaklinga eða þjóð að afneita þessum staðreyndum Menn geta alveg eins afneitað flóði og fjöru og sagt, að aldrei fjari út.

Vér verðum einnig að gera oss grein fyrir því, að samkeppni á fiskmarkaðinum getur komið, fyrr en nokkurn varir. Hugsanlegt er, að eftir 1—2 mánuði fari að berast fiskur á markaðinn í stórum stíl frá löndum, sem nú eru lokuð. Einnig er ástæða til að ætla, að vegna breyttrar hernaðarafstöðu sé nú verið að útbúa skip til fiskveiða í stórum stíl, sem til þessa hafa verið bundin við hernaðinn. Fullyrt er, að nokkrar gerðir hinna smærri varðskipa séu þannig útbúin, að hægt sé að breyta þeim í fiskiskip með stuttum fyrirvara. Það verður því að hafa það hugfast, að afkoma útgerðarinnar getur breytzt *mjög skyndilega* og áður en langt um líður. Ef rekstrarkostnaðurinn í landinu verður enn látinn vaxa stórum og verðlagið hækka mikið með því að gefa verðbólgunni lausan tauminn, þá fjarlægjumst vér stöðugt það mark að geta haft atvinnu fyrir alla þjóðina eftir stríð. En vér nálgumst með óhugnanlegum hraða það ástand, að atvinnugreinarnar geti ekki staðið undir kostnaðinum, með því að enginn vilji greiða það verð, sem þær þurfa að fá.

Verkfall er nú í iðnaðinum, vegna þess að krafizt er hærri launa, *sem enn mundi hækka verð* iðnaðarvaranna. Þó eru þær flestar í miklu hærra verði en sams konar erlendar vörur. Smjörlíki er hægt að flytja inn frá Ameríku, greiða af því 30% toll og selja það á sama verði og hið íslenzka er selt nú. Íslenzk veiðarfæri eru allt að því 25—30% dýrari en erlend. Dúkar og skófatnaður stenzt ekki samkeppni við sams konar erlendar vörur þrátt fyrir háan verðtoll. Húsgögn eru hér allt að helmingi dýrari en innflutt þrátt fyrir hátt flutningsgjald og 50% verðtoll.

Í járniðnaðinum er einnig verkfall, og skipaviðgerðir hafa stöðvazt. Ástæðan er krafa um hærri laun. Þó er vafasamt, að skipaviðgerðir séu nokkurs staðar í heiminum jafndýrar og hér.

Undanfarið hefur íslenzkum járnskipum gengið betur en áður að fá viðgerðir í Bretlandi, og viðgerðarkostnaðurinn er þar aðeins lítill hluti af því, sem hann er hér. Eitt skip fékk þar nýlega viðgerð, er kostaði um 10 þús. kr., en mundi að líkindum hafa kostað hér 40 þús. kr. Þegar stríðinu er lokið, má búast við, að hvert skip, sem þess óskar, geti fengið viðgerð í brezkum skipaverkstæðum. Á sömu stundu hlýtur mestöll viðgerð járnskipa að hverfa úr höndum íslenzkra járniðnaðarmanna, vegna þess að kostnaðurinn er *kominn úr hófi fram*. Þó er enn farið fram á að hækka hann. Það mun sannast hér hið fornkveðna, að skamma stund verður hönd höggi fegin.

Hvert tonn í tréskipum, sem hér eru smíðuð, kostar nú um 10—11 þús. kr. Það er líklega helmingi hærra en það, sem hæst er annars staðar. Ef Íslendingar yrðu að kaupa fiskiskip slíku verði eftir stríðið, þá mundi vélbátaútvegurinn fljótlega verða að leggja árar í bát.

Það, sem ég hef nú talið, eru aðeins fá dæmi um það, hvernig íslenzk iðja og framleiðsla er komin vegna hins mikla framleiðslukostnaðar, sem er bein afleiðing dýrtíðarinnar. En þótt þetta sé napur sannleikur, þarf enginn að undrast, að svona er komið. Ef vér berum saman aðstöðu nágrannaþjóðanna, þeirra sem Íslendingar hafa mest skipti við eftir stríðið, er ljóst, að framleiðslukostnaður þeirra kemst hvergi í námunda við kostnaðinn hér á landi. Síðan í ófriðarbyrjun hefur verðlag hækkað í Bretlandi um 29 stig, í Bandaríkjunum um 25 stig og í Svíþjóð um 54 stig. En hér á landi er hækkunin *166* stig. Getur nokkrum dulizt, hvaða erfiðleika Íslendingar eiga fyrir höndum, ef þeir fá ekki skilið í tíma, að atvinnuvegir þeirra eru háðir viðskiptalögmáli umheimsins?

Þessar þjóðir, sem ég nefndi og haldið hafa verðbólgunni í skefjum, hafa gert það á svipaðan hátt og núv. ríkisstj. hefur framkvæmt eða lagt til. En það, sem hér skilur á milli feigs og ófeigs, er, að þessar þjóðir hófu aðgerðir sínar strax í byrjun verðbólgunnar, í stað þess, að hér var það ekki

gert að nokkru ráði, fyrr en ástandið var orðið lítt viðráðanlegt. — Í Bretlandi var þegar í byrjun ófriðarins sett á strangt verðlagseftirlit, og jafnframt var verð lækkað með framlagi úr ríkissjóði. Framlag ríkissjóðs í þessu skyni er talið að nema nú um 200 millj. £ árlega, en það eru um 113 kr. á hvern íbúa á ári. Það samsvarar, að hér á landi væri varið rúmlega 14 millj. kr. til verðlækkunar á ári. — Í Bandaríkjunum hefur verið beitt líkum aðferðum. Hámarksverð hefur verið sett á landbúnaðarafurðir sem aðrar vörur, og talsvert fé hefur verið greitt úr ríkissjóði til verðlækkunar, þótt ekki liggi fyrir tölur í því efni.

Í Svíþjóð hafa verklýðsfélögin og samband atvinnurekenda gert samninga um, að ekki skuli greidd full dýrtíðaruppbót á laun. Vegna vísitöluhækkunar, sem nú er 54 stig, fá verkamenn nú aðeins 21% hækkun á laun sín í stað 54%, ef full uppbót væri greidd. Fer þetta eftir föstum en nokkuð margbrotnum reglum. — Hér á landi má slíkt ekki heyrast nefnt og er talið kúgun, ef fram er fært. Svíarnir hafa þó sýnt öllum heiminum, að þeir kunna að stýra búi sínu. Hér veltur í rauninni allt á því, að verkamenn og launþegar á Íslandi sýni sama skilning og félagsþroska og verkamenn Svíþjóðar. Auk þessa voru í Svíþjóð settar mjög strangar reglur um vöruverð og sett bann við ýmiss konar hækkun, þótt kostnaður hækkaði.

Verkföllin, sem nú dynja yfir, eru pólitískir beinverkir í fjármálasjúku þjóðfélagi. Allir vita, að núverandi ástand í atvinnumálunum getur ekki staðið til lengdar, en þrátt fyrir það er haldið áfram að spenna bogann, meðan hann brestur ekki. Þetta er einn þátturinn í kapphlaupinu um skiptingu gæðanna, kapphlaup, sem þreytt er án fyrirhyggju. Sanngjörn og eðlileg skipting afrakstrar atvinnuveganna er sjálfsögð, en hún getur aðeins byggzt á því, hvað atvinnuvegirnir gefa af sér. Þeir eru háðir sama lögmáli og hænan, sem verpti gulleggjunum. Ef þeir fá að starfa í friði og með eðlilegum hætti, flýtur gullið frá þeim út til þjóðarinnar. En sé þeim slátrað, er hætt við, að fljótlega verði þröngt í búi.

Sumir munu nú ef til vill segja, að óþarfi sé að vera með þennan barlóm, því að þrátt fyrir aðvaranir og hrakspár undanfarin tvö ár hafi allt gengið vel og velgengnin hafi aldrei verið meiri en nú. Er því nokkur ástæða til að ætla, að farsældin geti ekki enn haldið áfram að vaxa, þótt dýrtíðinni séu engar skorður settar?

Eftir síðasta ófrið var ástandið í Bandaríkjunum ekki ósvipað því, sem hér er nú. Af völdum ófriðarins streymdi gullið þangað, og verðbólga magnaðist. Hin falska velgengni var meiri en nokkurn tíma hafði áður þekkzt. Þjóðin var farin að trúa, að velsældinni væru engin takmörk sett, og menn hlógu að þeim, sem vöruðu við ástandinu. Á nokkrum dögum hrundi spilaborgin, og þá hófst fjárhags- og atvinnukreppa hin mesta, sem heimurinn hefur séð til þessa. Í Ameríku varð eitthvert hið mesta fjárhagshrun, sem komið hefur þar, og leiddi af sér almennar þrengingar og atvinnuleysi.

Það verður sama lögmálið, sem endurtekur sig hér með nokkrum öðrum hætti vegna ólíkra staðhátta, en með svipuðum árangri, ef ekki verður tekið í taumana nógu snemma.

Verðfall á íslenzkum afurðum og framleiðsluvörum hlýtur að koma, þegar friður er fenginn og viðskiptin leita í eðlilegan farveg. Þess vegna eru þau átök, sem nú eru gerð um hækkun launa og þar með alls framleiðslukostnaðar, eins og glíma við skuggann sinn. Þessi átök geta ekki fært nokkrum aukinn hagnað raunverulega, vegna þess að sjálft ástandið, hin óumflýjanlega rás viðburðanna, hlýtur að þurrka slíkt burtu. Vér getum að sjálfsögðu sett hvaða verð, sem oss sýnist, á eigin afurðir og vinnu, en vér höfum ekkert vald til þess að skipa nokkrum að greiða þetta verð. Þess vegna er streitan til einskis. Hún fer í bága við lögmál viðskipta og atvinnu. Atvinnugreinarnar geta ekki borið kostnaðinn. Þeim, sem nú herða róðurinn í þessu efni, fer eins og manni, sem sáir vorkorni sínu að hausti. Sáðkornið þolir ekki breytingu árstíðanna, og það gefur enga uppskeru. Svo verður um allar kauphækkanir, sem nú kunna að bætast við kostnað vorrar ósamkeppnishæfu framleiðslu. Þær gefa enga uppskeru, bera engan ávöxt vegna þeirrar breytingar á ástandinu í heiminum, sem nú stendur fyrir dyrum og ekki verður umflúin, en vér fáum ekki við ráðið.

Það gengur því brjálæði næst og væri fjörráð við framtíðarheill þjóðarinnar, ef nú ætti að láta allan framleiðslukostnað í landinu stórhækka, nokkrum vikum áður en rás viðburðanna gefur merki um lækkandi verð á öllum sviðum. Viðvörunin hefur verið rituð á vegginn nú þegar. Straumbreytingin er fram undan. Hvernig mundum vér líta á hyggindi þess manns, sem klifrað hefði hátt, en reyndi þó að klifra enn hærra vitandi það, að fallið væri óumflýjanlegt og yrði því þyngra og átakanlegra sem hann færi hærra. Vér mundum álíta, að honum væri ekki ljóst, hvað hann væri að gera.

Núv. ríkisstj. hefur jafnan talið það aðalhlutverk sitt að halda dýrtíðinni í skefjum. Þá tuttugu mánuði, sem hún hefur starfað, hefur dýrtíðin staðið í stað. Nú er svo komið, að nýr þungi bætist við, og í dag verður ekki séð, að stj. verði mögulegt að halda verðbólgunni í skefjum, nema Alþ. fái henni þau vopn í hendurnar, sem henni eru nauðsynleg í baráttunni. Ef Alþ. synjar um þetta eða hefst ekkert að, er ekki útlit fyrir, að ríkisstj. hafi tök á að sporna móti flóðbylgjunni. Flóðið verður þá að skella yfir. Alþ. eitt hefur valdið til að hindra þetta, og það ber því eitt ábyrgðina á afleiðingunum.

Ef hætt verður öllum aðgerðum í dýrtíðarmálunum 15. sept., hækkar vísitalan eftir næstu mánaðamót upp í 297—300 stig, — næstu tvo mánuði á eftir líklega um 10—15 stig í viðbót. Þegar svo er komið, að vísitalan er orðin yfir 300 stig, er mestallur iðnaðurinn í landinu dauðadæmdur, enda væri þá bein skylda að heimila innflutning hvers konar erlendra iðnaðarvara til þess að útvega landsmönnum ódýrari vörur. Í byrjun næstu vertíðar mundu

frystihúsin að líkindum stöðvast. Bátaútvegurinn mundi bera svo skarðan hlut frá borði, að mjög vafasamt er um reksturinn. Síldarafurðirnar mundu ekki seljast á næsta ári fyrir það verð, er næmi framleiðslukostnaðinum, enda þyrfti verð á mjöli og lýsi að hækka mikið frá því, sem nú er. Síldarútgerðin gæti því stöðvazt alveg næsta sumar með sama áframhaldi. Þetta eru ekki glæsilegar horfur. En hér stoðar ekkert annað en gera sér grein fyrir, hvað fram undan er.

Ríkisstj. leggur fram þessar till. vegna þess, að hún telur skyldu sína að benda á leiðir, sem geta stöðvað dýrtíðina. Hún er reiðubúin að ræða aðrar till., að ræða aðra lausn á málinu. Aðalatriðið er ekki formið eða það, hver till. ber fram, heldur árangurinn, sem næst, hvaða leið sem farin verður. Ríkisstj. heldur því ekki fram, að till. hennar séu eina rétta leiðin. En hún heldur því fram, að Alþ. beri skylda til, ef það vill ekki aðhyllast þessar till., að bera fram og samþ. aðrar, sem tryggi ekki lakari árangur. Alþ. getur ekki lengur látið undir höfuð leggjast að stöðva verðbólguna með einhverjum ráðum, ef það vill ekki algerlega bregðast skyldum sínum og trausti þjóðarinnar. Ef það vegna innbyrðis sundrungar treystist ekki til að koma í veg fyrir það öngþveiti í þjóðfélaginu, sem er að skapast, þá er það ekki hlutverki sínu vaxið, og öngþveitið heldur áfram að vaxa, meðan svo stendur.

Á engu er nú hinu unga lýðveldi meiri þörf en að hin elzta og virðulegasta stofnun þess, Alþingi, skipi þann sess í lífi þjóðarinnar, sem til er ætlazt og framkvæmd hennar, frelsi og framtíðarheill er undir komin.

Forseti (JörB): Þá hefur hæstv. fjmrh. lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hv. 2. þm. Reykv. og talar af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — Sósfl.

Einar Olgeirsson: Herra forseti, heiðruðu hlustendur. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki neitt nýtt „bjargráð" núv. ríkisstj. til lausnar á dýrtíðinni, bjargráð vegna hins óvenjulega ástands, sem nú er, eins og hæstv. fjmrh. vildi vera láta. Það er ljót og leið afturganga, ekki aðeins frá fyrstu tímum hernáms, heldur og frá verstu tímum þeirra ríkisstj., er hér sátu 1939 og í ársbyrjun 1942. — Hvort sem atvinnuleysi hefur verið eða yfrin atvinna, hvort sem neyð hefur verið hjá almenningi eða *sæmileg afkoma, hvort sem atvinnu*rekendur hafa verið á hausnum eða milljónamæringar, hvort sem vísitalan hefur verið 100 eins og í apríl 1939, 177 eins og í jan. 1942 eða 266 eins og nú, — sem sé, hvort sem dýrtíð hefur verið mikil eða engin, þá hefur „bjargráð" afturhaldsins alltaf verið eitt og hið sama, að skera niður kaupið, lækka launin við verkafólkið, taka af þeim, sem minnst hafa, til að tryggja þá voldugu og auðugu.

Frv. þetta er því engan veginn fyrst og fremst frv. til lausnar á dýrtíðinni. Það er upphaf og liður í öðru, sem er enn þá afdrifaríkara og hættulegra fyrir þjóðina í allsherjarárás á lífskjör alþýðu og allsherjarbaráttu innan þjóðfélagsins. Þetta frv. er stríðsyfirlýsing af hálfu stj., stríðsyfirlýsing á hendur hinum vinnandi stéttum landsins. Það er stríðsyfirlýsing á hendur verkamönnum Íslands, sem nú fyrst um þriggja ára skeið hafa notið sæmilegrar lífsafkomu í nokkrum hluta landsins eftir áratuga atvinnuleysi og ótrygg kjör. Nú loks, er flestir þeirra hafa fengið viðunandi launakjör, t. d. hér í Reykjavík og víðar, á að skera niður launin við þá með lagaboði. En þar er stj. stórvirk, 10% launalækkun tafarlaust. Og þetta gerist á sama tíma sem allar aðrar þjóðir ræða um að bæta lífsafkomu fjöldans hjá sér og tryggja öllum atvinnu. En hér svarar stjórnarblaðið Vísir spurningum alþýðu þeirrar, sem áhyggjufull er um atvinnuástandið eftir stríð, þeim orðum einum, að það væri glæpur gagnvart þjóðfélaginu að kaupa hingað nýtízku-atvinnutæki, meðan ekki væri fyrir fram búið að tryggja atvinnurekendum gróða af þeim.

Þetta frv. er stríðsyfirlýsing á hendur starfsmönnum hins opinbera, sem ár eftir ár og áratug eftir áratug hafa búið við óþolandi launakjör. Þessum mönnum hefur verið lofað þing eftir þing, að launakjör þeirra skuli samræmd við aðrar launastéttir í landinu. Hvað eftir annað hefur þetta verið svikið. Og nú loks þegar mþn. hefur að fullu útbúið till. um launakjör þeirra og einhver von væri til þess, að þær næðu fram að ganga, eins og starfsmenn eiga siðferðislega kröfu á, þá kemur ríkisstj. sjálf með frv. um að skera niður laun þeirra um 10%. Öllu harðvítugra hnefahögg framan í eina launastétt, sem beðið hefur eftir réttlætingu á kjörum sínum árum saman, getur maður varla hugsað sér.

Þetta frv. er einnig árás á íslenzka bændur, því að hvað sem um uppbætur á landbúnaðarafurðum til stærri bænda má segja, þá er hitt staðreynd, að með þessu frv. væri skorið niður verð á framleiðsluvöru smærri bænda, t. d. einyrkjanna, jafnhliða því sem lækkað væri við þá kaup, þegar þeir reyna að vinna fyrir sér sem launþegar í vegavinnu o. fl., svo að það væri í senn níðst á þeim sem launþegum og smáframleiðendum.

Hins vegar fer ekki í þessu frv. ríkisstj. mikið fyrir árás á lífskjör heildsala eða þeirra annarra, sem mest hafa grætt á stríðinu og þægilegast eiga með að koma gróðanum undan. Þessir herrar hafa þvert á móti undir stjórn núv. hæstv. viðskmrh. *fengið eins konar löghelgaða einokun á vörum og* getað skipulagt söluhringa í flestum viðskiptagreinum til þess í skjóli verðlagseftirlitsins að geta skattlagt neytendur sér til handa.

Manni veitist yfirleitt erfitt að taka tal ríkisstj. um vilja sinn til viðureignar við dýrtíðina alvarlega, þegar maður sér, hvernig hún veitir heildsölunum einokunaraðstöðu gagnvart fólkinu, lætur þá m. a. gefa út faktúrurnar handa sér sjálfum lengi vel, — eða hvernig hún lætur Eimskipafélaginu í té leiguskip ríkisins, til þess að þetta félag græði á þeim 23—28 millj. kr. á einu ári og auki þannig dýrtíðina í landinu um yfir 50 millj. kr. Manni verður ósjálfrátt hugsað til linleskju hennar gagn-

vart olíuhringunum, þegar maður sér í þessu frv. harðneskjuna, sem á að beita við verkalýð og bændur.

Það er auðséð, að í augum þessarar hæstv. ríkisstj. er það sitt hvað: heildsalar, Eimskip og olíuhringar eða Íslendingar, sem eru „bara" verkamenn og bændur. — Hinum fyrri skal gefinn gróði og einokunarstaða til þess að græða á vinnu annarra, — við hina síðari skal skera niður þau þurftarlaun, sem þeir vinna sér inn í sveita síns andlitis.

Lausn dýrtíðarvandamálsins er í þessu tilfelli aðeins yfirvarp til þess að ráðast á launakjör launþeganna, átylla til þess að hefja þá allsherjarherferð, sem afturhaldið í landinu vill leggja í gegn verkalýðnum. Ríkisstj. hefur aldrei viljað sinna neinum öðrum till. um lækkun dýrtíðarinnar, svo sem t. d. tollalækkunum, þótt sannað væri, að þær yrðu ríkissjóði hentugri.

Þeir, sem ráða í ríkisstj., vilja stríð, stríð við vinnandi stéttir Íslands. Og með þessu frv. stj. er verið að efna til stéttastyrjaldar með þjóðinni, einmitt þegar henni ríður hvað mest á að standa saman, — verið að sundra þjóðinni, þegar öll afkoma hennar og framtíð er undir því komin, að hún sé einhuga og sterk.

Við sósíalistar lítum svo á, að samþykkt þessa frv. eða einhvers álíka væri ekki aðeins hið mesta óréttlæti og ögrun gagnvart vinnandi stéttum landsins, heldur og hin mesta ógæfa fyrir alla þjóðina vegna þeirrar sundrungar og harðvítugrar innanlandsbaráttu, sem af því mundi leiða, og þess ófyrirsjáanlega tjóns, sem þjóðin gæti beðið í slíkri baráttu.

Við sósíalistar álítum, að íslenzka þjóðin hafi nú tækifæri til að tryggja framtíð sína betur en hún gat nokkru sinni vonað, tækifæri, sem kemur ekki aftur, ef því er sleppt nú. Og þetta tækifæri verður að grípa nú þessa dagana hér á Alþingi, ef það á ekki að ganga þjóðinni úr greipum, oss öllum til óbætanlegs tjóns. Og þetta tækifæri er því aðeins hægt að nota, að saman standi að því framfaraöflin úr öllum höfuðstéttum landsins, verkalýð, bændum og atvinnurekendum, er myndi sterka stj. hér á Alþ. næstu dagana í því skyni.

Ég skal nú greina nánar, hvað ég á við.

Stríðið er brátt á enda, ef til vill verður því lokið fyrr en þessu þingi. Þá mæta oss algerlega ný viðhorf í stjórnmálum heimsins, í tækni, atvinnuháttum og fjárhagsmálum veraldarinnar. Í þessari styrjöld hefur tækni mannanna fleygt svo fram, að tala má um nýja tæknibyltingu í sögu mannkynsins. Við þurfum ekki nema hugsa til flugvélanna, sem nú fara daglega milli Íslands og Ameríku, til þess að sjá, hver risaskref mannkynið hefur stigið í tækninni síðan t. d. fyrir 5—10 árum. Ef hin nýja framleiðslu- og samgöngutækni veraldarinnar verður hagnýtt til þess að gera líf mannanna betra og auðveldara, þá verða slíkar framfarir á jörðunni á næstu árum, að aldrei hafa sézt þvílíkar. Og það verður gerð stórfelld tilraun til þess að gera þetta, tilraun að skapa stórfellda iðnað með öllum þjóðum, bæta lífsafkomu og kaupgetu hverrar einustu þjóðar og leggja þannig öruggan grundvöll að alhliða framförum og friði í heiminum. Þessi tilraun verður gerð vegna þess, að stjórnendum og forystumönnum hinna sameinuðu þjóða er ljóst, að ef ekki tekst samstarf milli þjóðanna um framleiðslu- og verzlunarmálin í heiminum, ef nú hefst vægðarlaus barátta út á við um markaði, tollverndun, einkaréttindi og nýlendur ásamt þeim árásum á lífskjör almennings inn á við, sem slíkri samkeppni fylgir í hverju landi, — þá dynur stríð og fasismi yfir þjóðirnar innan 10—20 ára í kjölfar nýrrar kreppu og atvinnuleysisfaraldurs. Þessi tilraun til alþjóðlegs samstarfs þjóðanna um atvinnumálin verður gerð, og undir því, hvort hún tekst, er framtíð og friður mannkynsins kominn.

Það liggur nú fyrir oss á næstunni að taka þátt í þeirri umskipulagningu atvinnulífsins í heiminum, sem óhjákvæmilega fer fram. Við eigum í öllu þessu umróti að tryggja pólitískt og fjárhagslegt sjálfstæði litla lýðveldisins okkar, skapa grundvöll að stórkostlegum atvinnulegum framförum þjóðarinnar og sjá um, að fámennasta þjóð veraldarinnar geti lifað áfram við beztu lífsafkomu, sem nokkur þjóð í Evrópu býr nú við. Það verða þrjú höfuðsvið, þar sem reynir á okkur, hvort við erum því hlutverki vaxnir, sem saga og þróun þjóðarinnar krefst, að við leysum af hendi á þessum tímamótum mannkynssögunnar.

Í fyrsta lagi: verndun sjálfstæðis þjóðarinnar.

Landið okkar er ekki lengur afskekkt ey langt frá öðrum þjóðum. Við erum nú staddir á alfaraleið. Það er orðið bara bæjarleið að bregða sér til Ameríku. Og með afnámi fjarlægðarinnar er öryggi einangrunarinnar horfið. Við vitum, að land okkar er hernaðarlega orðið einn af þýðingarmestu deplum á yfirborði jarðarinnar, ef ógæfa styrjaldanna á enn að fylgja mannkyninu í nánustu framtíð. Við heyrum af erlendum blöðum, hvernig talað er um land okkar og hernaðargildi þess. Og í amerískum stórblöðum er jafnvel ekkert utan af því skorið, að Bandaríkin verði að ráða yfir Íslandi eftir stríð, hafa hér hervernd á hendi og bækistöðvar fyrir flugher og flota. Það, sem áður hét Grímsey, nefnist nú Keflavík og Hvalfjörður. Og það eru ekki aðeins amerísku blöðin, sem heimta þetta. Ábyrgir amerískir stjórnmálaleiðtogar gera hið sama. Ég skal rétt geta þess út af afneitunum Connallys, form. utanríkismálan. öldungadeildar Bandaríkjaþings, sem nýlega var gert allmikið úr hér í blöðunum, — að í síðasta tölublaði White Falcon (Hvíta fálkans), blaði Bandaríkjahers hér á Íslandi, upplýsir ritstjórinn að gefnu tilefni, að „öldungaráðsmennirnir Connally, Reynolds og McKellar hafi komið fram með uppástungur um, að Bandaríkin fengju hernaðarbækistöðvar á Íslandi eftir stríð". — Við vitum því, að hætta vofir yfir. Við vitum líka, að hvað sem stórþjóðirnar kunna að hugsa sér viðvíkjandi Íslandi, þá hafa þær þó eitt sameiginlegt: Þær kæra sig ekki um það hver um sig, að hinar fái hér drottnunaraðstöðu. Og það er þetta, sem við eigum að nota okkur til þess að tryggja raunverulegt sjálfstæði landsins, með því að ljá engri einstakri þeirra fangstaðar á oss, en hafa vinátttu við þær allar. Slíku jafnvægi fáum við því aðeins haldið í utanríkis-

pólitík okkar, að öflugt samstarf sé með sterkustu stéttunum í landinu í þessu skyni. Ef harðvítug innbyrðisstyrjöld geisar hér milli stéttanna, þá er að vonum auðveldara fyrir erlend yfirdrottnunaröfl að hagnýta sér sundrungu þjóðarinnar og flokkadrætti, líkt og gert var á Sturlungaöld. Sjálfstæði þjóðarinnar getur því oltið á því, að samstarf takist milli verkamanna, bænda og annarra millistétta og atvinnurekenda um markvísa utanríkispólitík til að tryggja sjálfstæðið, eigi aðeins í orði, heldur og á borði.

Í öðru lagi: Við þurfum að tryggja atvinnulega aðstöðu íslenzku þjóðarinnar í heiminum.

Við Íslendingar höfum síðasta aldarfjórðunginn átt meira undir heimsmarkaðinum hlutfallslega en nokkur önnur þjóð. Við höfum flutt meira út á hvert mannsbarn en nokkrir aðrir. Við verðum að selja á heimsmarkaðinum helminginn af allri okkar framleiðslu. Og nú er verið að skipuleggja að meira eða minna leyti þennan heimsmarkað með samningum milli þjóðanna. Atvinnuleg afkoma okkar og framtíð veltur á því, að þegar þessi verkaskipting þjóðanna í framleiðslunni er ákveðin, þá fáum við fyrst og fremst tryggðan réttinn til hagnýtingar íslenzku fiskimiðanna með stækkaðri landhelgi og að það falli í okkar hlut framar öðrum að fá að birgja Evrópu að fiski og fiskafurðum héðan svo sem við frekast megnum. Við vitum Íslendingar, hvað það þýðir, ef aðrar þjóðir, svo sem t. d. Englendingar, fara að margfalda útgerð sína hingað til Íslands, í stað þess að hafa þá eðlilegu verkaskiptingu, að þeir framleiði vélarnar og skipin, sem bezt eru til þess búnir, en við, sem fyrst og fremst verðum að treysta á sjóinn til að veita okkur grundvöll að góðri lífsafkomu, fáum að einbeita kröftum okkar á að hagnýta auðlindir lands okkar og sjávar.

Við skulum gera okkur það ljóst, að ef hagsmunir okkar Íslendinga verða fyrir borð bornir við þær ráðstafanir, sem nú verða gerðar í alþjóðlegum atvinnumálum, þá getur svo farið, að erfitt verði síðar að bæta úr þeirri villu og framtíð sjávarútvegs og fiskiðnaðar á Íslandi yrði máske eyðilögð þess vegna. Ákveði meginlandsþjóðir Evrópu t. d., að þær skuli sjálfar framleiða allan þann fisk, er þær þurfa, þá sjáum við, hvernig komið er atvinnumálum Íslendinga, því að á sjávarútveginum byggjast í rauninni allir aðrir atvinnuvegir okkar og hrynja eins og spilaborg, ef sjávarútveginum, grundvellinum, er undan þeim kippt.

Það verður áreiðanlega enginn hægðarleikur að tryggja Íslendingum rétt sinn við þessa alþjóðlegu samninga um atvinnumál. Við þurfum áreiðanlega á því að halda að beita öllum þeim færustu mönnum, sem þjóðin á til, hvar í flokki og stétt, sem þeir standa, til þess samhentir að standa fyrir máli hennar og hafa með höndum þá samninga, sem afkoma hvers einasta manns í landinu byggist á, máske um áratugi. Við höfum hins vegar vafalaust tækifæri til þess að koma ár okkar vel fyrir borð, ef við kunnum að hagnýta okkur allar aðstæður. Við höfum ef til vill möguleika til að leggja grundvöll að því, að Ísland fái ótakmarkaðan markað fyrir fisk sinn og fiskafurðir á meginlandi Evrópu og víðar, ef við látum ekkert tækifæri ónotað nú þegar.

En ef við höfum hér ríkisstj., sem engu sinnir á þessu sviði, — eða ef allt atvinnulíf okkar er í öngþveiti og þjóðin innbyrðis sundruð og sú ríkisstj., sem með völd fer, svo veik, að hún ræður í rauninni engu í atvinnulífinu, — þá gengur þetta tækifæri úr greipum okkar, og afleiðingin er óhjákvæmileg afturför í öllu atvinnulífi Íslands með öllum þess fylgifiskum: atvinnuleysi, hruni og fátækt þjóðarinnar.

Þriðja höfuðsviðið, sem krefst samstarfs með höfuðöflum þjóðarinnar, er ef til vill allra veigamest. Það er: Alger nýsköpun atvinnuveganna á Íslandi með öflun fullkomnustu tækja, er við eiga, til atvinnurekstrarins.

Íslenzka þjóðin á nú yfir 500 millj. kr. í innistæðum erlendis. Ef við notum þetta fé rétt, getum við með því gerbreytt atvinnuvegum okkar og lagt öruggan grundvöll að blómlegasta atvinnulífi, sem hér hefur þekkzt. Ef allt þetta fé væri notað á næstu 4—5 árum til þess einvörðungu að kaupa fyrir það framleiðslutæki og efni til varanlegra bygginga og mannvirkja, allt samkv. fyrir fram gerðri áætlun um þjóðarbúskap okkar, þá getum við tryggt hverjum einasta Íslending vinnu með tækjum, sem hann afkastar margfalt meira með en nokkru sinni fyrr, og getur því um leið tryggt sér miklu betri og öruggari lífsafkomu en áður. Fyrir þessar 500 millj. kr. getum við keypt 20—30 nýja dieseltogara af beztu gerð, 200—300 nýtízkuvélbáta, tvöfaldað fiskiskipaflota Íslendinga með nýjum, glæsilegum skipastól, verðugum þeim hraustu sjómönnum okkar, sem í fimm ár hafa lagt lífið í hættu til að afla þess fjár, sem nú skapar velmegun þjóðarinnar. — Fyrir þessar 500 millj. kr. getum við á næstu 4—5 árum keypt hentug millilandaskip til flutninga á afurðum okkar, þ. á m. næg kæliskip til að flytja fisk og kjöt í því ástandi til neytendanna erlendis, sem þeir óska. — Fyrir þessar 500 millj. kr. getum við komið upp 4—5 stórvirkum síldarverksmiðjum í viðbót við þær, sem nú eru, svo að sjómenn þurfi ekki framar að kasta síldinni, sem þeir veiða, í sjóinn. Og við getum reist nýtízku-hraðfrystihús og niðursuðuverksmiðjur til þess að vinna úr fiski, síld og kjöti, svo að við getum sjálfir farið að flytja vörur okkar fullunnar út í stað þess að selja útlendingum þær sem hráefni. — Fyrir þessar 500 millj. kr. getum við keypt vélar til þess að umbylta landbúnaðinum, svo að hægt verði með þeim að slétta meira landflæmi á Íslandi á næstu 4—5 árum en sléttað hefur verið, síðan land byggðist, og láta íslenzkum bændum í té svo stórvirk landbúnaðarverkfæri, að afköst hvers manns, sem með þeim vinnur, ætti að verða 5—10 sinnum meiri en þegar vinna verður með orfi og hrífu í kargaþýfi. — Fyrir þessar 500 millj. kr. má kaupa vélar og efni til rafvirkjunar, stórfelldari en Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin til samans, sem, eins og menn muna, kostuðu um 20 millj. kr., þegar öll íslenzk vinna við virkjanirnar sjálfar er reiknuð með. — Fyrir þessar 500 millj. kr. getum við keypt vélar og efni til að reisa áburðar-

og sementsverksmiðjur og aðrar þær verksmiðjur, sem okkur eru nauðsynlegastar fyrir eðlilega atvinnuvegi vora. Fyrir þessar 500 millj. kr. getum við keypt vélar til innanhússtarfa til þess að létta lífið fyrir þeim Íslendingum, sem oft verða að þræla mest, íslenzku húsmæðrunum. — Fyrir þessar 500 millj. kr. má fá vélar og efni til íbúðarhúsbygginga í bæ og sveit, til hafnarmannvirkja, til hagnýtra vegagerða, — og þannig mætti lengi telja.

Og þó er það trú mín, að frekar yrði afgangur af þeim 580 millj., sem þjóðin á nú inni erlendis, einmitt hjá þeim þjóðum, sem framleiða efnið og vélarnar, sem við þurfum, — heldur en okkur skorti fé. Hitt yrði frekar, að við yrðum að hafa okkur alla við til þess að geta haft nægan vinnukraft til að reisa öll þessi mannvirki og manna skip vor og atvinnutæki. Og eitt er víst, að við yrðum að hagnýta vinnuafl landsmanna vel og skynsamlega, því að vel gæti svo farið, að sumt af þeim vélum, er okkur vantaði, gætum við ekki fengið strax og yrðum máske fyrst að einbeita vinnukraftinum á einhverja ákveðna atvinnugrein, t. d. byggingar, rafvirkjanir, hafnarmannvirki, til þess að geta síðan einbeitt honum að hinum greinunum, jafnóðum og vélar og efni fengjust.

Ef við Íslendingar bærum gæfu til þess að standa saman um að framkvæma þessar fyrirætlanir á næstu 4—5 árum, gerum við þrennt í senn:

1) Við hindrum, að atvinnuleysið komi aftur, og setjum hvern vinnufæran Íslending til hagnýtrar vinnu. Og við búum þannig í haginn fyrir framtíðina með því að koma á svo stórvirkri tækni í atvinnuvegunum, að það ætti aldrei framar að þurfa að verða atvinnuleysi á Íslandi, ef rétt væri á haldið, — og ekki heldur sá þrotlausi þrældómur til lands og sjávar, sem vinnandi stéttirnar áður urðu að þola, þegar atvinnuleysið þjáði þær ekki.

2) Við aukum afköst hvers manns og margföldum framleiðslu þjóðarinnar, en við lækkum að sama skapi kostnaðinn við að framleiða hvert kíló af fiski, kjöti, mjólk og öðrum afurðum, af því að við framleiðum þetta með fullkomnari tækjum og aðferðum. Og slík lækkun framleiðslukostnaðarins er ásamt eðlilegum leiðum, svo sem lækkun tolla, minnkun verzlunarálagningar o. fl., höfuðaðferðin, sem við getum beitt í þessu þjóðfélagi til þess að geta í senn haldið uppi núverandi lífsafkomu þjóðarinnar og gert vörur hennar samkeppnisfærar erlendis, ef hún þyrfti að lækka þær til muna. Þetta er sem sé um leið ein af þeim lausnum dýrtíðarmálsins, sem samrýmist hagsmunum allrar þjóðarinnar.

3) Við tryggjum þjóðinni þá lífsafkomu, sem hún býr við nú, og leggjum grundvöll að því að bæta hana í framtíðinni. En þetta getum við því aðeins unnið, að allar höfuðstéttir þjóðarinnar leggist á eitt, að framfaraöflin meðal launþega, bænda og atvinnurekenda sameinist um að framkvæma þetta, að stjórnmálaflokkarnir taki nú þegar höndum saman um að mynda stj. til að framkvæma þessar fyrirætlanir og tryggja með því lífsafkomu þjóðarinnar.

Það verður erfitt átak að framkvæma þessa nýsköpun atvinnuveganna á fáum árum. Þjóðin getur þurft að leggja þó nokkuð að sér, ef hún ætlar að lifa af því einu, sem hún framleiðir og flytur út, en nota innstæðurnar erlendis einvörðungu til nýsköpunar atvinnulífsins. Það þarf meiri samstillingu kraftanna en við höfum nokkurn tíma fyrr þekkt hér á Íslandi. En eftir framkvæmd einnar slíkrar fjögurra eða fimm ára áætlunar um nýsköpun sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar væri Ísland eins og annað land, hvað tækni snerti, og afkastamöguleikar framleiðslugreinanna væru margfaldaðir. Og hver er sá, sem vill sleppa tækifærinu til að búa þannig í haginn fyrir samtíð og framtíð?

En ef við hins vegar förum nú að berjast af öllum mætti innbyrðis, ef allt á að loga í deilum milli verkamanna og atvinnurekenda, ef úlfúð og barátta á að verða milli sveita og kaupstaða, ef mánaðalangar vinnustöðvanir og árlangt atvinnuleysi á nú að taka við, ef valdhafar landsins ætla að einbeita sér að því einu að kúga launþegana til kauplækkunar með svipu atvinnuleysis og öngþveitis yfir höfði þeirra, — þá verður lítið sem ekkert af þessu framkvæmt nú á næstunni, þá kaupum við matinn handa okkur erlendis frá fyrir innstæðurnar, á meðan við rífumst hér heima um, hverjir eigi að tapa. Og glæsilegasta tækifæri, sem Ísland hefur haft til að verða atvinnulega sjálfstætt og velmegandi þjóðfélag, væri glatað.

Þjóð okkar hefur alla sína ævi verið fátæk. Kynslóð fram af kynslóð hefur hún þjáðst undir oki örbirgðarinnar. Nú hefur hún möguleika til þess að tryggja núlifandi og komandi kynslóðum betri afkomuskilyrði en okkur hafði órað fyrir, að hægt væri að fá svo fljótt. Á nú að glata þessum möguleikum sakir innbyrðis sundrungar?

Þjóð okkar hefur lengst af verið eftirbátur annarra þjóða í tækni. Við höfum lengst af orðið að kaupa framleiðslutækin gömul, þegar aðrar þjóðir voru að leggja þau niður. Nú hefðum við tækifæri til að komast í röð fremstu þjóða, hvað tækniútbúnað allra atvinnuvega okkar snertir. Eigum við að sleppa því tækifæri?

Land okkar hefur lengst af verið nýlenda og þjóðin orðið að framleiða hráefni handa iðnaðarþjóðum, sem þær síðan vinna til fulls úr hjá sér. Nú hefðum við möguleika til að verða iðnaðarþjóð, að svo miklu leyti sem framleiðslu okkar hentar iðnaður, og selja niðursoðnar vörur til þeirra markaða, sem milliliðir lokuðu fyrir okkur áður. Eigum við að láta okkur lynda atvinnulegt hlutskipti nýlenduþjóðarinnar?

Ég hef nú orðið svo langorður um þessa framtíðarmöguleika þjóðarinnar vegna þess, að ég álít, að sjálfstæði okkar, markaðir fyrir framleiðslu okkar, nýsköpun atvinnulífsins og afkoma almennings í landinu verði mestmegnis undir því komin næstu árin, hvaða ákvarðanir verða teknar nú þegar um þessi mál, — hvort mynduð verður sterk stj. í landinu með samstarfi þingflokkanna til þess að inna þetta hlutverk af hendi eða hvort hér á að verða sundrung og flokkadrættir, atvinnuleysi og öngþveiti, öll beztu tækifærin látin ganga þjóðinni úr greipum.

Til lítils kunna þá þm. okkar sumir Sturlungu sína utan bókar, ef við getum ekkert af henni lært. Til lítils höfum við þá þolað nýlendukúgun í sjö aldir sakir sundrungar okkar fyrrum og háð fórnfreka sjálfstæðisbaráttu öldum saman, ef við kunnum ekki fótum okkar forráð nú, þegar stjórnfrelsið er að fullu fengið.

Og það er annaðhvort að hrökkva eða stökkva í þessum málum næstu dagana.

Sósfl. er fyrir sitt leyti reiðubúinn til þess að taka nú þegar þátt í myndun ríkisstj. til að framkvæma þær fyrirætlanir, sem ég hef lýst. Sósfl. er reiðubúinn til þess jafnframt í sambandi við slíka stjórnarmyndun að beita áhrifum sínum til þess, að frjálsir samningar takist milli verkamanna og atvinnurekenda um grunnkaup, t. d. til næstu tveggja ára, og milli neytenda og bænda, að svo miklu leyti sem ríkisvaldið leyfir, um grundvöll afurðaverðs á sama tíma, — allt miðað við að láta dýrtíðina ekki aukast frá því, sem nú er, og að tryggja afkomu vinnandi stéttanna svipaða og verið hefur og bæta hana, strax og skilyrði til þess batna. Á grundvelli þess innanlandsfriðar, sem þar með væri tryggður, og þeirrar sameiningar beztu og sterkustu krafta þjóðarinnar um þingræðislega ríkisstj. væri hægt að framkvæma það mesta stórvirki, sem unnið hefði verið í atvinnulífi Íslendinga, og leggja öruggan grundvöll að afnámi alls atvinnuleysis og að batnandi lífsafkomu hjá bjóðinni. — Og ef þetta er ekki gert, — ef tækifærið, sem nú er í þessari viku til stjórnarmyndunar um þetta mál, er ekki notað, hvað tekur þá við?

Það er eitt af tvennu: Annar möguleikinn er sá, að þau öfl, sem ráða í atvinnurekenda- og bændastétt og vilja ekki samstarf við verkamenn, taki höndum saman til árásar á verkalýðinn og alla launþega til þess að leysa dýrtíðarvandamálið á þeirra kostnað með launalækkunum. Það þýðir, að Framsókn og Sjálfstfl. myndi stj. eða geri þessa stj. að sinni og taki t. d. upp gerðardómsþráðinn frá 1942 í einni eða annarri mynd til þess að framkvæma hann nú „röggsamlega“ og „renna ekki frá honum“, eins og Tíminn mundi orða það, og brjóta verklýðshreyfinguna á bak aftur „í eitt skipti fyrir öll“, eins og Vísir mundi segja.

Við vitum, að það eru til svo harðsvíraðir atvinnurekendur, að þeir vilja fyrst og fremst nota þann mikla gróða, sem þjóðin og þá fyrst og fremst sjómennirnir hafa veitt þeim á undanförnum árum, til þess að láta sverfa til stáls við verklýðshreyfinguna, sem þeim finnst orðin of voldug í landinu. Ef slíkir atvinnurekendur, sem sækjast eftir einræði peningavaldsins í atvinnulífi Íslendinga, skyldu verða ofan á í atvinnurekendastétt, mundi það verða íslenzku þjóðinni í heild og atvinnurekendum ekki sízt til óbætanlegs tjóns.

Við vitum einnig, að rekinn hefur verið harður áróður í bændastétt fyrir því, að bændur tækju höndum saman við stríðsgróðavaldið í kaupstöðunum til þess að leggja verklýðshreyfinguna að velli. Ef þau öfl, sem slíka stefnu framkvæma, — undir hvað yfirskini sem það svo er, ráða fyrir bændum nú, þá væri þar með gengið í berhögg við vilja og hagsmuni sveitaalþýðunnar á Íslandi. Það er trú mín, að jafnvel þótt afturhaldsöflin yrðu ofan á í báðum þessum stéttum, þá mundu þau í fyrsta lagi ekki vera nógu sterk til þess að geta framkvæmt kúgunarpólitík sína, og í öðru lagi, þá mundi einvörðungu hljótast af því bölvun fyrir þjóðina, ef þau megnuðu nú að framkvæma það, sem þeim mistókst 1942. Afleiðingin af því, að þessi leið yrði reynd í alvöru, mundi því verða langvinn og dýr hjaðningavíg, sem enginn okkar veit nú, hvernig lyki.

Hinn möguleikinn, ef eigi tækist eining um athafnasama framfarastjórn nú, væri það, að alþýðan í landinu og öll þau öfl, hvar í flokkum sem þau standa, sem vilja til hins ýtrasta reyna að tryggja núverandi lífsafkomu almennings, nái þeim pólitísku völdum í kosningum í haust, sem til þyrfti til að framkvæma slíka framfarastefnuskrá. Það er ekki á mínu færi að segja, hvort slíkt væri hægt nú í haust, það er á valdi kjósendanna að ákveða það. Og svo mikið er víst, — þau öfl, sem ekki vilja einingu nú, mundu vafalaust geta gert alla slíka framkvæmd mjög erfiða, þótt það tækist að ná pólitískum meiri hluta á þingi, er framkvæma vildi þessa stefnu. En hitt liggur í augum uppi, að takist engin eining nú þessa dagana um slíka stjórnarmyndun, er ég hef lýst, þá mun Sósfl. beita öllum áhrifum sínum til þess að knýja fram kosningar nú strax og treysta á þjóðina að leysa með sköpun nýs þingmeirihluta þau vandamál, sem þetta þing hefði gefizt upp við eða ætlað að leysa til hins verra. Sósfl. mun þá heita á öll verklýðssamtökin í landinu, öll samtök launþega og alþýðu manna, öll framfaraöfl í bænda- og atvinnurekendastétt að fylkja sér saman til þess að reyna að ná þeim þingstyrk, er þyrfti til að geta framkvæmt hana í baráttu við þau öfl, sem hefðu hindrað einingu nú.

Þriðji möguleikinn: að láta núverandi stjórn sitja og ekkert gerast á neinu sviði, er ekki til. Mun allt í senn þrotið: þolinmæði þingsins að sitja með svona stjórn, þolinmæði stj. að fást við slíkt þing — og þolinmæði þjóðarinnar gagnvart slíkri stjórn og slíku þingi.

Það var hægt að una þessu ófremdarástandi, meðan sameina þurfti þjóðina um lýðveldisstofnunina og við sósíalistar, — en okkur hefur þessi stjórn verið fjandsamlegust, — létum okkur setu hennar lynda, unz það mál var komið í höfn. — En nú munum við næstu daga leggja fram vantraust á hana til þess að fá úr því skorið, hvaða flokkar vilji taka ábyrgð á þessu ástandi lengur, ef þá stj. segir ekki sjálf af sér, er hún sér undirtektir þær, er þetta frv. hennar nú vonandi fær.

Það verður ekki ráðið fram úr dýrtíðarmálinu nema til stórtjóns fyrir þjóðina, ef það á að höggva á hnútinn með sverði nýrra þrælalaga í stað þess að leysa hann með allsherjarsamstarfi. Þrátt fyrir það kapp, sem nú einkennir höfuðstéttir þjóðfélagsins í afstöðu þeirra hver til annarrar, þá er það sannfæring okkar, að þjóðarheildinni yrði það fagnaðarefni, ef Alþ. gæti nú komið sér saman um að leysa málin með samstarfi. Eigi kappið ekki að

og má fullyrða, að þau hafi í aðalatriðum náð tilgangi sínum. Þó að þau í einstöku tilfellum komi óþægilega við og séu erfið í framkvæmd, hefur þó með þeim tekizt að hafa mjög veruleg áhrif í þá átt, sem til var stofnað, að halda dýrtíðinni niðri, — eða hvernig ætli húsaleiga væri í Reykjavík og reyndar víðar nú, ef hömlur hefðu ekki verið á hana lagðar?

Þá hefur flokkurinn ávallt haldið því fram, að réttlátast væri að binda verðlag landbúnaðarafurðanna við kaupgjald verkamanna, ef ætti að binda það á annað borð, í því hlutfalli, sem var á milli 1939, en ekki á þann hátt, sem gert var af sex manna n.

Þetta hefur svo oft verið rætt og rökstutt af okkur, að ég hirði ekki um að fara frekar út í það hér.

Hvað má svo af þessum aðgerðum læra? Hverjar hafa reynzt miður? Og hvernig verður stefnan bezt mörkuð í framtíðinni úr frá þeirri reynslu, sem fengizt hefur?

Þessu er í raun og veru fljótsvarað. Húsaleigul., verðlagseftirlit, það sem það hefur náð, tollalækkanir og samræming á landbúnaðarafurðaverði og kaupgjaldi verkamanna, eins og það var bundið 1939, hefur yfirleitt verkað í rétta átt, eins og til var stofnað í upphafi. Gerðardómsl. reyndust afar illa, eins og Alþfl. sagði fyrir, enda voru þau fljótlega afnumin, eins og kunnugt er.

Verðlagning sex manna n. á landbúnaðarafurðunum virðist einnig stefna út í hreinar ógöngur, eins og Alþfl. hefur einnig sagt fyrir, og það svo, að hæstv. ríkisstj. hefur séð þann kost vænstan að koma hér fram með brtt. í því efni. Enda mun nú komið svo, að greiðslur úr ríkissjóði til uppbótar á það verð, sem þessar vörur eru nú seldar fyrir, munu nema um 22—25 millj. kr. á ári, og þegar enn bætist við um 10% hækkun, er sýnt, að annað hvort verður að ske: verðlagið og þar með vísitalan að hækka sem því svarar með þeim eftirköstum, sem það nú kann að hafa, eða greiðslurnar úr ríkissjóði verða að hækka sem þessu nemur til viðbótar við þær 22—25 millj. kr., sem þegar eru greiddar, og það er bersýnilega ríkissjóði ofviða með öllu, sjálfsagt nógu erfitt að standa undir þessum gjöldum, eins og er.

Þetta er orsökin til þess, að frv. ríkisstj. er nú fram komið, og er í sjálfu sér bein viðurkenning á því, að þetta sexmannanefndar-fyrirkomulag er þjóðinnni ofvaxin byrði.

En svo kemur það merkilegasta af öllu: Hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst að kippa þessu í lag, því að um efnishlið frv. þess, er hér liggur fyrir, er það í stuttu máli að segja, að þar er stungið upp á að fara þá einu leið í dýrtíðarmálunum, sem þegar hefur sýnt sig að vera ófær. Það er búið að reyna þessa leið eða svipaða, og það var hætt við hana aftur, vegna þess að hún reyndist þeim, sem fyrst prófuðu hana, alófær, fyrir utan allt annað, sem segja má um hana. Höfuðstefna frv. er nefnilega sú að ákveða með l., hvert kaupgjald skuli vera í landinu, og ákveða þetta einhliða án viðræðna við þann aðilann, sem við þetta fyrirkomulag á að búa. Þetta var reynt með setningu gerðardómsl. um áramótin 1941 og 1942, og allir muna, hvernig þeirri tilraun lauk. Sams konar eða svipaða aðferð er gert ráð fyrir að viðhafa um verð landbúnaðarafurðanna.

Ég hélt satt að segja, að hverjum heilskyggnum manni ætti að vera ljóst, að þessa leið er ekki hægt að fara aftur. Það eru engar minnstu líkur til þess, að svona tilraun mundi reiða öðruvísi af nú en þá. Þegar af þessari ástæðu er óþarft að rekja efni frv. miklu nánar, enda hafa þeir gert það nokkuð, sem talað hafa hér á undan mér. — Eitt aðalákvæði frv. er, að kaup skuli lækka um 10% frá því, sem nú er, eins og segir í 3. gr. frv.:

„Frá byrjun næsta mánaðar eftir gildistöku laga þessara, skulu laun eða kaup fyrir hvaða starf, sem vera skal, eða annað, sem dýrtíðaruppbót hefur verið greidd af, reiknuð með aðeins 90% af gildandi framfærsluvísitölu, þó aldrei af hærri vísitölu en 270 stig, sbr. 2. gr. Næsta mánuð á eftir skal reiknað með 90% af gildandi vísitölu og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið."

Þetta þýðir, að rúmum mánuði eftir, að l. ganga í gildi, verður allt kaupgjald lækkað um 10%, og þessi lækkun getur orðið meiri, ef vísitalan fer yfir 270, því að aldrei skal reikna af hærri vísitölu en 270 stigum.

Enn fremur er ákveðið, að á grunnkaupshækkanir, sem eiga sér stað á tímabilinu 1. sept. 1944—1. júlí 1945, skuli enga grunnkaupshækkun greiða. Af þessu mundi t. d. leiða það, að félög, sem nýlega hefðu fengið einhverja hækkun á kaupi sínu fyrir 1. sept., mundu fá 90% vísitöluhækkun á hana, en hin ekkert, sem hækkunina hafa fengið eftir þann tíma eða eru að fá hana nú, kannske til samræmingar við hina, sem áður höfðu hækkað. Þetta ósamræmi er líka beinlínis stórhættulegt, því að það ýtir undir alls konar skæruhernað, en það fyrirbrigði álít ég einna hættulegast fyrir hvort tveggja í senn, heilbrigt atvinnulíf í landinu og raunhæfa verkalýðsbaráttu. Hann skapar óvissu, glundroða og upplausn, sem engum er til gagns, þegar til lengdar lætur, en öllum til ills.

Að þessi leið sé opin, leiðir af því, að í frv. er grunnkaupshækkun þó hvergi bönnuð, og að hún verði notuð, hefur reynslan sýnt á tíma gerðardómsl. Allt í allt má segja, að þessi einhliða ákvörðun kaupgjaldsins sé leið, sem ekki komi til greina, nema stórkostleg vá sé fyrir dyrum og engin önnur leið til úr ógöngunum.

Nú má að vísu segja, að hér sé voði á ferðum fyrir þjóðfélagið, ef svo heldur áfram til lengdar sem nú horfir í dýrtíðarmálunum, en ég vil á hinn bóginn halda því fram, að ekki hafi verið reyndar til hlítar aðrar leiðir, sem aðgengilegri eru og ég mun minnast á síðar. Af þessum ástæðum get ég ekki fylgt frv., og vegna þess grundvallarmismunar, sem er á milli skoðunar okkar Alþýðuflokksmanna á því, hvernig leysa beri málið, og stefnu þeirrar, er í frv. kemur fram, geri ég tæpast ráð fyrir, að því verði breytt í það horf, að við getum við unað.

Um önnur atriði frv., verðlagningu landbúnaðarvaranna og eignaraukaskattinn, er það að segja, að fyrra atriðið er bundið við launaákvæðin og verður því ekki tekið upp sjálfstætt og síðara atriðið, eignarskatturinn, heyrir eiginlega ekki þessu máli til beinlínis og virðist tekið upp til þess eins, að samræmi nokkurt verði í meðferðinni á eignamönnum, launþegum og bændum, og er út af fyrir sig ekki nema gott um það að segja. Reyndar er ég hræddur um, að ef ákvæðin um eignaraukaskattinn yrðu lögfest eins og þau eru í frv., yrði framkvæmd þeirra l. talsverðum erfiðleikum bundin, en ég tel þýðingarlaust að ræða það á þessu stigi málsins.

Þá verður þeirri spurningu auðvitað varpað fram: Hvað er hægt að gera? Eða er ekkert hægt að gera?

Þessari spurningu vildi ég svara á þá leið, að ég tel miklar líkur fyrir því, að leið í þessum málum, sem ég vil kalla samningsleið, sé ekki útilokuð og hana beri að reyna, a. m. k. áður en farið er inn á þær brautir, sem í frv. eru markaðar og næstum með óyggjandi vissu er hægt að gera ráð fyrir, að leiði til sundurlyndis og skæruhernaðar og nái þar að auki ekki tilgangi sínum. Þetta úrræði, sem hér er tæpt á, er í meginatriðum á þá leið, að leitazt verði við með samningum við hlutaðeigandi aðila, þ. e. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendafélagið annars vegar og bændur hins vegar, að fá bæði verðlag landbúnaðarafurða og kaupgjald í meginatriðum fest á núverandi grundvelli og samið um, að þetta gildi í 1—2 ár.

Eru nokkrar líkur til, að þetta takist? Þýðir nokkuð að tala um þetta? — spyrja menn. Og ef svo er, hvernig stendur á, að þetta hefur ekki verið reynt fyrr? — Þessu er aftur því til að svara, að það er ekkert leyndarmál lengur, að viðræður hafa farið fram milli flokkanna allra um möguleika á myndun fjögurra flokka samstjórnar. Eitt af þeim málum, sem þar þarf fyrst að leysa á viðunandi hátt, er einmitt þetta mál, því að engin stj. getur setið með því, að allt fari fram eins og gert hefur hingað til. Í þessum umr. hefur komið fram, að leita þurfi þessara aðila til viðtals á þeim grundvelli, sem nefndur er hér að ofan, og þessu hefur verið vel tekið, fyrst af flokkunum öllum og síðan af aðilum þeim, sem náðst hefur til. Stjórn Alþýðusambands Íslands hefur lýst yfir því, að hún sé fyrir sitt leyti meðmælt því, að gerðir verði heildarsamningar um kaup og kjör til tveggja ára í meginatriðum á grundvelli núverandi samninga stéttarfélaganna með nauðsynlegum lagfæringum kaups og kjara á hinum ýmsu stöðum og starfsgreinum, og að hún væri reiðubúin til að hefja viðræður við fulltrúa atvinnurekenda um þetta efni og leita umboðs sambandsfélaganna til samninga, ef líkur eru til, að samkomulag náist, enda verði um leið samkomulag um verð landbúnaðarafurða í sanngjörnu hlutfalli við almenn launakjör á grundvelli þess verðs, sem verið hefur undanfarið, og gerðar ráðstafanir til að tryggja stöðuga atvinnu og fyrirbyggja atvinnuleysi með öllu eftir nánara samkomulagi um þessi atriði o. fl. Vinnuveitendafélag Íslands hefur einnig fyrir sitt leyti lýst sig samþykkt viðræðum um þetta efni, og þær hafa verið hafnar fyrir atbeina þingflokkanna.

Ég þarf ekki að lýsa því, hversu geysiþýðingarmikið atriði það væri fyrir þjóðfélagið í heild, ef þessir samningar gætu tekizt, verðlagið og kaupið yrði fest um ákveðið tímabil, segjum 1—2 ár. Vinnufriður og festa fengist í allar framkvæmdir. Flokkarnir hafa allir lýst sig fylgjandi þessari tilraun, eins og áður er sagt, svo að enn þá ætti a. m. k. að vera von um, að þetta mætti takast. Þetta mundi þýða, ef samningar takast á þessum grundvelli, að samið yrði í meginatriðum á þann hátt, sem samkomulag hefur orðið um síðast hjá stéttafélögunum, og samræmt hjá hinum, sem ósamið eiga. Að vísu eru alltaf til ævintýramenn, sem annaðhvort enga samninga vilja eða þá a. m. k. hlíta ekki því, sem bezt þekkist annars staðar, en þess er að vænta, að atvinnuöryggi og trygging fyrir því óskertu, sem þannig fæst, vegi þyngra á næstunni hjá verkamönnum og launþegum, vel flestum, en ævintýrapólitík, sem fyrr eða síðar leiðir til glundroða og ófarnaðar.

Í frv. ríkisstj. er farið fram á lækkun á kaupgjaldinu, og þær raddir munu áreiðanlega heyrast háværari mjög bráðlega, sem lækkunar krefjast. En á meðan ástandið helzt í atvinnumálum okkar svipað og nú og aðalútflutningsvörurnar er hægt að framleiða með núverandi tilkostnaði, væri vænlegra til árangurs að reyna fyrst að stöðva hækkanirnar og festa verðlagið í því formi, sem það er, meðan verið er að bíða eftir að sjá, hvernig hlutunum verður skipað í heiminum að stríði loknu, en sá tími er nú vonandi ekki langt undan. Ef leysa á þessi mál með samkomulagi við aðila, — og það er sú eina heilbrigða og varanlega lausn, sem til greina kemur að mínu áliti, — verður áreiðanlega að halda sér við festingu með lagfæringum til samræmis, en ekki við lækkun.

Um möguleikana til að ná samkomulagi um svipaða festingu á landbúnaðarvöruverðinu, eins og hér hefur verið nefnd viðvíkjandi kaupinu, skal ég ekkert segja með vissu, en ekki fyndist mér óhugsandi, að svipuðum árangri væri hægt að ná þar og það af þessum ástæðum:

1. Ríkssjóður getur ekki hækkað meðgjöfina með þessum vörum úr þeim 22—25 millj. kr., sem nú eru greiddar, og veruleg hækkun á verðinu nú mundi koma af stað nýjum glundroða.

2. Verðlagningin og verðtryggingin samkv. útreikningi sex manna n. gildir aðeins, „meðan núverandi ófriðarástand helzt", en fellur niður að því breyttu eða loknu. Væri því mikið öryggi fyrir bændur að fá tryggingu fyrir sama verði 1—2 ár eða jafnlengi og kaupsamningar eru ákveðnir.

3. Það hefur komið í ljós af útreikningum hagstofunnar, að um skeið hefur verðlag landbúnaðarafurða verið tiltölulega miklu hærra en það hefði átt að vera, jafnvel samkv. útreikningi sex manna n., að vísu áður en hann gekk í gildi, og gefur það tilefni til að ætla, að einhver tilslökun á verðinu nú ætti þess vegna að geta orðið auðveldari en ella.

Ég vil því ætla, að á þessu sviði, landbúnaðar-

staklega á bændum þessa vegna, af því að það kostar lögbrot. Það harmar ráðh. mjög.

Fulltrúar bænda á búnaðarþingi hafa lýst þeim vilja að lækka afurðaverð í réttu hlutfalli, ef kaupgjald og annar tilkostnaður fengist lækkað.

Ég hef ekki hitt einn einasta bónda, sem telur það ekki sjálfsagt mál. Margir þeirra mundu meira að segja vilja fórna án endurgjalds í lækkun einhverju af lögbundnu verðlagi, ef það gæti skapað fullan frið í þjóðfélaginu og tryggt atvinnuvegina framvegis. En að lækka afurðaverðið jafnstórkostlega og hér er lagt til, án þess að nokkrar líkur séu þess vegna fyrir lækkuðum tilkostnaði, er fjarlægt allri sanngirni. Þegar till. eru að öðru leyti þannig, að þær mundu verka sem olía í eld launabaráttunnar og valda því, að flóðalda stéttastríðsins mundi enn meira en áður streyma yfir alla bakka, þá þarf enginn að ætla, að hér séu till. til bóta. Slíkt og þvílíkt er ekki til að fjarlægja þá hættu, sem nú steðjar að atvinnulífi okkar. Ef fara skyldi út í lögfestingu til stöðvunar dýrtíðinni, þá verður sú lögfesting að byggjast á samræmi og réttlæti. Hún verður að vera heil, en ekki hálf. Með henni verður að leggja bann við atvinnustöðvun á öllum sviðum, og með henni verður að banna verðhækkun og grunnlaunahækkun o. s. frv. og láta gerðardóm skera úr ágreiningi.

Það getur orðið, að stéttabaráttan og atvinnustöðvanirnar verði til þess að neyða Sjálfstfl. til að fylgja þvílíkri harðleikni og afdráttarlausum höftum. En hann mun aldrei gera slíkt nema sem neyðarúrræði. Flokkurinn hefur, eins og kunnugt er, verið með í tilraun, er gekk í þessa átt. Sú tilraun reyndist óframkvæmanleg þá, og ég býst við, að flokkur okkar leggi ekki út á þá braut aftur, fyrr en hann er sannfærður um, að öll sund séu lokuð til friðsamlegra samninga og sanngjarnra ráðstafana til að halda fjárhag okkar og atvinnulífi í sæmilegu horfi. Við höfum ekki lagt fram ákveðnar till. og ekki sett hnefann í borðið, af því að umboðsmenn okkar hafa talið það líklegra til friðsamlegs árangurs að leita samninga í kyrrþey um sæmilegar úrlausnir. Við vitum, að við erum sem stendur í minni hluta, ef andstæðingar okkar sameinast, og gerum allt, sem í okkar valdi stendur, til að bjarga því, sem bjargað verður, án þess að kasta okkur út í fjármálalega og atvinnulega borgarastyrjöld, sem ekki er hægt að vita, hvar endar.

Vilji okkar og viðleitni miðar að því að sefa, en ekki æsa baráttuna milli stétta og einstaklinga. Friður í landi og frjálsræði í atvinnurekstri er takmark okkar. Horfurnar eru ískyggilegar sem stendur, vegna þess hve langt er gengið í verkföllum og launahækkunarkröfum. Ef slíku heldur áfram, er ekki gott um friðsamlega starfsemi, en víst er það ekki nema betur rætist úr en útlit er á. Það er og víst, að þetta frv. óbreytt bætir ekki neitt úr.

Þá skal ég víkja nokkuð að öðrum kafla þessa frv. hæstv. ríkisstj. Hann er um eignaraukaskatt og á víst að skoðast sem eins konar skrautblóm í hinu mislita túni. Þetta er ekki nýtt af nálinni, því að hæstv. stj. var í fyrra að basla við lögfestingu á svipuðum till. og hafði til þess fylgi nokkurra þm., sem láta sér vel líka, að atvinnurekendur landsins séu hart leiknir. Þetta náði þó ekki fram vegna harðrar andstöðu okkar sjálfstæðismanna, og frá okkar sjónarmiði hefur svipurinn ekkert fríkkað á þessu stjórnarbarni, þó að það rísi nú upp úr gröfinni. Eignarskattur hefur fram að þessu verið tiltölulega lágur í landinu og á að vera það. Tekjuskattur aftur á móti hefur verið og er gífurhár, og er það sanni nær, því að svo miklu leyti sem taka þarf fé til opinberra nota með beinum sköttum, þá er eðlilegt að miða við tekjur þær, sem skattþegnarnir hafa.

Það kann að mega til sanns vegar færa, að þessi skattur sé ekki hættulegur, ef það væri tryggt, að ekki yrði haldið áfram á sömu braut, og hins vegar mætti færa rök að því, að með þessu mætti tryggja atvinnuvegina framvegis. Hvorugt þetta er fyrir hendi. Það er ýmislegt, sem veldur því, að þessi skattur mundi verða verulega ranglátur. Til þess að fá viðunandi grundvöll fyrir slíkum skatti þyrfti nákvæma rannsókn, sem framkvæmd væri alls staðar um landið og alveg hlutdrægnislaust. Það er mikið verk og vandasamt, sem taka mundi langan tíma. Margt af því, sem kallað er eignaraukning, er það ekki, og fleira kemur til greina. Við bændur álítum það enga eignaraukningu, þótt ærnar okkar, kýrnar og hrossin séu virt þreföldu eða fjórföldu verði frá því, sem var fyrir stríð. Það er heldur engin eignaraukning, þó að vörubirgðir verzlana, útgerðartæki og óseld framleiðsla sjávarútvegsmanna o. s. frv. sé reiknað með margföldu verði, og nýjar byggingar, sem nú hafa kostað 5 eða 6 sinnum meira en tilsvarandi hús fyrir stríð, eru líka vafasöm eignaraukning. Þess ber og að gæta, að eignaraukning í peningum er líka hæpin, þegar kaupmáttur krónunnar í innanlandsviðskiptum er ekki nema 10—20 % af því, sem var fyrir stríð. Á það má einnig minna gagnvart útgerðarfélögunum, að með skattal. 1940 var lögfestur réttur þeim til handa að fá bættan þann rekstrarhalla, sem þau biðu árin fyrir stríðið. Með þessu frv. er lagt til að svíkja þá löggjöf og leggja skatt á þetta fé sem eignaraukningu, fjórum árum eftir að þessi lög tóku gildi.

Allt eru þetta vafalaust lítilsverðir smámunir í augum hæstv. ráðh., en þeir menn, sem hafa vilja til að byggja starf sitt á nokkurri sanngirni, telja allt þetta þess virði að taka það til greina.

Um trygginguna, sem þessi skattur veitti atvinnuvegunum í framtíðinni, er það að segja, að hún virðist heldur vafasöm, enda er aðferðin nokkuð undarleg. Okkur bændum mundi finnast skrítin aðferð að fá fyrirskipun um að skera 10—20 % af ánum okkar eða kúnum og fá verðið í hendur Tryggingastofnun ríkisins til að tryggja framleiðslu okkar síðar. Svipað má segja um það að fyrirskipa útgerðarfélögunum að taka háar upphæðir af því, sem telst varasjóður eða önnur eign, en er fest í framleiðslutækjum, og verja því á þennan hátt.

Með síðari málsgr. 10. gr. viðurkennir líka ríkisstj. veiluna í öllu þessu, þar sem hún ráðgerir allt að þriggja ára gjaldfrest á þessum skatti og jafnvel

brottfall, ef eignaraukningin verður þá týnd, sem er ekki mjög ólíkleg tilgáta. Allt þetta gerir það að verkum, að þessi annar kafli virðist heldur lítil uppbót á fyrri hluta frv. Hér er um að ræða meingallað fordæmi, og framkvæmdin á till. er sjáanlega lítið hugsuð.

Að öllu því athuguðu, sem ég hef nú tekið fram verð ég að segja, að ég held, að það þurfi verulega hugkvæmni til að semja frv., sem í væri öllu minna vit eða sanngirni en þessu, sem hér liggur fyrir. Ég hef ekki verið og er ekki sérstaklega bjartsýnn á velvilja eða vitsmuni sumra þingbræðra minna, en ég get varla hugsað mér, að nokkur þeirra vildi gerast til þess að samþ. þetta frv. óbreytt. Hvort samkomulag getur orðið um eitthvað annað til lausnar þeim vanda, sem fyrir liggur, er ekki enn víst. Það er sú þraut, sem stjórnmálaflokkarnir hafa verið að glíma við undanfarið — og eru enn að, og ekki enn séð, hversu þær tilraunir enda.

Hæstv. ráðh. endaði með því að segja, að ríkisstj. mundi ekki standa svo fast á till. sínum, að hún væri ekki fús til að samþ. eða fallast á verulegar breyt. á frv. Þetta er út af fyrir sig gott, en mér virðist, að öllu eðlilegra hefði þá verið að gera þær athuganir hér á Alþ. áður, hvaða breyt. hefði verið mögulegt að fá samkomulag um, þar sem um svo vandasamt mál og flókið er að ræða, heldur en biðja um útvarpsumr. frammi fyrir alþjóð, áður en nokkuð er reynt í þessa átt. Ég held, að þessi aðferð hæstv. ríkisstj. bæti ekki að neinu leyti afstöðuna til úrlausnar þessa máls, sem kallar nú svo mjög að og nauðsynlegt er, að samvinna takist um.

Ég má ekki vera að því að svara ýmsum aths. í ræðu síðasta ræðumanns (EOl), þó að margt mætti um þær segja, m. a. að þær 500 millj. kr., sem landið á í útlöndum, eru ekki eign ríkissjóðs, heldur einstakra manna og sparifé þjóðarinnar, sem ekki er hægt að reikna með að taka til þessa eða hins. Skal ég svo ekki fara lengra út í þá ræðu.

Forseti (JörB): Hv. þm. A-Húnv. lauk máli sínu, og tekur þá til máls hv. þm. Hafnf. og talar af hálfu Alþfl.

Emil Jónsson: Ég vil fyrst með nokkrum orðum gera grein fyrir, hvernig frv. það, sem hér liggur fyrir, ber að. Með bréfi dags. 30. f. m., mótteknu rétt um það leyti, sem Alþ. var að koma saman, var flokkunum sent frv. þetta sem algert trúnaðarmál til athugunar. Óskað var eftir, að svör flokkanna væru komin ríkisstj. í hendur eigi síðar en 10. þ. m. Virtist því mega álíta, að flokkarnir hefðu málið til athugunar þessa tíu daga og að ríkisstj. mundi að þessum tíma liðnum taka til athugunar svör flokkanna. En þetta fór á annan veg. Áður en kunnugt var um svar flokkanna, er málinu útbýtt á Alþ., eins og engra till. hefði verið leitað, 5. þ. m. að ég ætla, og útvarpsumr. ákveðnar, einnig áður en svörin komu.

Nú vil ég spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún álíti, að svona vinnubrögð séu vænleg til góðs árangurs í svo stóru máli?

En þetta er því miður ekkert nýtt. Hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft þessi vinnubrögð oft áður eða svipuð. Hún ákveður að fara sínar leiðir, hvað sem flokkunum líður og án samráðs við þá, og því fer oft sem fer, að árangurinn verður lítill eða enginn. Ef einhver alvara hefði fylgt, hefði vitanlega átt að reyna samvinnu við flokkana, gera a. m. k. tilraunina alvarlegar en hér hefur verið gert og sjá svo til, hver útkoman yrði.

Þetta er um formshlið málsins.

Enda þótt það hafi oft verið gert áður, bæði af mér og öðrum, í útvarpi og annars staðar, tel ég vera nauðsynlegt að rifja upp fyrir sér í upphafi í mjög stórum dráttum gang dýrtíðarmálanna í heild til þess að geta betur gert sér grein fyrir, hvaða ráð hafa verið ráðin í þessum málum, hvaðan þau hafa komið og hvernig þau hafa reynzt.

Ef við hverfum aftur til ársins 1939, finnum við fyrstu aðgerðirnar: 1) Hlutfallið milli kaupgjalds láglaunaðra verkamanna og verðlags landbúnaðarafurða var sett fast, eins og það var þá, 2) húsaleigan var fest, 3) verðlagseftirlitið skerpt og 4) bönnuð hækkun á útlánsvöxtum banka.

Árið 1940 voru tengslin slitin, sem bundin höfðu verið milli kaupgjalds og verðlags landbúnaðarafurða.

Árið 1941 fékk ríkisstj. þáverandi heimild til: 1) að lækka tolla á nauðsynjavörum og jafnvel fella þá niður með öllu af sumum vörutegundum, 2) að ákveða farmgjald af vörum, 3) verja fé úr ríkissjóði til uppbóta, styrktar og verðjöfnunar, 4) að innheimta ýmsar aukatekjur í þessu skyni. Þessar heimildir notaði ríkisstj. ekki nema að litlu leyti, og þó of seint, og dýrtíðin hélt áfram að vaxa.

Síðari hluta þessa árs bar Alþfl. fram sínar till.: 1) Samræming verðlagseftirlits hjá einum aðila og skyldi taka til innlendra jafnt sem erlendra vara, 2) fastari grundvöll fyrir verðlagseftirlitið að starfa á, 3) afnám tolla á ýmsum nauðsynjavörutegundum, 4) lækkun farmgjalda, 5) stofnun dýrtíðarsjóðs o. fl. Á þessu haustþingi 1941 gerðist þó ekkert jákvætt, og hvorki þessar till. né aðrar náðu fram að ganga.

Um áramótin 1941 og 1942 gerðust aftur þeir atburðir, sem öllum eru enn í fersku minni, þegar gerðardómsl. voru sett og stjórnarsamvinnan rofnaði.

Síðustu aðgerðir af hálfu Alþ. eru svo breyt. á dýrtíðarl. 1943, þar sem nefnd sex manna er falið að ákveða hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags, og ákvæðin um að greiða úr ríkissjóði það, sem á vantar, að bændur fái fyrir framleiðslu sína það verð, sem sex manna n. lagði grundvöllinn að og hagstofan síðan reiknar út.

Þetta er í stuttu máli annáll þess, sem gerzt hefur í dýrtíðarmálunum frá ársbyrjun 1939 og til þessa dags.

Afstaða Alþfl. til þessara mála hefur alla tíð verið í meginatriðum hin sama og kemur fram í till. þeim, sem bornar voru fram í frvformi 1941 og áður er lauslega getið.

Alþfl. átti þátt í, að húsaleigul. voru sett 1939,

leiða til nýrra hjaðningavíga, þá verður forsjáin að koma frá Alþ.

Við sósíalistar erum reiðubúnir til að berjast, nú sem fyrr, — berjast af kappi, ef þess gerist þörf, og draga hvergi af okkur. En okkur er ljóst, að aldrei hefur íslenzka þjóðin sem heild átt eins mikið undir því, að eining og samstarf gæti komizt á, — aldrei hefur innanlandsfriður verið henni jafndýrmætur og nú. Og þess vegna vonum við, að þetta þing beri gæfu til þess næstu daga að skapa það jákvæða samstarf um djarfa framfarapólitík, sem þjóðin áreiðanlega þráir.

Forseti (JörB): Hv. 2. þm. Reykv. hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hv. þm. A-Húnv. og talar af hálfu Sjálfstfl.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Einhver allra vandasömustu og viðkvæmustu deilumál, sem borið hefur að höndum á síðari tímum, eru hin svonefndu dýrtíðarmál, þetta veigamikla styrjaldarfyrirbrigði. Hjá íslenzku þjóðinni er á þessum málum gerólíkur svipur því sem verið hefur og er hjá flestum öðrum þjóðum veraldarinnar. Víðast meðal annarra þjóða hefur verið stríðsástand, sem hefur orsakað það, að allri orku hefur þurft að beita að sókn og vörn í stríði eða baráttu gegn ófyrirleitnum erlendum yfirgangi. Launum og verðlagi hefur þess vegna verið tiltölulega auðvelt að halda í skefjum. Fjármagnið hefur farið í stríðskostnað víðast hvar, og því hafa viðkomandi þjóðir þurft að takmarka öll lífsþægindi.

Hjá okkur hefur hamingjan verið það gjöful, að þjóð okkar hefur losnað við að taka þátt í stríði, þótt hingað hafi flutzt fjölmennar hersveitir annarra þjóða. En stríðið hefur orsakað gerbreytingu í fjárhags- og atvinnumálum okkar fátæka og fámenna lands. Fjárfúlgur, áður óþekktar á okkar mælikvarða, hafa streymt í hendur þjóðarinnar, að nokkru leyti á kostnað þjóðlegra menningarverðmæta og innlendrar atvinnu, en að öðru leyti sem hreinn vinningur í happdrætti stríðsins.

Eins og kunnugt er, hefur þetta orsakað mikla verðbólgu og launahækkun, sem ríkisvaldið hefur ekki getað stöðvað vegna samkeppninnar um vörur og vinnukraft. Stéttir og einstaklingar hafa háð kapphlaup um hinn stopula stundargróða, eins og fátækir og matarlitlir menn um óvænt höpp á hvalfjöru.

Allir vita, að aldan líður hjá og höppin berast burtu, ef eigi eru strax handfest. En hættan fyrir atvinnuvegi landsins er á næstu grösum vegna hins gífurlega rekstrarkostnaðar, sem ólgan hefur valdið.

Alþ. hefur ekki tekizt að undanförnu að taka þessi mál föstum tökum, að nokkru leyti vegna ágreinings flokka, en þó einkum vegna þess, að vilja þjóðarinnar hefur skort til að fylgja harðtækni á þessu sviði, sem meðfram er sprottið af hinni miklu og vel borguðu atvinnu hjá herjunum í landinu. Þess vegna hefur verðlag og kaupgjald hækkað á víxl. Þessi mál eru vandasöm og viðkvæm vegna þess, að hagsmunir og réttindi stétta og einstaklinga rekast á. Eins hagur er annars tjón í svipinn, þó að allir hafi sameiginlegra hagsmuna að gæta vegna framtíðarinnar að koma í veg fyrir framhald á kapphlaupinu.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að flokkarnir væru búnir að hafa þessi mál með höndum í tvö ár án þess að gera neitt. Náttúrlega hafa flokkar og ríkisheild haft þau til athugunar í fjögur ár og núv. ríkisstj. í tvö ár. Hún tók að sér að stjórna landinu bak við Alþ. og lofaði sérstaklega að koma þessum málum í rétt horf. — Ráðh. var að hæla stj. fyrir að hafa haldið verðvísitölunni óbreyttri á þessum tíma, en hann komst í nokkuð mikla mótsögn við sjálfan sig, þegar hann var líka að lýsa því óhófsverði, sem hér er orðið á iðnaðarvörum, veiðarfærum o. fl., jafnframt því sem hann nefndi þann kunna sannleika, að vísitalan er nú raunverulega um 300 stig, þótt henni sé haldið niðri með fjárframlögum ríkissjóðs.

Það er kunnugt, að frá upphafi hefur verið og er enn aðeins um tvær leiðir að ræða í dýrtíðarmálunum, sem vit er í. Önnur er sú að semja friðsamlega milli aðila, milli framleiðenda og launþega og fulltrúa þeirra innan og utan þings. Hin er sú að ákveða allsherjarlögfestingu, er byggð sé á fullu réttlæti.

Hæstv. ríkisstj. hefur hvoruga þessa leið reynt. Með því frv., sem hér er til fyrstu umr., er hún á sömu villigötum sem hún hefur áður verið, með því að flytja till. um hálfgerða lögfestingu, sem hvorki er byggð á réttlæti né er líkleg til að ná tilgangi sínum.

Aðferðin í þetta sinn er næsta furðuleg. Ríkisstj. og almenningur veit, að umboðsmenn þingflokkanna hafa undanfarnar vikur verið að reyna samninga um friðsamlega lausn þessara mála. Hvort þeir takast, er enn í óvissu. En þegar þingið kom saman 2. þ. m., er lagt fyrir þingflokkana bréf frá stj. með þeim till., sem þetta frv. felur í sér, og beðið um svar fyrir 10. þ. m.

Á næsta þingfundi, þann 4. þ. m., er till. kastað inn í þingið í frv.formi og heimtaðar útvarpsumr., áður en fresturinn er liðinn. Á þeim hefur nú að vísu orðið nokkur bið. Allt þetta bendir í þá átt, að þessar útvarpsumr. séu stofnaðar til þess að etja fulltrúum þingflokkanna út í deilur til að koma í veg fyrir friðsamlega samvinnu, er yrði stj. að bana. Við þessu væri ekkert að segja, þótt aðferðin sé óvanaleg, ef það lagafrv., sem um er að ræða, væri viturlegt og aðgengilegt. Þessu er því miður ekki að heilsa, og skal ég nú færa nokkur rök að því áliti.

Samkv. 1. gr. frv. á að verðleggja landbúnaðarafurðir 10% lægra frá 15. þ. m. en lög standa til samkv. útreikningi Hagstofunnar.

Eftir sömu gr. er ríkisstj. heimilt að halda núverandi verðlagi óbreyttu með ríkisframlagi til næstu áramóta, en þá skal milligjöfinni hætt eftir frv. að dæma.

Samkv. 2. gr. skal engin dýrtíðaruppbót greidd af hærri vísitölu en 270.

Eftir 3. gr. skal greiða 95% þeirrar dýrtíðar-

uppbótar fyrsta mánuðinn, sem l. gilda. Annan mánuðinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, skal greiða 90% af hinni ákveðnu dýrtíðaruppbót, sem er að hámarki miðuð við vísitöluna 270, og þar eru grunnlaun auðvitað í.

4. gr. frv. hljóðar þannig: „Fari framfærsluvísitala yfir 270 stig, skal verð landbúnaðarafurða til framleiðenda lækka í sömu hlutföllum og dýrtíðaruppbót skerðist vegna hámarksskuldbindingar vísitölu í sambandi við kaupgreiðslur; sbr. 2. gr.“

Í 5. gr. segir svo, að enga dýrtíðaruppbót skuli greiða af kauphækkunum, sem verða á tímabilinu 1. sept. 1944 til 1. júlí 1945.

Hvað þýða nú þessi ákvæði? Í fyrsta lagi það, að dýrtíðaruppbót er lögfest með hámarki og takmörkun, en engin bönd eru á hækkun grunnlauna eða launadeilum. Kaupkröfur og vinnustöðvanir eru heimilar eftir sem áður. Hæstv. ráðh. taldi nú, að hann gæti fallizt á að setja á þetta frekari bönd, en auðvitað hljótum við hér að ræða þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Lögbindingin gildir að fullu fyrir fastlaunaða menn, en ekki aðra og verður að því leyti ósanngjörn í framkvæmdinni. Ef vísitalan væri t. d. 300, fengju þeir greiðslu miðað við 243 stig annan mánuðinn, sem lögin giltu. En þetta miðar ekki að því að sætta eða setja niður þau verkföll, sem nú eru, heldur er miklu hættara við hatrömmum launadeilum eftir en áður, og gefur ræða síðasta ræðumanns (EOI) nokkra hugmynd um það efni. Grunnkaupshækkanir mundu því koma í stað dýrtíðaruppbótanna.

Á afurðasölu og tekjum okkar bændanna er tekið heldur öðrum tökum. Þar er dyrunum lokað að fullu. Fyrsta bandið er það að verðleggja vöruna frá 15. þ. m. 10% lægra en lög standa til. Þetta er vara, sem búið er að framleiða með þeim hækkaða tilkostnaði, sem þekktur er og reiknað hefur verið með. Að lækkunin verði borguð með lækkuðum tilkostnaði vegna þessa frv., er ekki einungis óvíst, heldur ólíklegt. Kaupgjald getur staðið í stað, meiri líkur þó, að það hækki, ef frv. þetta yrði samþ. Þetta ákvæði er þó mest í samræmi við frv. að öðru leyti, og við bændur vitum fyrir fram, hvað það gildir. Það er 77,6 aura á hvert kjötkg., 13,4 aura á mjólkurlítra og 11,60 kr. á kartöflutunnuna. — En það er heldur meira blóð í kúnni. Eins og stendur, eru landbúnaðarafurðir lækkaðar í verði til neytenda um 20,7 vísitölustig, eftir því sem Hagstofan gefur upp, — kjöt sem svarar 9,1 stigi, mjólk 5,7 stigum og kartöflur sem svarar 5,9 stigum. — Þessu á að hætta á næsta nýári, en vörurnar mega ekki hækka til neytenda; sem þýðir tilsvarandi lækkun til framleiðenda. Þetta er af því, að þá mundi vísitalan hækka um 20.7 stig, sem allt yrði fyrir ofan 270, og samkv. hinni makalausu 4. gr. frv. á öll skerðing á launum, vegna þess að vísitalan fer yfir 270, að borgast launþegum með tilsvarandi lækkun á landbúnaðarvörum. Að öll hækkunin yrði fyrir ofan 270, ef útsöluverðið yrði hækkað sem svarar ríkisframlaginu, þegar því er hætt á nýári, er augljóst mál. Vísitalan er nú 266 stig, og sú hækkun, sem orðin er á kartöflum að frátekinni ríkisframlaginu, gildir 5½ vísitölustig. Að nokkrar vörur hafi lækkað síðasta mánuðinn, er ekki vitað, og þá er vísitalan komin upp í 271—2 stig og verður það frá 1. þ. m. Væri ríkisframlaginu hætt nú þegar og landbúnaðarvörurnar verðlagðar lögum samkv., þá væri vísitalan nú full 300 stig. Ef frv. ríkisstj. væri lögfest, þá ættu landbúnaðarafurðir að lækka til framleiðenda á næsta nýári frá lögboðnu verði sem svarar 20,7 vísitölustigum fyrir utan þau 10%, sem rætt er um í 1. gr. frv. Það gildir um 28% á kjöti og 12% á mjólk miðað við útsöluverð. En það er ekki þar með búið. Ef vísitalan ætti að hækka af öðrum ástæðum, t. d. hækkuðu verði aðfluttrar vöru, þá yrði sú hækkun þrátt fyrir þessi l. ofan við 270, og þá ættu launþegarnir að fá hana greidda með tilsvarandi lækkun á landbúnaðarafurðum samkv. 4. gr. frv. Eins og áður er sagt, eru litlar eða engar líkur til, að nokkur ákvæði þessa frv. hefðu í för með sér lækkaðan tilkostnað við landbúnað, svo að allt er þetta á eina leið: óréttlátt og mótsagnakennt.

Það hefur nú oft verið rætt um það, að okkur bændum væri ekki alltaf gert hátt undir höfði, en ég minnist þess ekki nýlega, að stétt okkar hafi verið réttur slíkur löðrungur, sem hæstv. ríkisstj. gerir með þessu frv. Ég verð að segja það, að hann er ekki lítið vinsamlegur landbrh., sem er meðflm. að svona till. Ég held nú samt, að þetta sé ekki sprottið af illvilja í garð bændastéttarinnar, heldur hinu, að í þessari hæstv. ríkisstj. er enginn maður, sem hefur þekkingu eða skilning á landbúnaði og högum bændastéttarinnar.

Þegar ríkisstj. flutti sitt fræga dýrtíðarfrv. á vetrarþinginu 1943, þá var eitt aðalatriði þess að þrengja kosti bænda með ósanngjarnri verðfestingu á afurðaverði. Þessu frv. fylgdi enginn þm. hér í þessari d. Það fór í ruslakörfuna, eins og hæfilegt var. En þá varð um það samkomulag fyrir forgöngu okkar í fjhn. að rannsaka, hvert væri hið rétta hlutfall milli kaupgjalds og verðlags landbúnaðarafurða. Skyldi niðurstaðan gilda sem lög til stríðsloka, ef samkomulag næðist milli fulltrúa bænda og launastétta. Þetta tókst, eins og kunnugt er, og mátti ætla, að þá væri fenginn réttur og eðlilegur grundvöllur til niðurfærslu á báða bóga. Deilunum átti að vera lokið. Báðir aðilar höfðu samþykkt útkomuna. En hæstv. ríkisstj. getur ekki unað því lengur, jafnvel þótt ekki standi á bændum um niðurfærslu dýrtíðarinnar á réttlátan hátt.

Það var auðheyrður tónninn í hæstv. fjmrh. hér áðan. Hann sagði meðal annars, að öll dýrtíðarhækkunin 1942 hefði stafað af hækkuðu verði landbúnaðarafurða. Þó vita allir, sem vilja vita, að áður en þær vörur voru hækkaðar, hafði kaupgjald og öll laun hækkað stórkostlega vegna æsinganna út af gerðardómsmálinu.

Þá var ráðh. að harma það, hve sex manna n. samkomulagið hafði styrkt mikið aðstöðu bænda og valdið ríkisstj. miklum örðugleikum í dýrtíðarmálunum. Náttúrlega er það verra að níðast sér-

vöruverðinu, sem raunar hefur mest áhrif á framfærsluvísitöluna af öllu, séu einnig mögueikar til samkomulags á þeim grundvelli, sem ég hef hér minnzt á. Af öllu þessu vil ég svo draga þá ályktun, að hæstv. ríkisstj. sé á rangri braut með frv. sitt, þar sem í meginatriðum er farið inn á að lögbjóða kauplækkun; hin aðferðin sé réttari og vænlegri til varanlegs árangurs, að ná samningum um að festa það, sem er, fyrst um sinn, á meðan séð er, hverja stefnu og hverja þróun atvinnuvegir okkar geta tekið í nánustu framtíð.

Forseti (JörB): Hv. þm. Hafnf. lauk ræðu sinni, og tekur þá til máls hv. 2. þm. S-M. og talar af hálfu Framsfl.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Hinn 30. ágúst s. l. sendi ríkisstj. þingflokkunum bréf og frv. til l. um dýrtíðarráðstafnir og óskaði þess, að flokkarnir tilkynntu fyrir 10. sept., hver væri afstaða þeirra til frv. Engin grg. fylgdi frv. og engar upplýsingar.

Í byrjun þingfunda í þessum mánuði lagði ríkisstj. frv. fyrir þ., og bjóst ég þá við, að því mundi af hálfu fjmrh. fylgja ýtarleg grg. um ástæður í dýrtíðarmálunum nú og áhrif þessa frv., ef að l. yrði. En þessi von brást alveg. Frv. fylgdu engar upplýsingar og í raun og veru engin grg. Hefði það þótt tíðindum sæta fyrir nokkrum árum, að hin flóknustu fjárhagsmál væru lögð fyrir Alþ. á þennan hátt.

Fjmrh. hefur ekki átt frumkvæði að viðræðum milli ríkisstj. og þingflokkanna um málið eða tilraunum til sameiginlegrar lausnar. Er þetta ekki einsdæmi um vinnuaðferðir hæstv. fjmrh., en í algeru ósamræmi við þá starfshætti, sem annars hafa tíðkazt á Alþ. og líklegastir voru taldir til árangurs. Hefur það nánast verið venja núv. hæstv. fjmrh. að standa í bréfaskiptum við flokkana um mál sín, en reyna lítt viðræður. Getur hver og einn gert sér í hugarlund, hvort slík vinnubrögð séu líkleg til árangurs í hinum erfiðustu vandamálum, og þess vegna leyfi ég mér að finna að þessu nú.

Ráðh. hefur nú í stað þess að leitast fyrir um samninga óskað eftir þessum útvarpsumr. Við því er ekki svo mikið að segja, þótt mörgum virðist ekki sérstök þörf kappræðna við 1. umr., ef ekki liti út fyrir, að hæstv. fjmrh. ætlaði að láta þær koma í staðinn fyrir samningstilraunir um lausn málsins. Má þó vera, að svo fari ekki sem á horfðist um það.

Áður en ég vík að efni frv., þykir mér rétt og nauðsynlegt að rifja upp í stórum dráttum sögu hinna svokölluðu dýrtíðarmála og minna á, hvernig nú er ástatt í þessum efnum.

Árið 1941 gerði Framsfl. tilraun til þess að fá samtök um stöðvun verðbólgunnar með lagasetningu um kaupgjald og verðlag í landinu og skattlagningu stríðsgróðans. Áður hafði verið gerð tilraun til þess að draga úr verðbólgunni með því að fá samþykkta löggjöf um niðurborgun dýrtíðar, en kaupgjaldi og verði innlendra vara væri þá ekki skipað með lögum. Sú tilraun kafnaði þegar í fæðingunni vegna þess, að sjálfstæðismennirnir í þjóðstjórninni vildu ekki gefa samþykki sitt til þess, að hún yrði reynd. Frv. Framsfl. um stöðvun dýrtíðarinnar var fellt á Alþ. haustið 1941. Ég benti þá á, að svo mundi fara, áður langt um liði, ef verðbólgan fengi að leika lausum hala, að þau mál yrðu komin í fullkomna sjálfheldu. Kaupgjaldið og verðlagið mundi hækka á víxl, þangað til ekkert samræmi væri lengur orðið milli verðlagsins á útflutningsvörunum og framleiðslukostnaðar í landinu. Jafnframt benti ég á, að kauphækkanir og verðhækkanir mundu éta hvor aðrar upp, þannig að ávinningur yrði harla lítill, þótt keppt yrði að hækkunum. Þá benti ég á, að verðbólgan mundi auka stórlega hvers konar brask og gróðabrall í landinu, en ræna þá, sem sparað hefðu fé saman. Þá gerði ég grein fyrir því, að vísitalan væri þannig fundin, að litlar eða engar líkur væru til þess, að kaupgjald og verðlag innan lands lækkaði aftur sjálfkrafa í hlutfalli við lækkun á erlendum vörum eða flutningsgjöldum, og byggði ég þetta á því, að vísitalan yrði, þegar verðbólgan hefði náð hámarki, að mestu leyti byggð upp af kaupgjaldi í landinu sjálfu og verðlagi innlendra vara. Þá gerði ég ráð fyrir, að verðbólgustefnan hlyti að leiða til þess, að ríkissjóður yrði févana í stríðslokin, þar sem útgjöld hans hlytu að fara stórkostlega hækkandi vegna verðbólgunnar, en hæpið, að tekjurnar hækkuðu að sama skapi.

Ef menn litast nú um í landinu og athuga ástæður allar með stillingu, þá geta menn ekki hjá því komizt að viðurkenna, að aðvaranir um hættuna af verðbólgunni voru ekki út í bláinn, enda gat slíkt ekki átt sér stað, þar sem með öllum öðrum þjóðum höfðu samtök átt sér stað um að hindra eða draga úr verðbólgu og stríðsgróða.

Um áramótin 1941—1942 virtust sjálfstæðismenn hafa skipt um skoðun á dýrtíðarmálunum. Það var auðséð, eins og raunar hafði verið haustið áður, að ný verðbólgualda var að skella yfir, enda þá þegar komið til verkfalla. Framsfl. sá, að það var þá þegar orðið erfiðara fyrir um stöðvun dýrtíðarinnar en verið hafði um haustið, en féllst þó á að gera samkomulag við sjálfstæðismenn um löggjöf í þessu skyni. Þeir flokkar, sem töldu sig hafa umboð fyrir verkalýðinn í landinu, snerust hart gegn þessari löggjöf, svo sem kunnugt er, og ekki hafði hún verið í gildi nema nokkra mánuði, þegar Sjálfstfl. snerist einnig gegn henni og efndi til samstarfs við verkalýðsflokkana í staðinn um kjördæmabreytingu og tvennar kosningar samsumars. Myndaði Sjálfstfl. stj. með hlutleysi kommúnista og Alþýðuflokksmanna, en sá stuðningur var því verði keyptur, að ekkert skyldi gert til þess að halda verðbólgunni í skefjum. Um þessar mundir hófst hinn svokallaði „smáskæruhernaður" til kauphækkana, og var öllum lokum slegið frá í dýrtíðarmálunum.

Niðurstaðan varð sú, að dýrtíðarvísitalan komst upp í 272 stig um þær mundir, sem stjórn sjálfstæðismanna fór frá völdum eftir síðari kosningarnar, og hafði verðlagsvísitalan hækkað um 89 stig, meðan hún sat við stýrið. Er skemmst frá að segja,

að eftir kosningarnar 1942 voru flestir óánægðir yfir því, hvernig komið var, en þrátt fyrir það fengust ekki samtök um það á Alþ. að stöðva verðbólguna.

Í des. 1942 var núv. ríkisstj. skipuð af ríkisstjóra, vegna þess að Alþ. hafði ekki getað komið sér saman um myndun stj. Lagði stj. fram frv. til dýrtíðarl., þar sem gert var ráð fyrir niðurfærslu verðlagsuppbótar á kaupgjald og afurðaverð, en óbundið látið um grunnkaup í landinu. Þótti þá ekki líklegt, að með því frv. yrði stöðvuð verðbólgan, þar sem ekki lá fyrir samkomulag við verkalýðsfélög um grunnkaup og yfir var lýst, að þau mundu gera ráðstafanir til þess að fá grunnkaupið hækkað sem svaraði þeirri lækkun, sem samkv. frv. átti að verða á verðlagsuppbótinni. Var þá sú leið farin að heimila ríkisstj. að mæta dýrtíðinni nokkuð með niðurborgunum á verðlagi landbúnaðarafurða innan lands. Jafnframt voru gerðar ráðstafanir til þess að skipa sérstaka n., sem átti að ákveða bindandi verðlag á landbúnaðarvörum, ef hún yrði sammála, og átti að miða það verðlag við kaupgjald og framleiðslukostnað á hverjum tíma og yfirleitt við það, að bændur hefðu svipaðar atvinnutekjur og aðrir vinnandi menn. Kaupgjaldið var hins vegar látið laust og óbundið, eins og áður segir.

Vorið 1943 tók ríkisstj. að greiða niður verðlagið innan lands og þokaði á þann hátt nokkuð niður verðlagsvísitölunni, þó með ærnum kostnaði, og komst hún lægst í 245 stig í júlímánuði það ár.

Sex manna n. komst að þeirri niðurstöðu, að verðlag landbúnaðarafurða væri of lágt miðað við kaupgjald og tekjur annarra en bænda, og ákvað, að það skyldi hækka talsvert haustið 1943. Stakk þessi niðurstaða n., — sem þá um leið var niðurstaða fulltrúa launastéttanna í n., — mjög í stúf við þær fullyrðingar, sem áður hafði verið mjög á loft haldið, að verðlag landbúnaðarafurða væri allt of hátt og sú væri meginorsök dýrtíðarinnar. Fékkst nú úrskurður um þetta, og voru gerðar ráðstafanir til þess á Alþ. 1943, að þetta samkomulag gæti staðizt í reyndinni, eins og lög gerðu ráð fyrir, með því að samþykktar voru uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Héldu flestir, að um þetta gæti orðið samkomulag, en það brást, þar sem ýmsir þm. beittu sér gegn samkomulagi sex manna n., þótt n. hefði haft fullt umboð frá öllum til þess að komast að niðurstöðu um þetta mikilsverða mál. Verður sú saga ekki rakin hér, en hitt er rétt að minnast á, að enn hafa bændur ekki að fullu fengið það verð, sem þeir áttu að fá samkv. áliti sex manna n., og er það atriði nú í athugun hjá þingflokki framsóknarmanna. Verður að krefjast þess, að úr þessu verði bætt um þær afurðir, sem ríkisstj. hefur í raun réttri tekið ábyrgð á, með niðurgreiðslum úr ríkissjóði og verðlagsákvæðum í sambandi við þær.

Hér ber að vekja sérstaklega athygli manna á því, að með úrskurði sex manna n. var afurðaverð landbúnaðarins fastákveðið við vísitölu, og eftir það er kaupgjaldið í landinu eini stóri liðurinn, sem áhrif hefur á verðmyndunina, sem er óháður afskiptum ríkisvaldsins.

Í októbermánuði í fyrra var vísitalan komin aftur upp í 260 stig, og var auðheyrt á forkólfum kommúnista, sem mestu réðu í verkalýðsfélögunum, og raunar fleirum, að ekki var ætlunin að láta hér staðar numið um vöxt dýrtíðarinnar.

Ég hef ætíð haldið því fram og hlýt að halda því fram, að framleiðslukostnaðurinn, þ. e. kaupgjaldið og innlenda verðlagið, verði alltaf, þegar til lengdar lætur, að miðast við það, sem hægt er fá fyrir framleiðsluvörur okkar á erlendum markaði og þá fyrst og fremst fiskverðið. Ég reyndi því á haustþinginu 1943 að koma því til vegar, að dýrtíðarmálin yrðu tekin til sérstakrar yfirvegunar í sambandi við það, hvernig ástatt var í sjávarútvegsmálum. Ég flutti till. til þál. um, að fjórum mönnum yrði falið að rannsaka afkomu sjávarútvegsins og framleiðslukostnað sjávarafurða. Skyldu þeir leggja fram rökstutt álit um það, hvaða verð þyrfti að vera á sjávarafurðum, til þess að framleiðsla þeirra veitti þeim, er hana stunduðu, lífvænleg kjör og hliðstæð kjörum annarra vinnandi manna. Enn fremur átti að gera hlutlausa skýrslu um áhrif dýrtíðarinnar á framleiðslukostnaðinn og afkomu sjávarútvegsmanna og fiskimanna.

Mér virtist þessi athugun fyllilega tímabær, áður en ný dýrtíðaralda yrði reist, og vonaði, að hún mundi leiða til þess, að menn litu með meiri ró og stillingu á þessi mál en áður. Mér til mikillar undrunar fékk þessi till. engan byr í þinginu, og meira að segja réðst einn hv. þm. harkalega gegn henni. Allir aðrir sýndu henni fullkomið tómlæti nema flokksbræður mínir. Till. fékkst ekki afgr. á því þingi. Ég flutti hana aftur í janúarmánuði þessa árs, en allt hefur farið á sömu leið. — Engin slík rannsókn hefur því farið fram, en grunur minn er sá, að erfiðari hefði verið róðurinn fyrir þá, sem haldið hafa uppi æsingum í kaupgjaldsmálum og verðlagsmálum, ef þessi rannsókn hefði legið fyrir og sýnt svart á hvítu, hvaða afleiðingar vaxandi verðbólga hlaut og hlýtur að hafa í för með sér fyrir sjávarútveginn. — Þetta dæmi um tómlæti er lærdómsríkt fyrir útvegsmenn og fiskimenn í landinu.

Ný kauphækkunaralda var þrátt fyrir allt reist á þessu ári, og afleiðingarnar láta ekki á sér standa. Hagstofan hefur nú reiknað út vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða, sem ákvarðar nú verðið á landbúnaðarvörum lögum samkv., og hefur hún hækkað um 9,4%. Stafar sú hækkun nær eingöngu af kauphækkunum, sem orðið hafa frá því í fyrra.

Þá verður getið hér eins atburðar í málum þessum. Eins og ég gat um áðan, fékk ríkisstj. heimild til þess að borga niður dýrtíðina að vissu marki. Þessi heimild hefur verið notuð. Alþ. samþ. mjög sterka lagaheimild til þess að hafa eftirlit með verðlagi í landinu.

Hæstv. fjmrh. hefur löngum látið drjúglega um það, að sterklega yrði á þessum heimildum haldið af hans hendi, og hefur þeim efalaust verið allverulega beitt í sumum atriðum. En þeim mun meiri furðu vakti, þegar það kom í ljós, að hæstv. ráðh. hafði látið það viðgangast, að Eimskipafélag Íslands, sem sér um allan völuflutning til landsins,

bornar til bóta, en koma ekki með neitt í staðinn, ekki neitt, — ekki hið allra minnsta, — ekki nema neikvæða, margendurtekna mælsku, sem landslýðurinn kann nú orðið utanbókar og kann vafalaust að meta að verðleikum. — Mun ég svo ekki ræða þetta mál frekar.

Einar Olgeirsson: Ég held, að hæstv. fjmrh. hefði verið nær að segja nokkur orð til að verja aðgerðir hæstv. ríkisstj. í sambandi við Eimskipafélagið og heildsalaokrið en vera með þung orð í okkar garð. Hann hefði líka mátt sleppa að hæla vilja sínum til samvinnu við þ. Hann hefði átt af minnast afstöðu sinnar til verkalýðsins, þegar um annað eins smáræði var að ræða og að leyfa verkamönnum að hafa einn mann í verðlagsn., en hann sá um að bola honum burt til þess að geta komið að heildsala í staðinn. — Hæstv. ráðh. talar drjúgt um, að öllum landslýð sé ljóst, hve þ. sé óhæft. Hann ætti að bjóða sjálfan sig fram í Reykjavík og biðja allan fjöldann að kjósa sig og nýja flokkinn, sem hann ætlar að stofna, en enga aðra flokka. Við skyldum sjá, hvernig færi og hve rétt hæstv. ráðh. hefur að mæla. Ég held, að Reykvíkingar mundu líta þannig á, að hann hefði ekkert á þ. að gera, enda hefur hann ekki komizt þangað.

Ræða hv. 2. þm. S-M. var undarleg og sú eina af ræðum þeim, er hér hafa verið fluttar, sem mér fannst furðulegur og ósæmilegur málflutningur, eins og þegar hv. þm. leyfir sér að lýsa yfir því, að samkomulag sex manna n. hafi leitt í ljós, að verð á landbúnaðarafurðum hafi verið of lágt, þar sem vitað er, að kjötverð 1942 var sett svo hátt, að það var 10 millj. kr. hærra en verið hefði, ef ekkert sex manna n. samkomulag hefði verið. Ég er hissa á því, að hv. þm. skuli leyfa sér jafnóheiðarlegan málflutning og þennan.

Hv. 2. þm. S-M. segir, að við sósíalistar viljum ekki taka þátt í umbótastj., en hann hefur verið að hugsa um, að við séum ekki samþykkir því að mynda stj. með Framsfl. til þess að skera niður kaup verkamanna, því að Framsfl. setti það að skilyrði fyrir þátttöku í stj., að byrjað væri á þessu. — Hv. þm. segir, að við viljum keyra allt í sjálfheldu. Ég legg það undir dóm hv. hlustenda, hvort sú yfirlýsing um vilja okkar til að mynda stj., sem ég gaf hér áðan, beri vitni um, að við viljum koma öllu í sjálfheldu. En til er einn flokkur, sem unnið hefur að þessu, sem sé Framsfl.

Hv. þm. talaði um, að nú væri á ferðinni ný kauphækkunaralda, og fór um þetta háðulegum orðum. En hv. þm. ætti sjálfur að tala við kjósendur sína á Austurlandi og spyrja þá, hvort þeim fyndist réttlátt, að Norðfirðingar t. d. hefðu aðeins kr. 1,85 á klukkustund, þegar 2 kr. væru borgaðar á Seyðisfirði. Mundi stafa hætta af því, að Norðfirðingar fengju sama kaup og Seyðfirðingar, eða mundi þjóðin bíða tjón, þó að samræming yrði á kaupi starfsmanna hins opinbera, eins og nú hefur verið farið fram á?

Þá segir hv. þm., að kommúnistar misnoti samtök verkamanna og rói undir um verkföll í því skyni að stöðva framleiðslu þjóðarinnar. Hann talar um ábyrgðarleysi verkamanna í sambandi við olíuverkfallið. En ég get lýst yfir því, að því fer fjarri, að verkamenn sýni hér annað eins ábyrgðarleysi og hv. þm. með tali sínu. Þeir telja sig að vísu hafa fullan rétt til að gera samúðarverkfall, en eru sér þess fyllilega meðvitandi, hvenær rétt sé að beita þeim rétti og hvenær ekki. Trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar tilkynnti t. d. í dag, að samúðarverkfallið hjá „Nafta", sem búið var að samþ., að koma skyldi til framkvæmda 14. þ. m., yrði ekki framkvæmt fyrst um sinn. — Hv. þm. talaði um leið út úr öngþveitinu, sem sé þá, að verkamenn tækju málin í sínar eigin hendur. Hann vísaði til Hafnarfjarðar sem dæmis um þetta öngþveiti og talar um fámenna klíku kommúnista, sem hafi hafnað tilboði atvinnurekenda um sömu kjör þar og í Reykjavík. Það mun vera talið af þessum hv. þm., að við séum ekki sterkir í Hafnarfirði og Sjálfstfl. og Alþfl. séu sterkari þar. Í verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði var höfð atkvæðagreiðsla nú fyrir skömmu. Eftir því sem mér er kunnugt, hafa foringjar þessara flokka mælt með því, að verkamenn tækju þeim tilboðum, sem lágu fyrir. En það var fellt með 130:1 atkv. Þegar svo er, verður ekki talað um fámenna klíku. Hér er aðeins um að ræða sjálfsagða sjálfsbjargarviðleitni hvers manns, og það liggur ekki næst okkur þm. að álasa verkamönnum að vilja fá launahækkun, ef þeir halda, að þeir geti fengið hana. Það, sem nú liggur meira á, er að fá allsherjarsamkomulag um ráðstafanir til að tryggja atvinnu manna í framtíðinni. En þannig er ekki talað við verkamenn af hálfu Framsfl., heldur er þeim ögrað með gerðardómi. Á meðan talað er til verkamanna í þeim anda, er ekki von, að vel fari. Ég er yfirleitt alveg hissa á þeirri hræsni, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. S-M., því að hann veit vel, að við erum reiðubúnir til að taka nú þegar þátt í myndun stj., sem beitti sér fyrir því, að gerðir yrðu heildarsamningar milli atvinnurekenda og verkalýðssamtakanna um kaup og kjör til að tryggja vinnufrið í meginatriðum á grundvelli núverandi kjarasamninga með nauðsynlegum samræmingum og leiðréttingum, sem verkalýðsfélögin eru nú að vinna að, enda verði þær kaupdeilur, sem nú standa yfir, leystar um leið. Gerður verði samningur um afurðaverð landbúnaðar fyrir jafnlangt tímabil á grundvelli sex manna samkomulagsins með nauðsynlegum leiðréttingum, sem báðir aðilar, fulltrúar bænda og neytenda, komi sér saman um. En hver er þá tilgangurinn með þessari ræðu hans? Hann er sá, að koma í veg fyrir stjórnarsamvinnu, því að Framsfl. vill ekki slíka samvinnu. — Hv. þm. stoðar annars ekki að vera að keppa við Jónas, flokksbróður sinn, í kommúnistahatrinu. Hann verður aðeins enn þá leiðinlegri og klaufalegri í áróðri sínum en hinn.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að sósíalistar hefðu átt kost á samstarfi um þessi mál síðastliðin tvö ár. Þetta er ekki rétt. Hugmyndin um skipulega hagnýtingu þjóðarauðsins til að nýskapa atvinnulífið hefur fyrst komið fram síðastliðið vor, og nú fyrst

er að skapast möguleiki á því að framkvæma hana, svo að um það hefur ekki verið hægt að semja síðastliðin tvö ár. Ef hv. þm. skyldi hins vegar hafa átt við samninga þá milli Framsfl., Alþfl. og Sósfl., þá ætla ég að minna hann á, að við Framsfl. voru samningar því aðeins fáanlegir, að fallizt væri á niðurskurð á kaupgjaldi, sem sé um sams konar höfuðreglu og er nú í frv. hæstv. ríkisstj. og við erum allir á móti. Að slíkri samvinnu vildum við sósíalistar og viljum ekki ganga. Nú er hins vegar um það að ræða að semja um að tryggja þá afkomu, sem nú er, og bæta hana í framtíðinni, leggja öruggan grundvöll að afnámi atvinnuleysis í framtíðinni, en á þess háttar samningum hefur enginn kostur verið fyrr en nú.

Hæstv. fjmrh. minntist á, að verðfallið mundi skella á okkur eftir stríðslok. Ég veit ekki, hvaðan honum kemur sú vissa. Eftir síðasta stríð kom verðfallið ekki fyrr en tveim árum eftir stríðslok. Verðlaginu er haldið niðri nú, til þess að stríðsskuldirnar vaxi ekki fram úr hófi. En enginn er kominn til að segja, að almennt verðfall verði strax eftir stríð, þó að svo geti farið, að það verði. Þær ríkisstj., sem nú hafa hag af að halda kaupgjaldi og verðlagi niðri, geta eftir stríð haft hag af almennri verðhækkun. Það getur því eins farið svo, þegar Evrópa verður opnuð aftur, að verðhækkun verði. Hins vegar er sjálfsagt fyrir okkur að stöðva verðhækkunina nú og sjá, hvað setur.

Hv. þm. A.-Húnv. minntist á 500 milljónirnar, sem ég talaði um, og sagði, að þær væru eign sparifjáreigenda erlendis. Þetta fé er eign íslenzku bankanna, og þeir eru ríkiseign. En út á þessar 500 millj. skulda svo bankarnir þær sparisjóðsinneignir, sem fólkið á hjá þeim. Það þyrftu því að verða samferða tvennar ráðstafanir í hvert sinn, þegar verið væri að framkvæma þær aðgerðir, er ég gat um, annars vegar viðvíkjandi gjaldeyrisinnstæðunum erlendis, hins vegar viðvíkjandi sparifjárinneignunum hér. Segjum t. d., að Íslendingar ætluðu að kaupa vélar og efni til hraðfrystihúsa eða síldarverksmiðja. Þá þyrftu bankar og gjaldeyrisyfirvöld í fyrsta lagi að veita erlendan gjaldeyri til kaupanna, en í öðru lagi þyrftu svo sparisjóðseigendur að leggja fram íslenzkar krónur til þessara kaupa. Það gætu þeir gert ýmist með beinu framlagi, ef þeir væru að kaupa þetta sjálfir, eða með því að leggja fram hlutafé, ef stofnuð væru hlutafélög til slíks rekstrar, eða með því að veita lánsfé til að kaupa fyrir skuldabréf, ef t. d. bæir eða ríki væru að koma þessum atvinnufyrirtækjum upp og seldu skuldabréf til að fá fé til þess. Til að fá frjáls framlög í þessu skyni þarf því mjög almennan áhuga og mikla samstillingu þjóðarinnar, og slík samstilling er, eins og þjóðfélagi voru er háttað, aðeins hugsanleg, ef öll höfuðöfl þjóðfélagsins leggjast á eitt.

Við skulum hins vegar gera okkur ljóst, hvað yrði, ef innflutningur fjár yrði ótakmarkaður og óskipulagður. Það mundi þýða, að auðugir menn gætu notað fé sitt til dýrindis lúxusbygginga, aðrir gætu eytt óhóflega miklu í alls konar húsgögn og útbúnað á heimilum. Og þó að menn færu að kaupa framleiðslutæki, þá gæti svo farið, að t. d. í Reykjavík risu upp 10 smjörlíkisgerðir, 12 súkkulaðigerðir o. s. frv., þótt þjóðinni nægði að hafa t. d. eina eða tvær af hvoru og þær gætu þá framleitt vörur fyrir helming þess framleiðslukostnaður, sem 10 eða 12 verksmiðjur þyrftu að greiða, ef allar væru hálfvinnandi með dýrum forstjórum, mörgum byggingum og tíföldum stofnkostnaði á við það, sem þyrfti að vera. Með öðrum orðum, það yrði meiri eða minni misnotkun á öllum erlendum innstæðum, ef engin skipulög samtök yrðu með þjóðinni um það, hvernig ætti að nota þær.

Til skipulagðrar og skynsamlegrar hagnýtingar innstæðnanna, t. d. til þeirrar umbreytingar á atvinnulífinu, sem ég lýsti áðan, þarf hins vegar afskipta ríkisins og samstarfs þjóðarinnar, og við vonum, að Alþ. takist nú á næstunni að koma því til leiðar.

Jakob Möller: Hæstv. fjmrh. sagði í frumræðu sinni, að er núv. ríkisstj. tók við völdum, hefði hún talið það vera sitt höfuðhlutverk að reyna að vinna bug á dýrtíðinni í landinu, og hefði hún síðan ekkert látið ógert, sem í hennar valdi stóð, til þess að ná því takmarki. Hann sagði einnig, að tekizt hefði þessi tvö ár að halda dýrtíðinni svo í skefjum, að hún mætti nú heita óbreytt frá því, sem hún var, þegar stjórnarskiptin urðu, en nú væri fram undan veruleg aukning dýrtíðarinnar sakir verðhækkunar á landbúnaðarafurðum, og mundi vísitala þessa mánaðar hækka um 5 stig af þeim sökum og fyrirsjáanleg væri 12 stiga hækkun í næsta mánuði, ef ekkert yrði gert til þess að koma í veg fyrir hana; en auk þessarar fyrirsjáanlegu hækkunar sé yfirvofandi 14 stiga hækkun á vísitölunni, sem haldið hefur verið niðri með greiðslum úr ríkissjóði, en fram hlyti að koma, ef þær greiðslur væru felldar niður. Þannig má því í rauninni telja, að dýrtíðin sé nú orðin sem svarar 297 vísitölustigum, og hefur hún því hækkað síðan í des. 1942 sem svarar 25 vísitölustigum, en að sjálfsögðu á svo dýrtíðin eftir að vaxa enn um nokkur stig vegna afleiðinga þeirrar hækkunar, sem þegar er komin fram, og á eftir að komast nokkuð yfir 300 stig, ef ekkert verður að gert.

Ég get fullkomlega fallizt á það með hæstv. ráðh., að óvænlega horfi um afkomu atvinnuveganna og allt fjármálalíf þjóðarinnar, ef slíku á fram að fara. Og því er nú verr, að líkur eru ekki miklar til þess, að dýrtíðarflóðið láti sjálfkrafa staðar numið við þetta.

Það er því að vonum, að ríkisstj., sem hefur sett sér það markmið að vinna bug á dýrtíðinni, þykist ekki geta setið aðgerðalaus, þegar allt sígur svo mjög á ógæfuhlið, en telja sér skylt að reyna af fremsta megni að koma því til leiðar, að ráðstafanir verði gerðar til að forða þjóðinni úr þeim voða, sem yfir henni vofir. Og í því skyni hefur hæstv. ríkisstj. borið fram það frv., sem hér liggur fyrir.

Það verður nú hins vegar ekki sagt, að hæstv. ríkisstj. sé með þessu frv. að kanna ókunna stigu eða vísa á nýjar leiðir út úr þeim ógöngum, sem við erum komnir í sökum þeirrar geigvænlegu verðbólgu

hækkaði á ný, og ættu því allt í óvissu um það, hvort slíkar kauphækkanir kæmu nokkurn tíma til greina við verðlagningu á þeirra vörum og áreiðanlega ekki fyrr en eftir dúk og disk. Þetta er ranglátt og því óviðunandi.

Nokkuð svipað er að segja um afstöðu opinberra starfsmanna, nema sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að koma í veg fyrir, að nýtt ósamræmi skapaðist vegna nýrra kauphækkana.

Þá ber einnig þess að geta, að bændum er samkv. frv. ætlað að taka á sig lækkun á afurðum þessa árs, sem þeir hafa framleitt með þeim kostnaði, sem verið hefur nú undanfarið, og þá er ekki síður ástæða til þess að benda á, að ekkert liggur fyrir um afstöðu hæstv. fjmrh. til þess að tryggja útflutningsverð landbúnaðarafurða.

Hæstv. fjmrh. segir í grg., að með frv. sé stefnt að því að stöðva verðbólguna, og jafnframt er minnzt á, að með frv. sé leitazt við að stöðva verðbólguna varanlega. Ég efast ekki um, að þessi er ætlunin með frv., en eins og ég hef þegar sýnt fram á, þá er engin trygging fyrir því, að þessum tilgangi frv. verði náð, þótt að lögum yrði. Til þess að þetta væri tryggt með frv., hefðu ákvæði þess orðið að byggjast á samkomulagi um fastan grundvöll í kaupgjaldsmálum eða föstum samtökum um að framfylgja lögunum. En því fer fjarri, að slíkt liggi fyrir nú, eins og ég hef áður vikið að. Og það er alveg víst, að ákvæði þessa frv. mundu koma af stað nýjum átökum í þeim málum, hvernig svo sem þau kynnu að enda. Það er því áreiðanlega ekki of mikið sagt né neinn sleggjudómur, þótt því sé haldið fram, að fullkomlega sé óvíst um það, hver eða hvers eðlis áhrifin á dýrtíðina yrðu af frv. þessu.

Ég mun þá víkja örfáum orðum að síðari kafla frv., sem fjallar um eignaraukaskatt. Þessi eignaraukaskattur er mun lægri en sá, sem hér hafa áður legið fyrir till. um, og fannst þó mörgum sá skattur, sem ráðgert var, að gæfi 15 millj. kr. tekjur, mætti ekki minna gefa. Þessi kafli þarf því endurbóta við. Auk þess vil ég taka greinilega fram, að ég tel óréttmætt að setja löggjöf um eignaraukaskatt, nema jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess, að hreint allsherjareignauppgjör geti farið fram í landinu, en í þessu frv. eru engin ákvæði í þá átt.

Það væri að bæta gráu ofan á svart að leggja á eignaraukaskatt án þess að gera slíkar ráðstafanir samhliða. Það yrði til þess, að þeir einir, sem talið hafa samvizkusamlega fram tekjur sínar og eignir á stríðsárunum, borguðu þann skatt. En það er á almannavitorði, að verulega er ábótavant í þeim efnum. Ber hvort tveggja til, að ekki hafa fengizt samtök um að setja í löggjöf nægilega trygg ákvæði, til þess að öruggu eftirliti yrði við komið, og svo hitt, að upplýsingum hefur verið haldið fyrir skattyfirvöldunum, sem þau eiga rétt á að fá, og það af opinberum stofnunum í landinu. Mætti færa fram dæmi um þetta, ef dregið er í efa.

Þá voru beinlínis gerðar ráðstafanir til þess, að löggjöfin um skattadómara yrði ónýt.

Það mun vera megintilgangur hæstv. ríkisstj. með frv. þessu að draga úr verðbólgunni og stöðva hana við ákveðið mark, en gerir þó ráð fyrir, að ekki verði hjá því komizt að hleypa vísitölunni nokkru lengra en nú er orðið. Það er hin mesta nauðsyn á því, að þessu markmiði geti orðið náð með sem heppilegustu móti. — Ég hef gagnrýnt frv. þetta nú hér við 1. umr., en eigi að síður munu þingmenn Framsfl. að sjálfsögðu greiða frv. atkv. til nefndar og þá í trausti þess, að í þeirri n. fari fram gagnger athugun á viðhorfinu í dýrtíðarmálunum og samstarf verði milli n. og ríkisstj. um að finna heppilegustu leiðina til þess að ná aðaltilgangi frv., þ. e. að stöðva verðbólguna. Sé ekki hægt að tryggja það að fullu, þá heppilegustu leiðina til þess að berjast gegn og draga úr vexti verðbólgunnar, unz jarðvegur verður orðinn fyrir ráðstafanir, sem til frambúðar gætu tryggt samræmi á milli útflutningsverðs og framleiðslukostnaðar í landinu.

Forseti (JörB): Þá er lokið fyrri umferðinni, og hefst nú hin síðari. Þegar talað hefur verið af hálfu ríkisstj., munu fulltrúar flokkanna taka til máls í sömu röð og við fyrri umferð.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Á þessu stigi umr. þykir mér rétt að taka þetta fram:

Eins og þegar hefur verið minnzt á, var það 30. f. m., miðvikudaginn annan en var, að ríkisstj. sendi miðstjórnum allra þingflokkanna frv. það, sem hér liggur fyrir, til athugunar og óskaði svars flokkanna um undirtektir þeirra fyrir 10. þ. m. Á mánudaginn var var frv. útbýtt í þ. og hefur síðan verið almenningi kunnugt. Þar sem stj. varð nú brátt þess áskynja, að flokkarnir mundu ekki, eins og raun hefur á orðið, gefa nein þau svör fyrir 10. þ. m., sem hún mætti við una, þá ákvað stj. að æskja þess, að fram færu útvarpsumr. um málið, svo sem nú hefur orðið.

Í málgögnum flokkanna hafa till. stj. hvergi fengið stuðning, og í sumum þeirra hefur verið lagzt þunglega í gegn þeim. Í þessum umr. hefur það einnig orðið bert, að þær eiga ekki mikils byrs að vænta í heild í þinginu. Enginn þingflokkanna hefur þó borið brigður á það, að þingið geti ekki leitt dýrtíðarmálin hjá sér með aðgerðaleysi. Nýtt verðlagsár fyrir landbúnaðarafurðir hefst 15. þ. m., og vegna þessa var þingið kvatt saman 2. þ. m. og flokkunum sendar till. stj. nokkru fyrr, til þess að þeim gæfist tími til að íhuga ráðstafanir þær, er stj. taldi nauðsynlegar, og þinginu gæfist kostur á að hafa tekið afstöðu til málanna, áður en verðhækkunaraldan skylli yfir. Enn er það ekki vitað, að flokkarnir hafi komizt að niðurstöðu sín á millum um það, hvað gera skal, en eitthvað jákvætt í málinu verður að gera.

Stj. vill minna á það, að þótt þ. geti ekki fellt sig við að veita henni atbeina í viðleitni hennar til að forða því, að verðbólgan vaxi atvinnuvegunum yfir höfuð, þá hefur stj. lýst yfir því, að hún muni þegar víkja fyrir nýrri stj. er hefði yfirlýstan meiri

hl. þings að baki sér. Þennan meiri hl. hefur til þessarar stundar ekki verið hægt að mynda þrátt fyrir endurteknar og enn varandi tilraunir. Nú hefur stj. hins vegar engan veginn skuldbundið sig til þess að víkja eigi, fyrr en meiri hl. þings væri fenginn fyrir annarri stj. Þegar stj. var skipuð, var það yfirlýst markmið hennar að stöðva verðbólguna þá og reyna að vinna bug á henni. Nú horfir málunum þannig, að vegna lagasetningar og margvíslegra umbrota og óreiðu í kaupgjaldsmálum hefst óhjákvæmilega stóraukin verðbólga nú þegar, sem því næst fer ört vaxandi í nánustu framtíð, ef látið er skeika að sköpuðu. Ef viðleitni stj. til þess að hafa hemil á þessu getur ekki fengið stuðning þingsins, þá getur ekki rekið að öðru en því, að hún vill ekki una því ástandi.

Stj. hefur því ákveðið, ef þingið eða meiri hl. þess hefur ekki fyrir 15. þ. m. bent á nýja stj. eða lýst yfir því eða samþ. það að gera þær ráðstafanir í dýrtíðarmálunum, sem núv. stj. telur eftir atvikum, að við megi hlíta, að leggja fyrir forsetann lausnarbeiðni sína, sem væntanlega verður tekin til greina.

Þá kann svo að fara, að einhver öfl innan þingsins, sem ekki hafa notið sín til þessa, leysist úr læðingi og sameinist með nægum styrk til þess að koma því til vegar, að fólkið verði enn um skeið varið fyrir stóráföllum af völdum flóðbylgju verðbólgunnar.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Tími minn er stuttur, en ég skal víkja nokkrum orðum að því, sem hér hefur farið fram.

Talsmaður Sósfl., hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, talaði af miklum fjálgleik um „einingu og samstarf“ og um „samstillingu kraftanna“. Þeim, sem hafa fylgzt með samningsumleitunum flokkanna og þeim þætti, sem Sósfl. hefur átt í þeim samningum, hlýtur að ofbjóða hræsnin, hræsnin hjá þeim mönnum, sem nú kynda undir vinnudeilum, skæruhernaði og úlfúð í þjóðfélaginu. — Hann talaði um allsherjarsamninga. Það væri mjög æskilegt, ef slíkt gæti tekizt á heilbrigðum grundvelli. En margir munu gera ráð fyrir, að þeir samningar takist því aðeins, að flokkur hans ráði öllum skilmálum.

Formælandi Sjálfstfl. hv. þm. A-Húnv., Jón Pálmason, sagði, að frv. væri hnefahögg framan í bændur, vegna þess að það mundi lækka verð á afurðum þeirra. — Ég veit, að þessi hv. þm. hefur ekki sérlega ljósan skilning á vandamálum dýrtíðarinnar, en ég vildi benda honum á, að svo er ekki um bændur landsins yfirleitt. Þeim er víst flestum ljóst, að afkoma þeirra er undir því komin — eins og allra annarra manna í landinu —, að heilbrigt verðlagsástand geti skapazt.

Sami þm., sem talaði fyrir munn flokks síns, þvoði hendur sínar og flokksins af eignaraukaskattinum og fann honum að sjálfsögðu allt til foráttu. Ég vil benda á, að á þingi 1942 gaf flokkur hans út opinbera yfirlýsingu um, að hann væri fylgjandi eignaraukaskattinum. Hv. þm. hefur auðsjáanlega verið búinn að gleyma þessu, og skal honum ekki láð það.

Á því er jafnan hamrað af sumum, að stj. hafi ekki viljað neina samvinnu við þingið. Slíkt eru staðlausir stafir. Það hefur aldrei staðið á stj. að vinna með þinginu í hverju máli, sem horft hefur til heilla. En flokkarnir hafa haft önnur sjónarmið, þeir hafa haft sín flokkssjónarmið, og á því hefur strandað allt samstarf milli flokkanna og stj. Þrátt fyrir fögur orð hafa sumir flokkarnir frá byrjun leitazt við að torvelda allt starf ríkisstj. og verið meir um það hugað að leita að snöggum blettum á aðgerðum stj. en sinna þörfum alþjóðar. — Því hefur verið haldið fram, að ríkisstj. hefði átt að fara samningaleiðina og fá launþega og framleiðendur til þess að hefja einhverjar aðgerðir af frjálsum vilja. Þetta hefur verið reynt. Það var gert skömmu eftir að sex manna n. lauk störfum og ljóst varð, að samkomulag hennar mundi auka dýrtíðina og gera baráttuna að mörgu leyti erfiðari. Síðan var önnur sex manna n. skipuð, en árangur varð enginn. Hún skilaði lélegu nál. Fulltrúar verkamanna neituðu að sýna nokkurt brot af þeim þegnskap og hyggindum, sem verkamennirnir sænsku sýndu í byrjun stríðsins og sýna enn til að forða atvinnulífi lands síns frá hruni.

Það fór svo sem við mátti búast, að allir flokkar þingsins hafa lagzt á móti till. stj. án þess að benda á aðrar leiðir til að leysa vandamálin og halda verðlaginu í skefjum. Enginn þeirra hefur sett fram raunhæfar till. um, hvað gera skuli. Þeir hafa allir valið sér það óglæsilega hlutskipti að þvo hendur sínar frammi fyrir alþjóð, afsala sér allri ábyrgð og sýna algera uppgjöf í málinu. Þingflokkunum er þetta sjálfum ljóst. Hverjum þm. er þetta ljóst. Öllum landslýð er þetta ljóst. En þrátt fyrir það standa flokkarnir hver um sig aðgerðalausir og tvístíga af ótta við það, að hagsmunir þeirra muni bíða tjón við það, sem þeir þyrftu að taka á sig til að bjarga hagsmunum þjóðarinnar. Á þeim áttavita, sem farið er eftir, eru aðallega tvær áttir, og þær heita: þingsæti og kjósendafylgi.

Einhverjir munu nú e. t. v. standa upp og svara því til, að þingflokkarnir séu spegilmynd af þjóðinni og þess vegna í samræmi við hennar vilja, kjörnir með frjálsum kosningum. Ef til vill er þetta svo. En mundi þá kjósandi í þessu landi mega spyrja: Er það samkv. vilja þjóðarinnar, að löggjafarsamkunda hennar leggur árar í bát eins og sigraðir menn, þegar afkomu landsmanna er ógnað af óstöðvandi dýrtíð og verðbólgu? Er það samkv. ósk þjóðarinnar, að flokkarnir láti stjórnast af hagsmunastreitu, sem allt samstarf strandar á og stofnað getur sjálfstjórn landsmanna í hættu þrátt fyrir nýfengið fullveldi?

Það hlýtur mörgum að verða torskilið í bæjum og byggðum landsins, að 52 af úrvalsmönnum þjóðarinnar, sem hún hefur af frjálsum vilja og í fullu trausti kosið til að stjórna málum sínum, skuli taka svo fáránlega afstöðu til eins mesta máls líðandi stundar að rífa niður þær till., sem fram eru

græddi á einu einasta ári 18—20 millj. kr. á þessum flutningum. Er ekki of mikið sagt, að tæplega hafi nokkur tíðindi vakið meiri furðu og gremju en þessi. Á sama tíma, sem hafður er heill her starfsmanna til þess að líta eftir verðlagi og smásöluálagningu í landinu og menn eltir með málshöfðun út af smáskekkjum, leyfist einu hlutafélagi að taka 18—20 millj. í hreinan gróða af flutningum þessara sömu vara til landsins og það á sama tíma, sem ríkisstj. ver um það bil 12 millj. kr. á ári til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Gróði félagsins mun vera álíka fjárhæð og andvirði allrar mjólkur og mjólkurvara, sem seldar hafa verið á mjólkurverðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar allt síðastliðið ár. — Ekkert hefur heyrzt frá hæstv. fjmrh. um þetta mál, hvorki fyrr né síðar, svo að mér sé kunnugt, og ekki er á það minnzt í sambandi við dýrtíðarfrv., sem hér liggur fyrir. Væri næsta fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðh., hvað hann hyggst að aðhafast í þessu máli.

Ástandið í atvinnumálunum er vægast sagt óglæsilegt, en raunar ekki öðruvísi en fyrirsjáanlegt var, fyrst verðbólgunni var sleppt lausri. Verðlagsvísitalan er nú 266 stig eða um 6 stigum lægri en hún var, þegar núv. ríkisstj. tók við störfum, og mun þó þurfa um 12 millj. kr. framlög úr ríkissjóði árlega til þess að halda henni í skefjum, þótt engar nýjar hækkanir kæmu til. En hér við bætast svo hækkanir á landbúnaðarvörum samkv. útreikningi hagstofunnar. Er því von á aukningu verðbólgunnar, ef ekkert verður að gert.

Jafnframt er svo komið, að við munum naumast geta framleitt nokkra vöru í landinu, sem samkeppnisfær sé á erlendum markaði. Stríðsverð það, sem nú er á fiski, hrekkur ekki lengra en svo, að meginþorri fiskimanna, sem vinna upp á hlut, mun hafa mun lægri tekjur en þeir, sem vinna í landi algenga vinnu, og fullyrða má, að aflabrögð smábátaflotans þurfa að vera með afbrigðum góð, ef reksturinn á að færa þær tekjur, sem svara til tekna annarra landsmanna.

Stórfé er varið úr ríkissjóði til þess að hindra, að kaupgjaldið og innanlandsverðlagið falli með fullum þunga á útflutningsframleiðsluna, fyrst og fremst sjávarútveginn. Þessi niðurborgun er því skýlaus viðurkenning á því, að útflutningsverðið sé ekki einu sinni nú nógu hátt til þess að standast kaupgjald og verðlag, ef það fengi að koma í ljós að fullu. Þó er það fiskverð, sem við búum við nú, stríðsverð, sem byggist á skorti á þessum vörum á markaðinum, sem enn er ríkjandi í markaðslöndum okkar, en ekki eru horfur á, að svo muni standa til lengdar. Hvað halda menn, að þetta geti staðið lengi?

Þá er það öllum kunnugt, að veruleg framlög eru greidd úr ríkissjóði til uppbótar á landbúnaðarvörur, og er það sú fjárhæð, sem á skortir, til þess að verð þessara vara á erlendum markaði svari til framleiðslukostnaðarins hér. Um iðnaðinn í landinu þarf ekki að tala langt mál í þessu sambandi. Mest af honum er með engu móti samkeppnisfært.

Nú skyldu menn halda, að sú skoðun væri útbreidd orðin í landinu, að þeir, sem laun taka og endurgjald fyrir þjónustur, hefðu nú náð svo langt, að fullkomlega væri sambærilegt við þá, sem stunda þær atvinnugreinar, er allt þjóðfélagið hlýtur að byggja á, og gætu nú unnað sér hvíldar um skeið, nema þar, sem bæta þyrfti úr áberandi misrétti, — ekki sízt þegar þess er gætt, að skammt virðist nú til stríðsloka.

Auðvitað er þessi skoðun útbreidd, einnig meðal þeirra, sem taka laun. Íslendingar væru skyni skroppnari en af er látið, ef svo væri ekki. En það undarlega skeður, að þrátt fyrir það er nú enn í undirbúningi ný kauphækkunaralda og þá um leið verðhækkunaralda. Mörg félög hafa sagt upp samningum nú þegar og farið fram á meiri eða minni grunnlaunahækkanir. Meðal þeirra, sem sagt hafa upp samningum, eru margir, sem sannast að segja ættu ekki að þurfa að hafa neinar áhyggjur af því, að þeir fái ekki sinn hlut að fullu frá borði, miðað við það, sem þjóðartekjurnar og framleiðslan leyfa á næstunni.

Með hverjum deginum, sem líður, verður einnig ljósara, að því fer víðs fjarri, að allt sé með felldu um þessi mál. Kommúnistar hafa víða forystuna í verkalýðsfélögunum, og munu fámennir hópar þeirra nú standa fyrir því að koma af stað þessari nýju skriðu og áreiðanlega ekki til þess að fullnægja réttlæti eða koma á samræmi, og rökstyð ég það hér á eftir nokkuð. Hitt mun sönnu nær, að þessi verkföll, sem nú eru háð og undirbúin, séu flest í raun og veru pólitísk verkföll, sem stofnað er til af fámennum hópum til þess að auka sem mest glundroðann og ósamræmið og keyra atvinnuvegi landsmanna og fjárhagsmál í sjálfheldu, — allt í því skyni að benda síðan á, hversu gallað þjóðskipulagið sé og óbærilegt, skapa þannig jarðveg fyrir gerbreytingu, sem þeir treysta sér ekki til þess að koma á eftir venjulegum leiðum þingræðis og lýðræðis.

Öll stjórn kommúnista á þeim verkalýðsfélögum, sem þeir hafa ráð á, bendir alveg ótvírætt í þessa átt, og þá ekki sízt, þegar þess er gætt, að jafnframt því sem þeir reka áfram verkföllin, þá forðast þeir sem heitan eld að eiga nokkurn þátt í því á Alþ., að bót sé ráðin á augljósum misfellum í löggjöf og framkvæmdum varðandi meðferð stríðsgróðans og önnur hliðstæð verkefni. Það er einn þátturinn í áætlun þeirra, að á þessu megi ekki ráða bót, það þurfi að hafa ólesturinn til þess að benda á hann sem grundvöll að ábyrgðarlausri framkomu.

Af þessum ástæðum hindruðu kommúnistar myndun ríkisstj. veturinn 1942—43, þótt þeir hefðu hátíðlega lofað stjórnarþátttöku fyrir kosningarnar. Af þessum ástæðum hafa þeir hindrað stjórnarmyndanir og samtök um framfarastefnu síðan og bera höfuðábyrgð á því, að öllum tækifærum til þess að búa í haginn fyrir framtíðina síðastliðin tvö ár hefur verið sleppt. Af þessum ástæðum munu þeir enn koma í veg fyrir samtök um framfarastefnu, nema þeim verði næstu daga þrýst til hins gagnstæða af almenningsálitinu. En það mætti telja

til kraftaverka, ef svo yrði! Þetta er aðvörun til þeirra, sem ljá eyru því, sem Einar Olgeirsson heldur fram um samstarfsvilja kommúnista. En þótt digurt sé talað, eru kommúnistar nú smeykir, og nú halda þeir, að til kosninga dragi, og er komið í þá kosningahljóðið. Nú er á nýjan leik farið að tala hátíðlega um vilja þeirra til samstarfs og stjórnarmyndunar. Við sjáum, hvað gerist, og bíðum þess, að kommúnistar hefji friðarstarfið.

Kommúnistar vilja ekki taka þátt í umbótum. Fram undan á dýrðarríkið að blasa við, og er auðvitað hverjum, sem vill, frjálst að trúa á það, enda trúfrelsi í landinu, en þess verður að krefjast, að það verði stofnað, ef svo á að fara, eftir löglegum leiðum, en ekki með skemmdarstarfi fyrst og síðan ofbeldi.

Hitt er svo annað mál, en þessu skylt, að upplýst er, að í því landi, sem fyrirmynd á að vera að dýrðarríkinu, er launamismunur a. m. k. tvítugfaldur og verkföll bönnuð. Get ég ekki stillt mig um að minna á þetta hér, enda þótt það verði ekki nú rætt til hlítar.

Ekki dettur mér í hug að halda því fram, að allir þeir, sem gera kröfu til launahækkana nú, geri það í pólitískum tilgangi eða með þessa áætlun í huga, sem ég hef á minnzt. Því fer fjarri. Kommúnistar hafa haft sérstaka aðferð til þess að reyna að leyna tilgangi sínum. Aðferðin er sem sé sú að skapa og viðhalda stöðugt áberandi ósamræmi í kaupgjaldsmálum til þess að benda á hverju sinni. Hér skulu nefnd dæmi, sem sýna nokkuð, hvernig starfað er.

Fyrir nokkru sömdu verkamenn í Hafnarfirði um hærra kaup en verkamenn í Reykjavík. Snemma á þessu ári var háð snörp deila í Reykjavík til þess að samræma kaupið hér Hafnarfjarðarkaupinu. Nú hefur Hlíf í Hafnarfirði hafið deilu til þess að komast fram úr verkamönnum í Reykjavík, og nú er hafnað í Hlíf tilboði atvinnurekenda um sömu kjör í Hafnarfirði og í Reykjavík. Að vísu af fámennum hóp úr félaginu, sjálfsagt aðallega skylduliði kommúnista. M. ö. o., það verður að heyja deiluna áfram til þess að skapa nýtt ósamræmi.

Hvernig lízt verkamönnum á þessa forystu og meðferð á málum þeirra? Hvar halda menn, að svona vinnubrögð endi?

Annað dæmi: Dagsbrún hefur deilu til kauphækkunar snemma á þessu ári. Þá er ekki hreyft við kaupi eða kjörum mánaðarkaupsmanna hjá olíufélögunum. Vegna hvers ekki? Var það vegna þess, að þess þótti ekki þörf, eða var það til þess að geta komið af stað annarri deilu síðar á árinu? Ein deila á ári væri ekki nóg. Síðan er ákveðið af örfáum mönnum í félaginu að krefjast kjarabóta fyrir þessa menn og vinnustöðvun ákveðin til þess að framfylgja kröfunni hjá þremur olíufélögum, en eitt gekk að kröfunum. Sáttasemjari gerir miðlunartill. um kjör þessum mönnum til handa, sem eftir því, er mér hefur verið sagt, jafnast á við kjör þeirra mánaðarkaupsmanna í Dagsbrún, sem ekki hefur verið sagt upp samningum fyrir, heldur þvert á móti framlengdir samningar fyrir alveg nýlega. Þeirri till. er hafnað af Dagsbrún. Í stað þess að samþ. samræmingu hefur verið lýst yfir af stjórn Dagsbrúnar, að sett verði verkfall á hjá olíufélaginu, sem hefur samþ. kröfur Dagsbrúnar, og það er gert í því skyni að stöðva alla vöruflutninga í landinu. Þá er einnig farið fram á, að stöðvaður verði út af þessu allur fiskifloti landsmanna og öll fyrirtæki, sem nota benzín og olíu, og allir flutningar bæði á sjó og landi. Af þessu mundi ekki aðeins leiða stöðvun framleiðslunnar, heldur eyðileggingu milljónaverðmæta. Það er farið fram á, að verkamenn um allt land undirstriki með þessu svo kröftuglega sem verða má, að þarna sé á málum haldið að þeirra skapi og eins og vera eigi. Það er stefnt markvisst að því að misnota samtök verkamanna í pólitísku skyni og á þann hátt, sem meginþorri verkamanna í landinu er mótfallinn. Á því leikur enginn vafi.

Það er ekki nema ein leið út úr þessu öngþveiti. Hún er sú, að verkamenn taki málin í sínar eigin hendur, vinni að því af alvöru og festu að tryggja sér réttlátt endurgjald fyrir störf sín á hverjum tíma, miðað við afkomumöguleika þjóðarinnar í heild, en taki jafnframt fullan þátt í því að skipa málum þjóðarinnar á sem réttlátastan hátt í samvinnu við umbótamenn úr öðrum stéttum þjóðfélagsins. Á þessum grundvelli verður að starfa hér á næstunni, ef lýðræðið í landinu á að haldast og komast á hjá þeim öfgum í landsmálum, sem meginþorri þjóðarinnar, bæði í verkmannastétt og annars staðar, vilja í raun réttri ekki líta við, en kommúnistar hljóta að framkalla, fái þeir að móta vinnubrögðin.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ekki ráð fyrir því, að kaupgjald verði bundið með l. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir hlutfallslegri lækkun kaupgjalds og afurðaverðs fyrst í stað. Ég byggi hér á því, að ætlunin sé jöfn hlutfallsleg lækkun þrátt fyrir ákvæði 4. gr. frv., og byggi það á upplýsingum frá ráðh. Mér skilst, að orðalag 4. gr. stafi því af einhverjum mistökum við meðferð málsins. Mun það vera ætlun hæstv. fjmrh. að hætta að verja fé úr ríkissjóði til þess að borga niður dýrtíðina og láta þessa niðurfærslu koma í hennar stað. Mun hann gera sér vonir um, að dýrtíðarvísitalan verði þá tæp 280 stig um næstu áramót, en þá yrði kaupgjald og afurðaverð miðað við vísitölu 243 eða þar í kring.

Í frv. er grunnkaupið látið laust, og ekki hvílir frv. þetta á neinu samkomulagi við atvinnurekendur og verkamenn, sem þó hefði þurft að vera, eins og það er uppbyggt.

Ég sé því ekki betur en svo geti farið, að frv., þótt að lögum yrði, hefði lítil áhrif á dýrtíðina nema stuttan tíma, vegna þess að hækkunum á grunnkaupi gæti orðið komið í framkvæmd til þess að mæta lækkun verðlagsuppbótarinnar samkv. frv.

Þá sýnist mér, að þessi ákvæði gætu orðið til þess að skapa ósamræmi milli verkamanna og bænda á nýjan leik, því að bændur gætu ekki hækkað sínar afurðir, þegar hér væri komið, þótt kaupið

eða dýrtíðar, sem skapazt hefur í landinu á undanförnum stríðsárum. Ekki aðeins hefur hæstv. núv. ríkisstj. sjálf borið fram till. á Alþ. áður, sem mjög hafa farið í sömu átt og þetta frv., heldur hefur stj. og þ. fyrir tíð núv. stj. reynt þá leið, er vísað er á í frv., þ. e. lögbindingu kaupgjalds og verðlags. En ég held, að sú tilraun hafi leitt í ljós alveg ótvírætt, að sú leið sé lítt fær nema með samkomulagi við þá aðila, sem þeirri löggjöf eiga að hlíta.

Það hefur að sjálfsögðu alltaf verið til meiri hluti í þinginu, sem hefur viljað stemma stigu við vexti dýrtíðarinnar og verið reiðubúinn til þess að fylgja fram hverjum þeim ráðstöfunum, sem ætla mætti, að því orkuðu. Til þess þurfti verðlagsvísitalan ekki að komast upp í kringum 270 stig, eins og hún var skráð í des. 1942, áður en farið var að borga með henni úr ríkissjóði, og eins og hún hefur verið skráð síðustu mánuðina með milljónameðgjöf, hvað þá upp í 300 stig eða þar yfir, eins og hún fyrirsjáanlega hlýtur að fara á næstunni, ef meðgjöfin verður felld niður og þegar verðhækkun sú á innlendu afurðunum, sem ráðgerð er, kemur til framkvæmda. Og ef það þyrfti ekki annað en einhvern lagastaf um bann gegn hækkun kaupgjalds og verðlags til þess að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar, þá væri hér ekkert vandamál við að fást, af því að þá hefði dýrtíðin verið stöðvuð fyrir löngu. En það þarf meira til þess en lagastafinn einan, það þarf skilning almennings á því, að stefnt sé út á ófæru með því að gefa dýrtíðinni lausan tauminn, og umfram allt þarf fórnfúsan vilja til þess að hlíta þeim ráðstöfunum, sem gerðar kynnu að verða til þess að hafa hemil á dýrtíðinni og stöðva kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags. En sjást þess þá nokkur merki, að slíkur skilningur eða slíkur vilji sé fyrir hendi nú? — Ég held, hvað sem nú skilningnum líður, að fórnfýsin sé mest fyrir annarra hönd.

Það vantar að vísu ekki, að háværar raddir heyrist um það, að dýrtíðina verði að stöðva, hvað sem það kosti. En margir eiga þó einkum við það, sem það mundi kosta aðra en þá sjálfa. Enn síður vantar þó hitt, að Alþ. sé úthúðað fyrir aðgerðaleysi í þessu efni og fyrir það, að það geti ekki komið sér saman um neitt. Og fannst mér hæstv. ráðh. að óþörfu og órökstutt taka undir þann són. Sannleikurinn er hins vegar sá, að Alþ. hefur gert allt, sem í þess valdi hefur staðið, til þess að halda dýrtíðinni í skefjum án þess að bera fyrir borð hag einnar stéttar frekar en annarrar. Og m. a. hefur, eins og ég drap á, verið reynd sú leið, sem hæstv. stj. vill nú láta leggja út á á ný, þ. e. lögbinding kaupgjalds og verðlags, og skal ég nú rifja upp sögu þeirrar tilraunar, því að það er nauðsynlegt til þess að geta gert sér grein fyrir því, hvers árangurs mundi að vænta af nýrri tilraun í þá átt, auk þess sem hv. þm. S.-M. sagði þá sögu ekki alls kostar rétta áðan.

Það var, eins og kunnugt er, einkum Framsfl., sem beitti sér fyrir því, að l. yrðu sett um bann við hækkun kaupgjalds og verðlags, og á haustþinginu 1941 var af hans hálfu borið fram lagafrv. þess efnis. Þegar í stað var hafinn ákafur andróður gegn þeirri lagasetningu, bæði utan þings og innan. Var það Alþfl., sem forystuna hafði um þann andróður. Sjálfstfl. tók þá þann kostinn að reyna að koma á sáttum og vildi a. m. k. láta reyna samkomulagsleiðina, áður en í odda yrði látið skerast. Tekizt hafði, áður en til þingsins kasta kom, að koma í veg fyrir uppsögn kaupsamninga af hálfu verkamannafélagsins Dagsbrúnar, og yfirleitt var því líklega tekið af andstæðingum lögbindingarinnar, að með frjálsum samtökum mundi geta tekizt að koma í veg fyrir verulegar kauphækkanir.

En það fór á allt annan veg. Samkomulagsleiðin fór alveg út um þúfur. Hvert félagið á fætur öðru sagði upp kjarasamningum, og krafizt var verulegra kauphækkana, og engar miðlunartilraunir báru árangur. Og sannleikurinn er sá, að í rauninni má segja, að þar hafi ekki aðeins verið um að kenna andstöðu verkamanna eða verkalýðssamtakanna. Það var þá lítill eða enginn áhugi á því meðal atvinnurekendanna, að kaupgjaldinu væri haldið niðri. Það var því auðsætt, að stórfelld kauphækkun og þar af leiðandi stórfelld hækkun verðlagsins í landinu var yfirvofandi, ef ekkert yrði að gert.

Þegar samkomulagsleiðin var þannig úr sögunni, áttu ríkisstj. og Alþ. ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að leggja árar í bát og láta skeika að sköpuðu um vöxt dýrtíðarinnar eða þá að reyna að lögbinda kaupgjald og verðlag. Og þá varð það að ráði að grípa til þess úrræðis, sem hæstv. ríkisstj. er nú að benda þinginu á, að lögbinda kaupgjald og verðlag. — Meiri hl. þáv. ríkisstj., með Framsfl. og yfirgnæfandi meiri hl. Sjálfstfl. á Alþ. á bak við sig, taldi það með öllu óverjandi að láta nokkurs ófreistað til þess að hamla á móti dýrtíðarflóðinu. Og þess vegna voru sett brbl. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum og þau síðan staðfest af Alþ. með yfirgnæfandi meiri hl. atkvæða. Og síðan tók gerðardómurinn til starfa. Fyrsta kaupgjaldsmálið, sem kom til hans kasta að fjalla um, mun hafa verið kaupgjald járnsmiða. Og um það fjallaði hann raunar miklu fremur sem sáttanefnd í vinnudeilum en sem gerðardómur. Ég ætla, að segja megi, að járnsmiðirnir hafi fengið kröfum sínum fullnægt svona nokkurn veginn, eins og engin gerðardómsl. hefðu verið til. Hins vegar er það rétt, að prentarar fengu sínum kröfum ekki fullnægt og tóku aftur upp vinnu við svo búið. En það var ekki einvörðungu gerðardómsl. að þakka eða kenna. Kaupgjald almennra verkamanna kom ekkert til kasta gerðardómsins að sinni. Hins vegar var það opinbert leyndarmál, að kaupgjald í verkamannavinnu hækkaði óðum bak við tjöldin þrátt fyrir gildandi kjarasamninga og gerðardómsl., með þeim hætti, að atvinnurekendur og verkamenn komu sér saman um hærra kaupgjald en greiða bar samkv. kjarasamningum Dagsbrúnar og án þess að bera það undir gerðardóminn. En væru einhverjir atvinnurekendur, sem ekki vildu sæta því, þá var bara gengið þegjandi úr vinnu hjá þeim, eins og að lokum varð úr í hafnarvinnunni, þegar hún stöðvaðist algerlega og við borð lá, að siglingar stöðvuðust af þeim sökum, af því að verkamenn voru ófáanlegir til að vinna að skipaafgreiðslu fyrir það kaup,

sem heimilt var að borga. Þá varð ekki hjá því komizt að úrskurða hafnarverkamönnunum opinberlega kauphækkun til samræmis við tekjur annarra verkamanna, sem fengu ólöglega greitt hærra kaup en samningar ákváðu og samþykki gerðardómsins var áskilið til, að mætti hækka.

Og nú rek ég ekki þessa sögu lengra, þó að fleiri dæmi og jafnvel átakanlegri mætti telja fram um það, í hvert ófremdarhorf í þessum málum var komið, þegar gerðardómsl. að lokum voru afnumin. En það er með öllu tilhæfulaust, sem hv. þm. S-M. hélt fram í ræðu sinni, að gerðardómsl. hefðu verið numin úr gildi og allar dýrtíðarráðstafanir felldar niður eftir kröfu kommúnista og í sambandi við stjórnarmyndun sjálfstæðismanna vorið 1942.

Að sjálfsögðu má nú varpa því fram, að saga gerðardómsl. hefði getað orðið á allt annan veg, ef betur hefði verið á haldið og l. verið framfylgt með óbifanlegri festu. Og það skal þá líka fúslega játað, að sú saga hefði getað orðið nokkuð á annan veg. Það hefði verið hægt að stöðva vinnuna í smiðjunum um ófyrirsjáanlegan tíma og um leið fiskveiðar og siglingar á skipunum, er viðgerðar þurftu með. Og svo mátti náttúrlega láta alla hafnarvinnu liggja niðri og stöðva þannig einnig siglingar á þeim skipum, sem vinnustöðvunin í smiðjunum náði ekki til. En er það ekki einmitt *þetta, stöðvun atvinnurekstrarins í landinu, sem* við viljum koma í veg fyrir? Erum við ekki einmitt að reyna að finna einhver ráð til þess að vinna bug á dýrtíðinni, af því að við þykjumst sjá það fyrir, að þegar verðlag lækki í viðskiptalöndum okkar, þá muni atvinnurekstur okkar ekki geta risið undir tilkostnaðinum með óbreyttu eða hækkandi kaupgjaldi og verðlagi innanlands og hann hljóti þá af þeim sökum að stöðvast? Það er sú stöðvun, sem við óttumst, og það er hrunið, sem af slíkri stöðvun mundi leiða, sem við viljum afstýra.

Það hefði náttúrlega ekkert vit verið í því að framkalla stöðvun atvinnurekstrarins í landinu á árinu 1942 með einstrengingslegri framkvæmd gerðardómsl. Gerðardómsl. höfðu þann tilgang að reyna að stöðva dýrtíðina, en ekki atvinnureksturinn. En til þess að sú tilraun gæti tekizt, þurfti þess með, að þeir, sem l. áttu að hlíta, létu sér skiljast það, að þeim væri það sjálfum fyrir beztu, að hemill yrði hafður á dýrtíðinni. Og við, sem að setningu þeirra l. stóðum í ríkisstj. og á Alþ., höfðum trú á því, að takast mætti að koma mönnum í skilning um það, að þeir væru litlu betur á vegi staddir, þó að þeir tvöfölduðu kaup sitt, ef af því leiddi, að nauðsynjar þeirra tvöfölduðust í verði. En sú trú okkar hefur látið sér til skammar verða. Við biðum ósigur og tókum afleiðingunum af því. En af því leiðir líka óhjákvæmilega, að við erum ragir við að endurtaka tilraunina.

Ég skal þó taka það fram, að ég er jafnsannfærður um það nú og ég var, þegar gerðardómsl. voru sett, að ríkisstj. og Alþ. hafi borið skylda til þess að gera þá tilraun, eins og þá stóð á. Og ef það er trú núv. hæstv. ríkisstj., að skilningur manna á nauðsyn og réttmæti slíkra ráðstafana hafi aukizt að verulegum mun síðan, þá get ég líka látið mér skiljast það, að hún hafi ekki þótzt geta komizt hjá því að feta nú í fótspor okkar, sem að gerðardómsl. stóðum, og að endurtaka tilraunina og ganga þó feti lengra með því að beita sér fyrir verulegri lækkun kaupgjalds og verðlags, sem vissulega má gera ráð fyrir, að þörf verði á, áður en lýkur.

En ég spurði um það áðan, hvort menn þættust sjá þess nokkur merki, að sá skilningur á nauðsyn slíkra ráðstafana, er var ekki fyrir hendi, þegar gerðardómsl. voru sett, mundi vera fyrir hendi nú, — eða sá fórnfúsi vilji, sem vissulega er ekki síður þörf á nú, ef til beinnar lækkunar á að koma á kaupgjaldi og verðlagi. Náttúrlega benda verkföllin, sem þegar hefur verið stofnað til og fram undan virðast vera, í allt aðra átt. En ef svo er, að skilningurinn og fórnarviljinn hafi vaxið til muna frá því, sem áður var, er þá ekki enn álitamál, hvort ekki væri eins mikils eða meiri árangurs að vænta af samkomulagsumleitunum eins og af lagaboðum?

Það hefur verið talið, að til þess að koma í veg fyrir algert öngþveiti í kaupgjalds- og verðlagsmálum gæti verið um tvær leiðir að velja: samkomulagsleiðina og löggjafarleiðina. En ég hygg, þegar betur er að gáð, að leiðin sé aðeins ein: *samkomulagsleiðin og engin önnur.* Mér virðist, að reynsla sé fengin fyrir því, að löggjafarleiðin hljóti að mistakast og leiða einmitt til þess öngþveitis, sem henni er ætlað að bægja frá, nema hún byggist á samkomulagi, og virðist þá alveg einsætt að reyna a. m. k. samkomulagsleiðina til þrautar, áður en gripið er til hinnar. En ef samkomulag næst ekki, þá er það af því, að almenningur í landinu hefur ekki enn öðlazt réttan skilning á því, hvernig hag hans verði bezt borgið. En slíkan skilning, held ég ekki, að menn geti öðlazt með neinum atbeina löggjafarinnar. Menn öðlast hann aðeins með því að horfast í augu við veruleikann.

Emil Jónsson: Þessar umr. hér í kvöld hafa verið með nokkuð öðrum blæ en oft áður á Alþ. Það hefur ekki gætt eins mikið og áður átaka milli flokkanna, og get ég ímyndað mér, að það spái einhverju góðu um árangur af því samstarfi, sem talað hefur verið um, að verið hafi milli flokkanna. — Ég skal aðeins með örfáum orðum minna á nokkur atriði þó, sem komið hafa fram í umr. og mér finnst ástæða til að fara nokkrum orðum um.

Hæstv. fjmrh. sagði í fyrstu ræðu sinni, að svo væri nú komið verðlagi á innlendum iðnaðarvörum, að þær væru hvergi nærri samkeppnisfærar við þær erlendu, og undir það tók hv. 2. þm. S-M. Ráðh. sagði, að verðlag á fiskibátum væri 10—11 þús. kr. á smálest, og væri það heldur hærra en hæst þekktist annars staðar. Þessa tölu hæstv. ráðh. tel ég vægast sagt mjög vafasama. Ég þekki dæmi um það og alveg nýtt, frá því nú fyrir nokkrum mánuðum, þar sem íslenzkur fiskibátur hefur verið smíðaður fyrir mjög miklu lægra verð en 10—11

þús. kr. á smálest. Ég veit ekki nákvæmlega, hvað mikið, en áreiðanlega lægra en þetta og miklu lægra. — Skipasmiðir, sem voru hér samankomnir á fundi ekki alls fyrir löngu, töldu, að verðlag á íslenzkum fiskibátum lægi í kr. 9—10 þús. smálestin, en þó var reiknað með farmgjöldum á efnið í skipin, sem voru talsvert hærri en nú gerist, svo að frá því verði, sem þá var reiknað, mun hægt að draga eitt þúsund krónur á smálest, og verður smálestin þá 8—9 þús. kr.

Mér skilst á því tilboði, sem hæstv. ríkisstj. útvegaði í fiskibáta frá Svíþjóð, að þá sé verðlag hátt á 8. þús. kr. smálestin, ef allt er reiknað, svo að ekki mun mismunurinn á innlendu og erlendu verði vera eins mikill og hæstv. ráðh. vill vera láta. Nefndi hæstv. ráðh. ýmis dæmi þessu til sönnunar, svo sem húsgögn o. fl. Það er rétt, að sumt af þessu er dýrara hér en vörur, sem keyptar eru erlendis undir sama nafni, en það kemur margt til greina, áður en samanburð er hægt að gera, t. d. hvort það eru sams konar vörur og vinna erlendis og hér og ýmsir erfiðleikar, sem þessi starfsgrein á við að búa hér á landi. En þrátt fyrir það er mismunurinn á erlendum og innlendum vörum, hvað skipasmíði snertir, ekki meiri.

Hvað mætti þá, vildi ég spyrja, hv. 2. þm. S-M. segja um smjörið, um kartöflurnar og landbúnaðarvörur yfirleitt? Það er verið að framleiða þær á þessu landi fyrir tvöfalt, þrefalt og margfalt hærra verð en maður fær þær erlendis frá. Það er erfitt að geta ekki fengið smjörkílóið fyrir minna en kr. 21.50, þegar maður veit, að það kostar ekki meira en 7 kr. frá útlöndum og hve áríðandi það er fyrir allan almenning að þurfa að fá betri vöru en smjörlíkið, sem boðið er upp á, — og ekki miðar þetta verðlag að því að halda dýrtíðinni niðri.

Hæstv. fjmrh. sagði, að samningsumleitanir væru tiltölulega þýðingarlitlar; þær hefðu verið reyndar milli verkamanna og bænda, en mistekizt, — verkamenn vildu ekki offra broti af því, sem félagar þeirra í Svíþjóð offruðu. — Þessar samningsumleitanir miðuðu að niðurfærslu á hvoru tveggja, kaupgjaldi og vörum, sem ég efast um, að þeir hafi talið æskilega og eðlilega, eins og sakir stóðu þá. Og þó að ekki hafi náðst samkomulag, þegar þetta var reynt, þá er ekki sannað, að það næðist ekki nú, því að það eru aðrir möguleikar og meiri að ná samkomulagi nú en var aðeins fyrir stuttum tíma.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væru aðeins tvær áttir á áttavita þm. Önnur, sem hann tilnefndi, var átt kjósendanna og hin átt þingsætanna. Ég held, að þetta sé og eigi að vera sama áttin, eða svo bezt geta þm. gengið að starfi sínu eins og vera ber, að þeir vinni eins og kjósendurnir hafa falið þeim, og flestir þm. vilja áreiðanlega fara í sem flestu eftir vilja kjósenda sinna.

Hæstv. forsrh. (Bþ) gaf hér áðan stórpólitíska yfirlýsingu, þar sem hann lýsti yfir, að ríkisstj. mundi sækja um lausn, ef ekki yrði ráðið fram úr þessu dýrtíðarmáli fyrir 15. þ. m. á þann hátt, sem ríkisstj. gæti fallizt á. Ég sé ekki, að þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. hafi mikla þýðingu út af fyrir sig nema það, að hún getur sparað hv. 2. þm. Reykv. það ómak, sem hann sagðist ætla að taka á sig, að bera fram vantraust á ríkisstj. Hann sagði nefnilega, að sá möguleiki væri ekki til að láta ríkisstj. sitja lengur. Mér þótti þetta koma úr undarlegustu átt, því að raunverulega er hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, nokkurs konar faðir þessarar hæstv. ríkisstj., sem nú situr að völdum, svo að mér þykir það koma úr hörðustu átt, að boðun vantrauststill. skyldi einmitt koma frá honum. Hann sagði á fundi, sem ég var staddur á og haldinn var 3. des. 1942 í átta manna n. svokölluðu til að ræða möguleika til stjórnarmyndunar, að hann legði til, að ríkisstjóra yrði skýrt frá því, að flokkarnir hefðu ekki í bili komið sér saman um málefnagrundvöll til stjórnarmyndunar, og þess vegna legði hann til, að bráðabirgðaskipan yrði höfð á þessum málum, þannig að ríkisstjóri skipaði ópólitíska stjórn og flokkarnir reyndu síðan að koma sameiningu á. Hann taldi sig jafnfúsan þá að styðja þessa stj. og nú að bera fram vantraust á hana. Ég hafði aldrei fyrr heyrt getið um þennan möguleika, ekki fyrr en þessi hv. 2. þm. Reykv., sem nú boðar vantraust, bar það fram, og má því með sanni segja, að hugmyndin um hæstv. ríkisstj., sem nú situr, sé frá honum.

Alþfl. lýsti sig strax andvígan þessari till., taldi það ekki þingræðislega að farið. Það væri æskilegt og nauðsynlegt, ef þingræðislegt starf skyldi fást, að ríkisstj. hefði nauðsynlegan meiri hl. á Alþingi. Alþfl. neitaði að leggja inn á þessa braut, fyrr en fyrst væri reynt og sýnt, að annað gæti ekki tekizt. Ég held, að Sjálfstfl. hafi haft svipaða aðstöðu. Sósfl. vildi fá þessa stj., og Framsfl. var veikur fyrir þessum möguleika.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að Alþfl. hefði reynt að hafa áhrif á atkvgr. um verkfall verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði. Þessu vil ég algerlega mótmæla og fullyrði, að engin áhrif var reynt að hafa á verkamennina þar. Þeir greiddu atkv. af eigin hvötum og án nokkurrar íhlutunar annarra. Fulltrúi Alþfl. í samningan. beitti sér fyrir því, að kaupgjald það, sem atvinnurekendum var boðið að greiða, yrði sama og Dagsbrúnartaxti. Ég álít ekki heppilegt að fara út í deilur, eins og þar er gert, til þess að fá kaup hækkað upp fyrir Reykjavíkurtaxta í Dagsbrún, þó að það stemmi ekki vel við þann kjósendaáttavita, sem hæstv. ráðh. talaði um áðan og við á í mörgum tilfellum að fara eftir. Ég býst við, þegar verkamenn í Reykjavík og Hafnarfirði hafa athugað kostinn við það að geta haft fast og öruggt starf í eitt til tvö ár, að þá hafi mörgum getað snúizt hugur um afstöðu í þessu máli. Það er allt annað að eiga fyrir sér fasta og trygga atvinnu en óvissan, sem ríkt hefur í þessum málum, og það er verkamönnunum efst í huga, þegar þeir greiða atkv. Ég get búizt við við nánari athugun, að af þessum ástæðum hafi kannske ekki verið hleypt í atkvgr. því kappi, sem annars mundi hafa verið réttlætanlegt.

Ég skal ekki fara langt út í fleiri atriði, það er

ekki tími til þess. En mig langar að minnast á eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. S-M., þar sem hann segir, að bændur kvarti yfir því, að ekki fáist sama verð fyrir landbúnaðarvörur og eigi að vera samkv. áliti sex manna n. Mér er spurn: Hvar er mismunurinn, og hvað hafa bændur fengið? Og því er ekki hafður sami háttur um að gera grein fyrir þessu fé og öðru frá ríkissjóði? Því eru ekki teknar kvittanir frá bændunum? Frá því er gengið í kaupfélögunum og öðrum félögum, sem kvitta í heild til ríkissjóðs, og enginn veit, hver hefur tekið við. Hvar eru fylgiskjölin? Það mundi þykja einkennileg afgreiðsla í þeim rekstri, sem ég hef með höndum, ef ég afhenti verkstjóranum í einu lagi alla upphæðina og segði honum að borga þetta í vinnulaun, en fengi enga kvittun frá verkamönnunum. Þetta er nákvæmlega hliðstætt hátterni eins og um greidda uppbót til landbúnaðarins. Það hefur verið borin fram till. á Alþ. fyrir nokkru, þar sem lagt er til, að þessu yrði kippt í lag og kvittanir teknar upp, en ekki fengizt samþ.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Það líður vonandi bráðum að því, að styrjöldinni ljúki, a. m. k. í Evrópu. Styrjöldin hefur ekki komið neitt svipað við okkur eins og aðrar þjóðir, því að þessi ár hafa fært okkur fullt sjálfstæði og fullar hendur fjár. Fyrir styrjöldina skulduðum við öðrum þjóðum um 100 millj. kr. og áttum engar innstæður á móti, en nú eru innstæður bankanna erlendis á 6. hundrað millj. kr. Verður nú fé þetta notað sem eyðslueyrir eða til þess að byggja upp heilbrigt atvinnulíf þjóðarinnar? Lausn þessa máls, sem hér liggur fyrir, getur orðið afdrifarík, því að þau tækifæri, sem við höfum í dag, höfum við aldrei áður haft í sögu þjóðarinnar, og getur orðið langt að bíða, að þau berist. Þess vegna vil ég vænta þess, að um þessi mál náist samkomulag, fyrst og fremst um að festa hlutina eins og þeir eru, en í síðustu lög reynt að komast hjá að lögbinda lækkun, eins og gert er ráð fyrir í frv. því, sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj.

Eysteinn Jónsson: Hv. þm. Hafnf. beindi því til mín, að það væri alvarlegt, að menn þyrftu að kaupa landbúnaðarafurðir miklu dýrara en hægt er að fá þær erlendis frá. Það var ekkert tilefni fyrir hv. þm. Hafnf. að beina þessu sérstaklega til mín. Ég benti nefnilega á undan honum á það sama, að hvaða vörur sem við tækjum hjá okkur, væri framleiðslukostnaður þeirra miklu hærri en í öðrum löndum. Þetta er það, sem ég hef alltaf bent á. En það er ekki aðeins smjör og kjöt. Ekki tekur betra við, þegar ýmis dæmi eru tekin úr iðnaðinum, svo sem hæstv. fjmrh. gerði áðan, en hv. þm. Hafnf. sneiddi hjá nema þessu eina dæmi, sem var hagstætt fyrir iðnaðinn. Við eigum ekkert að metast um þetta, bara að horfa í þessar staðreyndir eins og þær eru. Þessi metingur, þegar sagt er, að óviðkunnanlegt sé að kaupa smjör og kjöt dýrar en hægt er að fá það í útlöndum, er álíka og ég færi að snúa mér að hv. þm. Hafnf. og segja, að óviðkunnanlegt sé að borga íslenzkum verkamönnum hærra kaup en hægt er að fá þá fyrir frá Færeyjum. Það er bezt að viðurkenna það eins og er, að það er allt í hærra verði hér en í nálægum löndum.

Í tilefni af því, sem ég sagði um það, sem sex manna n. gerði áætlun um og útborgað var til bænda fyrir framleiðslu 1943, þá spurði hv. þm.: Hvar er mismunurinn? Og mér fannst hann hafa talsverða löngun til að koma því inn hjá mönnum, að einhver óviðkomandi hafi hirt mismuninn. Hér er aðallega um kjötið að ræða, og mismunurinn stafar einfaldlega af því, að auratalan áætluð á kg. fyrir flutningskostnaði og dreifingarkostnaði reyndist of lág, aðallega fyrir það, hve allur slíkur kostnaður hækkaði mikið. Ég held hv. þm. Hafnf. viti alveg eins vel og ég, hvað verður af peningum, sem menn taka fyrir flutning á kjöti fram og aftur um landið og til dreifingar í bæjunum. En það er þessi kostnaður, sem hefur hækkað og verður að fást borinn upp, ef bændur eiga að fá það verð, sem þeir eiga rétt til samkv. sex manna nefndarálitinu. Það þarf ekki að blanda hér inn í hálfkveðnum vísum um kaupfélög og kvittanir. Það er öllum landsmönnum vitað, að bændur sjá sjálfir um, að kaupfélög þeirra skili réttu verði fyrir vörurnar, og mun hv. þm. Hafnf. ekki þurfa að hafa neinar áhyggjur af því.

Annars er það eftirtektarvert út af því, sem talað er hér oft og mörgum sinnum um bændur og verkamenn og þar með sænska verkamenn, að við höfum fengið fyrir því áreiðanlegar heimildir í fyrra frá Svíþjóð, að þar hefur verð á landbúnaðarafurðum verið bætt upp með fullu samkv. dýrtíðarvísitölu, en kaupið aðeins með 75%. Og það var vegna þess, að þar var viðurkennt, að framleiðslukostnaður á landbúnaðarafurðum hefði hækkað meira en framleiðslukostnaður í bæjum. Stafar það af því, að kaupgjald í sveitum hefur hækkað meir vegna aukinnar eftirspurnar eftir vinnukrafti. Þess vegna er villandi, þegar talað er um, að hlutfallinu í þessu efni hafi verið raskað að ófyrirsynju í byrjun styrjaldar, þar sem landbúnaðarafurðir voru hækkaðar um nokkur prósent meir en kaupgjald. Það stafaði af sömu ástæðu og í Svíþjóð.

Þá eru örfá orð til hv. 2. þm. Reykv. Hann kallaði það furðulega staðreynd, — og hafði þar reyndar óviðurkvæmileg orð til mín, — að ég héldi fram, að sexmannanefndarálitið sýndi landbúnaðarafurðaverð of lágt, þegar n. sat á rökstólum. Hvernig dettur honum í hug að bera á móti því, þegar það vita allir landsmenn, að landbúnaðarafurðir voru þá hækkaðar í samræmi við kaupgjald? Og fyrir hvað var það gert? Af því að það var talið sanngjarnt. — Hann sagði, að 1942 hefði hækkun ekki átt sér stað um haustið. En hvað sannar þetta annað en það, að frá því um haustið 1942 og þangað til 1943, að sex manna n. tók til starfa, hefur þessu hlutfalli verið raskað fyrir þá kauphækkun, sem varð á því tímabili. Hefði því hv. þm. getað betur varið tíma sínum en með skætingi um þetta.

Um samstarfsvilja hv. 2. þm. Reykv. og Sósfl. verð ég að segja örfá orð. Hann sagði, að þeir

hefðu verið að koma sér saman við Framsfl. um árið, en það hefði strandað á því, að Framsfl. var ófáanlegur, nema kaupgjald væri lækkað, og ættu sósíalistar þakkir skildar fyrir að hafa ekki ginið við slíku. En það er bara sá galli, að þetta er algerlega rangt. Framsfl. gerði þetta ekki að skilyrði fyrir þátttöku í stjórnarmyndun, þó að um þetta væri rætt. Hann gerði málefnatilboð, þar sem þessu atriði um kaupgjald og afurðaverð var sleppt. Og því var hafnað af Sósfl. og valin hin hæðilegustu orð. Þar var engin kauplækkun né neitt annað í þá stefnu, og þó var tilboðinu svarað þannig, að ekki væri hægt að stofna til samvinnu nema fallast á það, sem Sósfl. héldi fram, annað þýddi ekki að nefna. Þetta var nú viljinn á þeim tíma. — Enn fremur sagði annar formaður flokksins, að það gengi glæpi næst, ef Sósfl. léði máls á því, eins og á stóð, að ganga í stj. Og svo er hv. 2. þm. Reykv. að fárast um, þegar ég dreg í efa, hversu mikið liggi á bak við yfirlýsingu hans, og segist leggja það undir dóm hlustenda, hvort hljóðið í sér hafi ekki verið þannig, að það væri áreiðanlegt, að Sósfl. vildi endilega koma á friði í landinu. Ég held þessi hv. þm. verði að hafa flesta landsmenn afsakaða. Þeir hafa heyrt hljóðið áður og vita, hvað er á bak við það. En ef nú hv. þm. hefur tekið sinnaskiptum og sé meira að marka hljóðið í honum en áður, þá er það gott, — en er þá aðeins fyrir það, að hann í sambandi við fyrri framkomu sína hefur fengið þá áminningu, sem hefur dugað, og sér sér nú þann kostinn vænstan að beygja sig fyrir almenningsálitinu, sem áreiðanlega vill ekki þau vinnubrögð, sem hann og flokkur hans hafa haft fram að þessu.

Fróðlegt væri út af yfirlýsingu hv. 2. þm. Reykv. um samstarfs- og umbótavilja Sósfl., að hv. þm. og aðrir þm. flokksins gerðu grein fyrir, hverju þeir hafa afrekað á Alþ., síðan þeir komu hingað tíu saman fyrir tveimur árum. Mér er ekki kunnugt, að þeir hafi komið fram nokkru máli, sem nokkuð var varið í fyrir þá, sem þeir höfðu umboð fyrir. Þeir hafa haft annað að starfa, að koma í veg fyrir, að hér gætu myndazt slík samtök. Hafi þeir nú breytt afstöðu sinni, er það gott. Reynslan leiðir nú það í ljós.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég ætti að athuga, að kjósendur á Austfjörðum mundu vilja samræmingu á kaupgjaldi. Ég efast ekki um, að verkamenn á Austfjörðum vilji fá eins og þeim er mögulegt. En það eru líka til menn á Austfjörðum, sem stunda sjávarútveg, og ekki síður almennir fiskimenn en útgerðarmenn, sem alls ekki eru hrifnir af þeirri dýrtíð, sem flæðir nú yfir landið, og að fyrir aðfarir hv. 2. þm. Reykv. og fleiri er búið að gera þá að hálfdrættingum á við þá, sem sitja í landi. Hv. þm. og félagar hans, sem kynnu að hafa einhvern áhuga á því, hvað menn vilja á Austurlandi, ættu að hugleiða þetta. Með þessu er ég ekki að hafa neitt af verkamönnum, sem réttlátt er. En ég bendi aðeins á staðreynd. Og það sorglega er, að margir, sem hafa fengið talsverða kauphækkun, eru litlu betur settir en áður, ef þeir eru nokkru betur settir, vegna þess hve dýrtíðin fer hraðvaxandi. Og ef þeir svo ættu eftir að fá atvinnuleysistímabil út á þessa kauphækkun, þá held ég, að ávinningurinn fari að verða lítill.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist hér nokkuð á Dagsbrúnardeiluna. Ég gagnrýndi fyrirrætlun Dagsbrúnarstj. um samúðarverkfall, sem ná skyldi til verkamanna víðs vegar og stöðva mundi flutninga í landinu. Ég gagnrýndi þetta hógværlega og sanngjarnlega og taldi þessa fyrirrætlun runna undan rifjum annarra en verkamanna sjálfra. Ekki hafði hv. 2. þm. Reykv. talað í margar mínútur, þegar hann tekur undir þetta og upplýsir, að þegar verkamenn í trúnaðarmannaráði Dagsbrúnar tóku málið í sínar hendur, þá sáu þeir, að þessi aðferð var óskynsamleg, og breyttu þessari ákvörðun. Þetta veit ég, að allir sæmilegir menn í landinu telja skynsamlega að farið og ekki heppilegt, hvorki fyrir verkamenn né aðra, að halda á þessum málum eins og fyrirhugað var. Það sýnir, að gagnrýni mín var réttmæt og tímabær, því að ekki vissi ég, að þessari ákvörðun hafði verið breytt.

Þá var hv. 2. þm. Reykv. að afsaka sósíalistana, að mér skildist, að það væru ekki þeir einir, sem bæru ábyrgð á vinnudeilunni í Hafnarfirði, og ber það einnig vott um, að hv. þm. er eitthvað farinn að hafa beyg af almenningsálitinu í þessu máli, sem er vel farið. Ég efast ekki um, að þegar verkamenn þar taka þessi mál sjálfir til yfirvegunar, þá muni þeir finna skynsamlega niðurstöðu.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði það firn mikil að heyra, að ég héldi, að hann og aðrir í Sósfl. vildu nú ekki koma á samstarfi, þar sem ég vissi, að þeir vildu stöðva kaupið og byggja á sexmannanefndarálitinu um afurðaverð. Ég verð að segja, að þetta er meira en ég vissi. Og sé það rétt, þá er það í ósamræmi við það, sem nokkur maður vissi áður. En það er gott, ef rétt reynist, en það mun sýna sig á næstunni, hvort afstöðu þeirra er þannig háttað.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) taldi mig hafa hallað réttu máli, þegar ég ræddi sögu verðfestingarmálsins, og talaði um lítilfjörleg afskipti stj. Sjálfstfl. til að viðhalda gerðardómsl. Hann hefði ekki átt að ásaka mig, vegna þess að ég byggði á upplýsingum frá hv. þm. G-K. (ÓTh), fyrrv. forsrh. Sjálfstfl. í þessari stj., þar sem hann, eftir að hann hafði látið af völdum, afsakaði, hversu lítið hægt var að gera í dýrtíðarmálunum, einmitt með því, að hlutleysisflokkar stj. hefðu ekki þolað, að öðruvísi væri haldið á en gert var.

Ég verð að segja, að mér kom heldur á óvart hljóðið í hæstv. fjmrh. Ég verð að líta svo á, að ég fyrir mitt leyti hafi rætt þetta frv. af rökum og án þess að gefa nokkurt tilefni til þeirrar — ég vil segja útrásar, sem hann gerði á Framsfl. ekki síður en aðra flokka. Ég tók fram, að Framsfl. væri reiðubúinn til að semja um leiðir í dýrtíðarmálunum, sem hægt væri að ná sama marki með og vekti fyrir hæstv. ríkisstj. Og hæstv. ráðh. veit, að það eru til fleiri leiðir en hann leggur til í frv. sínu. En í stað þess að taka þessu boði Framsfl. kemur hér fram yfirlýsing um það frá stj., að ef

ekki sé búið að ráða málinu til lykta eins og henni þyki rétt eftir fjóra daga, muni hún segja af sér. Ég verð að segja, að ég finn stórkostlega að þessari málsmeðferð hjá hæstv. stj. Ég benti á, að engar umr. fóru fram af hálfu stj. við flokkana, áður en útvarpsumr. hófust. Þær eru haldnar nú, 11. sept. Og eftir 3—4 daga verður að vera búið að ráða málinu til lykta, ef stj. á ekki að fleygja öllu frá sér. Ég álít, að þessi vinnubrögð séu ekki í samræmi við þá ábyrgðartilfinningu, sem vænta má hjá stj., sem hefur tekið sér fyrir hendur að fara með mál þjóðarinnar á þeim að mörgu leyti erfiðu tímum, sem við lifum á. Það er sjálfsagt að eyða næstu dögum til að gera sem ýtarlegastar athuganir á þessum málum og reyna að fá sem öflugust samtök, og skulum við vona, að það takist, enda þótt ég verði að segja, að mér finnst ekki vera þannig haldið á þessum málum, að lausn þeirra sé gerð léttari en efni standa til. Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Nd., 12. sept., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GTh, IngJ, JS, PZ, PÞ, SB, JörB.

nei: STh, LJós, SigfS.

ÁkJ greiddi ekki atkv.

14 þm. (SK, ÞG, BG, BÁ, EOl, FJ, GG, HelgJ, JakM, JJós, JPálm, ÓTh, PO, SG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Steján Jóh. Stefánsson: Þótt Alþfl. sé móti frv., eins og það var lagt fyrir Alþ., sé ég ekki ástæðu til að hindra, að það gangi til 2. umr. og n., og segi því já með það fyrir augum, að frv. verði athugað í n.

Emil Jónsson: Með skírskotun til grg. hv. 4. þm. Reykv. segi ég já til 2. umr.

Frv. vísað til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Bifreiðaumráð þjóðhátíðarnefndar.

Á 50. fundi í Nd., 15. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944 (stjfrv., A. 322).

Á 51. fundi í Nd., 18. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Í janúar s.l. fór þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi fram á það, að gefin yrðu út brbl., sem heimiluðu henni að taka bifreiðar leigunámi til almennrar notkunar 16.—18. júní 1944. Ríkisstj. féllst á, að þetta mundi vera heppilegt og réttmætt, og samkv. því voru gefin út brbl. 31. maí 1944, sem heimiluðu þessar aðgerðir. Þessi l. eru lögð fyrir hv. deild samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar. Það er búið að framkvæma l. að öllu leyti, og læt ég þingið um það, hvort það telur framlagningu þessa frv. vera til yfirlits eða samþykktar. Leyfi ég mér að leggja til. að málinu verði að umr. lokinni vísað til hv. allshn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég vildi aðeins segja örfá orð, ekki í sambandi við efni þessa frv., sem vafalaust allir eru sammála um, heldur um hina formlegu hlið málsins. Í 28. gr. stjórnarskrárinnar segir, að þegar brýna nauðsyn beri til, geti forseti gefið út brbl. milli þinga, og skuli þau ætíð lögð fyrir næsta Alþ. á eftir. Það er ekki beint tekið fram um útgáfuheimild brbl., þegar þingi er frestað, eins og gildir í þessu tilfelli, er um heimild þessa er að ræða. En stjórnarskráin hefur alltaf verið skýrð þannig, að gefa mætti út brbl., þegar þannig stæði á, að þessi skilningur er óumdeilanlegur. En ef þetta er gert, þá er það einnig óumdeilanlegur skilningur, að brbl. skuli lögð fyrir Alþ., þegar það kemur næst saman á eftir. Þau brbl., sem lögð eru hér fyrir, um heimild fyrir þjóðhátíðarnefnd til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944, eru gefin út 31. maí 1944, 10 dögum áður en Alþ. kom saman. Þessi brbl. hefði því átt að leggja fyrir Alþ. 10.—17. júní, en er nú fyrst útbýtt 18. september. Það var þeim mun meiri ástæða til að leggja þau fyrir þingið í júní fyrir það, að þau voru ekki framkvæmd nema í þrjá daga. Sá tími er nú liðinn og hlutverki þeirra því lokið áður en þau eru lögð fram. Ég tek þetta ekki fram hér í ásökunarskyni á ríkisstj., sem vafalaust hefur sínar afsakanir fyrir þessu, en tel nauðsynlegt, að þetta komi fram vegna þess, að ef sams konar tilfelli koma fyrir síðar, verði ekki hægt að vitna í þetta sem fordæmi, er engar aths. hafi komið fram við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Loftferðir.

Á 46. fundi í Sþ., 21. sept., var útbýtt frá Nd.
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir (stjfrv., A. 340).

Á 54. fundi í Nd., 22. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Öllum er kunnugt og allir eru sammála um það, að flugið mun skipta miklu máli fyrir okkur í þessu landi, ekki síður en annars staðar í veröldinni, enda hefur það sýnt sig nú á yfirstandandi tímum, að mikill áhugi er fyrir flugi hér. Fyrir skömmu var lagt fram af ríkisstj. frv. um flugvallabyggingu og um framkvæmdir til undirbúnings því, að flug geti orðið almenn samgöngubót í landinu.

Ég tel engan vafa á, eftir þeim undirtektum, sem það mál hefur fengið á Alþingi bæði fyrr og nú fyrir nokkrum dögum, að það Alþ., sem nú situr, muni afgreiða þetta mál í einhverju formi frá sér. Það er einnig tímabært að taka til yfirvegunar og ákvörðunar, á hvern hátt bezt megi koma fyrir flugsamgöngum í landinu.

Það háttar nú svo til, að hér eru tvö íslenzk flugfélög starfandi, annað Flugfélag Islands, sem er nokkuð gamalt, og annað ungt félag, sem er nýlega byrjað. Það er varla mikill ágreiningur um, að það sé óheppilegt, að kraftar okkar í þessu sameiginlega þarfamáli séu tvískiptir eða kannske margklofnir, og er það með þann sannleika fyrir augum, að ríkisstj. ber fram þetta frv. hér, sem felur í sér till. um það, að gerð sé svipuð skipun um flug hér á landi eins og reynzt hefur bezt a. m. k. á öllum Norðurlöndum og víðar í Evrópu. En þar var sá háttur á fyrir stríð, að einu félagi var veittur einkaréttur til flugferða í landinu. Það getur að vísu verið gott á mörgum sviðum að hafa samkeppni, en hefur reynzt svo á þessu sviði, a. m. k. á Norðurlöndum og víðar, að það hefur þótt æskilegt og nauðsynlegt að útiloka að kljúfa kraftana og með opinberum aðgerðum stuðlað að því að sameina kraftana til að hafa fullt gagn af þeim.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, felur í sér að gera till. um, að ríkissjóði sé heimilt að gerast hluthafi í Flugfélagi Íslands með helming af hlutafjárhæð félagsins og ríkissjóði sé heimilt, ef þörf gerist, að taka fé að láni til þessa. Og enn fremur, eins og ég sagði áðan, að þegar Flugfélag Íslands hefur breytt samþykkt sinni á þennan hátt og ríkissjóður lagt fram fé og orðið eigandi félagsins að hálfu leyti, þá sé atvmrh. heimilt að gefa félaginu einkarétt til flugferða hér á landi og til útlanda með farþega, póst og farangur.

Við álítum sjálfsagt að gefa þessu íslenzka félagi einkarétt á ferðum frá Íslandi, og loks er gert ráð fyrir, þegar búið er að ganga frá þessu, eins og hér er lýst, að þá sé þessu félagi veitt algert skattfrelsi á svipaðan hátt og Eimskipafélag Íslands nýtur nú. Það hefur reynzt svo með flugfélög í nágrannalöndunum, að það hefur þótt nauðsynlegt að hlúa að þeim og styrkja með beinum styrkjum, og sennilega verður ekki komizt hjá því á einn eða annan hátt að gera svipað hér, og þótti því sjálfsagt að taka það fram með l., að félagið yrði skattfrjálst með öllu.

Ég vil geta þess, að það hefur verið rætt um þetta við menn úr stjórn Flugfélags Íslands, og að vísu er það svo, að þetta frv. er ekki gert í samráði við þá, eða þó að a. m. k. meiri hluti stj. muni vera hlynntur því, að frv. svipað þessu sé gert að l., þá kann að vera einhver ágreiningur um, hvort hlutafé eigi að vera 50 prósent eða eitthvað svolítið minna. Slíkt má að sjálfsögðu meta, en ráðuneytið taldi eðlilegt að leggja frv. fram á þann hátt, sem hér er gert.

Með þessum orðum vil ég mæla með frv. við hv. þd. og leggja til, að að lokinni 1. umræðu verði málinu vísað til hv. samgmn.

Umr. frestað.
Á 55. fundi í Nd., 25. sept., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Ég var nú satt að segja varla farinn að sjá þetta frv., þegar það var rætt á síðasta fundi í þessari d., og hafði á aðra lund ekki vitað af, að það væri neitt í uppsiglingu, en frv. er hins vegar allróttækt, og fannst mér þess vegna, að rétt væri að fara um það nokkrum orðum nú þegar við þessa 1. umr.

Það er nú líklegt og gefur auga leið, að flugsamgöngur verða mikilvægur þáttur í okkar samgöngumálum, eins og segir í grg. þessa frv. Það er líka sýnilegt, að áhugi meðal almennings fyrir flugi er mikill, eins og fyrir öllum samgöngubótum, og tiltölulega margir ungir menn, sem hyggja gott til að geta gert flugmálin að starfi sínu. Nú er það að vísu svo, að hingað til hefur ríkisvaldið ekki látið sig þessi mál að verulegu leyti skipta að öðru leyti en því, að skipaður hefur verið flugmálaráðunautur og svo veittur nokkur styrkur til Flugfélags Íslands í fjárl. Án skilyrðis hefur það verið hingað til, sem flugfélagið hefur fengið þennan styrk, og hefur það sennilega þurft hans að ég hygg, því að allur byrjunarrekstur, sérstaklega á þessu sviði, hlýtur að verða fjárfrekur og erfiður. Það má segja, að það er vel farið, að sú reynsla er til, sem náðst hefur fyrir atbeina Flugfélags Íslands og líka fyrir atbeina þeirra félaga eða þess félags, sem gerði tilraun til að koma hér á flugsamgöngum, þegar Lufthansavélarnar voru fengnar hingað til lands. Allt þetta er mjög þýðingarmikið til þess að undirbúa frekara framtíðarstarf.

Eftir 1. gr. þessa frv. er ríkisstj. heimilt að leggja fram fé úr ríkissjóði til aukningar á hlutafé Flugfélags Íslands, þannig að ríkissjóður eigi helming af öllu hlutafénu. Þar með er stefnt að því, að ríkið sjálft gerist beinn aðili nú þegar á þessu stigi málsins að flugferðum í sambandi við þetta sérstaka flugfélag. Í 2. gr. frv. er svo að því vikið, að ríkis-

valdið hafi fullkominn atkvæðisrétt að því er snertir það hlutafé, sem frá ríkissjóði er fram lagt. Þá kemur 3. gr. um einkarétt handa Flugfélagi Íslands, þegar svo langt er komið, að ríkissjóður er orðinn eigandi að helmingi félagsins, og á sá einkaréttur að ná til flugferða ekki einu sinni innanlands heldur einnig til útlanda bæði með póst og farþega. Hér er þá beint að því stefnt að búa til nú þegar félag, sem hefur einkarétt á flugferðum innanlands og til annarra landa.

Ég gat þess áðan, að það væri gleðilegt og gott, að framtakssamir menn hefðu hafizt handa um stofnun flugfélaga hér á landi. En mér þykir fyrir því að verða þess var, að í þessu frv. virðist hæstv. stj. ekki gera ráð fyrir nema einum af þessum aðilum eða réttara sagt öðrum þeim aðila, sem nú er fyrir hendi, því að í viðbót við Flugfélag Íslands og aðrar fyrri tilraunir, sem gerðar hafa verið í þessu skyni, hefur verið komið hér upp nú fyrir tiltölulega skömmum tíma nýju félagi, sem heitir h/f Loftleiðir. Þetta félag hefur líka byrjað flugferðir hér á landi. Að vísu hefur það ekki eins langan starfstíma á bak við sig og Flugfélag Íslands, en þar er svo að segja bitamunur, en ekki byrðar, því að tíminn er svo stuttur hvort heldur er, en bæði er það, að að því standa menn, sem hafa fengið góða kennslu og mikla þjálfun, og í öðru lagi hefur þetta félag lagt út í stóran kostnað til þess að afla sér flugvéla. Mér þykir furðulegt, — og mætti kveða sterkara að orði, — að hæstv. ríkisstj. virðist með þessu frv. horfa alveg yfir, að hér sé annað félag til en Flugfélag Íslands, með allri virðingu fyrir því góða félagi, því að hvergi er gert ráð fyrir því í þessu frv. að taka minnsta tillit til þess, að borgarar í þessu þjóðfélagi hafa lagt út í stór fjárframlög til að afla flugvéla og hafa þegar hafið flugferðir og meira að segja annazt að öllu leyti síldarflugið í sumar. Til þessa virðist ekkert tillit tekið, og ef frv. hæstv. stj. verður samþ. óbreytt, virðist ekki annað liggja fyrir hjá þeim mönnum, sem hafa stofnað þetta flugfélag, en að gera upp sínar sakir og selja sínar vélar og þá ekki öðrum en Flugfélagi Íslands, sem þeir með miklum kostnaði og fyrirhöfn hafa eignazt eða eru sumpart á leiðinni. Þessi harðýðgislega aðferð hæstv. stj. er með þeim firrum, að menn hljóta að mótmæla gersamlega svona málsmeðferð. Það hefur verið venjulegt hvarvetna og líka hér í íslenzkri löggjöf, þegar ríkisvaldið hefur seilzt inn á svið athafnalífsins, þar sem hagsmunir einstaklinga og félaga hafa verið fyrir, en ríkið hefur séð þjóðarnauðsyn til að gera þar nokkurt strandhögg, að þá væri fyrir því séð, að þeir borgarar þjóðfélagsins, sem yrðu fyrir árekstri eða réttindamissi fyrir aðgerðir ríkisins, ættu skaðabætur eftir mati og yfirleitt að fyrir þeirra hlut yrði séð á sómasamlegan hátt. Þetta hafa verið, að ég held, taldir góðir mannasiðir á hinu háa Alþ. fram að þessu. En í þessu frv. bregður nú svo undarlega við, að það virðist vera óhjákvæmilegt, þó að ég vilji ekki segja, að það hafi verið tilgangurinn, ef frv. verður gert að l., eins og ríkisstj. leggur það fram, að með því sé hið nýja félag, h/f Loftleiðir, í hel slegið á einn eða annan hátt. Þetta er kannske ekki tilgangurinn, en afleiðing samþ. frv. mundi vera þetta, og væri það mjög ómaklegt.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins — og ekki án þess gefið verði sérstakt tilefni, en ef það verður gefið, þá kann það viðhorf að breytast — fara út í einstök atriði, sem snerta afskipti ríkisvaldsins af hinu nýja flugfélagi, heldur halda mér við það, sem er frv. ríkisstj. um þetta mál. En vera má, að það, sem ég nefndi, kæmi til athugunar. Það er ekki nauðsynlegt, því að frv. hæstv. ríkisstj. er nægilegt tilefni þeirrar gagnrýni, sem ég vil fyrst og fremst hafa hér í frammi.

Nú er það svo, að því er ég hef fregnað, að enn einn aðili í þessu landi hefur áhuga á, að meiri flugferðir geti komizt á, sem ekki hefur eignazt flugvélar að því er vitað er, eins og h/f Flugfélag Íslands og h/f Loftleiðir, og er það Eimskipafélag Íslands. Mér er tjáð, að hjá Eimskipafélagi Íslands séu allmikil heilabrot um þetta mál og jafnvel standi til að boða til sérstaks hluthafafundar innan langs tíma til þess að ræða þessi mál. Ætla ég að þetta muni vera rétt.

Að þessu öllu athuguðu virðist mér, að það sé nauðsynlegt að beina því til þeirrar hv. n., sem á að fjalla um þetta mál, sem eftir till. hæstv. ráðh. er hv. samgmn., að hún vildi athuga fleiri hliðar á þessu máli heldur en fram koma hér í þessu frv., t. d. að hún athugi það, að það er ekki vel frambærilegt, eins og ástæður liggja til, að samþ. það, að h/f Flugfélag Íslands fái einkarétt á flugvélum án þess að taka hið allra minnsta tillit til þess, að nýtt flugfélag hefur verið stofnað, sem þegar er tekið til starfa og á hér bæði vélar og áhöld. Þá væri æskilegt, að hv. n. heyrði einnig álit Eimskipafélags Íslands um þessi mál.

Með þessu, sem ég nú segi, er ég á engan hátt að mæla á móti því prinsipi, sem kann að liggja fyrir að því er snertir það, að hér sé eitt öflugt flugfélag starfandi. Ég segi ekkert um það á þessu stigi málsins. Það hefur sína kosti, og það hefur líka, a. m. k. í byrjun, nokkra ágalla. Mér virðist, að það sé hægt að koma auga á það, að áhugi fyrir bættum farkostum hafi aukizt mikið síðan h/f Loftleiðir tók til starfa hér. Bendir það nokkuð í þá átt, að á sviði þessara mála, eins og á mörgum öðrum sviðum, sé hollt, að einhver samkeppni — hófleg þó — sé fyrir hendi. Hins vegar skal ég játa það, að margt getur mælt með því, að aðilinn, sem slíka starfsemi hefur á hendi, sé sá sterkari, jafnvel þótt það sé ekki nema einn aðili. En þetta þarf hvort tveggja að meta, og verður Alþ. að gera það, er það fær málið til framhaldsmeðferðar.

Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta mál að sinni. En ég hef bent hér á þessi atriði og ætla, að þau út af fyrir sig séu talsvert íhugunarefni fyrir hv. samgmn., en hins vegar alls ekki loku fyrir það skotið, að mér hafi láðst að geta um aðrar hliðar þessa máls, sem líka þurfa athugunar við. Kemur það þá að sjálfsögðu fram við meðferð málsins á þinginu.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Hv. þm. Vestm. gat þess, að hann væri á þeirri sömu skoðun, er kom fram í grg. þessa frv., um að flugmálin gætu orðið og væntanlega ættu að verða mikill þáttur í samgöngubótum hér á landi, ekki síður en í öðrum löndum. Hann gat þess og, að það væri rétt að minnast þeirra, sem hefðu haft dugnað til þess að hrinda flugmálunum áfram hér á landi. Nefndi hann þar til m. a. Lufthansa, félag, sem fyrir nokkru rak flugferðir hér og flaug mest með erlendum mönnum, og síðan h/f Flugfélag Íslands. Það er rétt að geta þeirra, sem með dugnaði og ósérplægni hafa unnið að framkvæmd þessara flugmála. En hv. þm. sleppti þar því úr af vangá, að upphafið að Flugfélagi Íslands var það, að fyrir 7 árum kom Agnar Kofoed-Hansen og vildi koma í framkvæmd flugferðum hér á landi. Hann fékk þá ekki á þeim tíma áheyrn til að koma sínum áhugamálum nokkuð á leið fyrr en hann fór til Akureyrar, og þar var þá það félag stofnað, sem varð upphafið að Flugfélagi Íslands. Þeir, sem höfðu forustu um þetta mál þar nyrðra, gerðu það ekki í von um peningagróða, heldur af sannfæringu um, að þetta væri þarft mál og mál framtíðarinnar. Svipað má segja um þá, sem tóku við, þegar félagið var flutt frá Akureyri til Reykjavíkur og stofnað Flugfélag Íslands, að menn hafa þá unnið að flugmálunum af sannfæringu um, að um mikið og gott framtíðarmál væri að ræða fyrir þjóðina.

Í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, er aðalatriðið þetta: Er það heppilegt og æskilegt fyrir góðan framgang og árangur flugmálanna í landinu, til þess að þau komi að sem beztum notum fyrir fólkið í landinu, að hafa flugmálin í brotum, hafa þau á höndum margra félaga, eða er æskilegast fyrir fólkið í landinu, að þau séu á einni hendi hér eins og á öllum öðrum Norðurlöndum? Þetta er aðalatriði þessa máls, sem hv. þm. hljóta að gera upp við sig fyrst og fremst, þegar um þetta frv. er að ræða. Ríkisstj. lítur svo á, að svo hagi til hér á landi, ekki síður en á öðrum Norðurlöndum, að til þess að öryggi fáist og sem mestur árangur af flugmálunum í landinu, verði þau að vera á einni hendi. Og þá kemur tvennt til greina: Á ríkisvaldið sjálft að taka þau að sér, eins og það hefur gert um póst og síma, eða er sú leið fær, sem hér í frv. er lagt til, að farin verði, að sameina einstaklingsátökin og átök þess opinbera til framkvæmdar flugmálunum, þannig að samvinna sé á milli þessara aðila, báðir leggi fram fé til þessa og starfi að þessu? Ég lít svo á, og ég held, að ríkisstj. öll líti svo á, að þessi síðarnefnda leið sé heppilegri heldur en að ríkisvaldið taki þetta eingöngu í sínar hendur.

Hv. þm. Vestm. dvaldi nokkuð lengi við það að skýra frá því, að hér væru tvö félög í landinu, sem rækju flugstarfsemi. Það er rétt. Annað félagið kom fyrir stuttu. Ég ætla, að það eigi eina flugvél nú, því að það varð fyrir óhappi með flugvél fyrir ekki löngu. Hef ég heyrt, að það muni vera í þann veginn að kaupa flugvél frá Vesturheimi, en er kannske ekki búið að því enn. En viðkomandi Flugfélagi Íslands er það að segja, að það hefur í fullu gengi hér nú þrjár nokkuð stórar flugvélar og er búið að kaupa stórt flugskip í viðbót, sem er að dómi kunnugra manna nægilega stórt til þess að geta flogið milli Íslands og nærliggjandi landa. Er það svo stórt, að ætlað er að fljúga því frá Vesturheimi til Íslands áður en margar vikur líða. Þegar um er að ræða í frv. að lögfesta einkarétt annars þessara flugfélaga sem aðalfélags, þá virðist greinilegt, að það félagið kemur til greina, sem búið er að starfa í sjö ár og þrátt fyrir ýmis óhöpp alltaf hefur haft dug til þess að byggja upp í skörðin, þannig að það á nú 4 vélar. Hitt félagið, — ég veit ekki, hvort það er ársgamalt. Og þó að það hafi að ýmsu leyti farið vel af stað, þá er það ungt og lítið og getur þar af leiðandi ekki komið til mála, að það verði tekið fram yfir hitt félagið, sem er stærra og eldra. Með þessu er ég ekkert að draga úr því, að þeir ungu menn, sem þarna eru að verki í h/f Loftleiðum, séu dugandi menn. Ég er ekki að efast um, að þeir hafi góða flugmenn. En þegar um annað félagið á að vera að ræða sem aðalfélag í framtíðinni í sambandi við flugmálin, þá virðist augljóst, hvort félagið á að taka fram yfir hitt. — Um þetta unga félag vil ég líka segja það, að samkv. umsögn kunnugra manna í Flugfélagi Íslands, þá var reynt að fá þessa ungu menn í h/f Loftleiðum til samvinnu, þó að það misheppnaðist þá. Og með framlagningu þessa frv. er það ætlun ríkisstj. að sjálfsögðu, að flugfélaginu h/f Loftleiðum sé gefinn kostur á því að koma inn í Flugfélag Íslands, bæði með sitt fé og sínar flugvélar, sem það kann að eiga, og með þá menn og orku, sem það hefur til þess að byggja upp flugmálin í landinu. Frv. er gert, eins og það er nú, með þetta fyrir augum. Og ég hef átt tal um þetta við stjórnarmenn Flugfélags Íslands, og hafa þeir fyrir sína hönd lýst því ákveðið yfir, að slíkt væri opið hvenær sem væri.

Ég vildi hafa tekið þetta fram, áður en málið fer til hv. n., til þess að það liggi skýrt fyrir, að þetta var fyrst og fremst hugmynd ríkisstj., þegar frv. var lagt fram, og í öðru lagi, að þetta stendur og hefur staðið hinu nýja félagi til boða og mun standa opið framvegis.

Um hitt atriðið, sem kom fram í ræðu hv. þm. Vestm., að hann mundi ekki, nema að gefnu tilefni, fara að skýra frá viðskiptum þessa nýja flugfélags, h/f Loftleiða, við ríkisvaldið, vil ég segja það, að ég ætla ekki að biðja mig undan því. Ég veit ekki til þess, að í sambandi við mitt ráðuneyti hafi nokkuð átt sér stað í þeim viðskiptum, sem þarf að leyna.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 28. sept., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Það er ekki langt mál, sem ég þarf að segja hér í viðbót við það, sem ég hef þegar tekið fram út af þessu frv.

Hins vegar kemst ég ekki hjá því að gera lítils háttar aths. við ræðu hæstv. atvmrh.

Ég vil þá byrja á því að viðurkenna, að það var rétt aths. hjá hæstv. ráðh., að mér var ekki hugfast, þegar ég ræddi frv. við fyrri hluta þessarar umr., að Flugfélag Íslands hefði áður starfað undir öðru nafni. Ég er vissulega fús til að viðurkenna, að þeir, sem stóðu upphaflega að Flugfélagi Íslands, sem hét í fyrstu Flugfélag Akureyrar, hafa unnið þarft verk með því að koma því á fót, en nafnið Flugfélag Íslands hefur félagið haft aðeins nú í 2—3 ár, og var það nafn mér munntamara.

Að öðru leyti er það sitthvað, sem þarf athugunar við, m. a. það, sem hæstv. ráðh. tíundar af flugvélum hjá h/f Loftleiðum. Hann sagði, að það ætti til eina litla flugvél, en það er ekki rétt, því að fyrst og fremst á félagið hér tvær vélar. Önnur varð fyrir áfalli á Miklavatni, en það er verið að undirbúa viðgerð á henni, og er talið, að sú viðgerð muni takast. Þá á félagið tvær vélar hér, en svo hefur það fest kaup á allstórri vél, sem tekur 8 farþega, í Ameríku, og trúi ég, að hún bíði þar byrjar nú til að komast til Íslands.

Þegar tíunduð er flugvélaeign Flugfélags Íslands, hefur verið sagt, að það félag ætti 4 vélar, og er þá talinn með nýi flugbáturinn, sem einnig bíður byrjar í Ameríku. Það er þá ekki svo ólíkt ástatt hjá þessum tveim fél., og ég verð að segja, með fullri virðingu fyrir Flugfélagi Íslands, að það er myndarlega af stað farið hjá h/f Loftleiðum, að eiga 3 vélar eftir 8 mán. starf, borið saman við það, að Flugfélag Íslands á 4 vélar eftir 6 ára starf. Þetta bendir í þá átt, að það hafi ekki verið rétt að ganga framhjá h/f Loftleiðum, þegar þetta frv. var samið.

Hæstv. ráðh. tók það fram, að tilætlunin væri að leyfa h/f Loftleiðum að renna inn í Flugfélag Íslands. Það er út af fyrir sig gott að heyra, en hæstv. ráðh. verður að hafa mig og fleiri þm. afsakaða, þar sem við höfum frv. hér fyrir framan okkur, en í því er ekki gert ráð fyrir öðru en að ríkissjóður leggi fram 1½ millj. kr. í Flugfélag Íslands og því sé síðan falinn einkarekstur á flugferðum. Hvað svo kann að vera ætlun ráðh. eða annarra, kemur ekki málinu við, ef ekkert liggur fyrir um það í skjölum. Og þó að þetta sé nú ætlun ráðh., þá rís upp spurningin: Með hvaða kjörum? Ég minntist á það í minni fyrri ræðu, að ekki væri vert að fara út í það mál, en nú hefur hæstv. ráðh. gefið tilefni til þess, að ég gerði það. Hvers konar tilraunir hafa verið gerðar til að ná samstarfi? Jú, h/f Loftleiðir bauðst til að afhenda Flugfélagi Íslands fyrstu vélina við kostnaðarverði gegn því, að þeir 3 félagarnir væru ráðnir sem flugmenn með lágmarkskaupi, en að því var ekki gengið. Það var gefinn kostur á að taka einn þeirra, og síðan var horfið frá því aftur, svo að þessi tilraun var ekki slík, að hægt væri fyrir h/f Loftleiðir að ganga að kostunum. Ef ætlað er að ná samstarfi við h/f Loftleiðir og halda áfram að bjóða svipuð kjör, er það ekki vænlegt til árangurs, en þá er líka frv. stj. svo útbúið, að það meinar h/f Loftleiðum í rauninni allt annað en að gefast upp.

Nú er að vísu aðstaða Eimskipafélags Íslands ekki hin sama. Það hefur ekki lagt fram fé til að kaupa flugvélar, en Eimskipafél., sem hefur um fjórðung aldar annazt mesta fólksflutninga hér á landi og milli Íslands og útlanda, hefur ákveðið að efna til aukafundar 11. nóv. næstk., og sá fundur á að fjalla um þá hugmynd, að Eimskipafél. taki að sér flutninga í lofti líka. Það er eðlilegt, að fél. detti þetta í hug, því að fordæmin eru fyrir því, að stór flutningafélög hallast að því að taka flugtæknina í þjónustu sína. Ég hef heyrt talað um, að Cunard-línan o. fl. hafi þetta í ráðum, og fyrir stríð var talað um það, að gufuskipalína í Gautaborg ætlaði að bæta flugsamgöngum við starfsemi sína.

Að öllu þessu athuguðu virðist mér frv. í fyrsta lagi óframbærilegt, og í öðru lagi hlýtur það að taka miklum stakkaskiptum hér á Alþ., ef Alþ. á ekki að ganga inn á einstrengingslega einokunarbraut, eins og hæstv. ríkisstj.

Hæstv. ráðh. sagði, að engu þyrfti að leyna í þessu sambandi. Ég vona það líka, enda væri undarlegt, ef svo væri. En mér finnst ástæða til að spyrja hæstv. ráðh., sem engu vill leyna, um ástæðuna fyrir því, að hann neitaði h/f Loftleiðum um meðmæli ríkisstj. í sumar, þegar sendiherra Íslands í Washington var fyrir beiðni h/f Loftleiða búinn að fá ádrátt hjá Bandaríkjastjórn um kaup á þessari nýju flugvél. Sendiherrann óskaði, að ríkisstj. gæfi sín meðmæli, en hæstv. ráðh. neitaði og bar fyrir sig, að hann vissi ekki, hvort fél. hefði nægilegt fjármagn. Formaður fél. skýrði mér frá þessu. Það væri fróðlegt að vita, af hvaða ástæðum ríkisstj. lands, sem er eins þurfandi fyrir samgöngur og við, neitar hlutafélagi, sem búið er að stofna með fleiri hundruð þús. kr. hlutafé, um meðmæli til annarrar ríkisstj., sem getur ákveðið, hvort verða skuli af kaupum og sölu eða ekki, og það á tímum, þegar öllum er ljós nauðsynin á góðum flugvélum. Það lukkaðist engu að síður að útvega flugvélina fyrir meðmæli viðskiptaráðs.

Ég get svo látið útrætt um þetta. Ég þykist vita, að í sjálfu sér beri ekki mikið á milli yfirleitt um nauðsyn þess að hafa aðstöðuna sem bezta til flugsamgangna hér, en þegar verið er að koma á ákveðnu skipulagi í þessum málum, þá er ófært, ef með lagaákvæðum á að bægja öðrum aðilanum frá, en hlaða undir hinn, bæði með framlögum úr ríkissjóði og veitingu einkaréttar.

Flugmenn h/f Loftleiða hafa sýnt, að þeir eru starfi sínu vaxnir. Þeir sýndu það í síldarleitinni, og í sumar, þegar þeir voru til knúnir af yfirvöldum landsins til þess að fljúga í allt að ófæru flugveðri yfir háfjöllin í sjóflugvél til að sækja sjúkling, tel ég, að þeir hafi sýnt, að þeir eru dugandi menn. Enn fremur er félagið stofnað samkv. l. og er tiltölulega öflugt fjárhagslega. Hvað felst þá á bak við neitun hæstv. ráðh. um meðmæli, sem honum hefði átt að vera ljúft að veita?

Ég held ég verði að treysta n. til að afla sér

allra upplýsinga. Flugfélag Íslands er góðra gjalda vert, en h/f Loftleiðir eru líka þeirra gjalda vert, að það má ekki drepa það með þögninni. Eimskipafélag Íslands, sem sýnt hefur mikinn áhuga á flugmálunum, er líka aðili, sem nauðsynlegt er að kveðja til ráða.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Þar sem þetta frv. kemur til þeirrar n., sem ég á sæti í, get ég látið nægja fá orð. Aðalatriði frv. eru tvö. Í fyrsta lagi það, að ríkissjóður nái yfirtökum í Flugfélagi Íslands með því að eignast 50% af hlutafé, og í öðru lagi, að fél. er veitt heimild til einkaréttar á flugferðum.

Um fyrra atriðið vil ég segja það, að mín skoðun er sú, að hlutverk ríkissjóðs sé fyrst og fremst að skapa skilyrðin fyrir flugsamgöngum. Það hlýtur ríkissjóður að gera með því að annast byggingar og framkvæmdir á nauðsynlegum mannvirkjum í sambandi við flugsamgöngur. Ég hygg, að ríkissjóður eigi ekki að ljá flugmálunum lið með því að gerast sjálfur rekandi þeirra. Ég hygg, að stuðningi ríkissjóðs, sem er sjálfsagður, megi ekki verja á þá lund, sem ríkisstj. leggur til. Ríkisstj. er á réttri braut með frv., þar sem megináherzlan er lögð á að skapa skilyrði fyrir flugsamgöngum og byggingu nauðsynlegra mannvirkja á kostnað ríkissjóðs. Það er rétt stefna, en mér virðist vera lagt út á hála braut með því að ríkissjóður kosti kapps um að ná meiri hl. í fél., sem hefur starfað nokkuð lengi og vitað er, að er allfjársterkt. Fél. er ekki í neinum nauðum, og því gengur vel að auka hlutafé. Ég hygg einnig, að það sé hæpin ráðstöfun fyrir ríkissjóð, sem á ekki of mikið aflögu, að leggja fram 1½ millj. kr. í hlutafé, sem einstaklingar eru fullfærir um að afla. Þetta er bæði óþarft og óhentugt fyrir ríkissjóð. Ég tel koma til mála, að ríkissjóður legði fram eitthvert aukið hlutafé til þessa fél., án þess að hann næði meiri hl., t. d. allt að 20%.

Þá kem ég að síðara atriðinu, einkaréttinum til handa fél. Í því sambandi vil ég segja, að ég er sammála hæstv. ráðh. um, að flugfél. eigi að vera sem fæst. Ég hygg, að það sé heppilegast fyrir þróun flugmálanna, að það séu sem fæstir aðilar, sem með þessi mál fara. Þá má vænta meira öryggis og samræmdari aðgerða. Það er mikið atriði, að þessar samgöngur séu vel skipulagðar, og það eru meiri líkur til þess, að það fáist tryggt, ef félögin eru fá, helzt eitt. Nú er hins vegar búið að stofna tvö flugfélög, og auk þess hefur Eimskipafélag Íslands ákveðið að hefjast handa, og verð ég þá að segja, að mér finnst sú aðferð, sem lögð er til í frv., allhæpin, og hart fyrir h/f Loftleiðir að sæta slíkum kostum. Það er alveg auðsætt, að ekki er hægt að leggja fél. niður og samþ. þetta frv. eins og það er. T. d. er ekki gert ráð fyrir neinum bótum til þess fél., sem skipað væri að leggja niður starfsemi sína, né heldur Flugfélag Íslands skyldað til að kaupa vélar þess. Allt þetta finnst mér hæpið, einkum eftir að vitað er, að ekki hafa farið fram frekari samningar um að sameina félögin en hefur verið lýst. Það yrðu að fara fram samningaviðræður milli flugfél. og reyna að ná samkomulagi um sameiningu félaganna.

Þessi skoðun mín haggast ekki, þótt ég viti, að Flugfélag Íslands er náttúrlega sá aðili, sem af mörgum ástæðum virðist mega treysta bezt til að hafa forustuna í þessum málum. Það er eldra félag og hefur sérstaklega góðum mönnum á að skipa, og má því segja, að því beri nokkur forusta. En þó að ég viðurkenni þetta, tel ég mjög harkalega að farið með frv. gagnvart félagi, sem hefur farið mjög sómasamlega af stað.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Út af ræðu hv. þm. Vestm. þykir mér þörf á að taka þetta fram:

Að því er snertir vélaeign félaganna, má um það deila, hvort það á að telja vél, sem ekki er í flugfæru standi. En það skiptir ekki miklu máli. Munurinn á vélaeigninni er sá, að vélar Flugfélags Íslands bera svo af um stærð og möguleika til farþegaflutnings, að auðsætt er, og það vildi ég segja, að þegar um er að ræða, hvort fél. ætti að hafa forgöngu í flugmálum, væri ekki vafi á, að það væri Flugfélag Íslands, enda eru báðir hv. þm., sem talað hafa, á sama máli.

Það er á misskilningi byggt, að ég sem utanríkisráðh. hafi neitað h/f Loftleiðum um meðmæli. Form. fél. leitaði til mín í sambandi við kaup á 8 sæta vél, og ég leiðbeindi honum um, hvað gera þyrfti til þess að fá meðmæli, en hann kom ekki aftur. Þessu félagi hafa verið veittar svo miklar undanþágur, að það þarf ekki að kvarta. Það er rétt, að flugmenn þess eru duglegir, og er óþarfi að taka frekar fram um það, en það haggar ekki því, að hitt félagið hefur líka duglega flugmenn í þjónustu sinni með meiri æfingu og lengi starfsaldri.

Ég vil endurtaka það, að það, sem er aðalatriði málsins, er þetta: Er hagkvæmt fyrir Ísland eins og fyrir Svíþjóð, Danmörku og Noreg, að flugmál landsins séu á einni hendi? Og ef svo er, — sem ég er ekki í vafa um —, þá er meginmál frv. það, að koma slíkri skipun á hér líka.

Tilgangur ríkisstj. með þessu frv. er, að sú leið verði farin, sem í frv. er stungið upp á. Ef hv. þm. hins vegar finna aðra leið betri til þess að ná sama marki, að hafa flugmálin í landinu undir einni stjórn, til þess að þau fyrir það verði sem gagnlegust fyrir fólkið í landinu, þá er sjálfsagt að taka það, sem bezt er. Annars virtist mér af ræðu hv. síðasta ræðumanns, að hann væri samþykkur þessu, sem er meginatriði málsins, og hann væri þar á sama máli og ég, og þykir mér vænt um það.

Um hitt atriðið, hvort það er 50% af hlutafé, sem ríkissjóður ætti að leggja fram í þessu efni, eða minna, t. d. 25%, það er matsatriði, og má nánar ræða um það.

Ég vænti þess, að hv. samgmn. athugi sérstaklega þetta, sem ég hef talið aðalatriði málsins, og geri sínar till. út frá því.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Aðeins örfá orð. Hæstv. atvmrh. lætur líta svo út eins og hér sé verið að deila um það, hvort hér eigi að hafa flugferðir á einni hendi eða hvort þær eigi að vera á mörgum höndum, þannig að mörg flugfélög annist þær. En það er fjarri því, að um það atriði hafi verið deilt, heldur hefur verið fundið að hinu, hve óframbærilegar till. hæstv. ríkisstj. í þessu efni eru gagnvart öðrum aðila, sem er starfandi flugfélag í landinu. Og ég sagði, að ég ætlaði ekki að leggja úrskurð á það, hvort heppilegra væri að hafa hér eitt flugfélag eða fleiri starfandi. Ég álít, að það geti verið heppilegt að hafa þau fleiri en eitt, en hef ekki viljað halda neinu fram skilyrðislaust um það. — Nei, það er allt annað, sem ég hef deilt á. Það er þessi einræðisandi í frv., sem snertir fleiri en mig illa, að setja til hliðar, eins og það sé ekki til, starfandi fyrirtæki í einni grein, en lyfta öðru upp eins og verða má með löggjöf. Það er það, sem deilan hér hefur snúizt um, en alls ekki það, hvort hér á landi eigi að starfa eitt flugfélag eða tvö eða kannske þrjú.

Ég skal svo ekki tefja tímann lengi til þess að tala um þetta. En ég hef það skriflegt frá félaginu h/f Loftleiðum, að hæstv. atvmrh. hafi neitað að gefa meðmæli með því, að h/f Loftleiðir fengi vélina keypta frá Ameríku, meðmæli, sem sendiherra Íslands í Washington óskaði eftir og taldi rétt að fá. Hæstv. atvmrh. segir, að hann hafi ekki neitað um þessi meðmæli, en hann hafi gefið umsækjanda meðmælanna frá félaginu leiðbeiningar, en svo hafi hann aldrei komið aftur. Svo getur hver og einn um það dæmt, hvernig þær leiðbeiningar muni hafa verið. Því að svo mikið er víst, að það gefur ekki beinlínis ástæðu til að ætla, að formaður flugfélagsins h/f Loftleiða hafi álitið, að mikils stuðnings væri að vænta frá hæstv. atvmrh., úr því að hann taldi ekki ómaksins vert að fara til hæstv. ráðh. aftur, eftir að hann var búinn að fá þessar leiðbeiningar. — Annars býst ég við, að þeir í h/f Loftleiðum hafi fengið leiðbeiningar annars staðar að en frá ríkisstj., því að leiðbeiningar til þess að fá áhöld eins og flugvélar er víst ekki hægt að fá hér. — Nei, hæstv. ráðh. vefengdi, að h/f Loftleiðir hefði fé til þess að eignast þessa flugvél. Og það virðast vera þær leiðbeiningar, sem hæstv. ráðh. gaf. En formaður félagsins h/f Loftleiðir taldi það ekki ómaksins vert að tala við hæstv. atvmrh., eftir að hafa fengið þessi svör hjá honum, eftir að hafa talað við hæstv. viðskmrh., sem gaf leyfi fyrir kaupum á vélinni fyrir sitt leyti, og sendiherra Íslands í Washington.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Með tilvísun til síðustu ræðu vil ég lýsa yfir, að það er rangt, að ég hafi neitað um umbeðin meðmæli, hvort sem nokkuð er skrifað um það í höndum hv. þm. Vestm. eða ekki.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Í sambandi við þetta frv. hefur aðallega verið rætt um tvö hlutafélög, sem fram að þessu hafa fengizt við flug á Íslandi. Ég held, þegar ríkið skiptir sér af þessu máli, sem er rétt að það geri, að vert sé að athuga það, að það kunna að vera fleiri Íslendingar en þeir, sem eiga hlutabréf í þessum fyrirtækjum, þeim tveim flugfélögum, sem nefnd hafa verið, sem vildu gjarnan vera með í slíku. Þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað, voru almennt boðin út hlutabréf og þjóðin öll sem heild átti þetta fyrirtæki. Og menn hafa harmað það, að smátt og smátt hefur þetta breytzt og fáir menn hafa fengið þar völd, eins og nú hefur átt sér stað upp á síðkastið. Þegar byrja á að stofna eitt flugfélag, sem ríkið á að hafa mikil ráð í, þá er ekki nema eðlilegt, að almenningi sé boðið að taka þátt í því. Og þegar stofna á hlutafélag til þess að reka flugsamgöngur milli Íslands og útlanda, þá virðist ekki nein sérstök ástæða til þess, að það sé sérstakt flugfélag hér í Reykjavík, sem fyrst og fremst eigi að leggja í þetta. Það getur verið, að menn hér í Reykjavík aðrir en þeir, sem í flugfélagi eru, svo sem verkamenn og ýmsir aðrir, þ. á m. bændur úti um land, vilji leggja í þetta. Og það væri gott að fá menn um allt land til þess að vera með í þessu. Ég álít þess vegna, að þegar þingið tekur fyrir mál eins og þetta, þá sé rétt, að n. sú, sem fær það til athugunar, athugi, að ekki er ástæða til þess að löggilda sérstakt flugfélag, sem hefur verið í landinu, og gefa því einkaréttindi í þessu efni. Ég er viss um, að hér á landi eru mjög margir, sem vildu leggja í þetta. Og við þurfum vafalaust á því að halda, að margir leggi nokkuð fram, ef við ætlum að skapa okkur stór fyrirtæki, hvort sem er á sviði samgangna eða framleiðslu, og fá sem mesta þátttöku fjöldans í landinu í þessum fyrirtækjum. Og því er bezt að útiloka það frá byrjun, að nokkrir einstakir menn fái þarna einkaréttindi.

Hvað snertir þátttöku ríkisins í þessu, vil ég taka undir það, sem er meiningin með ákvæðum hæstv. ríkisstj. um hlutaféð, en mér virðist hæstv. atvmrh. vilja draga úr. Ég held, að það sé rétt, að ríkið hafi í þessu fyrirtæki raunverulegt meirihlutavald. Og ef það álízt bezt að hafa hlutafélagsform á þessu, þá álít ég rétt, að ríkinu sé tryggður samsvarandi atkvæðisréttur, því að það er rétt, að ríkið hafi aðalvaldið gagnvart flugsamgöngunum í landinu.

En gagnvart því, hvað leyfilegt sé að borga í arð, þá álít ég, að þegar tekið er fram í l., að eitthvert sérstakt félag skuli vera undanþegið tekju- og eignarskatti og greiðslu útsvars eftir efnum og ástæðum, þá er sjálfsagt að setja líka ákvæði um hámark þess arðs, sem má greiða hjá félaginu. Það er ekki ástæða til þess að slíkt félag megi greiða meira en 4% í arð af hlutafé. Og rétt er þá, að fólkið viti það frá upphafi og að útboð fari fram undir þeim forsendum. Það nægði vitanlega ekki nokkurri átt, að ríkið færi að skapa einokunaraðstöðu fyrir ákveðið hlutafélag, þó að það sjálft eigi í því hlutabréf, sem gæti verið svo mikið gróðafélag, að það græddi kannske 25—30% af hlutafé á ári, og þar að auki væri stillt svo til, að það væru ekki nema ákveðnir menn, sem ættu kost á að vera í því. Þegar ríkið stofnar til slíkra

fyrirtækja og gefur þeim skatt- og útsvarsfrelsi, þá hlýtur ríkið að segja um leið: Við gefum einstaklingum í því ekki aðstöðu til að græða meira en sem svarar vöxtum af því fé, sem þeir hafa lagt fram. Og 4% vextir virðast mér nægilega háir, sérstaklega þegar bankarnir borga nær enga vexti. — Vil ég, að hv. n. hafi hliðsjón af þessu við meðferð málsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

7. Kjötsala innanlands.

Á 46. fundi í Sþ., 21. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim* (stjfrv., A. 342).

Á 54. fundi í Nd., 22. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Nd., 25. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Í l. þeim, er nú gilda um sláturfjárafurðir, er svo ákveðið, að kjötverðlagsn. sé heimilt að leggja verðjöfnunargjald á kjöt innanlands, hæst 10 aura á kílógramm. Eins og hv. þm. er ljóst, er þessi upphæð svo lítil, að hún hefur næsta litla þýðingu eins og kjötverð er nú í landinu. Þykir því nauðsyn bera til að gera breyt. á því. Frv. það, sem hér liggur fyrir, leggur til, að þessu sé breytt þannig, að kjötverðlagsn. geti lagt verðjöfnunargjald á kjötið, en ekkert hámark sett í l., heldur þurfi n. að fá samþykki landbrh. fyrir, hvað gjaldið skuli vera hátt. Kjötverðlagsn. er samþ. þessari till., sem hér er gerð til breyt. á l., og er þetta frv. að nokkru leyti fram borið vegna óska frá n.
Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

8. Tekjuskattur og eignarskattur (tímaákvarðanir og frestir).

Á 55. fundi í Nd., 25. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv., A. 356).

Á 57. fundi í Nd., 28. sept., var frv tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Þetta frv. er samhljóða bráðabirgðal., sem gefin voru út 26. apríl s. l. og fjalla um heimild til að breyta tímaákvörðunum og frestum í sambandi við álagningu tekju- og eignarskatts. Vísa ég um þetta til grg. frv. — Tel ég ekki nauðsyn á að fylgja þessu frv. frekar úr hlaði og óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 356, n. 448).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Hv. þm. hafa sjálfsagt gert sér grein fyrir því, að þetta frv. er staðfesting á brbl., sem gefin voru út af fyrrverandi ríkisstjórn á s. l. vori, og fjalla þau um heimild til að breyta frestí þeim, sem settur er varðandi skattaframtöl, og er frv. þess vegna búið að gera sitt gagn. En vegna formshliðarinnar þarf að samþ. það hér á Alþ.
Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 70. fundi í Nd., 24. okt., var fram haldið 2. umr. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 72. og 73. fundi í Nd., 13. og 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 69. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 356, n. 536).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er aðeins staðfesting á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 26. apríl þetta ár, um framlenging á frestum þeim, sem ræðir um í 14. kafla l. nr. 6 frá 9. jan. 1935. Það er búið að framkvæma þessi bráðabirgðal., því að skattar ársins í ár hafa verið lagðir á samkv. þeim og þessir frestir voru framlengdir samkv. þeim. L. eru því búin að missa sína þýðingu, og það er formið eitt að bera þetta nú undir Alþ. til staðfestingar.
Fjhn. mælir með því, að þessu formi verði fullnægt og frv. samþykkt.

Bjarni Benediktsson: Það er athyglisvert atriði í sambandi við þetta frv., sem ég geri að vísu ráð fyrir, að hvorki hv. n. né núverandi fjmrh. geti svarað að svo stöddu, en mér finnst ákaflega merkilegt að fá upplýsingar um það. Í grg. við þetta frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta:
„Ráðherrann telur heppilegast, að fjármálaráðuneytinu verði, svo sem verið hefur undanfarin ár, veitt heimild til að breyta umræddum frestum og tímaákvörðunum og að heimildin verði til frambúðar.
Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur verði alls staðar á landinu löglega á lagðir 1944, en ekki sé ástæða til að svo stöddu að láta heimildina ná lengra en til álagningar skatta árið 1944, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:"
Þetta sýnist vera umsögn herra forsetans, hann hefur þá víst verið ríkisstjóri. Það verður ekki annað séð af þessari greinargerð en hæstv. fyrrverandi fjmrh. og útgefanda l. hafi þarna greint á. Hvort sem það hefur verið herra ríkisstjóri eða forseti, sem l. hefur gefið út, þá hefur hann ekki farið að till. hæstv. fjmrh., heldur breytt till. og farið sína eigin leið. Fjmrh. hefur að vísu fallizt á þetta, en ef svo er, og annað verður ekki séð af grg. og gangi málsins, þá er grg. ákaflega óheppilega orðuð. En ef greinargerðina er að marka, þá sýnist mér um algera nýjung í okkar stjórnarskipun að ræða. Það hefur verið talið sjálfsagt, að minnsta kosti allt frá 1918 og fram á þennan dag, að sá, sem færi með konungsvaldið, og síðan sá, sem færi með forsetavaldið, færi eftir till. ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma. Það hefur verið talið sjálfsagt, og ég minnist þess, að núverandi hæstv. fjmrh. taldi í umr. hér um núgildandi stjórnarskrá á fyrra hluta þessa þ. sjálfsagt, að þessi háttur yrði hafður á framvegis og það kæmi ekki til mála annað en frv. yrði staðfest, eins og lagt væri til af ríkisstjórninni. En hér sýnist mér, ef þessa grg. er að marka, að æðsti handhafi ríkisvaldsins hafi haft annan hátt á og neitað að staðfesta frv., eins og það kom frá hæstv. ríkisstjórn. Um þetta vildi ég mega beiðast upplýsinga, því að ég tel um stórmerkilegt stjórnskipulegt atriði að ræða, en ef svo er ekki, þá er grg. ákaflega villandi. Ég býst naumast við, að hægt sé að svara þessu á þessum fundi, en ég vildi mega mælast til þess, að upplýsingar séu gefnar um þetta áður en frv. er afgreitt til fullnustu, því að það er nauðsynlegt, að Alþ. og ríkisstjórn viti, hvaða háttur er á þessu hafður og geri sér fyllilega grein fyrir, við hverju má búast af æðsta handhafa ríkisvaldsins í þessu efni. Ég skal ekki leggja nokkurn dóm á, hvort rétt er að farið eða ekki, heldur eingöngu spyrjast fyrir um aðferðina og hvort það sé virkilega rétt, sem sýnist koma fram í greinargerðinni.
Til viðbótar þessu vildi ég mega láta uppi það álit mitt, að mér sýnist miklu skynsamlegra að hafa þann hátt á, sem hæstv. fyrrverandi fjmrh. virðist hafa lagt til, að hinu háa fjármálaráðuneyti sé gefin heimild til að breyta þessu, eftir því sem þörf gerist árlega, í stað þess að sí og æ þurfi að gefa út brbl., breytingar eða skyndibreytingar, til þess að forðast vandræði frá ári til árs.
Þess vegna vildi ég beina því til hv. fjhn., hvort ekki væri rétt að breyta frv. í það horf, sem hæstv. fyrrverandi fjmrh. virðist í upphafi hafa lagt til.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég get því miður ekki gefið neinar öruggar upplýsingar um þetta atriði, sem hv. 6. þm. Reykv. spurðist fyrir um. Ég hef ekki grennslazt eftir þessu, hvorki hjá ráðherra né forseta, hver var ágreiningurinn milli þeirra um þessi l. Ég neita því ekki, að við fyrsta yfirlestur á grg. liggur ákaflega nærri að leggja þennan skilning í það, sem hv. 6. þm. Reykv. gerði, en ég efast um, þegar þetta er nánar athugað, hvort sá skilningur er réttur. Það segir í grg.: „Ráðherrann telur heppilegast, að fjármálaráðuneytinu verði, svo sem verið hefur undanfarin ár, veitt heimild til að breyta umræddum frestum og tímaákvörðunum og að heimildin verði til frambúðar."
Þetta er skoðun ráðherra, en þegar hann fer að velta fyrir sér, hvort rétt sé að taka þessa áframhaldandi heimild upp í bráðabirgðalögin, þá kemst hann að þeirri niðurstöðu, að það orki tvímælis, hvort það sé í samræmi við stjórnarskipunina og hvort brýn nauðsyn sé á því að setja til frambúðar ákvæði um þessa fresti. Það er ekki hægt að segja, að á þeim tíma, þegar l. voru gefin út, hafi verið brýn nauðsyn fyrir fresti nema fyrir yfirstandandi ár. Hitt er annað mál, hvort þingið tekur til athugunar, eins og hv. þm. benti á, hvort ekki ætti að láta þessa heimild standa eftirleiðis.
Þetta hygg ég, að sé sú rétta skýring á, hvernig orðalagið er. Þótt forseti fari að tala í fyrstu persónu á eftir, þá getur varla annað verið en það sé orðalag ráðherra eða stjórnardeildar þeirrar, sem lagt hefur frv. fyrir forseta. Hins vegar er ég alveg á sömu skoðun og hv. 6. þm. Reykv. um það, að fjhn. ætti að taka til athugunar, hvort ekki ætti að gera breyt. á þessu og veita þessa heimild eftirleiðis. Það er alveg rétt, að það er heldur óviðkunnanlegt og óþarfa fyrirhöfn að gera ár eftir ár slíkar

bráðabirgðabreyt., þegar séð er, að þörf er fyrir þær áframhaldandi.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Út af þeim ummælum, sem hér hafa fallið, vil ég upplýsa, að fjhn. hefur einnig tekið það til nokkurrar athugunar, hvort ætti að breyta þessum lögum í þá átt, að þetta yrði til frambúðar, eða hvort það ætti aðeins að gilda fyrir yfirstandandi ár. Það var ég sjálfur, sem hreyfði því í fjhn., að það mundi þörf fyrir að hafa frestina lengri eftirleiðis en hingað til og hvort ekki mundi rétt að breyta frv. í þá átt, að þetta gilti framvegis. En hv. meðnm. mínir töldu réttast að samþykkja frv. óbreytt, og mér fannst þetta ekki svo mikilvægt atriði, að ég gæti farið að hafa neina sérstöðu í n. út af því. Ég skal ekki segja um það, hvort aðstaða n. kynni að breytast við nýja athugun, en þetta er einfalt mál og væri auðvitað mjög hægt fyrir hæstv. fjmrh. ellegar hv. 6. þm. Reykv., sem virtist hafa sömu skoðun á málinu, að bera fram brtt. við 3. umr. um þetta atriði.

Ég skal enn fremur taka fram, út af þeim orðum, sem fallið hafa, að í fyrstu, þegar ég las þessa grg. brbl., þá þótti mér hún dálítið einkennileg, og ég skildi hana eiginlega á þann hátt, sem hv. 6. þm. Reykv. gerði, en ég býst við, að skýringar hæstv. ráðh. á þessu séu réttar, að hér sé ekki um neinn árekstur milli ráðh. og fyrrv. ríkisstjóra að ræða, heldur sé það þannig, að þó að ráðherra áliti að bezt væri, að þessi breyt. yrði til frambúðar, þá hafi hann ekki séð ástæðu til að setja það í brbl., þar sem þ. átti eftir að koma saman á árinu og hafa í sinni hendi að breyta því, ef því sýndist. Mér finnst miklu líklegra, að það sé þannig, en auðvitað veit ég ekkert um það.

Ég skal sem sagt flytja þessi tilmæli til fjhn., en ef hún gerir engar breyt. út af því, þá er ósköp einfalt atriði, að brtt. komi fram frá öðrum. Ég vil skjóta því til hæstv. fjmrh., að ég álít yfirleitt fyrir mitt leyti, og hreyfði þessari sömu aths. í fjhn., að l., sem sett eru til eins árs í senn, en reynist seinna, að eru alltaf framlengd, ætti að gera að ákveðnum l., sem gilda áframhaldandi. Það er ekki eingöngu svo um þetta, heldur um viðauka og annað slíkt, sem alltaf er samþykkt á hverju einasta ári.

Magnús Jónsson: Það var aðeins út af því, að hv. frsm. fjhn. sagði, að hann hefði hreyft í n., hvort ekki væri rétt að gera þetta ákvæði 1. gr. að almennu ákvæði, í stað þess að það gilti aðeins árið 1944, og að það hefði ekki fengið undirtektir í n. Ég vildi aðeins upplýsa, að þetta var alls ekki tekið til efnislegrar meðferðar og enginn ágreiningur í sjálfu sér út af því, en bæði mér og kannske fleirum í n. þótti rétt að mæla með frv. eins og það er, því að staðfestingin er hrein og bein formsök, en hitt hins vegar efnisleg breyt. á frv.

Ég er algerlega fús að taka þetta til endurnýjaðrar athugunar í fjárhagsnefnd. Hitt er það, að að óathuguðu máli vildi ég a. m. k. ekki ganga inn á þetta. Frestir eru settir vegna þess, að talin er þörf á að hafa ákveðna fresti og bezt að hafa þau ákvæði svo í l., að ekki þyrfti frá ári til árs að breyta því. Ég vildi því skjóta því til hæstv. ráðh., hvort ekki væri rétt, að þetta frv. væri samþykkt eins og það er, en stjórnin tæki til athugunar, hvort ekki væri rétt að hafa frestina aðra og líklega til þess, að ekki þurfi að hafa undanþágu frá þeim á hverju ári. Það er í raun og veru ekki skynsamleg aðferð.

Ég er ekki á móti, að fjhn. athugi þetta aftur, en ég veit ekki, hvort það er heppileg aðferð að breyta frestunum með þeim forsendum, að alltaf þurfi að gera það. Það er miklu betra að hafa frestina þannig, að líklegt sé, að það geti staðizt.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég skal gjarnan tala við skattstjóra um þetta, áður en málið kemur til 3. umr. og heyra álit hans um, hvort honum þætti rétt að setja nýtt ákvæði um fresti inn í frv., og láta þá fjhn. vita um það, áður en málið er tekið til 3. umr., og vildi ég jafnframt beina tilmælum til hæstv. forseta, að hann léti mig vita, áður en málið er tekið á dagskrá aftur.

Bjarni Benediktsson: Ég geri ráð fyrir, að þær skýringar, sem hæstv. fjmrh. gaf á orðalagi grg., séu fyllilega réttar, a. m. k. að efni til. Ráðherra hefur sætt sig við þá meðferð, og ég get einnig skilið, að það er eðlilegt af ríkisstjóra að vilja ekki gefa út bráðabirgðalög, vegna þess að það var ekki þörf á þeim, og vissa heimild til sjálfsákvörðunar í þessu efni hefur hann óumdeilanlega stjórnskipulega. En mér finnst samt, að hér sé um svo merkilegt stjórnskipulegt atriði að ræða, að ég vildi, þrátt fyrir skýringar hæstv. ráðh., sem voru meira skynsamlegar getgátur en ákveðin fullvissa, beiðast þess, að ákveðin vissa fengist um þetta. Ég tel um svo merkilegt stjórnskipulegt atriði að ræða, að það sé nauðsynlegt fyrir menn að vita, hver háttur hefur verið tekinn upp um þetta. Ég vil engan dóm leggja á það, hvort hér er skynsamlega að farið eða ekki, en ég vil aðeins ítreka það, sem ég sagði áðan, að mér finnst þetta svo mikilvægt atriði, að nauðsynlegt sé, að menn viti gerla, hvernig framkvæmdir hafa verið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 140. fundi í Ed., 2. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 356, 1247, 1265).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1265. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Þetta frv. hefur legið alllengi í salti, og stafar það af því, að verið var að undir-

búa brtt. við það. Hef ég nú borið fram tvær, en mér er ekki fullkunnugt um, hvort fleiri koma fram.

Um þær brtt., sem ég hef flutt á þskj. 1247, er það að segja, að hvorug þeirra er neitt stórvægileg í sjálfu sér. Skal ég þá fyrst minnast á 2. brtt., af því að hún er við sjálfa frvgr. og er um það, að sú heimild, sem þar er veitt aðeins fyrir 1944 til þess að breyta tímaákvæði því, sem um er að ræða í 4. kafla tekju- og eignarskattsl. frá 1935, verði gerð almenn. Hygg ég, að sú heimild geti varla orkað tvímælis, og er því rétt, að hún sé í skattalögunum.

Hin brtt. er um það, að á undan 1. gr. komi ný gr., og breytist greinatalan samkv. því. Er hún á þá leið, að á eftir 23. gr. komi ný málsgr. um þátttöku bæjarfélaga í kostnaði af skattstofu, þar sem sérstakur skattstjóri er skipaður. Það virðist vera eðlilegt, að sá kostnaður skiptist milli ríkis og bæjar, því að bæjarfélögin njóta starfs skattstjóra og þeirrar skrifstofu, sem þar er. Í brtt. er lagt til, að í Reykjavík greiðist kostnaðurinn að ⅓, en utan Reykjavíkur að ¼, af því að það virðist ekki rétt, að sama hlutfall gildi í Reykjavík og annars staðar, af því að Reykjavík notar meira starf skattstjórans en annars staðar er gert, enda er starf skattstjóra þar nokkru víðtækara en fyrir bæjarfélagið.

Ég legg svo þessar brtt. fram til atkv. Ég skal taka fram, þótt ég væri ekki frsm. á sínum tíma, að 2. brtt. mætti vera frá n., því að hún mun mæla með henni, þó að hún hafi enga ákvörðun tekið um það.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. — Ég á smábrtt. á þskj. 1265. Hún gengur í þá átt að reyna að koma meiri festu en verið hefur um framkvæmd skattalaganna.

Það hefur komið fyrir, að menn hafa gert einhverjar ákveðnar fjármálaráðstafanir, sem hafa verið skynsamlegar miðað við þær lagaskýringar, sem gerðar hafa verið á gildandi skattal., en svo hefur einhverjum góðum manni dottið í hug, að þetta væri ekki rétt lagaskýring og farið með það til dómstólanna, og þá hefur dómurinn fallið gagnstætt hinni fyrri lagaskýringu, svo að þær fjármálaráðstafanir, sem um hefur verið að ræða, hafa reynzt hrein vitleysa. Þetta vil ég koma í veg fyrir með brtt. Ég vil, að þeim skýringum, sem framkvæmdar hafa verið á l., verði haldið áfram, og ef þeim er breytt, verði menn varaðir við, svo að þeir geti reiknað með því, að einhver festa sé í skattal. og að menn þurfi ekki að óttast mismunandi skýringar á gildandi l., sem geti gert fjárhagsráðstafanir, sem voru skynsamlegar þegar þær voru gerðar, að hreinni vitleysu vegna nýrrar lögskýringar. Mér finnst ekki til of mikils mælzt, þótt nýr skilningur, sem lagður kann að verða í einhver ákvæði skattal., verði birtur með fyrirvara, svo að menn geti gert fjárhagsráðstafnir sínar eftir því. Ég vil taka fram, þó að það sé ekki alveg sambærilegt, að þetta er dálítið skylt því, sem t. d. oft er gert í hegningarl., að þau eru ekki látin verka aftur fyrir sig til þyngingar á refsingu, heldur aðeins ef það er manninum til bóta.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um brtt., en leyfi mér að fara fram á, að hún verði samþykkt.

Bjarni Benediktsson: Að efni til er ekki nema allt gott að segja um þessa brtt. hv. þm. Seyðf., og ég geri ráð fyrir, að ég muni greiða henni atkv. En ég vil taka fram, að þótt ég vilji það, þá er það með þeim skilningi, að ef skattanefndirnar komast að því, að þær hafi framfylgt skattal. skattgreiðendum í óhag eftir ákvæðum l., þá sé þeim að sjálfsögðu heimilt að gera breyt. í þá átt. Sjálfum er mér kunnugt um tilfelli, þar sem skattanefnd hefur byggt gersamlega heimildarlausa úrskurði á því, að þetta hafi verið orðin venja og hún hafi framkvæmt l. í mörg ár með þessum hætti, en það eitt getur ekki verið nóg, ef lagastafur er ekki til. Þess vegna vil ég greiða þessari till. atkv. með skírskotun til þess, sem hv. þm. sagði áðan um verkun refsilaganna, að ef skattan. komast að þeirri niðurstöðu, að þær hafi misskilið l. í óhag skattgreiðendum, þá hafi þær frjálsar hendur til að breyta því og taka upp hagkvæmari skilning til handa skattgreiðendum án nokkurrar heimildar af hendi löggjafans. Með þessum skilningi mun ég greiða till. akvæði.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil geta þess, að fjhn. hefur ekki tekið neina ákvörðun um brtt., sem fyrir liggja. Það er orðið þannig síðan 2. umr., þar sem ég hafði framsögu f. h. n., að þá kom ein af þessum till. mjög til umr. Það er 2. brtt. á þskj. 1247. Virtust menn sammála um, að rétt væri að breyta l. í þá átt, sem sú till. gengur, svo að ég hygg, að ég megi fullyrða, að n. mundi mæla með þeirri till., ef hún væri undir hana borin.

Að því er snertir 1. brtt. á sama þskj., þá skal ég taka fram, að hvað mig snertir, en ég hef þar ekkert umboð að tala f. h. n., þá finnst mér hún sanngjörn í alla staði, og er ég því reiðubúinn að greiða henni atkv.

Hvað snertir brtt. hv. þm. Seyðf., þá er það að segja, að mér finnst þau rök, sem hann hefur fært fram, vera réttmæt. Ég mun því eftir fljótlega íhugun ekki mæla móti þessari till. En þess er að gæta, að hér er um að ræða stórt framkvæmdaratriði í skattal., og ég vil vekja athygli á því, að það er dálítil áhætta að samþ. þessa till. nú, sem er komin fram á elleftu stundu, án þess að þingnefnd hafi um hana fjallað neitt að ráði. Ég skal játa, að þetta kom aðeins til umr. í n. fyrir nokkrum dögum, en þó lauslega, svo að það er sama og ekki. Ég hygg, að þau skattayfirvöld, sem hlut eiga að máli, hafi t. d. ekki verið til kvödd að segja álit sitt um það, hvernig þetta mundi verða í framkvæmdinni, ef lögtekið yrði. Ég veit ekki, hvenær þingi lýkur, en mér sýnist á öllu, að það muni verða á morgun. Er þá auðvitað ekki góðra kosta völ að því er þetta snertir, því að þá er tilgangslaust að fresta málinu og taka það af dag-

skrá nú til þess að n. athugi það. En þó að þessi till. sé einföld og hún kunni að vera réttmæt og mér þyki ekki ólíklegt, að ég gæti á hana fallizt, þá finnst mér, að réttara hefði verið, að svona atriði væri athugað nánar, áður en það væri lögtekið, og þessu getur ekki legið svo mikið á, að það mætti ekki bíða næsta þings, og þess vegna hefði mér fundizt réttara af hv. þm. að taka till. aftur nú. Ég hugsa, að hann hafi öll skilyrði til að geta komið þessari brtt. fram og það þegar næsta haust. Þetta er aðeins mælt í varúðarskyni, en ekki af því, að ég hafi tekið ákvörðun um að vera á móti brtt. En eins og ástatt er, sé ég ekki ástæðu til að greiða henni atkv., þó að ég muni ekki leggja á móti henni. Og brtt. er, eins og ég hef tekið fram, alveg óathuguð af n. og, eftir því sem ég bezt veit, af hæstv. fjmrh. einnig.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. — Ég vil upplýsa það, að ég hef borið þessa brtt. undir hæstv. fjmrh., og hann er henni samþykkur.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég verð að játa, að mér er ekki svo kunnugt um framkvæmd einstakra atriða skattal., að ég sé þess fullkomlega umkominn að leggja dóm á það, hver áhrif samþykkt þessarar brtt. kynni að hafa. En það er mér ljóst, að hún getur haft mikil áhrif að því er þá framkvæmd snertir, þó að ég ekki viti, hversu mikil breyt. í henni felst frá því, sem er. Ég hefði talið ákaflega æskilegt, að umsögn skattstjórans í Reykjavík hefði verið fengin um brtt., áður en hún hefði komið fram.

Að því er snertir síðara atriði brtt., að skattanefndir skuli fylgja sömu reglum frá ári til árs um framkvæmd skattal. og álagning tekjuskatts og að ákvörðun skattanefnda um þessi atriði eða reglum, sem myndazt hafa, verði ekki breytt skattgreiðendum í óhag, nema tilkynning þar um hafi verið birt með hæfilegum fyrirvara, — í sambandi við þetta ákvæði virðist mér augljóst, að þetta á ekki sífellt að vera atriði, sem dómstólarnir kveði á um, hvað sé hæfilegur fyrirvari, heldur virðist mér, að í l. þurfi að standa eitthvað um það, hvað í þessu tilliti telst hæfilegur fyrirvari. Ég hlustaði á ræðu hv. frsm. og heyrði hann ekkert greina, hvað hann teldi hæfilegan fyrirvara í þessu efni. Þetta atriði út af fyrir sig gæti vitanlega skipt allmiklu máli, og mér virðist ekki ástæða til þess að láta slíkt atriði sem þetta vera óákveðið í l. og ætla dómstólunum að skera úr um það í hverju tilfelli, hvað teljast eigi hæfilegur fyrirvari.

Ég er heldur ekki viss um, að það sé fullkomlega tæmandi, sem ætlað er að ná með fyrri málsgr., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Við ákvörðun tekjuskatts ber skattanefndum að leggja til grundvallar allar tekjur skattgreiðanda árið áður en skatturinn er á lagður, og verða tekjurnar ekki skattlagðar að óbreyttum lögum eftir þann tíma, nema þeim hafi verið leynt.“

Ég er ekki alveg viss um, að ekki gæti verið ástæða til að gera fleiri brtt. en þessa einu vegna þessarar lagasetningar. En mig skortir þann kunnugleika í þessu efni, að ég er ekki fullkomlega dómbær um þetta. Vildi ég því styðja till. hv. 1. þm. Eyf. um það, að þetta mál verði athugað, og spyrja hv. flm., hvort hann telji það skipta svo miklu máli að fá þessa brtt. nú fram, að ástæða sé til að setja hana inn í frv. við síðustu umr. í síðari d., sem fjallar um þetta frv.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. — Ég hef athugað lítillega þessa brtt., sem hv. þm. Seyðf. ber hér fram á þskj. 1265, og eftir þeirri þekkingu, sem ég hef á þessum málum, fæ ég ekki betur séð en að hér sé um að ræða að taka upp í skattal. ákvæði, sem mér í raun og veru virðist, að alltaf hefði átt að vera í l. Í brtt. er ekki farið fram á annað en það, að skattanefndir passi upp á það, þegar þær ákveða skatt skattþegnanna, að skattleggja allar þeirra tekjur, sem fram koma á skattaframtölum, og að ríkið skuli ekki missa af skattgjöldum, ef skattanefndir passa ekki upp á það þegar í stað að leggja skattinn réttilega á. Þetta er regla, sem alltaf hefði átt að vera í skattal., bæði til aðhalds fyrir skattanefndirnar til þess að passa upp á, að þær leggi skattinn réttilega á, og til þess að skapa skattborgurunum það öryggi, sem þeir eiga heimting á.

Ég get líka fallizt á það með hv. þm. Seyðf., að síðara ákvæðið í brtt. eigi fullan rétt á sér, því að að sjálfsögðu er það ekki nema skylda að fylgja sömu reglum um framkvæmd skattal. og álagningu tekjuskatts frá ári til árs, en ekki sé verið að hringla með þær reglur fram og aftur þannig, að skattborgararnir geti ekki vitað fyrir fram, hvernig skatturinn er reiknaður. Það hefur komið fyrir, að skattanefndir hafa viljað hringla með þetta fram og aftur, og með því hefur skapazt öryggisleysi meira en góðu hófi gegnir. Dæmi munu vera um það, að svo langt hafi gengið, að þetta hringl fram og aftur hafi haft mjög alvarleg áhrif á afkomu atvinnurekenda. Ég fyrir mitt leyti hef alltaf fylgt þeim sjónarmiðum, sem fram koma í þessari brtt. frá hv. þm. Seyðf.

En það er eitt atriði, sem hv. 3. landsk. minntist á og mig langar til að biðja hv. þm. Seyðf. um frekari skýringar á, sem er, að í síðari málsl. brtt. hv. þm. segir, að skattanefndum beri að fylgja sömu reglum frá ári til árs um framkvæmd l. um álagningu tekjuskatts og ákvörðun skattanefnda um þessi atriði verði ekki breytt nema með hæfilegum fyrirvara. Það kemur ekki beinlínis fram berum orðum í brtt., hvað meint er hér með orðunum hæfilegum fyrirvara. En eins og brtt. er byggð og orðuð, get ég ekki skilið þetta ákvæði um hæfilegan fyrirvara á annan veg en þann, að þær nýju reglur, sem skattanefndir hyggjast að taka upp, skuli eingöngu koma til framkvæmda við álagningu skatts á þær tekjur, sem skattborgari aflar sér eftir að tilkynning um þær reglur hefur verið birt. Ég vil spyrja hv. þm. Seyðf., hvort þetta sé ekki meint með orðunum hæfilegum fyrirvara. Og ef það er rétt skilið, mun ég greiða atkv. með þessari brtt.

Lárus Jóhannesson: Skilningur hv. 9. landsk. þm. á brtt. minni er alveg réttur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins, út af því, sem sagt hefur verið hér, af því að mér hefur ekki fundizt það koma nægilega skýrt fram, spyrja hv. þm. Seyðf., hvað hann meini með því, sem stendur í brtt., að tekjur verði ekki skattlagðar að óbreyttum l. Mér skilst, að það, sem með þessari brtt. eigi að tryggja, sé, að tekjur, sem einu sinni er búið að skattleggja, verði ekki skattlagðar aftur. En þó að þetta sé samþ., skilst mér, að engin trygging sé um það fengin með þeirri lagasetningu. Þrátt fyrir það væri hægt að fara svo og svo langt aftur í tímann um að skattleggja tekjur, með því að leggja á eignaraukaskatt. Þess vegna óska ég, að þetta „að óbreyttum lögum" falli burt úr brtt., því að mér virðist það vaka fyrir hv. þm., að ekki sé hægt með sífellt nýjum l. að leggja skatta á sömu tekjurnar, sem búið er að skattleggja. En mér finnst mjög hæpið, að hægt sé að samþ. þetta. sem í brtt. kemur fram, á þessu stigi, og gæti það m. a. orðið til þess, að annaðhvort yrði að fresta þingslitum eða að frv. á þskj. 356 næði ekki fram að ganga, t. d. ef ákvæði brtt. yrði annaðhvort breytt í hv. Nd. eða það fellt úr frv., því að þá yrði að vísa frv. til þessarar hv. d. aftur. En mér skilst, að nauðsynlegt sé fyrir hæstv. ráðh. að fá þetta frv. samþ., og er leiðinlegt, að hann skuli ekki vera hér viðstaddur nú. — Mér þætti því eðlilegra, eftir því, sem hér er fram komið, að hv. þm. Seyðf. tæki brtt. aftur, og vil leyfa mér að spyrja hann að því, hvort hann vill ekki taka brtt. aftur til næsta þings.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. — Ég vil taka fram í tilefni af því, sem hv. þm. Barð. sagði, að ég er prinsipielt algerlega á móti afturverkandi l. um skattaálagningar. En það verður að vera á valdi hæstv. Alþ. á hverjum tíma að ákveða, hvort það treystir sér til þess að búa út þess konar l. eða ekki. Ég hef ekki treyst mér til þess.

En hitt finnst mér enn meiru skipta, að menn hafi eitthvert öryggi undir gildandi l., þannig að ekki séu viss lagaákvæði skýrð í dag á einn veg og á morgun á annan veg. Ef á að skýra þau ákvæði, sem þegar gilda í skattal., skattgreiðendum í óhag frá því, sem verið hefur, þá finnst mér það ekki til of mikils mælzt heldur, að gefinn sé fyrirvari um það af þeim skattyfirvöldum, sem ætla að beita þessum ákvörðunum, þannig að breyt. á framkvæmd skattal. skattgreiðendum í óhag nái eingöngu til þeirra tekna, sem aflað er eftir þann tíma þegar tilkynning kemur út um breyt. á framkvæmd skattalaganna.

Mér finnst þessi brtt. svo sjálfsögð, að ég sé ekki ástæðu til að taka hana aftur.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Ef á að fara að vísa þessari brtt. til n. til athugunar, þá er ég ákaflega hræddur um, að ekki vinnist tími til að veita henni a. m. k. þá athugun, sem mundi skera neitt verulega úr. Ég er ekki viss, um, að t. d. skattstjórinn væri svo alveg tilbúinn að gefa sína umsögn í skyndi, að til þessarar athugunar ynnist tími. Og ég sé í raun og veru ekki, að skattyfirvöldin út af fyrir sig þurfi að hafa neitt við það að athuga, þó að þessi brtt. væri samþ. Þau fylgja þeim l. og reglum, sem um er að ræða, treysta á fremsta hlunn um að leggja skatta á, og dómstólarnir skera svo úr. Mér sýnist, að ef þetta ákvæði hefði verið í skattal. frá upphafi, sem í brtt. hv. þm. Seyðf. er, mundi mönnum finnast þetta sjálfsagður hlutur. Og menn hafa lifað eftir því ákvæði, þangað til menn reka sig á, að þetta getur orðið framkvæmt samkv. l. öðruvísi en eftir anda þessarar brtt. Og þegar menn svo reka sig þannig á, verður þeim ljóst, að eitt hið hvimleiðasta fyrirbrigði er réttaröryggisleysi, sem getur og hefur komið fram í því, að maður, sem búinn er að sjá, að eitthvað er framkvæmt hvað eftir annað eftir l. á vissan veg, og það er óátalið og virðist vera rétt, verður hins svo var einn góðan veðurdag, að það traust hans bregzt, að sú sama framkvæmd verði höfð áfram á l., en fær í staðinn að kenna á nýrri framkvæmd á l. — Þess vegna virðist mér, að svona ákvæði, sem í brtt. felst, að skattanefndir eigi að fylgja sömu reglum frá ári til árs í framkvæmd skattal., hefði átt að vera í lögunum.

Út af því, sem hv. þm. Barð. ræddi um orðin „að óbreyttum lögum", sem eru í brtt., er það að segja, að það verður náttúrlega allt annað mál úr því, sem í brtt. er, ef þessum orðum er sleppt. Það væri þá ekki annað en að banna skattlagningu eftir á. Og það væri þýðingarlaust að ætla að banna slíkt með l., því að ef ný l. væru sett um þennan skatt, þá ganga þau fyrir. Ef slíkt ákvæði ætti að koma að haldi til þess að banna að leggja á skatta eftir á, yrði það að vera stjórnarskrárákvæði. Og ef samþ. slíks ákvæðis í l. jafngilti stjórnarskrárákvæði um það, þá hygg ég, að margir hv. þm. hikuðu við að setja slíkt ákvæði í lögin.

En þegar með framkvæmd skattal. hefur skapazt föst venja, sem allir hafa gengið út frá, að mætti treysta, að ekki yrði út af breytt, en hins vegar hefur sýnt sig, að er ekkert réttaröryggi í eftir l., þá skilst mér, að ekki geti í raun og veru verið neinn verulegur ágreiningur um það, að efni þessarar brtt. beri að samþykkja.

ATKVGR.

Brtt. 1265 samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, LJóh, MJ, ÞÞ, BBen, EE, GJ.

nei: HG, IngP, JJ, KA, BrB.

HermJ, PHerm, BSt, StgrA greiddu ekki atkv.

1 þm. (PM) fjarstaddur.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Ingvar Pálmason: Þessari brtt. var útbýtt nú á fundinum, og það kann að vera, að fyrir lögfræðingum sé hún ljós. En ég tel, að þar sem hv. þm. hefur ekki gefizt kostur á að láta n. fjalla um þessa brtt., og þó að það kunni að vera, að efni hennar

sé þarft, þá tel ég með öllu óviðeigandi að setja þetta inn á allra síðustu stundu, og ég segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Af þeim ástæðum, sem ég hef greint, vil ég ekki greiða atkv. um þessa brtt. á þessu stigi þingsins. Ég greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 1247,1 samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 1247,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1247,3 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 99. fundi í Sþ., 2. marz, var frv. útbýtt frá Nd., eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 1266).

Á 142. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forseti (BG): Mér hafa borizt skriflegar brtt. frá hv. 8. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Húnv., um að fella niður tvær gr. úr frv. (Sjá þskj. 1280).

Brtt. eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf því afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Þegar þetta frv. kom hér fyrst, var það aðeins staðfesting á bráðabirgðalögum um fresti við álagning skatta. Nú hefur sá háttur verið upp tekinn í hv. Ed. að bæta við tveimur gr. Fyrri gr. fæ ég ekki skilið, hvorki þýðingu hennar né tilgang, og svo er um fleiri þm., sem ég hef átt tal við um þetta. Mér finnst mjög óviðfelldið að skjóta slíkum lagaákvæðum inn í á síðustu stundum þingsins. Og ef þetta er eitthvað áríðandi, þá mætti það bíða til næsta þings, svo að hægt væri að fá skýringu á því, hvað verið er að fara. — Hin gr. fjallar um hluttöku bæjarsjóðs í kostnaði við störf skattstofunnar í Reykjavík, og gegnir sama máli um hana og fyrri gr., að hún mætti bíða, en ekki að blanda henni saman við óskylt málefni.

Það er því till. mín og hv. þm. V.-Húnv., að báðar þessar gr. verði felldar niður.

Jakob Möller: Herra forseti. — Mér þykir menn heldur vígreifir, þegar menn hafa ákveðið að fara ekki í ófrið. Ég álít, að fyrsta gr. sé meinlaus og hafi góðan tilgang, og miðar hún að því að auka öryggi skattþegnanna. Legg ég því til, að hún verði samþykkt. — Hins vegar er ég í meiri vafa um breyt. á sjálfri frvgr. Eins og hv. 8. þm. Reykv. gat um, var þetta frv. komið fram til að staðfesta brbl. um fresti við álagning skatta. Þessu hefur verið breytt þannig í Ed., að það er komið í það horf, að heimilt er að breyta þessu hvenær sem er. Ég tel, að þetta gæti orðið til þess, að skattanefndir gætu freistazt til að draga úr hófi fram störf sín, þegar þær vita, að unnt er að fá frest. Ég er því ekki hrifinn af þessu ákvæði, en legg til, að frv. verði samþykkt.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Mér finnst það ekki bera vott um neinn ófriðarhug, þó að 2 litlar lagagr. séu að velli lagðar.

Mér virðist nú sem hv. 3. þm. Reykv. skilji ekki 1. gr., þótt hann mæli henni bót, og hygg ég, að enginn skilji hana. Eftir þessari gr. skilst mér, að þótt skattanefndir hafi gert eitthvað rangt, þá ætti að halda því áfram, nema tilkynning þar um hafi verið birt með hæfilegum fyrirvara. En hvað er hæfilegur fyrirvari, og hver á að dæma um það? Ég sé ekki ástæðu til að flaustra þessu af núna, því að ef um eitthvert efni er að ræða, þá má þetta bíða næsta þings.

ATKVGR.
Brtt. 1280,1 samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 1280,2 samþ. með 13:7 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 100. fundi í Sþ., 3. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 1283).

Þar sem Ed. hafði lokið störfum, varð frv. ekki útrætt.

---

9. Eftirlaunagreiðslur ríkis og ríkisstofnana.

Á 59. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 122 30. des. 1943, um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um (stjfrv., A. 463).

Á 70. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Mat á beitu o. fl.

Á 43. fundi í Sþ., 14. sept., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um beitumál (stjfvr., A. 316).

A 43. fundi í Ed., 15. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Á s. l. ári var samþ. hér á Alþ. þál., þar sem skorað er á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á og gera tillögur um beitu landsmanna. Þessi þál. var borin fram sökum þess, að mjög hafði á því borið um nokkurra ára skeið, að mikið skorti á, að nægileg beita væri til í landinu, og voru allir, sem til þekktu, sammála um, að einhverra umbóta þyrfti í þessu máli. Ráðuneytið bað mþn. í sjávarútvegsmálum að athuga þetta og gera uppkast að frv. til l. um beitumál. Þetta gerði mþn. og sendi það frv. til atvinnumálarn. fyrir alllöngu. Þetta frv., sem hér er borið fram, er að nokkru leyti byggt á því frv., sem mþn. lét ráðuneytinu í té, en þó hafa verið felld úr því nokkur atriði, sem ég vil skýra nánar.

Lagt er til hér í frv., að skipuð sé 5 manna nefnd eftir tilnefningu þeirra aðila, sem helzt verður að telja umbjóðendur þeirra, sem beituframleiðslu og beitunotkun hafa með höndum, og er þeim ætlað að fylgjast með því, hvað beituþörf landsmanna sé hæfilega áætluð á hverju ári, og hafa eftirlit með því, að nægilega mikið sé framleitt af frosinni beitu og geymslu fyrir komið á hæfilegan hátt í þeim frystihúsum, sem nú eru til eða verða til í landinu. Það er einnig gert ráð fyrir, að beitan sé metin, og skulu fiskimatsmenn á hverjum frystingarstað annast beitumatið. Þetta ákvæði er vissulega æskilegt og nauðsynlegt, því að mikið hefur vantað á, að þannig hafi verið farið með beituna, bæði á undan og eftir frystingu, að viðunandi geti talizt, og því nauðsynlegt að tryggja góða vöru. Það er líka gert ráð fyrir, að ef ekki er nægilega séð fyrir beituþörf landsmanna, hafi beitunefnd rétt til að grípa inn í á þann hátt að frysta beitu á sinn reikning og hafa til sölu handa landsmönnum.

Þetta er í höfuðatriðum það, sem þetta frv. leggur til. Munurinn á þessu frv. og því, sem mþn. samdi, er fyrst og fremst fólginn í því, að fellt er niður ákvæði, sem var í því frv. um að beitunefnd hefði vald til þess að byggja sérstök frystihús til þess að geyma í frysta beitu. Þetta er fellt niður sökum þess, að ráðuneytið lítur svo á, að nógu vel verði séð fyrir þessu máli með þeim reglum, sem hér eru, og að ekki sé æskilegt að grípa inn í með öðrum lagaboðum. Gæti það orðið til þess, að þeir einstaklingar, sem nú starfa að beitufrystingu, létu það niður falla, og mætti það þá teljast verr farið. — Annað atriði, sem breytt er, er það, að gert var ráð fyrir að skipaðir væru sérstakir beitumatsmenn, er önnuðust matið. En þar sem við nánari athugun kemur í ljós, að fiskimatsmenn eru trúnaðarmenn hins opinbera, má telja víst, að hver og einn þeirra hafi nægilega þekkingu til að framkvæma þetta verk og því gert ráð fyrir, að þeim sé falið það, eins og frv. er lagt fyrir hv. deild. Vil ég álíta þetta frv., ef það yrði gert að lögum, drjúgan áfanga í rétta átt til að tryggja, að góð beita verði til í landinu á næstu árum. Með þessum orðum vil ég leggja frv. fyrir hv. deild og legg til, að málinu verði vísað til hv. sjútvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil við þessa 1. umr. lýsa ánægju minni yfir þessu frv. Það er orð í tíma talað, að eitthvað verður að gera til að tryggja þetta nauðsynjamál fyrir landsmenn. En með því að ég veit, að málið verður til umr. í sjútvn., vil ég á þessu stigi málsins aðeins bera fram tvær fyrirspurnir til hæstv. ráðh. Sú fyrri er á þá leið, hvort hæstv. ríkisstj. eða hann sem hæstv. atvmrh. gæti fallizt á, að 2. gr. yrði breytt til nokkuð meira samræmis, þannig að umbjóðendur þeirra, sem helzt nota beituna, ættu þar sæti. Fyndist mér ekki óeðlilegt, að Fisksölusambandið, sem hefur verið umbjóðandi smábátaútvegsins um allt land, komi þar til greina sem aðili, því að þótt starf þess liggi nokkuð niðri nú, sökum þess að lítið hefur verið um saltfisksölu, má gera ráð fyrir, að á því verði breyting áður en langt um líður. Hin fyrirspurnin er í sambandi við það, að fellt hefur verið niður að heimila beitunefnd að reka og reisa sérstök frystihús til frystingar á beitu. Ég er því sammála, að það hefði verið mjög eðlilegt að fella þetta úr frv., en vildi í sambandi við þetta spyrja hæstv. ráðh., hvort honum þætti tiltækilegt, að sett væri inn í þetta frv. eitthvert ákvæði um, að þeim frystihúsum á landinu, sem byggð hafa verið fyrir mjög mikinn styrk úr ríkissjóði, máske ⅓, bæri meiri skylda til að taka að sér beitufrystingu og geymslu en þeim frystihúsum, sem byggð hafa verið án styrks.

Það eru þessi tvö atriði, sem ég vildi leita álits hæstv. ráðh. á, áður en málið verður tekið fyrir hjá nefndinni.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Út af þeim fyrirspurnum, sem hv. þm. Barð. bar fram, vil ég taka þetta fram. Viðkomandi 2. gr. frv., um tilnefningu í beitunefnd, er það er segja eins og ég tók fram í upphafi máls míns, að þeir aðilar, sem hér hafa verið nefndir, eru valdir með það fyrir augum að vera umbjóðendur þeirra aðila, sem þar eiga mest réttar að gæta. Annars vegar er Fiskifélag Íslands og Alþýðusambandið, með það fyrir augum, að Fiskifélagið mætti skoða sem umbjóðanda sjómanna og útgerðarmanna, og Alþýðusambandið sem umbjóðanda manna, sem vissulega hafa hér síns réttar að gæta, og fiskimanna almennt. Hins vegar er nefndin skipuð eftir tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Í þessum tveimur stofnunum eru flest eða öll hraðfrystihús í landinu, sem líklegt er, að taka mundu þátt í að framleiða beitu. Með þeirri till. var leitazt við að gefa báðum aðilum, notendum og framleiðendum, nokkuð jafna aðstöðu í þeirri von, að með því móti næðist gott samstarf milli

nefndra aðila. Ef hv. deild þykir Fisksölusambandið réttari aðili en annarhvor forsvarsaðili þeirra, sem nota beituna, hef ég út af fyrir mig ekki mikið um það að segja. En mér þykir vafasamt, að komið geti til mála að taka það í staðinn fyrir Fiskifélag Íslands, því að Fiskifélagið er orðið þess eðlis, að mér finnst sjálfsagður hlutur, að það fái fulltrúa í nefndinni. Og eins og hv. þm. tók fram, er Fisksölusambandið sem stendur umfangslítil starfsemi, sökum þess, hve lítið hefur verið um sölu á saltfiski. Finnst mér því ekki hlýða að taka Fisksölusambandið upp í staðinn fyrir annan þeirra aðila, sem nefndir eru í frv. — Í sambandi við hina fyrirspurnina, hvort ég telji ástæðu til að leggja sérstakar skyldur á þau frystihús, sem hafa fengið styrk, vil ég taka þetta fram. Það eru nú svo að segja öll frystihús í landinu, sem hafa fengið opinbera aðstoð, sum beinan styrk, sem veittur var til kjötfrystingar á byrjunarárum kjötfrystihúsanna, og hafa svo síðan fengið lán, sem hefur verið mikil hjálp til að koma þeim upp, og sama máli gegnir um þau frystihús, sem byggð hafa verið síðan. Þessi styrkur var veittur til þess að hraðfrystihúsin gætu annað því að frysta kjöt til útflutnings og innanlandssölu, og ég held, að þau hafi öll innt af hendi þær skyldur, sem þeim voru lagðar á herðar með þessum styrk. Ég tel þess vegna því fara mjög fjarri, að það sé rétt að leggja á þau sérstakar skyldur, því að með því móti gæti svo farið í sumum tilfellum, að þau gætu ekki uppfyllt þær skyldur, sem upphaflega voru lagðar þeim á herðar, þ. e. að frysta kjöt. Tel ég þessa leið því mjög vafasama og tæplega færa.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir skýr svör og hef ritað hér niður hans skoðun á málinu, sem verður lögð fyrir hv. sjútvn. til umr. og athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 316, n. 511 og 516).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Mál þetta á þskj. 316 er borið fram af fyrrv. ríkisstjórn, og var við það frv. stuðzt við uppkast frá mþn. í sjávarútvegsmálum, þótt í nokkrum atriðum væri vikið frá þeim till., sem mþn. í sjávarútvegsmálum lagði til í sínu uppkasti. Var það einkum í þessum tveim meginatriðum, að mþn. í sjávarútvegsmálum lagði til, að með þetta mál færi 3 manna n., en ríkisstjórnin gerði till. um fjölgun í n. og vildi, að með það færi 5 manna n. Auk þess hefur mþn. í sjávarútvegsmálum lagt til, að ríkisstjórninni sé veitt heimild til þess að verja stórum fjárfúlgum til byggingar og reksturs frystihúsi, allt að 700 þús. kr., en fráfarandi ríkisstjórn vildi ekki taka þetta inn í sitt frv. Þessu máli var vísað til hv. sjútvn. þann 15. sept. og hefur legið hjá n. í 2 mánuði, og vildi ég gera grein fyrir ástæðunum til þess, að það var svo lengi í meðförunum. Stafaði það fyrst og fremst af því, að framan af var ekki hægt að afgr. málið vegna þess, að forseti Fiskifélags Íslands var erlendis og með honum núverandi hæstv. dómsmrh., og þótti rétt að bíða eftir heimkomu þeirra, svo að hægt væri að ræða við þá, en vitað var, að hæstv. dómsmrh. var engan veginn sama um það, hvernig málið yrði afgreitt. Málið hefur verið sent Fiskifélagi Íslands til umsagnar, en það lagði á móti því, að frv. yrði samþ. eins og það kom frá ríkisstjórninni. Meiri hl. sjútvn. taldi, að gera þyrfti miklar breyt. á frv., og meiri hluti n. tók sig til og samdi frv. upp að nýju í raun og veru og gerði á því nokkrar breyt., en þær eru aðallega fólgnar í því, að beita skuli metin áður en hún er fryst. Samkv. frv. stjórnarinnar skyldi meta hana þegar hún væri seld. Sjútvn. áleit nauðsynlegt að fyrirskipa mat á beitunni nýrri, því að það hefur engu minni þýðingu að tryggja það, að sem allra bezt sé farið með beituna áður en hún er fryst. Sjútvn. var einnig sammála um að halda þeim ákvæðum að láta fara fram beitumat, eins og gert er ráð fyrir í frv. fyrrv. ríkisstjórnar.

Meiri hluti sjútvn. vildi ekki láta setja á stofn sérstaka n. til þess að hafa á hendi þessi mál, hvorki 3 manna né 5 manna n., eins og mþn. í sjávarútvegsmálum og fyrrv. ríkisstjórn hafa gert ráð fyrir í frv. sínum, heldur vildi meiri hl. n. fela Fiskifélagi Íslands málið algerlega og láta það hafa bæði veg og vanda af því. Fiskifélagið er hér stærsti umboðsaðili þeirra manna, sem mest nota þessa vöru, þ. e. a. s., smáútvegsmanna, og þótti þá eðlilegt að láta það hafa með þetta mál að gera, enda er skýrslusöfnun sú, sem Fiskifélagið annast, mikill þáttur í þessu starfi.

Þriðju breyt. eru þær, að n. lagði til, að skýrslusöfnunin verði gerð ýtarlegri en frv. gerir ráð fyrir, og raunverulega er þá frv. komið í það horf, að meginatriðin eru beitumatið annars vegar og víðtæk skýrslusöfnun hins vegar, svo að Fiskifélagið geti á réttum tíma gefið nauðsynlegar upplýsingar til allra þeirra aðila, sem þetta mál snertir, um þá hættu, sem kynni að vera yfirvofandi á hverjum tíma, svo að þeir hafi tækifæri til þess sjálfir að bæta úr því, áður en í óefni er komið, en ef það skyldi bregðast, að geta þá fylgzt svo náið með málinu, að Fiskifélagið geti einnig gripið inn í til þess að forðast hættuna af beituskortinum. Þetta er nákvæmlega í samræmi við þær till., sem fiskiþingið hefur gert í málinu. N. kallaði til sín fulltrúa frá Fiskifélaginu og ræddi við hann um frv., eftir að þessar breyt. höfðu verið gerðar, og lýsti hann yfir því, að hann væri samþykkur því eins og það nú liggur fyrir og lagði til fyrir hönd Fiskifélagsins, að frv. næði þannig breytt fram að ganga á Alþ. Einn af nm., hæstv. forseti þessarar d., gat ekki orðið n. sammála og skilar hann því séráliti.

Hv. l. þm. Reykv. var ekki á fundi, þegar end-

anleg ákvörðun um þetta mál var tekin, og hefur því ekki skrifað undir nál. Gerir hann ef til vill grein fyrir sinni afstöðu til málsins við þessa umr.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, minnast á nál. hv. minni hluta. Hans afstaða er fólgin í því, að hann vildi hallast að því ákvæði í frv. fráfarandi ríkisstj., að n. yrði skipuð til þess að framkvæma þetta mál, en það yrði ekki falið Fiskifélaginu. En þó er það kannske enn veigameira atriði, að hann vildi einnig, að ríkisstjórninni yrði gefin heimild til þess að verja stórum fjárhæðum úr ríkissjóði, ef nauðsynlegt þætti, til byggingar og reksturs frystihúss eða allt að 200 þús. kr. lán til reksturs þess auk byggingarkostnaðar.

Það er talað um samkv. þessu nál., að beitun. hafi önnur úrræði, sem grípa megi til, ef samningar við frystihúsaeigendur reynast torveldir. Það er engan veginn hægt fyrir Alþ. að gefa ríkisstjórninni heimild til þess að byggja fyrirtæki fyrir 500 þús. kr. og taka 200 þús. kr. rekstrarlán, og svo yrðu þessi fyrirtæki aðeins notuð ef ástæður þættu til þess að grípa inn í. Vitanlega verður, er byggja á frystihús, að skapa því eðlileg rekstrarskilyrði. Um þetta var rætt í n., og það kom fram, að nm. höfðu ekki trú á, að hægt væri að reka frystihús, sem ekki frysti annað en beitu, og þess vegna yrði að ákveða fyrirtækinu rýmra starfsvið, ef heimila ætti ríkisstjórninni framkvæmd þessa. Það var m. a. vegna þess, að meiri hl. n. gat ekki fallizt á að hafa þetta í frv., auk þess sem horfurnar hafa breytzt mjög, með því að frystihúsum hefur fjölgað í landinu og eru nú svo að segja í hverri veiðistöð, í sumum veiðistöðvum 2 eða 3, og að áliti beztu manna um þetta mál er það raunverulega mikið til sjálfskaparvíti, ef beituskortur verður, sem nú orðið getur eingöngu orðið vegna skorts á upplýsingum. Hér er gert ráð fyrir því í till. meiri hl. n. að koma ábyrgðinni að svo miklu leyti sem hægt er á þá aðila, sem við þetta eiga að búa, ekki einasta á sjómennina og útgerðarmennina, heldur og á þau hreppsfélög, þar sem afkoma hreppsins veltur á því, hvort nægilegur beituforði er til eða ekki. Grípur þá Fiskifélagið ekki inn í nema eftir till. þessara aðila. Þótti n. sjálfsagt að hafa þetta í frv., svo að þeir tækju meðábyrgð á þessum málum. Ég skal líka leyfa mér að benda á, að síðan farið var að frysta nýmeti í gúmmíumbúðum, en sú frystiaðferð ryður sér nú til rúms í Vesturheimi, eru sigraðir þeir erfiðleikar við geymslu á beitu, að hún þránar ekki, og þarf þá ekki að hafa umhverfis hana þykkar klakahúðir til þess að verja hana, eins og nú er gert, og auk þess er hægt að geyma hana í slíkum umbúðum árum saman, án þess að hún skemmist, en það eru mestu erfiðleikarinr við beitufrystinguna, að ef beitan hefur ekki selzt öll á sama árinu og hún er fryst, hefur orðið að fleygja því, sem eftir var, vegna þess að hún hefur þránað og er þá orðin óhæf til sölu.

Strax og hægt er að fá slíkar umbúðir til landsins er þess vænzt, að Fiskifélag Íslands hafi opin augun fyrir því að benda viðkomandi aðilum á að nota slíkar umbúðir, og vænti ég, að það takist innan skamms tíma.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar að sinni, en legg til fyrir hönd meiri hl. n., að breyt., sem hún hefur gert á þskj. 511, verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. — Tilgangurinn með því frv., sem hér liggur fyrir til umr., á að vera tvenns konar. Annars vegar að tryggja það svo sem hægt verður, að ekki komi fyrir, að beituskortur verði í landinu og afli landsmanna verði minni af þeim sökum, hins vegar, að þá beitu, sem á boðstólum verður, sé hægt að fá á hverjum tíma við hæfilegu verði.

Mér hefur þó ofurlítið fundizt, að mönnum þyki þetta vera smámál, en ég held, að fyrir smábátaútveginn sé þetta þýðingarmikið mál og að smáútvegsmenn varði miklu, hvernig málum þessum er skipað og hvernig tryggð eru þau tvö atriði, sem ég nefndi áður, að frv. ætti að miða að.

Einn þessara smáútgerðarmanna hefur sagt mér, að beitukostnaðurinn sé stærsti útgjaldaliðurinn við smáútgerð. Hann sagði, að á síðustu vetrarvertíð hefði beitukostnaður á bát hans orðið 40 þús. kr., þegar olíukostnaður varð ekki meiri en 7 þús. kr. Beitukostnaðurinn var þannig nærri sexfaldur á við olíukostnaðinn. Þetta beitumál er síður en svo þýðingarlítið og þess vert, að Alþ. athugi það og geri alvarlegar ráðstafanir til þess að bæta úr því. Frv. það, sem hér liggur fyrir og var flutt af fyrrv. atvmrh., er að mestu leyti byggt á till. að frv., sem mþn. í sjávarútvegsmálum samdi. Þó er vikið frá því, en einkum í einu atriði. Mþn. er skipuð fulltrúum frá öllum þingflokkum, og því er álit hennar nokkurs konar samkomulag þingflokkanna eða a. m. k. fulltrúa allra þeirra. Ég hef því miðað nál. mitt við samkomulag þessarar mþn. nema í einu atriði, sem er nokkuð á aðra leið. Hv. sjútvn. þessarar d. hefur breytt þessu nokkuð, en þó einkum í tveim atriðum. Í fyrsta lagi, að meiri hluti vill fela Fiskifélagi Íslands alla framkvæmd þessara laga, en eigi, eins og ég lagði til, að sérstök nefnd, skipuð fulltrúum þeirra aðila, sem beinna hagsmuna hafa að gæta um þetta mál, hafi það sem sérstakt starf og beri ábyrgð á því gagnvart umbjóðendum sínum. En þetta orsakast af því, að ég lít öðrum augum á Fiskifélagið en hv. meiri hl. n.

Hv. þm. Barð. sagði hér, að Fiskifélagið væri stærsti aðili að þessum málum. Ég lít öðruvísi á þetta. Fiskifélagið er félag útgerðarmanna og getur ekki talizt umbjóðandi fyrir nema nokkurn hluta þeirra manna, sem hér um eiga beinna hagsmuna að gæta. Hlutarsjómenn eru margfalt fleiri en útgerðarmenn, sem Fiskifélagið er fulltrúi fyrir. Og þótt Fiskifélagið gæti hagsmuna útgerðarmanna, þá er ekki hlutarsjómönnum tryggður sá réttur, sem þeim ber, en fulltrúi þeirra er Alþýðusamband Íslands. Því legg ég til, að nefndin sé skipuð fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands. Í frv. eins og það liggur hér fyrir er að vísu gert ráð fyrir, að sérstök nefnd sé skipuð, en í henni skulu eiga sæti full-

trúar frá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ég tel, að þetta sé byggt á misskilningi. Fulltrúar þeirra, sem selja, hafa ekkert að gera í nefndinni, sem skal vera skipuð fulltrúum kaupenda. Þannig er það í öllum viðskiptum.

Þá er annað meginatriði, sem ágreiningur hefur orðið um í þessu máli. Í till. mþn. í sjávarútvegsmálum, sem þetta frv. er byggt á, er gert ráð fyrir, að beitunefnd geti, ef hún telur þörf á, látið reisa eða kaupa frystihús til að geyma beituna í, með samþykki ráðh. Hæstv. ráðh. felldi þetta úr frv. og meiri hl. sjútvn. hefur heldur ekki fallizt á þetta. En ég hygg, að það geti verið nauðsynlegt, að beitunefnd geti gert ráðstafanir til þess að beita verði fryst, eftir að aðrar leiðir hafa verið reyndar. En ég hef sett þetta fram í öðru formi en mþn. Hv. frsm. sagði, að ógerlegt væri að reisa frystihús, sem gerði ekki annað en frysta beitu til útgerðarinnar, því að rekstur þess væri ekki tryggður. Þetta viðurkenni ég, en ég legg til, að síldarverksmiðjum ríkisins verði falið að annast frystinguna, því að þótt stofnkostnaður yrði ekki minni, þá yrði rekstrarkostnaður minni en ef sérstakt frystihús væri reist, því að þá þyrfti ekki að bæta við starfsfólki nema meðan vinna fer fram, og eigi þyrfti heldur að auka stjórnarkostnað, ef það væri reist í sambandi við síldarverksmiðjurnar. Ef þetta yrði gert, gæti komið til mála, að hægt væri að selja beitu með vægara verði en annars. Ég vil taka það fram, að þótt beitunefnd hefði þessa heimild, þá ætlast ég ekki til, að til hennar verði gripið, fyrr en aðrir möguleikar hafa verið reyndir og hún telur sig ekki hafa komizt að viðunandi samkomulagi við þau frystihús, sem fyrir eru. Frystihúsum hefur að vísu fjölgað, eins og frsm. benti á, en verkefni þeirra hafa aukizt og þau hafa meiri áhuga á öðru en að frysta beitu fyrir smáútgerðina. Þess vegna vil ég, að þessi möguleiki sé fyrir hendi, þótt fyrst beri að leita samninga við frystihúsin, þannig að næg og ódýr beita sé ávallt til. Ég tel, að hvergi verði hægara að koma þessu fyrir en í sambandi við síldarverksmiðjurnar. Það þyrfti ekki að hafa mjög mikinn aukarekstrarkostnað í för með sér. Ég hygg nú, að málið liggi nægilega ljóst fyrir hv. d. og sé ekki ástæða til að ræða þetta frekar.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég vil gera grein fyrir minni afstöðu í þessu máli, þótt það geti eigi talizt afstaða ríkisstjórnarinnar, sem ekki hefur rætt málið. Málið er lagt fyrir af fyrrv. atvmrh., og hafði hann fellt úr áliti mþn. ákvæði um, að beitunefnd mætti láta reisa frystihús til að frysta beitu. Með því að fella þetta burt er beitunefnd breytt þannig, að hún er ekki lengur framkvæmdanefnd, heldur nokkurs konar eftirlitsnefnd. Þá var og breytt skipun nefndarinnar, þannig að í staðinn fyrir fulltrúa hlutarsjómanna koma fulltrúar útgerðarmanna. En ég tel, að ekki ætti að fela Fiskifélaginu þetta, sem hefur eigi aðstöðu til að fylgjast með þessu á Norðurlandi, en þaðan kemur beitan. Ég álít því, að frv. sé betra eins og það kemur frá mþn. en sjútvn. og það sé þannig líklegra til verulegra úrbóta. Sama er að segja um önnur þau ákvæði, sem felld voru burt úr till. varðandi álit minni hlutans. Þá gæti komið til mála að fela síldarverksmiðjunum þetta, en til þess þarf fyllri ákvæði. Þær starfa eftir lögum, sem þetta getur ekki fallið undir. Til þess þyrfti fyllri ákvæði, t. d. mega þeir, sem leggja inn síld í lýsi, ekki eiga á hættu, að því verði blandað saman við rekstur, sem gæti orðið tap á. Þeim rekstri yrði því að halda aðgreindum. Ég vek aðeins athygli á þessu, án þess að ég vilji blanda mér frekar inn í þetta að svo komnu.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Hæstv. ráðherra gat þess, að með þessum breyt. væri nefndinni breytt í eftirlitsnefnd úr framkvæmdarnefnd. Þetta er að nokkru rétt. Þó er gert ráð fyrir, að Fiskifélagið geti gripið inn í, ef þörf krefur, og ég álít, að enginn aðili frekar en Fiskifélagið hafi betra yfirlit yfir þetta. Það hefur skýrslusöfnunina og þar af leiðandi bezta aðstöðu til þeirra hluta. Ekki er hægt að ætlast til, að ríkið annist öflun beitu, ef aðilarnir á hverjum stað eru svo sljóir, að þeir hugsa ekki fyrir því, eftir að þeir hafa verið aðvaraðir. Það væri að losa þá við ábyrgð, sem eðlilegt er, að þeir hafi.

Þá vil ég minnast á aths. hv. 4. landsk. Hann sagði, að þetta frv. væri til þess að forðast beituskort. Þetta er rétt; meira að segja til að fyrirbyggja beituskort. Þá sagði hann, að það ætti að tryggja, að beita væri seld við vægu verði. Þetta felur frv. það einnig í sér, þar sem gert er ráð fyrir verðlagseftirliti, eins og við aðrar vörur í landinu. Svo að ég tel, að sjútvn. hafi búið um þetta atriði eins vel og hægt er.

Þá minntist hv. 4. landsk. á, að líta mætti svo á, að þessar till. væri nokkurs konar samningur milli allra þingflokka, og væri það þess vegna einkennilegt, ef slíkt mál næði ekki fram að ganga hér í hv. deild.

Ég vil í sambandi við þetta benda hv. 4. landsk. á, að Sigurður Kristjánsson lítur svo á, að einfaldari ráð en frv. gerir ráð fyrir til öryggis beitumálum hefðu verið finnanleg og áskilur sér rétt til þess að fylgja brtt. í þá átt og skrifar undir nál. með fyrirvara. Hann er formaður þeirrar n., sem þessar till. eru komnar frá, svo að það má ekki skoðast undir neinum kringumstæðum sem sameiginleg samþ. þingflokkanna, enda mér ekki vitanlega borið undir þingflokkana til samþykktar eða synjunar.

Þá taldi hv. 4. landsk., að Fiskifélagið væri fulltrúi útgerðarmanna, en ekki hlutarmanna, og væri eðlilegra, að Alþýðusambandið væri þeirra fulltrúi. En ég hef ekki þann skilning á þessu, heldur álít ég, að Fiskifélagið sé fyrst og fremst fulltrúi smáútgerðarmanna í landinu og annarra útgerðarmanna og einnig hlutarmanna. Þegar um vöru er að ræða, þar sem andvirði hennar er tekið af óskiptum afla, getur umboðsmaður útgerðarinnar ekki gengið á hag hlutarmanna, þar sem hann er einn hluthafinn

sjálfur, þar sem slíkt kæmi vitanlega einnig niður á útgerðinni. Og jafnvel þó að Fiskifélagið væri umboðsmaður útgerðarmanna, sem ég algerlega mótmæli, þá væri samt sem áður í þessu tilfelli ekki unnt að gera neinn greinarmun. Og séu hásetar ráðnir með hlutatryggingu eða upp á fast kaup, kemur þetta ekki til greina. En séu þeir ráðnir upp á hlut, er hægt að skilja sundur hagsmuni þeirra annars vegar og hagsmuni útgerðarmanna, sem taka einnig hluti fyrir báta og veiðarfæri hins vegar. Ég fullyrði, að Fiskifélagið hefur starfað þannig undanfarið, að það hefur gætt vel hagsmuna smáútgerðarmanna og hlutarmanna og mun aldrei hafa unnið meir í þá átt en einmitt nú að gæta hagsmuna þeirra, sem eru lægst launaðir. Ég held, að hv. 4. landsk. ætti að kynna sér þessa hluti betur, áður en hann fullyrðir annað hér á Alþ., auk þess sem það er engin fjarstæða, að Alþýðusambandið, svo voldugt sem það er orðið, beitti áhrifum sínum við Fiskifélagið, þannig að tryggja eða gæta enn betur hags hlutarmanna, sem hér er um að ræða, ef því finnst þeim á einhvern hátt gert rangt.

Af þessum ástæðum sé ég ekki ástæðu til þess að breyta um og fela þetta sérstakri n., þar sem hlutarmenn hafa ekki fulltrúa nema að einum þriðja, en að *mínu áliti nú jafnan rétt á við sjálfa útgerðarmenn.* Ég tel, að í till. minni hl. sjútvn. sé sá regingalli að leggja til að reisa frystihús í sambandi við síldarverksmiðjurnar, eins og hæstv. dómsmrh. benti á í ræðu sinni. Það þyrfti að gera þar stórbreytingar, enda fátt, sem getur mælt með því að byggja frystihús upp á 500 þús. kr. og láta það svo standa til þess að grípa inn í einhvern tíma þegar ekki *næst samkomulag.* Það verður vitanlega að starfrækja það fyrirtæki, þegar búið er að reisa það, ekki aðeins lítinn tíma úr árinu, heldur allt árið. Og ef það væri rétt, að þetta fyrirtæki gæti fryst, geymt og selt beitu með miklu vægara verði en nú er hægt, þá er hægt að réttlæta það að verja 500 þús. kr. til þess að byggja slíkt fyrirtæki, en það liggja nú ekki nein gögn fyrir, sem styðja það mál. *Og í sambandi við það vil ég benda* á, að það hefur einhvern tíma á sínum tíma verið fenginn verkfræðingur, er kallar sig Axel Kristjánsson og sett hefur ingeniör undir sitt nafn, til þess að gera áætlun um þessa byggingu. En á þessu plaggi, sem þessi maður hefur sett sitt nafn undir, er ekki einu sinni dagsetning, svo að menn geti vitað, hvenær þessi gögn eru gefin út og við hvaða tíma verðlagið er miðað. *Og flest, sem* kemur fram í þessum gögnum, sem ættu þó að vera leiðarvísir fyrir viðkomandi aðila til þess að byggja á, er við kemur byggingu og rekstri slíks frystihúss, er þannig, að ég verð að segja, að það er ekki hægt að byggja á honum frekar en dagsetningu, sem fyrirfinnst ekki á skjalinu. Ég hef kynnt mér þessi gögn, og ég geri ráð fyrir, að mþn. í sjávarútvegsmálum hafi einmitt byggt á þessum útreikningi, þegar hún gerði sínar till. um byggingu frystihúss. En slíkt verður að taka upp á sérstökum grundvelli og þá kannske með breyt. á l. um síldarverksmiðjur, þ. e. hvort þeim skuli falin frysting bæði á beitu og öðru. Það var viðurkennt í n. og einnig af hv. 4. landsk., að það væri engin trygging fyrir því, að slíkur rekstur gæti borið sig, enda þótt það hefði víðtækara svið en að frysta beitu fyrir landsmenn. Slíkt fyrirtæki yrði líka að sjá um flutning á beitunni, og það á þann hátt, að hún yrði ekki dýrari en sú beita, sem menn tækju við bæjardyrnar hjá sér og frystu í sínum eigin húsum. En það er vitanlegt, að með þeim flutningskostnaði, sem leggja yrði á beituna vegna dreifingar frá Siglufirði út um allt land, gæti sú verksmiðja eða frystihús aldrei orðið samkeppnisfært við þau frystihús, sem geta tekið síldina á staðnum. Og nú er það svo, að hver verstöð og hvert frystihús í landinu telur sig ekki hafa neina tryggingu fyrir öruggi starfrækslu nema að geta tryggt sér nægilegan skipastól til viðskipta, en því fylgir fyrst og fremst að tryggja þeim bátum næga og góða beitu, sem engir eiga jafnhægt með. Í því liggur e. t. v. langmesta tryggingin fyrir því, að ekki sé nauðsynlegt að grípa til neinna annarra ráða eins og stendur.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. — Ég hef nú kannske ekki ástæðu til þess að tefja mikið umr. um þetta, en ég vil þó samt fara nokkrum orðum um sumt af því, sem hv. frsm. n. sagði hér í síðustu ræðu sinni. Hann vildi ekki fallast á þá skoðun, sem ég hélt fram um Fiskifélag Íslands, að það væri aðeins fulltrúi útgerðarmanna, sem að því stæðu, og er það beinlínis samkv. skipulagi félagsins í sambandi við fulltrúaskipun þess, heldur væri það einnig fulltrúi hlutarmannanna á bátum þessara útgerðarmanna.

Það getur vel verið, að mér takist ekki að sannfæra hv. frsm. (GJ), en honum tekst þá ekki heldur að sannfæra mig. Ég hef þá skoðun, að það sé ekki hægt að líta á Fiskifélag Íslands nema sem fulltrúa útgerðarmanna, en ekki sem fulltrúa hlutarmanna. Mér er nú kannske ekki eins vel kunnugt um skipulag Fiskifélagsins og hv. þm. Barð. Þó hefur mér skilizt, að t. d. hvað varðar fulltrúaréttindi á þingum þess, þá sé þar veitt ákveðin atkvæðatala fyrir vissar atvinnugreinir og tæki, þar sem hlutarmenn, að því er ég bezt veit, hafa ekki nein félagsréttindi. Samkoman er þannig samansett, að ég get ekki álitið Fiskifélagið neinn fulltrúa þeirra manna, sem ekki hafa þar sjálfir nein fulltrúaréttindi.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. n., að jafnvel þó að væri farið inn á þá skoðun, að Fiskifélag Íslands væri aðallega fulltrúi útgerðarmanna, en ekki hlutarmanna, þá skipti það ekki sérstaklega máli í þessu sambandi, vegna þess að hagsmunir þeirra færu saman um það, að beitan væri fryst og alltaf fyrir hendi á hverjum tíma, því að um leið og það hefði áhrif á hlut hlutarmanna, þ. e. að hann yrði stærri, hefði það sams konar áhrif á hlut útgerðarmannsins og þess vegna hlyti útgerðarmaðurinn að beita sér fyrir þessu á sama hátt. Þetta getur í ýmsum tilfellum verið rétt. En ég álít, að í ýmsum tilfellum þurfi þetta ekki að vera þannig og geti jafn-

vel ekki átt sér stað. Það getur komið fyrir, og mér er ekki grunlaust um, að það hafi átt sér stað og eigi sér stað, að ef útgerðarmaður, sem hefur alls konar útgerð með höndum og hefur einnig frystihús, sem tekur að sér að frysta beitu, þá geti hann haft meiri hag af því að selja beituna með sem hæstu verði, því að þótt þeir, sem aðeins hafa útgerð með höndum, hafi hag af því að fá sem ódýrasta beitu, þarf það ekki að vera fyrir þann, sem á líka frystihúsið, því að hann græðir það á frystihúsinu, sem hann tapar á útgerðinni.

Þá var hv. frsm. meiri hl. að tala um Alþýðusambandið með sitt mikla veldi og áleit, að það gæti þá beitt áhrifum sínum við Fiskifélagið til þess, að Fiskifélagið gætti hagsmuna hlutarmanna. Ég held, að það sé alveg óþarfi fyrir Alþýðusamband Íslands að fara nokkrar krókaleiðir. Alþýðusambandið telur hlutverk sitt að gæta hagsmuna hlutarmanna eins og annarra samtaka þeirra manna, sem í því eru og hafa sitt vinnuafl til þess að afla sér og sínum lífsviðurværis. Og það gerir það, sem það getur, til þess að hlynna að hagsmunum þeirra manna beinlínis og þarf ekki að hafa þar neinar krókaleiðir. Alþýðusambandið mun ekki fara þá leið að knýja aðrar stofnanir til þess að gæta þeirra hagsmuna, sem það hefur tekið að sér að gæta, svo framarlega sem það hefur aðstöðu og bolmagn til.

Þá eru það möguleikar síldarverksmiðjunnar á Siglufirði til þess að frysta og selja beitu með vægara verði en aðrir kynnu að gera eða hafa gert í ýmsum tilfellum undanfarið. Það er að vísu rétt, sem hv. frsm. n. hefur sagt hér, að það er ekki hægt, hvort sem það er síldarverksmiðja ríkisins eða annar aðili, að byggja frystihús til þess að nota það svo aðeins til ígripa, þegar beitunefnd eða þeir aðilar, sem um þetta kynnu að fjalla, þyrftu. Það er gefið mál, að ef tekið væri upp þetta ráð, yrði reynt um leið að láta þetta frystihús annast beitufrystingu upp frá því, a. m. k. þangað til önnur skipun yrði gerð á þeim málum. En það, sem ég á við, er, að ekki yrði gripið til þessa úrræðis fyrr en beitunefnd er sannfærð um, að hún nái ekki nógu góðum samningi við þau frystihús, sem fyrir eru, vegna þess m. a., að frystihúsin telji sig hafa öðrum hagkvæmari verkefnum að sinna en frystingu beitu. En eins og ég gat um áðan, að þótt það sé ekki líklegt, að slíkt frystihús gæti borið sig og skaffað beitu með lægra verði, ef það væri rekið aðallega sem sjálfstæð stofnun og aðeins tiltölulega stuttan tíma úr árinu, þá gegnir það öðru máli, ef sú stofnun, sem tæki að sér frystingu beitu, hefði eitthvert annað verkefni með höndum, sem að vísu væri ekki sama eðlis, en þó svo skylt, að það gæti vel farið saman. Og sama stjórn og starfslið gæti að mínu áliti annað þessum störfum samhliða þeim störfum, sem hún hvort sem er hefur með höndum. Og þessi aukakostnaður Síldarverksmiðja ríkisins, ef þessi rekstur yrði hafinn þar, yrði tiltölulega mjög lítill og miklu minni en ef þetta væri rekið sem sjálfstætt fyrirtæki, sem ekki hefði önnur verkefni með höndum. Ég álít, að með þessum hætti væri hægt að frysta beitu fyrir lægra verð en nú er gert og frystihús, sem hafa önnur verkefni með höndum sem aðalverkefni, telja sig geta.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. meiri hl. n. (GJ) sagði, að það væri útilokað vegna flutningskostnaðar að ætla að frysta beitu norður í landi og þá fyrst og fremst á Siglufirði, þar sem síldarverksmiðjur ríkisins hafa sitt aðsetur, þá vil ég leyfa mér að benda á, að ég held, að það sé staðreynd, að ódýrasta beita, sem kostur hefur verið á undanfarið, hefur verið fryst norður í landi. Ég veit ekki betur en Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri hafi a. m. k. á ýmsum tímum, selt frysta beitu miklu ódýrara en kostur hefur verið á að fá hana t. d. hér við Faxaflóa.

Ég má að vísu ekki fara með tölur í þessu sambandi, en mig minnir þó, að sá mismunur hafi farið upp í allt að 25 kr. á tunnu, hvað hún var ódýrari þaðan að norðan en hún var fáanleg frá öðrum stöðum. Ég álít því, að reynslan hafi sýnt það, að það sé vel gerlegt að frysta beitu norður í landi. Það er líka vitanlegt, að mjög mikill hluti af þeirri síld, sem notuð er til beitu, er fryst norður í landi, sem er fyrst og fremst af því, að ferska síld er fyrst og fremst að fá þar, eins og kunnugt er.

Ég hef sem sagt ekki skipt neitt um skoðun í þessum tveim meginatriðum, sem eru ágreiningsatriði minni og meiri hl. sjútvn., þrátt fyrir þær umr., sem hér hafa farið fram, og mun ég að sjálfsögðu halda við þær till., sem ég hef um þetta gert.

Ingvar Pálmason: Það er eitt atriði, sem fram hefur komið við þessar umr., sem ég tel, að full ástæða sé til að leiðrétta, þó að það hafi að vísu verið gert af hv. frsm. meiri hl. n. Ég vil undirstrika þá leiðréttingu hans og færa nokkur frekari rök fyrir.

Það kemur fram í nál minni hl. n., að hann telur, að Fiskifélag Íslands geti ekki verið aðili nema útgerðarmanna, en ekki sjómanna, hvort sem þeir eru ráðnir upp á hlut eða annað, og þetta hefur hv. 4. landsk. staðfest með sinni ræðu. Þetta er í það minnsta byggt á misskilningi, ef það er ekki byggt á öðru lakara, og skal ég nú færa nokkur rök að því. Enda þótt ég geti e. t. v. ekki sannfært hv. 4. landsk., þá vona ég, að ég geti sannfært þá fáu hv. þm., sem hér eru eftir í þingdeildinni.

Fiskifélagið hefur fram til síðasta fiskiþings verið áhugafélag, sem byggt er upp af mönnum, sem hafa áhuga á þessum málum. Og síðan 1915 hef ég fylgzt vel með uppbyggingu Fiskifélags Íslands, og í því hafa verið bæði útgerðarmenn og sjómenn, bæði hlutarmenn og aðrir. En það má e. t. v. segja, að öllu meir hafi borið á útgerðarmönnum en sjómönnum. Ég skal ekki um það deila. Þó held ég, að á Austfjörðum hafi Fiskifélag Íslands meir staðið saman af sjómönnum en útgerðarmönnum. En á síðasta þingi Fiskifélagsins var því gerbreytt. Nú er Fiskifélagið byggt upp ekki sem áhugafélag, heldur eftir föstum reglum, og ef menn kynna sér reglurnar, geta menn séð, hvernig félagið er byggt upp,

og þá geta menn gengið úr skugga um það, að það er firra ein að halda því fram, að Fiskifélag Íslands sé aðeins fulltrúi útgerðarmanna. Þessi firra er skaðleg vegna þess, að félagið er gert að stórum aðila hér á Alþ., sem rétt er, og það ætti að vera enn meira tillit tekið til þess álits en verið hefur hingað til, sem ég vona, að verði gert, þegar sú skipulagning kemst í framkvæmd, sem ákveðin var á síðasta fiskiþingi. Hitt er sjálfsagður hlutur, að á Fiskifélagið beri að líta sem fulltrúa bæði sjómanna og útgerðarmanna. Ég get ekki séð, að það sé nokkur aðili, t. d. Alþýðusamband Íslands, sem geti frekar talizt fulltrúi þessara beggja aðila. Alþýðusambandið er samsafn launaflokka, bæði hlutarmanna, sjómanna, sem taka laun sín í ákveðnu kaupi, þó að langmestur hluti af þeim hóp sé í landi, bæði daglaunamenn og ýmsar launastéttir. Ég álít, að þegar litið er á Alþýðusamband Íslands hliðstætt við Fiskifélag Íslands, sé varla hægt að halda því fram, að Alþýðusambandið hafi staðið sig betur og veitt sjómönnum og láglaunamönnum betri kjör en Fiskifélagið hefur gert. Ég álít, að þetta verði að leiðréttast, því að það nálgast að vera áróður að halda því fram hér á Alþ., að Fiskifélagið sé ekki fulltrúi fyrir sjómenn.

Úr því að ég stóð upp á annað borð, þykir mér rétt að færa nokkur rök frekar fyrir því, að Fiskifélagið hafi þessi mál með höndum án íhlutunar sérstakrar n. Það er þá fyrst og fremst fyrir það, að allar till. mþn. hníga í þá átt, og í brtt., sem liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að Fiskifélagið hafi með að gera skýrslusöfnun um beituástandið í landinu á hverjum tíma. Þetta eru aðalatriðin. Og ég hef hér í höndum skýrslu frá Fiskifélagi Íslands, sem hefur haft með höndum skýrslusöfnun um beitubirgðir í landinu, þótt hún sé ekki eins fullkomin og við meiri hl. nm. ætluðumst til. Þessi skýrsla sýnir, hve mikil beita hefur verið fryst á hverju ári í landinu og hve mikið í hverjum landsfjórðungi, og kemur þá það merkilega í ljós, þvert á móti því, sem hv. 4. landsk. hélt fram áðan, að í Sunnlendingafjórðungi hefur verið langmest fryst öll árin af beitu. Það er alltaf hægt að slá fram ýmsu, en það er betra að vita fótum sínum forráð og vita hvar maður er staddur í þessu máli. Og af því leiðir það, að þeir menn, sem beituna nota, finna, að það er betra, að beitan sé fryst heima en að þurfa að flytja hana frá Norðurlandi til verstöðva sunnan lands. Ég bendi á þetta vegna þess, að því hefur verið haldið fram hér, að mest hafi verið fryst af síld til beitu á Norðurlandi, en að það hefur stafað af vanþekkingu, að slíku hefur verið haldið fram. Það má segja, að það sé eðlilegt að álykta svo, að þar sem mest veiðist af síld fyrir Norðurlandi, þá sé á Norðurlandi fryst langmest af síld til beitu. En það þarf ekki að vera. Og öll þessi ár hefur verið fryst í öðrum landsfjórðungum meira og minna af síld til beitu á hverju ári nema á Austfjörðum í tvö ár. Og þar er alltaf minnst síldarfrystingin, vegna þess að þar eru ekki neinir staðir, sem síldarafli er fluttur að, en ekki vegna hins, að ekki sé síldveiði fyrir Austfjörðum. Og þau árin, sem síldarverksmiðjur hafa verið reknar á Austfjörðum, var þar fryst allmikið af síld.

Þá vildi ég benda á eitt atriði enn, sem ég held, að ekki hafi verið tekið fram í umr., og það er það, hvernig ástandið er nú í beitumálunum og hvað það er, sem sérstaklega knýr á um að fá einhverja leiðréttingu þar á, og það má segja, að það séu þrjár ástæður fyrir því. Fyrst er sú ástæðan, að beitan hefur á seinni árum verið mjög dýr. Hv. 4. landsk. þm. (StgrA) nefndi dæmi, þar sem hann tók fram, að 40 þús. hefði beitan kostað einn bát yfir vertíð. Ég ætla ekki að rengja, að þetta sé satt, en ég hef ekki þekkt slíkt dæmi. — Annað atriðið, sem lagfærast þarf, er það, að það hefur komið í ljós hjá þeim, sem beitu hafa keypt, að beitan hefur oft verið mjög skemmd, hefur ekki verið sú vara, sem hún átti að vera og hefur verið sögð við sölu. Og þetta álít ég, að séu þau meginatriði, sem þurfi að lagfæra, fyrst og fremst að tryggja, að ekki sé höfð á boðstólum nema góð beita, og í öðru lagi, að beitan sé ekki í óeðlilega háu verði. Svo kemur þriðja atriðið, sem hingað til hefur borið minna á, sem betur fer, sem er reglulegur beituskortur. Sem betur fer hefur slíkt sjaldan orðið til verulegs tjóns. Og ég veit ekki betur en að hv. 4. landsk. þm. í því dæmi, sem hann tók fram, hafi sýnt, að það var ekki beituskortur, sem olli skakkaföllum í því dæmi, sem hann var með. Nei, það var of hátt verð á beitunni. Það er töluverð beita, sem fæst fyrir 40 þús. kr. Það, sem í sambandi við það tilfelli var að og hefði þurft að lagfæra, var of hátt verð. Meiri hl. sjútvn. vildi tryggja það fyrst og fremst, sem er mjög aðkallandi, að ekki sé höfð á boðstólum önnur beita en sem er góð, og það vildi meiri hl. n. tryggja með mati. Í öðru lagi vildi n. tryggja, að beita væri ekki seld óeðlilega háu verði, og þar gengur hún svo langt, að hún vill veita ráðh. heimild til þess að hann geti eftir till. Fiskifélags Íslands sett hámarksverð á beitu, geti þannig tekið fram fyrir hendurnar á viðskiptaráði, sem ekki hefur enn fundið ástæðu til að setja hámarksverð á beitu. Og í þriðja lagi vill n. með till. sínum um skýrslusöfnun, að á hverjum tíma sé reynt að koma í veg fyrir það, að hætta verði á beituskorti. Og í brtt. meiri hl. n. eru mjög ströng ákvæði um það, hvernig Fiskifélagið á að haga sér með þessa skýrslusöfnun á þeim tíma, sem mest ríður á, að beita sé nægileg til. Og þegar sú skýrslusöfnun gefur ástæður til að ætla, að beituskortur verði í landinu, þá á Fiskifélagið, samkv. till. meiri hl. n., fyrst og fremst að snúa sér til viðkomandi aðila og aðvara þá, bæði útgerðarmenn og hlutarsjómenn, um þann yfirvofandi beituskort og hafa áhrif á, að úr verði bætt í tæka tíð, ef þessir aðilar óska aðstoðar til þess. Og Fiskifélagið á að hafa vald til þess, að fengnu leyfi ráðh., að gera nauðsynlegar ráðstafanir til beituöflunar, enda hafi viðkomandi útgerðarstaðir óskað þess.

Þannig höfum við í meiri hl. n. sett þetta fram. Vel má vera, að nauðsynlegt kunni að reynast að hið opinbera setji upp frystihús til þess að frysta

í síld til beitu. Ég skal engu spá um það. En ég held, ef laglega er á málum haldið, að hægt muni reynast í hverju tilfelli að ná samningum við einhver frystihús um að frysta nægilega beitu, og enn hefur ekkert það komið í ljós, sem gefur tilefni til að ætla, að svo verði ekki. En fari svo, að reynslan leiði í ljós, að þessar ráðstafanir verði ófullnægjandi, er alls ekki útilokað, að Alþ. geri sínar ráðstafanir um að láta byggja frystihús, sem tryggi, að alltaf sé til nóg beita í landinu. En eins og nú standa sakir held ég, að það sé seilzt að ástæðulausu lengra en þörf er fyrir, ef því er haldið fram, að Alþ. beri að gera slíkt nú þegar. Ég held, að hv. 4. landsk. þm. hafi sagt, að það yrði ekki byggt til þessara nota frystihús af því opinbera nema því aðeins, að ekki fengist fryst nægileg beita hjá öðrum frystihúsum. En ég vil segja: Er það ekki dálítið varhugavert að setja heimild til slíkrar frystihúsbyggingar fyrir það opinbera inn í l. nú strax? Gæti það ekki orðið til þess, að sum frystihúsin yrðu ekki eins áhugasöm um það að hafa til beitu? Þau mundu kannske svara því til: Komið þið upp frystihúsum hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, því að við viljum gjarnan losna við það að frysta beitu, því að það er ekki miklar tekjur að hafa fyrir beitufrystingu.

En svo er annað. Ef að þessu ráði verður horfið, að hið opinbera fari að frysta síld, þá er víst, að aldrei verður fryst neins staðar annars staðar beita en í þessu frystihúsi, það leiðir af sjálfu sér. Hvernig ættu önnur frystihús að fara að eiga það á hættu að frysta beitu, þegar þau vita, að sérstakt frystihús er í landinu, sem á að tryggja nóga beitu? Ég held, að það sé nokkuð viðurhlutamikið að hallast strax að því að gera ráð fyrir að koma upp frystihúsi, sem sé kostað af ríkinu eða síldarverksmiðjum ríkisins. En ég teldi ákaflega mikið unnið við það, ef þessum tveimur aðalatriðum frv. þessa yrði náð, að með mati á beitu væri fengin full trygging fyrir því, að beitan væri góð, sem seld væri, og í öðru lagi, að beita væri ekki seld of háu verði. En ég held, að það sé mikið spursmál, hvort þeim, sem beitunnar eiga að njóta, er ekki fremur gerður ógreiði með því, ef því væri haldið til streitu, að sett yrði inn í l., að koma skuli upp frystihúsi með tilstyrk þess opinbera.

Að endingu vil ég segja það, að ég vænti þess, að hæstv. Alþ. verði vel á vaðbergi um það, að ekki verði haldið fram þeim firrum, sem hér hafa komið fram gagnvart jafnmiklu þjóðþrifafyrirtæki og Fiskifélag Íslands er.

ATKVGR.
Brtt. 516,1 felld með 9:2 atkv.
Brtt. 511,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9:2 atkv.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. — Af því að samþ. hefur verið brtt. hv. meiri hl. sjútvn. við 1. gr. og þar með ákveðið að fella niður úr frv., að sérstök nefnd fjalli um þessi mál, en brtt. mínar hins vegar allar miðaðar við það, að það sé sérstök nefnd, sem annist þetta, þá mun ég taka þær allar aftur til 3. umr., til þess að geta aðlaðað þær frv., eins og það þá liggur fyrir.

Brtt. 516,2—5 teknar aftur.
Brtt. 511,2 (ný 2. gr.) samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 511,3 (ný 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 511,4 (ný 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 511,5 (ný 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 511,6 (ný 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 511,7 (ný 7. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 511,8 (ný 8. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
9. og 10. gr. sjálffallnar.
Brtt. 511,9 (ný fyrirsögn) samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv. með fyrirsögninni:
Frv. til l. um mat á beitu o. fl.

Á 74. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 534).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 84. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Fisksmælki.

Á 115. fundi í Ed., 31. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um bann á veiði og sölu fisksmælkis (stjfrv., A. 1004).

Á 116. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Framfærslulög.

Á 8. fundi í Sþ., 20. jan., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 52 12. febr. 1940* (þmfrv., A. 9).

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. — Á þskj. 9 flytjum við 8. þm. Reykv. frv. til l. um breyt. á framfærslul. frá 12. febr. 1940. Við höfum þann hátt á að flytja ekki grg., en vísum til grg., sem fylgdi frv. hv. 5. þm. Reykv. (BrB), er hann flutti 1937 og 1938 og var að mestu samhljóða þessu frv. Ég vil þess vegna gera nokkra grein fyrir helztu breyt., sem þetta frv. felur í sér.

Í 1. gr. l. frá 1940 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar og honum haga svo sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum þessum."

Það er sýnt með þessu, að 1. gr. á að fela í sér, að hið opinbera tekur að sér að sjá þeim einstaklingum borgið, sem ekki eru þess megnugir sjálfir. En í framkvæmd er þetta þó öðruvísi. Framfærsluþurfinn finnur ekki, að hann á á þessu fullan rétt. Lagt er allajafna mest upp úr því, að kostnaður hins opinbera verði sem minnstur við framfærsluna, a. m. k. í bili í hverju tilfelli. Í rauninni er þó eins oft, að sparnaður í þessum efnum leiðir til dýrari framfærslu, vegna þess að ekki mun ótítt, að framfærsluþurfar og börn þeirra bíði heilsutjón vegna skorts á nauðsynjum.

Það er og galli við framfærslul., að þau fela ekki í sér neinn mælikvarða um, hver sé réttur þess, sem fullan framfærslustyrk þarf. Enda hefur reyndin oft sýnt, að framfærsluþurfar verði að sýna auðmýkt, skriðdýrshátt og jafnvel beita brögðum til þess að fá brýnustu nauðsynjar. Í þessari gr. höfum við gert ráð fyrir því, að atvmrh. skipi n., sem geri áætlun í byrjun hvers fjárhagsárs um nauðsynlega framfærslu heimila samkv. gildandi verðlagi í landinu. Það er ekki nema sanngjarnt, að n. sé skipuð af atvmrh., því að það er lagt til í frv., að landið verði gert að einu framfærsluhéraði. Það verður að treysta því, að þessi n. skoði það skyldu sína, að sú skrá, sem hún útbyggi, yrði sem næst því, er ætla má, að sé sómasamlegur framfærslueyrir.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að breyta 4. gr. framfærslul. Það er ekki alltaf, að framfærsluskylda og foreldraráð fari saman. Faðir hefur t. d. sjaldan eða aldrei foreldraráð yfir óskilgetnu barni sínu, og til þess eru dæmi hér í Reykjavík, að ekki hefur tekizt að innheimta meðlag með óskilgetnu barni frá efnuðum föður, vegna þess að konan hafði fjárráð á heimilinu og lög náðu því ekki til innheimtu meðlagsins.

Þá kem ég að 3. gr. Samkv. henni hefur framfærsluþurfi óskorað vald til að velja sér dvalarstað. Hér, eins og annars staðar í frv., er gert ráð fyrir fullu sjálfræði framfærsluþurfa. Nú munu þess dæmi, að menn hafi soltið heilu og hálfu hungri til þess að komast hjá því að þiggja af sveit eða verða að dveljast sér um geð á heimili framfærslumanns síns. Ákvæði núgildandi laga um þessi efni hafa líka oft orðið til þess að spilla fjölskyldulífi og koma af stað missætti, sem ekki hefur tekizt að jafna.

Um 8. gr. er það að segja, að hún er breyt. á 12. gr. l. Í henni segir, að landið skuli allt vera eitt framfærsluhérað. Þetta er mikilvægasta breyt., og yrði þá loks með henni fengin trygging fyrir því, að sveitarflutningar hyrfu úr sögunni.

Níundu gr. leiðir svo af 8. gr. Greinar framfærslul., sem hér um ræðir, eru um sveitfestina, sem afnumin var um skeið, en aftur leidd í lög árið 1939.

Þá vil ég minnast á 14. gr. Þar er gert ráð fyrir, að kona öryrkja og manns, sem þjáist af langvarandi sjúkdómi, og kona manns þess, er situr langdvölum í fangelsi, njóti sama réttar og heimili ekkju. Reynslan hefur sýnt, að með gildandi l. verða þau heimili yfirleitt verst úti, þar sem húsbóndinn er fatlaður, veikur eða fjarvistum um lengri tíma. Þykir þessi breyt. því rétt.

Í 17. gr. segir svo: „Meðlag með börnum samkv. úrskurði og barnsfararkostnaður skal greiðast af lögreglustjóra, þar sem úrskurðinum er fram vísað." — Þetta er nýmæli, en það þykir réttara, að ríkið greiði þessi framlög en bæjarfélögin, sem nú annast þessar greiðslur. Þetta mundi einnig verða til aukins hagræðis fyrir barnsmæðurnar.

Þá er 19. gr., um skipun framfærslun. Í kaupstöðum kjósa verkalýðsfélögin einn mann í n. Er með þessu fengin nokkur trygging fyrir því, að réttur framfærsluþurfa verði ekki fyrir borð borinn vegna vanþekkingar á kjörum hans, en það hefur viljað við brenna, að slíkt hafi viljað henda, einkum þegar í framfærslun. hafa valizt miður velviljaðir menn eða aðrir, sem ekki þekkja nægilega ástæður, kjör og hugsunarhátt fólksins, sem l. ná til.

Í 27. gr. segir, að lögreglustjóra sé heimilt að úrskurða, að veitt sé bráðabirgðahjálp til framfærsluþega. Þetta hefur einstöku sinnum verið gert hér í Reykjavík, án þess að til hafi verið skýr lagafyrirmæli fyrir því, en rétt þykir að taka þetta upp hér.

Í 28. gr. kveður frv. okkar svo á, að skylt sé sveitarstjórn að sjá þeim börnum, sem eru undir hennar umsjá, fyrir þeirri menntun, sem hæfileikar þeirra standa til. Það hefur lengi verið á því hörmulegur misbrestur, að þeir, sem hafa haft umsjón sveitarstjórnar, hafi gert þetta. Hér er viðurkennt, að þessi börn eigi að fá ekki lakara uppeldi en börn bjargálna foreldra.

29. gr. frv. er um niðurfellingu á 2. og 3. málsgr. 48. gr. l., og er 2. mgr. þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess að samþykki hans komi til" — o. s. frv.

Þessi niðurfelling virðist alveg sjálfsögð og ætti ekki að þurfa skýringa við, því að það virðist í

alla staði óréttlætanlegt, að fólk sé undir öðrum réttarfarslögum en aðrir ríkisborgarar, þótt það hafi þurft að leita til sveitar, — sem sé, að það sé svipt fjárforráðum af því einu, að það skuldar til sveitar.

Um 30. gr. frv. skal ég segja það, að hún dregur úr 50. gr. Sú skerðing á fjárráðum manna vegna ráðleysis ætti að vera nægileg, sem ákveðin er í þessari 30. gr. Hins vegar gæti verið hætta á misbeitingu laganna eftir 50. gr. núgildandi l. í sambandi við skerðingu á fjárforráðum.

Þá kem ég að 31. gr., sem er till. til breyt. á 51. gr. framfærslul., þar sem ákveðið er, að flytja megi mann hvert á land, sem er, og láta hann vinna hvaða vinnu, sem er, sem viðunanleg megi teljast, ef hann þiggur framfærslustyrk, en er þó vinnufær. En 31. gr. frv. miðar að því að breyta þessu í samræmi við frv. að öðru leyti, þannig að ekki megi flytja menn sveitarfluttningi, enda virðist líka vera sjálfsagt, að framfærslun. og öðrum þeim, sem um framfærslumál fjalla, beri siðferðisleg skylda til þess að sjá mönnum, sem vinnufærir eru, fyrir atvinnu heldur en gera þá að ævilöngum styrkþegum. Það er vitað, að langvinnt atvinnuleysi lamar andlegt og líkamlegt þrek manna og maðurinn verður verri eftir. En sú vinna, sem slíkum mönnum má bjóða, sem um getur í 31. gr. frv., verður að vera við hvers slíks manns hæfi og á að vera vinna frjálsra manna, en ekki þræla.

Þá skal ég loks minnast á 44. gr. frv., þar sem talað er um, að skylt sé bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að fengnum till. framfærslun., að ákveða innan þriggja mánaða, hvort þeginn framfærslustyrkur skuli afturkræfur af styrkþega — o. s. frv. Það virðist með öllu ástæðulaust að láta framfærsluskuldir hrúgast upp á þá menn, sem sýnilega verða aldrei borgunarmenn fyrir þeim. Jafnvel þó að heimilishagur slíks manns blómgaðist svo mikið, að hann kæmist af hjálparlaust, þá er það ekki mikil uppörvun fyrir manninn að eiga það alltaf yfir höfði sér, ef hann er að rogast með margra ára framfærsluskuldir, að vinni hann sér inn meira en til brýnustu þarfa, þá renni það allt til skuldalúkningar, en ekki til heimilis hans.

Skal ég svo láta útrætt um frv. sjálft, en víkja að því nokkrum orðum, að það er ekki ófyrirsynju, að við flytjum þetta frv. hér.

Því verður ekki neitað, að einn allra svartasti bletturinn á þjóðlífi voru voru sveitarfluttningarnir illræmdu, þegar heilum fjölskyldum var miskunnarlaust sundrað, ef þær gátu ekki séð sér farborða af eigin rammleik. Það þurfti oft ekki mikið til þess, að slíkt dyndi yfir fjölskyldur sem reiðarslag: heilsumissir fyrirvinnunnar og önnur hendanleg óhöpp. Og svo var almenningsálitið hér fyrrum miskunnarlaust, að allajafna var það talin skömm og hneisa að þiggja af sveit og lagt þeim, sem það gerðu, til lasts, þeir taldir letingjar og ónytjungar. Og þetta kom ekki síður niður á börnum, sem fyrir þessu urðu. Um meðferð hreppsómaga og þurfalinga þarf ekki að tala. Hún var auðvitað misjöfn, en oft vildi við brenna, að hún væri fyrir neðan allar hellur.

Hina beztu menn hryllti við þessari lítilsvirðingu á almennum mannréttindum og börðust löngum gegn henni. Ég nefni ekki nein nöfn í sambandi við þessa baráttu. Mörg rimman var háð hér á hæstv. Alþ., en þó munu skáldin okkar hafa lagt einna drýgstan skerfinn til. Fyrir þeirra aðgerðir og annarra góðra manna var svo komið, löngu áður en þeim, sem af sveit þiggja, var sýnd lagaleg viðurkenning á rétti þeirra, að meðvitund þjóðarinnar fordæmdi sveitarfluttninga sem forsmán, sem ekki væri sæmandi nokkurri þeirri þjóð, sem siðmenntuð vildi teljast. Það leið þó furðulangur tími, þangað til sú barátta var að öllu verulegu leyti til lykta leidd hér á þingi og réttur þeirra einstaklinga, sem af sveit þiggja, viðurkenndur. En fyrir þunga þeirra raka, að það er ekki einstaklingnum að kenna, þótt hann verði ósjálfbjarga, þegar einstöku aumingjum er sleppt, heldur því þjóðfélagi, sem við lifum í, ávannst þetta smátt og smátt.

Hvert í ósköpunum átti fátækur verkamaður að snúa sér, ef hann missti atvinnu sína? Hann átti ekki um annað að velja en sultinn eða styrk frá því opinbera, og þótt styrkur þess opinbera væri allajafna einungis til að sefa sárasta sult hans og barna hans, þá var hér raunverulega um enga völ að ræða. Það var komið svo, að enginn láði honum þetta, enginn maður, sem ekki var fullur fordóma og blindaður af sjálfbirgingshætti og trú á framtak hins fátæka einstaklings, jafnvel í þessu þjóðfélagi, enginn maður, sem heilbrigða skynsemi átti til að bera.

Fyrir þunga þessara raka og réttarmeðvitund þjóðarinnar var framfærslul. smámjakað í frjálslyndara horf, og má t. d. heita, að með breyt. á l., sem gerð var 1935, en þá var sveitfestin afnumin, að sveitarflutningar hafi lagzt niður hér á landi.

En þeir fátæklingarnir, sem til þess opinbera þurftu að leita, voru ekki lengi í þessari paradís. Á hinu háa Alþ. 1939, á þjóðstjórnarárunum, voru í einni svipan afnumin réttindi þeirra, sem áunnizt höfðu með áratuga baráttu. Sveitfestin var aftur lögfest og flutningar þurfalinga í lög teknir aftur. Áður hafði aðeins verið heimilt að flytja þá á þá sveit, sem þeir höfðu unnið sér sveitfesti í, en nú mátti flytja þá hvert á land, sem var, og setja þá til hvaða vinnu, sem var og við hvaða kjör, sem var, og á ég hér við ákvæði 51. gr. núgildandi framfærslul. Með breyt. þessum var einnig breytt anda l., og út úr þeim má nú lesa aftur, að þurfalingar eru menn, sem nenna ekki að vinna, letingjar og ónytjungar. Auk þess var hnýtt aftan í l. ákvæði til bráðabirgða, þar sem sett var sérstök n. á laggirnar, sem hafði vald til þess að grípa fram fyrir hendur þeirra framfærslun. eða sveitarstjórna, sem kynnu að virða að vettugi fyrirmæli þessara afturhaldssömu laga.

Ég skal ekki hér fara inn á það, hvað fyrir þeim hv. þm. hefur vakað, sem stóðu að þessari breyt. Þjóðstjórnarárin eru og verða einn dekksti blettur inn í öllu löggjafarstarfi voru. Margir þessara þm. höfðu áður gert sitt til að breyta framfærslul. í rétta átt, og verður það t. d. ekki frá Alþfl.

tekið, að hann barðist þar góðri baráttu fram til ársins 1936.

Sem betur fór hefur lítt reynt á þessa löggjöf, því að eins og allir vita, hefur fátækraframfæri minnkað allverulega með batnandi afkomu alls almennings. En það er staðreynd, að þessi ljóta löggjöf er enn við líði, og þann blett þarf að þvo af. Enn eru margir þessara þm. hér, og nú hafa þeir tækifæri til að hreinsa sig. Með samþykkt þessa frv. yrði mikið áunnið í réttindabótum fyrir smælingja þjóðarinnar. Og víxlspor þau, sem þeir tóku árið 1939, yrði þeim með samþykkt þessa frv. *margfaldlega fyrirgefið.*

Við getum ekki litið á framfærslulöggjöfina, hversu frjálslynd sem hún væri, öðruvísi en sem bráðabirgðaráðstöfun, þar til alþýðutryggingar eru komnar í það horf, að hver þjóðareinstaklingur á á því skýlausan rétt, að honum sé borgið, þótt yfir hann dynji hendanleg óhöpp, hvort heldur er atvinnuleysi, sjúkdómar eða annað. En þangað til slíkt verður, ber að vanda framfærslulöggjöfina svo, að hún sé þjóðinni til sóma, en ekki til skammar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. LJós og EOl).

Á 9. fundi í Sþ., 26. jan., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim l.* (þmfrv., A. 18).

Á 7. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að mestu leyti samhljóða frv. um breyt. á tekju- og eignarskattsl., sem lá fyrir síðasta þ., en þó hafa verið gerðar nokkrar smábreyt. á formi þess frá því, sem það var eftir 3. umr. í Nd. Skal ég koma að þeim breyt. síðar.

Frv. þetta gerir ráð fyrir allvíðtækum breyt. á skattal., en ég sé ekki ástæðu til þess að fara mjög ýtarlega út í einstakar breyt., vegna þess að svo stutt er, síðan þetta mál var hér til umr. í d., og þessar breyt. voru þá allar ræddar mjög ýtarlega. En aðalbreyt., sem frv. fer fram á, eru þær, að gert er ráð fyrir, að skattar lækki mjög verulega á lágtekjumönnunum, með því að hækkaður verði persónufrádrátturinn. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að skattfrelsi almennra hlutafélaga, þeirra sem ekki reka útgerð, verði afnumið. Í þriðja lagi miðar frv. að því að endurnýja nýbyggingarsjóðina og einnig þá að því að tryggja það betur en gert hefur verið, að það fé, sem lagt verður í nýbyggingarsjóðina, gangi til þess, sem til er ætlazt, — að endurnýja skipaflotann.

Þetta eru veigamestu atriðin, sem frv. felur í sér, en auk þeirra er um allmargar breyt. að ræða, sem öllum hv. þm. eru kunnar frá umr. um þetta mál fyrir 1½ mánuði, þegar þetta mál lá hér fyrir. — En sú breyting, sem við flutningsmenn höfum gert á þessu frv. frá hinu hliðstæða frv. á síðasta þ., er einkum sú að fella niður þá takmörkun, sem þar var gert ráð fyrir á framlagi til nýbyggingarsjóðanna. Þar var gengið út frá því, að félög, sem eigi hafa jafnháan nýbyggingarsjóð og hæfilegt vátryggingarverð skipa félagsins næmi, skyldu ekki hafa heimild til skattfrelsis nýbyggingarsjóðsfjár niður í ⅙ af nettótekjum félagsins, og sams konar takmörkun var þá sett um framlag til nýbyggingarsjóðs hjá þeim aðilum, sem höfðu lagt 2 millj. kr. í nýbyggingarsjóð. Þessar takmarkanir í frv. höfum við fellt niður, og í frv., eins og það liggur nú fyrir, er einnig gert ráð fyrir því, að allir aðilar, sem útgerð stunda, bæði einstaklingar og sameignarfélög, hafi rétt til þess að leggja ⅓ af nettótekjum sínum skattfrjálst í nýbyggingarsjóð og það sé ekki á nokkurn hátt takmarkað við það, hvort nýbyggingarsjóður félagsins er kominn upp fyrir það að vera samsvarandi hæfilegu vátryggingarverði skipanna. — Þetta eru aðalbreyt., sem gerðar eru frá því frv., *sem lá fyrir síðasta þingi.*

Í lok síðasta þings var svo komið afgreiðslu þessa máls, að hv. Nd. hafði afgr. frv. alveg frá sér, eftir að það hafði fengið verulega athugun. Þó fór svo, að frv. fékk ekki lokaafgreiðslu og náði ekki fram að ganga. Það virtist þó vera þingmeirihl. fyrir þeim breyt., sem þarna var farið fram á, og er því hægt að telja miklar líkur til þess, að hægt verði að fá þetta frv. samþ., ef marka má þær yfirlýsingar, sem komið hafa fram frá þrem flokkum í þinginu um þessar breyt. Sá eini flokkur, Sjálfstfl., sem stóð gegn þessum breyt., bar, að því er mér skilst, sérstaklega fyrir sig það ákvæði, sem ég var að lýsa, takmörkun á framlagi til nýbyggingarsjóðanna. En það er fellt niður í þessu frv., og því finnst mér ennþá fremur ástæða til þess, að þetta frv. gæti nú fengið greiða afgreiðslu og náð samþykkt nú á þessu þingi.

Eins og ég sagði í upphafi, er ekki ástæða til þess að ræða þetta mál ýtarlega nú, vegna þeirra ýtarlegu umr., sem fram fóru um það á síðasta þ. Ég vildi svo óska þess, að málinu yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:8 atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt frá Nd. nál. frá 1. minni hl. fjhn., á þskj. 84, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Lendingarbætur á Hellissandi.

Á 12. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um lendingarbætur á Hellissandi (þmfrv., A. 40).

Á 14. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 40, n. 919).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Eins og nál. ber með sér, hefur sjútvn. litið svo á, að ekki bæri að samþ. málið að svo stöddu, og skal ég gera grein fyrir, af hvaða ástæðum.

Vitamálastjóra var sent frv., og fylgir hér með álit hans. Við ræddum einnig við flm., og kvaðst hann mundu gera sig ánægðan með, að frv. yrði vísað frá, ef ábyrgð ríkisins fengist eftir öðrum leiðum.

Annars eru nú ríkjandi hin mestu vandræði í þessum málum á Hellissandi. Tvisvar á sólarhring hverjum fjarar undan bátunum, og þeir leggjast flatir. Sýnilegt er, að vonlaust er að gera nothæfa höfn á þessum stað. Nú hefur verið rannsakað, hvort ekki væri til álitlegri staður einhvers staðar í nágrenninu, sem líka mætti nota handa Ólafsvík. Þarna úti fyrir eru ein hin beztu fiskimið og því stórtjón að því, að ekki er viðunanleg höfn. Vitað er, að kaupstaður var í Rifi að fornu. Þar hlýtur því að hafa verið skipalægi. N. hefur fylgzt með rannsóknum í þessu efni, en þeim er enn ekki að fullu lokið. Þó má fullyrða, að þarna í Rifi séu einhver hin beztu hafnarskilyrði. Þarna er rif, sem með litlum tilkostnaði má gera að skjólgarði. Á höfninni sjálfri er um fimm metra dýpi, en mikið af henni hefur fyllzt af sandi, sem moka þarf burt. Enn þá er ókannað, hve stór höfnin getur orðið. Ég hef átt tal við fiskimenn þarna úr nágrenninu, og segja þeir þetta örugga höfn. Nú hef ég nýverið fengið bréf frá hlutaðeigandi sveitum. Eru þar allir sammála um að fresta öllum aðgerðum á Sandi og Ólafsvík, en bíða eftir fullnaðarrannsókn á Rifshöfn.

Þetta eru aðalástæðurnar fyrir gerðum sjútvn. í þessu máli. En með því að enn þá er ekki neitt fullráðið um höfn, óska ég eftir, að frv. verði ekki fellt, en umr. um það frestað.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Vélfræðikennsla.

Á 12. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði (þmfrv., A. 41).

Á 14. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. — Ég ásamt hv. þm. Ísaf., hv. þm. Vestm. og hv. 11. landsk. þm. hef leyft mér að birta hér frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði. Breyt. eru við 13. gr. þessara l. og þá um hið meira mótarvélanámskeið. Í l. eru þessi námskeið einvörðungu bundin við Reykjavík, en við flm. frv. ætlumst til, að slík námskeið skuli einnig haldin eftir tillögum Fiskifélags Íslands á Akureyri, Ísafirði, í Vestmannaeyjum og Neskaupstað, ef nægileg þátttaka fæst og önnur nauðsynleg skilyrði eru fyrir hendi.

Þróunin gengur öll í þá átt, hvað mótorbátaflota landsmanna snertir, að hafa stærri báta og stærri vélar. Minni mótarvélstjóranámskeiðin, sem haldin hafa verið víðs vegar á landinu, hafa veitt réttindi til vélgæzlu við allt að 150 hestafla vélar, en hið meira námskeið veitir hins vegar réttindi til vélgæzlu við 400 hestafla vélar.

Eftir þeirri skýrslu að dæma, sem forseti Fiskifélags Íslands gaf í útvarpserindi 24. f. m., hafa hin meiri námskeið verið haldin í Reykjavík fimm að tölu, síðan l. um þau voru sett 1936, og 42 vélstjórar hafa útskrifazt á þeim. Þessi námskeið hafa sýnilega verið illa sótt, og má vafalaust að miklu leyti því um kenna, að mönnum langt að er um megn að sækja slík námskeið í Reykjavík kostnaðarins vegna. Aðrir eru störfum hlaðnir og eiga erfitt með að losa sig við þau til þess að geta sótt hið meira námskeið í Reykjavík. Þegar þess er nú gætt, að margir þessara vélstjóra, sem útskrifuðust af hinum meiri námskeiðum, hafa ekki gerzt starfsmenn í sjálfum fiskiflotanum, heldur tekizt á hendur vélgæzlu í frystihúsum eða ráðið sig á vélaverkstæði, þá ætti öllum að vera ljóst, að með jafnlítilli viðkomu eða fjölgun vélstjóra með meiri réttindum er þegar orðin stórkostleg ekla á þessum fagmönnum og verður enn tilfinnanlegri með hverju ári, sem líður.

Raddir heyrast nú með vélstjórum, að úr þessu verði að bæta með því að auka réttindi þeirra vélstjóra, sem minna próf hafa. Ég er þeirrar skoðunar, að sú leið sé mjög varhugaverð og hættuleg. Stærri vélar krefjast meiri fagþekkingar, svo að öryggi fáist. En að því stefnir frv. þetta. Ég vona því, að hv. d. sjái, að hér er nauðsynjamál á ferðinni, sem þarf skjótrar afgreiðslu við, og að þetta er sanngirnismál gagnvart öðrum landshlutum. Með þessum breyt. er hægt að bæta úr þeirri vélstjóraeklu, sem fyrir er, á einfaldastan og hagkvæmastan hátt.

Að svo mæltu legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Manntal í Akureyrarkaupstað.

Á 15. fundi í Nd., 21. febr. var útbýtt:
Frv. til laga um manntal í Akureyrarkaupstað (þmfrv., A. 59).

Á 16. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Nd., 23. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Finnur Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins skjóta því til n. þeirrar, sem fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki mundi þörf á að setja sams konar reglur fyrir alla kaupstaðina. Ef þess er þörf í Reykjavík og á Akureyri, þá er það líka í hinum kaupstöðunum. Það er viðkunnanlegra að láta sömu reglur gilda í þessu efni alls staðar á landinu, því að þörfin er sú sama, hvar sem er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Dýralæknar (frv. JJós).

Á 16. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna (þmfrv., A. 61).

Á 17. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Eins og tekið er fram á þskj. 61, er frv. þetta borið fram samkv. áskorun frá Búnaðarfélagi Vestmannaeyja. Það kann að þykja ofdirfska að óska eftir sérstökum dýralækni í Vestmannaeyjar, en fyrir því liggja skiljanlegar ástæður. Sérstaklega hafa veikindi í kúm verið mikil síðustu árin, en orsakir til þeirra veikinda eru ókunnar.

Það er augljóst, að umdæmið er lítið samanborið við önnur dýralæknisumdæmi landsins, en þess er að gæta, að vegna samgönguörðugleika hafa Vestmannaeyingar sérstöðu. Ætlazt er til, að dýralæknirinn á Selfossi gegni störfum í Vestmannaeyjum, en af skiljanlegum ástæðum er lítið gagn að því. Hins vegar hefur verið notazt við leikmenn, kunnáttumenn, en það er auðvitað, að þótt þeir geri oft mikið gagn, megna þeir ekki að eiga við það, sem erfiðara er.

Af þessum ástæðum leyfi ég mér að bera upp frv. og vona, að því verði að lokinni umr. vísað til landbn.

Páll Zóphóníasson: Ég þarf ekki að benda landbn. á, að það eru nú, því miður, heldur fáar skepnur í Vestmannaeyjum og líkindi til, að mörg héruð ættu að fá dýralækni nokkuð löngu á undan þeim.

Annars eru tvö dýralæknisembætti laus, en tveir dýralæknar eru erlendis og bíða eftir að komast heim. Þó að embættið yrði stofnað í dag, kæmi ekki til mála að fá mann í það fyrr en eftir sex ár, ef einhver byrjaði nám í ár, svo að ekki virðist mér beint liggja á að afgreiða þetta mál.

Sigurður Thoroddsen: Það er aðeins vegna röksemdafærslu hv. 2. þm. N-M., að ég stend hér upp. Mér fannst hún dálítið skrítin: Vegna þess, að sem stæði væru ekki til menn í fleiri embætti en nú eru til laus og skipuð, þá bæri ekki að stofna nýtt dýralæknisembætti.

Ísland á að heita landbúnaðarland, og landbúnaðurinn byggist að langmestu leyti á skepnuhaldi. Okkur ber því skylda til að fjölga dýralæknum frá því, sem nú er. Þeir eru ekki nærri nógu margir. Það virðist því ekkert vera á móti því að fjölga dýralæknisembættum og bæta kjör dýralækna, þó að ekki væri til annars en örva unga menn til að leggja út á þá braut.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Mér var kunnugt um þau atriði, sem hv. 2. þm. N-M. minntist á, en ég verð að vera á sama máli og hv. 11. landsk. Það eru of fáir dýralæknar í landinu og umdæmin of stór. Ég er einnig sammála honum um það, að ef Alþ. gæfi meiri gaum að störfum dýralækna, þá yrðu fleiri til að leggja námið fyrir sig en hingað til hefur verið.

Um þörfina fyrir að samþ. þetta frv. skal ég segja það, að ég sé ekki, að ástæður hv. 2. þm. N-M. þyrftu að vera þröskuldur í vegi, að ekki er hægt að fá menn í bili. Það liður að því, að völ verður á fleiri dýralæknum en nú er, og ég vona, að hv. 2. þm. N-M. vilji að því stuðla, að þeim fjölgi.

Þótt fleiri héruð en Vestmannaeyjar þurfi á dýralæknum að halda, þá hafa Eyjarnar sérstöðu.

Þótt ferðalög séu víða erfið á Íslandi, eru þau sjaldnast óyfirstíganleg, nema þegar sjórinn skilur á milli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Jarðræktarlög (frv. PZ og SvbH).

Á 39. fundi í Sþ., 6. sept., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (þmfrv., A. 284).

Á 46. fundi í Nd., 8. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 12. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Þetta mál, sem ég og hv. þm. V-Sk. flytjum hér nú, er gamalkunnugt hér á Alþ., því að það var flutt hér í Ed. haustið 1943, og hlaut það þar þá meðferð, að því var vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem var lögð fram af meiri hl. landbn. og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að mikið skortir á, að nauðsynlegur undirbúningur undir framkvæmdir þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sé fyrir hendi, og í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að Búnaðarfélag Íslands framkvæmi hið allra fyrsta þessar undirbúningsframkvæmdir og aðrar mikilsverðar athuganir, er ákveðnar hafa verið og lúta að eflingu landbúnaðarins, og að jafnframt verði nægilega margar stórvirkar jarðvinnsluvélar útvegaðar, til þess að reynsla fáist af notkun þeirra og nauðsynleg æfing í meðferð þeirra, telur deildin ekki tímabært að afgreiða frumvarpið á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Síðan þetta var samþykkt í Ed., tók stjórn Búnaðarfélagsins þetta mál fyrir á búnaðarþingi, og var þar sett sérstök mþn. til þess að athuga það. Þessi n. hefur nú starfað mikið og haldið marga fundi, en ýmislegt hefur þó tafið störf hennar, þannig að enn þá hefur ekkert nál. komið frá henni, en það kemur nú vonandi hið allra fyrsta.

Tilgangur okkar flutningsmanna er þó ekki sá að taka ekki tillit til aðgerða búnaðarþings, og ekki heldur sá að taka ekki tillit til nál. þess, sem væntanlega kemur bráðum frá þessari mþn., heldur er hann eingöngu sá að flýta sem mest fyrir afgreiðslu málsins. Málið þolir ekki, að það sé setið lengi á því í n. Það er allt of aðkallandi til þess.

Þegar síðast var gerð athugun á því, hve mikill hluti heyskaparins færi fram á véltæku landi, þá kom það í ljós, að það voru aðeins tvær sýslur, Gullbringu- og Kjósarsýsla, — því að ég kalla það tvær sýslur, — sem tóku meira en helming heyskaparins á véltæku landi:

Kjósarsýsla	með	52%
Gullbringusýsla	—	51%

Síðan koma þrjár með 40% og þar yfir, þ. e.:

Norður-Þingeyjarsýsla	með	49%
Vestur-Skaftafellssýsla	—	44%
Borgarfjarðarsýsla	—	40%

Þá koma aðrar, þar sem um ⅔ heyjanna er aflað með orfi og ljá, eða:

Rangárvallasýsla	með	38%
Austur-Húnavatnssýsla ..	—	35%
Mýrasýsla	—	35%
Suður-Þingeyjarsýsla	—	35%
Eyjafjarðarsýsla	—	34%
Árnessýsla	—	32%

Svo koma enn þá neðar þessar:

Skagafjarðarsýsla	með	28%
Dalasýsla	—	27%
Snæfellsnessýsla	—	25%
Norður-Múlasýsla	—	25%
Vestur-Húnavatnssýsla	—	23%
Hnappadalssýsla	—	22%
Suður-Múlasýsla	—	21%
Vestur-Ísafjarðarsýsla	—	20%

Og svo eru þessar sýslur loks með fyrir neðan 20% heyskapar á véltæku landi:

Austur-Skaftafellssýsla ..	með	19%
Strandasýsla	—	14%
Austur-Barðastrandarsýsla	—	12%
Norður-Ísafjarðarsýsla	—	10%
Vestur-Barðastrandarsýsla	—	9%

Svo sjá sumir menn ástæðu til þess að býsnast yfir því í útvarpsumr., að það skuli vera dýrara að framleiða landbúnaðarafurðir í þessum héruðum en þar, sem allt heyskaparland er véltækt.

En þetta mál þolir enga bið, og ég hygg, að það ætti þó að geta flýtt fyrir afgreiðslu þess í n., að í landbn. Nd. munu eiga sæti tveir, ef ekki þrír þeir sömu menn og eru í mþn. þeirri, sem búnaðarþing setti í málið. Þessi mþn. ætti nú að reyna að hraða verkum sínum og láta ekki fleiri fundi falla niður hjá sér, heldur reyna að skila áliti sínu hið allra fyrsta. Þegar það nál. kemur fram, ætti líka þegar að vera hægt að gera þær brtt. við frv., sem þurfa þykir.

Ég vil svo gera það að till. minni, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Mér var gefinn kostur á því að gerast meðflm. að þessu frv., en ég sá ekki ástæðu til þess að taka því boði, þar sem þetta mál er nú til athugunar og meðferðar í mþn. þeirri, sem búnaðarþing setti í það á sl. vori, og hún tók málið þá þegar til meðferðar. Hún hefur ákveðið að ljúka athugun sinni á frv. nú í þingbyrjun og mun við það standa, þannig að álit kemur frá henni næstu daga, eins og til stóð. Og þó að ég sé vitanlega í höfuðatriðum fylgjandi tilgangi þessa máls, taldi ég enga ástæðu að fara að

bera það fram í því formi, sem liggur fyrir hér nú, þar sem þessi undirbúningur er þegar hafinn.

Við munum í mþn. gera till. um nokkra breyt. á frv. og nokkurn viðauka, sem ég fer ekki út í hér. Geri ég ráð fyrir, að það frv., sem frá n. kemur, muni hljóta að verða lagt til grundvallar afgreiðslu málsins hér á þingi, þó að vissir þættir í því séu nákvæmlega þeir sömu og í frv., sem liggur fyrir. — Ég ætla ekki að ræða þetta mál á víð og dreif, tel sjálfsagt að vísa því til landbn., en ég tel ekki ástæðu til að taka málið í heild til meðferðar, fyrr en þetta sama mál er komið í öðru formi frá mþn. búnaðarþings nú á næstu dögum.

ATKVGR.

Frv. *vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til* landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

19. Dýralæknar (frv. GTh).

Á 40. fundi í Sþ., 11. sept., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 12. júní 1939, um dýralækna, og l. nr. 4 27. jan. 1943, um breyt. á þeim l. (þmfrv., A. 297).

Á 49. fundi í Nd., 13. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Það er nú liðin *rúmlega hálf öld síðan fyrst voru sett l. um dýralækna* hér á landi. Það var 1891, og var þá ákveðið, að dýralæknaembætti væru tvö í landinu, annað fyrir Suður- og Vesturland og hitt fyrir Norður- og Austurland. Á þessum tíma var enginn íslenzkur dýralæknir til, og liðu fyrstu árin þannig, að enginn var skipaður, eða þangað til fyrstu dýralæknarnir komu: Magnús Einarsson um aldamótin, og nokkru síðar Sigurður Hlíðar, núverandi yfirdýralæknir. Síðan hefur verið fjölgað dýralæknaembættum, 1915 upp í fjóra, einn fyrir hvern fjórðung, og svo 1933 upp í fimm, en að lokum 1939 upp í sex, þannig að nú eru sex dýralæknaembætti í landinu. Þetta frv. fer fram á að fjölga þeim nú upp í sjö. Eins og skýrt er frá í grg., er ástæðan til þess sú, að áður sat um alllangt áraskeið dýralæknir fyrir Vestfirðingafjórðung í Stykkishólmi. En þó að dýralæknum hafi nú verið fjölgað upp í tvo fyrir þann fjórðung, hefur þróunin orðið sú að svipta Breiðafjarðarbyggðir þessum dýralækni, *sem þótti sjálfsagt*, að væri þar áður. Það var gert 1928, þegar þáverandi dýralæknir í Stykkishólmi, Hannes Jónsson, fluttist til Reykjavíkur og gerðist dýralæknir hér. En hinn nýi dýralæknir var ekki settur í Stykkishólm, heldur í Borgarnes. Þetta hefur valdið miklum örðugleikum í byggðum kringum Breiðafjörð. Og hvað eftir annað hafa komið fram raddir um að fá úr bætt. Nú liggja fyrir áskoranir bæði frá búnaðarsambandi Dalasýslu og Snæfellsnessýslu og frá sýslufundi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til Alþ., að stofnsett verði á ný dýralæknisembætti í Stykkishólmi. Ég tel þetta fullkomið sanngirnismál og nauðsynjamál og vænti þess, að það fái hér góðar viðtökur. Það mætti kannske segja, að eðlilegast væri að bera fram kröfu um, að dýralæknirinn væri aftur fluttur til Stykkishólms úr Borgarnesi. Hins vegar þykist ég skilja til fullnustu, að Borgfirðingar og Mýramenn hafi það ríka þörf fyrir að hafa dýralækni hjá sér, að ekki sé sanngjarnt að svipta þá dýralækni þeim, sem situr í Borgarnesi. Ekki er þá önnur leið en sú til að bæta úr vandkvæðum Borgfirðinga að stofna þetta *dýralæknisembætti í Stykkishólmi.*

Ég skal taka það fram, að ég býst við, að flestir séu þeirrar skoðunar, að á næstu árum hljóti að stefna að því að fá talsvert fleiri dýralækna í landið. Það er augljóst mál, að heilum landsfjórðungum verður ekki gagn að því að hafa einn einasta dýralækni, eins og Vestfirðingafjórðungi og Norðlendingafjórðungi. En sá er ágallinn, að mér er tjáð, að enginn sé nú við dýralæknisnám. Slíkt finnst mér þó ekki næg ástæða til að synja um alla fjölgun dýralæknisembætta. Því að vitaskuld verður það ungum mönnum hvatning að leggja út á þá braut, ef þeir vita, að verkefni bíður þeirra og embætti.

Ég vænti þess svo, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. *vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til* landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

20. Bráðabirgðaverðlag landbúnaðarafurða.

Á 43. fundi í Sþ., 14. sept., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um bráðabirgðaverðlag landbúnaðarafurða (þmfrv., A. 312).

Á 50. fundi í Nd., 15. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Það er að því leyti óþarfi að segja nokkuð um þetta mál, að mikið er búið að ræða það af flm. þess, að vísu ekki í hv. d., heldur í Sþ. Það er ekki ástæða til annars en vísa málinu til 2. umr. og til athugunar í nefnd. Það, sem búið er að samþ., stendur aðeins til 8 daga og viðbúið er, að á þessu frv. sem l. þurfi að halda — það veit maður ekki enn þá. Ég legg því til, að málinu

verði vísað til 2. umr. og n., því að það hefur ekki verið rætt svo ýtarlega í n., þó að það hafi komið til n. efnislega.

Sveinbjörn Högnason: Ég get eiginlega skilið það að nokkru, að 1. flm. (ÁÁ) vilji ekki vera við og hv. 2. flm. vilji ekki neitt um málið segja, því að mér finnst þetta frv. þannig lagað, að enginn hafi sóma af að bera það fram, allra sízt þeir, sem telja það einn þáttinn í að koma á samvinnu milli stétta og flokka um lausn vandamála. Sjá menn ekki, hvers eðlis það er, að látnir skulu niður falla samningar, sem gerðir eru með löggjöf, sem tilskilur framleiðendum landbúnaðarvara ákveðið verð á vörum þeirra? Það á að fella úr gildi frá 15. sept. til 1. des. þá hækkun landbúnaðarvísitölunnar, sem Alþ. samþ. og á að vera trygging til bænda um það, að þeir fengju eitthvað svipað því, sem aðrar vinnandi stéttir þjóðfélagsins hafa haft á liðnu ári. Nú er vitanlegt, að vísitöluhækkunin, 9,4 stig, stafar af kauphækkun, sem launastéttirnar hafa margar fengið á liðnu ári. Og undir þessari framleiðslukostnaðarlækkun, sem kemur á landbúnaðarvísitöluna, er landbúnaðurinn búinn að standa mestan tímann, sem liðinn er af árinu. Bændur koma ári síðar til að fá sínar launabætur en launastéttirnar. En nú er talið alveg nauðsynlegt að láta þetta niður falla og svíkja samkomulagið meðan verið er að reyna að ná samningum. Mér finnst ákaflega einkennilegt samkomulag á milli flokkanna, ef byrja þarf með því að svíkja samningana, sem fyrir hendi eru. Ef á að fá fulltrúa bænda til að ganga inn á samkomulag um nýja löggjöf, hvar er tryggingin, að ekki eigi að fara með það samkomulag nákvæmlega á sama hátt og nú á að gera? Ég sem fulltrúi bænda treysti mér ekki til að ganga inn á nýja samninga við menn, sem þurfa að svíkja síðustu samninga til þess að þeir verði fáanlegir til að tala um nýja samninga. Ég hygg, að það, sem standi einna mest fyrir því að ná samkomulagi meðal þm. og meðal stétta þjóðfélagsins, sé tortryggnin á allar hliðar, að menn treysta illa hverjir öðrum til að halda það, sem lofað er og samið er um, og slíkt er spilling í opinberu lífi hér á landi, ekki síður en annars staðar í heiminum. Og ég sé ekki betur en að þetta frv. sé boðskapur til manna um, að það þýði ekki neitt að koma á samningum milli stétta og manna um nýtt skipulag í þessu efni, þar sem ýmsir víla ekki fyrir sér að rifta þeim samningum, sem fyrir eru. Það bendir ekki á mikla tryggingu fyrir því, að þeir hinir sömu muni ekki víla fyrir sér að rifta þeim samningum, sem gera skal nú.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég er dálítið undrandi yfir því, hvað hv. þm. V-Sk. tók þessu frv. með miklu offorsi og andúð, og beitti hann í ræðu sinni skýringum, sem eru fjarri því að fá staðizt. Fyrst hélt hann því fram, að hv. 1. flm. frv. væri ekki viðstaddur af því, að hann vildi ekki við sitt eigið frv. kannast. Við vitum það, sem sitjum á þingi, að oft geta þm. forfallazt frá þingsetu, jafnvel hv. þm. V-Sk. dag og dag, án þess að nokkur beri fram slíkar ásakanir. Þetta er því algerlega að ástæðulausu og út í hött sagt hjá hv. þm., ekki sízt vegna þess, að þessi sami 1. flm. hefur á fleiri en einum fundi í gær — þó að vísu væri ekki í þessari d., heldur í Sþ. — mælt rækilega mjög og skilmerkilega fyrir efni þessa frv.

Þá vék hv. þm. V.-Sk. nokkrum stórum orðum að því, að með þessu frv. væri verið að fella úr gildi samninga, svíkja samkomulag, svo að ég noti hans eigin orð. En þetta er meginmisskilningur á frv., eins og þegar var skýrt af hv. 1. flm. í gær í Sþ. Það er ekki farið fram á annað með flutningi þessa frv. en að fresta um tiltekið tímabil framkvæmdum í þeim efnum, sem ræðir um í frv., einmitt með það fyrir augum, að gerð verði ýtarleg tilraun til þess að ná samkomulagi um þetta atriði dýrtíðarmálsins eins og önnur. Frv. er beinlínis flutt til þess að auðvelda samkomulagið um aðaldeilumál þingsins. Og það kemur úr hörðustu átt að tala um þetta frv. eins og það sé einhver sérstakur friðarspillir í málinu. Það var einmitt skýrt frá því af hálfu flm., að ef ekki næðist samkomulag innan þess tiltekna tíma, sem í frv. greinir, mundu koma til framkvæmda ákvæði dýrtíðarlaganna frá 1943, sem um þetta fjalla, þannig að málinu var slegið á frest meðan verið er að athuga málavexti. Fer því mjög fjarri, að frv. sé, eins og hv. þm. sagði, boðskapur um, að það þýði ekki að koma á samningum. Þvert á móti mætti segja, að frv. væri boðskapur um, að það ætti að reyna til þrautar að komast að samkomulagi í dýrtíðarmálunum yfirleitt. Það er höfuðástæðan fyrir flutningi þessa frv. af hálfu 1. flm., sem hefur gert það í fullkomnu samráði við þann flokk, sem hann er í. Ég vildi leiðrétta þennan misskilning og vona, að hann valdi ekki frekari stórum orðum hér meðal þingheims. Ég teldi langbezt að eyða ekki fleiri orðum að þessu frv. á þessu stigi, heldur vísa því til 2. umr. og fjhn., eins og hv. 2. flm. lagði til. Eins og hann tók fram, var í Sþ. í gærkvöld gerð ráðstöfun til 8 daga um það efni, sem frv. fjallar um. Það veit enginn, hvort samkomulag hefur náðst innan meiri hl. þingsins um endanlega lausn þessara mála innan þess tíma, og teldi ég því eðlilegt, að þetta frv. kæmist svo langt áleiðis, að unnt yrði að láta það verða eins konar framlenging á því, sem gert var í gærkvöld, ef samkomulag hefur ekki náðst að frestinum enduðum. Það er svo langt frá því, að af hálfu okkar Alþfl.manna, sem að frv. stöndum, sé meint að spilla nokkuð friði milli nokkurra flokka, heldur þvert á móti er tilgangurinn að greiða fyrir því, að málin verði rædd, ef unnt væri að komast að einhverju samkomulagi.

Sveinbjörn Högnason: Mig undrar dálítið, að hv. 4. þm. Reykv. skuli halda, að hægt sé að telja mönnum trú um, að eitthvað sérstakt felist í þessu litla frv., sem ekki er þar. Það er ekki langrar stundar verk að lesa það yfir. Með leyfi forseta vil ég lesa upp ákvæðin, sem er aðeins ein gr., og sjá, hvar hv. 4. þm. Reykv. getur bent mér á, að

þann tíma, sem fresturinn varir, skuli hlutaðeigendur fá þá vísitöluhækkun, sem þeir áttu að fá, hvernig sem samningar fara.

„Framkvæmd ákvæða í 3. málsgr. 4. gr. l. nr. 42 14. apríl 1943, *um dýrtíðarráðstafanir, frestast um* jafnlangan tíma að svo miklu leyti sem þau fara í bága við ákvæði laga þessara.“ Að lokum kemur 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Hvar stendur, að síðar eigi að bæta bændum þær greiðslur, sem hér á að fresta, en þeim ber að fá, ef samkomulag næst ekki? Ég sé það ekki. Kannske hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Siglf. vilji ganga inn á, að fram verði borið og samþ. frv. um, að meðan samningar standa yfir, skuli fresta greiðslu á 10% af launum og verðlagsuppbót til launamanna og verkamanna til þess að greiða fyrir samningum. Ef þeir eru til viðtals um þessi efni, þá er hægt að ræða við þá um það mál, sem þeir bera hér fram. En meðan hv. 4. þm. Reykv. er ekki búinn að sýna fram á, að allir standi jafnt að vígi og ekki sé gengið á rétt neins aðila um, að hann fái það, sem hann á að fá lögum samkvæmt, þá er ómögulegt að leggja fyrir menn greinilegra plagg en þetta frv., *er sýnir og sannar*, að þeir vilja ekki, að neinir samningar séu um þetta gerðir. Hér á að fresta samningum sex manna n., fresta samningum, sem gerðir voru milli þessara stétta um aðalvandamál dýrtíðarinnar, í fyrsta skipti sem þeir eiga að koma til framkvæmda gagnvart bændum, þá á að slá því á frest. Hvað mundu þeir segja, ef ætti að slá á frest greiðslu kaup- og verðlagsuppbótar til verkamanna svona lengi, án þess að nokkur trygging væri fyrir, að þeir fengju hana nokkurn tíma? Þetta liggur ljóst fyrir, og það þýðir ekki að segja okkur, að þetta sé meinlaus hlutur og að það sé síður en svo, að eigi að bregða samkomulagi, sem gert hafi verið. Málið er ekki svo loðið á þessari einu frvgr., að það sé hægt að vefa inn í hana marga aðra hluti, sem standi sem full trygging fyrir þessari greiðslu.

Steíán Jóh. Steíánsson: Það er stutt aths. út af ræðu hv. þm. V.-Sk.

Í 3. málsgr. 1. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmd ákvæða í 3. málsgr. 4. gr. l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir, frestast um *jafnlangan tíma* að svo miklu leyti sem þau fara í bága við ákvæði laga þessara“.

Ég ætla, að þetta orðalag sé ærið nóg til að sýna, að það er rétt, sem ég hef haldið fram, auk þess sem hv. l. flm., þótt ekki væri í þessari d., skýrði málið á þá lund, að frestunin væri um tiltekið tímabil og ef ekki næðist samkomulag um frávikningu frá fyrirmælum sex manna n., kæmu þau að sjálfsögðu til greina og verkuðu aftur fyrir sig fyrir það tímabil, sem frestunin gilti. Ég ætla, að það mundi ekkert verða þessu máli til tafar, þó að þeir, sem telja þetta ekki nógu skýrt, vildu orða það skýrar, og mundi ég ekkert á móti því hafa. Það er þess vegna auðvelt úr því að bæta með brtt. að svo miklu leyti sem menn þykjast ekki sjá, að þetta sé fullkomlega skýrt, en það tel ég vera tvímælalaust.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að víkja að ræðu hv. þm. Öllum þingheimi er kunnugt, að rætt *hefur verið um allsherjar samkomulag innan* þings út af verðlagi landbúnaðarafurða og kaupi verkafólks, og þarf ekki frekar út í það að fara nú, er þetta frv. á að flýta og greiða fyrir, að þetta samkomulag geti orðið.

Páll Zóphóníasson: Mig langar til að fá eina skýringu hjá hv. 4. þm. Reykv. Það hafa alloft verið samþ. hér á þingi l. um að fresta framkvæmd ýmissa l., ævinlega til að spara fé. Mig langar til að vita, hvenær það hefur skeð, eftir að frestunin var útrunnin, að farið hafi verið að borga út fé fyrir þann tíma, sem frestunin gilti. Það hefur ævinlega verið ákveðið að fresta framkvæmd þessara l. til að spara þessi fjárframlög, og hefur engum dottið annað í hug en að l. væru upphafin þann tíma, því að allir sjá, hvaða sparnaður það hefði verið að fresta þessum fjárgreiðslum um ákveðinn tíma og verða svo að borga allt út eftir á. Hv. þm. verður því að fyrirgefa, þó að við lítum svo á, að þegar á að fresta vissum l., þá séu þau gerð óvirk meðan frestunin stendur, og það er alveg áreiðanlegt, að hingað til hefur ekki verið ymprað á því, að l., sem frestað hefur verið um ákveðinn tíma, séu látin *verka aftur fyrir sig og ná yfir frestunartímabilið*, þegar þau hafa komið til framkvæmda á ný. Ef þau l., sem hér er till. um að fresta, eiga þegar til kemur að verka aftur fyrir sig, þá þarf til þess meira en ræðu í Sþ., og það á að vera afsökun fyrir því, að flm. svíkst undan þeirri skyldu að koma á þingfund og skýra mál sitt, þegar það er til umr., að hann hafi flutt framsöguræðuna daginn áður í Sþ.

Sveinbjörn Högnason: Það getur verið örstutt, af því að hv. 2. þm. N.-M. hefur tekið fram það, sem ég ætlaði að segja. Það hefur vitanlega alltaf gilt, að þegar frestað hefur verið framkvæmd l., þá hafa þau verið gerð óvirk þann tíma. Ég er hv. 4. þm. Reykv. sammála um, að það er hægt að bæta frv. með brtt., og það var það, sem ég sagði. Ég get vel hugsað mér, að ég geti fallizt á frv. með því móti, að sett verði inn í það, að samhliða skuli fresta framkvæmd dýrtíðarvísitöluuppbótar til allra launþega í sama hlutfalli og hér er ráðgert með bændur. Nú er búið að fresta greiðslum á þessum uppbótum í heilt ár, og þegar á að láta þessar greiðslur koma til framkvæmda lögum samkvæmt, þá finnst þessum mönnum ekki gera mikið til, þó að bændur *séu — með beztu skýringu á ákvæðum frv. —* látnir bíða nokkuð enn eða þó að þessar greiðslur séu jafnvel látnar alveg falla niður. Ef þetta á að mynda undirstöðu undir allsherjar samkomulag, þá er ekki mikið, þó að frestað sé um stutt tímabil að greiða hluta af uppbótum, sem *hafa verið greiddar til fulls* í heilt ár, því að það mundi sýna, að hér væri um samræmi og réttlæti að ræða. Ef hv. 4. þm. Reykv. álítur þetta undirstöðu undir allsherjar samkomulag milli verkamanna og framleiðenda í sveitum, þá get

ég fullvissað hann um, að fulltrúar bænda vilja ganga inn á slíkt samkomulag, sem farið er fram á í þessu frv., ef sama á að ganga yfir verkamenn og aðra, sem taka laun. En það, sem farið er fram á hér, er það, að frestað sé um óákveðinn tíma samningum, sem nú hafa ekki verið framkvæmdir í heilt ár, þó að hinir fái allt greitt upp jafnóðum, og svo er talað fagurlega um samkomulag og samkomulag, en meðan menn sýna slíkt hugarfar, þá er sjáanlegt, hvert stefnir.

Stefán Jóh. Stefánsson: Út af ræðu hv. 2. þm. N.-M. vil ég segja, að ef hann gætir vel að löggjöf, sem hefur miðað að því að fresta framkvæmd tiltekinna l., mun hann komast að raun um, að ályktun hans um hliðstæður er ekki rétt. Hér er talað um að fresta um tiltekið tímabil að greiða uppbætur fyrir hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða, en alls ekki slegið föstu að fella niður að greiða þær fyrir þetta tímabil. Og nú, þegar báðir þessir hv. þm., sem tekið hafa hér til máls gegn þessu frv., hafa sjálfir heyrt, þótt ekki væri í þessari hv. d., heldur í Sþ., þá grein gerða fyrir frv., að ef ekki yrði samkomulag áður en fresturinn væri á enda, þá mundi koma aftur það, sem áður var, og ná til þess tíma, sem fresturinn byrjaði, þá finnst mér, að tortryggni út af framkomu frv. eigi við sáralítil rök að styðjast. Það væri hægt að segja, að tortryggni væri réttmæt, ef sú skýring hefði fylgt í upphafi, að það ætti að fella niður uppbótargreiðslur fyrir þetta tímabil, hvort sem samkomulag næðist eða ekki á tímabilinu, en þegar fylgdi öfug skýring, sem fellur ákaflega vel inn í orðalag frv., þá finnst mér það nálgast hótfyndni að bera fram andúð gegn frv. af þessari ástæðu, og þegar líka þeim, sem þykir ákvæðin ekki nógu skýr, þótt skýring fylgdi í þingræðu, er boðið upp á að gera breyt. til að orða frv. enn skýrar, þá ætti öll tortryggni af þeirra hálfu að vera horfin, ef það er ekki svo, að eitthvað annað byggi á bak við.

Hv. þm. V.-Sk. var að tala um hugarfar. Það mætti líka tala um, að það hugarfar væri ekki glæsilegt til samkomulags, sem lýsir sér í þeirri andúð, sem kemur hér fram gagnvart þessu frv.

Emil Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki draga í efa, að þessi aths. hv. þm. V-Sk. hafi sprottið af tómri samkomulagsviðleitni eða áhuga fyrir því að ná endum saman. Sjálfsagt er það svo frá hans sjónarmiði, enda þótt ég eigi bágt með að skilja það, í því formi sem hans samkomulagsviðleitni kemur fram nú. Hann fór að bera saman svo ólíka hluti, að ég skil ekki, hvernig honum gat dottið í hug að bera slíkt fram. Hann sagði: Ég er reiðubúinn að ræða þetta frv., ef um leið er frestað greiðslu á verðlagsuppbót á laun verkamanna og starfsmanna að sama hluta og talað er um að fresta greiðslum til bænda. — Finnst honum hér vera líku saman að jafna? Mér finnst það ekki. Þetta er svo furðulega ólíkt, að ég get ekki skilið, hvernig hv. þm. hugsar sér að bera það saman. Verkamenn fá laun sín greidd vikulega, þ. e. a. s. þau laun, sem þeir þurfa að berjast fyrir með verkföllum og standa kauplausir fyrir það í mánuði, en bændur fá lögboðið fyrirhafnarlaust verðlag fyrir sínar afurðir og þurfa ekki að standa kauplausir í verkföllum til að fá það fram. Þessar verðuppbætur til bænda eru ekki greiddar á ákveðnum tíma, það geta liðið vikur og mánuðir þangað til þær koma í hendur mannanna sjálfra, og þá fara þær ýmsar krókaleiðir, sem ríkissjóður getur ekki kontrollerað, og ríkissjóður fær engar kvittanir fyrir, hvar þær lenda. Það er því ekki um að ræða neina riftingu á því, sem fyrir er, hvort greiðslan kemur mánuði fyrr eða seinna. Hitt væri veruleg systemrifting, ef ætti að fara að taka af verkamönnum hluta af þeirra verðlagsuppbót, enda veit ég, að hv. þm. ber þetta fram gegn betri vitund, af því að hann skortir önnur rök til að koma fram með í málinu.

Ég get ekki skilið þessa andúð gegn frv. eftir þá yfirlýsingu, sem hv. 1. flm. þessa frv. gaf í gær. Þótt það væri ekki í þessari d., þá breytir það engu, yfirlýsing hans var jafnskýr fyrir það, að engin endanleg ákvörðun verði tekin um greiðslu þessara uppbóta, þangað til séð er, hvernig þessum málum reiðir af. Hv. 4. þm. Reykv. hefur nú endurtekið þessa skoðun, svo að ekki verður um villzt. Öll önnur lýsing á frv. er bein hártogun, því að ef einhver vafi leikur á um frv., þá er yfirlýst, að flm. eru reiðubúnir til að færa það í það horf, að ekki verði um villzt.

Ef á að bera saman þær tvær aðferðir, sem hér liggja fyrir um greiðslumáta uppbóta til bænda, annars vegar till. Framsfl., sem samþ. var í gær með breyt. sjálfstæðismanna, og hins vegar það frv., sem hér liggur fyrir, þá er á þessu tvennu sá eðlismunur, að þegar búið er að ákveða þetta fyrir það tímabil, sem um er að ræða, þá er það óafturkræft og búið að slá því föstu, enda er það það, sem framsóknarmenn vilja, að málinu sé á þessu stigi slegið föstu og enginn frestur á því hafður. En hins vegar, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ., þá eru báðar leiðirnar opnar til beggja handa, eftir því sem samningum kann að verða skipað. Þetta er sá höfuðmunur, sem á þessum stefnum er. En það er einmitt þetta, sem framsóknarmenn vilja ekki, að báðar leiðirnar séu opnar, heldur að málinu sé einhliða slegið föstu í upphafi, áður en til samninga er gengið.

Sveinbjörn Högnason: Mér hefur jafnan fundizt jafnaðarmennska og jafnrétti vera fögur hugsjón, en um þá jafnaðarmennsku, sem hv. þm. Hafnf. er hér að prédika, vil ég segja: Guð varðveiti mig frá henni. Inntakið í ræðu hans var það, að ef illa hefur verið farið með einhvern í þjóðfélaginu og lagzt á hans hlut, þá er sjálfsagt, að eigi að leggjast enn þá meira á hann, láta það verða enn þá meira en áður. Þetta er nú jafnaðarstefna hv. þm. Hafnf. Ég vil segja, að þetta er sú mesta óréttis- og yfirgangsstefna, sem enn hefur heyrzt í sölum Alþingis. Hann álítur, að hér sé mjög ólíku saman að jafna, verkamenn fái laun sín greidd

vikulega með öllum uppbótum, þá megi alls ekki hreyfa neitt við þeim, nei, nei, en fyrst bændur hafi ekki fengið sínar lögmæltu uppbætur greiddar í heilt ár, þá sé um að gera að gera muninn enn meiri, og þá geri ekkert til, þó að þeir séu látnir bíða enn lengur, þá muni ekki mikið um það. Hvernig hugsa svona menn? Ég skil ekki, hvernig jafngreindur maður og hv. þm. Hafnf., sem telur sig jafnaðarmann, getur borið slíkt fram hér á Alþ., að fyrst bændur hafi orðið að bíða lengur og fá miklu síðar greitt, það sem þeim ber, þá megi þeir fremur bíða en hinir, sem fá allt greitt á fárra daga fresti, og það sé hreinasta goðgá að ætla nokkuð að hreyfa við þeim. Ég skil ekki svona hugsunarhátt og það frá jafngreindum manni og hv. þm. Hafnf., sem telur sig þar á ofan jafnaðarmann, því að mér skilst, að í þeirri hugsjón felist, að allir þegnar þjóðfélagsins eigi að vera jafnréttháir. Ég hef skilið það svo til þessa, en ég fer að efast um það, þegar ég heyri þann boðskap fluttan, að fyrst bændur hafi beðið svo lengi eftir sínum lögboðnu greiðslum, þá sé rétt að láta þá bíða enn lengur, fresta greiðslunum enn um stund og með öllu óvíst, hvort þeir fái þær nokkurn tíma. Þetta er beint hnefahögg, ef fara á þannig með þá stétt, sem verst hefur verið farið með og ekki hefur fengið greitt samkvæmt því samkomulagi, sem nú gildir samkvæmt l., því að það er mikið ógreitt af því, sem bændum ber lögum samkvæmt. Þeir hafa aldrei fengið allt, sem þeim ber samkvæmt samkomulagi sex manna nefndarinnar. En í staðinn fyrir að gera leiðréttingu á því misrétti er því nú haldið fram sem einhverri sérstakri jafnaðarmennsku, að fyrst þeir hafi beðið svo lengi eftir sínum rétti, þá eigi þeir að bíða enn.

Emil Jónsson: Ég þarf ekki að svara mörgum orðum þessari síðustu aths. hv. þm. V-Sk., því að hann forðaðist eins og vant er að koma að kjarna málsins, heldur fór utan um það marga hringi. Hann talaði ekkert um það, sem er aðalatriðið í málinu, hvort sé heppilegra, þegar verið er að leita samkomulags um eitthvert atriði, að byrja á að slá málinu einhliða föstu eða, eins og lagt er til með okkar frv., að halda öllum leiðum opnum. Þetta er höfuðmunurinn á frv. og þeirri till., sem hann stendur að.

Hann segir, að þetta sé hnefahögg framan í viðkomandi aðila. Er það hnefahögg framan í bændur, þó að flutt sé till. um að fresta að taka ákvörðun, meðan reynt er að komast að samkomulagi? *(SvbH:* Það er búið að taka ákvörðun um þetta fyrir löngu). Það er ekki það, sem verið er að tala um hér. *(Forseti:* Ekki samtal). Hæstv. forseti ætti ekki að vera að snúa sér með það til mín, ég veit ekki betur en að það sé ég, sem hef orðið hér. *(Forseti:* Hv. þm. má vita, að orð mín voru ekki töluð til ræðumanns, heldur þess, sem fram í greip. Hinu get ég ekki gert að, þótt hljóðið berist einnig til hans). Hæstv. forseti ætti þá að snúa sér til hinnar handarinnar, en ekki til mín.

Það þýðir ekki að ræða mikið um þetta við hv. þm. V-Sk. Framkoma hans er þannig, að það gegnir furðu. Hann segir, að verið sé að leggjast á smælingjana, sem hafa fengið greitt úr ríkissjóði milli 20 og 30 millj. kr. á árinu. Það eru þessir smælingjar, sem hann segir, að sé verið að fara verst með og eigi að níðast á, þó að talað sé um að hinkra við um stund, meðan verið er að ráðgast um, hvort eigi að bæta 10 millj. kr. við. Er ekki von, þó að hann biðji guð að vernda sig og taki þar á öllu því prestslega, sem hann á til, þegar hann er að tala um, að hér sé verið að níðast á smælingjunum, þegar minnzt er á nokkurra daga frestun á þessum greiðslum, sem nema milljónatugum, meðan verið er að athuga, hvort enn eigi að bæta milljónum við, þegar ríkissjóður hefur sannarlega í mörg horn að líta, þó að einhver stingi fótum við, áður en búið er að eyðileggja greiðslugetu ríkissjóðs af þeirri stefnu, sem þessi hv. þm. berst fyrir.

Hv. þm. segir, að bændur séu búnir að bíða meira en ár. Það getur vel verið, en ég veit þó ekki betur en að uppbætur hafi verið greiddar úr ríkissjóði, eftir því sem samkomulag hefur orðið um milli ríkisstj. og fulltrúa þeirra aðila, sem þetta áttu að fá. Ef dráttur hefur orðið á eða vangreiðsla átt sér stað, þá er sjálfsagt að athuga það mál. Ég vil aðeins halda fram, að það sé illa um þessa hluti búið, a. m. k. að því leyti, að ekki er einu sinni hægt að fá að vita, hverjir hafa fengið þessa peninga. Þetta eru einu ríkissjóðsgreiðslurnar, sem ekki er hægt að kontrollera. Það er ekki hægt að fá frumkvittanir fyrir, hvar þessar 20—30 millj. lenda, heldur kemur bara þessi hv. þm. og segir, að ekki sé greitt nóg. Það kann að vera, og því er þörf að leggja skjölin á borðið, sýna, hvar þetta fé lendir og hvernig það skiptist, og það getur ekki liðið á löngu, þangað til það verður gert, sérstaklega ef framhald á að vera á þessari stefnu, sem hv. þm. berst nú fyrir.

Skúli Guðmundsson: Eins og menn muna, voru sett hér lög árið 1943 um dýrtíðarráðstafanir, og samkvæmt þeim l. skal vera það hlutfall milli vinnulauna og afurðaverðs bænda, sem 6 manna nefndin reiknaði út, að hæfilegt væri. Um þetta hlutfall var fullt samkomulag í n., og Alþingi hefur alls ekki séð sér annað fært en ganga út frá því samkomulagi og hefur heimilað ríkisstj. aðgerðir og fjárframlög í því skyni, að þetta hlutfall héldist.

Nú hefur hagstofan reiknað út, að verð landbúnaðarafurða til framleiðenda þurfi að hækka um allt að 10% frá 15. eða 16. þ. m. til þess að tekjur þeirra verði hliðstæðar tekjum annarra vinnandi manna. En hér liggur fyrir frv. um að láta niður falla þessa hækkun fyrst um sinn, til 1. des. eða í 2½ mánuð. Formælendur frv. segja að vísu, að allt annað vaki fyrir sér, aðeins frestun á að greiða þetta. Látum það gott heita, þó að það verði ómögulega séð af frv. En það, sem mér þykir furðulegast í málfærslu þessara manna, er, að þeir telja nauðsyn að samþ. þessa frestun til að greiða fyrir, að nýir samningar takist milli stéttanna og

ýmissa aðila um dýrtíðarmál og önnur vandamál, sem úrlausnar krefjast. Þetta er einhver furðulegasta röksemd, sem ég hef heyrt. Hv. þm. Hafnf. (EmJ), sem nú var reyndar að ganga út eftir að hafa flutt 2 mjög merkilegar ræður, sagði, að framsóknarmenn vildu fá málinu slegið einhliða föstu áður en samningar hefjist. Mér er ómögulegt að skilja, hvað hann á við með þessu. Ef samningar skyldu takast um það innan skamms tíma að lækka eitthvað verðlag á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði og jafnframt um, að kaupgjald lækki smátt og smátt, væri samþykkt þessarar þál. þeirri lækkun alls ekki til fyrirstöðu. Við skulum segja, að þessir samningar tækjust. Þá kæmu þeir strax til framkvæmda, fyrirmæli yrðu sett í samræmi við þá og ákveðið að sínu leyti eins og í l. frá í fyrra, hvað bændur eigi að fá fyrir sínar vörur. Ég veit því ekki, hvað hv. þm. Hafnf. er að fara með ummælum sínum, þótt við höldum því fram, að standa eigi við samninga frá 1943, sem Alþingi hefur staðfest með l. til að gilda, þangað til aðrir verði gerðir. Sami hv. þm. var að spyrja, hvort búið væri að borga út úr ríkissjóði uppbætur ársins 1943. Ég get upplýst hann um, að ríkissjóður er ekki búinn að greiða það, sem honum ber að greiða á útfluttar landbúnaðarafurðir ársins 1943, svo sem kjöt. Um niðurgreiðslu verðlags á innlendum markaði mun öðru máli gegna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 18. sept., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Það var raunar tilætlun mín sem flm., að þetta frv. biði, þangað til útséð væri um, hvað gerðist 23. þ. m. samkv. þál., sem samþ. var í Sþ., en úr því að umr. er lokið, sé ég ekki neitt því til fyrirstöðu, að gengið sé til atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég vil taka það fram, að ég er þessu máli algerlega andstæður, en vil þó, að það fari til 2. umr. og nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, GÞ, GTh.

nei: PZ, SÞ, SvbH, EystJ, JörB.

PÞ, SkG, BÁ, GSv greiddu ekki atkv.

5 þm. (BG, EOl, FJ, GG, HelgJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Mjólkursala og rjóma o. fl. (frv. JPálm og GTh).

Á 45. fundi í Sþ., 20. sept., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og l. nr. 66 31. des. 1937* (þmfrv., A. 335).

Á 54. fundi í Nd., 22. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 335, er samhljóða frv., sem ég og hv. þm. Snæf. fluttum á síðasta þingi og náði þá ekki afgreiðslu.

Ég get verið fáorður um tilgang þessa frv., vegna þess að hann er tekinn fram í grg. þess og málið var hér nokkuð rætt á síðasta þingi. Það fór þá til hv. landbn., en frestað var að taka ákvörðun um það þar, í von um, að það væri ákveðið áður en næsta þing kæmi saman, hvaða breyt. sú n. gerði tillögur um, sem ákveðin var til að gera till. um breyt. á mjólkurlögunum.

Nú er það svo, að mjög mikill áhugi er í þeim héruðum, sem hlut eiga að máli í þessu efni, sem eru Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla og Húnavatnssýslur, um að fá úr því skorið, hvort von er til þess, að þær geti komizt inn á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og fengið þau réttindi, sem framleiðendur mjólkur á því svæði njóta, því að það er undirstaða þess, að þessi héruð fái þau réttindi, að unnið verði að því, að breytt verði um búskaparháttu þar frá því, sem nú er. Það verður ekki gert í einni svipan, heldur þarf nokkurn undirbúning til þess að koma breyt. á. En á þessum svæðum er nauðsynlegt að gera þá breyt. á búnaðarháttum, eins og sakir standa nú, að framleiðendur þar geti notið þeirra hlunninda, sem aðstaða til mjólkursölu til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar skapar, vegna þess að framleiðslan á þessum svæðum er svo einhæf og lítil vegna fjárpestar, sem þar hefur geisað, meira en víða annars staðar á landinu.

Mál þetta er einfalt, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynnt sér grg. frv., og málið var hér í þinginu í fyrra. Vænti ég þess, að menn sýni nú þá viðsýni að samþ. þetta frv. eða a. m. k. að gera þá aðrar þær ráðstafanir, sem tryggja, að hægt sé að byrja á þeim undirbúningi, sem nauðsynlegur er á þessu svæði til þess að mjólkurframleiðslan geti aukizt.

Vænti ég, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til hv. landbn.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Það er hér upp risin afturganga, sem ég, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, þegar þetta frv. lá fyrir síðasta þingi, hafði búizt við, að ekki mundi koma fram aftur. A. m. k. hafði ég ekki búizt við, að þetta frv. kæmi aftur fram, jafnvanhugsað og mér virðist það vera. Hér er gert ráð fyrir, að í staðinn fyrir

að eftir l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. hefur mjólkursölunefnd, sem sett er til þess að hafa á hendi skipulagningu á mjólkursölunni, ákveðið verðjöfnunarsvæðið í hvert sinn, þá skuli með l. ákveða, að nokkur hluti af landinu verði í vissu verðjöfnunarsvæði. Og, eftir því, sem hv. 1. flm. þessa frv. upplýsir, á þetta að vera gert til þess að hægt sé að tryggja það fyrir fram, að fyrir framleiðendur á þessum svæðum, *sem eftir frv. á að* bæta inn á verðlagssvæðið hér syðra, fáist full verðjöfnun á við þá, sem nú eru á verðjöfnunarsvæðinu, og þar af leiðandi sé hægt að undirbúa framkvæmdir á meiri mjólkurframleiðslu í þessum héruðum, sem lagt er til með frv., að bætt verði inn á verðjöfnunarsvæðið. Ég verð að segja það, að ef það er sérstaklega tilgangurinn með þessu frv. að tryggja það, að framleiðendur mjólkur, hvar sem þeir eru á landinu og hvernig sem aðstaða þeirra er, skuli fyrir fram fá tryggt verð fyrir vöru sína, *þá sé ég ekki, hvernig löggjafinn getur fallizt á* það, að hér sé aðeins að ræða um Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Húnavatnssýslur, Bæjarhrepp í Strandasýslu og Skaftafellssýslu vestan Mýrdalssands, sem eigi að bæta inn á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og að verðjöfnunarsvæði Akureyrar skuli vera eins og í frv. greinir. Hvers vegna er hér sleppt Austfjörðum og Vestfjörðum og Skaftafellssýslu að nokkru leyti og tekin aðeins að hálfu leyti Vestur-Skaftafellssýsla? Ef það eru einhver réttindi, sem með l. á að tryggja vissum mönnum í þessu efni, *hvernig sem afstaða* þeirra er, með greiðslum úr ríkissjóði, þannig að menn fái sama verð fyrir framleiðslu sína þar eins og þeir, sem nú eru á verðjöfnunarsvæðinu, þá er óhugsandi annað en að slík löggjöf nái til allra mjólkurframleiðenda á landinu. Ef á að fara út af þeirri braut að fara í þessu efni eftir aðstöðu manna eins og mjólkurl. gera ráð fyrir, þá liggur í hlutarins eðli, að allir aðrir mjólkurframleiðendur en þeir, sem nefndir eru í frv., fái sömu réttindi og hinir, sem frv. tekur til. Þess vegna er hér um ekkert annað að ræða en það, hvort á að gera allt landið að einu verðjöfnunarsvæði viðkomandi sölu mjólkur og mjólkurafurða eða hins vegar að fara að eins og mjólkurl. gera ráð fyrir, — og þótti þó langt gengið með þeim l., þegar þau voru sett, — að fela framkvæmdastjórn þessara mála að ákveða á hverjum tíma viss verðjöfnunarsvæði.

Mjólkursölunefnd hefur tvisvar breytt nokkuð verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar til þess að menn hafi aðstöðu af stærra svæði til þess að selja mjólk til þessara bæja. Fyrst var tekinn einn hreppur í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og tveir hreppar í Skaftafellssýslu inn á verðjöfnunarsvæðið og nú nýlega Miklaholtshreppur. Hins vegar á að bæta hér inn á verðjöfnunarsvæðið 4½ sýslu eftir þessu frv. og veita framleiðendum þar réttindi til sölu mjólkur til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, framleiðendum á þeim stöðum, sem ekki hafa hin minnstu skilyrði til þess að uppfylla það, sem er undirstaða laganna, að þeir, sem framleiða mjólk á verðjöfnunarsvæðinu, hafi aðgang að mjólkurbúi til þess að hreinsa mjólkina og vinna úr henni. Það er ekki vitað, að þeir framleiðendur, sem hér er um að ræða, hafi gert nokkurn undirbúning til þess að koma sér upp mjólkurbúum og skapa sér þannig aðstöðu til þess að geta gert mjólk sína að seljanlegri vöru. Nú er hins vegar vitað, að mjólkurbú, sem eru á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, eru orðin of lítil. Og *ég hygg, að þau öll, nema kannske Hafnarfjarðarbúið*, séu í undirbúningi með að stækka stórlega stöðvarnar hjá sér til þess að geta tekið á móti meiri mjólk á sínum eigin svæðum. Það er einnig vitað, að mjólkurbú er til á Norðurlandi rétt þar við, er hv. flm. þessa frv. vilja setja takmörk verðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, sem sé á Sauðárkróki, sem er nokkrum km. fyrir austan þau takmörk og nokkrum km. lengra frá Reykjavík en Húnavatnssýsla. Og ef tilgangur hv. flm. er sá að koma á sama verði á mjólk á öllu landinu, *þá dettur náttúrlega engum manni í hug að flytja* mjólk til vinnslu yfir 300 km. veg, þegar bú er tiltölulega stutt frá, sem gæti unnið úr mjólkinni, ef sama verð fengist fyrir mjólkina hvort heldur sem farin væri þarna lengri eða skemmri leiðin til mjólkurbús. En það skilst mér vera tilgangurinn með flutningi þessa frv., að verðið yrði það sama í báðum tilfellum. — Vitanlega eiga ekki allir mjólkurframleiðendur landsins eftir texta þessa frv. að hafa sama rétt til verðjöfnunar mjólkur. En ef nokkur heil hugsun liggur til grundvallar þessu frv., *þá yrði að vera eitt verðjöfnunarsvæði yfir allt* landið í þessu efni. En þá hlyti það óhjákvæmilega að hafa það í för með sér, að mjólkin yrði dýrari til neytendanna, ef framleiðslukostnaðurinn bærist uppi af verði mjólkurinnar, sem mér skilst, að hv. 1. flm. frv. vilji vera láta, — ef mjög mikil vinnslumjólk kæmi í viðbót. Því að vinnsluvörur úr mjólk seljast aldrei við því verði, að með því að vinna úr mjólkinni fáist eins mikið fyrir hvern lítra eins og fyrir neyzlumjólk, ef ekki kemur verðjöfnun til greina. Menn verða því að hafa það hugfast, *að með aukinni mjólkurvinnslu fylgja aukin* útgjöld fyrir bændur á þessu fyrirhugaða verðjöfnunarsvæði eftir frv., þar sem verðjafna þyrfti þá mjólkina til uppbótar á enn meiri vinnslumjólk en verið hefur, ef verðlagssvæðið yrði stækkað stórkostlega. Og ef Alþ. ætlar að ákveða verðjöfnun á mjólk, en þó ekki eftir aðstöðu til sölu og vinnslu á mjólk, þá verður þingið að stíga skrefið fullt og gera allt landið að einu verðjöfnunarsvæði, það liggur í augum uppi. En því mundi auðvitað óhjákvæmilega fylgja mikill aukinn kostnaður, bæði fyrir neytendur mjólkurinnar og bændur.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Mér er náttúrlega ljóst, að þetta mál, eins og margt annað í okkar framleiðsluháttum, er mikið vandamál og erfitt að skera úr, hvar á að setja mörk. Það er því ekki undarlegt, þó að ágreiningur sé milli manna um, hvernig eigi að leysa það vandamál, sem hér er um að ræða.

Hv. þm. V-Sk. leggur áherzlu á það, sem ég lái

honum ekkert, að mjólkursölunefnd fái að ákveða verðjöfnunarsvæðin, en það sé ekki ákveðið af Alþingi. En ég er honum þar ósammála. Ég álít, að það eigi að lögbjóða verðjöfnunarsvæðin með samþykkt á Alþ., en ekki fela það einum manni til þess að skapa mönnum einkaréttaraðstöðu. Því að það er einkaréttaraðstaða að fá tækifæri til þess að fá að njóta verðjöfnunar þeirrar, sem þau svæði njóta, sem eru á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Hv. þm. V-Sk. segir, að þrisvar sé búið að breyta verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar síðan mjólkursölul. voru sett, með því að bæta inn á svæðið nokkrum hluta Vestur-Skaftafellssýslu og tveimur hreppum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Eftir því sem fleiri stöðum er bætt inn á verðjöfnunarsvæðið fer að verða minni munurinn á þeim svæðum annars vegar, sem bætt er inn á verðjöfnunarsvæðið, og hinum svæðunum, sem við með þessu frv. leggjum til, að komi inn á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og sá munur er sannarlega ekki mikill.

Varðandi það atriði, sem var aðalatriðið í máli hv. þm. V-Sk., að ef ætti að fara inn á þá leið, sem lagt er til í þessu frv., mætti eins taka allt landið í eitt verðjöfnunarsvæði, er það að segja, að þetta tvennt er ekkert sambærilegt. Kemur það til af því, að mörg svæði, svo sem Austfirðir og Vestfirðir, sem lítil skilyrði hafa til mjólkurframleiðslu, hafa engin skilyrði til þess að flytja mjólkina til þeirra kaupstaða, sem aðallega kaupa mjólk úr sveitunum. Á þessum stöðum er líka betri aðstaða til sauðfjárræktar en á þessu svæði, sem við förum fram á, að tekið verði inn á verðjöfnunarsvæðið. — Hitt er náttúrlega rétt hjá hv. þm. V-Sk., að það þarf meiri undirbúning til þess að þetta svæði, sem hér er um deilt, geti orðið aðnjótandi þessara réttinda, þann undirbúning, að hægt verði að reka mjólkurvinnslu á þessum svæðum fyrir norðan Holtavörðuheiði. Það er þó ekki útilokað, að mikinn hluta af árinu megi frá þessum héruðum flytja mjólk til Borgarnesbúsins, þegar það getur við henni tekið. En þegar svo stendur á, að mikill skortur er á smjöri, eins og hefur verið undanfarið, þá er hart, að það skuli vera látið ganga svo, að einstökum svæðum á landinu sé öðrum fremur veitt aðstaða til þess að nota markaðinn, eins og gert hefur verið að undanförnu með framkvæmd mjólkurl. Hitt er náttúrlega atriði, sem er athugandi, hve langt á að færa út verðjöfnunarsvæðið, og vel getur komið til, að ef sauðfjárrækt rýrnar eins og hún hefur gert undanfarið, þá geti orðið nauðsyn á því á Austfjörðum og Vestfjörðum að auka mjólkurframleiðsluna frá því, sem nú er. Og þá getur komið til mála að fara út á þá braut að hafa allt landið eitt verðjöfnunarsvæði. En eins og stendur er aðstaða ákaflega ólík til mjólkurframleiðslu og flutninga á Austfjörðum og Vestfjörðum annars vegar og hins vegar á þeim svæðum, sem við leggjum til í þessu frv., að bætt verði inn á verðjöfnunarsvæðið.

Annars sé ég ekki ástæðu til að fara mjög mörgum orðum um þetta mál nú við 1. umr. Frv. verður að sjálfsögðu tekið til athugunar af hv. landbn. og þá einnig, hvort nauðsynlegt er að gera á þessu frv. einhverjar þær breyt., sem þeim mönnum þætti aðgengilegri, sem nú njóta þeirrar einkaréttaraðstöðu, sem þeir hafa, sem á mjólkurverðlagssvæðinu eru.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Hv. 1. flm. þessa frv. segir, að ekki sé ástæða til að ræða þetta mál mikið nú við 1. umr., áður en það fer til n. Ég held, þvert á móti, að það sé nauðsynlegt fyrir þá n., sem fær það til meðferðar, að fram komi nú þau sjónarmið, sem í þessu máli eru, til þess að n. geti áttað sig á því, hvaða mál er hér á ferðinni. Enda mun líka til þess ætlazt samkvæmt þingsköpum, að áður en mál fari í n. séu þau rædd nokkuð almennt, til þess að n. geti áttað sig nokkuð á aðalsjónarmiðum þingmanna í sambandi við þau. Ég get þess vegna ekki komizt hjá því að svara hv. 1. flm. nokkrum orðum, þar sem hann fer með allmiklar rangfærslur í þessu efni. Hann segir, að ég leggi mjög mikla áherzlu á, að mjólkursölunefnd fái að halda áfram að hafa það vald, sem hún hefur í þessu efni. Ég spyr: Hvenær sagði ég það? Ég sagði það ekki, heldur hitt, að meðan l. eru eins og nú og tilgangur þeirra er sá sami sem í upphafi, að tryggja, að þeir, sem geta flutt óskemmda mjólk hér á markaðinn, geri það, þá vil ég fara eftir þeim l., en að Alþ. ákveði ekki sjálft, hve stór verðjöfnunarsvæði mjólkur skuli vera. En hvort það er mjólkursölunefnd eða annar aðili, sem það gerir, skiptir mig engu máli. Þ. e. a. s., það er mjög óheppilegt að skipa því með beinni lagasetningu, hvernig verðjöfnunarsvæðin eru ákveðin, heldur á að taka tillit til þess, sem farið var eftir við fyrstu lagasetningu um þessi mál. Þá var í þessu efni farið eftir aðstöðu manna um flutninga á þessari vöru til sölustaða og því, hver þörf var fyrir hana þar, sem hún var seld. — Þetta var það, sem ég sagði í minni ræðu, en ég lagði ekki áherzlu á, að það væri í höndum neinnar vissrar nefndar að ákveða verðjöfnunarsvæðin.

Þá sagði hv. 1. flm. einnig, að það væri langt frá því, að það væri sambærilegt við að gera allt landið að einu verðjöfnunarsvæði, þótt þessum 4½ sýslufélögum væri bætt inn á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. En á þessu er bara enginn eðlismunur, því að eins og sakir standa er þessum héruðum, sem um er að ræða í frv. að taka inn á verðjöfnunarsvæðið, alveg jafnómögulegt, vegna ónógs undirbúnings, að stunda mjólkursölu eins og Austfjörðum og Vestfjörðum. En ef t. d. Austur-Húnvetningar og Strandamenn geta komið sér upp mjólkurbúum, þá hygg ég, að engu verri skilyrði séu til þess að koma upp mjólkurbúi t. d. á Héraði. En nú er ekkert mjólkurbú, sem getur tekið við mjólkinni á þessum svæðum, sem í frv. er lagt til, að tekin verði inn á verðjöfnunarsvæðið, þannig að íbúum þeirra héraða kæmu þessi l., þó að frv. væri samþ., að engu gagni. — Þessi svæði koma því ekki til greina til að koma inn á verðjöfnunarsvæði

Reykjavíkur og Hafnarfjarðar fyrr en þau hafa mjólkurbú. En þegar þar eru komin upp mjólkurbú, og ef maður lítur þá svo á, að þessi svæði, sem í frv. er lagt til, að komi inn á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, verði tekin inn á það verðjöfnunarsvæði, — hvað væri það þá, sem gerði það að verkum, að mjólkurbúið á Sauðárkróki ætti ekki að vera þar líka? Ég sé engan eðlismun þar á.

Hv. 1. flm. segir, að betri flutningaskilyrði séu frá þessum stöðum til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar en annars staðar af landinu. Ég vil benda á, að í Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands eru engu verri skilyrði til flutninga á mjólk til Reykjavíkur en t. d. úr Langadal í Austur-Húnavatnssýslu.

Vitanlega er undirstaðan undir því, að hægt sé að hafa sölu á mjólk og mjólkurvörum, sú, að komið sé upp mjólkurbúum, og á því byggist öll löggjöfin um mjólkursöluna. Og þegar mjólkurbú eru komin upp, þá er kominn tími til að athuga, hvernig skuli haga verðjöfnun, og það er í raun og veru ekki kominn tími til að athuga það fyrr.

Hv. 1. flm. sagði, að ómurlegt væri til þess að vita, að þar sem skortur væri á smjöri, þá væri jafnframt einstökum mönnum veittur einkaréttur til að selja það. Hvaðan hefur þessi hv. þm. þetta? Mér er ókunnugt um, að nokkur hópur manna hér á landi hafi nokkurn einkarétt til smjörsölu. Ég veit ekki annað en að það sé með lögum tryggt, að bændur fái nákvæmlega sama verð fyrir smjör, hvaðan sem er af landinu, og þó er skortur á því. Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, ef hv. þm. A-Húnv. hefur hugsað svo lítið um þetta, að hans umbjóðendur þurfi þess vegna að verða út undan í þessu efni. Ef svo er, er það líklega af því, að hann er ekki nógu árvakur fyrir sína umbjóðendur. — Mönnum er tryggt sama verð fyrir smjörið, hvaðan sem það er, enda hafa menn komið sér upp smjörsamlögum til þess að geta selt smjör.

Annars hélt ég, að hv. flm. þessa frv., og hv. þm. Snæf. er annar þeirra, væri nokkuð kunnugt um það, — og þeir hafa látið orð um það falla —, að því hefur verið haldið fram, að það væri ekki næg vöruvöndun í sambandi við mjólkursöluna, sem stafaði af því, hve mjólk væri flutt langt að til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Og frá því sjónarmiði sé ég ekki, að það ætti að vera forsvaranlegt, eins og flutningum er háttað um landið, að stækka verðjöfnunarsvæðið eins og hér er farið fram á, ef ætti að vera um að ræða að flytja neyzlumjólk frá þessum stöðum, sem hv. flm. vilja bæta inn á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Ef frv. þetta ætti fram að ganga, mundi hver einasti þm. úr sveitakjördæmi koma með brtt. við það um að sitt umdæmi yrði sett inn á verðjöfnunarsvæði. Og þá væri skynsamlegra að kveða svo á í frv. strax í fyrstu: Allt landið skal vera eitt verðjöfnunarsvæði.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Samkvæmt l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. er landinu skipt í verðjöfnunarsvæði, og öllum utan þeirra svæða er óheimilt að selja mjólk og rjóma á þeim svæðum. Nú er það í höndum mjólkursölun. að sjá um framkvæmd á þessu.

Við flm. þessa frv. álítum rétt að stækka með l. þessi verðjöfnunarsvæði, en láta ekki eina sérstaka n. hafa alræðisvald í þessu efni. — Hv. þm. V-Sk. sagði, að einum hreppi, Eyjahreppi í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og tveimur hreppum í Skaftafellssýslu hefði verið bætt inn á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og nú síðast einnig Miklaholtshreppi. Við flm. álítum fulla ástæðu til að halda áfram á þessari braut. En hins vegar er full ástæða til að halda fram, að stækkun á verðlagssvæðinu hafi ekki alltaf byggzt á réttu mati og málefnaafstöðu einni saman. Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafa nokkrir hreppar leitað eftir að komast inn á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en ekki fengið því framgengt. En vorið 1942 brá svo við, að tveim hreppum í Vestur-Skaftafellssýslu var bætt inn á verðjöfnunarsvæðið, e. t. v. vegna þess, að hv. þm. V-Sk. var að bjóða sig fram þar til þingmennsku — hann getur sjálfur upplýst það. En við flm. frv. viljum ekki, að stækkun á þessu svæði sé af handahófi gerð eða láta geðþótta eins manns ráða því, hvaða bændur eiga að vera á verðjöfnunarsvæðinu hér, heldur láta það mótast af því, hvort þeir hafa aðstöðu til þess að koma mjólk sinni á markaðsstað vegna samgangna. Þess vegna er það vitleysa, sem hv. þm. V-Sk. heldur fram, að ef farið væri eftir till. okkar flm. í frv., þá yrði afleiðingin sú, að allt landið skyldi gert að einu verðjöfnunarsvæði, því að þá mundu allir hv. þm. úr sveitakjördæmum koma með brtt. við frv. um að taka sín umdæmi inn á verðjöfnunarsvæði. Hv. þm. V-Sk. segir: Hvers vegna eiga Austfirðingar og Vestfirðingar þá ekki að koma líka inn á verðjöfnunarsvæði, ef samþ. á þetta frv.? Vitanlega er það af því, að þó að Borgfirðingar, Mýramenn, Snæfellingar, Dalamenn, Húnvetningar og bændur austanfjalls hafi aðstöðu til að flytja mjólk hér á markaðinn í Reykjavík og Hafnarfirði, þá eru samgöngur milli Austfjarða og Vestfjarða annars vegar og Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hins vegar svo ákaflega miklum erfiðleikum háðar, að ekkert líkt hagar til um Austfirði og Vestfirði annars vegar í þessu efni og þau svæði hins vegar, sem við leggjum til í frv., að tekin verði inn á verðjöfnunarsvæðið. Það, sem við flm. því miðum við, er, hvaða sveitir hafa aðstöðu til að koma mjólk og mjólkurvörum hingað til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Hv. þm. V-Sk. taldi undarlegt, að við, sem teldum ekki nóga vöruvöndun á mjólk og mjólkurvörum, sem seldar eru hér í Reykjavík og Hafnarfirði, vildum samt stækka verðjöfnunarsvæðið. Ég hef aldrei haldið því fram, að þeir ágallar, sem hafa verið á vöruvöndun mjólkur, stöfuðu fremur af því, að mjólk væri flutt nokkrum km. lengra heldur en af öðrum ástæðum. Og ég hef fyrir satt, að það skipti tiltölulega litlu, hvort mjólkin er flutt 10, 20 eða jafnvel 30 km. lengra að eða ekki, og hef þar fyrir mér umsögn kunnugra manna. En í sam-

bandi við það, að mjólkurskortur hefur stundum verið í Reykjavík og Hafnarfirði, þá er ekkert ósamræmi í því, þó að við hinir sömu menn, sem kvartað höfum um hann, leggjum til, að stækkað verði verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Loks er eitt, sem ég vil minnast hér á. Það er sú staðhæfing hv. þm. V-Sk., að tilgangslaust sé að færa út verðjöfnunarsvæðið, vegna þess að mjólkurbú séu ekki fyrir hendi á þeim svæðum, sem við leggjum til að tekin verði inn á verðjöfnunarsvæðið, og mjólkurbú, sem á verðjöfnunarsvæðinu eru, séu yfirfull og geti ekki tekið á móti meiri mjólk. Ég hef aflað mér upplýsinga um mjólkurbúið í Borgarnesi, sem Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla mundi leita til fyrst. Og það eru staðlausir stafir, að það sé yfirfullt. Og ekki er það heldur langt frá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til þessa bús, það er ekki nema tiltölulega örstutt bílferð. Þess vegna er ræða hv. þm. V-Sk., að því er snertir þetta svæði, alveg út í loftið. En ég er minna kunnugur öðrum stöðum í þessu efni, sem frv. tekur til.

Sveinbjörn Högnason: Vegna þess að hv. þm. Snæf. virtist þurfa að grípa til einhverra dylgna í minn garð til þess að reyna að rétta hlut sinn gagnvart þessu frv., get ég ekki komizt hjá því að svara honum nokkrum orðum. — Hann spyr mig, hvernig standi á því, að tveir hreppar í Vestur-Skaftafellssýslu hafi verið teknir inn á verðjöfnunarsvæðið fyrir ekki löngu, og virðist álíta, að það hafi verið gert af einhverjum sérstökum ástæðum öðrum en því, hvernig þetta svæði lægi við samgöngum eða hvort mjólkurbú væri þar fyrir hendi. Það er upplýst, að frá því fyrst er bændur í Mýrdal fóru að reyna að koma mjólk til sölu í mjólkurbú Flóamanna, reyndi ég að stuðla að því, að þeir gætu fengið það. En mjólkurbú Ölfusinga gat ekki tekið á móti meiri mjólk. Það stóð aldrei á mjólkurbúi Flóamanna um að taka á móti mjólk úr Mýrdalnum, þegar búið væri að stækka mjólkurbúið. Og það stóð ekki heldur á mjólkursölunefnd að taka Mýrdalinn inn á verðjöfnunarsvæðið, þegar þeir gætu haft aðgang að mjólkurbúi. Þetta hygg ég, að sé bókað, bæði í gerðabók mjólkursölunefndar og hjá mjólkurbúi Flóamanna. Og þegar þeir í Mýrdalnum höfðu aðgang að mjólkurbúi, þá voru þessir hreppar teknir inn á verðjöfnunarsvæðið og líka hreppur í Hnappadalssýslu. — Þetta sýnir vel, að það er ekki til neins að taka önnur svæði inn á verðjöfnunarsvæðið en þau, sem hafa skilyrði til þess að flytja mjólkina í mjólkurbú, sem eru löggilt af ríkisvaldinu, sem geti unnið úr mjólkinni. Og hvorki hv. þm. A-Húnv. né hv. þm. Snæf. ganga að því gruflandi, og þó að þetta frv. yrði að l. í dag, kæmi það samt ekki að hinu minnsta gagni fyrr en menn á viðkomandi stöðum eru búnir að koma upp mjólkurbúum. Og þó að hv. þm. Snæf. segi, að mjólkurbúið í Borgarnesi sé ekki yfirfullt, — og það getur verið að það sé rétt að því er snertir nokkurn tíma úr árinu og það geti þá tekið á móti meiri mjólk, — þá verður að miða við það, hvað mjólkurbúin geta tekið á móti, þegar mest er mjólkursalan. Og mjólkurbúið í Borgarnesi vill stækka stöð sína, en hvers vegna vill það það, ef stöð þess er meira en nógu stór? Mjólkurbúin hafa verið í hröðum vexti og þó afkasta þau þrefalt til fjórfalt meira en fyrst, og vegna þess, hve mjólkurframleiðslan á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vex ört, eiga mjólkurbúin þar erfitt með að taka á móti allri framleiðslunni.

Hv. þm. Snæf. sagði, að verðjöfnunarsvæðið eigi að mótast eftir því, hvernig aðstaða manna er til þess að koma mjólkinni á sölustað, þ. e. a. s. af samgöngunum, — og þá líklega einum, — og að þessi svæði, sem um er að ræða í frv., hafi beztu flutningamöguleika. En það er ekki rétt. Mörg héruð hafa eins góða flutningamöguleika og þessi. Ég sé ekki neinn mun á því að fara úr þessum svæðum og hinu, að fara með mjólk úr Skagafirði, Strandasýslu og Skaftafellssýslu, þar sem verðjöfnunarsvæðið nær ekki yfir. Það er vitanlegt, að í þessu efni eru samgöngurnar ekki það atriðið lengur, sem allt veltur á. Hinu veltur meira á, að mjólkurbú séu fyrir hendi, sem geti tekið á móti mjólkinni, svo að hægt sé fyrst og fremst að draga nóga neyzlumjólk á markaðinn og síðan til þess að vinna úr afganginum. Og allt landið hefur jöfn skilyrði til þess að flytja unna mjólk á markaðinn. Og ef bú yrðu sett upp á þessum stöðum, sem í frv. er lagt til, að bætt verði inn á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, yrðu það vinnslubú, en sennilega að litlu leyti mjólkurbú.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Mér heyrðist einhver tala hér áðan um smjör. Og satt að segja varð mér það fyrir að líta við frá því, sem ég var að gera, þegar hv. þm. V-Sk. fór að tala um smjör. Ég er satt að segja alveg orðinn gáttaður með að skilja, hvernig því er varið, að í þessu landbúnaðarlandi, þar sem jafnmikið er gert til þess að styðja landbúnaðinn, þá skuli það vera staðreynd, að tæplega hefur sézt íslenzkt smjör á markaðinum hér í sumar. Það virðist svo sem þessi vara sé alls ekki til á markaðinum um hásumartímann, heldur verða neytendur að sætta sig við að kaupa erlenda vöru, sem er miklu lakari að gæðum en hin íslenzka, en þeir verða að greiða fyrir hana sama ofurháa verðið, sem þeir greiða fyrir íslenzka smjörið. Þetta ástand er óhætt að segja, að sé afleitt. Það kann að vera, að það sé of mikið að segja, að það sé óþolandi, en í mörgum tilfellum má segja, að það sé illþolandi, að íslenzkum neytendum sé boðið upp á þessi skipti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að biðja um skýringu á þessu, því að ég verð að játa, að mér eru ástæðurnar fyrir þessu ekki vel kunnar. Sumir segja, að íslenzka smjörið sé lagt í forðabúr og að það eigi að geyma það þar til þess að þrýsta upp smjörverðinu. Ég vil þó taka það fram, að þetta eru ekki mín orð, heldur hef ég aðeins heyrt þetta sagt. Sumir segja líka, að íslenzka smjörið sé selt til setuliðsins og að við Íslendingar séum látnir fá þetta krama, súra og næstum óæta ameríska smjör í staðinn.

Úr því að svo vel vill til, að hæstv. atvmrh. er hér viðstaddur, þá vil ég nú nota tækifærið og spyrja hann, hvaða skýringu hann geti gefið á þessum smjörskorti. Við, sem erum uppaldir í kaupstað og höfum litla nasasjón af búskap, látum okkur skiljast, að það geti verið lítið um smjör á veturna, en það er mér óskiljanlegt, að um hásumarið skuli ekki fást smjör, því að ég held, að það sé óhætt að segja, að íslenzkt smjör hafi verið lítt fáanlegt hér í Reykjavík í sumar. Það er afleitt að verða að fara á mis við þessa ágætu vöru, en vera í þess stað neyddur til þess að kaupa rándýra og lítt nothæfa vöru, sem er flutt frá útlöndum. Það má því segja, að neytendur séu heldur ömurlega leiknir, einkum og sér í lagi þar sem mestur hluti þess smjörs, sem þeir fá, er fluttur inn frá útlöndum.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég verð að kveðja mér hér hljóðs vegna þeirrar fyrirspurnar, sem hv. þm. Vestm. beindi til mín um það, hvernig á því stæði, að ekki væri til nægilegt íslenzkt smjör á markaðinum. Ég ætla, að hér um ráði það eitt, að eftirspurn og framboð standist ekki á, þannig að framboðið fullnægi ekki eftirspurninni. Ég ætla, að ég geti fullyrt það, að það, að mjólkurbúin sitji með miklar smjörbirgðir eða að smjörið sé selt til setuliðsins sé algerlega tilhæfulaust. Það virðist eingöngu ástæðan fyrir því, að ekki er framleitt eins mikið smjör og neytendur vilja kaupa, að framleiðendur telja sér hagkvæmara að vinna að öðru en smjörframleiðslu, og það er af því, að það er ekki búið þannig að íslenzkum framleiðendum, að þeir telji það svara kostnaði að framleiða smjör.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Í annarri ræðu sinni sagði hv. þm. V-Sk., að ég hefði farið rangt með sumt það, sem hann hefði sagt í sinni fyrstu ræðu. Í fyrsta lagi sagði hann, að ég hefði ranghermt það, að hann legði kapp á það, að mjólkurverðlagsnefnd ein ákvæði verðjöfnunarsvæðin. Ég verð að segja það, að hér í d. hefur ekki verið hægt að verða annars var en að þessi hv. þm. hafi lagt allt kapp á það, að mjólkurverðlagsn. hefði einkarétt til slíkrar ákvörðunar. Það væri gott, ef hann væri nú búinn að breyta um skoðun í því efni, en hann sagði síðar í ræðu sinni, að ákvörðun verðjöfnunarsvæðanna ætti að vera framkvæmdaratriði. En það er einmitt það, sem við flm. álítum, að hún eigi ekki að vera, hún á að vera lagaatriði.

Þá talaði hv. þm. um, að ég hefði talað um einkasölu á smjöri innan verðjöfnunarsvæðanna. Þetta er rangfært hjá honum. Ég talaði ekki um það, að einkasöluaðstaða sú, sem ríkir á verðjöfnunarsvæðunum, næði til smjörs, því að sala á því er frjáls, heldur talaði ég um það, að landsmönnum utan verðjöfnunarsvæðisins væri ekki heimilt að selja mjólk inn á það, og það er orsökin til þess mjólkurskorts, sem ríkir hér í Reykjavík og Hafnarfirði.

Ef Húnavatnssýslur, Dalasýsla og Snæfellsnessýsla væru ekki útilokaðar frá því að selja mjólk hingað, þá mundu þessi héruð hafa aukið mjólkurframleiðslu sína, en vegna þess að þau hafa ekki fengið tækifæri til þess að koma mjólk sinni á markað, þá hafa þau ekki aukið framleiðslu sína.

Þá hélt þessi hv. þm. því fram, að samgöngurnar væru ekkert atriði lengur. Þarna kemur hann einmitt að helzta ágreiningsefninu, því að við flm. lítum svo á, að þeir, sem hafa tækifæri til þess að selja mjólk sína hingað, þeir eigi að fá það. Það er hart, að þegar skortur er á mjólk og smjöri hér í Reykjavík og Hafnarfirði, þá skuli sum þau héruð, sem geta flutt hingað mjólk, ekki fá að gera það, og í því liggur einmitt líka ástæðan til þess, sem hv. þm. Vestm. drap á hérna áðan um smjörskortinn. Þegar svo er komið sem nú er, að við verðum að flytja út ákveðið magn af kjöti fyrir lítið verð og borga úr ríkissjóði háar upphæðir til að fá þann framleiðslukostnað, sem bændur þurfa að fá, þá er það hart fyrir þá, sem geta stundað þá framleiðslu landbúnaðarins, sem nú er hér arðvænlegust, en það er mjólkurframleiðslan, að þeir skuli þá vera útilokaðir frá markaðinum vegna lagafyrirmæla. Þetta er meginástæðan til þess, að við flm. þessa frv. leggjum kapp á það að fá þessu breytt þegar í stað. Þegar hv. þm. V-Sk. var að tala um, að þetta væri gagnslaust, vegna þess að ekkert mjólkurbú gæti tekið á móti þessari viðbót, þá var það þegar hrakið af hv. þm. Snæf., sem upplýsti, að mjólkurbúið í Borgarnesi gæti tekið á móti miklu meiri mjólk en það gerði nú. Það er því nauðsynlegt að gera þeim landshlutum, sem hafa aðstöðu til þess að koma mjólk sinni á markað, fært að gera það vegna lagafyrirmæla og afnema þannig þá einkasöluaðstöðu, sem Suðurland hefur til mjólkursölu hér í Reykjavík og Hafnarfirði.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Ég þakka hæstv. atvmrh. þá tilraun til skýringar, sem hann gerði hér áðan, en ég verð að segja, að svar hans var lítið skeleggt. Hann hafði engar tölur fram að bera, sem sýndu smjörframleiðsluna frá ári til árs, og gat því ekki sýnt fram á, að hún hefði ekki minnkað. Hann leit svo á, að bændur teldu sér aðra framleiðslu hagkvæmari nú en smjörframleiðslu. Í þessu sambandi væri æskilegt, að hæstv. ráðh. vildi upplýsa, hvernig á því stendur, að innflutta smjörið er selt hér með svo geipiháu verði, að Viðskiptaráð mundi vafalaust taka alvarlega í taumana, ef eitthvert einstaklings verzlunarfyrirtæki leyfði sér slíka álagningu á vörur sínar. En það er ekkert leyndarmál, að ameríska smjörið er selt svo dýrt, að álagningin fer langt fram úr því, sem þekkist hér á öðrum nauðsynjavörum. Hverju sætir þetta? Er þetta gert til þess að verðbæta það smjör, sem bændur sjá sér hag í að framleiða ekki? Þetta er einkennilegt ástand. Íslenzka smjörið hverfur af markaðinum og hæstv. ráðh. segir, að það sé vegna þess, að það borgi sig ekki að framleiða það, en svo er flutt inn í landið mikið af smjöri, sem er margsinnis lakari vara, og gætu menn búizt við því að geta greitt hana lægra verði, en ríkisstjórnin ekur því þannig til, að almenningur verður að kaupa hana jafndýra og íslenzka smjörið til þess að verð-

bæta það, að sagt er, þótt það komi nær alls ekki á markaðinn.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég verð að segja það, að mig undrar það, að þessi hv. þm. skuli vera að gera athugasemd við þær skýringar, sem ég gaf, og telja þær vafasamar.

Hann gerir hér fyrirspurn til mín alveg fyrirvaralaust, og svo þykist hann vera undrandi yfir því, að ég skuli ekki koma með tölur, en ég hef engar tölur um smjörframleiðsluna liggjandi hér á borðinu hjá mér. Hann var að tala um, að ég hefði gefið lítið skeleggt svar, en svo kemur hann nú með nýja fyrirspurn, einnig alveg fyrirvaralaust, og óskar svars við henni. Það verður að hafa það, þótt hv. þm. hafi fundizt svar mitt loðið, en ég vona, að flestum hv. þm. hafi fundizt það nægilega skýrt og eðlilegt. — Viðvíkjandi fyrirspurn þessa hv. þm. um það, hvers vegna erlenda smjörið væri selt sama verði og það innlenda og umtal hans um það, að ríkisstjórnin aki því þannig til, þá vil ég segja það, að samkvæmt l., sem Alþ. hefur sett, þá má ekki flytja neinar mjólkurafurðir inn í landið nema með leyfi mjólkurverðlagsn. og ekki selja þær hér nema með þeim skilyrðum, sem sú stofnun setur. Ég er sjálfur ekkert hissa á því, þó að mjólkurverðlagsn. vilji ekki fallast á það, að þegar ekki er hægt að framleiða hér smjör fyrir það verð, sem sett er á það, þá megi flytja hingað inn erlent smjör og selja það lægra verði til þess að eyðileggja alveg framleiðslumöguleika fyrir íslenzka smjörið. Ástæðan fyrir þessu verði á ameríska smjörinu er því sú, að það má ekki flytja inn, nema með leyfi mjólkurverðlagsn., og hún leyfir það því aðeins, að það verði ekki til skemmda fyrir framleiðsluna innanlands.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. — Af því að hv. þm. V-Sk. hefur nú einn haldið uppi svörum út af þessu máli, þá vil ég nú bæta við það nokkrum orðum. Ég vil þó engan veginn deila við hv. flm., en þetta frv. gefur tilefni til þess að minnast ýtarlega á málefnið. Hv. þm. Vestm. lét í ljós undrun sína yfir því, hve lítið íslenzkt smjör væri til á markaðinum og hve mjög skorti á, að landsmenn fengju eins mikið af þeirri vöru eins og þeir vildu kaupa og þyrftu með. Það er rétt hjá honum, að mikið skortir á það, að landsmenn hafi nægilega mikið af þessari vöru, en orsakir eru til alls. Það er engin hending, að framleiðsla þessarar vöru hrekkur ekki fyrir þörfum landsmanna, og það er mesti misskilningur hjá hv. þm. A-Húnv., að það stafi af því, að ekki sé stækkað framleiðslusvæði neyzlumjólkurinnar. Það er annað og meira, sem þarf að athuga. Hv. þm. Vestm. furðaði sig á því, að þar sem þessi vara væri svo dýr, þá skyldi þó ekki vera nóg til af henni. En ef menn kynna sér betur, hvernig ástatt er um málið, þá hætta þeir að furða sig á þessu. Undanfarin ár hefur verið svo mikil eftirspurn eftir vinnuafli, að allir þeir, sem eitthvað hafa getað unnið og nennt að vinna, hafa haft yfirfljótanlega nóg að gera. Afleiðingin af því er sú, að menn hafa næstum því getað fært sig til eftir því, sem þeir hafa óskað, og komizt að þeim starfa, sem þeir hafa helzt kosið. Ef litið er svo á tekjur þær, sem menn hafa haft fyrir sín störf, þá eru þær miklar við allt annað en landbúnað. Þeir, sem við hann hafa unnið, hafa ekki borið eins mikið úr býtum og aðrir. Frá því eru aðeins örfáar undantekningar og það eru þeir búendur, sem hafa setið næst markaðinum, en allur fjöldinn hefur borið miklu minna úr býtum en þeir. Ég skal nú undireins færa sönnur á, hvernig þessum málum er háttað. Gamla venjan, sem gilti nokkurn veginn fram á milli áranna 1920—1930, var sú, að þeir kaupamenn, sem tóku kaup sitt í smjöri, en það var talinn einn sá bezti gjaldmiðill, sem völ var á, þeir fengu tvo fjórðunga smjörs í kaup og það var það hæsta, sem um var talað. Ef þessu væri nú svo háttað, þá væru þeir, sem tækju kaup sitt í smjöri, ekki nema hálfdrættingar á við þá, sem taka peninga fyrir sína vinnu. Af þessu geta menn séð, hvort það sé sambærilegt að framleiða smjör nú miðað við það, sem áður var. Ég drep á þetta rétt til þess að sýna, hvernig þessum málum er háttað, en ef menn vilja ekki leggja upp úr þessari fornu reglu, þá skal ég taka annað dæmi, og það er búfjáreign þeirra, sem vinna við landbúnaðinn.

Eftir að eftirspurn og kaupgjald hafði hækkað svo mjög, var það víða um landið, að þessar gripaeignir lögðust niður eða minnkuðu mjög mikið, og var það af eðlilegum ástæðum. Þeir, sem höfðu stundað þetta meira og minna í hjáverkum sínum, sáu, að með því að hætta algerlega þessum störfum og gefa sig að þeirri vinnu, sem borguð var í peningum, höfðu þeir miklu meira í aðra hönd. Gripu því margir tækifærið, hættu þessum störfum og gerðust daglaunamenn. Þetta veit ég, að hefur víða átt sér stað, og eins og hv. þm. Vestm. er vel kunnugt, hafa búseignir manna í Vestmannaeyjum gengið mjög saman þessi ár. *(JJós:* En þess ber að gæta, að það stafaði af sjúkleika). Hefði það eingöngu stafað af sjúkleika, mundu menn hafa aflað sér gripa að nýju og haldið áfram með sinn búskap, hefði ekki annað verið með í spilinu, sem var arðvænlegra og þeim hefur þótt betra. Það hafa margir þá sögu að segja, fyrst og fremst í sauðfjárræktinni og einnig í nautgriparæktinni, að þeir hafa orðið fyrir einhverjum óhöppum og átt við erfiðleika að stríða og hafa þó ekki orðið fyrir þeim skakkaföllum, að það hafi riðið þeim að fullu eða þeir hafi lagt árar í bát. Höfuðorsök þess, hvað gripahald hefur minnkað hjá þessum mönnum, er sú, að það borgar sig betur að vinna annars staðar, og það er ekki hægt að lá mönnum þetta. Það mun vera talinn sá algildi mælikvarði, að menn sitji við þann eldinn, sem bezt brennur, þessir menn eins og aðrir. En þá er líka fengin skýring á því, hvers vegna framleiðslan hjá öðrum framleiðendum hefur staðið í stað, því að þessir menn, sem þannig hafa breytt um atvinnu, hætta ekki að drekka mjólkina eða borða smjörið og skyrið og aðrar mjólkurvörur, og þá er það auðvitað hinna, sem halda starfinu áfram, að fullnægja

þeim eins og öðrum. Ég hélt, að hv. þm. væri kunnugt, að mönnum þarf ekki að koma það undarlega fyrir sjónir, þó að framleiðslan dragist saman hjá þeim framleiðendum, sem hafa þetta algerlega sem sinn atvinnuveg sér til bjargræðis, og nú í 2—3 sumur hefur alls ekki verið hægt að fá fólk til að afla fóðurs handa búpeningnum. Hann hefur því gengið saman e. t. v. nokkru minna en ástæða var til, en eigi að síður mjög mikið. Mjög margir bændur hafa verið bornir þeim brigzlum, að þeir séu svo værukærir eða dragi sig í hlé við störf sín. Ef fara ætti út í þá sálma, held ég, að þörf væri á að hafa það eins við fleiri stéttir en bændastéttina. Það eru vitaskuld mikil takmörk fyrir því, hvað hægt er að framfleyta af búpeningi án mannafla, þótt vélar séu notaðar til þess að létta undir, og það þarf fólk til þess að stjórna þeim og vinna með þeim, og allir vita, að núna undanfarin 2—3 sumur hefur ekki verið nema nokkurt brot af fólki við þetta verk, miðað við það, sem áður var. En með því verki er algerlega lagður grundvöllur undir búpeningshald landsmanna, sem þá atvinnu stunda. Á því hvílir hún. Hjá okkur hefur skort mjög á í þessum efnum, og þar með hefur gengið saman búpeningur landsmanna, einkum þær gripategundir, sem þurfa mikið fóður, þ. e. nautgripir og sauðfé víðast um land. — Þarna hygg ég nú, að sé fundin fullkomin skýring á hinum mikla smjörskorti í landinu. Ég heyri, að við höfum sama smekk á útlenda smjörinu hv. þm. Vestm. og ég, og þótti mér vænt um að heyra, að hann leggur það ekki til jafns við það smjör, sem nú er til hjá okkur. Það skortir líka mikið á gæði, ekki eingöngu hvað snertir smekk, heldur líka vörugæði að öllu leyti, og að því leyti má segja, að neytendur kaupi þá vöru nokkuð dýru verði, en þar liggur annað til grundvallar, sem ég ætla mér ekki að fjölyrða um. Þó er skýring fengin á því, hvers vegna hægt er að fá þessa vöru ódýrara en íslenzka smjörið, og því minni ástæða til að kvarta, þó að miklu betri vara sé seld nokkuð hærra verði en hægt er fá þessa gölluðu vöru. Og ég verð að segja, að það viðbit, sem selt er hér annað, smjörlíkið, er svo lélegt til manneldis, að vandræði mega teljast, að nokkur maður skuli þurfa að leggja sér það til munns. Ég er sannfærður um, að ekkert kysi bændastéttin fremur en að geta fullnægt eftirspurn neytenda og framleitt eins mikið af þessari vöru og landsins börn þurfa með, og ég vil vona, að eftir þeim kunnugleika, sem ég veit, að þingmenn yfirleitt hafa, taki þeir ekki undir þær Grósögur, sem alltaf annað veifið skjóta upp kollinum um það, að til muni vera birgðir af þessari vöru í landinu, sem menn ætli sér að geyma til seinni tíma. Hvað sem líður hugarfari manna í þessum efnum, veit ég sannast að segja ekki, til hvers það ætti að vera. Ég held, að bændastétt landsins sé ekki svo hrifin af þeirri spennu, sem nú á sér stað, að hún telji æskilegt að geyma þá vöru. Það er aðeins til ein skýring, og hún er sú, að ekki er meira til af þessari vöru. Samhliða þessu má benda á það, að nú hefur bætzt svo mikið við neytendahópinn frá því sem áður var. Það er ekki langt síðan Reykjavík var fullnægt með fyrir innan 20 þús. lítrum á dag, ef miðað er við eðlilega mjólkurneyzlu. Ef ætti að fullnægja mjólkurneyzlu bæjarins nú eftir íbúatölu, ætti að þurfa að selja hér daglega um 30 þús. lítra, sem erlendis er talið, að sé æskileg mjólkurneyzla til þess að lifa heilbrigðu lífi. Nú mun mjólkurneyzlan ekki vera svo mikil hér, og mun láta nærri, að hún hafi oft verið 25—26 þús. lítrar á dag, en mætti ekki vera minni en 30 þús. lítrar, ef menn neyta eins mikillar mjólkur og þeim er nú talið hollast.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því, sem fram hefur komið viðvíkjandi því frv., sem fyrir liggur. Hv. þm. A.-Húnv. er þeirrar skoðunar, að það ætti að vera löggjafans að ákveða verðjöfnunarsvæðið. Ég er þar algerlega á öndverðum meiði við hv. þm., nema því aðeins, að það ætti að verðjafna þessa sömu vöru um landið allt, og stafar það af því, að ef þingið ætti að ákveða þetta fyrir fram, gæti það ekki verið nema að miklu leyti handahóf. Það er ekki hægt að rökstyðja þetta frv. með því, að mjólkurverðjöfnunarsvæðið þurfi að vera svo stórt. Á s. l. hausti, þegar mjólkurskorturinn var mestur, munu það hafa verið um 1700 lítrar, sem á skorti, þegar eftirspurnin var mest, og var talið af kunnugum mönnum, að þessa mjólkurskorts hefði gætt meira fyrir það, að menn voru hræddir um, að mjólkin væri of lítil, og keyptu meiri mjólk en þeir voru vanir til þess að tryggja það, að þeir hefðu nóg. Afleiðingin af þessu varð sú, að einstaka heimili urðu hart úti og fengu máske ekki nema lítinn hluta af því, sem þau hefðu komizt af með minnst. Aftur önnur heimili höfðu miklu meira en þau þurftu með og voru vön að kaupa. Þetta er vitanlega sú venjulega regla, sem ætíð segir til sín, þegar of lítið er af einhverri vöru á markaðinum og menn hafa möguleika til að kaupa meira en þeir þurfa að jafnaði. Það er ekki sérstakt fyrir þessa vöru, en í því liggur orsökin, og ég vænti þess, að þeir þingmenn séu ekki margir, sem finnst þörf á að bæta mörgum sinnum við verðjöfnunarsvæðið til þess að fullnægja þessu, enda nær það engri átt, og allra síst er það á viti byggt að gera það með þessu móti, að ætla sér að flytja óunna mjólk langar leiðir, þótt það væri gerlegt, til mjólkurbúa til þess að vinna hana þar. Það eru áreiðanlega ekki mikil búhyggindi í slíku ráðslagi. Það gæti aldrei orðið til annars en að stórskaða framleiðsluna sjálfa að koma slíku til leiðar. Þá væri betra að fjölga vinnslubúunum og flytja vinnslumjólk sem stytzta leið þær vegalengdir, sem haganlegastar væru taldar milli þeirra. Ég vona því, að hv. flm. þessa frv. sjái, að því fer mjög fjarri, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, eigi rétt á sér. Væri miklu betra, eins og hv. þm. V.-Sk. vék að, að verðjafnað væri allt landið, þar sem mjólkurframleiðsla er einhver umfram það, sem látið er til neytenda á hinum einstöku stöðum. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. kemst að svona niðurstöðu frá þeim röksemdum, sem enn hafa komið fram fyrir þessu máli, því að þótt það vantaði nokkur hundruð lítra á s. l. hausti og geti vantað enn nú í haust og e. t. v. eitthvað áfram,

getur það með engu móti réttlætt það, að farið verði að breyta verðjöfnunarsvæðinu til þess að fullnægja þessari þörf.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar. Ég vildi gjarnan skýra þetta mál frá mínu sjónarmiði og að það kæmi fram frá fleirum en hv. þm. V.-Sk., hve margs þarf að gæta við slíkar ákvarðanir sem þessar.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Hv. þm. Vestm. sagði, að það væri óþolandi ástand, að ekki fengist smjör hér í landinu um langan tíma, og má segja það um fleiri framleiðsluvörur, sem ekki fást, að það þurfi úr því að bæta. En ég verð að segja, að mér finnst það nokkuð einkennilegt, þegar menn tala þannig, að þeir kvarta í öðru orðinu yfir því, að varan fáist ekki og í hinu orðinu, að varan sé óhæfilega dýr, og það menn, sem fylgja þeirri skoðun í framleiðslumálum, að verðlag og eftirspurn eigi að fylgjast að, því að ef það lögmál fær að ráða, skyldi maður ekki ætla, að það þyrfti að vanta smjör í landinu, ef það væri borgað nógu hátt samanborið við aðrar framleiðsluvörur. Ég get fullvissað hann um, að mér er ókunnugt um, að til séu nokkur forðabúr, þar sem smjör er geymt, og hefur aldrei verið. Ég veit ekki betur en að það hafi verið selt jafnóðum, sem selt hefur verið, nema fyrir tveimur árum. Þá var fyrirsjáanlegur smjörskortur, og var þá nokkuð lagt fyrir af smjöri og geymt handa sjúkrahúsum þann tíma, sem skorturinn var mestur. Síðan farið var að flytja inn útlent smjör, hefur mjólkursamsalan ekki talið sér bera skyldu til þess öðrum fremur að sjá þessum stofnunum fyrir smjöri, þó að vitanlega hafi þær þess mesta þörf.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði mjög mikið um það, að mjólkursamsalan megi ekki hafa einkarétt til að ákveða þetta og þetta. Það má vitanlega gefa því þetta nafn. Ég gæti á sama hátt sagt, að ég væri á móti því, að nýbýlastjórn, sem hv. þm. á sæti í, hefði einkarétt til að ákveða, hvaða bændur eigi að fá byggingarstyrk. Ég gæti því alveg trúað því, að hann kæmi með till. um, að það skuli vera löggjafarvaldið, sem ákveði, að allir bændur, sem sæki um styrk, fái hann, ef hann telur það nauðsynlegt að afnema einkaréttinn að fullu. Ég hef litið svo á, að þegar Alþ. hefur falið framkvæmdanefnd að gera eitthvað fyrir sig, sé það ekki gert til að veita henni einkarétt, heldur sé það gert af því að Alþ. treysti sér ekki til þess og beri þá miklu fremur að líta á þá, sem verkið framkvæma, sem þjóna, og þótt hv. þm. A.-Húnv. hafi tillögurétt um það, hvaða bændur fái byggingarstyrk, neita ég því eindregið, að hann hafi nokkurn einkarétt til að ákveða, hvaða bændur það eiga að vera, heldur eigi hann að vera sem þjónn löggjafarvaldsins, en ekki sem herra með einkarétt í höndum. Vænti ég, að hann skilji ekki aðstöðu sína á þann veg. Ég veit ekki til, að til séu lagafyrirmæli, sem banna mönnum að selja mjólk. Hitt er annað mál, hvernig á að koma mjólkursölunni fyrir. Það er skipulagsatriði.

Ég vil benda hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. Snæf. á, að flutningamöguleikar frá þeim héruðum, sem þeir tala um, eru ekki betri en svo, að mjólkurbúið, sem þeir hafa augastað á, en ég veit, að er of lítið, getur rétt með naumindum fullnægt skilyrðum mjólkurl. vegna flutningsörðugleika frá Borgarnesi. Þetta er vitanlegt. Hvað mundi þá fyrir framleiðendur í 200 km. fjarlægð yfir snjóþungar heiðar?

Það eru því hvorki flutningsskilyrði né mjólkurbú fyrir hendi, og ef á að veita einum framleiðanda rétt á að vera á einu verðlagssvæðinu, mætti líka vera eitt svæði fyrir allt landið. Ég skal ekki draga úr því, ef þeir, sem vit hafa á, telja, að það sé framkvæmanlegt, en ég er á móti misrétti í þessu efni.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Hv. þm. V-Sk. sagði ekki nema hálfa söguna, þegar hann vitnaði í það, sem ég sagði um hið óþolandi ástand í smjörmálinu. Það er ekki einasta, að ekki sé til nóg smjör í landinu, heldur er flutt inn lakara smjör en okkar og þó selt jafnháu verði. Hæstv. ráðh. furðaði sig á því, að ég skyldi ekki hafa komið auga á, hvað ylli því, að smjörið væri selt svo dýrt, og vitnaði í vald mjólkursölunefndar til að banna innflutning á smjöri. Hæstv. ráðh. lýsti yfir því, að orsök smjörskortsins væri sú, að hagkvæmara væri að framleiða annað en smjör. Aðrir, t. d. hv. 1. þm. Árn., hafa talið orsökina þá, að gripum hafi fækkað. M. ö. o. halda þeir því fram, að skorturinn á smjöri sé eðlilegur. En þegar spurt er, af hverju aðflutt smjör sé selt svo dýrt, þá vitnar ráðh. til mjólkursölun. og vill gefa henni sökina. Hér er eitthvað, sem kemur í bága við rökrétta hugsun. Það er eðlilegt, að ríkisstj. beiti hömlum á móti innflutningi samkeppnishæfrar vöru frá útlöndum, ef l. eru sett til verndar okkar vöru og nóg er til af henni, en þegar viðurkennt er, að skortur sé á smjöri, hvernig á þá að réttlæta það, að lagt sé jafnmikið á útlenda smjörið og nú er gert? Það er selt á kr. 21.50. Það er spursmál, hvort þetta er 10 kr. of mikið eða 15 kr. Nema það sé talin réttlæting, að þessi gífurlega álagning sé notuð til að bæta bændum upp það smjör, sem þeir sjá sér ekki hag í að framleiða.

Hv. 1. þm. Árn. var að verja bændur. Það er gamla sagan, ef eitthvað er fundið að skipulagsatriðum í landbúnaðarmálum, að verið sé að ráðast á bændur. Það er óþarfi að bera mér slíkt á brýn. Ég var aðeins að benda á gallana á framkvæmd skipulagsins.

Emil Jónsson: Það er eitt atriði, sem mig langar til að fá upplýst. Ég er að öllu leyti sammála hv. þm. Vestm. um, að fyrirkomulagið á smjörsölunni sé óviðunandi, bæði af því að verðið er svo hátt, að fólk getur ekki keypt smjör, og hins vegar af því, að smjörlíkið á markaðinum er svo lélegt, að sjálfsagt er að ýta undir smjörneyzlu. En hæstv. ráðh. sagði réttilega, að mjólkursölun. væri l. samkvæmt heimilt að sjá um innflutninginn. Ég hef hins vegar óljósan grun um, að þessi n. hafi ekki starfað mikið upp á síðkastið. Hefur n. yfirleitt verið starfandi og hvenær kom hún saman síðast

til fundar um þetta mál? Einn nefndarmanna hefur sagt mér, að hún hafi ekki komið saman í heilt ár.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Þar sem fram hafa komið ummæli bæði frá hæstv. ráðh. og hv. þm. Hafnf. um afskipti mjólkursölun. á innflutningi amerísks smjörs, vil ég segja nokkur orð. Ég varð fyrir því að vera kosinn í nefndina í maí 1943, og var skipaður í ágúst frá ráðuneytinu. Í sept. var haldinn einn fundur, með það fyrir augum, að starf mjólkursölun. væri takmarkað, af því að samsölustjórnin hefði tekið allt í sínar hendur, og síðan hefur enginn fundur verið haldinn, og Alþýðusambandið mun ekki tilnefna mann fyrir þetta ár, en samt er auglýst, að fyrir aðgerðir mjólkursölun. sé verðið eins og það er.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Hv. þm. Hafnf. spurðist fyrir um það, hvenær n. hefði síðast komið saman á fund. Það mun vera á að gizka hálfur mánuður síðan. Út af hinu atriðinu, hvenær n. hafi tekið ákvörðun um innflutning á smjöri, get ég lýst yfir því, að þegar byrjað var á innflutningi smjörs í ársbyrjun 1943, þá var leitað til n. og þau skilyrði þá sett, sem ég hef lýst.

Þá vil ég koma að því, sem hv. þm. Vestm. hefur rætt um, og í því sambandi segja þetta: Er það ekki venjulegt og alls staðar gildandi regla, að menn leggi það frekast fyrir sig, sem þeir hafa bezt upp úr? Og úr því að ekki er framleitt eins mikið og fólk vill nota, þá telur fólk í landinu sér hagkvæmara að framleiða annað en smjör. Það ætti að vera öllum ljóst, að þetta er ástæðan fyrir því, að framleiðslan er ekki nógu mikil til að fullnægja þörf landsmanna.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Ég geri ráð fyrir því, að það hafi ekki mikla þýðingu, að ég haldi áfram að þræta við hv. þm. V-Sk., enda er hann farinn af fundi. Hann vildi jafna saman einkarétti, sem mjólkursölun. hefur á ákveðnu svæði og við í nýbýlastjórn höfum til að úthluta styrkjum til nýbýla. En þetta tvennt er ósambærilegt, enda hafa engar aths. komið til okkar og við alltaf verið sammála. Að ekki sé hægt að flytja mjólk frá Húnavatnssýslu er fjarstæða, því að það er fjögurra tíma ferð frá Blönduósi til Borgarness.

Hv. 1. þm. Árn. (JörB) flutti langa ræðu, sem ég var hissa á. Þessi þm., sem við vitum, að er gáfaður og rökviss, fór í kringum sjálfan sig. Í fyrri hluta ræðu sinnar sýndi hann fram á, að eðlilegur væri skortur á mjólk og smjöri, og stafaði hann af því, hvernig kaupgjaldi væri háttað o. s. frv. Hæstv. ráðh. tók undir þetta, og það er allt rétt. En öll þessi rök beinast að því að vera meðmæli með frv., því að af hverju er ekki fleiri mönnum gefinn kostur á að selja, ef skortur er? Í þessum langa kafla ræðu hv. 1. þm. Árn. var ég honum sammála, en í seinni hluta ræðu sinnar snýr hann við blaðinu og vildi láta eins og skortur á mjólk væri lítill og stafaði af því, að menn væru hræddir um að fá ekki nóg og birgðu sig því upp. Hvernig geta menn birgt sig upp af mjólk? En ef menn eru hræddir um að fá ekki mjólk, er ofur eðlilegt, að kapp sé lagt á að fá hana.

Hin mikla notkun smjörlíkis og innflutningur amerísks smjörs sýnir, að eitthvað er bogið við þessi mál hjá okkur og að það verður að gefa fleiri mönnum tækifæri til framleiðslu og sölu. Það er undarleg aðferð að flytja inn ameríska smjör, sem framleitt er við aðstæður, sem hv. sessunautur minn mundi kalla þrælahald. Það skapar óánægju hjá neytendum að þurfa að kaupa það sama verði og okkar ágæta smjör, sem framleitt er með háu kaupgjaldi. Smjörlíki ætti helzt að útrýma. Þess vegna verður líka að vinna að því, að fleiri héruð fái tækifæri til að komast inn á verðjöfnunarsvæðið.

Emil Jónsson: Herra forseti. — Þegar l. um sölu mjólkur voru í upphafi sett, var ætlazt til þess, að verðlagssvæðið væri ákveðið af samsölustjórninni, en síðar, að það væri mjólkursölun., sem ákvæði þetta. Þegar samningar tókust í fyrra var mér sagt, að fundur hafi verið haldinn í mjólkursölun. og henni hefði verið tilkynnt, að hennar hlutverk væri úr sögunni. Þetta er ekki það, sem l. hafa ætlazt til um mjólkursölun. Nú er hér upplýst af einum nm., að enginn fundur hafi verið haldinn frá í fyrra um þetta leyti og þar til fyrir hálfum mánuði, að hæstv. ráðh. upplýsir, að fundur hafi verið haldinn.

Það má segja, að l. um sölu mjólkur og rjóma mæli svo fyrir, að ekki megi flytja inn mjólkurafurðir nema með leyfi mjólkursölunefndar og undir eftirliti hennar. Hún hafi eftirlit með, hve mikið er flutt inn af mjólk, hvernig henni er dreift og um allt skipulag á sölunni. Mér finnst eins og hér vanti eitthvað, sem ég fékk ekki vel samhengi í, en ég er þó ánægður, að ég fékk það upplýst, sem ég hef haft hugboð um fyrir fram, að mjólkursölunefnd hafi ekki starfað allt árið. Mér finnst enn meiri ástæða til nú en áður, að þessi n. starfi, því að hún á samkv. 9. gr. l. frá 1931 að sjá um og hafa eftirlit með, að gætt sé fyllstu hagsýni og sparnaðar í rekstri mjólkurbúanna og að rekstrarkostnaðurinn fari ekki úr hófi fram. Þegar eins og nú bændum er tryggt víst verð fyrir mjólkina, hver sem kostnaðurinn kann að verða, þá finnst mér sannarlega ekki minni þörf en áður á, að þessi n. sé starfandi og vel vakandi.

Mér skilst á öllu, að mjólkursamsalan, sem starfar fyrir þetta verðjöfnunarsvæði, hafi að meira eða minna leyti tekið í sínar hendur framkvæmd þessara mála og að mjólkursölunefnd, sem á að kontrólera fyrirkomulag á allri samsölustjórn í landinu, hafi verið sett út úr spilinu á einhvern hátt og mjólkursamsölustjórnin geti farið sínu fram, eftir því sem henni sýnist. Ég vil aðeins láta þetta koma fram, því að það er ekki alveg þýðingarlaust í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir.

Umr. frestað.

Á 55., 57., 58. og 66. fundi í Nd., 25., 28. og 29. sept., 17. okt., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 18. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 335, n. 670 og 1085).

Frsm. 2. minni hl. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. — Mál þetta hefur legið alllengi fyrir landbn. En þar sem gerð hefur verið grein fyrir því í umr. um önnur mál hér í d., sé ég ekki ástæðu til að vera langorður að þessu sinni.

Þegar landbn. tók þetta mál fyrir, kom greinilega fram, að meiri hl. n., allir nm. nema hv. þm. A-Húnv., sem er annar flm. frv., var andvígur afgreiðslu þess í því formi, sem það liggur fyrir nú. En hins vegar samþ. meiri hl. að senda frv. mþn. í mjólkurmálum, sem hér starfar, og fá álit hennar um það, áður en það yrði afgreitt. Þetta álit n. kom svo eftir nokkurn tíma, og er það prentað á þskj. 1085, og geri ég ráð fyrir, að dm. hafi lesið það. Við, sem undir nál. ritum, leggjum á móti samþykkt málsins vegna þess, að okkur virðist skorta töluvert á, að sá grundvöllur, sem við álítum, að hugsaður sé með ákveðnum mjólkurverðlagssvæðum, sé hér fyrir hendi. Ég lít svo á, að eðlileg takmörk mjólkurverðlagssvæðanna séu miðuð við, eins og tekið er fram í l., að unnt sé fyrir framleiðendur á þessum svæðum að koma að staðaldri, helzt daglega, mjólk á sölustað, þannig verkaðri og frágengnri, að trygging sé fyrir því, að settum heilbrigðisreglum, sem snerta þessa viðkvæmu neyzluvöru, sé fylgt út í yztu æsar. Ef slíku skal framfylgt, verða samgöngur að vera það greiðar og góðar, að mjólkin komist daglega frá framleiðslusvæðinu og á sölustað, eða ef þær eru ekki það tryggar, þá séu á svæðinu mjólkurbú, sem tekið geta á móti mjólkinni óskemmdri og verkað hana, svo að hún komist ómenguð og hrein á sölustað. Nú segir sig sjálft, ef teygja á mjólkurverðlagssvæði Reykjavíkur alla leið norður um allt Snæfellsnes, Dalasýslu, Húnavatnssýslur og Strandasýslu, að þá eru engin tök á að koma þeirri mjólk daglega til Reykjavíkur eða mjólkurbúsins í Borgarnesi, sem er þó næst þessum svæðum. Það hefur nú oft á undanförnum árum verið deilt á þá, sem við mjólkurmálin hafa verið riðnir og ákveðið hafa verðlagssvæðið, fyrir að teygja verðlagssvæðið of langt út, þannig að það sé ekki hægt að koma hreinni og heilnæmri mjólk á markaðinn svo langt að. Ég skal ekkert um þetta segja. En hitt vil ég fullyrða, að mjólkurverðlagssvæði Reykjavíkur sé nú komið yfir svo vítt svæði og með svo löngum vegalengdum, að hæpið sé að koma mjólkinni lengri leiðir en nú er gert óskemmdri til markaðsstaða, vegna þess að svæðið er komið alla leið austur í Vík í Mýrdal. Þess vegna er ég samdóma mþn. um þetta atriði. Ég hygg skaðlaust að teygja mjólkurverðlagssvæðið kringum Borgarnes vestur að Snæfellsnesfjallgarði, en aftur á móti tel ég hæpið, að hægt sé að koma Húnavatnssýslum og Hrútafirði inn á mjólkurverðlagssvæði Borgarness, vegna þess að útilokað er, eins og staðhættir eru enn, að hægt sé að koma mjólkinni af þessum svæðum í Borgarnesbúið. Enda, ef svo ætti að gera, yrði stórum að stækka búið í Borgarnesi, því að það gæti eins og nú er ekki tekið við mjólkinni af þessum svæðum, ef á þeim svæðum kæmist verulegur rekspölur á mjólkurframleiðsluna. Teldi ég þá hyggilegra að stofna nýtt mjólkurbú í Húnavatnssýslum og reyna í gegnum það að tengja það hérað við aðalmarkaðsstað landsins, sem hægt væri a. m. k. suma tíma ársins. — Aftur á móti er öðru máli að gegna um Dali. Ég hygg, að það gæti komið til mála, að a. m. k. nokkur hluti Dalasýslu gæti tengzt við mjólkurverðlagssvæði Borgarfjarðar og þaðan væri hægt að koma nýrri mjólk til vinnslu í Borgarnesbúið. Mér segja a. m. k. kunnugir menn, að ef lagfærður væri vegurinn um Bröttubrekku og sérstaklega breytt nokkuð um vegarstæði, þá væri sennilega hægt að halda uppi samgöngum milli Dalasýslu og Borgarness meginhluta ársins. Eftir því væru líkur til þess, að hægt væri að koma mjólk úr Dalasýslu til Borgarness mestan hluta ársins. En það mál þyrfti að athuga og undirbúa betur en enn er orðið, áður en í slíkt yrði ráðizt, og þá hygg ég, að til athugunar yrði að taka að stækka Borgarnesbúið. Og yrði þá að meta það, hvort heppilegra væri að stækka það mjólkurbú eða að koma upp nýju búi í Dalasýslu. — En þó að ég fallist á það, að það væri hægt að lengja mjólkurverðlagssvæðið frá Borgarnesi út á Snæfellsnes fremur en orðið er og til mála gæti komið, að Dalasýsla gæti komið inn á verðlagssvæði kringum Borgarnesbúið, þá tel ég, að það þyrfti mikillar athugunar við, og þess vegna sé ekki ástæða til að gera þess vegna lagabreyt. nú. Því að mjólkurverðlagsn. hefur í hendi sér, samkv. því valdi, sem hún hefur nú, að athuga þetta, án þess að breytt sé l. um þetta. Sama gildir að því er snertir Húnavatnssýslur, að mér virðist, að miklu nær liggi, að a. m. k. einhver hluti Austur-Húnavatnssýslu komist inn á verðlagssvæði Sauðárkróks og Skagafjarðar. Og þegar búið er að leggja til fulls Vatnsskarðsveginn og ganga frá honum eins og fyrirhugað er, þá hygg ég, að vel gæti komið til mála að teygja mjólkurverðlagssvæði Skagafjarðar nokkuð vestur á bóginn, vestur í Húnavatnssýslur, eða að gera annað, sem væri kannske eðlilegast, að þau héruð Húnavatnssýslna, sem hentugust eru til mjólkurframleiðslu, kæmu sér upp sjálf mjólkurbúi á einhverjum hentugum stað til þess að taka á móti mjólk félagsmanna og verka hana þannig, að hún væri flutningsfær langa leið. Og ég tel ekki líkur til þess, að verulegur mjólkurflutningur komi frá Húnavatnssýslum fyrr en búið er að bæta úr samgönguörðugleikum á þessu svæði eins og unnt er og koma upp hreinsunar- og vinnslustöð fyrir mjólk þar nægilega nærri, þannig að hægt væri að tryggja verkun mjólkurinnar og hrein-

læti í sambandi við meðferð hennar, svo að hægt væri að gera hana hæfa til að þola meðferð langra flutninga. Af þessum ástæðum er það, að ég legg á móti samþykkt þessa frv. Ég álít, að það sé ekki grundvöllur undir því, út frá þeim sjónarmiðum, sem eftir hefur verið farið í þessum efnum. Ég álít ekki, að tryggt sé, að komið verði við mjólkurframleiðslu á þessum svæðum og flutningum frá þeim, sem frv. fjallar um, flestum hverjum, fyrr en búið er að gera þær undirstöðuframkvæmdir, sem ég minntist á. En ég álít hins vegar, að til greina geti komið að gera þá lítilfjörlegu breyt. á mjólkurverðlagssvæði, sem ég minntist á, án þess að breyta þurfi l. þess vegna.

En hitt vil ég endurtaka, að þó að mjólkurverðlagssvæði hafi verið ákveðin, þá verður hér eftir sem hingað til hægt að breyta þeim, og þau hljóta að breytast með breyttum samgöngum og breyttri aðstöðu héraða, sem þau fá með því að koma upp hjá sér mjólkurhreinsunar- og vinnslustöðvum. Og ég tel sjálfsagt, að þeim verði breytt í samræmi við það jafnóðum og skilyrði myndast til mjólkurframleiðslu og sölu á þennan veg. Og þetta tel ég, að mjólkursölun. hafi gert til þessa. Og ég tel, að þeir, sem áhuga hafa fyrir því að koma upp mjólkurframleiðslu og sölu á þessum stöðum, eigi að byrja á því að skapa skilyrði til mjólkursölu með bættum samgöngum og með því að koma upp mjólkurstöðvum. En áður en það er gert, tel ég varhugavert að ákveða með l., að þessi og þessi svæði skuli vera inni á einhverju tilteknu mjólkurverðlagssvæði. Af þessu get ég ekki mælt með frv., sem hér liggur fyrir, en legg til, að það verði fellt.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Hv. frsm. meiri hl. landbn. þykist sjálfsagt standa föstum fótum að því að koma þessu frv. fyrir kattarnef á þessu þingi, því að hann er búinn að geyma það frá 22. sept. s.l. í n. og gefur fyrst út um það nál. 2. febr. Með tilliti til þess að ég sá, hverju fram fór í þessu efni, hef ég gengið inn á það við landbn., að það yrði afgr. með rökst. dagskrá, er fari fram á, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta Alþ. frv. til breyt. á mjólkursölul. Og ég geri ráð fyrir, að þá verði ekki aðeins þetta mál, heldur og mörg fleiri í þessu sambandi látin koma til meðferðar. Hins vegar hef ég ekki breytt skoðun um þetta mál, sem hér liggur fyrir, og þykir mér ástæða til að segja um það nokkur orð í tilefni af ræðu hv. þm. Mýr.

Hv. þm. Mýr. hélt því fram, að það mundi vera komið nálægt þeim takmörkum, sem hægt væri að stækka verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þar sem það nú næði austur í Mýrdal og vestur á Snæfellsnes. Ég vil nú segja, að það er ákaflega lítill munur, ef hann er nokkur, á því, hvaða örðugleikar á því eru að flytja mjólk inn á markaðsstaðinn af þeim svæðum, sem hér er farið fram á að bæta við verðjöfnunarsvæðið, og aftur hins vegar frá þeim svæðum, sem nú eru á verðlagssvæðinu og fjærst eru frá markaðsstað. Og til sönnunar því, að það virtust vera nokkuð miklar mótsagnir í því, sem hv. þm. Mýr. sagði í þessari síðustu ræðu, þar sem hann taldi, að vel gæti komið til mála að taka Dalasýslu inn á verðlagssvæðið, sem flytur mjólk til Borgarnesbúsins, þegar búið væri að laga veginn yfir Bröttubrekku og gera samgöngurnar þannig betri við Dalasýslu, en taldi hins vegar öll tormerki á að flytja mjólk til markaðsstaða úr Húnavatnssýslu, þá vil ég segja það, að hv. þm. Mýr. gætir þess ekki, að vegur úr Húnavatnssýslu er þegar til og að það er ekki nema 4 klst. akstur frá Blönduósi til Borgarness, og þar þarf engar vegabætur til fram yfir það, sem nú er. — Hv. þm. Mýr. sagði, að vel gæti komið til mála að bæta nokkrum hluta Húnavatnssýslu inn á verðlagssvæði Skagafjarðar, þegar búið væri að fullgera veginn þar á milli. En það er nú vitað, að vegurinn til Skagafjarðar frá Húnavatnssýslu er verri en suður til Borgarness. Hér má því segja, að í ræðu hv. þm. Mýr. um þetta reki sig hvað á annars horn. — En aðalatriðin, sem farið er fram á í þessu frv., eru 2, annars vegar það að afnema algerlega vald mjólkurverðlagsn. til þess að ákveða verðjöfnunarsvæði, en ákveða, að Alþ. geri það, en ekki sérstök n. En hitt atriðið í þessu frv. er, sem togast mætti á um og deila um, hvort Alþ. á nú í svip að ákveða verðlagssvæðið samkv. þessu frv. eða breyta því eitthvað á annan veg en þar er til tekið. En hitt er vitað, að ekki getur lengi haldizt það einokunarfyrirkomulag, sem er og hefur verið á þessum málum. Og þegar andstæðingar þessa frv., eins og hv. þm. Mýr., eru að tala um, að fyrst þurfi að bæta samgöngurnar, því að samgönguleysi sé hér í veginum, og að það þurfi að undirbúa málið að öðru leyti, þá er það víst og ætti a. m. k. að vera honum ljóst sem mjólkurframleiðanda og af því að hann er form. Búnaðarfélags Íslands, að það þarf nokkurn undirbúning til þess að breyta framleiðslu bænda úr kjötframleiðslu í mjólkurframleiðslu og að menn gera alls ekki ráðstafanir til slíkra breyt. nema þeir hafi vissu fyrir því, að þeir geti selt framleiðslu sína eftir þessa breyt. á búnaðarháttunum. En eins og er hafa bændur á þessum svæðum, sem til eru tekin í frv., ekki vissu fyrir þessu, sem þeir geti byggt slíka breyt. á framleiðslu sinni á. En slík breyt. á búskaparháttum verður að grundvallast á því, að menn geti haft vissu fyrir því að njóta sama réttar og aðrir landsmenn um sölu á þessari framleiðslu, þegar að því kæmi, að þeir hefðu hana tilbúna. En nú er hins vegar gengið svo langt, að það er talið hæfilegt að banna ákveðnum héruðum, sem hér eiga hlut að máli, að selja skyr og rjóma hér inn á markaðinn, nema þegar hinir, sem á verðlagssvæðinu eru, hafa það ekki til.

Þetta eru þau meginatriði, sem liggja til grundvallar þessu frv. Og hér eiga hlut að máli stór og fjölmenn héruð, sem öll eru undirorpin þeim vandkvæðum að hafa ekki aðra söluframleiðslu en kjöt, en hafa orðið fyrir því tjóni að verða að búa við sauðfjárpest af hinni verstu tegund. Ef því haldið er áfram á þeirri leið, sem farin hefur verið í mjólkurmálum gagnvart þessum héruðum, þá er stefnt að því með því móti að koma þeim smátt

og smátt í auðn. Og ef þeir menn, sem standa í gegn þeim breyt., sem farið er fram á með þessu frv., gætu komið með einhverjar till., sem vit væri í, aðrar, og sem tryggðu, að framleiðsla og efnaleg velgengni þeirra héraða gæti þrifizt, þá væri náttúrlega allt annað við þá að tala. En þeir gera ekki neitt annað en að berja höfðinu við steininn og vilja vernda sitt einkasöluskipulag og eru með vífilengjur, eins og hv. þm. Mýr. var nú með í sinni ræðu.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða að sinni um þetta mál. Það er orðið nokkuð þrautrætt hér í hv. þd., og var það við 1. umr. Málið liggur og ljóst fyrir. Og ég geri ráð fyrir, eftir þeim viðtökum, sem það hefur fengið í landbn., að það verði ekki samþ. nú. En efni þess kemur þá til athugunar í sambandi við þá allsherjar endurskoðun á mjólkursölul., sem hlýtur að fara fram áður en næsta þing kemur saman.

Frsm. 2. minni hl. (Bjarni Ásgeirsson): Aðeins nokkur orð. Ég veit ekki, hvort ég á að fara að deila aftur við hv. þm. A.-Húnv. um þessar ásakanir, sem hann ber á mig sem form. landbn. um það, að ég hafi fyrst og fremst hugsað mér að koma þessu máli fyrir kattarnef með drætti. Ég held, að hann hafi sjálfur afsannað líkur fyrir því með þeim orðum, sem hann endaði ræðu sína á, að eftir móttökum þeim, sem frv. fékk í landbn., og meðferð hennar á þessu máli væru ekki líkur til þess, að byrlega blési fyrir frv. á þessu þingi, og það var það, sem ég þóttist sjá, þegar allir í landbn. nema hv. flm. frv. tjáðu sig andvíga frv. Ég þóttist sjá af því, að forlög frv. væru þar með ráðin á þinginu, eftir venjulegum gangi mála. Og ég taldi, að hv. þm. A.-Húnv. mundi láta sér nægja með þann dóm, sem málið fékk í landbn., en krefðist ekki þess, að það yrði formlega fellt í þinginu. Og af þessum ástæðum, og þeim einum, var það, að ég hraðaði ekki afgreiðslu málsins, enda var aldrei kallað eftir málinu frá n. En sé það nú á hinn bóginn þannig, að meirihl.fylgi sé í þinginu fyrir þessu máli nú, þá má enn koma því í gegn og samþ. það á þessu þingi. Ég ætla, að tímans vegna sé það vandalítið, ef hv. flm. er kappsmál að sjá, hvernig hæstv. Alþ. er stemmt í málinu.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði um, að það væri mótsagnakennt hjá mér að leggjast á móti þessu máli. en álíta þó koma til mála, að Dalasýsla gæti með tíð og tíma komið inn á verðlagssvæði Borgarfjarðar. En ég tel það ekki vera mótsagnakennt. Ég álít mikinn mun á því, hvort hægt er að koma Dalasýslu inn á verðlagssvæðið, sem liggur svo að segja samhliða Mýrum, og þar er ekki um að ræða nema stuttan fjallveg, sem skilur sýslurnar, og miklu minni en þann, sem skilur Húnavatnssýslur og Mýrasýslu. Ég álít langt frá því að vera mótsögn í því, þó að ég leggist á móti málinu í heild, en telji þó, að þetta geti komið til athugunar, að Dalasýsla kæmi með inn á verðjöfnunarsvæði. Og ég tel, að það eigi að teygja sig eins langt í þessu máli og skynsamlegar ástæður eru til. Hitt nær ekki nokkurri átt að teygja mjólkurverðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar kringum allt land. Það væri vitanlega hægt að gera það með l. En það væri ekkert gagn í því.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði um einokunarfyrirkomulag í þessu efni. Þetta einokunarfyrirkomulag er nú ekki annað en það, að með þessum mjólkursölul. er hjálpað þeim mönnum, sem af eðlilegum ástæðum vegna samgöngumöguleika hafa möguleika til þess að nota mjólkurmarkaðinn, þeim er hjálpað til þess að vinna saman um sölu og dreifingu mjólkur og mjólkurvara á þessum markaði. Og ég álít, að mjólkurverðlagsn. eigi engar ásakanir skildar fyrir það, að hún hefur reynt að færa út mjólkurverðlagssvæðið jafnóðum og grundvöllur hefur skapazt undir það, að hinir nýju menn, sem inn á svæðið kæmu, gætu starfað þar að þessari vöruframleiðslu og verkun. Það hefur meira að segja oft verið ádeiluatriði gagnvart mjólkursölun., að hún hefur verið sökuð um að teygja svæðin of mikið út. En yfirleitt hefur það ekki verið fyrr en á síðustu dögum, að mjólkursölun. hefur verið sökuð um þröngsýni um að víkka út verðlagssvæðin. En ég tel, að hún gæti, skipulaginu og sér að skaðlausu, teygt svæðið lengra vestur á Snæfellsnesið en hún hefur gert til þessa. Hitt tel ég algerlega út í bláinn, að ætla sér með löggjöf af handahófi að ákveða mjólkurverðlagssvæðið, meðan ekki eru næg skilyrði fyrir hendi til þeirra breyt. Ég veit ekki betur en að það hafi verið gangur þessara mála, að þeir bændur, sem hafa hugsað sér framleiðslu á mjólk í stórum stíl, hafi byrjað á því að koma sér upp mjólkurvinnslustöðvum. Fyrst byrjuðu bændur á þessu hér í kringum bæinn. Síðan komu á eftir bændur austanfjalls. Svo kom mjólkursamlag Borgfirðinga. En þessir bændur byrjuðu ekki á því að heimta, að það skyldi ákveða með l., að Borgarfjörður skyldi verða settur inn á mjólkurverðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, nei, heldur á byrjuninni, að koma upp hjá sér fullkomnu mjólkurbúi, sem sýndi, að þeir höfðu vilja, áhuga og getu til þess að koma þessum málum í það horf, sem sjálfsagt var, að krafizt væri til þess að þeir gætu staðið að mjólkursölu. Sama gerðu Eyfirðingar á sínum tíma, og út frá þeim framkvæmdum skapaðist svo að eðlilegum hætti mjólkurverðlagssvæði í Eyjafirði. Skagfirðingar byrjuðu heldur ekki á því að heimta, að l. yrði breytt þannig, að Skagafjörður yrði settur inn á eitthvert verðlagssvæði, heldur komu upp sínu mjólkurbúi og hófu mjólkurhreinsun og vinnslu og sköpuðu sér þannig aðstöðu til þess að selja mjólk bæði til Sauðárkróks og Siglufjarðar og mjólkurvörur víðs vegar um land. Og sama tel ég, að liggi fyrir þeim ágætu mönnum í Húnavatnssýslu, sem hafa hug á því að breyta um framleiðslu, sem vel getur verið eðlilegt og sjálfsagt. Þeir hljóta að eiga að fara að eins og hinir aðrir, sem ég hef nefnt, að undirbúa málið heima með því að koma upp mjólkurvinnslustöð hjá sér, og þá kemur af sjálfu sér, að þeim skapast markaður fyrir þessa vöru, sem er mikill og mörgum finnst vera ótæmandi.

Af þessum ástæðum tel ég algerlega ótímabært að samþ. frv., en tel, að það eigi að fella það. Hins vegar ef hv. þm. A.-Húnv. telur, þrátt fyrir með-

ferð landbn. á því, að málið muni hafa mögueika til framgangs á þessu þingi, þá er leikur fyrir hann tímans vegna að koma því í gegn. Og fyrir mér hefur aldrei vakað að beita neinu ofbeldi í sambandi við afgreiðslu þessa máls, eins og ég hef tekið fram.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Þar sem mjög langt er liðið frá 1. umr. þessa máls, vildi ég leyfa mér að rifja upp meginefni frv. og þau rök, sem liggja til þess, að það er flutt.

Svo er ákveðið í mjólkursölulögunum, að yfirstjórn mjólkurmálanna hefur í hendi sér, hversu verðjöfnunarsvæðum skal háttað. Frv. fer fram á, að þessu verði breytt og verðjöfnunarsvæðin stækkuð. Okkur flm. þykir eðlilegt, að Alþ. sjálft ákveði um svo mikilsvert mál sem þetta er, en þetta vald sé ekki falið einni nefnd. Það getur naumast talizt réttlátt, að sumum sveitum sé bannað að selja mjólk hingað til bæjarins, einkum þegar þess er gætt, að víða er fjárstofninn fallinn og eina leiðin til að halda áfram búrekstri virðist vera að koma upp kúabúum. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé rétt, sem mþn. leggur til, að fyrirbyggja skuli mjólkurskort með því að stækka verðjöfnunarsvæðin. Um það atriði, hvort löggjafarvaldið skuli ákveða þetta sjálft, skal ég ekki vera margorður, en ég er þó þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé, að Alþ. ákveði þetta sjálft, án þess að ég beini nokkrum ásökunum *í garð mjólkursölunefndar.*

Varðandi mjólkurskortinn hefur verið bent á það, að ósamræmis gæti hjá flm. þessa frv., er þeir tali annars vegar um gallaða mjólk, en hins vegar um of lítil verðjöfnunarsvæði. Mér er það ljóst, að mjólkin er einatt léleg, en mér hefur ekki komið *til hugar, að gæði hennar fari eftir því,* hvort hún er flutt 5—10 km. lengra eða skemmra, þar kemur annað til greina. Þess vegna gætir hér engra mótsagna.

Hv. þm. Mýr. heldur því fram, að í okkar frv. sé gengið á svig við það ákvæði mjólkurlaganna, að mjólkin skuli flutt daglega óskemmd til bæjarins. Hann segir, að ef halda eigi við þetta ákvæði, sé ekki unnt að stækka verðjöfnunarsvæðin nema um Dalasýslu og hluta af Snæfellsnesi. Hv. þm. A-Húnv. hefur bent á, að frá Blönduósi er ekki nema 4 klst. akstur til Borgarness, og úr mínu kjördæmi er ekki nema 2½—3 klst. akstur í Borgarnes. Þess vegna er hér um algert ranghermi að ræða. Úr öllum þessum héruðum er hægt að flytja mjólk daglega.

Hv. þm. Mýr. lét í ljós þá skoðun, að ef þetta frv. yrði samþ., mætti alveg eins láta verðjöfnunarsvæði ná kringum allt landið. Þetta er vart svaravert eins og samgöngum er nú háttað um Vestfirði og Austfirði, enda er þetta sagt út í loftið. Það er rétt, að það er meginatriði, að mjólkin sé ný og vel með farin, þegar hún kemur til bæjarins, en þeim skilyrðum er hægt að fullnægja, þótt sú leið verði farin, sem frv. fer fram á.

Á það hefur verið bent, að mjólkurbú vantaði. Ég upplýsi eftir viðtali við mjólkurbússtjórann í Borgarnesi, að þetta er rangt. Mjólkurbúið þar getur afkastað miklu meiru en það nú gerir.

Ég tel, að óþarft sé að ræða þetta öllu frekar. Það hefur verið nægilega rökstutt af hv. þm. A-Húnv. En ég vil undirstrika það, að ég tel eðlilegt, að verðjöfnunarsvæðin séu lögfest og að bændum, sem misst hafa fé sitt, sé ekki bannað að framleiða mjólk á sama tíma og mjólkurskortur er ríkjandi hér í bænum. Það má vera, að þetta mál hafi ekki mikið fylgi, enda fer oft svo um rétt mál í upphafi, en því verður haldið áfram, unz það hefur framgang. Svo mikið hefur þó nú þegar áunnizt, að nú viðurkennir hv. þm. Mýr., að réttmætt og fært sé að bæta nokkrum sveitum við. Ef svo miðar hin næstu þing, þá er ekki unnið fyrir gýg.

Sveinbjörn Högnason: Hv. flm. hafa nú nokkuð breytt mælsku sína á að sýna gagnsemi þessa máls. Hv. þm. A-Húnv. kvað þetta mál þrautrætt, og mun það satt vera, að ræður hans taka nú að lýsa nokkrum þrautum, og án þess að ég ætli að leggja nokkurn dóm á ræður þessa þm., sem hann gerði um mínar ræður, er hann sagði, að þær væru ekki einu sinni undanrenna, heldur súr undanrenna, þá hygg ég, að ræður hans séu líkari froðu og flautum, enda oftast skyldastar þess háttar framleiðslu.

Hann sagði, að ekki væri mikils um það vert að fá að selja mjólk, þegar hana skortir, en í öðru orðinu segir hann, að alltaf sé skortur á mjólk. Hver getur nú komið slíku saman, og hvaða heilvita maður getur flutt slíkt? Ég skal leiða hjá mér hótanir þær, *sem þessum hv. þm. virðast svo tamar* síðan hann varð stuðningsmaður hæstv. ríkisstjórnar, en ég hygg, að enginn muni blikna né blána fyrir hótunum hans, þótt hann sé vikapiltur ríkisstjórnarinnar.

Hann sagði, að þetta yrði lagað og skyldi verða lagað. Það kann að vera, að slík rökfærsla sé góð í fjár- eða hrossaréttum í Austur-Húnavatnssýslu, en hún er ekki talin góð hér á Alþ. — Þá sagði hv. þm., að menn mundu ekki fara að breyta búskapnum úr kjötframleiðslu í mjólkurframleiðslu, meðan engin trygging væri um markað fyrir mjólkina. Ef allir hefðu hugsað svo, þá hefði aldrei orðið mikil mjólkurframleiðsla, og seint hygg ég, að sum mjólkurbúin hefðu verið reist, ef allir hefðu litið svo á. Mér þykir ekki horfa vænlega um afköst nýsköpunarpostulanna, ef þeir ætla að fá allt fyrir fram tryggt. Þeir sögðu í haust, að lítið yrði gert, ef bíða ætti eftir því, að allt bæri sig, en nú vilja þeir engu hætta. Ég er þess fullviss, að framsóknarmenn í Austur-Húnavatnssýslu hugsa ekki þannig,

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á rökstuðning hv. flm., er þeir báru saman fjarlægðirnar. Þeir sögðu, að leiðin austur væri um 200 km. Hér er þó nokkru bætt við. En svo þegar þeir reikna vegalengdirnar úr Húnavatnssýslu og Snæfellsnesi, þá miða þeir við Borgarnes, en ekki Reykjavík, sem auðvitað ætti að gera. En þó að mjólkin væri flutt til Borgarness aðeins úr Austur-Húnavatnssýslu, þá er heiði á milli, sem oft er ófær. En þó að hér þurfi að fara yfir Hellisheiði, sem er mun betri *fjallvegur,* þá er mjólkurbú hinum megin, svo að þangað má flytja mjólkina, þegar leiðir teppast. En þó að nú þessu sé sleppt, þá var á sínum

tíma mjög deilt um það, hvort taka ætti mjólkurbúið í Borgarnesi inn á verðjöfnunarsvæðið, enda einatt miklum örðugleikum bundið að flytja mjólk úr Borgarnesi og ekki hægt að gera það daglega nema með miklum kostnaði. Þeir, sem til þekkja, vita, að sjóleiðin er þeim erfiðleikum bundin, að sjávarföll ráða lendingu, en leiðin fyrir Hvalfjörð löng, og þó mun sú leið líklega verða lausnin í framtíðinni, þar sem hin leiðin getur alltaf teppzt, enda ekki notuð nema í nauðsyn. Ég hef meira að segja heyrt sagt, að sumir hv. þm. kæri sig lítt um að fara þessa leið, eftir að þeir urðu fyrir nokkrum hrakningum, en kjósi heldur landleiðina úr Borgarnesi.

Það er óneitanlega nokkur kaldhæðni örlaganna, að tveir flm. þessa frv., þeir hv. þm. Snæf. og hv. þm. A-Húnv., fluttu hér till. og fengu samþ. á Alþingi í fyrra um að skipa rannsóknarnefnd vegna mjólkurmálanna. Þeir fengu till. samþykkta raunar nokkuð breytta, þar sem taka átti allt þetta mál til rannsóknar og auðvitað okkur alla, sem höfum að því komið að vinna að þessum málum. Þó hefur ekki komið till. frá hv. þm. Snæf. um að setja heildsalana undir rannsókn, en þeir eru uppvísir að því að hafa svikið um máske milljónir króna. Það hefur ekki komið fram hjá honum jafnmikill áhugi í þeim efnum. Það er einkennilegt, að þessi hv. þm., sem mest hefur barizt fyrir því að fá skipaða rannsóknarnefnd og fengið hana skipaða eftir sínu höfði, þannig að hans menn séu í meiri hluta og bændur hafi þar sem minnst að segja, að hann skuli nú, einmitt þegar þessi nefnd situr að störfum, láta það vera sitt fyrsta verk að fara að berjast á móti henni. Þetta sýnir, hvernig hann ætlast til, að nefndin starfi. Nefndarmennirnir eiga að vera eins og þjónar, hvort sem málstaðurinn er réttur eða rangur. Ég verð að segja, að ef slíkur er skilningur hv. þm. Snæf. á málinu og hefur verið þegar hann flutti þessa tillögu, er ég honum mjög þakklátur fyrir, að hann skuli ekki hafa haft hug til að taka sæti í þessari nefnd, eins og flokksbræður hans buðu honum.

Það ætti nú að koma í hlut annarra en minn að verja þessa n., því að hún er skipuð á móti mínum vilja og starfar að óþörfu. Þó skal ég viðurkenna, að hún hefur starfað eins og hún hefur getað til þess að komast að því rétta í málinu og aflað sér þeirra upplýsinga, sem hún hefur getað komizt yfir, og hún hefur ekki látið blekkjast af þeim hleypidómum, sem áður hafa komið fram í þessu máli.

Ég veit ekki til, að nein tilmæli hafi komið frá bændum, sveitum eða héruðum um að taka sig inn í verðjöfnunarsvæði. Sé ég því ekki, hverjir hafa yfir sérstaklega illri meðferð að kvarta í þessum efnum, þar sem engar umsóknir hafa borizt, ekki sízt þegar þess er gætt, að boðizt hefur verið til að taka sveitirnar vestur undir Snæfellsnesi inn á verðjöfnunarsvæði. Þetta er pólitískt mál og er borið fram í blekkingarskyni, án þess að fyrir liggi óskir um það frá hlutaðeigendum að komast inn á verðjöfnunarsvæði.

Ríkisstjórnin var nýlega að ákveða verðjöfnunarsvæði, án þess að spyrja Alþingi. Hún biður ekki einu sinni um álit þess, en þó er þar um 10—20 sinnum meira verðmæti í húfi en hér er um að ræða. Hvers vegna komu þessir menn ekki með það mál inn á Alþ. til þess að láta það skera úr því?

Ég vil að lokum taka það fram, að engri sveit hefur verið neitað um upptöku á verðjöfnunarsvæði, ef hún hefur haft skilyrði til þess að geta notað þá aðstöðu.

Umr. frestað.

Á 128. fundi í Nd., 13. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Ég hafði hér í gær farið nokkrum orðum um þær röksemdir, sem hv. frsm. þessa frv. hafði borið fram bæði í grg. með frv. og eins í ræðu, sem hann flutti hér við þessa umr., en vannst ekki tími til, að ég lyki við að bera fram þær aths., sem ég hafði hugsað mér að koma með, en ég skal vera stuttorður nú um það, sem ég taldi mig eiga einkanlega eftir að skýra. Mál þetta er orðið svo þrautrætt í þessari d., að það verður vitanlega mikið endurtekningar, sem fram koma, ef umr. um það halda lengi áfram enn. Ég get þó ekki látið hjá líða að minna á það, að upphaflega þegar mest var deilt um skipulag mjólkurmálanna, var það aðalárásarefnið á n., sem stýrði framkvæmdunum, að hún teygði verðjöfnunarsvæðið svo mjög út, að varan yrði mjög léleg. Það var meira að segja seilzt svo langt að fá vísindamann, sem svo var kallaður, til að skrifa greinar í blöðin um það, að afar óvarlegt væri að flytja neyzlumjólk austan af Suðurlandsundirlendinu til Reykjavíkur, vegna þess að hún mundi spillast svo mjög við flutninginn á þeirri leið, svo löng væri hún. Þá höfðu Árnesingar flutt neyzlumjólk til Reykjavíkur, en þó ekki nema að litlu leyti, en það þótti þá ekki koma til mála vegalengdar vegna, þó að leiðin austur í Ölfus sé ekki lengri en leiðin upp í Kjós eða suður með sjó, en flutningur þaðan var þó látinn óátalinn. Ég bendi á þetta til að sýna, hvernig ádeilurnar eru á þetta skipulag. Rökin eru alveg eftir því, hvernig vindurinn blæs og hvernig mönnum þykir í þann og þann svipinn heppilegast að haga seglum, en ekki eftir því, hver raunveruleikinn er. Mér kæmi ekki á óvart, þó að þessir menn fengju sérstaka vísindamenn til að koma nú fram og fullyrða, að mjólkin væri jafnvel betri, þegar búið væri að flytja hana 300 km. en ef hún væri af næstu grösum við sölustað. Ég skal ekki um það spá, en annar flm. fullyrti í gær, að það skipti sáralitlu máli, hvort mjólkin væri nokkrum klukkutímum lengur eða skemur í flutningum til sölustaðar, hitt væri aðalatriðið, að hægt væri að ná í nægilega mikið magn, og hann fullyrti, að hægt væri að flytja samdægurs til sölustaðar mjólk úr þeim héruðum, sem hér er lagt til að taka inn á sölusvæðið. Ég hygg nú, að eins og flutningum er háttað nú, mundi verða erfitt að ná henni norðan yfir Holtavörðuheiði og hingað

til Reykjavíkur samdægurs, og þó eru vetur oft miklu strangari og snjókoma meiri en nú. Ef því er haldið fram, að hægt sé að flytja mjólk til Reykjavíkur samdægurs norðan af Ströndum og úr Austur-Húnavatnssýslu, þá má segja, að það sé hægt svo að segja hvaðan sem er af landinu, því að þetta byggist vitanlega á því að fá bættar samgöngur og ný samgöngutæki, því að þá væri náttúrlega hægt að flytja mjólkina samdægurs með flugvélum og jafnvel hraðskreiðum strandferðaskipum. Hinu ætla ég enn að mótmæla, sem hv. flm. hafa viljað mjög halda fram og öll grg. er full af, að hér sé um einhverja einkasölu að ræða fyrir einhverja sérstaka bændur. Það er staðreynd, að söluskipulagið hefur orðið til að opna markað fyrir meira en helmingi fleiri bændur en þá, sem höfðu aðstöðu til mjólkursölu, áður en samsalan tók til starfa. Það er vitað, að allir bændur, sem hafa undirbúið hjá sér mjólkuriðnað og hafa aðstöðu til að flytja til Reykjavíkur, þeim verður ekki neitað um að selja hér. Það mætti því miklu frekar segja, að hér hafi verið sett löggjöf til að reyna að opna markaði fyrir eins marga bændur og aðstaða væri til að skapa hér á landi. Það er því mesta öfugmæli, að hér sé um nokkra einkasölu að ræða.

Þá segir hv. þm. A-Húnv., að verðjöfnunin hafi verið framkvæmd á kostnað þeirra, sem næst eru sölustað. Verðjöfnunin lendir jafnt á öllum, og ég veit ekki til þess, að nokkrir sérstakir bændur séu settir í að greiða verðjöfnun öðrum frekar. Ég þori að fullyrða, að þeir bændur, sem fjær búa á Suðurlandsundirlendinu, greiða miklu meiri uppbætur í verðjöfnunarsjóð en þeir, sem senda mjólkina til stöðvarinnar í Reykjavík. Verðjöfnunin er miðuð við það, hverjir selja og hvað mikið magn er tekið. Verðjöfnunin er ekki sett á kostnað neins framleiðanda, heldur öllum til hagsbóta og öryggis og til þess að koma skipulagi á og hagnýta markaðinn eins og hægt er. Og eins og þeir bera fram í grg. frv., að óskapleg óánægja sé með verðjöfnunina, þá hlýtur það að koma fram við þá, en ekki okkur, sem stöndum að framkvæmdunum. Ég hef ekki heyrt á það minnzt, að menn væru óánægðir. Jafnvel þeim framleiðendum, sem hafa fengið leyfi til að selja utan sölusamtaka Reykjavíkur, hefur verið það ljóst, að þeir verða að greiða til verðjöfnunar.

Mér þykir það skjóta nokkuð skökku við í málsmeðferð hv. flm., þegar þeir segja, að bændur, sem fjær búa, utan verðjöfnunarsvæðis, séu útilokaðir frá því að njóta þeirra hlunninda, sem þessi l. skapa. Eru jafnvel blindir farnir að sjá, ætla ég að segja í þessu efni. Ég veit ekki betur en að báðir þessir hv. flm. hafi oft áður talað um það, að þessi löggjöf væri engin hlunnindi fyrir bændur, heldur bölvun og bezt væri að hún yrði afnumin með öllu. Nú virðist sem þeir telji það ákaflega mikil hlunnindi að verða aðnjótandi löggjafarinnar. Þeir hafa lítið gert til þess að skapa þessi hlunnindi bændum til handa, sem áttu við mikla erfiðleika að stríða við sölu mjólkurafurða áður en löggjöfin var sett. Og það virðist vera sami hugur enn þá, að reyna að spilla löggjöfinni svo, að sem minnst hlunnindi verði fyrir bændur að geta notið hennar. Því að það er vitanlegt, að ef ætti að fella hana niður og gera það svæði ótakmarkað, sem flytja mætti af og skapa sömu samkeppni inn á markaðina eins og áður var, er búið að brjóta niður það, sem bændur óskuðu að fá til þess að tryggja starfsemi sína til sölu afurða. Og þegar talað er um, að bændur, sem eru utan sölusvæðisins, séu útilokaðir frá því að njóta þessara hlunninda, þá vil ég spyrja hv. flm. að því: Hvaða möguleika hafa bændur, sem eru utan svæðisins nú, ef l. um mjólkursöluna væru felld úr gildi? Ég vildi sjá, hvað mikið af mjólk kæmi til Reykjavíkur. Þeir hafa ekki mjólkurbú og ekkert til þess að stunda vinnslu mjólkurafurða. Og ekki er það vitað, að áður en skipulagið kom hafi þeir getað stundað slíka afurðasölu. Skipulagið hefur opnað markað fyrir miklu fleiri framleiðendur en áður höfðu selt.

Þá telja hv. flm., að það mætti auka mjólkursöluna, ef ánægja væri með viðskiptin. Ég ætla nú að segja það, að ef ánægja milli framleiðenda og neytenda er mælikvarðinn á það, hve mikið selst, þá er ekki mikil óánægja um þessa sölu hér í Reykjavík, því að ég þori að fullyrða, að það er ekki til meiri mjólkurneyzla í öðrum bæjum í Evrópu, að því er vitað er, heldur en nú er í Reykjavík. Meðalsala neyzlumjólkur á mann í Reykjavík er talin vera ¾ til 1 lítri á dag. En það þykir ágæt sala í öllum bæjum á Norðurlöndum, eða þótti fyrir stríð, ef hún náði ½ lítra á mann, og er það ekki aðeins neyzlumjólk, heldur mjólk og mjólkurafurðir. Ef hv. flm. telja þar af leiðandi ánægjuna mælikvarða fyrir því, hve mikið selst, þá er ekki af miklu að taka í þeim efnum. Ég er viss um það, að sala mjólkur og mjólkurafurða er miklu meiri hér en á nokkrum öðrum stað. Enda er því ekki að leyna, að salan hefur þrefaldazt frá því að söluskipulagið tók til starfa, og þó hefur íbúatala bæjarins ekki gert það, eins og allir vita.

Mér virðist nú, að bæði frv. þetta og ýmislegt annað, sem hv. flm. hafa flutt um þetta mál, sé ekki miðað við það að skapa ánægju milli framleiðenda og neytenda, heldur séu þeir hræddir við, að óánægjan sé að detta niður og þess vegna verði að taka upp einhver mál til þess að halda við þeim urg, sem var í þessum málum til að byrja með, það sé leiðinlegt, ef hann hverfi. Mér er ekki kunnugt um, að óánægja ríki milli bænda í þessu efni. Þeir hafa sjálfir myndað stjórn fyrir þetta fyrirtæki, og ég hef ekki orðið var við nokkurn ágreining í þeim efnum. Ég hygg, að það sé einsdæmi um svo stóran félagsskap, einn stærsta félagsskap landsins, að ekki skuli meiri óánægja ríkja, eins og öll aðstaða er erfið, þar sem þúsundir bænda eru í honum.

Ég hygg þess vegna, að þessu frv. og þessum umr., sem hv. flm. virðast svo sólgnir í á hverju þingi, sé meira stefnt að því að finna upp ágreiningsefni, þegar þeir vita, að málið hefur verið mjög jafnt eftir fyrstu átökin, sem urðu í þessu

efni, sem eðlilegt er, þegar um svo stóra fjárhagshlið er að ræða.

Hv. þm. Snæf. sagði, að með því að halda áfram að flytja þetta frv. og önnur slík, væri viðurkenning fengin fyrir því, að umbóta væri þörf. Ég veit ekki, frá hverjum sú viðurkenning er komin. En okkur, sem stöðum að skipulaginu, hefur verið það ljóst, að það er þörf mikilla umbóta, og við höfum unnið að stöðugum umbótum öll árin síðan samsalan var sett á stofn. Og ég held, að þess sjáist merki í Reykjavík nú, að unnið sé að stórfelldum umbótum í þessu efni. Þar er verið að byggja mjólkurstöð, sem mun verða, ef við fáum vélarnar, einhver sú fullkomnasta, sem reist hefur verið á Norðurlöndum. Það er vitað, að unnið hefur verið að stórkostlegum stækkunum og umbótum á mjólkurbúum undanfarin ár. Í þessar framkvæmdir hefur verið lagt stórfé, miklu meira en var áður en skipulagið var sett.

Það er annað, sem er ábótavant í Reykjavík, og það eru búðirnar, sem mjólkin er seld í. Það hefur verið reynt að bæta úr þessu, en það er hv. þm. ljóst, að það er annað en gott að ná í húsnæði hér í Reykjavík eins og sakir standa. Meira að segja hefur oft reynzt erfitt að halda því húsnæði, sem maður hefur haft, og sumar búðirnar hafa verið byggðar. En í húsnæðislöggjöfinni hefur ekki verið betur að gáð en það, að í einstaka tilfelli hefur maður orðið að víkja úr húsnæði og annað talið þarfara við það gert en að dreifa mjólk, þó að okkur sé kennt um það á allan hátt. Ég held þess vegna, að hv. þm. Snæf. hafi sannarlega ekki betra auga fyrir því, að umbóta sé þörf, en þeir menn, sem að þessum málum hafa unnið. Ég veit ekki til þess, að hann hafi auga fyrir neinu öðru í þessu efni, enn sem komið er, en að hann taldi mikla þörf að láta rannsaka alla framleiðendur og alla, sem að málinu standa, sem fullkomna sakamenn.

Þessi n., sem skipuð var eftir hans vilja, er starfandi, og ég hygg, að það sé venja, ef mþn. er starfandi í máli, að þá sé beðið eftir áliti n. um það og ekki séu gerðar breyt. á löggjöfinni eða sett ný lög fyrr en umsögn og álit n. liggur fyrir. Ég fékk það að minnsta kosti fljótt í höfuðið, þegar ég flutti þá till. um stofnun menntaskóla, að það væri starfandi mþn. í skólamálum og óþarft að ég flytti till. um þetta efni. Ég flutti líka ásamt öðrum þm. till. um að samræma héraðsskóla og gagnfræðamenntun í landinu, sem mikil þörf er á og raunverulega stórtjón fyrir alla aðila hvert ár, sem dregst að gera þetta. Þá fengum við sama svar, að till. væri vísað til þeirrar n. Nú vita allir, að sú n. hefur setið árum saman, en ekki er líklegt, að nál. komi fyrr en ár eru liðin. Hins vegar tel ég, að sú mþn., sem starfar að mjólkurmálinu eftir till. hv. þm. Snæf., skili nál. innan skamms tíma. Og þau atriði, sem eru í till. frá honum og hv. þm. A.-Húnv., hefur n. gefið álit sitt um.

Ég hygg, að þingið hafi skipað þessa n. með það fyrir augum, að hún afli sér sem víðtækastra upplýsinga um það efni, sem hér um ræðir, til þess að gefa álit sitt um. Til hvers annars var hún sett? Var n. sett til þess eins að halda umr. um þetta mál áfram, og var tilgangur flm. sá að tortryggja og taka ekki mark á því, sem n. tók til endurskoðunar? Það virðist vaka fyrir, þegar því er tekið svona illa, sem þessi n. segir um þetta mál. Það er ómögulegt að álíta annað en að meiningin sé, að þessi n. eigi ekki að vinna eftir gögnum, sem hún aflar sér, og gefa út álit um málefnið, heldur sé hún stofnuð í öðrum tilgangi, sem mér er óskiljanlegt að sé annar en sá, sem ég tilgreindi.

Hv. flm. virðast vera mjög hneykslaðir á því, að hér séu sett ákveðin takmörk fyrir verðjöfnunarsvæðum, þar sem einn er útilokaður, en annar ekki. Ég minntist á það í gær, hvers vegna þessir hv. flm. eru ekki hneykslaðir á sinni ástkæru ríkisstjórn, að setja verðjöfnunarsvæði þar, sem landið er bútað í marga parta fyrir fiskframleiðendur. Hvað kemur til, að þessir áhugasömu þm. flytja ekki till. um þetta efni, þar sem enginn fiskframleiðandi er útilokaður frá bezta verðjöfnunarsvæðinu? Eiga sjómenn að hafa allt annan rétt en bændur? Ef það er alveg óþolandi fyrir bændur í Húnavatnssýslu, sem ekki hafa möguleika til þess að selja mjólk, vegna þess að þeir hafa ekki mjólkurbú, að fá ekki að vera í sama verðjöfnunarsvæði og er í Reykjavík, er þá ekki óþolandi fyrir sjómenn við Húnaflóa að vera settir í annan flokk en sjómenn við Faxaflóa? Þessir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa ekki komið með neinar till. um þessi verðjöfnunarsvæði, og þó er þar um margfalt meira verðmæti að ræða. Að minnsta kosti hafa sumir menn haldið því fram, að fiskur sé aðalverðmætið, sem Íslendingar framleiða. Ef það er órétt gagnvart bændum í Húnavatnssýslu að vera ekki í sama verðjöfnunarsvæði og þeir, sem búa sunnanlands og hafa nýtízku mjólkurbú, hvað þá með fiskimenn við Húnaflóa, sem hafa sömu tæki til að fiska með og fiskimenn við Faxaflóa, en eru í allt öðru verðjöfnunarsvæði en þeir? Af þessu verður þessum hv. þm. ekki flökurt. Það er engin lagasetning fyrir því, hvernig þessi verðjöfnunarsvæði eru ákveðin, það er tæpast að það sé heimilt að lögum að setja þau eins og þau eru sett, að minnsta kosti er það mjög vafasamt. Hvers vegna ekki að flytja frv. þannig, að allir sjómenn njóti sama réttar? Ég fyrir mitt leyti væri því fylgjandi, að landið verði gert að einu verðjöfnunarsvæði, þegar bændur landsins eru búnir að koma framleiðslunni þannig fyrir, að þeir hafa komið sér upp nýtízku mjólkurbúum. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það er framtíðin. En það er ógerningur fyrr en búið er smátt og smátt að byggja upp fullnægjandi mjólkurbú til þess að varan sé góð og samkeppnisfær á markaði hvar sem er. Þessu er ekki til að dreifa með fisk. Ég hugsa, að hann sé jafngóður í Húnaflóa eða Austfjörðum og í Faxaflóa. Það getur verið, að hann sé mismunandi magur á sumum stöðum. Hvaða vit er í því að setja hann í marga flokka? Hér virðist vera sú regla, sem mér kemur ekki á óvart, að minnsta kosti ekki af hendi flm. þessa frv., að það er hægara að sjá flísina hjá öðrum o. s. frv.

Ég hef nú rætt það nokkuð í aðalatriðum, sem fram kom hjá hv. flm. um þetta efni. Þeir telja sig *báðir eindregna stuðningsmenn núverandi ríkisstjórnar*, og á stefnskrá sinni hefur hún látið það uppi, að nýsköpun sé þeim eitt og allt. Ég hygg, að það verði ekki um það deilt, að mjólkurskipulagið sé stærsta nýsköpun í atvinnumálum Íslendinga á síðari árum. Og það hefur verið sýnt í verki á mjög myndarlegan hátt, að bændur, sem alltaf er verið að segja, að séu á eftir öðrum með alla hluti, að þeir hafa haft sig upp úr þeim vandræðum, sem áður voru, og skapað í þessu efni nýtt skipulag, sem hefur þrefaldað framleiðsluna á síðustu 10 árum. Ef þessum hv. þm. er ákaflega mikið í mun að fá nú breytt þessum verðjöfnunarsvæðum, sem þeir, sem til þekkja, telja mjög haganleg eins og sakir standa, þá vil ég ráðleggja þeim að fara fyrst til sinnar heitt elskuðu ríkisstjórnar og fá bætt úr þeim misrétti, sem hún hefur gert fiskimönnum þjóðarinnar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Í þessu frv. er lagt til, að sú breyting verði gerð á mjólkurlögunum, að verðjöfnunarsvæði verði ákveðin með l. í stað þess að sérstök n. hefur ákveðið þau undanfarið. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að nokkur héruð, sem nú eru utan verðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur, verði tekin inn á það svæði. Eitt þessara héraða er Vestur-Húnavatnssýsla. Ég vil geta þess út af þessu, að flm. þessa frv. höfðu ekki samráð við mig um flutning málsins. Með þessu er ég ekki að sakast um það á neinn hátt. Ég geri ekki ráð fyrir því, að ég hefði orðið meðflutningsmaður að frv., þó að mér hefði verið boðið það. Stafar þetta af því, að ég get ekki séð, að þetta geti, eins og nú er ástatt, orðið þeim mönnum að gagni, sem búa í þeim héruðum, sem þarna er ætlazt til, að verði tekin inn á þetta verðjöfnunarsvæði. Til þess vantar okkur enn sem komið er grundvallarskilyrði. Það er sem sé svo um þessar sýslur, sem þarna er gert ráð fyrir, að bætt verði við, Dalasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu og Strandasýslu, að í þeim héruðum eru engin mjólkurbú, en það skilst mér, að sé nauðsynlegt til þess að hægt sé að taka þau inn á svæðið.

Ég veit ekki, hvað vakir fyrir hv. flm. Ef til vill er það meining þeirra, að hægt sé að flytja mjólk beint úr fjósunum vestan úr Dalasýslu og norðan úr Húnavatnssýslu hingað til Reykjavíkur í sölubúðir hér og selja hana án þess að hún sé meðhöndluð í mjólkurbúi. En ég fyrir mitt leyti er hræddur um, að þetta geti ekki blessazt, því að það mundi ekki allt verða talin góð vara, ef þannig væri að farið. Í ræðu, sem hv. þm. Snæf. flutti hér í gær um þetta mál, en hann er annar flm. frv., sagði hann meðal annars, að það væri hægt að flytja nægilega mjólk úr öllum þessum héruðum til Reykjavíkur, og ég hygg, að fyrri flm. frv. hafi haldið þessu sama fram. Þetta tel ég hinn mesta misskilning, og hvað hv. þm. Snæf. snertir, geri ég ráð fyrir, að það sé einkum hans ókunnugleika á samgönguleiðunum að kenna, að hann heldur þessu fram. Það kann að vera, að hann hafi einhvern tíma að sumrinu farið norður í land, en sennilega aldrei að vetrinum, og sé þessu þar af leiðandi ókunnur og hafi hér fullyrt meira en kunnugur maður mundi gera. Út af þessu þykir mér ástæða til að víkja nokkuð að því, hvernig samgöngurnar eru milli þessara héraða og Reykjavíkur. Við höfum ekki, enn sem komið er, fullkomnari tæki til vöruflutninga um landið en bifreiðar. Ég skal ekkert segja um það, hvað kann að verða í framtíðinni, en þetta höfum við við að búa nú hvað samgöngutæki snertir. Á sumrin, þegar vegir eru beztir, er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að vörubifreiðar fari milli Hvammstanga og Reykjavíkur á skemmri tíma en 9—10 klukkutímum. Sé aftur farið milli Blönduóss og Reykjavíkur, bætist við þessa tímalengd 1½ klukkustund eða um það bil. Nú er það svo, að vegir á þessari leið eru yfirleitt góðir, t. d. vegurinn yfir Holtavörðuheiði mun vera einhver bezt gerði vegur á landinu. Eini kaflinn á þessari leið, sem ekki er góður enn sem komið er, er vegurinn meðfram Hvalfirði, en líklegt er, að hann megi endurbæta svo að það mætti fara þessa leið á nokkuð skemmri tíma, en tæplega getur þó unnizt þar meira en klukkutími, því að þarna er ekki um svo langan kafla að ræða. Mér sýnist því ljóst af þessu, að það mundi alltaf verða örðugt og kostnaðarsamt að flytja mjólk úr þessum fjarliggjandi héruðum hingað til Reykjavíkur, jafnvel þótt miðað væri við sumartímann, þegar bezt er að fara. Útkoman verður svo allt önnur að vetrinum, því að þá er oft vegna snjóalaga bifreiðum ófært með öllu þessa leið, t. d. Holtavörðuheiði, eða það illt yfirferðar, að telja má frágangssök að flytja vörur þar yfir á bifreiðum. Þannig hefur það verið t. d. nú mánuðum saman í vetur, að það hefur verið mjög erfitt og ég vil segja allt að því frágangssök, þó að með ærnum tilkostnaði hafi verið brotizt yfir þessa fjallvegi einu sinni eða tvisvar í viku.

Ég hef tekið eftir því, að í grg., sem fylgir frv., *hafa flm. reiknað út vegalengdina úr þessum héruðum til Borgarness og virðast miða við það í ályktunum sínum.* Ég veit ekki, hvernig á þessu stendur, því að mér er ekki kunnugt um, að það sé mikill mjólkurmarkaður í Borgarnesi, þannig að þeim, sem búa norður í Húnavatnssýslum eða vestur í Dalasýslu, sé þar opinn mikill markaður. Ef til vill stendur þetta í sambandi við það, að það er til mjólkurbú í Borgarnesi, en ég er hræddur um, að þeir, sem búa í þessum héruðum, sem ég nefndi, eigi ekki aðgang að því. Ég get a. m. k. gefið þær upplýsingar, að Vestur-Húnvetningar eiga ekkert í þessu mjólkurbúi í Borgarnesi, og ég held mér sé óhætt að fullyrða, að það sé eins bæði með Austur-Húnvetninga og Dalamenn, að þeir eigi ekkert í því búi né hafi nokkurn umráðarétt yfir því. En hafi það vakað fyrir flm., að það mundi hentugra að flytja mjólkina að norðan hingað sjóleiðina frá Borgarnesi en að flytja hana landleiðina alla leið, þá efast ég um, að það yrði hentugra. Mjólkin mundi ekki koma neitt fyrr hingað, a. m. k. ekki sem neinu næmi, og ég efast einnig um, að það yrði minni kostnaður við það að flytja hana á skip-

um þann spöl. Ég fæ því ekki séð, hvers vegna þeir miða vegalengdir við Borgarnes, því að eins og ég gat um, mun mjólkurbúið þar algerlega eign Borgfirðinga, og ég geri tæplega ráð fyrir, að t. d. Húnvetningar hugsi sér að fara að reisa mjólkurbú í Borgarnesi, og sennilega ekki Dalamenn heldur. Þegar að því kemur, að Húnvetningar byggja mjólkurbú, sem væntanlega verður áður langt líður, þá held ég, að þeir eigi að hafa það heima hjá sér, en ekki í Borgarnesi eða annars staðar á Suðurlandi. Um það, hvernig samgöngurnar eru, hefði hv. þm. A-Húnv. vitanlega átt að geta fært meðflm. sínum heim sanninn, ef hann hefði talið ástæðu til, því að hann er því auðvitað kunnugur.

Ef við Húnvetningar komum upp mjólkurbúi, eða þegar því verður komið í framkvæmd, þá horfir þetta að ýmsu leyti öðruvísi við, og ég vil benda á það, að í bréfi frá mþn. í mjólkurmálum, sem er prentað á þskj. 1085, er meðal annars að þessu vikið. Þar stendur á einum stað: „Skilyrði til stækkunar verðjöfnunarsvæðisins væru fyrir hendi, ef til væri mjólkursamlag vestur í Dölum eða í Húnavatnssýslu.“ Ég tel, þegar mjólkurbúum fjölgar til muna, þá breytist viðhorfið í þessum málum. En þegar svo er komið, þá er ég alls ekki viss um, að það sé sanngirnis- eða réttlætismál, sem hér er fram borið í þessu frv. og hv. þm. Snæf. ræddi um í gær. Ég er t. d. alls ekki viss um, að það sé réttlæti í því að hafa takmörk verðjöfnunarsvæðisins við Vatnsskarð fyrir norðan. Ég er alls ekki viss um, að það sé sanngjarnt, að Skagfirðingar séu á öðru verðjöfnunarsvæði en Húnvetningar, þegar þar væri einnig komið upp mjólkurbú. Mér þykir líklegt, að þegar mjólkurbúum fjölgar, verði þessu breytt á þann veg, að komið verði á allsherjar verðjöfnun hjá mjólkurbúum í landinu. Það get ég búizt við, að verði það heppilegasta. Mér þótti vænt um að heyra það í ræðu hv. þm. V-Sk. áðan, að hann virtist einnig vera á þeirri skoðun, að þannig mundi þetta verða í framtíðinni. Þá mundi það verða þannig, að mjólkurbú, sem næst yrðu stærstu kaupstöðunum, þar sem nýmjólkurmarkaður er mestur, mundu fullnægja nýmjólkurþörfinni eftir því sem þau gætu á hverjum tíma, en mjólkurbú, sem fjær lægju þessum aðalmarkaðsstöðum fyrir mjólk, mundu framleiða smjör og aðrar vörur úr mjólkinni að mestu leyti. Hitt, að hugsa sér það að flytja nýmjólk til sölu hér í Reykjavík vestan úr Dölum eða norðan úr Húnavatnssýslum eða jafnvel Skagafirði. held ég að aldrei geti talizt heppilegt fyrirkomulag.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að þetta frv. snertir nokkuð mitt kjördæmi, og þess vegna vildi ég láta koma fram mitt álit á því, og það er í fáum orðum sagt það, að ég get ekki séð, að þetta frv. eða ákvæði þess komi nokkrum manni að gagni, þó að samþykkt yrði, eins og nú er ástatt. Mun ég því ekki ljá því mitt atkv.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Eftir því, sem fram kemur í nál. viðvíkjandi þessu frv., var ég ekki fylgjandi þessu frv., og það er af þeim ástæðum, að ég sé ekki, að það sé hægt að leysa þetta mál, hvorki með þessu frv. né till. n. Ég hefði kannske látið þetta mál fara fram hjá mér, ef mjólkurmálin væru ekki allt annars eðlis en á undanförnum þingum. Að undanförnu hefur deilan staðið milli neytenda og mjólkurskipulagsins. Nú stendur deilan um verðjöfnunarsvæðin, þ. e. a. s. á milli bænda um það að fá hagsmuni af því að selja nýmjólk hingað til Reykjavíkur, og það hlýtur alltaf að verða deila um það, vegna þess að hún er verðmætari óunnin en unnin. Sé unnið úr mjólkinni, hver verður þá útkoman? Hún er sú, að varan fellur í verði um ⅓ og neytendur hér í Reykjavík, sem kaupa nýja mjólk, verða að borga viss prósent af smjöri, ost og skyri, sem einhverjir aðrir borða. Út af þessu er deilan nú. Hv. þm. V-Sk. hefur sagt, að það væri engin óánægja með mjólkurskipulagið frá neytendanna hálfu. Þetta getur verið rétt, en ég vil benda á það, að í mjólkursölun. hafa neytendur engan fulltrúa skipað eða kosið hin síðari ár. Af hverju? Af því að undanfarin ár var ekkert tillit tekið til tillagna þeirra þar og þeir sáu, að með því að sitja í n. báru þeir sameiginlega ábyrgð, en hins vegar var ekkert tillit tekið til þeirra. Með till. mþn. er látið undan þessum kröfum um að stækka verðjöfnunarsvæðin. Það er það sama sem verið er að fara fram á nú eins og þegar Árnesingar voru að ryðjast inn á mjólkurmarkaðinn, sem Mjólkurfélagið hafði. Þá var talið ómögulegt að flytja mjólk svona langa leið. Nú eru þeir komnir í sömu aðstöðuna sem Mjólkurfélagið var þá í, og þeir verða að skilja það, að þessir menn hafa nú sömu rökin og þeir höfðu þá. Og ég er viss um, að í framtíðinni verður sameiginlegt verðjöfnunarsvæði yfir allt landið, en þá verður það byggt á þeim forsendum að lækka nýmjólkina, því að það verður ekki hægt að láta nokkurn mann framleiða mjólkurvörur, ef mjólkin verður því verðminni sem hún er unnin meira.

Viðvíkjandi verðjöfnun á fiski vil ég segja það, að ég veit ekki betur en að fiskurinn sé keyptur fyrir sama verð á öllum höfnum á landinu. En verðlagið á íslenzku afurðunum er eingöngu bundið við það, hvað hægt er að selja þær fyrir hátt verð hér í Reykjavík, og það er ekki aðeins samið um það, heldur er það í l. Þannig er það með kjötið, það hefði þurft að kosta 18 kr. kg. í Rvík í haust, ef útflutningsuppbætur hefðu verið reiknaðar með, en það er ekki af því að kjötið sé svo verðmætt, heldur áttu Reykvíkingar að borga það verð, þó að aðrir fengju það fyrir lægra verð. Þetta sér hver maður, að getur ekki gengið. Og svo eru heimtaðar uppbætur til þeirra bænda, sem ekki komast inn á markaðinn í Reykjavík, og það er ekki eingöngu að Reykvíkingar verði að borga uppbætur á allt kjöt, sem selt er innanlands, heldur verða þeir einnig að borga ⅔ af því, sem flutt er út úr landinu. Ég mun ekki fylgja þessu frv., vegna þess að ég sé, að það er ekki sú lausn, sem þarf að verða á málinu. En ég er ekki í neinum vafa um það, að neytendur í Reykjavík þurfa ekki að rífast um þetta

mál, en það verður hins vegar hagsmunatogstreita milli bænda um það. Ég vil líka segja hv. þm. V-Sk. það, að þeir hefðu aldrei komið mjólkurl. á gagnvart Mjólkurfélagi Reykjavíkur, hefðu ekki Reykvíkingar hjálpað þeim. Hefðu mjólkurl. verið komin í framkvæmd 2—3 árum áður, þá býst ég við, að neytendur hefðu ekki fengizt til að hjálpa þeim, því að mjólkurl. hafa orðið neytendum til svo mikilla vonbrigða, að ég býst við, að þeir fáist ekki til að veita aðstoð við að framkvæma þetta, sem hér liggur fyrir.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég ræddi þetta mál ýtarlega í gær og sé ekki ástæðu til að bæta við það nema örfáum orðum út af hinni löngu ræðu form. mjólkursölun., hv. þm. V-Sk. Það eru 2—3 atriði, sem ég vildi leiðrétta. Hv. þm. varði miklu af sínum tíma í gær og einnig í dag til að reyna að sanna, hversu fjarstætt væri að lögfesta það að stækka verðjöfnunarsvæði mjólkur, þar sem núverandi ríkisstjórn hefði ákveðið að skipta verðjöfnunarsvæðum með tilliti til fisksölunnar. Í fyrsta lagi skal ég upplýsa það, að þessi fyrirmæli stj. eru gefin samkvæmt heimild í l. frá 1940, en ekki án heimildar, eins og hann gaf í skyn. En á þessu virtist hann byggja fullyrðingar sínar um það, hversu fráleitt væri að fara að lögfesta alveg sams konar atriði eins og verðjöfnunarsvæðin um mjólkina. Þetta virtist mér aðaluppistaðan í hans ræðu í dag og í gær. Nú sér hver maður í gegnum þennan vef, að hér er um gerólík atriði að ræða, verðjöfnun með tilliti til fisksölu eða verðjöfnun með tilliti til mjólkursölu. Hvaða sölubann er þarna á ferðinni, þó að ákveðin hafi verið verðjöfnunarsvæði í sambandi við fisksöluna? Verðjöfnunarsvæðið fyrir Vestfirði má selja fisk til hvers annars verðjöfnunarsvæðis sem er á landinu. Þetta er því alls ekki sambærilegt hjá hv. þm., og það sýnir skort á rökum hjá honum, að hann skuli byggja sína löngu ræðu aðallega á þessu atriði.

Annað atriði vildi ég minnast á. Hann sagði, að ég hefði borið fram um það till. í fyrra að setja alla mjólkurframleiðendur undir rannsókn sem fullkomna sakamenn. Þessi hv. þm. veit, að þetta eru blekkingar opinberar. Þessi till., sem ég flutti, var um skipun mþn. í þessu máli og veita henni heimild til að heimta skýrslur af embættismönnum og einstökum mönnum. Þetta er sama heimild og t. d. verðlagsnefnd hefur haft hér. Fjöldi nefnda hefur haft slíkt vald, heimild til þess að heimta skýrslur af mönnum. Auðvitað vita allir, að þetta á ekki skylt við sakamál. En síðan belgir þessi hv. þm. sig upp og segir, að ég vilji láta rannsaka alla bændur á landinu sem sakamenn, en ég eða minn flokkur hafi ekki viljað láta heildsalana undir sömu rannsókn og till. mín fór fram á um mjólkurstjórnina. Hér er um eintóman útúrsnúning og blekkingar að ræða. Ég get ekki verið að elta ólar við þennan hv. þm. Blekkingar hans eru svo alkunnar um land allt. Ég hef nefnt hér þessi tvö dæmi til þess að sýna þennan óvenjulega málflutning, sem ég held, að ekki þekkist hjá öðrum þm., enda er þessi hv. þm. fyrir löngu kunnur innan þings og utan að óprúttni í málflutningi.

Þá er ástæða til að minnast á fullyrðingar hv. þm. um vegalengdirnar. Hann heldur því fram, að með þessu sé verið að flytja inn staði, sem séu svo miklu fjarlægari en þeir, sem nú eru á verðjöfnunarsvæðinu. Í sambandi við þetta vil ég benda á fáeinar tölur. Frá Vík í Mýrdal til Reykjavíkur eru 204 km, Vík er nú á verðjöfnunarsvæðinu. Frá Búðardal til Reykjavíkur eru fyrir Hvalfjörð 192 km., en það er skemmst leið frá þessum stað í Dalasýslu eða Mýrasýslu, sem ekki er á verðjöfnunarsvæðinu. Frá miðju Snæfellsnesi sunnanverðu eru innan við 200 km., skemmri leið en frá Vík í Mýrdal. Frá Hvammstanga eru 237 km. fyrir Hvalfjörð til Reykjavíkur. Þar munar nokkrum km. Þegar nú þess er gætt, að mjólk úr Snæfellsnes- og Dalasýslum a. m. k. yrði send í Borgarnesbúið, sem það vel gæti tekið á móti, kemur í ljós, að það er ekki nema 80—100 km. vegalengd eða tæpur helmingur leiðarinnar frá Reykjavík til Víkur í Mýrdal. Ég tilfæri þessar tölur til þess að sýna, hve fráleit fjarstæða það er, að hér sé verið að fara fram á miklu meiri vegalengdir en nú er. Hitt er skiljanlegt, að afstaða hv. þm. V.-Sk. í mjólkurmálum hafi mótazt af því að veita sem mesta einokunaraðstöðu þeim kjósendum, sem hann í það og það skiptið var fulltrúi fyrir. Þegar hann vildi komast á þing fyrir Rangæinga, voru mjólkurlögin mjög heppilegt tæki til þess, sem líka tókst. Þegar hann vildi skipta um kjördæmi, þá var mjólkurmálið líka notað. Mýrdalurinn hafði ekki verið inni á svæðinu, en svo undarlega vildi til, að um það leyti sem þessi hv. þm. er að reyna að ná í þetta þingsæti, er Mýrdalurinn allt í einu tekinn inn á verðjöfnunarsvæðið.

Hv. þm. spurði, hvaða möguleika þessi héruð hefðu til að selja mjólk, ef engin mjólkurlög væru. Ég segi, að þau hafi sömu aðstöðu og hans kjördæmi.

Hv. þm. sagði, að það væri fráleitt að fela löggjafarvaldinu ákveðin verðjöfnunarsvæði, það væri pólitískt. Ég held, að það sé nú ekki laust við, að þessi nefnd hans hafi sýnt sig að vera ofurlítið pólitísk. A. m. k. hefur stækkun verðjöfnunarsvæðisins staðið í undarlegu sambandi við framboð þessa hv. þm. til Alþingis.

Hv. þm. sagði, að það væri mitt verk að berjast við álit mþn. í mjólkurmálum. Ég ræddi hér um þetta nál. í gær og var ekki við það að berjast, því að ég lýsti fyrir mitt leyti ánægju minni yfir því nál., því að þar er raunar viðurkennt, að sanngjarnt sé að stækka verðjöfnunarsvæðið eins og við hv. þm. A.-Húnv. leggjum nú til, því að nál. sýnir að mörgu leyti annan hug í þessu máli en áður hefur verið ríkjandi hjá forráðamönnum mjólkursamsölunnar. — Tel ég mig svo ekki þurfa að fara um þetta fleiri orðum.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég ætlaði í rauninni ekki að ræða mikið það atriði, sem hér liggur fyrir, stækkun verðjöfnunarsvæðisins. Frekar er það viðvíkjandi því áliti, sem fram hefur komið frá mþn., eða í sambandi við það.

Eins og hér hefur verið vitnað í í umr., var samþ. hér 1943 þáltill. um nefndarskipun. Mér er ekki kunnugt um, hvenær nefndin var skipuð, en hún er víst búin að starfa í eitt ár, því að það er komið nokkuð á annað ár síðan þessi till. var samþ. Þarf ekki að rifja upp efni hennar, en þess má geta út af þeirri ásökun, sem hér hefur komið fram á hendur hv. þm. Snæf. um það, að hann ætli með till. að setja alla bændur á mjólkursölusvæðinu undir sakamálarannsókn, að till. hans, eins og hún var samþ., var að efni til mjög lík því, sem upphaflega till. var. Það var aðeins formsbreyt., þannig að í staðinn fyrir rannsóknarnefnd, sem ætlazt var til að starfaði samkvæmt upphaflegu till., þá var þál. aðeins um nefndarskipun og tilgreint, hvaða stofnanir skyldu nefna menn í n. Þessi sex manna nefnd hefur sem sagt starfað nú í a. m. k. eitt ár, en ég minnist þess ekki að hafa heyrt neitt frá henni annað en þetta nál., sem hún hefur gefið út í tilefni af þessari till. um stækkun mjólkurverðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur. En verkefni n. voru mörg og ákaflega þýðingarmikil. Ég hef ekki þessa ályktun hér við höndina, en ég held, að ég muni rétt, að það eru ein sex eða sjö atriði, sem n. átti að rannsaka og gefa bendingar um, hvort hægt sé að bæta úr, um þrifnað mjólkurinnar, hvernig varan er hirt, hvernig henni er komið til neytenda, hvernig eigi að sjá neytendum fyrir nægri mjólk og mjólkurafurðum, svo sem skyri, smjöri o. s. frv.

Mér hefur heyrzt á umr. þeim, sem hér hafa farið fram, að litið sé svo á, sem nefndarskipunin hafi verið alveg óþörf, og af verkum n. er ekki hægt að sjá, hvort hún er þessu sammála eða ekki. En ef menn halda, að þetta sé hégómamál, vil ég taka fram, að ég hef ekki orðið var við neinar breyt. til batnaðar í mjólkurmálum. Þegar þetta mál var hér til umr. seint á árinu 1943, skýrði ég frá nokkrum atriðum, sem snúa að neytendum og mér fannst alveg óviðunandi, en ég hef ekki orðið var við, að úr þessu hafi verið bætt. Ég tók þá fram, að mér væri kunnugt um margs konar örðugleika á því að geta farið svo með mjólkina, að viðunandi væri fyrir neytendur. Ég geri ráð fyrir, að ýmsir af þessum örðugleikum séu þess eðlis, að mjög erfitt sé að bæta úr þeim meðan ófriðurinn stendur yfir, því að það mun að nokkru leyti standa á innflutningi á nauðsynlegum tækjum til þess að hægt sé að fullnægja að öllu leyti meðferð mjólkurinnar, svo að viðunandi sé. En mjög mörg atriði eru það áreiðanlega, sem bæta má úr, þau, er þessi mþn. hafði átt að rannsaka og gera till. um, þó að maður hafi ekki orðið var við neitt frá henni nema þetta nál. enn sem komið er. Ástandið er þó þannig, að mjólkin kemur alltaf skemmd til neytenda. Sömuleiðis er mjög sjaldgæft, að maður fái óskemmt skyr. Það er ævinlega súrt og auk þess oft mjög gallaður tilbúningur þess, en maður þarf ekki að fara nema nokkra km til að fá mjög gott skyr. Það er ekki lengra en ein vika síðan ég fór upp í Mosfellssveit og borðaði þar skyr, fyrirtaks skyr. En þegar ég kem heim, fæ ég gallsúrt graðhestaskyr frá mjólkurbúðunum. Það er eitthvað bogið við þetta. Um mjólkurskortinn þarf ekki mikið að ræða. Þó að hann sé bagalegur, er hann ekki nema vissan tíma árs og mjög miklar líkur til, að úr þessu mætti bæta með samstarfi við bændur, þannig að burður kúnna væri ekki svona bundinn við vissa tíma eins og nú virðist vera, því að stundum er mjólkin nóg, en stundum er skortur á henni. Þetta er engan veginn aðalgallinn í sambandi við mjólkurmálin. Hann er sá, hvað mjólkin er vond. Einu sinni var tekin upp sú regla hér að hafa skráð á flöskurnar, hvað mjólkin væri gömul. Má vitanlega villa í slíkum sökum, en þessu var nú hætt og síðan hafa flöskur ekki verið notaðar. Mér er sagt, að á mjólkurstöðvum úti um land sé slíkur útbúnaður, að aldrei sé máli dýft í mjólkina, heldur gangi þetta fyrir sig á þann hátt, að mjólkin renni í gegnum pípu og þurfi ekkert á henni að snerta. En hér standa menn með ausur og ausa rétt eins og þeir væru að ausa úr forinni hjá sér, og það er ekkert skemmtilegt. Hvað mjólkin er gömul, veit enginn nema af því, hvað hún er súr.

Ég veit ekkert um það, hvernig mjólkurflutningi er hagað til mjólkurbúanna. Ég sé, þegar ég fer um Suðurlandsundirlendið, hrúgur af mjólkurbrúsum í holtum, og held ég, að það sé mjög svipað enn í dag. Ég veit ekki, hvort þessi mþn. hefur nokkuð athugað, hvort gerlegt muni að haga þessum brúsaflutningi þannig, að ekki þurfi að flytja brúsana og láta þá standa úti í sól og regni. Þetta er fráleitt fyrirkomulag.

Ég veit, eins og ég tók fram í upphafi, að það er ekki auðvelt að haga þessum flutningum svo, að í bezta lagi sé. Með þessa vöru er mjög vandfarið og að sjálfsögðu mikil vanefni í byrjun á tækjum og ýmsri aðstöðu, og það er ekki rétt að standa og stappa niður fótunum og skamma skipulagið alveg einhliða. En það er líka mjög óviðeigandi það mikla ofstæki, sem maður mætir alltaf, er fundið er að og óskað leiðréttingar á hlutum, sem er auðvelt að leiðrétta.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. — Þegar um þetta frv. er rætt, þá verður nú sumum hætt við að blanda þar inn í ýmsu. Koma þá til sögunnar gamlar deilur um mjólkina hér í höfuðstaðnum og verða oft allheitar og viðkvæmar umr. um þessi mál. Það er ekki mín ætlun að fara að koma sérstaklega inn á þessar gömlu deilur, því að mér finnst þær ekki liggja hér fyrir. Það, sem um er að ræða, er að fá stækkað verðjöfnunarsvæðið, frá því sem nú er. En ég verð að segja, að það er farið með þeim ósköpum, að ég get ekki gengið svo langt. Mér finnst ástæðulaust að fara að þenja sig út yfir allt landið fyrir þennan eina sölustað. Það er mjög eðlilegt, að bóndi norður í landi vilji komast inn á þetta svæði, en hann verður að uppfylla sömu skilyrði og framleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu. Það er ekki nóg að benda á, að þeir austur í Flóa geti þetta, því að þeir hafa mjólkurstöð. Dalamenn hafa enga mjólkurstöð, Snæfellingar hafa heldur enga mjólkurstöð. Þess utan er mjólkurstöðin hér svo lítil, að hún getur ekki nákvæmlega rannsakað og tekið á móti nema litlu af mjólk í viðbót.

Á þessu er það byggt, að við höfum gengið að *nokkru leyti inn á kröfur hv. þm. Snæf. og tekið* part af Snæfellsnessýslu inn í þetta svæði, með það fyrir augum, að mjólkurstöð Borgfirðinga mundi með samningum geta tekið að sér það mjólkurmagn. Við bendum á, að þegar búið er að koma upp mjólkurstöðvum í Húnavatnssýslum og Snæfellsnessýslu, þá sé ekki hægt að komast inn á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur. Við verðum að hafa í huga gæði mjólkurinnar, jafnframt því að hafa nóga mjólk. Það má nú vera, að Húnvetningar komi sér saman um að setja upp aflstöð. Þá hafa þeir vöru á boðstólum, sem þeir geta boðið fullum fetum, því að það þýðir ekki að flytja nýmjólkina sama dag. Það væri barnaskapur einn að ætlast til slíks. Við getum sagt, að þeir gætu komið mjólkinni til Borgarness, en sú stöð er lítil.

Í þáltill. hv. þm. Snæf., sem áður hefur verið minnzt á, er farið fram á, að rannsakað verði t. d., hvernig eigi að tryggja Reykjavík næga mjólk og góða, og margt annað. Er þessi rannsókn komin það langt, að fært hefur þótt að semja nál. En þetta kemur ekki málinu við. Hér er spurt, hvort við getum fallizt á, að þetta frv. yrði samþ. og verðjöfnunarsvæðið væri látið ná yfir þau héruð, sem þar eru talin upp. Þetta mjólkurskipulag er byggt á því, að þeir framleiðendur komist undir það, sem geta framleitt þessa vöru og uppfyllt þær kröfur, sem neytendurnir óska eftir. En svo kemur sú tortryggni, sem alltaf gerir vart við sig milli framleiðenda og neytenda og er að nokkru leyti byggð á misskilningi. Á það má benda, að mjólkurstöðin hér er gömul og engan veginn samboðin kröfum tímans, en *þó er ennþá verið að basla við hana. En þó að hún* geti ekki staðið til lengdar, verðum við að nota hana, meðan ekki er hægt að fullgera hina nýju mjólkurstöð. Nú er stöðvarhúsið sjálft nærri því fullgert, og er aðeins tímaspursmál, hvenær þessi stöð verður tekin til notkunar, sem er alveg fullkomin, og þá er þeim lið fullnægt. Svo eru það útsölustaðirnir, sem ýmsir telja ekki svo góða sem skyldi, stúlkurnar ekki nógu hreinlátar o. s. frv. Enn fremur er eitt, sem ég vil benda á. Til þess að slá niður þessa tortryggni um vöruvöndun þá er sjálfsagður hlutur fyrir Reykjavík að setja upp rannsóknarstöð. Nú er mjólkurfræðingur, sem rannsakar mjólkina til tryggingar því, að hún sé heilnæm, en hann er ráðinn af samsölunni sjálfri. Ég tel því sem neytandi, að það sé ekki næg trygging, þó að maðurinn sé góður, en ef neytendur fá sjálfir að hafa hlutlausan rannsóknarmann, þá eru þeir búnir að fá það, sem þeir óska eftir. Þessi maður þyrfti að vera frá Reykjavíkurbæ og launaður af honum. Þannig er það með margt, t. d. flutninginn. Mjólk er einhver hin allra viðkvæmasta vara, og því lengra sem mjólkin er flutt, því verri er hún. Í flestum löndum öðrum, þar sem mjólkurskipulagið var fullkomnast, t. d. í Þýzkalandi, þar var landinu skipt niður í verðlagsbelti, og því lengra sem hún var flutt, því minna var gefið fyrir hana. Fyrsta beltið var 5—10 km út frá sölustað, og þegar kom út fyrir það, var strax gefið minna fyrir hana. Hér er mikið af mjólkinni flutt alllanga leið, t. d. eru 60 km austur í mjólkurbú Flóamanna. Þá er spurningin, hvort ekki er hægt að hafa flutningatækin fullkomnari. Við höfum ekki flugvélar til flutninga og munum vafalaust ekki hafa í náinni framtíð, við höfum bara bíla og flytjum mjólkina í brúsum. Við rannsókn, sem fram hefur farið á aðferðum á flutningi á mjólk, hefur komið í ljós, að í mjólk, sem hafði verið kæld og var flutt í brúsum, voru 2 millj. bakteríur í sama magni og 400 þús., þegar mjólkin var flutt í tönkum. Það er enginn vafi, að ef mjólkin væri flutt í tönkum, gæti hún orðið miklu betri. Það er ekki mikill kostnaðarauki að því, en mikill hreinlætisauki. Mun samsalan nú hafa þetta til athugunar. Svona mætti á einfaldan hátt bæta þetta og laga, en það verður að hætta að gleypa við öllum kröfum í einu.

Ég vil f. h. n. vísa frá þeirri aðdróttun, að við höfum verið að hlaupa frá þessu máli og ekki sinnt því eins og vera skyldi. Við höfum farið eins langt og við höfum treyst okkur til, þegar allar aðstæður eru skoðaðar.

Sveinbjörn Högnason: Er ekki hv. þm. Snæf. viðstaddur? Ég þurfti að svara honum nokkrum orðum, eða kannske hann kæri sig ekki um að hlusta á svör við þeim fullyrðingum, sem hann hefur flutt hér fram, — mér þykir það ekki ósennilegt. Sömuleiðis þurfti ég að svara hv. l. landsk., en ég sé hann ekki heldur, svo að hann virðist einnig vera flúinn frá þeim andsvörum, sem hann hefur búizt við, að hann mundi fá. Ég sé mér þó ekki annað fært en að drepa á nokkur atriði, sem þessir hv. þm. hafa flutt í þessu sambandi, þó að þeir vilji ekki á það hlýða og skipi sér þannig í flokk með þeim mönnum, sem segja, að þeir séu ekki komnir til að láta sannfærast, sem ég hafði ekki heldur búizt við.

Hv. l. landsk. segir, að þeir menn, sem eiga að komast inn á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur samkvæmt þessu frv., séu eins settir og Árnesingar, þegar þetta skipulag var sett, og sömu rök mæli nú og þá með því að stækka verðjöfnunarsvæðið. Mér þykir leitt, að hv. þm. skuli ekki vera málinu kunnugri en þetta. Ég veit, að þetta er aðeins ókunnugleiki hans, en ekki það, að hann vilji fara með ósatt mál, en eins og kunnugt er, þá var búið að reisa mjólkurbú í Hveragerði, við Ölfusá, í Borgarnesi og Reykjavík, þegar mjólkurlögin voru sett. Skipulagið var þá sett einmitt með samkomulagi milli þessara aðila. Það er alls ekki rétt hjá hv. l. landsk., að skipulagið hafi verið sett með aðstoð verkamanna gegn Mjólkurfélagi Reykjavíkur. Það er fullkominn misskilningur. Stjórn mjólkurfélagsins starfaði alveg með öðrum mjólkurbúum á verðjöfnunarsvæðinu að því að koma á þessu skipulagi. *Hitt er annað mál, að þeir þóttust ekki hafa nóg* áhrif á framkvæmdina, þegar til kom, en þeir studdu skipulagið með fulltrúum frá öðrum mjólkurbúum.

Það er vitað, að þeir, sem stóðu að skipun þessa máls, höfðu stigið frumsporið til þess, að hægt sé að setja slíkt skipulag, sem þá var gert, en það

var að koma upp hjá sér fullkomnum mjólkurbúum. En þeir, sem nú sækja um að komast inn á þetta verðjöfnunarsvæði, hv. þm. Snæf. og hv. þm. A.-Húnv., hafa gert það án þess að búið sé að reisa heima í héraði nokkurt mjólkurbú, og ekki er vitað, að nokkur samtök heima í héraði hafi óskað eftir að vera tekin upp á verðjöfnunarsvæðið. Þessir framleiðendur sjá, að þeir geta ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem þarf til að geta annazt slíka sölu. Það er því mikill misskilningur hjá hv. l. landsk., að aðstaða þessara manna sé sú sama og var hjá þeim, sem komu á mjólkurskipulaginu á sínum tíma, en ég þykist vita, að það stafi eingöngu af vanþekkingu, en ekki öðru, sem lakara væri.

Hv. l. landsk. segir enn fremur, að ef ætti að koma á verðjöfnun á mjólk um allt land, þá yrði nýmjólkin hækkuð í verði hér í Reykjavík, því að slík verðjöfnun hlyti að byggjast á því, að reykvískir neytendur yrðu að greiða vissar prósentur af sinni neyzlumjólk til vinnslumjólkur, sem aðrir neyttu, því að þeir neyttu sjálfir ekki vinnslumjólkur sem svaraði neyzlumjólk þeirra. Ég hygg, að meginþorri neytenda hér á landi sé í Reykjavík og að þeir muni alveg eins neyta vinnslumjólkur eins og mjólkurinnar sjálfrar, en það séu ekki aðrir, sem nota sérstaklega smjör, skyr og rjóma, en Reykvíkingar einkum neyzlumjólkina. Ég hygg, að hlutfallið sé svipað hjá neytendum hvar sem er, þó að ég fullyrði það ekki. En það er a. m. k. alveg rangt að tala um, að ef neyzlumjólkin er seld hærra verði en vinnslumjólkin, þá séu það reykvískir neytendur, sem borgi á vinnsluvörurnar, heldur eru það neytendur yfirleitt. Ég hygg, að það sé svipað hlutfall á neyzlu á þessum vörum um land allt, og ef nokkru skyldi muna, þá geri ég ráð fyrir, að Reykvíkingar noti meira en aðrir af t. d. ostum og smjöri.

Þá sagði hv. þm. annað, sem var mjög athugunarvert og sýnir, að hann er ekki vel inni í mjólkursölumálunum, en það var þegar hann fór að bera saman verð á fiski og mjólk. Hann segist ekki vita betur en að lofað sé sama verði fyrir fiskinn alls staðar á landinu, en ef þetta væri þannig með mjólkina, þá væri öðru máli að gegna. En þessu er einnig þannig varið með mjólkina, því að stj. er bundin með l. að greiða sama verð fyrir mjólkina hvar sem er á landinu, kr. 1,23 fyrir lítrann, en ég held, að stj. sé ekki bundin með l. að greiða fiskinn sama verði. Hér er því um vanþekkingu að ræða hjá honum, þegar hann slær þessu fram. Honum virðist ekki vera kunnugt um, að bændur eiga heimtingu á að fá þetta verð eftir l., sem gilda eftir sexmannasáttmálanum. *(Samgmrh. EmJ:* Þessi l. gilda vonandi ekki nema skamman tíma). Þau gilda þó lengur en þau l., sem eru ekki til. Hv. l. landsk. hefur bersýnilega sézt yfir, hvað eru l. og hvað ekki.

Þá segir hann, að hann viti ekki betur en að bannað sé að kaupa þessar vörur utan verðjöfnunarsvæðisins. Hann spurði, hvort væri leyfilegt að fá rjóma utan verðjöfnunarsvæðisins. Ég get upplýst hann um, að nýverið hefur manni verið gefið leyfi til að flytja hingað 600 lítra, ef hann gæti fengið þá utan verðjöfnunarsvæðisins, að því tilskildu, að hann fengi vöruna gerilsneydda og uppfyllti að öðru leyti þau skilyrði, sem sett eru um meðferð og sölu á þessum vörum. Aðrar umsóknir höfum við ekki fengið, en þegar skortur er á mjólk, mundu slíkar beiðnir teknar til greina, ef skilyrðum l. um gerilsneiðingu og annað slíkt væri fullnægt, og ef hv. l. landsk. hefur í hyggju að senda slíka umsókn, er honum það áreiðanlega óhætt, hún mundi áreiðanlega verða tekin til greina eins og sakir standa.

Svipað kom fram hjá hv. l. landsk. hvað kjötið áhrærir, sem er þó ekki verið að tala um hér. Hann segir, að talað hafi verið um að setja kjötverðið það hátt, að hægt væri að greiða sexmannanefndarverðið til allra framleiðenda í landinu, og þannig hefðu Reykvíkingar átt að borga það, sem þurft hefði, til að full verðjöfnun næðist um allt land. Það er eins og enginn á öllu landinu hafi rétt til að drekka mjólk eða borða kjöt nema Reykvíkingar, en það er alveg rétt, að þessi skoðun kemur oft fram hjá Reykvíkingum, og ef einhvern tíma er skortur á þessum vörum, þó að ekki sé nema lítinn tíma, þá ætlar allt af göflunum að ganga og allir eru skyldir til að fullnægja þeirra þörfum, þó að þessar vörur vanti tímunum saman í þorpum úti um land. Það er algeng skoðun hjá Reykvíkingum, að ef ákveðið er eitthvað hærra verð á mjólk eða kjöti, þá séu það Reykvíkingar einir, sem borgi það, eins og það séu þeir einir, sem hafi rétt til að neyta þessarar vöru. En vitanlega gildir það sama um alla neytendur, hvar sem er á landinu, þeir búa við sama verðlag og alveg eins framleiðendurnir sjálfir, þeir verða að borga það sama fyrir þessar vörur, ef þeir neyta þeirra. En það er kominn inn hjá fulltrúum Reykvíkinga þessi hugsunarháttur, að þarfir þeirra eigi að ganga fyrir þörfum allra annarra landsmanna og þeir séu einu mennirnir og einu neytendurnir, sem til séu í landinu. Ég leyfi mér að mótmæla algerlega þessari skoðun þrátt fyrir alla virðingu og kærleika frá minni hendi til Reykvíkinga.

Þá sagði hv. l. landsk. orð, sem ég náttúrlega heldur veigra mér við að fara inn á, en verður þó varla komizt hjá. Hann sagði, að uppbæturnar til bænda væru ekkert annað en mútur. Það er þá auðheyrt, hvað fulltrúi hans flokks í sexmannanefndinni hefur hugsað, þegar hann gekk inn á þetta. Ég held, að það sé rétt að koma þeim skilaboðum til bænda, hvað fulltrúar kommúnista í sexmannanefndinni hafa hugsað sér með því að fylgja því að greiða uppbætur á framleiðsluvörur bænda, svo að þeir gætu fengið svipaða lífsafkomu og aðrar stéttir í landinu. Það er óneitanlega hart, að þetta skuli vera kallað mútur, þegar það er vitað, að mikill meiri hluti þeirra er greiddur í óþökk bænda eins og niðurgreiðslurnar á innlendum markaði, sem eru greiddar fyrir þá, sem flytja út úr landinu, svo að tilkostnaður þeirra verði ekki eins mikill. Bændur hafa aldrei óskað eftir niðurgreiðslum á innlendum markaði og óska hvenær sem er eftir, að þeim verði hætt. Ég bið því hv. l. landsk. að skila því til sinna flokksbræðra, að bændur afbiðji sér þessar mútur, sem hann segir, að séu nú borg-

aðar til bænda, og að þeir væru þakklátir, að þær væru afnumdar sem fyrst.

En ef á að tala þannig um bændastéttina, hvað á þá að segja um það, þegar lagðar eru til alþýðutryggingganna tugir milljóna árlega? Er það ekki líka gert til að tryggja lífsviðurværi vissra stétta? Eigum við að kalla það mútur? Hafa kommúnistar unnið að því að koma þessari löggjöf á til að geta mútað þeim stéttum, sem þarna eiga að njóta góðs af? Það má vel vera. Það væri hægt að telja upp miklu fleira í félagsmálalöggjöf okkar, þar sem lagðir eru fram tugir milljóna til að tryggja afkomu ýmissa stétta, og vitanlega ætti þá að nefna allt slíkt þessu nafni og yfirleitt alla viðleitni á félagsmálasviðinu að dómi hv. l. landsk. og hans flokksbræðra. Ég held, að ekki sé frekar ástæða fyrir hv. þm. að nota þetta orð um bændur en aðra í þjóðfélaginu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að víkja frekar að ræðu hans að sinni. — Nú, þarna þemur hann þá í d., þegar hann er viss um, að ég muni ekki segja meira við hann.

Ég ætla þá að snúa orðum mínum ofurlítið að hv. þm. Snæf. Ég kemst ekki hjá að minnast á nokkur atriði, sem komu fram í ræðu hans. Hann segir, að það sé gerólíku saman að jafna, þegar borin séu saman verðjöfnunarsvæði fyrir fisk og mjólk, því að þeir, sem séu fyrir utan verðjöfnunarsvæði fyrir fisk, megi selja á öðrum svæðum og enginn sé útilokaður. Mér er spurn: Á hverju byggist fiskverðið nú? Ég veit ekki betur en það byggist á því, hvað gefur mestan arð, hvort þau skip, sem fiskimenn hafa fengið til flutninganna, eru stór eða lítil og hvort flutningar með þeim gefa mikinn eða lítinn arð. Ég hugsa, að fiskimenn hér við Faxaflóa, sem hafa fengið stærstu skipin, þökkuðu fyrir það, ef sjómenn norðan af Húnaflóa kæmu og vildu láta sinn fisk í fisktökuskip þeirra. Ég hygg, að það eigi að tryggja vissum mönnum viss skip til útflutnings. Munurinn er aðeins sá, að nú er lagt til, að þeir bændur, sem nú er lagt til, að komist inn á verðjöfnunarsvæðið hér, eiga ekki að þurfa að uppfylla nauðsynleg skilyrði til að geta keppt um sölu hér, en sjómenn, sem hafa öll sömu skilyrði og eiga því fullan rétt á sömu kjörum og aðrir, þeir eiga samkvæmt ákvörðun stj. að búa við mismunandi kjör, eftir því, í hvaða verstöð þeir róa.

Ég kem þá að því atriði, þegar hv. þm. Snæf. talaði hér um, að ég notaði sterk orð. Hann sagði, að annars væri málflutningur minn kunnur fyrir óráðvendni um allt land. Ég skal ekkert um það metast við hann, hvor okkar hafi betri málflutning. En það ætla ég að segja, að ég hef ekki ferðazt út um allt land með margs konar rógburð og sögur eins og hann hefur gert að atvinnu sinni um nokkurt skeið, og sá málflutningur hefur verið þannig, að jafnvel flokksbræður hans hafa talið réttast að láta ekki fara hátt, hvað hann hefur borið þeim af fregnum, og gæti ég nefnt um það nokkur dæmi, ef hann óskar að ræða frekar um það og telur sig sem heilagan mann í þessu. Ræða hans sýnir vel, hvernig málflutningur hans er, því að hún var með þeim eindæmum, að ég get sýnt og sannað, ekki aðeins með rökum, heldur með prentuðum gögnum, að hann fór þar með ósatt mál. Ég leyfi mér að hafa þau orð um það, og ég vona, að hæstv. forseti víti mig fyrir að hafa borið á þennan hv. þm. að hafa farið með ósatt mál, ef það er ekki rétt. Hann sagði, að í þeirri till., sem hann bar fram um rannsóknarn. á hendur bændum, væru nákvæmlega sömu ákvæði og í l. um viðskiptaráð um rannsókn á heildsala og þeir væru því undir sömu ákvæðum og hann hefði ætlazt til, að væru sett um bændur og þá, sem að þeirri framleiðslu standa. Þetta segi ég, að sé ósatt. Í niðurlagi till. hans stendur, með leyfi hæstv. forseta: Nefndin skal hefja störf sín og ljúka þeim svo fljótt sem verða má. Er henni samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar veittur réttur til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Ég skora á hv. þm. Snæf. að sýna mér, hvar í löggjöfinni um viðskiptaráð séu sams konar ákvæði og þetta. Og ef hann vill afsaka sig með því, að hann geti ekki fundið það í l., það muni vera í reglugerðinni, þá er hún fyrir hendi, og ég skora á hann að finna þau þar. Ég vil segja: Hvað á svona málflutningur að þýða? Vitanlega eru þessi ákvæði, sem hv. þm. ætlast til, að sett verði gagnvart bændum og framleiðendum, hvorki til í l. um viðskiptaráð né í reglugerð, og það eru því fullkomin ósannindi, sem hann fer með, og gögn liggja fyrir um það hér á hæstv. Alþ., svo að allir geta gengið úr skugga um það, hver fer með satt mál í því efni.

Þá sagði hv. þm. Snæf., að mín afstaða gagnvart stækkun verðjöfnunarsvæðisins hér hefði í raun og veru alltaf mótazt af hag þeirra kjósenda, sem ég hefði verið að vinna fyrir, og að stækkanir á verðjöfnunarsvæðinu hefðu staðið í sambandi við framboð mín, þar sem þau hafa verið *(JPálm:* Er það ekki rétt?). Það er ekki óeðlilegt, þó að hv. þm. A.-Húnv. segi það, því að hann velur sér mjög oft þann kostinn, sem ósannari reynist. — Ég veit ekki betur en að ég hafi verið í framboði í Rangárvallasýslu frá 1931 til 1937. Og ekki voru mjólkurl. sett fyrr en 1934 og komu þau til framkvæmda fyrst 1935, svo að ekki standa þau í sambandi við mitt framboð. Og ég held, að ég hafi ekki haft úrslitaáhrif um það sem einn maður af sjö í þeirri n., sem hefur ákveðið verðjöfnunarsvæðin, hvernig þeim hafi verið breytt. Árið 1942 var ég svo í framboði í Vestur-Skaftafellssýslu. Og þó að kjósendur þar hafi borið mér margt á brýn á framboðsfundunum þar, bæði um vorið fyrir kosningarnar og einnig fyrir haustkosningarnar, og sömuleiðis þeir, sem buðu sig fram á móti mér, þá veit ég ekki til, að þeir, sem keppt hafa á móti mér við kosningar, hafi nokkurn tíma haldið fram, að ég hafi notað þetta mál, stækkun verðjöfnunarsvæðisins, í þeim tilgangi að vinna á við kosningar. En ég veit, að af því, sem borið er fram, trúir hv. þm. A.-Húnv. betur því, sem ósatt er, og tel ég það ekki vera annað en eftir eðli þess hv. þm. í þessum efnum.

En ég vil segja að því er snertir þann ósanna málflutning, sem hv. þm. Snæf. hefur borið fram hér í þessu efni, að það liggur fyrir skjallega stað-

fest hér, að það hefur ekki verið neinn ágreiningur meðal þessara 7 manna í mjólkursölun. út af stækkun verðjöfnunarsvæðanna. Og þegar hægt er að færa fram prentuð gögn um það, að hv. þm. í stórvægilegu máli hefur farið með ósatt mál, og ef sá sami hv. þm. heldur því ósanna máli fram áfram, þá er það málflutningur, sem hæfir lögfræðingum einum — og kannske þeim mönnum, sem hirða lítt um, hvað satt er, heldur hitt, hvað þeir halda, að sé stundarhagur. En ég hef alltaf álitið, að þeir, sem nota slíkan málflutning, hljóti að tapa á honum, og það fyrr en þá nokkurn tíma grunar.

Ég get ekki látið hjá líða að ræða nokkuð meira um það, sem fram hefur komið í þessum umr., en læt það bíða næsta fundar.

Umr. frestað.

Á 129. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 130. fundi í Nd., 15. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er þegar búið að ræða svo mikið á mörgum fundum, að það fer að verða óþarfi að halda umr. lengi áfram um það, enda hygg ég, að ég hafi verið búinn að svara flestu af því, sem fram kom á síðasta fundi, og er þegar farið að fyrnast yfir mest af því, sem brýn þörf hefði verið að minnast á, þegar þannig líður á milli, að mál eru tekin til umræðu. — Það voru þó nokkur atriði, sem ég átti eftir að minnast á, sérstaklega í sambandi við ræðu hv. 7. þm. Reykv., sem ekki er hér viðstaddur nú frekar en þá, eftir að hann hafði losað sig við það, sem hann taldi sig þurfa að hella út af þeim góða vökva, sem inni fyrir bjó í þessum efnum, og verður ekki hjá því komizt að minnast ofurlítið á það, sem hann sagði í því sambandi. Hann sagði t. d., að það væri ýmislegt, sem væri ábótavant um vörugæði við sölu mjólkurafurða, en mér skildist, að hann viðurkenndi, að það væri tölurvert að kenna því ástandi, sem skapazt hefði vegna styrjaldarinnar og ekki væri á okkar valdi að bæta úr. — Ég verð að segja það, að þetta er lengra gengið en margir hafa viljað gera í þessum efnum í því að viðurkenna það, sem rétt er, því að það virðist hafa ríkt ótrúlega lítill skilningur á því hjá fjölda manna, hvílíkum erfiðleikum það hefur verið bundið í því styrjaldarástandi, sem nú er, að dreifa mjólkurvörunum út um bæinn. Hv. þm. vildi þó draga nokkuð úr þessari viðurkenningu sinni síðar meir, sem ég skal minnast ofurlítið á. Hann sagði t. d., að áður fyrr hefði mjólkin verið seld í flöskum, en nú hefði verið fellt niður að láta hana í flöskur, en hins vegar á smástöðum úti um land væri það fyrirkomulag enn þá haft. Þetta atriði, sem einmitt er sprottið af styrjaldarástæðum, hefur ekki náð til skilnings hv. 7. þm. Reykv. og þess vegna skilur hann ekki þann mismun, sem er á því að fella mjólk á flöskur á smástöðunum úti um land og að framkvæma slíkt hér í Reykjavík, þar sem dreifingin er jafngífurleg sem raun ber vitni. Það er hins vegar vitanlegt, að það hefur alltaf verið gert nokkuð af því í mjólkursamsölunni að fella mjólk á flöskur, þrátt fyrir þá erfiðleika, sem á því eru. En þar sem ekki er hægt að fá aluminium og vélar til þess að loka flöskunum í jafnstórum stíl og hér þarf, þá verður að gera þetta allt með lítilli handvél, sem vitanlega er hægt að nota á nokkur hundruð flöskur, en ógerningur, þar sem þarf að afgreiða um 30 þús. flöskur á dag. Þetta er það, sem veldur því, að ekki er hægt að koma í framkvæmd að láta mjólk á flöskur í svo stórum stíl eins og þarf hér í Reykjavík, þótt það sé hins vegar ákaflega auðvelt þar, sem ekki þarf að afgreiða nema 1—2 þús. lítra á dag. Þetta er það, sem gerir mismuninn úti um land, þar sem dagleg sala er lítil, að þar er auðvelt að fella mjólk á flöskur og loka þeim, en hins vegar ómögulegt að koma slíku við þar, sem hin daglega sala er milli 30—40 þús. lítrar, nema með sérstökum og fullkomnum vélum.

Þá var hv. 7. þm. Reykv. að tala um það, hversu vörurnar væru oft vondar og minntist í því sambandi á skyrið frá mjólkurbúunum. Er þetta í rauninni tiltölulega gömul kvörtun, sem hefur legið niðri um margra ára skeið, þannig að ég hef ekki heyrt kvartað yfir skyri frá mjólkurbúunum í mörg ár svo að neinu nemi. Ef hv. 7. þm. Reykv. hefur komið á bóndabæ uppi í Mosfellssveit og fengið þar skyr, sem honum þótti hið bezta skyr, þá skal ég segja hv. þm. það, að ég gæti svo sem vel trúað því, að þetta skyr hefði verið frá mjólkursamsölunni eða úr mjólkurbúi, því að mér er ekki kunnugt um, að mikið sé um, að bændur búi skyrið til sjálfir, því að mér er ekki kunnugt um, að bændur framleiði skyr heima, síðan mjólkurbúin tóku til starfa. En það bar til, að maður var á ferð í Rangárþingi, og kom hann þar á bæ og var borið skyr að borða. Það var vitað, að hann var ekki hrifinn af mjólkursamsölunni. Hann talaði um, hve dásamlegur matur væri á borðið borinn, þar sem skyr þetta væri; það væri eitthvað annað, sem hann til tók, varan, sem fengist hjá mjólkursamsölunni. En húsfreyjan var svo hreinskilin að segja, að því miður hefði hún ekki búið þetta skyr til, heldur væri það komið til sín frá mjólkurbúi Flóamanna. — Og ég hygg, að svo sé í flestum tilfellum, að þegar sumir menn fá skyr frá sveðinu rétt í kringum Reykjavík, þá sé smekkurinn orðinn einhver annar fyrir það en þegar þeir koma lengra út í sveitir og þiggja góðgerðir á bæjum, sem þeir þiggja af húsfreyjunni sjálfri, sem þeir vilja þá koma sér vel við hverju sinni. Og mér þætti ekki ósennilegt, að hv. 7. þm. Reykv. hefði lent í nákvæmlega því sama og bæjarfélagi hans lenti í austur í Rangárvallasýslu, að hafa óafvitandi dáðst að því skyri, sem frá mjólkursamsölunni hefði komið.

Þá talaði hv. 7. þm. Reykv. um það, að ef fundið væri að einhverju, væri því jafnan svarað með ofsa og lítið hirt um að bæta úr því, sem aflaga færi hjá mjólkursamsölunni. Ég vil segja þessum hv. þm. það, að allar þær aðfinnslur, sem fram hafa

komið gagnvart mjólkursamsölunni og á rökum hafa verið reistar, hafa verið teknar til greina og leitazt við að bæta úr því, sem þurft hefur, eftir föngum, þó að enn séu margir erfiðleikar á því að fullnægja þeim kröfum, sem réttmætar væru, ef eðlilegir tímar væru nú. En þeir menn, sem af fullkominni illgirni og ofstæki bera fram ásakanir um hluti, sem þeir hafa tiltölulega lítið vit á, geta ekki vænzt þess, að það sé alltaf fyrir hendi sú þolinmæði og umburðarlyndi hjá þeim, sem á er deilt, að það geti ekki einhvern tíma líka hrokkið orð á móti, sem sé ekki fullkomlega vegið, en raunverulega er fullkomlega verðskuldað, þegar árásirnar eru miðaðar við það að ná sér persónulega niðri á manni. Ég verð að segja, að það mætti vera meiri geðprýðismaðurinn, sem ætti að standa í þessu, ef hann hefði fengið yfir sig allt, sem komið hefur t. d. frá hv. 7. þm. Reykv., og hefur hann þó sannarlega ekki verið skilningssljórri en aðrir í þessum efnum, ef sá maður, sem fyrir slíku hefði orðið, hefði aldrei látið frá sér fara neitt styggðaryrði til neinna þeirra, sem í þessum efnum hafa þótzt öllum mönnum betur hafa vit á því, sem gert hefur verið á undanförnum árum í þessu. Máske er hv. 7. þm. Reykv. slíkur skapstillingarmaður. En ég hef, satt að segja, ekki orðið var við þessa kosti hans sérstaklega, það sem ég hef kynnzt honum hér á hæstv. Alþ.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði, að Reykvíkingar sjálfir ættu að hafa eftirlit með vöruvönduninni á þessu sviði, og er ég honum þar sammála. Ég álít, að neytendur eigi að hafa þau afskipti af þessu máli, eins og ætlazt er til í löggjöf, og það er eingöngu sjálfum þeim að kenna, ef þeir hafa það ekki. Ég skal ekki segja, hvort þeir þyrftu nýja löggjöf í viðbót, til þess að það gæti orðið eins og æskilegt væri. En í heilbrigðislöggjöfinni hafa þeir heimild til þess að láta heilbrigðiseftirlitið sjá um þetta. Og mér er ekki kunnugt um annað en að þeir hafi látið heilbrigðiseftirlitið gera margar ráðstafanir í þessu efni. Hitt er annað mál, að það faglega eftirlit, sem kostað er a. m. k. að hálfu leyti af samsölunni, ætti vitanlega að vera á hendi neytenda. Og það er eingöngu tekið upp af Samsölunni sjálfri af því, að neytendur höfðu vanrækt þetta. Og vitanlega væri okkur kærara, að neytendur kostuðu þetta. Því að mér dettur ekki í hug að halda, að það mundi hafa nokkur minnstu áhrif á þann mann, sem framkvæmir eftirlitið, hvort hann væri í þjónustu okkar eða neytendanna. Ég vona yfirleitt, að hinir ýmsu vísindamenn í okkar landi gefi ekki út mismunandi vottorð eftir því, við hvaða aðila þeirra starfi er kenndur. Slíkan áburð væri vitanlega alveg óheiðarlegt að bera á vísindamenn. Og ég álít, að ef vísindamaður yrði fyrir slíku, væri það hreint og beint skylda hans annaðhvort að höfða mál eða tafarlaust að leggja niður embætti sitt, því að þar væri algerlega barizt um það, hvort vísindamaður gæfi út vottorð um vísindaniðurstöðu mismunandi eftir því, hvaða aðili í hlut ætti.

Hv. þm. Ak. minntist á það m. a., að hann taldi, að í Þýzkalandi hefðu menn fyrir styrjöldina verið komnir lengst í verðjöfnun. En skömmu fyrir styrjöldina kynntist ég þessu í Þýzkalandi, á Norðurlöndum og á Englandi, og ég held, að það hafi verið samhljóða álit allra, sem ég talaði við um það, að Norðmenn hefðu þá verið komnir lengst í verðjöfnun á vörum, og það var álit Þjóðverja sjálfra, sem ég talaði við um þessi mál og við þessi mál fengust 1937. Í Noregi var fyrirkomulagið svo þá, að menn fengu jafngott verð fyrir vöruna, hvort sem þeir voru nærri eða fjarri sölustöðum.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Þegar þessi umr. byrjaði, flutti ég hér stutta framsöguræðu um frv., sem fyrir liggur, en gerði ráð fyrir, að ekki þyrfti að fara út í langvarandi umr. um málið, því að mikið var rætt um það við 1. umr. En síðan ég flutti mína framsöguræðu hefur hv. þm. V-Sk. haldið hér ekki tvær, heldur fjórar ræður, því að hann hefur þurft að skipta báðum og hvor þeirra um sig hefur staðið á aðra klst. Sá hv. þm. hefur í þessum ræðum þanið sig um alla heima og geima, langt út fyrir þetta frv.

Ég geri ekki ráð fyrir að fara að svara þessum hv. þm., enda gerist þess ekki þörf í sambandi við þetta frv. Hann byrjaði sína fyrri ræðu þannig, að það kom greinilega í ljós, að hann þóttist eiga einhvers að hefna út af ræðu, sem ég flutti hér í öðru máli hálfum mánuði áður og í sjálfu sér ekki kom þessu frv. neitt við. Fór hann með ýmsar fullyrðingar um það, hvað ég hefði sagt í því sambandi, m. a., að það hefðu komið fram í minni ræðu mjög alvarlegar mótsagnir, þar sem ég hefði talið lítils virði, að framleiðendur í þeim héruðum, sem lagt er til í frv., að bætt verði inn á verðlagssvæði, fengju að selja sína vöru á verðlagssvæði þegar aðrir hefðu hana ekki til, en ég hefði í sömu ræðu haldið fram hins vegar, að það kæmi aldrei fyrir, að ekki vantaði eitthvað af mjólkurvörum á Reykjavíkurmarkaðinum. Ég hygg, að ég hafi ekki haft þau orð um þetta, heldur sagt, að mjög oft vantaði þar mjólkurvörur. Og maður veit, að á smjöri er alltaf vöntun, og á skyri og rjóma er oft mikil vöntun. Hins vegar er það gefinn hlutur, eins og nú háttar verðlagi á þessum vörum, að það er mjög lítils virði fyrir framleiðendur að fá söluleyfi fyrir þeim á markaðsstöðunum aðeins lítinn hluta af árinu og aldrei á þeirri vörunni, sem verðmest er samkv. verðákvörðunum nú, sem er nýmjólkin. En nú mun fást 30% minna fyrir smjörið, ef það er búið til úr mjólkinni, heldur en í mjólkinni sem nýmjólk. Það er þetta, sem gerir það að verkum, að héruð, sem ekki hafa rétt til þess að selja mjólk á aðalmarkaðinum, breyta ekki um framleiðslu sína, ef ekki verður hagað verðákvörðunum og söluréttindum á þessum vörum öðruvísi en nú er.

Hv. þm. V-Sk. sagði, að ég hefði haft í hótunum um það, að fyrirkomulag það, sem hefði verið á mjólkursölumálunum, yrði ekki lengi liðið úr þessu. Það er ekki rétt, að ég hafi haft neinar hótanir í frammi út af þessu. En ég lýsti yfir og er ákveðinn í því, að ég held, að landsfólkið sé búið að sjá það svo greinilega, hvers konar vandræða fyrirkomu-

lag er á þessum málum, að það geti ekki komið til mála, að það verði liðið til lengdar úr þessu. Og ég byggi það á því, að svo langt er nú komið, að það varðar sektum og hegningum, ef bændur utan verðlagssvæðanna selja rjóma og skyr á þeim tíma, sem þessar vörur eru annars ekki til á aðalmarkaðsstöðum landsins. En hins vegar hefur orðið að flytja smjör vestan frá Ameríku, jafnhliða því, sem það er vandkvæðum bundið fyrir okkur að selja til útlanda aðrar landbúnaðarvörur, sem við bætum seljendum upp með stórfé.

Hv. þm. V-Sk. sagði, að það væri ekki verið að tala um það varðandi aðra framleiðsluvöru en þessa, hvort menn gætu selt fyrir framleiðsluverð eða ekki. Nú er það ekki það, sem verið er að fara fram á hér að fá neina tryggingu fyrir því, hana er ekki hægt að gefa, heldur hitt, að okkur sé ekki bannað að selja okkar framleiðsluvörur, sem nauðsyn er á að selja á þessum aðalmarkaði í landinu. Það er annað, hvort menn geta selt fyrir það verð, sem þeir þurfa að fá, eða hvort þeim er bannað að selja vöruna.

Hér hefur verið mjög á þá strengi slegið af hv. þm. V-Sk., að það væri útilokað að flytja mjólkina hingað suður norðan úr Húnavatnssýslu og vestan úr Dölum og Snæfellsnessýslu, og að þar væri mjög ólíku saman að jafna á við það að flytja hana frá yztu svæðum núverandi verðlagssvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þessu hef ég svarað áður. Ég hef tekið fram, að þegar vegurinn er góður um hásumarið, er ekki nema fjögurra klst. akstur úr miðri Austur-Húnavatnssýslu til Borgarness. Hitt er svo vitað, að það eru erfiðleikar á að flytja mjólk norðan yfir Holtavörðuheiði að vetrinum.

Hv. þm. V-Sk. gerði mjög mikið úr því, að ekki væri hægt að veita þessum héruðum, sem í frv. er farið fram á að bæta inn á verðlagssvæði, réttindi, meðan þar væru ekki til nein mjólkurbú. En því er þar til að svara, að það er ekki von á því, að í það sé ráðizt eða að því stefnt að fara að setja þar upp mjólkurbú, ef bændur á þessum svæðum geta ekki átt von á því að fá að komast inn á markaðssvæðin með þessar söluvörur sínar. Það kostar langan undirbúning að breyta framleiðslunni, og undirstaðan undir því, að það verði gert, er að fá réttindin til sölunnar á framleiðsluvörunum.

Annað höfuðatriðið í þessu frv. er það, að verðlagssvæðin skuli vera ákveðin af Alþ., en ekki af n., sem hafi einkarétt um það, eins og nú er. Út frá þessu fór hv. þm. V-Sk. að tala um það, að það væri ekki verið að hafa mikið fyrir því að spyrja Alþ. um slíkt, þegar um fisk væri að ræða, eins og nú nýlega hefði komið upp. En þar er alveg ólíku saman að jafna. Ég veit ekki annað en að það, sem vakir fyrir mönnum með fisksölu-na, sé ákaflega svipað og hefur verið um okkar kjöt. Landinu er þar skipt í verðlagssvæði að vísu, en eins og nú standa sakir um kjötið, þá er alls staðar sama verð fyrir það, hvar sem það er framleitt á landinu. Og ég veit ekki annað en að tilgangurinn með þeim l. og reglum, sem settar hafa verið nýlega um fisksöluna, sé sem næst því, að það sé alveg sama verð á fiski hvaðan sem er af landinu. Og í sambandi við fisksöluna er ekki um neina deilu að ræða, slíka sem hér er um að ræða, um að vissum héruðum sé bannað að selja fisk á aðalmarkaðinn. En hér er mönnum bannað að selja sínar vörur, nema þeim, sem hafa fengið lögverndun hjá mjólkursölunefnd.

Hv. þm. V-Sk. sagði eitthvað á þá leið í einni sinni ræðu, að það væri nú orðið þannig með mjólkina, að bændur fengju fyrir hana sama verð hvar sem væri á landinu. Þetta eru ein af hans venjulegu ósannindum, sem eru alkunn hér á þingi. Því að það vita allir, að það er ákaflega mikill munur á því verðlagi, sem er á mjólkinni víðsvegar um landið, og þarf ekki annað en að nefna það, að jafnvel þar, sem mjólkurbú eru, er verðið mjög misjafnt. Hefur mér verið sagt, að Skagfirðingar hafi fyrir árið 1943 fengið stórum lægra verð fyrir sína mjólk heim til bænda en þeir, sem voru á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Og ef það er ekki rétt, treysti ég hv. 1. þm. Skagf. til að leiðrétta það hjá mér, því að hann hefur haft með að gera stjórn á þessum málum. — Að öðru leyti er svo þess að geta, að þar, sem bændur aðstöðu sinnar vegna hafa verið neyddir til að framleiða úr mjólk sinni smjör og aðrar afurðir, þá hafa þeir fengið um það bil þriðjungi lægra verð fyrir nytina úr hverri kú en þeir, sem eru hér á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Ég sá grein, sem birtist í gær frá bónda í Þingeyjarsýslu, þar sem hann færir fyrir þessu glögg töluleg rök. Það er þess vegna ekki undarlegt, þó að fram komi krafa frá þeim mönnum, sem aðeins hafa framleiðslu til að selja sauðfjárafurðir, um að komast að því að geta haft framleiðslu, sem gefur meiri arð.

Þá sagði hv. þm. V-Sk., að það hefðu engar umsóknir komið um það til mjólkurverðlagsn. frá bændum sjálfum, að verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar yrði stækkað eins og ráð er fyrir gert í frv., og að ég og hv. þm. Snæf. hefðum flutt þetta frv. aðeins eftir okkar áliti á málinu. Ég vil í sambandi við þetta benda á, að á aðalfundi búnaðarsambands Austur-Húnavatnssýslu, sem haldinn var í fyrravetur, var samþ. með öllum greiddum atkv. áskorun um að tryggja, að félagið kæmist inn á mjólkurverðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Og þar var ekki hlutdrægni í pólitík til að dreifa. *(SvbH:* Hverjum dettur í hug, að hlutdrægni í pólitík sé þar, sem hv. þm. A-Húnv. er?) Ég mætti þar ekki sem fulltrúi, og ef hv. þm. V-Sk. vill halda fram, að þar hafi verið um einhverja hlutdrægni að ræða frá minni hálfu, get ég sagt honum það, af því að ég veit, hve honum er hlýtt til þeirra manna, sem ekki eru í Framsfl., að yfirgnæfandi meiri hluti á þessum fundi voru framsóknarmenn. Og hv. þm. V-Sk. vænir þá sennilega ekki um heimsku eða þekkingarleysi, þó að þeir séu norður í Húnavatnssýslu, eins og hann brigzlar mér og hv. þm. Snæf. um, sem sé, að þeir væru að gera slíkar kröfur, sem þeir vissu, að hefðu enga þýðingu.

Þá er það þetta, sem mjög hefur verið um talað, hvort það skipti svo ákaflega miklu máli, hvort

mjólk væri flutt nokkrum km. eða nokkrum tugum km. lengra eða skemmra. Eftir öllum þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um það atriði, verð ég að álíta, að það sé ekki aðalatriðið eða sem neinu valdi um þessi efni, heldur hitt, hve gömul mjólkin er, þegar hún kemur til neytenda. Og hún getur verið orðin gömul, þó að hún sé ekki flutt mjög langt að.

Eitt kom fram í ræðum þeirra hv. þm. V-Sk. og hv. þm. V-Húnv., sem mér þótti vænt um, að þeir gerðu báðir ráð fyrir því, sem er í samræmi við mínar skoðanir, að það mundi fara svo, að allir flutningar frá Norðurlandi suður til Reykjavíkur mundu að lokum verða um landleiðina fyrir Hvalfjörð. Og þó að það yrði, sem ég óska, að yrði sem fyrst, þá held ég, að það geti fullkomlega staðizt, að a. m. k. sé hægt að flytja mjólk frá þeim héruðum, sem hér í frv. er farið fram á að bæta inn á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Hitt er svo aftur augljóst mál, að að vetrinum, þegar ekki eru færar leiðir frá öllum þessum stöðum suður, verður að vinna úr mjólkinni, og til þess verður að koma upp vinnslubúum a. m. k. norðan við Holtavörðuheiði. En það rekur sig ekkert á það skipulag, sem hér hefur verið ríkjandi, því að verðjöfnun á að geta komið til greina í því sambandi, hvort sem mjólkin væri flutt allan ársins hring eða ekki.

Þá er eitt atriði, sem hv. þm. V-Sk. talaði um, að það væri rangt frá minni hálfu, að verðjöfnunin hafi upphaflega verið gerð á mjólk á kostnað þeirra manna, sem næst búa höfuðstaðnum. En að mótmæla þessu, sem ég hélt fram um það, er auðvitað ekki annað en venjulegar blekkingartilraunir frá hálfu þessa hv. þm., því að það vita allir, að deilan stóð um það upphaflega, hvort verðjafna ætti þessa vöru á kostnað þeirra, sem nærri eru höfuðstaðnum. Og það er það, sem þeir fluttu sínar varnir gegn. En úr því að búið er að verðjafna mjólk fyrir jafnstórt svæði og þegar hefur verið ákveðið, þá er augljóst, að það er ekki sanngjarnt, að það sé látið þar við lenda, vegna þess að svo margar sveitir og einstaklingar hafa svipaða aðstöðu vegna bættra samgangna til þess að koma vörum sínum á markaðinn, sem þeir þó ekki höfðu þá, eins og þeir, sem á verðjöfnunarsvæðinu eru margir hverjir. Og í því sambandi er það í sjálfu sér alveg rétt fram tekið, sem hv. 1. landsk. þm. sagði hér um daginn, að við, sem nú sækjum um að komast undir þessi verðjöfnunarákvæði, stöndum að vissu leyti í sömu sporum og þeir menn gerðu á sínum tíma, sem sóttu um að komast inn á þetta verðjöfnunarsvæði og voru í fjarsveitunum þá.

Hv. þm. V-Sk. ræddi allmikið um þær deilur, sem frá upphafi hefðu verið um þessi mjólkurmál, um það, hvort það hefði verið rétt á sínum tíma að setja þessi l. og hvort þetta skipulag væri rétt eða ekki rétt. En þessi hlið málsins er nú raunverulega ekki til umr., og þarf því ekki að svara þeim hluta ræðu hans. En hv. þm. V-Sk. sagði, að það væri búið með alla óánægju út af þessu máli. En það var ekki annað til athugunar í því sambandi, þegar ég eða aðrir minntust á það, eins og ég gerði lítillega í grg. þessa frv., en framkvæmd þessara mála. Og þar sem svo er, þarf ég ekki miklu því að svara, því að svör við því hafa komið fram í ræðum annarra hv. þm. nú við þessa umr., hve mikill sannleiki er í því, að engin óánægja sé til í þessu efni. En um það er ekki deilan, heldur hitt, hvort eigi að gefa fleiri mönnum þau réttindi, sem mönnum hafa verið gefin í þessum efnum á þeim svæðum, sem innan verðlagssvæðanna eru.

Þá fór hv. þm. V-Sk. að tala um það, að það væri öfugt við skoðanir okkar stjórnarliða um nýsköpun í þjóðfélaginu, að við værum að flytja svona frv. eins og þetta, en að það hefði verið hin bezta nýsköpun, sem hefði átt sér stað á undanförnum árum, að þetta skipulag komst á. Ég veit ekki, hvað hv. þm. V-Sk. heldur, að hægt sé að færa undir nýsköpun frá hálfu okkar landsmanna, ef ekki það, að farið sé fram á að breyta framleiðslunni í það horf, að bændur framleiði þær vörur, sem helzt er markaður fyrir og mest arðsvon er við sölu á. Og það er gefið mál, að framleiðslunni verður ekki breytt í þessum héruðum nema vissa sé fyrir því, að framleiðendur þar njóti sama réttar eins og aðrir menn um að nota markaðinn.

Mér þykir ekki ástæðulaust að minnast á það, að mér þykir vera komið á hámark ósvífninnar, þegar maður, sem er kunnastur fyrir að fara hér með rangfærslur og ósannindi í hæstv. Alþ., er að brigzla einhverjum heiðarlegasta manni, sem hér á sæti á þingi, hv. þm. Snæf., um það, að hann fari með rógburð, lygi og níð, ekki aðeins hér á Alþ., heldur og utan þess. Og í sambandi við það þykir mér vert að geta þess, sem hv. þm. Snæf. vék að, að stækkun á verðlagssvæðinu og hlunnindin í þessum mjólkurmálum hafa staðið í nokkuð nánu sambandi við þingmennskuframboð og agitationir hv. þm. V-Sk. á undanförnum árum, að ég held líka, að ekki sé hægt að mæla á móti því. Og í því sambandi verð ég að segja það, að það tekur ekki til mjólkurl. eins og þau upphaflega voru sett. Og það er ekki nein vörn fyrir hv. þm. V-Sk., þó að hann tilfæri árið 1931 eða 1933 í þessu sambandi. Árið 1934, þegar mjólkurl. voru sett upphaflega, var hann hér ekki. *(SvbH:* Var ég ekki í framboði í Rangárvallasýslu þá?). Jú, það er rétt. En mjólkurl., í þeirri mynd, sem þau voru þá, voru í flestum atriðum mjög sanngjörn lög. Og eins og gefur að skilja, get ég ekki orðið fyrir neinum ásökunum út af þeim l., sem þá voru sett, því að ég var ekki einn þeirra manna, sem þá greiddu þeim atkv. En það var ekki hið sama hægt að segja um mjólkurlagabreyt., sem gerð var 1937. Þá var að vísu ekki heldur hv. þm. V-Sk. núverandi á þingi. — En hvað sem því líður, hefur hv. þm. V-Sk. leikið hvað eftir annað þann leik að setja stækkun verðjöfnunarsvæðisins í samband við framboð sitt bæði í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Og ég er viss um það, að ef honum dytti í hug að bjóða sig fram á Snæfellsnesi, í Dölum eða Húnavatnssýslu, þá yrði það hið fyrsta, sem hann lofaði, að þau héruð yrðu tekin inn á verðjöfnunar-

svæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þó að hann berjist á móti því nú. — Og hv. þm. V-Sk. endaði ásakanir sínar með því að kasta því að hv. þm. Snæf., að það væri lögfræðingum einum samboðið að fara með slík ósannindi sem hann hefði gert.

Það var auðheyrt, að hv. þm. V-Húnv. þóttist standa nokkuð höllum fæti gagnvart sínum kjósendum og að honum fannst hann þurfa að segja eitthvað til þess að afsaka það, að hann væri andvígur þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hann byrjaði á því, sem mér þótti mjög leiðinlegt og er ólíkt honum, að fara með þá sögusögn, að þetta frv. hefði ekki verið flutt í samráði við sig og hann hefði ekki átt neinn kost á því að vera meðflm. þess. Þetta veit hv. þm. V-Húnv., að er rangt, því að í fyrra, þegar við fluttum þetta frv., sem er alveg sama frv., þá fór ég til hans og bauð honum og óskaði beinlínis eftir því, að hann yrði meðflm. að þessu frv. En hann neitaði því. Það er þess vegna mjög leitt, að þessi hv. þm. skuli koma og segja, að hann hafi ekki átt kost á því að vera meðflm. að þessu frv. og að það hafi verið flutt alveg á bak við sig. — Þá fór hann og að segja það, að vegna þess að samgöngutækni væri svo léleg, þá sæi hann ekki, að sínir kjósendur eða aðrir Húnvetningar hefðu neitt gagn af því, þótt þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði samþ. Þar er að sjálfsögðu um að ræða ágreining okkar á milli, sem kann að vera mjög eðlilegur, ég veit ekki um það. Það kann vel að vera, að bændur í Vestur-Húnavatnssýslu séu á annarri skoðun í þessu efni en bændur í Austur-Húnavatnssýslu. En þó þykir mér undarlegt, ef svo er almennt, því að það veit hv. þm. V-Húnv. eins vel og ég, að undirstaðan undir því, að hægt sé að breyta framleiðslunni og stefna að því, að hægt sé að stofna til mjólkurvinnslu norður í Húnavatnssýslu, er að tryggja, að bændur þar fái aðgang að markaði um að selja mjólkurvörur sínar.

Þetta mál liggur ljóst fyrir, og frekari umr. um það er vafasamt, að upplýsi það frekar. En það er út af fyrir sig rétt, sem hv. þm. Snæf. tók fram, að það verður ekki þagað í hel, að fleiri menn fái að selja mjólk og mjólkurvörur á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar en nú fá það. Og þó að lítið sé, er það kannske árangur af flutningi þessa máls, að ein sveit á Snæfellsnesi hefur verið tekin inn á verðlagssvæðið frá því er frv. var fyrst flutt. *(PZ:* Eru þær ekki þrjár?). Ef þær eru þrjár, eins og hv. 2. þm. N-M. segir, þá er það því betra. En út af þeim orðum, sem féllu hér hjá hv. þm. V-Sk., að menn væru með ásakanir og illindi að tilefnislausu í þessum málum til þess að hafa allt á hornum sér og gera öðrum mönnum gramt í geði, þá tek ég fram, að þau ummæli hv. þm. eru tilefnislausar ásakanir á flm. þessa máls, því að þetta frv. er alls ekki flutt í þeim tilgangi. Það eru hins vegar andstæðingar þessa máls, hv. þm. V-Sk. og aðrir, sem snúizt hafa gegn því, sem hafa kallað hér fram harðar deilur út af þessu máli. Og þær halda áfram, ef ekki verður tekið tillit til þeirra óska, sem liggja bak við þetta frv. Læt ég þar með máli mínu lokið.

Umr. frestað, en málið var ekki á dagskrá tekið framar.

22. Sjúkrahús á Akureyri.

Á 54. fundi í Nd., 22. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um bygging og rekstur sjúkrahúss á Akureyri (þmfrv., A. 346).

Á 55. og 57. fundi í Nd., 25. og 28. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Eins og sjá má á frv. því, sem fyrir liggur og er á þskj. 346, er um nýmæli að ræða í heilbrigðismálum landsins að því leyti, að gert er ráð fyrir, að reistur verði fjórðungsspítali á Akureyri, er rekinn verði á ríkisins kostnað. Í 3. gr. frv. er ákvæði þess efnis, að um yfirstj. sjúkrahússins fari samkv. l. frá 1933, að það sé yfirspítalan. ríkisspítalanna, er hafa skuli yfirumsjón þess. Í 4. gr. er ákvæði um, að eignir Akureyrarspítala skuli falla endurgjaldslaust til hins nýja ríkisspítala, þegar ákvæði þessara l. koma til framkvæmda.

Í grg. hef ég leyft mér að skýra þetta mál nokkuð, tilgang þess og þróun á Akureyri. Eins og mörgum hv. þm. er eflaust kunnugt, er Akureyrarspítali gömul stofnun, að mestu timburhús reist fyrir aldamót. 1920—1922 var reist álma til viðbótar, og er hún úr steini. Síðan leið langur tími, svo að ekkert var gert til að stækka spítalann, þó að þörfin væri mikil. Meira að segja stjórnarvöldin með landlækni í broddi fylkingar lýstu yfir því fyrir 10 árum, að Akureyrarspítali væri með öllu óhæfur og úr sér genginn. Þá kom nýr skriður á þetta mál. Menn fundu, hve þörfin á endurbótum var knýjandi, og var þá farið að gera áætlun um að reisa nýjan spítala. Þetta hefur gengið í talsverðu þófi. Menn hafa verið með uppástungur og bollaleggingar, áætlanir hafa verið gerðar og teikningar lagðar fram, og um tíma var hallazt að því ráði að byrja þegar á byggingunni, þar sem ekki væri hægt að draga það öllu lengur. Var horfið að því að byrja á sérstakri álmu, sem verða skyldi upphaf að fullkomnum spítala, er reisa skyldi smám saman á tiltekinni lóð. Í þessari álmu er rúm fyrir skurð-, ljóslækninga- og röntgenstofur, og er hún tengd gamla spítalanum með trjágöngum. Þetta er aðeins bráðabirgðaúrlausn, sem bætt hefur úr brýnustu þörfinni, en nauðsyn á nýju sjúkrahúsi er jafnaðkallandi og áður, því að gamla húsið getur hvergi nærri uppfyllt þær kröfur, sem gera verður til nýtízku sjúkrahúss. Nú er almennur áhugi vaknaður um allt Norðurland um þessa sjúkrahússbygg-

ingu. Sveitirnar hafa lagt fram sinn hlut og sýnt vaknandi áhuga sinn ásamt Akureyrarbúum með því að senda þ. áskorun, sem er undirskrifuð af hálfu fjórða þús. kjósenda norðanlands, og liggur hún hér frammi í lestrarsalnum. Er von á fleiri áskorunum, og sýnir þetta, hve áhuginn er mikill og kröfurnar háværar um, að sjúkrahúsinu verði komið upp. Aðsókn að Akureyrarspítala hefur verið ákaflega mikil um langt skeið, kannske meðfram af því, hve góðir læknar hafa valizt að honum, sérstaklega hinn ágæti skurðlæknir, sem nú er. Akureyri er líka eins konar miðstöð Norðurlands. Geri ég ráð fyrir, að þetta með öðru orsaki það, að menn eru á einu máli um, að á Akureyri eigi að koma upp nýtízku spítali, sem ekki fullnægi einungis þörfum bæjarins sjálfs, heldur og nærsveitanna. Það hefur komið í ljós síðustu árin, að aðsókn hefur verið svo mikil að Akureyrarspítala, að 62% sjúklinga þar eiga heima utan bæjar, en aðeins 38% á Akureyri sjálfri. Það voru jafnvel 114 legudagar héðan úr sjálfri Reykjavík. Þetta sýnir gleggst, að hér er ekki talað um spítala aðeins fyrir Akureyrarkaupstað, heldur er hér miklu stórfenglegra plan á ferðinni og háar kröfur um, að því plani verði fylgt.

Sýslun. Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu hafa sent áskoranir til Alþ. auk bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, og þar að auki hafa kvenfélögin beitt sér mjög fyrir þessu máli, og má benda á, að það liggur fyrir frá Sambandi norðlenzkra kvenna áskorun í sömu átt. Allt eru þetta augljós dæmi um þann áhuga, sem vakir fyrir þessu máli, og þá, sem standa bak við kröfurnar um, að hafizt verði handa og ríkið sjálft láti reisa spítala á Akureyri og reka hann sem fjórðungsspítala.

Ég geri ráð fyrir, að þessu mikla máli verði vísað til n. Ég legg til, að því verði vísað til heilbr.- og félmn., því að það heyrir þar undir, og vænti ég, að hv. d. vísi því til þeirrar n. og 2. umr.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál. Það er nokkuð glöggt rakið í grg., og eru þar prentaðar ályktanir frá sýslun. og bæjarstjórninni, en þær tala sínu máli og sýna, hve gild rök eru fyrir nauðsyn þessa máls.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Ég get ekki staðið mig við að láta málið ganga í gegnum þessa umr., án þess að ég taki fram nokkur atriði, sem ég tel, að nauðsyn beri til að undirstrika, áður en heilbr.- og félmn., sem tekur málið til athugunar, tekur til starfa, þó að ég efist ekki um, að sú hv. n. líti í úthorn hvers vanda í þessu máli.

Eins og hv. flm. gat um, þá er málið nú borið upp og borið fram af áhugabylgju, sem risið hefur á Norðurlandi, ekki aðeins í Akureyrarbæ og Eyjafjarðarsýslu, heldur einnig víðar á Norðurlandi. Það er skiljanlegt, að þessi áhugi sé til staðar, því að Akureyri hefur átt við að búa ófullnægjandi sjúkrahús um langt skeið, og ég tek fyllilega undir það eftir þeirri þekkingu, sem ég hef á málinu, sem er auðvitað takmörkuð, að það er þörf á Akureyri fyrir langtum fullkomnara sjúkrahús en þar hefur verið. Af stj. hálfu verður því ekki gert annað en mæla hið bezta með, að Akureyri og Norðurland fái sem fullkomnast sjúkrahús.

En það er annað atriði, sem kemur hér oft til greina, eins og hv. flm. gat um í upphafi ræðu sinnar. Það er, að hér er nýmæli á ferðinni, og mjög merkilegt nýmæli, því að í 2. gr. frv. er sagt, að það sé ekki aðeins kostnaðurinn við bygginguna, sem eigi að greiðast úr ríkissjóði, heldur einnig rekstur sjúkrahússins. Hér er komið inn á gersamlega nýja stefnu í heilbrigðismálum ríkisins, að ríkið eigi að taka að sér að fullu og öllu að reka almennt sjúkrahús hér á landi.

Almenn sjúkrahús hafa aldrei verið rekin beint af ríkinu. Landsspítalinn er að vísu rekinn af ríkinu og er almennur spítali, en hann er nauðsynlegur fyrir læknakennslu í landinu. Það er óhjákvæmilegt, ef reka á læknakennslu hér á landi, að reka jafnhliða hæfilegan spítala með tiltölulega mörgum sjúklingum og tiltölulega mörgum sjúkdómstækjum. Það er frá þessu sjónarmiði, sem verður að líta á ríkisrekstur Landsspítalans.

Hins vegar eru önnur sjúkrahús, sem er ríkisrekstur á og hefur verið frá upphafi. Það eru sérstök sjúkrahús fyrir stöðuga, langvinna sjúkdóma, sem alltaf eru til í landinu, þó að vonlegt sé, að þeir kunni einnig að hverfa, er stundir líða. Þessi sjúkrahús eru berklahæli, geðveikrahæli og holdsveikraspítali. Þessi sjúkrahús eru rekin af ríkinu, því að þau eru alveg sérstæð, en almennt sjúkrahús er ekki rekið annað en Landsspítalinn.

Ef taka á þessa stefnu upp, verður maður að líta vel í kringum sig. Ég neita því engan veginn, að sönnur liggi fyrir því, að sjúkrahúsið á Akureyri hafi verið notað af sjúklingum utan umdæmisins í ríkum mæli lengi og nú upp á síðkastið í tiltölulega enn ríkara mæli en verið hefur áður. En það tekur ekki af skarið um það, að þetta sjúkrahús eigi að vera ríkiseign, því að það hlýtur óhjákvæmilega að leiða af sér, að sjúkrahús í öðrum landsfjórðungum verði líka rekin af ríkinu, og ef það er farið inn á þá stefnu að hafa ríkisrekstur á öllum sjúkrahúsum í landinu, þá er það pólitísk stefna, sem verður að athuga og íhuga, upp á hvaða afleiðingar hún kunni að hafa.

Nú er það í uppsiglingu hér í Reykjavík, að reisa þurfi mikla viðbót við þau sjúkrahús, sem hér eru fyrir, og hefur verið ráð fyrir gert, að Reykjavíkurbær legði fram þann tiltölulega hluta, sem lögmætur er og venjulegt er, að sveitarfélög eða bæjarfélög leggi fram, þegar um sjúkrahúsbyggingar er að ræða. Ef það verður nú afgreitt hér á þessu þingi, að á sjúkrahúsi Akureyrar verði ríkisrekstur, þá er ég ósköp hræddur um, að Reykjavík mundi kippa að sér hendinni eða verða tregari til framlags til nýrrar sjúkrahúsbyggingar heldur en hún hefur þó látið til leiðast að vera til þessa.

Nú, en hvers vegna er það, að Reykjavík hefur ekki rekið sjúkrahús upp á eigin spýtur? Það er eingöngu því að þakka eða því að kenna, að hér hefur verið um langan aldur sérstök trúboðsstofnun, sem tekið hefur ómakið af Reykjavíkurbæ og rekið

Landakotsspítalann. Það er því ekki þannig, að Reykjavík hafi komizt hjá að reka spítala vegna þess, að ríkið hafi tekið á sig þær skyldur, heldur beinlínis af þessari ástæðu, sem ég nú nefndi.

Hv. flm. gat þess, að svo mikill áhugi væri fyrir málinu á Norðurlandi, að safnað hefði verið undirskriftum um 3 þús. kjósenda, og hefðu þær verið lagðar hér fram. Ég efast ekki um, að ef unnið væri að því í Vestur- og Austurfjórðungunum, þá mundu hlutfallslega fást jafnmargir alþingiskjósendur til að mæla með, að spítalar þar yrðu einnig ríkiseign.

Ég vil enn fremur taka fram, að í athugasemdum við þetta frv. er þess getið, að bæjarstjórn Akureyrar hafi samþ. að skora á Alþ. að leggja fram 500 þús. kr. til þessarar byggingar á næsta ári. Ég skal ekki segja um, hvað Alþ. sér sér fært að leggja mikið fram á þessu ári, en í fjárlagafrv., sem lagt er hér fram nú, hefur fjmrn. ekki séð sér fært að fara lengra en leggja til, að styrkur til að reisa læknabústaði og bæta húsakynni lækna sé 750 þús. kr., og af þeim peningum hefur félmrh. þegar ráðstafað eða skuldbundið sig til að verja 300 til 350 þús. kr. til byggingar læknisbústaða. Það er því lítil upphæð eftir, svo að ekki er nokkur leið að taka þessar 500 þús. af þeirri fúlgu, sem hér er áætluð, heldur verður að bæta við hana, en það er mál út af fyrir sig.

Hv. flm. hefur í ræðu sinni lagt til, eins og eðlilegt var, að málinu væri vísað til heilbr.- og félmn., og álít ég það sjálfsagt út af fyrir sig, en ég tel málið svo veigamikið, að það sé varhugavert að ráða því til lykta á þessu þingi í því formi, sem það er nú. Ef þess vegna Alþ. er ekki einhuga um, hvernig afgreiða beri málið, þá teldi ég ekki illa til fallið, að það væri fengið mþn. til athugunar um það, hvernig heilbrigðismálum eða rekstri sjúkrahúsa í landinu skuli vera hagað í næstu framtíð, þar sem málið er svo mikilsvert, að það þarf að athuga það enn nánar en ein þingnefnd í þingönnum getur komið við að gera.

Flm. (Sigurður Hlíðar): Ég má án efa vera þakklátur hæstv. forsrh. fyrir upphaf ræðunnar, þar sem hann taldi fulla þörf eða brýna þörf á, að það yrði sem allra fullkomnast sjúkrahús á Akureyri og ríkisstj. mundi að sjálfsögðu mæla mjög með því. Það er ákaflega gott að hafa svona yfirlýsingu, ef seinni partur ræðunnar hefði ekki spillt skrambi mikið fyrir fyrri hlutanum. Mér fannst seinni hlutinn vera hrakning á öllu því, sem gat orðið þessu máli til stuðnings.

Við getum auðvitað dregið málið á langinn í 1 til 2 ár, en það hjálpar Akureyrarspítala eða þeirri nauðsyn, sem nú er fyrir dyrum, ekkert. Það er rétt, eins og ég tók fram, að hér er um nýmæli að ræða, og segir hæstv. forsrh., að við séum að brjóta princip, sem Landsspítalinn einn eigi að hafa. Gerir hann ráð fyrir, að af því muni leiða kröfur um aðra fjórðungsspítala. Það ætti kannske að safna undirskriftum, eins og hæstv. forsrh. tók fram. Það er enginn vafi á, að það mundi takast.

Annars er meiningin að koma upp fjórðungsspítölum. Það hefur legið fyrir Alþ. 2—3 síðustu árin, og var sérstök afstaða tekin til þess í hv. fjvn. og gengið inn á að heita fjórðungsspítölum styrk, og er það enn á fjárl. Sjálfur landlæknir var með þessari till. um að koma sem fyrst upp fjórðungsspítölum með árlegum rekstrarstyrk miðað við sjúkradagatölu. Hann lofaði enn að auka þennan styrk, bara til að hafa okkur góða, bara ef við kæmum ekki með þessa rækallans hugmynd að koma upp spítala reknum af ríkinu.

Reykjavík þarf ekki að reka spítala upp á eigin kostnað. Hún er svo heppin, eins og hv. forsrh. tók fram, að katólskir menn hafa komið upp spítala hér á landi, Landakotsspítalanum. Hann hefur meira að segja verið endurnýjaður, því að nógir peningar eru þar til. Reykjavíkurbær lifði lengi á því, þangað til Landsspítalinn kom.

Landsspítalinn var jafnnauðsynlegur fyrir það, ekki aðeins byggður kennslunnar vegna. Ég get fullyrt, að læknastúdentar lærðu eins mikið áður hér á landi og nú á Landsspítalanum, þegar þeir höfðu slíka afburða kennara eins og t. d. Guðmund heitinn Magnússon. Ég geri ráð fyrir, að spítalar okkar stingi ekki Guðmund Magnússon út og fleiri framúrskarandi læknaskólakennara hér á landi.

Hæstv. forsrh. tók fram, að Landsspítalinn væri eini spítalinn með ríkisrekstri fyrir utan þessa spítala, eins og t. d. berkla- og geðveikrahæli. Það voru nógu miklir kraftar á Norðurlandi til að koma upp hæli á Kristnesi, og þegar það var komið upp, kom ríkisrekstrinn nokkuð af sjálfu sér. Enginn mundi vilja leggja það hæli niður. Það er talið alveg jafnþarflegt, jafnvel þótt það sé í Norðlendingafjórðungi, eins og sunnanlands.

Sumir segja, að það þurfi ekki að vera nema einn landsspítali, því að svo sé komið, að flugvélar geti sótt sjúklinga hvert sem er og samgöngurnar séu ekki lengur trafali fyrir sjúklinga. Þetta er ákaflega hæpið. Samgöngurnar eru aldrei svo góðar, að það sé sama, hvort maðurinn fer frá Langanesi til Reykjavíkur eða til Akureyrar. Þessu er því algerlega slegið út í loftið. Samgöngurnar eru að vísu betri en þær voru, en ég vil halda fram, að það sé jafnnauðsynlegt að hafa fullkominn spítala í hverjum fjórðungi eins og að hafa einn spítala hér syðra. Það nær ekki nokkurri átt að hafa aðeins spítala hér syðra, og læknastúdentar geta líka lært úti á landi, t. d. á sumrin, þegar þeir eru frá Háskólanum, ef virkilega góðir spítalar eru fyrir hendi.

Berklasjúkrahús eru 2 í landinu, og þau eru jafnþörf á báðum stöðum. Ég er fullviss um, ef aðeins ætti að vera eitt berklahæli, þannig að það fengi alla berklasjúklinga, þá mundu menn ekki vera ánægðir með það.

Svo er Kleppur. Það er ekki svo lítill vandi með geðveikisjúklinga úti um land, og það merkilega er, að Akureyrarspítali fær ekki eyri fyrir þessa sjúklinga frá ríkinu. Þetta er óhæft ástand, og svo að maður fari lengra: Hvernig stendur á því, að sjúkrasamlagið hefur ekki sömu aðstöðu þar og hér? Sjúklingar á Akureyri borga fjórum krónum sextíu og fjórum aurum meira á sjúkradag en í Reykjavík.

Hérna eru dagpeningar 15 kr., en á Akureyri 20 kr., en mismuninn borgar ríkið. Það er sennilega milljón kr. „undirbalance" á ári á Landsspítalanum, en Akureyri baslar við sitt með þessum aðbúnaði. Nei, ef út í það væri farið, mætti segja mikið um samanburð á styrkfé til spítalanna. Það er því nauðsynlegt að róta til og koma samræmi á í þessu efni.

Það er ekkert á móti því, að mþn. komi og athugi sjúkraframkvæmdir í landinu, en hún má ekki tefja fyrir framgangi þessa máls. Akureyrarkaupstaður, höfuðborg Norðurlands, er nógu sterkur til að koma upp spítala fyrir sig, en það má gera ráð fyrir, að heilbrigðisyfirvöldin í landinu geri sig ekki ánægð með það. Ef Akureyri reisti spítala, ekki eins og verið hefur undanfarið, sem allir hafa aðgang að, heldur spítala fyrir bæinn sjálfan og bannaði öðrum sjúklingum að koma nema fyrir okurverð, mundi það nokkuð laga ástandið í landinu? Það getur vel farið svo, að Akureyrarkaupstaður neyðist til að reisa spítala fyrst og fremst fyrir sig, en mér finnst ætti að fylgja mannúðarreglum og byggja ekki aðeins fyrir Akureyri, heldur Norðlendingafjórðung.

Þess vegna fer ég fram á, að byggður sé nýtízku spítali, sem nægi fjórðungnum, og mælist til, að Alþ. hlutist til um, að tekin verði upp sú stefna, að ríkið reisi og reki þennan spítala fyrir Norðlendingafjórðung.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Vegna þess að ég er nokkuð kunnugur staðháttum á Akureyri frá langri dvöl þar, og vegna þess sérstaka kunnugleika á sjúkramálum þar, sem leiðir af því, að ég var á annan tug ára starfandi í sjúkrahúsn., þá get ég ekki látið hjá líða strax við l. umr. að segja nokkur orð.

Mig undrar ekki, heldur þykir eðlilegt, að það komi fram ákveðin og einbeitt tilmæli, ósk og krafa frá Akureyringum um, að það verði ekki lengur látið dragast að leggja fram verulegt framlag frá því opinbera til byggingar sjúkrahúss þar norður frá. Sjúkrahúsið á Akureyri hefur verið um marga tugi ára ekki aðeins sjúkrahús Akureyrar, heldur vægast sagt fjórðungsspítali, og mætti jafnvel segja upp á síðkastið landsspítali. Þetta er ósköp eðlilegt vegna legu Akureyrar og samgangna þangað, að þá sækir meira af sjúklingum af Norðurlandi og Austurlandi þangað heldur en til annarra staða. Auk þess hafa Akureyri og Akureyrarsjúkrahús verið svo lánsöm í marga tugi ára að hafa afburða lækna og ekki sízt nú lækni, sem af öllum, sem til þekkja, er talinn afbragð annarra lækna.

Þrátt fyrir þetta, að spítalinn hefur tekið á móti fólki alls staðar af landinu, þá hefur Akureyrarbær nærri hálfan annan tug ára einn staðið undir þessu og aðeins að nokkru leyti með Eyjafjarðarsýslu. Að vísu nýtur sjúkrahúsið smástyrks úr ríkissjóði, en svo undarlega vildi til, meðan ég þekkti þetta bezt, að æðioft létu stjórnarvöldin þennan spítala ekki njóta hlutfallslega jafnmikils styrks og aðra spítala. Af þessari ástæðu tel ég, að Akureyrarsjúkrahús eigi sérstaka kröfu til þess opinbera, að því verði liðsinnt á sérstakan hátt.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að byggður verði fjórðungsspítali. Það má ef til vill segja, að ef haldið væri við þá ósk, þá sé komið inn á þá braut að gefa fyrirheit um, að byggðir verði fjórðungsspítalar í hinum fjórðungunum líka, og má vera, að það verði á þessu stigi málsins haft á móti frv., að upp á þessu fyrirkomulagi sé stungið.

Eins og ég sagði áðan og frsm. tók fram, þá hefur þessi spítali sérstaklega miklu meiri aðsókn víðs vegar að en nokkur spítali utan Reykjavíkur, og það er því að mínum dómi eðlilegt og sjálfsagt, að hann komi fyrstur af fjórðungsspítölunum. En hitt kemur engu síður til mála, að á Akureyri verði byggður landsspítali, því að enda þótt það sé réttilega tekið fram af hæstv. forsrh., að Landsspítalinn hér í Reykjavík hafi m. a. þá skyldu og sé til þess notaður að kenna læknanemum, þá þarf meira en kenna þeim meðan þeir eru í Háskólanum. Þeir þurfa að hafa aðgang að fullkomnum sjúkrahúsum til að æfa sig í handlækningum og læknastörfum yfirleitt. Landsspítali á Akureyri mundi verða sérlega vel séð stofnun, ætla ég, til þess að taka á móti nemendum, sem halda vilja áfram námi utan skólatíma. Í öðru lagi ætla ég, að slíkur spítali gæti leyst úr þeim vandræðum, sem oft eru á því að koma sjúklingum fyrir á sjúkrahúsi. Enn fremur er Kleppur svo fátækur að húsplássi, að til vandræða horfir, og hvað væri þá því til fyrirstöðu að byggja við landsspítala, sem væri á Akureyri, geðveikradeild, sem gæti orðið til mikils hagræðis fyrir Norðurland, með því að þangað væri þægilegra á Norðurlandi að koma geðveiku fólki fljótt heldur en til Reykjavíkur?

Mér sýnist rétt, að n. sú, sem fær þetta frv. til meðferðar, vildi taka til athugunar, hvort ekki væri æskilegt og réttlátt, að þessu máli væri snúið í það, að á Akureyri væri byggður landsspítali. Til Akureyringa sjálfra vildi ég segja, að mér virðist það vera vel gert, að þeir bjóði fram, að það safnaða fé, sem þegar hefur fengizt til byggingar spítala á Akureyri, geti runnið til þeirrar opinberu stofnunar, sem óskað væri, að byggð væri af ríkinu, ef þessu máli væri snúið upp í það að byggja landsspítala á Akureyri. Og ég teldi öruggt, að það yrði til þess að lyfta þessu máli og gefa því meiri byr til þess að koma því sem fyrst í höfn, ef Akureyringar og Eyfirðingar og allir Norðlendingar sýndu sömu rögg og fórnfýsi eins og þeir gerðu fyrir 20 árum, þegar hafizt var handa um að byggja Kristneshæli, þ. e. að þeir haldi áfram þeim samskotum og auki þau, sem hafin hafa verið til að stuðla að því, að á Akureyri geti orðið reistur fullkominn, góður og varanlegur landsspítali.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. — Ég skal ekki mótmæla því, að reistur verði fullkominn spítali á Akureyri. En viss atriði virðist mér hér þurfa athugunar.

Þegar Landsspítalinn var byggður á sínum tíma, þá varð hann spítali fyrir Reykjavík. Reykjavík var þá og er enn einasta bæjarfélagið og einasta bæjareða sýslufélagið á landinu, sem í raun og veru hefur ekki rekið neinn fullkominn spítala á eigin reikn-

ing. Reykjavíkurbær hefur ekki heldur sem slíkur byggt spítala. Þannig hefur Reykjavík fríazt við — mér liggur við að segja skyldu — til að koma upp spítala, sem önnur héruð hafa orðið að taka á sig. Og afleiðingin af því, að Landsspítalinn er í raun og veru spítali Reykjavíkur, en Reykjavík hefur ekki komið sér upp eigin spítala, hefur þá líka oft orðið sú, að þegar sjúklingar hafa komið utan af landi, þá hefur þessi spítali verið yfirfullur, og þessir sjúklingar hafa orðið að bíða vikum og jafnvel mánuðum saman eftir því að geta komizt á Landsspítalann. Þegar þetta mál er til umr., hlýtur því að vakna sú spurning: Erum við þarna á réttri leið? Eigum við að stefna þessum málum í þann farveg, að þau bæjarfélög, þau héruð getum við sagt, þar sem mest er fjölmennið og bezt aðstaðan og bolmagnið til þess að koma upp stórum spítölum, komi því þannig fyrir, að ríkið kosti þessar stofnanir fyrir þau og þessi héruð séu leyst að miklu leyti undan kvöðum af rekstri spítalanna, en að önnur héruð, sem búa við verri kjör, séu látin byggja og reka sína spítala? Þetta virðist mér ekki rétt stefna. Og þó að ekkert væri annað til tekið, þá væri þetta ranglátt vegna þess aðstöðumunar, sem með þessu væri gerður um að geta fengið góða lækna í héruðin og haldið þeim. Mér sýnist þess vegna, þegar nú kemur fram í annað skipti slík till. um, að þarna sé byggður og rekinn spítali á Akureyri algerlega á ríkisins kostnað, þá sé vert að athuga það, hvort við séum þarna ekki á rangri leið og hvort ekki sé hægt að koma þessum málum öðruvísi fyrir, þó að ég mæli sízt á móti því að koma þarna upp fullkomnum, góðum spítölum. En mér virðist, að það ætti að vera gert með nokkurs konar samlögum ríkisins og viðkomandi bæjar- og sýslufélaga, sem spítalanna eiga fyrst og fremst að njóta, þannig að báðir þessir aðilar legðu nokkuð fram af byggingarkostnaðinum og standi báðir straum af rekstri spítalanna. Og þetta finnst mér þá eiga að gilda einnig viðkomandi Akureyrarspítala. Ef spítali á Akureyri verður byggður og rekinn af ríkinu, þá mundum við Skagfirðingar, sem rekum eigin spítala, og aðrir, sem reka sína eigin spítala víðs vegar um land, koma einnig og gera kröfu um, að ríkið tæki að sér rekstur þessara spítala þar, en önnur héruð fengju ekki slík fríðindi sem einhver forréttindi fram yfir þá, sem í strjálbýlinu búa. Þetta veit ég, að hv. þm. Ak. skilur alveg eins vel og ég; hann skilur, að slíkt mundi koma í kjölfar þess, ef ríkið tæki að sér að reisa og reka spítala á Akureyri. — Ég vil, að hv. heilbr.- og félmn. taki þetta til athugunar, hvaða árekstrar gætu af því orðið og mundu óhjákvæmilega verða, ef þetta fyrirkomulag verður tekið upp gagnvart stærri héruðunum, að ríkið hjálpi þeim svo mjög í þessum efnum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Mér kemur þetta mál dálítið kynduglega fyrir. Á þessu sama þingi — fyrsta hluta þess — var rætt hér allmikið um lækna í landinu og sjúkrahús og spítala, og á endanum var samþ. þál., sem afgreidd var frá Alþ. 11. marz, sem, með leyfi hæstv. forseta, hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að athuga, hverjar breytingar kunna að vera nauðsynlegar á skipun læknishéraða og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla, svo og hverjar aðrar ráðstafanir væri nauðsynlegt að gera til þess að tryggja sveitahéruðum sem bezta læknisþjónustu.

Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og félagsmálanefnda Alþingis, annar samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands og hinn þriðji án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Þessi n. var skipuð. Magnús Pétursson bæjarlæknir í Reykjavík var skipaður samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands; sá, sem heilbr.- og félmn. Alþ. skipuðu í n., er Gunnar Thoroddsen, og án tilnefningar var landlæknir skipaður í n. Þessi n. hefur haldið marga fundi, en er ekki nærri búin með sitt starf. Hún hefur m. a. athugað, hvernig þátttaka ríkissjóðs á að vera um rekstur sjúkrahúsa á landinu á móti sýslu- og bæjarfélögum, og eins þátttaka í stofnkostnaði þeirra. Þessi n., sem falið hefur verið að gera þetta, er að leita upplýsinga til þess að byggja athuganir og niðurstöður sínar á. En nú bregður svo við, að áður en n. er einu sinni búin að afla sér þessara upplýsinga, hvað þá að komast að niðurstöðu í málinu, þá er komið hér með frv., sem markar stefnu í málinu, þá stefnu, að eitt bæjarfélag vill losa sig alveg við útgjöld við að byggja og reka spítala hjá sér. — Mér virðist hins vegar það eitt vera skýlaust rétt að gera í þessu máli að bíða eftir áliti n. þeirrar, sem skipuð hefur verið samkv. þál. frá hæstv. Alþ. til að athuga þessi mál, áður en stefna er mörkuð um það, að ríkið eigi eitt út af fyrir sig að kosta spítala, bæði byggingu og rekstur, í læknishéruðum, og í þessu tilfelli á Akureyri. Og þegar það er komið, er fyrst tími til þess kominn að mínu áliti að athuga, hvaða heildarstefnu við tökum í málinu. Úr því að við höfum sett n. til þess að athuga málið, eigum við að bíða eftir upplýsingum frá henni, og það því fremur sem hún ætlar sér að ljúka störfum fyrir næstu áramót. En hvort það verður, get ég ekki fullyrt, því að menn hafa oft gert áætlanir, — þriggja daga áætlanir, átta daga áætlanir o. s. frv. —, sem svo hefur orðið að hvika frá. Og hvort líkt á sér stað um þessa n., skal ég ekkert segja. En mér virðist eiga að bíða í þessu efni eftir því, hvaða álit og upplýsingar þessi n. gefur út.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

23. Ríkisstuðningur við bæjar- og sveitarfélög til framleiðsluaukningar.

Á 49. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ríkisstuðning við bæjar- og sveitarfélög til framleiðsluaukningar (þmfrv., A. 374).

Á 59. fundi í Nd., 5. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Að undanförnu hefur allmikið verið rætt um þá þörf, sem á því er, að framleiðslutæki landsmanna verði aukin og endurnýjuð. Í því sambandi hefur verið bent allýtarlega á möguleika þjóðarinnar til framleiðsluaukningar, ef nægileg framleiðslutæki væru fyrir hendi og þeim beitt að því, sem þjóðin er bezt fallin til að framleiða. Í þessu sambandi hefur sérstaklega verið bent á að endurnýja fiskveiðaflota landsmanna. Öllum er kunnugt um það, hversu gífurlegt verkefni er þar fyrir höndum, svo úreltur sem flotinn er orðinn og ónógur. Hið sama er að segja um byggingu fiskvinnsluverksmiðja; þar er einnig um geysifjárfrekar ráðstafanir að ræða, en þörfin hins vegar brýn að ráðast í slíkar framkvæmdir.

Nú er það alveg sýnilegt mál, að ef endurnýjun fiskveiðaflotans á að geta farið fram svo fljótt sem æskilegt væri og bygging nægilega margra fiskvinnsluverksmiðja, þá er þörf á því, að hið opinbera aðstoði við þessar framkvæmdir. Reynslan hefur sýnt, að einstaklingar og félög eiga oft erfitt með að ráðast í slíkar framkvæmdir eins og nýsköpun framleiðslunnar svipað því, sem talað hefur verið um undanfarið, að nauðsynlegt væri, að á kæmist.

Ég býst við því, að það þurfi ekki að eyða mörgum orðum að nauðsyn þess, að fiskveiðaflotinn verði efldur og margar fiskvinnslustöðvar byggðar; hins vegar er það ekki jafnvíst, að menn séu sammála um það, hvaða leiðir eigi að fara til þess að styðja að því, að fiskveiðaflotinn verði endurnýjaður og verksmiðjur byggðar.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að farin sé sú leið, að ríkið veiti bæjar- og sveitarfélögum ríkisábyrgð fyrir lánum, sem tekin eru í þessu augnamiði. Svipaðar leiðir hafa verið farnar hér áður í ýmsum efnum og eru farnar enn í dag. Þar mætti nefna ábyrgð ríkisins fyrir lánum sveitarfélaga við að koma upp rafmagnsvirkjunum. Þar hefur ríkið talið nauðsynlegt að ganga í ábyrgð fyrir sveitarfélögin, til þess að hrinda í framkvæmd þessum mannvirkjum. Eins og það var nauðsynlegt í þeim efnum að veita ríkisábyrgð til framkvæmda, hygg ég að nauðsynlegt sé, að ríkið veiti ábyrgð fyrir lánum, sem sveitarfélögin kunna að taka til þess að endurnýja framleiðslutæki sín og til þess að breyta þeim í fullkomnara horf en þau eru nú í, því að þar er ekki síður um kostnað að ræða en við byggingu raforkuvera. Í grg. frv. er skýrt með nokkrum orðum, hvernig við flm. þessa frv. höfum hugsað okkur, að framkvæmdir yrðu í þessum efnum. Við höfðum hugsað okkur, að samþ. væri í einu lagi heimild handa ríkisstj. til að veita ábyrgð *sveitar- og bæjarfélögum, sem vildu ráðast í* framkvæmdir til eflingar framleiðslutækja hjá sér. En þetta er þó bundið við það, að sama sveitarfélaginu sé ekki veitt ábyrgð fyrir hærri upphæð en 5 millj. kr.

Eins og ég gat um, þá kann að vera, að menn greini nokkuð á um, hvaða leiðir ætti að fara til stuðnings við þessi mál, en það er alveg víst, að það er kominn tími til að benda á þær leiðir, sem telja má heppilegastar til þess að örva framkvæmdir einstaklinga og sveitarfélaga í þessum efnum. Ég hygg líka, að þessi leið, sem hér er bent á, sé að ýmsu leyti hentug til að koma í veg fyrir það, að aukning framleiðslutækjanna og framleiðslunnar sé að meira eða minna leyti unnin fyrir gýg, þannig að menn kaupi ónýt eða slæm tæki til framleiðslunnar.

Í frv. er gert ráð fyrir því að skipa fimm manna n., sem ætti að hafa eftirlit með ríkisábyrgðunum og sjá um, að fé yrði veitt til þeirra staða, sem vel eru fallnir til framleiðslu. Vitanlega getur það verið nauðsynlegt, að ríkið hafi hönd í bagga um það, hvaða framleiðslutæki verða keypt og hvar verksmiðjur verða byggðar. Ég fyrir mitt leyti er þess fullviss, að ef frv. nær samþykki, þá mun það verka á þann veg, að mörg bæjar- og sveitarfélög munu sækja um lán til þess að auka framleiðslu sína. Mörgum sveitarfélögum er það ljóst, að t. d. þau útgerðartæki, sem rekin eru þar stöðugt, eru úrelt til framleiðslu, þannig er það t. d. í fiskiþorpum úti á landi, þar sem mikill meiri hluti manna verður að stunda útgerð á opnum bátum. Þar hafa sveitarstjórnir skilið þörfina á því að nota sem bezt veiðitæki, en rekið sig á, að þau eru ekki fær um að eignast nýja stóra báta án aðstoðar frá ríkinu til þessara framkvæmda.

Ég sé ekki þörf á því að hafa fleiri orð um frv., en vildi óska þess, að sú n., sem fær málið til meðferðar, vildi greiða fyrir því eftir getu, því að hér er full þörf á að gera samþykkt um stuðning ríkisins hið allra fyrsta. — Ég óska þess svo, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

24. Hafnargerð á Akranesi.

Á 50. fundi í Sþ., 3. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um framlag úr hafnarbótasjóði til hafnargerðar á Akranesi og ríkisábyrgð fyrir láni í sama skyni (þmfrv., A. 380).

Á 60. og 61. fundi í Nd., 6. og 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 12. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Það hefur verið á það drepið í grg. þeirri, sem fylgir þessu frv., hve mikil og stór svæði eru í Faxaflóa, sem liggja mjög vel við til fiskisóknar þar. Reynslan hefur sýnt, að það eru mjög áhöld um fiskignægð á nyrztu og syðstu miðum flóans. En það hefur einnig sýnt sig, að það skiptir nokkuð miklu máli hvað einn meginþátt útgerðarinnar snertir, veiðarfæraeyðsluna, hvort sótt eru miðin við norðanverðan flóann frá Akranesi eða af Reykjanesskaga að sunnan. Reynslan undanfarin ár hefur sýnt, að veiðarfæraslitið er heldur minna við norðanverðan Faxaflóa en við sunnanverðan. Munurinn liggur í því, að við sunnanverðan flóann er ákaflega mikið hraun í botni, en á hraunbotni slitna veiðarfærin mjög mikið, og auk þess er straumurinn þar ákaflega mikill. Að norðanverðu er botninn miklu sléttari og ekki nærri jafnmikil föll í sjó. Þetta er þess vegna mjög mikilsvert atriði, þegar veiðarfæranotkunin er orðin jafnstór og veigamikill liður í útgerðinni eins og nú er. Ég vil taka þetta hér fram með sérstöku tilliti til þess, að hafnargerð er ákaflega veigamikill þáttur í því að greiða götu manna víðs vegar utan úr verstöðvum í landinu, til þess að geta notað hin fiskiauðugu mið í Faxaflóa á vetrarvertíðinni einmitt á þeim tíma, þegar lítil fiskivon er víða í verstöðvum annars staðar á landinu.

En til þess að Akranes geti orðið slíkur staður, að aðkomubátar geti átt öruggt innhlaup þar og fengið sæmilega aðstöðu, þarf miklar umbætur frá því, sem nú er, og þetta snertir jöfnum höndum þá menn, sem þar eiga heima, og þá, sem aðeins stunda þar útgerð.

Á Akranesi hefur undanfarin ár verið lagt stórfé í hafnarbætur, en þessar hafnarbætur hafa aðeins snúizt um að skapa afgreiðsluskilyrði fyrir báta og einnig fyrir stærri skip, sem bezt hefur sýnt sig í því undanfarnar vertíðir, að fiskiskip, sem hér hafa verið, hafa aðstöðu til þess að geta verið á Akranesi. En það, sem þarf að gera þar, er að skapa hafnarskilyrði fyrir örugga og góða bátalegu. Þetta hefur verið nákvæmlega athugað af vitamálastjórn, og er það til áframhaldandi athugunar.

Nú er svo komið, að gert er ráð fyrir, að með þeim fjárhagsgrundvelli, sem skapast, ef þetta frv. nær fram að ganga, þá sé hægt að koma í verk á Akranesi þeim umbótum, hvað örugga bátalegu snertir, að þar geti rúmazt í öruggri höfn fjöldi báta. Er það hugsað á þeim grundvelli að lengja hafnargarðinn og setja hliðarálmu frá honum í stefnu til lands, sem fyrirbyggir, að sjógangur geti valdið skemmdum eða bátar slitni upp á höfninni. Þar sem pláss þetta er nokkuð þröngt, verður að hafa sérstaka tilhögun á hagnýtingu legunnar, sem þegar hefur fengizt reynsla fyrir, að vel hefur gefizt bæði í Vestmannaeyjum og Keflavík.

Þess vegna felst í þessu frv. möguleiki fyrir að greiða götu þess, að fjöldi báta úr öðrum verstöðvum á landinu geti notað hin fiskiauðugu mið í Faxaflóa og einmitt þau, sem langsamlega auðveldast og ódýrast er að hagnýta.

Það hefur verið talað um landshöfn við Faxaflóa á öðrum stað við sunnanverðan flóann, en ég býst við eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um kostnað við þessa hafnargerð eins og hún er hugsuð, — það hafa legið fyrir tvenns konar áætlanir, önnur 16 millj., en hin 24 millj., — að það eigi svo langt í land að leysa það spursmál, að fiskimenn úr öðrum veiðistöðvum geti fengið aðstöðu til fiskveiða við Faxaflóa, að það ætti sannarlega að stuðla að að koma á þeim endurbótum á Akranesi, sem ég hef farið fram á í þessu frv.

Nú er það svo, að fjárveiting til hafnargerðar á Akranesi hefur verið með sama hætti og til annarra stærri hafna á landinu eða sem eru í sama flokki hvað þetta snertir og Akraneshöfn. Það er alveg rétt, að að þessu leyti hefur ekki verið tekið neitt tillit til þeirrar sérstöku aðstöðu, sem Akranes hefur til að leysa þetta mál á miklu breiðari grundvelli varðandi þá, sem gera út frá þessum stað. Till. mín er einmitt byggð á því, að fé sé veitt úr hafnarsjóði bæði með tilliti til þess, að þarna er fjárhagsaðstaða til að láta af mörkum fjárhæð, sem getur skapað fjölda manns aðstöðu til fiskveiða við Faxaflóa. Auk þess er um svo dýra framkvæmd að ræða, að mér finnst, að ef lagt er saman, hve framkvæmdin er dýr og hve almenn not fást af henni, þá sé fullkomlega eðlilegt að gera ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram hlutfallslega hærri fjárhæð til þessarar hafnargerðar en gert hefur verið að undanförnu.

Ég ætla þess vegna, að hv. d., sem fær þetta mál til meðferðar, geti fallizt á, að þetta frv. sé á fullum rökum reist og sá grundvöllur, sem hér hefur verið lagður, sé miðaður við málavexti mjög eðlilega. Hér er verið að leysa þarfir fjölda manna, því að ef þessar umbætur eru gerðar, getur rúmazt stór bátafloti á Akranesi. Aðstaðan á Akranesi er sú, að á hafnarsvæðinu er mjög mikið dýpi, og þess vegna eru framkvæmdir á hafnargerð þar ákaflega kostnaðarsamar, sem að því leyti er ókostur; hins vegar er þetta að því leyti kostur, að sú höfn, sem þarna yrði byggð, gæti fullkomlega svarað til þeirrar þróunar, sem við ætlum að verði á útgerðinni hér á landi, sem sé að þarna geti hafzt við stærri skip heldur en nú eru gerð út til fiskveiða hér á landi. Þetta er þess vegna að því leyti til kostur, eins og áður hefur verið sagt, sem gert yrði með þessum dýru framkvæmdum, því að jafnframt yrði séð fyrir þeirri framtíðarþróun á útgerðinni, sem yfirleitt er gengið út frá að muni verða hér á landi. Ég held þess vegna, að þar sem farið er fram á að veita fé úr hafnarbótasjóði, samræmist það fullkomlega þeirri hugsun, sem liggur til grundvallar hafnarbótasjóði, en það er að hrinda í framkvæmd varanlegri hafnargerð, sem getur haft varanlega þýðingu fyrir mjög mikinn hluta af bátaútgerð landsmanna. Við þau erfiðu skilyrði, sem nú eru og hafa verið á Akranesi, að því er öryggi á legu snertir,

þá hefur það sýnt sig, að þangað hefur verið mikil aðsókn víðs vegar að úr verstöðvum til þess að fá þar viðlegu, eins og það er kallað, yfir vetrarvertíðina. Það hefur orðið að standa á móti þessu, af því að við höfum ekki haft afgreiðsluskilyrði til þess að taka á móti mjög auknum bátaflota. Úr þessu hefur þó nokkuð verið bætt, þar sem á síðastliðnu vori var byrjað að byggja bryggju innan við hafnargarðinn, sem nú er verið að ljúka við, svo að nú þarf ekki að vísa eins mörgum bátum frá eins og hingað til af þeim ástæðum, að þar væri ekki aðstaða til að afgreiða þá. Hins vegar hafa engar úrbætur fengizt til þessa hvað það snertir að skapa öryggi fyrir báta, og hafa oft á tíðum slys borið að höndum af þeim ástæðum; bátar hafa slitnað upp af legunni og rekið á land og brotnað svo mikið, að nauðsynlegt hefur verið að hafa þá í viðgerð langan tíma, eða þá að þeir hafa eyðilagzt aðgerlega, eins og átti sér stað um einn bát á síðastliðinni vertíð. Úr þessu yrði bætt, ef sá fjárhagsgrundvöllur undir hafnarbætur á Akranesi fengist, sem lagður er með því frv., sem hér liggur nú fyrir hv. d. Vænti ég og veit, að hv. Alþ. muni verða mjög fúst til þess að líta á allar kringumstæður og greiða götu þess, að á þessum málum, sem hafa jafnmikla fjárhagslega þýðingu fyrir heildarbátaútgerð landsmanna eins og í þeim raunverulega felst, verði þannig tekið, að þau fái viðunandi lausn hér á Alþ. Það er að vísu mikið í ráðizt fyrir Akurnesinga, sem hafa nú með höndum hafnargerð, sem kostar mikið fé, — og verður kaupstaðurinn að bera ⅗ af þeim kostnaði, auk þess sem á honum hvílir enn skuld af hafnarmálum, — að leggja nú fram á næsta ári 1 millj. kr. í þessum tilgangi og taka auk þess að láni jafnháa upphæð úr hafnarbótasjóði. Að vísu geri ég ráð fyrir því, ef fjárhagsástæður breytast ekki á Akranesi, að þegar á næsta ári muni verða tekin með í útsvör veruleg upphæð til þess að ljúka greiðslum á þeim hluta, sem fellur í hlut kaupstaðarins að greiða. Að undanförnu hafa verið lagðar á um 400 þús. kr. í útsvör, sem eingöngu hafa verið látnar ganga til hafnarbóta á staðnum, en það nemur nokkru meira en ⅓ af þeirri upphæð, sem innheimt er með útsvörum á þessum stað. Sýnir það ljóslega, hvað Akurnesingar vilja á sig leggja fyrir þessar framkvæmdir á höfninni á Akranesi. En þrátt fyrir það, að mikið sé í ráðizt fyrir kaupstaðinn, þá veit ég, að hann hikar ekki við að leggja í þessar framkvæmdir, ef sá fjárstuðningur fæst, sem gert er ráð fyrir með þessu frv. Ég verð því að segja það, að það væri sannarlega betur af stað farið en heima setið með hafnarbótasjóð, ef fyrsta átakinu varðandi fjárveitingu úr sjóðnum yrði varið til framkvæmda, sem hafa jafnmikla og almenna fjárhagslega þýðingu fyrir bátaútgerðina á Íslandi eins og það áreiðanlega hefur, ef hægt væri að skapa þær hafnaraðstæður á Akranesi, sem möguleikar eru til með þessu frv. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál og vænti, að það fái góðar undirtektir. Ég hef alltaf átt að mæta fullum skilningi hér á Alþ., þegar ég hef átt að berjast fyrir hagsmunamálum Akurnesinga eða annarra, sem njóta hliðstæðra hagsmunamála, og eins vænti ég að fari í sambandi við þann fjárstuðning, sem farið er fram á með þessu frv. Að lokinni þessari umr. vil ég svo fara fram á, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn., því að það er alveg rétt, eins og kom fram hjá hv. þm. N-Ísf., að þessi frv., þetta sem hér liggur fyrir, og frv. til l. um breyt. á l. um hafnarbótasjóð, verður bæði að ræða samtímis, því að afdrif þessa frv., sem ég er frsm. fyrir, er á því byggt, að settar verði reglur um úthlutun fjár úr hafnarbótasjóði. Með öðrum hætti verður ekkert fé veitt úr sjóðnum, þar sem lögin mæla því í gegn, eins og þau eru nú. Ég vil svo aðeins bæta því við, að ég get fullkomlega látið það í ljós hér, að ef þessi fjárveiting fæst, þá verði, að óbreyttum kringumstæðum, árið 1946 sköpuð skilyrði fyrir allstóran bátaflota á Akranesi, svo að þar geti hafzt við bæði bátar frá Akranesi og einnig víðsvegar að úr verstöðvum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Launa- og kaupgjaldsgreiðslur.

Á 53. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um launa- og kaupgjaldsgreiðslur (þmfrv., A. 417).

Á 66. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 18. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Ég hef leyft mér að flytja hér frv. á þskj. 417 um launa- og kaupgjaldsgreiðslur. Ég býst við, að ýmsir hv. þm. líti svo á, að þetta frv. sé fram borið án þess að þörf sé á, enda hefur það komið fram í umr. síðustu dagana, að ýmsir hv. þm. telja ekki neina nauðsyn bera til að draga úr tilkostnaði framleiðslunnar eða lækka kaup- og launagreiðslur. En svo eru aðrir, sem telja þetta nauðsynlegt. Þeir líta svo á, að framleiðslan sé rekin með það miklum tilkostnaði, að mál sé til að draga úr þeim tilkostnaði á einhvern hátt. — Þetta frv. fer fram á, að laun eða kaup fyrir hvaða starf, sem vera skal, eða annað, sem dýrtíðaruppbót hefur verið greidd af, skuli reiknað með aðeins 90% af gildandi framfærsluvísitölu. Það jafngildir 17 vísitölustigum og

er aðeins 7,5% kauplækkun, vegna þess að grunnkaup er látið óskert.

Bændur hafa nú nýlega boðið fram lækkun á afurðaverði, sem nemur 9,4%, og það má þess vegna segja, að þetta frv. sé mjög í samræmi við það frv., sem liggur fyrir þessari hv. d. og er búið að ganga í gegnum tvær umr. og verður sennilega samþ. Í frv. er ekkert talað um lækkun á kaupgjaldi, heldur aðeins það, að bændur afsali sér 9.4% hækkun á afurðaverði. Og það er ekki nema eðlilegt, að frv. eins og þetta, sem ég nú hef flutt, komi fram á eftir hinu frv. Frv. það, sem ég áðan nefndi, um lækkun á afurðaverði bænda, er byggt á samþykktum búnaðarþings. Búnaðarþing gerði sínar samþykktir í trausti þess, að aðrar stéttir kæmu á eftir. Það var ekki sett að skilyrði af hendi búnaðarþings, að aðrar stéttir gæfu eftir af sínu kaupgjaldi, en það, sem búnaðarþing samþ., var gert í trausti þess. En þótt liðnar séu nú 3 vikur frá því er samþykkt búnaðarþingsins var gerð, þá hefur ekki borið á því, að verkamenn hafi komið og boðið fram lækkun á kaupgjaldi samsvarandi því, sem bændur gerðu. Hins vegar hafa borizt fréttir um það, að ýmis félög úti á landi hafi viljað hækka kaup meðlima sinna. Það er þó ekki vonlaust, að ýmis félög verkamanna eða þeirra, sem laun taka, vildu af sjálfsdáðum koma með tilboð um lækkun á kaupi eða launum. En þar sem ekkert hefur á þessu bólað, virðist ekki ástæða til að treysta því svo mjög. Og það er þess vegna, sem þetta frv. er fram komið, og það er þess vegna, sem ég tel nauðsyn á að leiða þessa lækkun í lög, til þess að fá samræmi í það annars vegar, sem bændur hafa gert, og hins vegar laun manna, og vegna þess, að það er þjóðfélagsleg nauðsyn að byrja nú þegar að draga úr tilkostnaði við framleiðsluna. Það er vitanlegt, að lækkunin, sem bændur hafa boðið fram, 9,4%, er stórt spor í áttina til þess að klífa niður dýrtíðarstigann. En það nær ekki tilgangi sínum nema aðrar stéttir komi með og lækki sitt kaup. 7,5% lækkun, eins og nú er, er ekki það mikil, að tilfinnanleg sé fyrir launþega og verkamenn. Það má miklu fremur segja, að það sé skynsamleg ráðstöfun af þeirra hendi, sem komi til með að borga sig í ríkum mæli, því að með því að bjóða þessa lækkun fram, tryggi þeir sér atvinnu í nútíð og framtíð og tryggi, að atvinnuvegirnir geti haldið áfram að starfa í fullu fjöri.

Það munu nú ýmsir segja, að þetta frv., ef að l. verður, verði óvinsælt og minni á gamla gerðardóminn og muni þess vegna ekki koma að gagni. En það eru aðrir tímar nú heldur en þegar gerðardómurinn var á ferðinni forðum daga. Það voru ekki beinlínis launþegar þá, sem sprengdu gerðardóminn. Það voru kannske miklu fremur þeir, sem keyptu vinnuna, atvinnurekendurnir sjálfir. Það var þá, þegar eftirspurnin var svo mikil eftir vinnuaflinu, að atvinnurekendurnir borguðu fyrir vinnuaflið meira en áskilið var eftir töxtum verkalýðsfélaganna. Það voru þess vegna þeir, sem hjálpuðu til þess að sprengja gerðardóminn. Og stærsti atvinnurekandinn og sá, sem mestan þátt átti í þessu, var setuliðið, sem aldrei virtist fá nægju sína. Undir þeim kringumstæðum var það eðlilegt, að erfitt væri að halda uppi þvingunarlöggjöf til þess að halda niðri kaupgjaldi. En nú er komið allt annað viðhorf. Nú er eftirspurnin eftir vinnuafli ekki eins mikil og hún var þá um tíma. Setuliðið er að færa saman seglin og hefur tiltölulega fáa menn í þjónustu sinni. Það er líka komið allt annað viðhorf í þessu efni frá sjónarmiði verkamanna. Það er vitanlegt, að farið er að færast mjög á seinni hluta styrjaldarinnar. Og það er vitanlegt, að það er voði fyrir dyrum, ef ekki verður nú þegar farið að klifra niður á við í dýrtíðarstiganum. Þess vegna er það víst, að ef þetta frv. verður samþ., þá er ekki svo mikil hætta á, að l. verði sprengd, og sízt af öllu af atvinnurekendum. Og það er ekki heldur ástæða til þess að gera ráð fyrir því að óreyndu, að í landinu sé svo mikið af fólki, sem ekki vill virða lög og rétt, sízt af öllu nú, fáum mánuðum eftir að lýðveldið hefur verið endurreist. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til að óttast um það, ef þetta frv. verður samþykkt, að þau l. verði ekki haldin.

Ég tel að sinni ekki ástæðu til að hafa lengri framsöguræðu um þetta. Frv. skýrir sig sjálft. Og ég óska, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og allshn.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Það er nú kannske í raun og veru óþarfi að taka nokkuð til máls um þetta frv. Það vita allir, að það er ekki flutt í þeim tilgangi, að það verði samþ., það er ekki búizt við því af hv. flm., heldur er tilgangurinn hjá honum með því sá að reyna að spilla fyrir þeim samkomulagsumleitunum, sem hafa nú átt sér stað milli flokka hér á þingi um myndun stjórnar. Það er vitað, að Framsfl. er ekki með í því samkomulagi og hann gerir allt, sem hann getur, til þess að spilla því, að slík samtök geti tekizt. Og í þessum samkomulagsumleitunum hefur verið talað um þessi mál, sem frv. þetta er um, og Framsfl. hefur áhuga fyrir því að láta sína menn — hvort sem þeir eru framsóknarmenn eða sjálfstæðismenn — reyna að spilla fyrir samkomulaginu, og í þeim tilgangi er þetta flutt. Og það er vitanlegt, að þetta frv. mun ekki ganga fram, og þess vegna er kannske ekki ástæða til þess að ræða þessa frumvarpsómynd. — En vegna þess, að bæði í frv. sjálfu og grg. þess og í þeirri ræðu einnig, sem hér var flutt af hv. flm. frv., hefur verið mælt af minnstu viti og minnstum rökum, sem gert hefur verið hér á Alþ. í sambandi við nokkurt frv., og má segja líka, að málstaðurinn, sem þarna er barizt fyrir, sé einna verstur, sem átt hefur sér stað í nokkru frv., sem hér hefur komið fram fyrir það fyrsta, — þá vildi ég leyfa mér að benda á, að það hafa engar till. komið fram frá atvinnurekendum um almennar kauplækkanir. Það virðist því undarlegt, að hv. flm. skuli setja í grg. þessa frv., að kaupgjaldsboginn sé þegar spenntur of hátt. Það virðist undarlegt, ef einhver maður, sem kunnugur er stórbændasjónarmiðum og talar

aldrei um landsmál nema frá slíku sjónarmiði, ef hann ætti að hafa meira vit og þekkingu á því, hvað kaupinu liði heldur en atvinnurekendurnir sjálfir. — Ég held, að það þurfi ekki annað en aðeins þetta til þess að sýna fram á, að hér tekur hv. flm. munninn nokkuð fullan. Hér er hann að ræða um mál, sem hann veit ekkert um og er alveg ókunnugur. Ef það væri rétt, að kaupið væri of hátt og atvinnuvegirnir þyldu það ekki, þá hlytu atvinnurekendur að hafa heimtað almenna kauplækkun. Það þarf ekki annað en benda á þetta til þess að sýna, að þetta er gripið úr lausu lofti og *stafar af því hyldýpi vanþekkingar, sem á sér stað* hjá hv. flm. í þessum efnum.

Þá er sagt í grg. frv., að þetta frv. sé mjög í samræmi við frv. til l. um breyt. á l. um dýrtíðarráðstafanir, sem meiri hl. fjhn. Nd. Alþ. flytur, og er sagt í grg., að þar sé lagt til, að bændur falli frá allt að 10% hækkun á afurðaverði. En það er nú ekki nema 9,4%, — það er ekki nema smávegis ónákvæmni hjá hv. flm. En hvernig er þessari lækkun á afurðaverði bænda varið? Þeir fá í staðinn hvorki meira né minna en margar milljónir í uppbætur, — og það er ekki einu sinni ákveðið, hve mikið. Þeir fá sex manna n. verðið fyrir alla sína framleiðslu, hvort sem hún er seld utan lands eða innan. M. ö. o., fyrir að sleppa hækkuninni tryggja þeir sér milljónastyrki, sem óvíst er, hvort annars fengjust. Það verður að taka tillit til þess, að kaupgjald er yfirleitt ákveðið á milli verkamanna og vinnuveitenda, og er alltaf bezt að láta þá komast að samkomulagi sjálfa. Aftur á móti vita allir, að ekki er um frjálsa sölu að ræða á landbúnaðarvörum. Þvert á móti heimta þeir, sem um verðið fjalla, þvingunarákvæði til að skrúfa verðið upp. Þó að oft sé sagt, að kaupið sé svo hátt, vita allir, að t. d. er kaup í Ameríku miklu hærra en hér. Við getum ekki verið miðdepillinn, sem allt snýst um. Það er eðlilegt, að verðið sé það frjálsa markaðsverð.

Það er talað um það í grg., að það verði öllum til blessunar, ef eitthvað verði gert til að lækka dýrtíðina, og það sé eina leiðin. Og það er sagt, að það verði að hætta togstreitu milli stétta og að allir verði að leggja fram sinn skerf. Hverjir eru þessir „allir"? Það eru ekki aðrir en launþegarnir. Svo er vísað til þess, að bændur hafi offrað nokkru, en það eru öfugmæli. Það voru hrein búhyggindi af bændum að gera það, sem þeir gerðu. En látum svo vera. Ef frv. væri svo samþ., þá kæmu fórnir frá verkamönnum. En hvar er fórnin hjá hinum? Þó að bændur og verkamenn séu fjölmennir, þá hafa með þeim ekki allir fórnað, og það er tvímælalaust, að þeir, sem engu er ætlað að fórna, gætu bezt þolað fórnir.

Frv., sem er látið líta svo út sem það eigi að koma réttu lagi á launakjörin, en er borið fram í þeim tilgangi að spilla fyrir stjórnarmyndun, er skrípi. Það getur aldrei náð samþykki nú, og væri sæmra fyrir Alþ. að láta það sofna strax og eyða ekki dýrmætum tíma þingsins í fánýtar umræður um svo vesalt mál.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Hv. síðasti ræðumaður talaði í svipuðum dúr og hann er vanur, og skyldi engan furða, þótt hann tali svo, því að það er vitanlegt, hvernig hann hagar máli sínu og getur sér til um hvatir manna. Hann segir, að frv. sé ekki flutt til þess, að það gangi fram, heldur til að spilla fyrir stjórnarsamvinnu. Stjórnarsamvinnan er á tæpri brún, ef þetta frv. getur eyðilagt hana.

Ræða hv. þm. gefur ekki tilefni til svara, því að um leið og hann brigzlar mér um vanþekkingu, auglýsir hann, að hann hefur ekkert vit á því, *sem um er að ræða. Hann hefur aldrei gert sér* það ljóst, að þjóðfélaginu stafar hætta af því, ef atvinnuvegirnir hætta að bera sig. Hvernig er það með útgerðina og frystihúsin? Þessum þm. dettur ekki í hug að muna það, að fiskverðið fer lækkandi. Samningar okkar í Englandi renna út um áramót, og Englendingar eru þegar farnir að gera út í stórum stíl. Og hvar stöndum við þá, ef við drögum ekki úr tilkostnaðinum? Það er kannske ljótt að segja það, en allt bendir til þess, að hann ætlist til, að atvinnulífið verði að stöðvast. Það er það, sem hann vill, til þess að geta svo sagt, að þetta þjóðskipulag sé ónothæft og við verðum að fá annað nýtt.

Þeir, sem kynnast þessum hugsunarhætti á Alþ., kippa sér ekki upp við, þó að þeir heyri ýmislegt.

Hv. þm. segir, að þetta frv. sé ekki í samræmi við frv. fjhn., því að bændur hafi með því tryggt sér fleiri millj. kr. styrki. Hvað kallar hann styrki? Að vöruverðinu sé haldið niðri innan lands?

Hv. þm. sagði, að kaup í Ameríku væri hærra en hér. Það er ekki rétt. Það er kannske eins hátt í einstökum hafnarborgum, en hvorki hjá útgerðinni, iðnaðinum né landbúskapnum. Þar er það miklu lægra en hér. Það má vera, að þm. hafi ekki vitað betur, en þá á hann ekki að fullyrða skilyrðislaust.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða við hv. þm. Ég er sannfærður um, að þetta frv. verður samþ., að þm. eru ekki svo ábyrgðarlausir að samþ. ekki slíkt, sem fer ekki fram á nema 7½% lækkun. Ef við getum ekki lækkað tilkostnaðinn við framleiðsluna, er óhjákvæmilegt, að hrun kemur í atvinnulífið. Allir, nema e. t. v. kommúnistar, vilja koma í veg fyrir þetta, og því hlýtur frv. að fá fylgi.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Hv. 2. landsk. þm. (ÞG) sagði, að þetta frv. væri flutt af framsóknarmönnum til þess að koma í veg fyrir stjórnarsamvinnu, og má segja, að allur málflutningur hans væri eftir þessu. Allir vita, að flm. er ekki í Framsfl. *(ÞG:* Með annan fótinn.) Ég verð að segja, að það er hæpinn málstaður hjá stétt, sem þarf að nota slíkan málsvara. Ræða þm. var frá upphafi eintómar fullyrðingar, eins og t. d. það, að af minnstu viti, minnstum rökum og verstum málstað væri frv. flutt.

Aðeins eitt ræddi þm. af viti. Hann minntist á, að tekið væri fram í grg., að allir ættu að leggja fram sinn skerf, og kallaði eftir skerf þeirra, sem helzt gætu látið hann. Ég er honum sammála í

því, að frv. gengur of skammt. Ég vil bjóða hv. þm. mína aðstoð, ef hann vill fullkomna frv. og bæta t. d. inn í það miklum eignarskatti frá þeim, sem mest hafa grætt á stríðinu. Ef frv. væri fullkomnað á þennan hátt með aðstoð okkar beggja, og það vona ég, að hv. flm. hafi ekki á móti, þá væri allt eins og hv. þm. telur, að eigi að vera.

Það er misskilningur hjá honum, að við eigum að hætta að ræða þetta vandamál. Látum frv. fara til n., og þá getum við undirbúið brtt., þar sem enn aðrir aðilar kæmu til greina að færa fórnir, eins og sjálfsagt er.

Hv. þm. vildi gera lítið úr boði bænda og sagði, að hjá þeim lægju hrein búhyggindi til grundvallar. Það er alveg rétt. Það eru búhyggindi af öllum að slá nú af sínum kröfum til að bjarga atvinnulífinu í landinu. Ef það eru búhyggindi af bændum, þá eru það búhyggindi fyrir okkur öll.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:8 atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Gjaldeyrir til kaupa á framleiðslutækjum.

Á 57. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um gjaldeyri til kaupa á framleiðslutækjum* (þmfrv., A. 446).

Á 68. og 69. fundi í Nd., 20. og 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 24. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Það er kunnugt, að íslenzkir bankar eiga nú allmikið fé erlendis í þeim löndum, sem við höfum haft skipti við síðustu ár. Sennilega jafngilda þessar inneignir bankanna nú a. m. k. 540 millj. ísl. kr., en skýrslur um hag bankanna gagnvart útlöndum í byrjun þessa mánaðar liggja ekki fyrir.

Í þessu frv., sem flutt er af mér og hv. 2. þm. S-M., er lagt til, að 85% af þeim fjárhæðum, sem bankarnir áttu inni utanlands 1. þ. m., verði lagt til hliðar eða fært á sérstakan reikning í bókum bankanna og að þennan gjaldeyri megi ekki selja öðrum en þeim, sem nota hann til kaupa á framleiðslutækjum og efni til þeirra gegn sérstökum leyfum viðskiptaráðs. Þær upphæðir, sem þannig yrðu lagðar til hliðar, ef frv. verður samþ., má gera ráð fyrir að jafngildi nálega 460 millj. kr. Eru þá eftir af inneignum bankanna erlendis um 80 millj. kr., sem mætti ráðstafa á annan hátt, m. a. til að ljúka að fullu þeim skuldum, sem landsmenn eiga nú óborgaðar utan lands.

Í grg. fyrir frv. er tekið fram, hvernig flm. ætlast til, að þessum gjaldeyri verði varið. Ef rekstur sjávarútvegsins verður með eðlilegum hætti næstu ár, má gera ráð fyrir, að mestur hluti þessa fjár verði notaður til kaupa á nýjum skipum og efni til skipa og á annan hátt til eflingar sjávarútveginum, svo sem til kaupa á vélum til verksmiðja og frystihúsa, sem vinna úr sjávarafurðum. Nýlega var haldið hér í Reykjavík þing farmanna og fiskimanna og frá því send áskorun til Alþ. um að lögfesta, að varið yrði a. m. k. 300 millj. kr. af inneignunum erlendis til þarfa sjávarútvegsins. Ef þetta frv. verður samþ., ætti að vera tryggt, að unnt verði að selja gjaldeyri, sem nemur þessari fjárhæð í íslenzkum peningum, þeim einstaklingum og félögum, sem vilja leggja fé í útgerð skipa og annað, sem lýtur að eflingu sjávarútvegsins.

Nokkrum hluta af gjaldeyrisinneignunum þarf einnig að verja til kaupa á landbúnaðarvélum, t. d. jarðræktar- og heyvinnuvélum, sem nauðsynlegt er að afla til þess að auka ræktun landsins og koma heyöflun landsmanna í það horf, að heyskapur á ræktuðu landi geti sem fyrst horfið úr sögunni. Það má líka vekja athygli á því, að hér þarf að koma upp áburðarverksmiðju og ýmsum fleiri iðnfyrirtækjum. Allt þetta kostar erlendan gjaldeyri, en þó mun ekki þurfa nema lítið af þeirri heildarupphæð, sem hér um ræðir, til að fullnægja þörfum landbúnaðarins að þessu leyti. Má gera ráð fyrir ýmsum nýjum iðnfyrirtækjum auk þeirra, sem þegar hafa verið nefnd, ekki sízt rafveituframkvæmdum, sem hljóta að hafa í för með sér mikinn efnisinnflutning á næstu árum, og eyðast því vafalaust háar fjárhæðir í erlendri mynt til þeirra hluta.

Það er tvennt til um meðferð þess fjár, sem þjóðin á nú erlendis. Það er hægt að verja mestum hluta inneignanna til eflingar atvinnuvegunum, í þágu sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar á þann hátt, sem stefnt er að með þessu frv. Það má líka nota þær til daglegrar eyðslu og éta þær upp á skömmum tíma. Það er óneitanlega nokkur hætta á, að svo geti farið, ef engar slíkar ráðstafanir verða gerðar í þessum efnum. Það er því miður ástæða til að óttast verðfall á útfluttum afurðum okkar áður en langt um líður eða að það verði samdráttur í útflutningsframleiðslunni, af því að hún ber sig ekki, og þar af leiðandi greiðsluhalli við önnur lönd. Þá er hætta á því, að gjaldeyririnn eyðist á skömmum tíma til kaupa á daglegu brauði handa landsmönnum. Þannig má þetta ekki verða. Þjóðin verður að vinna fyrir sér, en má ekki nota þessar inneignir til daglegrar eyðslu. Við, sem flytjum þetta frv., teljum nauðsynlegt, að reynt verði að hindra það, að inneignirnar eyðist á þennan hátt, og því leyfum við okkur að flytja þetta frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vísa til grg., og vil leyfa mér að mælast til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Eins og kunnugt er af ræðu þeirri, er ég flutti f. h. ríkisstj. s. l. laugardag, er það einn meginþáttur í stefnu stjórnarinnar að tryggja, að allir Íslendingar geti haft atvinnu við sem arðvænlegastan atvinnurekstur. Og í því skyni að ná þessu marki lagði ríkisstj. til, að af inneignum erlendis séu 300 millj. kr. lagðar á sérstakan reikning hjá bönkum innan lands og megi ekki verja því fé til annars en þeirrar endursköpunar, sem stjórnin gerði nánari grein fyrir, aðallega til kaupa erlendis og smíða hérlendis á framleiðslutækjum til að breyta og bæta framleiðslu manna til lands og sjávar. Enn fremur er þess að vænta, að n., sem ríkisstj. hefur sett til að rannsaka þessi mál og gera tillögur um annan gjaldeyri erlendis, skili áliti um þau efni innan eigi langs tíma. Ég leyfði mér að staðhæfa, að ríkisstj. teldi þetta meginmál sitt og mundi leggja áherzlu á að hrinda því í framkvæmd.

Um það frv., sem framsóknarmenn hafa lagt hér fram, vil ég ekkert segja nema lýsa ánægju minni yfir því, að sá flokkur skuli vera sammála ríkisstj. í meginatriðum málsins. Ég sé ekki ástæðu til að ræða á þessu stigi málsins, hvort einhverjir innan ríkisstj. vildu hnika til einhverjum þeim ákvæðum, sem lagt er til að setja í frv., en veit, að öll ríkisstj. mundi fagna því, ef hægt væri að ná um málið allsherjarsamkomulagi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Störf fiskimálanefndar.

Á 61. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um að fela stjórn Fiskifélags Íslands störf fiskimálanefndar* (þmfrv., A. 476).

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. — L. um fiskimálan., útflutning á fiski og hagnýtingu markaða voru sett fyrst, að ég hygg, árið 1935. Síðan hefur þessum l. verið breytt nokkuð, fyrst 1937 og síðan 1940, og snerta þær breyt. eingöngu stjórn fiskimálasjóðs, eða þeirrar stjórnar, sem fer með þessi mál undir umsjón atvmrh.

Upphaflega var ákveðið, að 7 manna n. skyldi standa fyrir framkvæmd þessara l., svokölluð fiskimálan. Eftir 1940 var fækkað mönnum í n. þannig, að hún er ekki skipuð nema 3 mönnum eftir tilnefningu þriggja stærstu flokkanna á Alþ., og sú skipun á n. helzt enn þá. Starfssvið þessarar n., eða tilgangur þeirrar löggjafar, sem hér er um að ræða, er að ýmsu leyti mjög mikilsverður, því að fiskimálasjóður var m. a. stofnaður í þeim tilgangi að stuðla að ýmiss konar nýbreytni í verkun fiskafurða hér á landi með því að stuðla að því, að komið væri upp hraðfrystihúsum hér, fisknýtursuðu, og stuðla að því að leita nýrra markaða og breytinga í veiðiaðferðum, og svo loks að stuðla að því að leita nýrra fiskimiða. Þetta eru allt mjög mikilsverðir þættir í þróun annars aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, þ. e. fiskveiðanna. Nú hefur á undanförnum árum eðlilega orðið nokkurt hlé á störfum þessa sjóðs. Eins og kunnugt er, hafa leiðir lokazt um skeið með eðlilegum hætti við ýmis lönd, sem við áður skiptum við og renndum hýrum augum til í þeirri von að geta aukið markaði okkar og fengið greiðari samgöngur. Af þessum ástæðum hefur ekki verið hrundið í framkvæmd nema tiltölulega fáum þáttum á þessu sviði atvinnulífsins, sem þarna átti að stuðla að á þessu tímabili.

Nú, þegar virðist rofa til í styrjaldarblikunni og menn gera sér vonir um, að þessum hildarleik ljúki, kemur að sjálfsögðu aftur að því, að hefjast verður handa um störf, og margt, sem gerzt hefur á styrjaldarárunum, bendir til þess, að greiðari gata ætti að vera fyrir Íslendinga að hrinda í framkvæmd ýmsum þeim umbótum, sem fjallað er um í þessum l., en áður var. Er að þessu vikið í grg. fyrir þessu frv., svo að mér þykir ekki ástæða til að fara hér nánar inn á það á þessu stigi málsins. Nú þarf sú starfsemi, sem fiskimálan. er ætluð á þessu sviði og fyrst og fremst er fólgin í því að vekja áhuga hjá útgerðarmönnum og sjómönnum víðs vegar um landið, að stuðla að því, að þeir séu vakandi á verðinum í þessum efnum, og veita þeim þá fræðslu, sem nauðsynleg er á þessum hlutum. Og svo í áframhaldi af því, þegar áhugi fyrir þessu hefur verið vakinn, þá getur fiskimálasjóður hlaupið undir bagga og veitt þann fjárhagslega stuðning, sem nauðsynlegur er til viðbótar þeirri fjárhagsgetu, sem einstaklingar og félög hafa á þessu sviði.

Ég hef lagt svo til í þessu frv., að stjórn Fiskifélags Íslands sé falin framkvæmd þessara l., og er það gert með sérstöku tilliti til þess viðhorfs, sem nú er í þessu máli, þ. e. aukinnar starfsemi á þessu sviði. Fiskifélag Íslands er áhugafélagsskapur, sem að vísu hefur ekki verið í jafnföstum skorðum út um byggðir landsins að undanförnu og nauðsynlegt hefði verið. Nú hefur nýlega orðið breyt. á þessu, með því að eftir þeim breyt., sem gerðar voru á l. Fiskifélagsins á síðasta fiskiþingi, eru deildir hvarvetna starfandi innan félagsins í verstöðvum landsins. Auk þess hafa þessar fiskifélagsdeildir með sér svokölluð fjórðungasambönd, þar sem rædd eru sameiginleg áhugamál deildanna, og

loks eru kosnir fjórðungasambandsmenn til að mæta á fiskiþingum og bera fram óskir og gera ályktanir í þessum málum. Eins og Fiskifélag Íslands er nú byggt upp, þá leiðir af sjálfu sér, að stjórn þess er kjörinn aðili til þess að standa fyrir málum, sem l. um fiskimálasjóð gera ráð fyrir, að unnið sé að. Ég ætla, að það sé gerð góð grein fyrir þessu í grg. frv., svo að ég sé á þessu stigi málsins ekki ástæðu til að fara nánar inn á þetta atriði.

Ég vil bæta því við, að þetta frv. tekur ekki nema til annars þáttarins af breyt. þeim, sem vikið er að hér að framan, að gera þurfi á l. Það er um skipun þeirrar n., sem á að standa fyrir framkvæmd l. En hinn aðalþátturinn í þessari löggjöf er sá, að fiskimálasjóður hafi það fjármagn, sem nauðsynlegt er til þess að sinna þessum mikilsverðu verkefnum, sem nú blasa við okkur: að leita nýrra markaða og breyt. á verkunaraðferðum í sambandi við það, leita breyt. og endurbóta á veiðarfærum og svo loks að hefja leit að nýjum fiskimiðum. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því, að enn þá eru ónumin fiskigrunn á hinu stóra fiskveiðasvæði, sem liggur kringum allar strendur þessa lands. Það er því meiri ástæða til að sinna þessu máli, sem búast má við því, samkvæmt fenginni reynslu, að erlendur fiskifloti flykkist hér inn á miðin, sem, eins og reynsla hefur þegar fengizt fyrir, getur e. t. v. haft þær afleiðingar, að nokkuð dragi úr fiskveiðum á hinum þekktu fiskimiðum. Til þess að fylla í þau skörð og halda við eðlilegri þróun í þessari atvinnugrein þjóðarinnar, er vitanlega bráðnauðsynlegt, að leitað sé eftir nýjum fiskimiðum hér við strendur landsins.

Það væri mjög æskilegt að efla fjárhagsaðstöðu fiskimálasjóðs frá því, sem nú er. Samkv. reikningum fiskimálasjóðs í árslok 1943, voru í sjóðnum 2.300.000 kr. Höfuðstóllinn stendur að miklu leyti í útlánum víðs vegar til frystihúsa og annarra slíkra framkvæmda. Það leiðir því af sjálfu sér, að til þess að geta til fulls sinnt þeim margbreyttu verkefnum, sem nú blasa hér við í sambandi við verkun og sölu fiskafurða og þess alls, sem ég hef minnzt hér á, er nauðsynlegt, að fiskimálasjóður verði verulega efldur frá því, sem nú er. Mér þótti ekki fært, þegar ég bar fram þetta frv., að taka inn í það bein ákvæði um fiskimálasjóð. Eins og þar segir, stendur nú yfir undirbúningur að afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár, og ekki er enn séð, hvaða afstöðu Alþ. tekur til tekjuöflunar til þess að mæta nýjum útgjöldum, en á því veltur, hvort kleift reynist að efla fiskimálasjóð eða ekki. Þótti mér því rétt að láta athuganir á þessu bíða þess, að betur sæist, hvað ofan á yrði í þessum efnum.

Mér þykir svo á þessu stigi málsins ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þetta frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

28. Vatnalög.

Á 61. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923* (þmfrv., A. 482).

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Vatnalögin, sem sett voru 1923, voru vel og vandlega undirbúin á sínum tíma, enda hafa ekki miklar breyt. verið gerðar á þeim síðan, sízt um stærstu atriðin. Þau hafa lítt komið til framkvæmda um vatnavirkjanir. Stærstu orkuverin, við Sog og Laxá, hafa verið reist án vatnsmiðlunar og án þess að af hlytust nokkur teljandi landspjöll. Með vatnal. er gengið vandlega frá því, að ekki sé hægt að bregða fæti fyrir vatnsvirkjanir og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir, þótt landspjöllum valdi. Og í öðru lagi, að eigendur þessa lands og þeir, sem verða fyrir sérstökum átroðningi, fái skaða sinn að fullu bættan. Frá þessu er mjög vandlega gengið í l. Og við þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið að þessu, hefur ekki komið í ljós, að þar hafi verið neinir ágallar á.

En nú hefur svo farið, þegar þriðja mannvirkið var reist, sem verið er að vinna að, Skeiðsfossvirkjunin, þá er fyrirhuguð mikil vatnsmiðlun, sem eyðileggur eða stórspillir öllum jörðum, svo að það er óhætt að segja, að það er mjög mikið alvörumál fyrir það sveitarfélag, sem fyrir þessu verður. — Eins og ég sagði áðan, þá er eftir löggjöfinni, eins og hún er nú, leitazt við að tryggja, að ekki sé hægt að hindra almennar framkvæmdir og réttur einstaklinga til bóta tryggður í þessum efnum. Aftur virðast sveitarfélögin hafa gleymzt. Og við vatnsmiðlun, þegar stór landssvæði eru tekin undir vatn, má alltaf búast við, að það taki til margra jarða, og sú hefur líka reyndin orðið á. — Nú gera l. ráð fyrir, að þeir menn, sem fyrir þessu verða, eigi sinn kröfurétt á bótum. Og ég ber út af fyrir sig ekki kvíðboga fyrir því, að þessir menn fái ekki skaða sinn bættan. En við skulum hugsa okkur, að eigandi einnar jarðar eða eigendur fleiri jarða, sem fyrir tjóni hefðu orðið vegna vatnsmiðlunar, flyttu sig og settust að í öðrum sveitarfélögum. Hann eða þeir fá sinn skaða bættan, sína peninga greidda. En setjum svo, að jörðin eða jarðirnar þyki svo lítils virði eftir þetta, að það verði til

þess, að hún eða þær fari í eyði, af því að jörðin eða jarðirnar eru rýrðar og kannske hálfeyðilagðar. *Og ef enginn ábúandi fæst á þær, þá missir sveitarfélagið þar með gjaldendur.* — Það getur verið þannig í slíkum tilfellum, að maður, sem á slíka jörð, sé kannske kominn á gamals aldur og vilji ekki leggja í þær jarðabætur, sem þarf til þess að bæta jörðinni þau landspjöll, sem hún hefur orðið fyrir, og flytji því burt úr sveitinni með sína peninga, sem hann hefur fengið í skaðabætur. — Þetta er gloppa á vatnal., sem nauðsynlega þarf að bæta. Þó að þetta sé nokkuð einstakt í sinni röð hjá okkur, eins og nú standa sakir, þá verðum við að hugsa til þess, að hér á landi verði í framtíðinni miklar vatnsvirkjanir og miklar vatnsmiðlanir í sambandi við þær. Megum við þá búast við, að auðveldlega geti svo farið, að ekki aðeins Fljótin verði fyrir barðinu á þessu, heldur mörg önnur sveitarfélög og jafnvel enn tilfinnanlegar en hér hefur átt sér stað. Það er því full ástæða til þess hér á hæstv. Alþingi að taka þessi atriði að nýju til athugunar.

Ég vil ekki fullyrða, að sú breyt., sem við höfum hér lagt til, sé það eina, sem til mála geti komið. Það má vel vera, að það megi ná þessu með öðrum leiðum. Og ég er fús til þess að ræða við hv. allshn., sem ég geri ráð fyrir, að málið fari til, um breyt. á þessum till., sem í frv. eru, sem kæmu að betra haldi. Aðalatriðið, sem fyrir okkur flm. vakir, er, að við viljum ekki á neinn hátt bregða fæti fyrir þær virkjanir, sem nauðsynlegar eru. Við viljum ekki heldur skerða rétt einstaklinga, þannig að þeir fái ekki sínar bætur, og við viljum reyna að gera þeim svo lítið ógagn sem mögulegt er. En við teljum rétt og skylt að gera kröfu til þess, að því sé hagað þannig, að sveitarfélagi, sem verður fyrir tjóni vegna vatnsvirkjana, verði ekki komið í fjárhagsleg vandræði og öngþveiti, sem ófyrirsjáanlegt er, hvaða áhrif kann að hafa. Og þetta gildir ekki aðeins viðkomandi sveitarfélag, heldur einnig viðkomandi sýslufélag, því að ef eitt sveitarfélag kemst í fjárhagslegt öngþveiti, bitnar það á sýslufélaginu, sem það sveitarfélag er í, þar sem sveitarfélagið er einn aðili og gjaldandi sýslufélagsins.

Ég vil þess vegna vænta þess, að þetta mál verði gaumgæfilega athugað. Þetta er alvörumál, því að þó að það í svipinn snerti ekki nema eitt sveitarfélag, þá getur svo farið, að það snerti mörg sveitarfélög áður en lýkur. Og bezt er þá í þessu efni að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í, — það er bezt að gera ráðstafanir, sem tryggja ekki aðeins einstaklinginn, heldur líka sveitarfélagið að þessu leyti.

Legg ég svo til, að málinu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 482, n. 676).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð. Ég get skírskotað til nál. á þskj. 676 um afstöðu meiri hl. n. til málsins. Hv. 2. landsk. gat ekki orðið sammála n. um afgr. frv., og hygg ég, að hann muni gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins, en hann telur frv. óþarft. Hins vegar sýnist meiri hl. n. málið þannig vaxið, þótt ekki sé búið að ganga frá því, að það kunni að snerta það mikið hagsmuni þessara tveggja sveitarfélaga, sem virkjunin kemur til með að hafa áhrif á, þ. á m. sumar jarðir stórvægilega, að ekki sé annað hægt af þingsins hálfu en að tryggja eitthvað betur en gildandi löggjöf gerir hagsmuni þessara sveitarfélaga, því að eftir því, sem kunnugir menn telja, þá hefur þetta svo mikil áhrif á fjárhag og afkomu sveitarfélaganna, að það er því nær óhjákvæmilegt að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem bæta sveitarfélögunum að einhverju leyti upp það tjón, sem þau kunna að bíða af virkjuninni, meira en skylt er að gera eftir núgildandi l. Það er á engan hátt verið að sveigja að þeim, sem þessar framkvæmdir annast. Þeir hafa þar farið að lögum, og við því er ekkert að segja.

Annar tilgangur okkar meiri hl. n. er sá, ef skyldi nú verða annað fyrirkomulag á slíkum málefnum í framtíðinni, að tryggja það, að til þess komi ekki, þegar samningar eru gerðir um slíkar framkvæmdir, að hagsmunum sveitarfélaganna sé þá ekki vel borgið með slíkum samningagerðum, og tryggt verði, að það megi heppnast, ef þeir einstaklingar, sem slíkar framkvæmdir snerta, sveitarfélög og ríkið sjálft, eiga þar hlut að máli og geta alveg tryggt þessa hagsmuni, áður en til framkvæmda er ráðizt.

Ég held líka, að það sé með mestu forsjá gert að hafa löggjöfina þannig úr garði gerða, að ekki sé mikil hætta á því, að það geti endurtekið sig, að hið opinbera þurfi að hlaupa undir bagga, eftir að ráðizt hefur verið í framkvæmdir, og þessu til áréttingar flytur meiri hl. n. þessa brtt. við frv.

3. liður brtt. snertir aftur á móti þá einstaklinga, er kunna að verða fyrir þungum búsifjum. Við viljum, að þeir hafi frjálsræði til að velja um, hvort þeir dvelja í sveitarfélaginu áfram eða kjósa sér fremur að starfa utan þess. Því að það getum við ekki fallizt á, að sett sé slíkt haft á frjálsræði manna, að þeir séu af fjárhagslegum ástæðum bundnir og geti sig ekki hreyft, enda mun það ekki vera meining hv. flm., að þetta ákvæði sé skilið á þennan hátt. En við viljum með þessari brtt. taka af allan vafa um, að menn séu frjálsir að því, hvort þeir nota þessa fjármuni, sem þeir kunna að fá fyrir sínar jarðir heima í sveitinni, eða flytja búferlum og taka upp störf annars staðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar af hálfu meiri hl. nefndarinnar.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég hef ekki skilað sérstöku áliti um þetta mál og mun láta mig það litlu skipta. Ég vil þó ekki láta hjá líða að

benda á, að farið er inn á varhugaverða braut, ef þessi l. verða samþ. og farið verður eftir því, sem meiri hl. n. leggur til.

Það, sem mér í fyrsta lagi þykir mestu máli skipta, er það, að ég tel mjög óréttlátt, ef menn, sem eiga jarðir, er fara undir vatn, eins og hér er um að ræða, mega ekki hafa umráðarétt yfir því fé, sem þeir fá með samkomulagi eða beinu mati, ef aðeins vatnsvirkjun er framkvæmd. Hugsum okkur t. d., að þannig stæði á, að tveir menn ættu jarðir í sömu sveit. Annar maðurinn selur jörð sína fyrir ákveðið verð og getur farið með andvirðið eins og sína eign. Hinn maðurinn, aftur á móti, sem er ekki heppinn, má ekki ráðstafa því fé, sem hann getur fengið fyrir sína jörð, og mundi hann þá vafalaust telja sig mjög illa leikinn.

Í öðru lagi, ef farið er hér inn á þessa braut, dregur það mikinn dilk á eftir sér fyrir ríkissjóð. Hjá því verður ekki komizt, því að svo er ráð fyrir gert, að maður, sem þannig selur jörð sína eða missir undir vatn, eigi heimtingu á bótafé til að koma upp nýbýli á betri stað innan sama þjóðfélags. Allir sjá, að ef ekki verður um þetta samkomulag, sem alltaf getur komið fyrir, og maðurinn getur svo krafizt þess, að jarðakaupasjóður ríkisins taki við jörðinni með þeim skyldum, sem slíku fylgja, fyrir það matsverð, sem miðað er við bændur, — getur svo farið, að ríkissjóði verði bundinn þungur baggi. Tökum dæmi úr Fljótum. Þar hefur farið fram undirmat á þeim jörðum, sem hafa farið í vatn. Matið er 13 þús. kr. á nokkrum jörðum, en vitanlega hefði eigendunum ekki dottið í hug að selja þessar jarðir fyrir tveimur árum, með húsbyggingum og öllu, fyrir meira en helming þess fjár, sem nú er metið, að fari undir vatn. Og það, sem segir í grg., að hér sé um landspjöll að ræða, er hreinasta vitleysa, heldur er aðeins um að ræða skika af hverri jörð. Allar þessar jarðir eru byggilegar áfram, og ég er viss um, að ekki þarf að minnka bú á neinni þeirra. Þetta í nál. er því talað af eintómri vanþekkingu.

Það er því tvennt, sem mér finnst mestu máli skipta. Annars vegar óréttlæti gagnvart þeim mönnum, sem kunna að missa jarðir sínar, og svo hins vegar, að ef farið verður inn á þessa braut, er óhætt að reikna með því, að um stór útgjöld geti orðið að ræða, því að þótt talað sé um það hér í nál., að ætlazt sé til, að það verði ekki svo í framtíðinni, mun þetta vissulega draga dilk á eftir sér fyrir ríkissjóð.

Ég veit, að hérna liggja á bak við mismunandi lífsskoðanir. Það eru til menn, sem álíta, að miða eigi alla atvinnu landsmanna við landbúnaðinn. Með því standi og falli landsmenn. Hins vegar er það skoðun annarra, að við eigum að byggja á sjávarútveginum.

Án þess að ég vilji eyða meiri tíma, vil ég minna á, að þar sem verið er að tala um, að þetta geti komið svo þungt niður á sveitarfélaginu í sambandi við virkjunina, þá er það svo í Fljótum, að þótt þar rýrni búrekstur á þremur eða fjórum jörðum, þá koma þessir vélaverðir til með að borga hærra útsvar en þessir bændur allir saman, svo að sveitarfélagið kemur til með að græða á þessu. Ég vil því eindregið leggja til, að þetta vanhugsaða frv. verði fellt.

Jón Sigurðsson: Út af orðum, sem hér féllu frá hv. minni hl., sé ég mig til neyddan að segja nokkur orð.

Ástæðan til, að hann var á móti frv., var sú, að það væri óréttlátt, að einn maður fengi ekki að ráðstafa öllu sínu fé, ef hann missir sitt land að miklu leyti, en svo hefur annar fullan ráðstöfunarrétt. En þar sem hann var að vitna í 1. gr., þá vil ég benda á, að hann las ekki upp alla gr., hann sleppti seinni partinum, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú fær jarðareigandi, sem verður að flytja af ábýlisjörð sinni af framan greindum ástæðum, ekki jarðnæði eða treystist ekki til að halda áfram búrekstri á sama sveitarfélagi, og hann á þá kröfu á, að jarðakaupasjóður ríkisins taki við jörðinni ásamt geymslufé hennar, með þeim skyldum, er því fylgja, fyrir það matsverð, sem bæturnar voru miðaðar við.“

M. ö. o., undir þessum kringumstæðum fær hann verðið til ráðstöfunar, það er því aðeins, að hann hugsi sér að halda áfram búrekstrinum, því að þá er ætlazt til, að hann verji þessu fé til að koma jörðinni í lag. Þetta sýnist mér ekki óeðlileg krafa, og ég held, að menn þurfi ekki að kvarta undan því að öllu jöfnu.

Að þetta sé mikill baggi fyrir ríkissjóð, fæ ég ekki heldur séð. Fyrst og fremst er það ekki á hverjum degi, að slíkt gerist. Í öðru lagi er bagginn sá, að ríkið tekur við jörðinni og bótafénu, en geldur manninum sem því svarar. Þetta er aðeins gert til þess, að einstaklingurinn verði ekki fyrir skakkafalli. Þetta er þess vegna ekkert annað en það, sem algengt er og er í alla staði eðlilegt, þar sem slíkar framkvæmdir verða ekki gerðar nema ríkið samþ. Það er því í alla staði eðlilegt, að þegar slík löggjöf yrði í gildi framvegis, þá mundi verða athugað í hvert skipti, hversu þessu yrði ráðstafað og á hvern hátt það verði tryggt, að ríkissjóður verði fyrir sem minnstum halla af þessu. Ég held því, að hvernig, sem á það er litið, þá geti þetta ekki orðið ríkissjóði tilfinnanlegur fjárhagslegur baggi, því að þarna koma verðmæti á móti, bæði peningar og jarðeignir. Það væri þá aðeins með því móti, að ríkið sé ófærara en aðrir til að koma sínum fjármunum í verð.

Út af því atriði, sem hv. 2. landsk. ræddi um, að ástæðulaust væri að kvarta undan þessu þar norður í Fljótum, því að eftirlitsmenn þeir, sem þarna mundu koma, mundu jafnvel greiða hærra útsvar en þeir bændur, sem nú eru allar líkur til, að verði að rekast þarna í burt, þá er þetta mikil fjarstæða, af þeirri ástæðu, að ef þær jarðir, sem þarna er um að ræða, leggjast í eyði, þá eru hinar jarðirnar þannig settar, að langmestar líkur eru til þess, að þær verði svo einangraðar, að þær verði yfirgefnar líka, og ef hv. 2. landsk. er kunnugur í Fljótum, þá veit hann, að þarna er um að ræða fleiri en tvær jarðir. Enn fremur má líka benda á það, sem er

ekki einskis vert fyrir aðrar sveitir, að þarna sé eyðilögð góð og samfelld byggð. Nú á að veita í fjárl. stórfé á okkar mælikvarða til að gera veg yfir Lágheiði milli Stíflu og Ólafsfjarðar. Ef þessi framkvæmd, sem hér er um að ræða, yrði til þess, að Stíflan færi í eyði, má öllum vera ljóst, að a. m. k. þessi leið verður ólíkt torfærari en annars mundi verða, því að þá er mörgum sinnum lengra á milli bæja og leiðin hættulegri.

Það er þess vegna að mínu viti allt, sem styður að því, að þessari byggð sé haldið þarna, auk þess sem þetta hefur verið kallað hingað til með albeztu byggðum útsveitis.

Hv. þm. segir, að það séu aðeins smásneiðar, sem þarna eyðileggjast. Það er erfitt að rökræða slíkt, hvað menn kalla sneiðar. En það er þannig, að þarna fer engið allt á sumum jörðunum og nokkur partur af túninu með, og þetta eru taldar með albeztu engjajörðum á Íslandi. Það eru véltæk flæðiengi, sem að heygæðum jafnast á við tún eins og þau gerast upp og ofan, gulstararengi. Þó að þetta sé ekki flæmi miðað við landareignina í heild, þá má ekki miða við það, heldur verður að meta það eftir gæðum landsins. Því miður hef ég ekki við höndina skýrslu um þetta, en Pálmi Einarsson ráðunautur mældi þessar jarðir eftir kortum herforingjaráðsins, sem verkfræðingarnir notuðu, sem sáu um virkjunina, og reiknaði út, hvað mikið land *þarna færi undir vatn með þessari stífluhæð*, svo að hver getur séð, sem lítur á kortið, en eftir þeim upplýsingum er hér ekki um smáræði að ræða.

Mér þykir leitt, að þessi hv. þm. skuli snúast á móti þessu máli. Það er ástæðulaust af honum, því að með frv. er alls ekki verið að snúast gegn hagsmunum Siglufjarðar eða Skeiðfossvirkjunarinnar. Þó að sú framkvæmd gangi mjög á hluta þessara jarða í Fljótum, þá vitum við flm. frv., að um það þýðir ekki að fást, en við viljum með þessu frv. reyna að gera úr þessu það bezta, sem unnt er, svo að hagur sveitarfélagsins sé ekki fyrir borð borinn og þeirra bænda, sem þarna búa og ekki er annað að sjá en verði nú reknir burt, ekki ofan í sveit, heldur til Siglufjarðar eða Ólafsfjarðar, þar sem þeir mundu gerast góðir borgarar, en jarðirnar færu í eyði. Í þessari sveit eru tíu höfuðból og fjórar hjáleigur, sem liggja undir þessar jarðir, en fremstu jarðirnar snertir þetta ekki neitt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það er örfá orð. Ég er í aðalatriðunum samþykkur þeirri hugsun, sem kemur fram í frv., að bæturnar, sem fást fyrir landsspjöll á þessum jörðum, gangi til að tryggja sveitina og eins þær bætur, sem fást fyrir jarðrask, sem orðið er. Ég stóð samt upp út af öðru atriði. Mér hefur skilizt á umræðum um þetta frv., að það væri að verulegu leyti flutt vegna virkjunar Fljótaár og vegna þeirra landsspjalla, sem þar hafa orðið og gert er ráð fyrir, að verði. Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. minni hl., þá hefur þegar farið fram mat á þessum jörðum, og liggur fyrir að semja um það næstu daga og jafnvel að afhenda þeim fé fyrir þetta land, og nú er rn. nýbúið að gefa heimild til að stífla ána, svo að nokkuð af þessu landi fer undir vatn á næstunni. Ég vil benda hv. flm. á, hvort ekki þyrfti að orða þetta frv. ákveðnara en gert er, ef það er meiningin að tryggja þessa menn, svo að það taki ótvírætt til þeirra, ef frv. nær fram að ganga.

Þóroddur Guðmundsson: Það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., að þetta frv. gengur ekkert á móti hagsmunum Siglufjarðar. En ég benti á, að það væri farið illa með þessa menn, að þeir skuli ekki mega hafa ráðstöfunarrétt yfir fé sínu, og ég sýndi einnig fram á, að í hinu tilfellinu yrði ríkissjóður að blæða, borga þessum mönnum ekki aðeins bótafé, heldur matsverð jarðanna. Ég benti líka á, að í svona tilfelli mundi matsverð jarðanna verða kannske tíu sinnum hærra en nokkrar líkur eru til, að hægt væri að fá fyrir þær á frjálsum markaði. Og þegar skiki úr einni jörðinni er metinn á 34 þúsund krónur, þá má gera ráð fyrir, að öll jörðin yrði metin á 150 þúsund, og ef þarna er um fimm jarðir að ræða, yrði mat á þeim öllum mörg hundruð þúsund. *Ef enginn treystir sér til að búa þarna áfram*, þá yrði ríkissjóður að taka við bótafénu og greiða jarðirnar eins og þær eru metnar. og svo má ekki nota þetta fé nema til framkvæmda í sömu sveit, eða mér skilst, að það yrði bundið við það.

Þá kem ég að því, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., en það er að reyna að halda mönnum í sveit við landbúnað, og hvort sem það er lífvænlegt eða ekki, þá sé um að gera að pína menn til að vera í sveit við landbúnað. Þetta er sjónarmið þessara manna, og til þess vilja þeir allt vinna og hika ekki við að leggja á ríkissjóð og opinberar framkvæmdir stórkostleg útgjöld til að halda mönnum í sveitum við lélegan atvinnurekstur, þó að þeir geti fengið lífvænlegt starf annars staðar. Hann segir, að það, sem hann óttast, sé það, að menn flytji í eitthvert þorp eða bæ og gerist þar góðir borgarar. Hann óttast, að menn fari til Siglufjarðar eða Ólafsfjarðar og verði þar góðir borgarar. Mér finnst þetta ekkert óttalegt. Menn eiga að vera sjálfráðir, og ef þeir vilja heldur nota fé sitt til að byggja hús á Ólafsfirði eða einhvers staðar annars staðar, þá á þeim að vera það heimilt. En að binda þetta svona, það er í áttina til að koma á átthagafjötrum og gera mönnum erfiðara fyrir að flytja burt, og svo er næsta skrefið, að mönnum verður óheimilt að flytja burt, þó að þeir telji sig ekki geta lifað á jörðinni. Ég held, að ekki sé hægt að komast hjá, ef þetta er samþ., að það dragi dilk á eftir sér fyrir ríkissjóð.

Jón Sigurðsson: Ég þakka hæstv. samgmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann lét í té um þetta mál, og ég vil gjarnan ræða við hann um, hvaða breyt. væri ástæða til að gera á frv. við 3. umr.

Út af síðustu ræðu hv. 2. landsk. vil ég taka fram, að ég ætla mér ekki að fara að ræða við hann um *sjávarútveg og landbúnað, það mundi hafa lítið að þýða*. Ég býst við, að þar sannfæri hvorugur annan.

Hann heldur fram, að mönnum hafi ekki dottið

í hug þetta eða hitt, en það er ekkert, sem við getum byggt á, sem við hugsum, að einhverjum kynni að detta í hug. Það eru staðreyndirnar, sem um er að ræða, og það, sem bersýnilega blasir við, er það, að mennirnir flytjast burt, og hvort sem þeir fara til Ólafsfjarðar eða Siglufjarðar, þá eru þeir ekki lengur gjaldendur í þessari sveit, og sveitarfélagið líður við það. Það eru engar hömlur lagðar á menn að flytjast þaðan. Þeir fá þá peninga, sem þeir eiga að fá og þeim ber. En með þessu frv. er sveitarfélaginu samt sem áður tryggt, að búrekstrinum verði haldið áfram, svo að sveitarfélagið líður ekki tjón, og það er það, sem er tilgangur frv. að tryggja, eins og fram er tekið í grg. og ég hef reynt að gera skiljanlegt.

ATKVGR.

Brtt. 676,1—3 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SB, SEH, SÞ, SkG, StJSt, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, ÓTh, PZ, JörB.

nei: SigfS, ÞG, LJós.

ÁS, JakM, JJós greiddu ekki atkv.

11 þm. (PÞ, SG, SK, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, FJ, GG, GTh) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 16:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Á 93., 94. og 95. fundi í Nd., 15. og 16. des., 5. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 710, 716).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 716 samþ. með 19:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Sþ., 9. jan., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 775).

Á 98. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

29. Hafnargerð í Hornafirði.

Á 65. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 1935 og afnám l. nr. 22 1943, um hafnargerð í Hornafirði* (þmfrv., A. 492).

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Ég hef leyft mér að flytja hér frv., sem miðar að því að breyta gildandi hafnarl. fyrir Hornafjörð. Það hafa liðið nokkur ár síðan fyrst voru samþ. hafnarl. fyrir Hornafjörð. Þá var verðlag annað hér á landi en nú og framkvæmdir allar miðaðar við það, svo að samkv. þeim hafnarl., sem þá voru sett, skyldu allar hafnarframkvæmdirnar ekki kosta meira en 130 þús. kr. Hlutfallið milli greiðslu var þannig, að ríkissjóður skyldi greiða ⅖ kostnaðar. En eftir að stríðið brauzt út, þótti bert, að þessi ákvæði nægðu ekki til þess að hrinda í framkvæmd því verki, sem fyrirhugað er á þessum stað og nauðsynlegt.

Á Alþ. 1942—43 flutti ég frv. um heimild til þess að leggja fram ½ millj. kr. til hafnargerðarinnar á Hornafirði. Frv. náði samþ. á því þingi, en þá hafði ekki verið lokið við nauðsynlegar athuganir, svo að verkið gæti hafizt. Vitamálaskrifstofan hefur gert mælingar og athuganir á staðnum og lokið áætlunum um þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á þessum stað. Birtist áætlun vitamálastjóra með grg. frv. Það fjárframlag, sem gildandi hafnarl. heimila, mun reynast of lítið, miðað við það verðlag, sem nú gildir, og það, sem framkvæmdirnar hljóta að kosta. Þess vegna taldi ég nauðsynlegt að bera fram þetta frv., sem felur í sér þá breytingu, að í stað ½ millj. kr. framlags úr ríkissjóði, komi 1 millj. og 80 þús. kr. samanlagt, sem verja megi til hafnarframkvæmda á Hornafirði. Helztu hafnarbæturnar yrðu þessar: Dýpka þarf innsiglinguna og stækka það svæði, sem bátum er ætlað fyrir legupláss, en sú dýpkun mundi leiða af sér, að mjög hægðist um afgreiðslu strandferðaskipa, en miklir erfiðleikar eru á afgreiðslu þeirra, eins og kunnugt er. Með þessum hafnarbótum mundi tvennt vinnast: öryggi fiskibáta yrði meira og svigrúm betra og afgreiðsla strandferðaskipa yrði greiðari og auðveldari. Kostnaðurinn er sundurliðaður í áætlun vitamálaskrifstofunnar, en ég vil taka það fram, að ekki er með öllu ákveðið, hvort ráðizt verður í allar framkvæmdir, sem áætlun þessi nær yfir. Það er atriði, sem skorið verður úr, þegar til framkvæmdanna kemur, og á ekki að hafa áhrif á framgang málsins. Það er kunnugt, að Hornafjörður er eini verzlunarstaður Austur-Skaftafellssýslu, en hann er auk þess mjög mikill útgerðarstaður, ekki eingöngu fyrir A-Sk., heldur fyrst og fremst fyrir Austfirði. Þangað hafa líka komið bátar af Norðurlandi til útgerðar. Hornafjörður er því landsfjórðungsfiskihöfn. Þær hafnarbætur, sem þar verða gerðar, verða því ekki aðeins Austur-Skaftfellingum til hags-

bóta, heldur einnig öllum þeim, sem þangað leita á vetrarvertíðinni. Mér er kunnugt um það, að undanfarin ár hefur orðið að neita ýmsum um aðstöðu til útgerðar, vegna þess hve hafnarskilyrðin heima fyrir eru afleit, eins og nú er. Með þeim framkvæmdum, sem frv. gerir ráð fyrir, mun greiðast mjög úr þessu. Með tilliti til þessarar sérstöðu Hornafjarðar hef ég leyft mér að víkja nokkuð frá þeim venjum, sem nú gilda um framlag ríkissjóðs, að í stað þess, að ríkissjóður leggi fram ⅖ kostnaðar, fer ég fram á það í frv., að framlag ríkissjóðs verði fært upp í ⅗ kostnaðar móti ⅖ frá hafnarsjóði Hafnarkauptúns. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða öllu meira um þetta mál við þessa umr. Grg. frv. skýrir það glögglega, en ég vænti þess eindregið, að Alþ. taki þessu máli með velvild og greiði fyrir því, að það nái samþ. þegar á þessu þingi. Að lokum vil ég bera fram þá till., að málinu verði vísað til sjútvn. þessarar d. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Kirkjubyggingar o. fl.

Á 84. fundi í Nd., 29. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa (þmfrv., A. 567).

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. — Allmörg undanfarin ár hef ég, sem flyt þetta frv., haft málið til meðferðar og tekið þátt í umr. um það bæði á *mannfundum og á einstökum sviðum í þrengri hópi.* Málið hefur verið athugað hjá mjög mörgum aðilum og fengið þær undirtektir, að ekki yrði hjá því komizt að flytja það inn á löggjafarsviðið. Þetta er orðið svo kunnugt, að segja mætti, að ekki þyrfti mikið um það að ræða. Grg. rekur alla uppistöðu málsins, en auk þess hef ég leyft mér að láta fylgja skýringar á einstökum gr. Nánari skýringar munu verða veittar, ef þörf þykir, í umr. Nú vildi ég aðeins skýra það nokkuð, hvers vegna tími virðist kominn til framkvæmda Alþingis í þessu máli.

Það má vera öllum kunnugt, að kirkja þessa lands er ekki sjálfstæð kirkja, heldur hefur verið ríkiskirkja síðan um siðbót, — ein af ríkisstofnununum og ekki háð geðþótta einstakra aðila nema að því leyti, sem lög landsins ákváðu. Frá þessu hafa á síðustu tímum gerzt undantekningar þar, sem fríkirkjurnar eru, en hitt getur eigi talizt undantekning frá skyldum við þjóðkirkjuna, þótt mönnum sé leyft að vera utan safnaða og greiða safnaðargjald sitt til háskólans.

Þegar kirkjan var gerð að þætti í ríkisrekstrinum, hurfu til þess hinar miklu eignir hennar og vitanlega um leið hinar miklu skyldur hennar. Þar með tók ríkið eigi aðeins að sér að láta fram fara messur og sjá um, að til séu prestar til þess, heldur og að kirkjur séu reistar og við haldið, svo að þar *megi tíðagerð fremja.* Þessi skylda ríkisins er viðurkennd í stjórnskipulögum þess, svo að ekki verður um villzt.

Þegar hugsað er um *fullnæging þeirrar skyldu,* er ljóst, að þar hefur mjög verið misskipt. Ríkið hefur tekið að sér að sjá um, að til væru kennimenn, og haldið uppi kennslu fyrir þá, en hitt hefur gleymzt, að kirkjur þyrftu að vera til. Það þótti lengi vel ekki mikið áhættuatriði, því að kirkjur voru til og voru endurreistar, af söfnuðum, þar sem þeir áttu þær, af einstaklingum, þar sem bændakirkjur voru, og fyrir landsfé, þar sem ríkið hafði af einhverjum ástæðum eignazt kirkjur, og fór þá um lénskirkjur eða umboðskirkjur með ýmsum hætti eftir því, sem á stóð. Þetta lag getur ekki lengur haldizt og er þvert á móti því, sem réttlátt má telja, ef á sögulegan rétt og kirkjulega nauðsyn er litið. Ríkið tók á sig öll völd yfir kirkjunni og alla ábyrgð á hagsmunamálum hennar og þá eigi sízt kirkjuhúsunum. Í frv. er lagt til, að úr vanrækslu og ranglæti sé bætt, ekki með því, eins og raunar væri réttlætanlegt, að ríkissjóður beri allan kostnað af kirkjubyggingum, en að hið opinbera, sem hefur öll völdin og alla ábyrgðina, beri meiri hluta kostnaðar og söfnuðir minni hlutann. Samkv. 1. gr. er ætlazt til, að ríkissjóður greiði ¾ kostnaðar, en söfnuðirnir ¼. Engan veginn er ætlazt til, að söfnuðirnir sleppi við sóknargjöld sín, og ganga þau til viðhalds og kostnaðar við tíðagerðir.

Af tuttugu ára umhugsun um þetta mál og eigi sízt þann áratug, sem liðinn er, síðan það komst á framfæri, hefur mér orðið það æ ljósara, að óhjákvæmilegt væri að flytja málið á þingi þjóðarinnar og setja um það lög á þá lund, sem hér er lagt til. Núverandi ástand verður aldrei lengi þolað úr þessu. Ég veit ekki betur en allir svokallaðir kirkjunnar menn fylgi málinu einhuga, ekki aðeins prestar, heldur söfnuðir, sem í ljós hafa látið vilja sinn, og þeirra fulltrúar. Þegar klerkdómurinn allur frá því lægsta til hins æðsta er einhuga um mál, sem er alls ekki beint fjárhagsmál stéttarinnar, þótt það snerti mjög starfsskilyrði þeirra, þá fer ekki hjá því, að málið hljóti óskipt fylgi alls þorra manna í landinu, og margt bendir til, að svo sé að verða um þetta mál.

Það er ekki nóg, að ríkið sjái fyrir prestum, ef svo fer á fjölda kirkjustaða sem segir í vísitasíugerð: „*Kirkja fyrirfinnst engin.*“ Hvort sem í það sinn var um veruleik að ræða eða ekki, getur brátt að þessu rekið víða, að engin kirkja sé til. Enn

standa þær flestar uppi, hvort sem þær eru messufærar eða ekki. Og kirkjur, sem reistar hafa verið á síðari árum, hafa margar hverjar ekki verið gerðar, sakir fjárskorts, af meiri myndarskap en svo, að þær eru lítt hæfar eða boðlegar til tíðagerðar. Menn verða að viðurkenna, að þetta er ekki samboðið fólkinu, sem kirkjur sækir. Ég vil ekki ræða um hitt, hvort slík hús séu samboðin því málefni og boðskap, sem þar á að flytja. Ég ætlast til, að þm. gangi með þá hugsun, sem við á í þeim efnum, svo að umræðu sé ekki þörf um málefnið.

Ýmis ákvæði gætu orðið með öðrum hætti en ráðgert er í frv., og það íhugar n., svo að ég vil ekki hreyfa því að sinni. Ég er til búinn að verða í ráðum með n. um þá hluti. Auk hinnar almennu grg. hef ég látið skýringar fylgja einstökum gr. frv. Ef þær nægja ekki, mun ég skýra nánar. Bráðabirgðaákvæði taldi ég nauðsyn að setja um það, að kirkjuhús þau, sem nú eru í smíðum, falli undir ákvæði l., ef aðilar óska þess. Vildi ég, að ekki skyldi leika tvímæli á, hvernig um þau hús skuli fara, sem í smíðum eru. Nú sé ég, að hv. fjvn. hefur, eins og vænta mátti, í fullri viðurkenningu þess, sem ég hef rakið, tekið upp styrki til endurbygginga á kirkjum. Og er það vel. En rétt er að koma málinu sem fyrst í það horf, að um eitthvert fast kerfi sé að ræða, að einhver ein ákveðin leið sé farin í þessu efni. Það ætti ekki að verða nein skotaskuld á þessum tímum að styrkja byggingar kirkna. Ég álít ekki megi dragast lengur að koma málinu í fast horf.

Nú mun ég láta hv. dm. dæma um þetta mál. Vil ég mælast til, að hv. þm. stingi hendinni ekki einungis í eigin barm, heldur í barm alþjóðar, barm hv. kjósenda. — Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og menntmn. *(SK:* Ég legg til að vísa málinu til fjhn.).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til menntmn. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, JJós, JS, PZ, PO, SG, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÁS, EystJ, GÞ, GSv, BG.

nei: JPálm, SK, StJSt.

GTh, PÞ, SB greiddu ekki atkv.

13 þm. (JakM, LJós, ÓTh, SigfS, ÞG, JörB, ÁkJ, ÁÁ. BÁ, EOl, EmJ, FJ, GG) fjarstaddir.

Við nafnakallið mælti

Páll Zóphóníasson: Í trausti þess, að forseti sjái um, að málið sofni í nefndinni, segi ég já.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

31. Raforkulög.

Á 112. fundi í Nd., 25. jan., var útbýtt:
Frv. til raforkulaga (þmfrv., A. 935).

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 115. fundi í Nd., 30. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. — Það er nú orðið það áliðið þessa þings, að þótt þessu málefni sé nú hreyft hér, þarf ekki að gera ráð fyrir, að það fái fullnaðarafgreiðslu að þessu sinni. Til þess er málið allt of seint fram borið, og það er þess eðlis, að það er ekki nema eðlilegt, að menn vilji kynna sér það vel og betur en með því að lesa það frv., sem fyrir liggur, og það, er því fylgir. Eigi að síður fannst okkur flm. þessa máls, sem unnið höfum að því ásamt hv. 11. landsk., rétt að bera það fram. Er það ekki eingöngu af því, að allmikil hreyfing er nú meðal þjóðarinnar um þetta mál. Vonir manna og þrár standa nú til þess, að lausn fáist á þessum málum. Það er þó ekki fyrir þær sakir einar, að menn óski svo eingöngu þeirra þæginda, sem það hefur í för með sér, ef hægt væri að koma raforkunni sem víðast meðal almennings, heldur og vegna hinnar brýnu nauðsynjar fyrir þjóðina að geta orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, sem þessi undrakraftur hefur yfir að ráða, ef hann er tekinn í þjónustu mannanna. Þær till. og óskir, sem komið hafa fram af hálfu manna víðs vegar um landið, staðfesta þetta mjög rækilega, hve miklar vonir menn gera sér um, að hæstv. Alþ. leysi þetta mál og hafi forgöngu um að koma raforkunni út á meðal þjóðarinnar.

Þó að vísu segja megi, að með flutningi þess, eins og nú er ástatt, verði ekki strax úr þessu bætt, vildi ég þó mega vona, að það gæti nokkuð greitt fyrir því, að úrslit fáist. Og eitt er víst, að hæstv. Alþ. getur ekki til lengdar skotizt undan þeirri skyldu að taka ákvörðun um það, hvaða leið það hugsar sér að velja, svo að þjóðin geti sem fyrst og á beztan hátt fengið raforkuna í sína þjónustu.

Það er sannfæring mín, að af þeim málum, sem við nú fáumst við á Alþ., sé ekkert eitt mál, sem er eins þýðingarmikið að leyst verði með alþjóðarhe:ll fyrir augum og raforkumálið. Svo miklir kostir fylgja því, ef hægt er að koma því meðal þjóðarinnar, svo mikill stuðningur og fyrirgreiðsla í störfum fólks, að það er ekkert eitt mál, sem grípur eins inn í alþjóðarhag og þetta, enda er það svo, að mörg önnur framfaramál þjóðarinnar byggjast á því, hvort þessi undrakraftur getur orðið alþjóðareign eða ekki. Og svo mikil þægindi fylgja raforkunni, að á þeim landssvæðum, sem út undan verða og ekki geta á neinn hátt bætt sér þetta, horfir til landauðnar, áður en langt um líður.

Að þetta sé ekki sagt út í loftið, hvað gott sé

að fá þetta afl í þjónustu mannanna, má bezt marka, ef litið er til staðreynda í sögu okkar eigin þjóðar, svo að ég ekki tali um, þegar litið er til framfara í sögu annarra þjóða. Þá sannar reynslan, að ég hef hér rétt að mæla, og ég er sannfærður um það, að strax og Íslendingar fá rafmagnið í sína þjónustu, þannig að alþjóð manna getur orðið þess aðnjótandi, munum við á þessu sviði ekki verða neinir eftirbátar annarra þjóða. Því að það má með sanni segja, að þegar Íslendingar hafa snúið sér með dugnaði að einhverjum verkefnum, hafa þeir ekki síður verið duglegir til slíkra framkvæmda en aðrar þjóðir. Og ég vil segja, að þegar litið er á okkar litlu þjóð og þá fátækt, sem hún hefur átt við að stríða, kemur í ljós, að þegar hún fékk nokkurt rúm og frelsi til athafna, hafa orðið meiri framfarir hjá henni en nokkurri þjóð annarri, ef tekið er tillit til fólksfjölda, að ég ekki tali um, ef litið er á efnahaginn.

Í nóv. s.l. afhenti mþn. í raforkumálum hæstv. ríkisstj. frv. það, sem hér birtist nú ásamt grg., sem því fylgir. Hæstv. ríkisstj. hefur svo haft það til athugunar. Hv. 11. landsk., sem á sæti í mþn., fór til útlanda í erindum hæstv. ríkisstj., þegar langt var komið störfum, og gat því ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins. Ég færði það í tal við hann, áður en við fluttum þetta frv., hvort hann gæti á það fallizt og verið flm. að því, og kvaðst hann mundu skila séráliti. Má vel vera, að hann hafi einhverja till. um það að gera, sem að einhverju leyti ekki er samhljóða þeirri till., sem við í meiri hl. n. flytjum. Er vitanlega ekkert við því að segja og engan veginn undarlegt, þar sem hann gat ekki tekið þátt í endanlegri afgreiðslu. Þá von vil ég þó láta í ljós til hans, að hann í áliti sínu fari ekki í bága við stefnu meiri hl. n. í höfuðatriðum.

Það er auðvitað svo, að þessi smíði okkar getur staðið mjög til bóta. Mþn. hefði kosið að gera miklu betri grein fyrir þessu máli, og einkum hefðum við kosið að bera það fram miklu fyrr, ekki sízt vegna þess, hve mikill áhugi er meðal þjóðarinnar að fá lausn á þessu máli. Hins vegar höfðum við í mþn. enga möguleika á því að bera málið fram eða taka ákvarðanir um það, fyrr en við hefðum kynnt okkur nokkuð, hvað hér er um stórt fjárhagsmál að ræða, ef raforkan ætti að verða svo að kalla alþjóðareign. Fyrir því urðu að fara fram miklar mælingar mjög víða. Forstöðumaður rafmagnseftirlitsins beitti sér eftir beztu getu og þeim mönnum, sem hann hefur á að skipa, til að fá mælingar gerðar sem víðast um landið, til þess að ná nokkru yfirliti um það, hvað þetta mundi kosta, auðvitað miðað við núverandi tíma. Í grg. er gefin nokkur hugmynd um þann kostnað, en auðvitað getur það tekið breyt., þar sem þetta er meira og minna skyndiáætlun. Auðvitað væntir maður þess, að hagstæðari tímar breyti þessu öllu, þannig að þetta kosti miklu minna, þegar til framkvæmda kemur.

Viðvíkjandi því atriði, að hæstv. samgmrh. hefur ekki séð sér fært að hreyfa þessu máli nú, vil ég segja, að það er ekki nema eðlilegt. Þessi hæstv. ríkisstj. tók við fyrir ekki löngu og hefur haft allt öðrum störfum að gegna, sem nauðsynlega þurfti að vinda bráðan bug að. Þar að auki má vera, að hæstv. ríkisstj. hafi kosið till. frá minni hl. n.

Ég vil aðeins vænta þess, að hæstv. samgmrh. og hæstv. ríkisstj. geri þær einar till. í þessu máli og hafi það eitt sjónarmið, sem alþjóð manna er fyrir beztu, og þetta mál verði ekki afgreitt á þann hátt, að stundarhagsmunir máske nokkurs hluta þjóðarinnar verði þar látnir ráða um, í hvaða búningi það verður.

Eitt verkefni þessarar n. var að gera till. um tekjuöflun. Ég veit, að hv. þdm. geta séð, að ógerningur var fyrir n. að gera nokkrar till. í þá átt, sem neitt um munaði, nema hún kynnti sér fyrst, hvað slíkar framkvæmdir mundu kosta mikla fjármuni. Nú hefur n. ekki nema að takmörkuðu leyti gert till. um þetta, þrátt fyrir það, að víðtæk bráðabirgðaáætlun hefur verið gerð, og stafar það af því, að enn er óleyst það, sem höfuðmáli skiptir, hvaða leið verður valin til að leysa þetta mál. Á ríkið að annast aðalforgönguna að öllu leyti, eða er ætlazt til, að sveitarfélög, einstök félög eða einstaklingar annist þessar framkvæmdir? Eins og að líkum lætur, skiptir það mjög miklu máli, hvað ofan á verður í þessum efnum, hvað ríkið sjálft þarf að færast í fang í þessu skyni. Enn sem komið er, hefur raunar ekkert að kalla verið gert í þessu máli, án þess að ríkið hafi staðið á bak við, ekki þannig, að það hafi beint lagt fram fjármuni, heldur gengið í ábyrgð fyrir því nær öllum framkvæmdum, sem verulega hefur kveðið að.

Ef litið er nú til þeirra aðstæðna, sem við höfum til þessara framkvæmda, og litið er enn fremur á till., sem hafa verið um þessar framkvæmdir meðal annarra minni þjóða, þá ætti tæpast að geta komið til greina nema ein aðferð hjá okkur, þ. e. að ríkið annist eitt framkvæmdir, þannig að það hafi alveg forgönguna. Auðvitað er æskilegt og gott eitt um það að segja, að bæði einstaklingar og félög, hvort heldur eru sveitarfélög eða önnur félög, taki höndum saman um fyrirgreiðslu málsins. En ríkið sjálft á að annast framkvæmdirnar. Ég er ekki í vafa um, að það hentar bezt hjá okkur.

Ég rökstyð það með því fyrst og fremst, að ef samræmi og eðlileg stjórn á að vera í þessu máli, verður það að vera ein stjórn. Hún verður áreiðanlega bezt og ódýrust, og með því móti einu er það tryggt, að ætíð verði haft í huga, hvað hentar bezt hverjum framkvæmdum á hverjum stað, og þá þarf ekki að óttast, að aðrir grípi inn í og hafi pólitísk áhrif á þær.

Fjár, sem þarf til þessara framkvæmda, verður bezt aflað og á ódýrastan hátt með forgöngu ríkisins.

Það er auðveldara að fá lán til langs tíma með því, að ríkið standi að baki þeim en einstaklingar eða félög, sem mundu alls ekki fá þessa fjármuni, nema ríkið stæði á bak við þá. Frá þessu sjónarmiði er því áreiðanlega heppilegast og bezt, að ríkið hafi þessar framkvæmdir.

Þá er annað, sem er ekki lítið atriði við framkvæmd málsins, en það er tilhögunin, sem höfð

mundi við hinar ýmsu virkjanir um landið. Ef ríkið á að annast þessar virkjanir, þá getur það ekki haft þar annað í huga en að þær komi sem fyrst að notum, verði gerðar á sem hagkvæmastan hátt og með það fyrir augum að geta komið sem fyrst að gagni og sem mestu gagni, og geta þá engir einstaklingar eða félög haft truflandi áhrif á, hvernig það er leyst af hendi. Það verður aldrei öryggi um slíkt, nema ríkið sé húsbóndi þar yfir. Þetta er stórkostlegt atriði. Þurfum við í því efni ekki annað en að skírskota til reynslu okkar. Ef einstök sveitarfélög eða félög einstakra manna eiga að annast þetta, getur það aldrei orðið með annað fyrir augum en að það verði á sem hagkvæmastan hátt fyrir þá fáu menn, sem framkvæmdanna eiga að njóta, sem eru þá á mjög afmörkuðu svæði. Það er hvorki hægt að gera ráð fyrir, að þeir hafi fjárráð til þess né heldur hvöt til þess að leysa verkið af hendi með annað sjónarmið, m. a. vegna þess, að þeir vita ekki, nema aðrir kynnu að grípa þar inn í og í nálægum héruðum komi einhverjar framkvæmdir, sem gætu haft áhrif á þeirra virkjun, sem gæti orðið þeim til tjóns. Er þar nokkuð hægt að skírskota til þess, sem hefur gerzt. Þær virkjanir, sem gerðar hafa verið á Suðurlandi, hafa verið gerðar með þetta fyrir augum, og þarf engan að undra. Sama er að segja um það, sem gerzt hefur norðan lands og yfirleitt annars staðar á landinu. Öðru máli væri að gegna, ef ríkið annaðist þessar framkvæmdir eitt, því að það getur haft þegar í byrjun heildarskipunina í huga, og er þá vitanlega haft það sjónarmið, þegar framkvæmdirnar eru gerðar, að þær séu, þegar á allt er litið, hagkvæmastar, og mundi þar vera sameinað öryggi í framkvæmd og einfaldleiki, sem hefði það í för með sér, að virkjanirnar yrðu bæði ódýrari og á allan hátt öruggari fyrir þá, sem þeirra eiga að njóta og jafnframt gert fyrir framtíðinni um leið, sem auðvitað er ákaflega þýðingarmikið.

Við höfum að vísu ekki mikla reynslu að byggja á í þessu efni. Þó má hér minna á aðrar framkvæmdir, sem eru ekki ósvipaðar, en það eru símalagningarnar. Ég held, að það detti engum í hug af þeim, sem til þekkja, að efast um, að það hafi verið vel ráðið, að ríkið sjálft skyldi taka að sér að annast þær framkvæmdir, og ég held, að enginn muni leyfa sér að segja nú, að það hafi verið miður ráðið, að ríkið gerði það heldur en einstaklingar eða sveitar- og bæjarfélög. Það er alveg víst, að nú er síminn kominn svo vítt um sveitir landsins sem hann er, vegna þess að það er ríkið, sem hefur annazt þær framkvæmdir. Þegar sú löggjöf var sett, voru uppi skoðanir um það, að einstaklingar og félög ættu að fá leyfi til að annast þessar framkvæmdir. Því var mjög móltmælt með veigamiklum og sterkum rökum og sýnt fram á, hversu það væri á allan hátt öruggara, að ríkið sæi um þessar framkvæmdir, eins og reynslan hefur nú staðfest. En fyrst reynslan varð þessi um símann, hversu miklu meiri ástæða mundi þá ekki vera til þess, að ríkið hefði á hendi jafnstórkostlegar framkvæmdir og þær, sem hér er um að ræða, það held ég þurfi ekki að deila um.

Þess er líka að gæta, að því meira, sem kemur af þessum fyrirtækjum hjá bæjar- og sveitarfélögum og öðrum félagsskap, því torveldara verður fyrir ríkið, þegar það að lokum mundi telja sig knúið til að taka málin í sínar hendur, því að það er enginn vafi, að það getur ekki liðið á löngu, þangað til það verður gert. Það verður kannske hægt nokkra stund, en þegar til lengdar lætur, mun mönnum ekki haldast það uppi. Mér dettur ekki í hug að halda, að þeir, sem staðið hafa fyrir þeim virkjunum, hefðu ekki viljað, að fleiri hefðu orðið raforkunnar aðnjótandi en enn hefur orðið, en ekki finnst mér fýsilegt fyrir landsmenn, ef ætti að haga tilvonandi rafvirkjunum á svipaðan hátt og gert hefur verið fram að þessu. Inni í miðri Árnessýslu, við Sogið, er virkjun, sem gerð var fyrir 10—11 árum. Oft hefur verið freistað að fá raforku leidda til kauptúnanna í sýslunni, sem eru í nokkurra kílómetra fjarlægð, en engu fengizt áorkað. Íbúar héraðsins, sem sjá til Sogsins, fá að horfa á ljósadýrðina á þessum stað, við orkuverið, en einn bær hefur fengið raforku, sá, sem stendur rétt við stöðina. Þó er liðið þetta langt, síðan rafveitan var gerð. Mér dettur ekki í hug að segja, að Reykvíkingar vildu ekki gjarnan greiða fyrir því, að íbúar þessa héraðs fengju raforku, en hver sig sjálfan metur mest. Þeir hafa öðrum hnöppum að hneppa og meira en nóg með sig. Hér í Reykjavík er stórkostlegur skortur á raforku. Þegar viðbótin var gerð, þá var meira en nóg við hana að gera hér í Reykjavík. Það fylgir þessum undrakrafti, að undir eins og farið er að nota hann, vex notkunin stórkostlega og miklu meira en nokkurn mann hefði dreymt um, að mundi verða.

Það er því víst, að sú reynsla, sem við höfum fengið, bendir ákveðið í eina átt. En eins og ég áður sagði, höfum við ekki sjálfir mikla reynslu í þessum málum. Það væri því ekki úr vegi að líta til annarra þjóða, hvernig farið hefur með þessi mál þar, og reyna að nota okkur það, sem þar hefur reynzt bezt og bezt á við hjá okkur, en sleppa hinu, sem miður fer. Ef litið er til Norðmanna, þá er það svo, að einstök félög höfðu þar framkvæmdir um virkjanirnar. En eftir því, sem stundir liðu, kom í ljós, að þetta var gersamlega ófullnægjandi fyrir þjóðina, enda fór það svo, að í seinni tíð var ríkið farið að láta þessi mál sig mjög miklu varða. Um Danmörku er það að segja, að þar annast ríkið framkvæmdirnar á vissan hátt og hefur þar mikil afskipti. Í Bretlandi hefur ríkið ekki annazt virkjanirnar, heldur félög og einstaklingar, en í seinni tíð hefur það sýnt sig, að þjóðin hefur ekki sætt sig við þá löggjöf, sem gilt hefur í þessum málum. Ég hef fyrir satt, að nú séu um það bil að komast í framkvæmd stórfelldar framkvæmdir, sem ríkið stendur að sjálft og ætlar með því móti að koma raforkunni út meðal almennings. Ríkisvaldið í Bretlandi er nú þegar búið að taka í sínar hendur svo mikil ráð í þessum málum, að það ræður ekki aðeins, hvar orkuverin eru byggð, heldur hvernig þau eru byggð. Það getur fyrirskipað, að gamlar orkustöðvar, sem fyrir eru, verði lagðar niður og þeirri starfsemi hætt, ef það kemur sér betur fyrir nýja

orkuverið, og í seinni tíð hafa Bretar lagt stórkostlega fjármuni fram til að auka raforkuna í landinu og koma henni út meðal þjóðarinnar. Þá vita menn nokkur deili á, hvað gerzt hefur í Ameríku í þessum efnum, sérstaklega í seinni tíð, hvað ríkið hefur látið til sín taka bæði að auka orkuna og koma henni út meðal fólksins. Þá vita menn, hvað Rússar hafa gert, síðan sovétstjórnin komst þar til valda. Þar hefur líklega verið reist í seinni tíð langstærsta orkuver heimsins og dreift orku til fólks sennilega meira og á skemmri tíma en nokkurs staðar annars staðar, a. m. k. þangað til fram á síðari ár, ég skal ekki segja, að það sé miðað við það, sem gerzt hefur á síðari árum í Ameríku, en til síðari ára hefur engin *þjóð í heimi gert eins mikið í þessu efni og Rússar.* Í Þýzkalandi er það svo, að þar eru fyrirtækin eign bæjar- og sveitarfélaga og félaga einstakra manna, en ríkisvaldið hefur nokkuð mikinn rétt, það getur fyrirskipað þar um öll mál og gert sig gildandi um það, sem það vill, og þar eru ákvæðin svo afleiðingarík, að ef þessi fyrirtæki einstaklinganna verða ekki við óskum ríkisvaldsins, getur það tekið fyrirtækin af þeim og afhent þau öðrum, sem vill fullnægja þeim óskum, sem ríkisvaldið setur fram. Ég veit ekki, hvort okkur Íslendingum væri æskilegt að fara þannig að, a. m. k. hafa Íslendingar ekki talið slíka stjórnarháttu sérstaklega æskilega, svo að ég geri ráð fyrir, að okkur mundu ekki henta svo rammar skorður. Þykkjur okkar fara eftir öðrum leiðum, og tel ég það farsælla og heppilegra. Þá vita menn um eina þjóð, frændþjóð okkar, sem okkur er á margan hátt skyldust og kannske er einna mest af að læra í þessu efni, en það eru Svíar. Einstök bæjar- og sveitarfélög höfðu annazt þessar framkvæmdir, og félög einstakra manna að nokkru leyti. Það kom þar í ljós sem annars staðar, að þjóðin var mjög óánægð með það fyrirkomulag og þótti seinagangur á hlutunum. *Ríkið hefur frá fyrstu tíð látið* þessi mál sig miklu skipta. Þó hefur í seinni tíð verið sérstaklega mikið að því unnið, að ríkið hafi sem allra mest yfirráð um þessar framkvæmdir, og Svíar hafa gert meira en aðrar nágrannaþjóðir okkar, eftir því sem ég bezt veit, til að tryggja, að ríkið eitt hafi þessar framkvæmdir, og í seinni tíð hefur sænska ríkið gert gangskör að því að kaupa vatnsafl til að tryggja, að ríkið hafi möguleika til vatnsvirkjunar, gert sérstakar ráðstafanir og lagt af mörkum mikið fé til að framleiða raforku og leiða hana út meðal þjóðarinnar, en eins og hv. þm. þekkja ekki síður en ég, þá eru Svíar um margt hin merkasta menningarþjóð, atorkusöm og ráðdeildarsöm og hyggin í framkvæmdum sínum, og ég held, að það væri ekki úrhættis fyrir okkur Íslendinga að taka þá okkur til fyrirmyndar um margt, og þá ekki sízt í þessum málum, af því líka, að það stendur svipað á um þessar framkvæmdir, og eftir minni meiningu geta þær ekki annað en farið verr úr hendi og ekki komizt hjá meiri og minni mistökum, ef ríkið hefur þar ekki algerlega forystuna. Og það verður áreiðanlega langfyrst, sem raforkan getur orðið almenningseign, ef ríkið annast framkvæmdirnar, og með því móti verða þær ódýrastar og haganlegast gerðar.

Það hefur aðeins bryddað á þeirri skoðun í seinni tíð, að Íslendingar ættu að byggja framtíð *sína fyrst* og fremst á sjávarútvegi, en það mundi minna máli skipta, hvað liði annarri starfsemi í landinu. Við getum tæplega gert ráð fyrir, a. m. k. kem ég ekki auga á það, að við verðum mikil iðnaðarþjóð. Ber margt til þess, ekki sízt hvernig lega landsins er, þó að fjarlægðirnar séu alltaf að styttast með aukinni tækni. En við erum líka það smáir bæði að fjárhagsgetu og mannfjölda, að við getum tæplega búizt við, að við getum látið þar mikið til okkar taka á heimsmarkaðinum, þegar við þurfum að keppa við milljónaþjóðir. Ég held, að við eigum að byggja á þeim höfuðatvinnugreinum, sem við höfum stundað, *síðan landið byggðist, sjávarútvegi og landbúnaði.* Það er fjarri mér að gera lítið úr þýðingu sjávarútvegsins, til þess er of augljóst, hvað hann hefur lagt mikið af mörkum til þjóðarbúsins. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að ekki ættum við að haga okkar þjóðarháttum þannig, að fólkið flyttist sem mest að sjónum og landbúnaður væri aðeins stundaður með það fyrir augum að fá allra brýnustu nauðsynjar til innanlandsneyzlu. Ég teldi það í mesta máta óskynsamlegt. Ég held, að þeir, sem vilja stuðla að því, að slík breyting komist á, geri sér ekki nægilega ljósa grein fyrir því, hvað það gæti orðið örlagaríkt fyrir íslenzku þjóðina. Ég er þeirrar skoðunar og hef verið það frá því, að ég fór að gefa gætur að þjóðmálum og afkomu þjóðarinnar, að svo bezt vegni okkur í þessu landi og öryggi þjóðarinnar sé bezt borgið, að þessir tveir atvinnuvegir séu báðir sem sterkastir, landbúnaður og sjávarútvegur. Fiskimiðin við Ísland eru góð og mikil gullnáma, en allt eyðist, sem af er tekið, segir íslenzkur málsháttur. Reynslan er búin að staðfesta, að þannig er líka ástatt um fiskimið okkar, þótt góð séu og auðug. Fyrir fyrri heimsstyrjöldina var svo komið, að upp *voru urin fiskimiðin* hér við land. Í byrjun núverandi styrjaldar var sama að koma í ljós. Mér segja menn, sem hafa stundað fiskiveiðar hér við land á togurum, að á sum mið komi alls ekki eins mikill fiskur og var hér áður og sum séu með öllu upp urin. Þetta bendir til þess, að veiðiaðferðirnar eyði gersamlega fiskimiðin. Við getum líka gert ráð fyrir, að að lokinni þessari styrjöld verðum við ekki einir um fiskimið okkar. Útlendingar, sem hér voru áður, munu leita hingað aftur og hefja veiðar *á ný. Þeir munu beita nýjum skipum eins og* þeir telja sér bezt henta og telja sér mesta hagnaðarvon að án tillits til okkar ástæðna. Þegar þeir koma hingað með sín stóru, mörgu og nýju vélskip, sem þeir hafa byggt í þessari styrjöld og eru tilbúin til veiða hvenær sem færi gefur og hvenær sem styrjöldin leyfir þeim að gera það, þá er hætt við, að sæki í sama horfið um fiskigengd hér við land. Þetta verðum við að horfast í augu við, og svo er annað, sem við verðum líka að hafa í huga, en það er það, að enginn veit fyrir fram, hvernig markaðsmöguleikarnir verða, þegar frá líður, fyrir þessar vörur. Eitt er enn ótalið, sem ætíð getur verið yfirvofandi og enginn veit fyrr en á dynur, en það eru ísaárin. Og þótt að vísu öll tækni sé nú svo miklu meiri,

svo að gera megi sér von um, að menn geti í framtíðinni oftast sótt sjó og aflað, þá geta ísaárin samt orðið til þess, að afli minnki stórkostlega. Ég held því, að allir ættu að vera sammála um, að hyggilegast sé fyrir okkur að haga svo störfum þjóðarinnar, að við stundum bæði landbúnað og fiskveiðar. Það er því áreiðanlegt, að þetta mál, sem hér er um að ræða, hefur ekki eingöngu þýðingu fyrir sjávarútveginn og það, sem af honum leiðir beint og óbeint, heldur hefur það líka þá þýðingu, að starfsemi öll í sveitunum verður auðveldari og tryggir afkomu þess fólks, sem þar starfar. Það er því allra hluta vegna ófært annað en afgreiða þetta mál með hag alþjóðar fyrir augum. En þó að ég setji þetta fram, þá dettur mér ekki í hug, að menn vilji haga undirbúningi og framkvæmd málsins með neitt annað fyrir augum en alþjóðarhag, en þó þarf allrar varfærni að gæta í slíku máli sem þessu.

Þegar ákvarðanir hafa verið teknar um, á hvern veg þetta mál skuli verða leyst, þá kemur næst til að sjá fyrir fjármunum til framkvæmdanna. Þá er það vitaskuld, að það verður þessi ákvörðun, hvort ríkið skuli sjá um það eða öðruvísi farið að, sem mest hefur að segja. Við, sem starfað höfum í mþn. um þetta mál, munum á sínum tíma, þegar við sjáum, hvað ofan á verður á Alþingi um stefnu þessa máls, leggja fram frekari till. um fjáröflun og fyrirgreiðslu í því efni.

Ég vil svo láta máli mínu lokið, því að ég sé ekki ástæðu til að rekja grg. frv., því að ég veit, að hv. þm. hafa kynnt sér hana. Vil ég að lokum láta í ljós þá ósk af hálfu okkar flm., að stj. og þing megi bera gæfu til að afgr. þetta mál á þann hátt, að þjóðin megi í bráð og lengd njóta sem mests góðs af.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. — Eins og hv. l. þm. Árn. tók fram, átti ég sæti í mþn. í rafmagnsmálum, tók þar sæti, eftir að Alþingi hafði samþ. ályktun þess efnis, að þar skyldi bæta við manni frá Sósfl. Þessi ályktun var gerð 4. sept. 1942. N. átti að gera till. um fjáröflun til raforkuframkvæmda í því skyni að koma raforku til ljósa, suðu, hita og iðnrekstrar um allar byggðir landsins á sem skemmstum tíma. Þegar Sósfl. átti þess kost að tilnefna mann, þótti honum rétt að taka því, þó að hann liti svo á, að það væru fjarstæðukenndir draumórar að ætla sér að koma nægilegri raforku til suðu og hitunar um allar byggðir landsins.

Flokkurinn taldi það enn fremur óeðlilegt, að aflað væri fjár til þessara framkvæmda sérstaklega, — framkvæmda, sem vitað er, að þurfa að fylgja annarri þróun í atvinnulífi landsmanna og væru henni svo nátengdar, að ekki má gera þar upp á milli.

Loks leit flokkurinn svo á, að ekki næði nokkurri átt að ætla að binda verð raforkunnar, eins og segir í till., þannig að raforka verði ekki seld hærra verði í sveitum og dreifbýli en í stærstu kaupstöðum. Það er vitað, hve miklu hagkvæmari dreifing orkunnar er í þéttbýli en í dreifbýli, og því segin saga, ef farin væri þessi verðjöfnunarleið, að hér væri um nýjan milljónaskatt á kaupstaðabúa að ræða, skatt, sem mundi stuðla að því að viðhalda því óheppilega skipulagi, sem er á landbúnaði vorum. Ný styrkjapólitík í stað raunhæfra aðgerða, sem gerðu landbúnaðinn arðbæran fyrir þjóðina.

Þegar ég tók sæti í n., hafði hún haldið allmarga fundi. Hafði hún lagt það niður fyrir sér, að starfssvið hennar væri of þröngur stakkur skorinn og „að nauðsynlegt væri“, eins og segir í áliti meiri hlutans, „að taka raforkumál landsins í heild til athugunar og gera sér grein fyrir því, á hvern hátt mundi hagkvæmast að fullnægja raforkuþörf þjóðarinnar og hversu mikill kostnaður yrði við þær framkvæmdir“. Þessi atriði gat ég fyrir mitt leyti fallizt á líka, þar sem mér var ljós bæði hin brýna þörf á endurskoðun löggjafar vorrar um raforkumál og hitt, að fróðlegt væri að hafa einhverja hugmynd um kostnað við framkvæmdir þær, sem hér var um að ræða. Um það, að n. gæti gert sér grein fyrir því með nokkurri vissu, á hvern hátt mundi hagkvæmast að fullnægja raforkuþörf þjóðarinnar, var ég vantrúaðri á en sumir aðrir, þar sem mér var ljóst, að á undan þeirri vissu hlytu að fara ýtarlegar rannsóknir, sem mundu taka langan tíma og kosta ærið fé og fyrirhöfn.

Í þessu skyni hafði n. kosið undirnefnd til þess að semja uppkast að heildarlöggjöf um raforkumálin og enn fremur látið hefja samningu bráðabirgðaáætlana um ýmsar rafveitur. Bráðabirgðaáætlanir þessar fylgja nál. meiri hlutans, og mun ég vísa til þeirra hér.

Eins og hv. fyrri þm. Árn. sagði, tók ég vegna fjarvistar ekki þátt í störfum n. síðasta mánuðinn, sem hún starfaði, en á þeim tíma hraðaði hún svo störfum sínum, að hún lauk við samningu frv. til raforkul. og skilaði áliti sínu.

Hafði þetta frv. ekki verið rætt í n., áður en ég fór af landi burt þann 27. okt., og af bókunum n. sést, að það hefur aðeins verið rætt á nokkrum fundum, og má virða flýtinn meiri hl. n. til vorkunnar, að illa hefur tekizt með frv., af hverju svo sem hann hefur stafað.

Meðan ég starfaði í n., skrifaði n. umsögn til ríkisstj. um Reykjanesrafveituna. Þar segir m. a. svo: „.... Raforkumálan. lítur svo á, að réttast og heppilegast sé, að ríkið geri þessa rafveitu og annist rekstur hennar. Er n. þeirrar skoðunar, að óhjákvæmilegt sé, að raforkuvinnsla og orkuflutningur til almenningsþarfa í framtíðinni verði rekin af ríkinu. Myndu þær framkvæmdir verða með þeim hætti, að ríkið byggði allar meiri háttar raforkustöðvar, legði aðalháspennulínur og byggði aðalspennistöðvar, sem þarf til að fullnægja raforkuþörf almennings. Mun n. í till. sínum um framkvæmdir í raforkumálum landsins í framtíðinni leggja til, að fylgja beri þessari grundvallarreglu. N. telur því rétt, að ríkið leggi háspennulínuna til Keflavíkur, byggi aðalspennistöðvar og selji orkuna frá þeim. Íbúar hlutaðeigandi hreppa kosti innansveitarkerfin....“

Af efni þessa kafla bréfsins verður ekki ráðið annað en það sé ætlun n., að ríkið taki að sér vinnslu á raforku handa íbúum landsins og flutning orkunnar milli héraða og landshluta. Hins vegar

beri sveitar- og bæjarfélögum að kosta og reka „innansveitarkerfin".

Leit ég á þeim tíma á þetta sem eins konar stefnuyfirlýsingu n. og gat þá samþ. hana að öðru leyti en því, að ég hafði þá ekki gert upp við mig, hvort raforkuvinnsla og orkuflutningur skyldi heldur rekinn af ríkinu eða bæjar- og sveitarfélögum, eftir því hvað betur hentaði í hvert skipti, sbr. eftirfarandi bókun í fundargerðabók n. Um þessa málsgrein í bréfinu: „Er n. þeirrar skoðunar, að óhjákvæmilegt sé, að raforkuvinnsla og orkuflutningur til almenningsþarfa verði rekin af ríkinu", lét ég bóka eftirfarandi fyrirvara: „Ég tel sjálfsagt, að raforkuvinnsla og orkuflutningur til almenningsþarfa í framtíðinni verði í eigu þess opinbera og rekin af því, ríkinu eða bæjar- og sveitarfélögum eftir því, hvað betur hentar í hvert skipti".

Eftir þetta, eða nú, hef ég þó gert upp við mig, eins og ég mun frekar víkja að síðar, að í framtíðinni muni það yfirleitt verða flestum héruðum ofviða að standa undir þeim miklu framkvæmdum, sem hljóta að verða á sviði rafmagnsmálanna, hvað orkuvinnslu og orkuflutning milli héraða snertir, og ekki verði komizt hjá afskiptum ríkisins af þeim hlutum. Hins vegar lít ég svo á, að þeim kaupstöðum og héruðum, sem hafizt hafa handa á þessu sviði, eigi að vera opin leið til að hafa þetta í sínum höndum, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við heildarhag þjóðarinnar. Hvað viðvíkur innansveitarkerfunum eða dreifingu orkunnar til notenda innan héraða, tel ég enn sjálfsagt, að hún sé í höndum héraðanna sjálfra, kostuð og rekin af þeim, með þeirri breytingu þó, er nú skal greina. Þar sem mér er ljós hin brýna nauðsyn þess að sjá væntanlegum byggðahverfum til sveita og ýmsum sveita- og sjávarþorpum fyrir raforku, en geng þess hins vegar ekki dulinn, að þessir staðir verða ekki einfærir að standa undir þeim kostnaði, sem slíkt hefur í för með sér, þá tel ég óumflýjanlegt, að ríkið hlaupi þar að einhverju leyti undir bagga. Mun ég víkja að þessu nánar síðar.

Þegar ég kom heim úr utanför minni og tók að kynna mér nál. meiri hl. og frv. það til raforkul., sem hann hafði samið, varð mér það strax ljóst, að ég gat ekki fylgt meiri hlutanum að málum. Er frv. svo flaustурslegt og bar svo mikinn keim vanþekkingar á efnum þeim, sem um er fjallað, að auðséð var, að vart hafði verið leitað til manna með sérþekkingu á þessum málum.

Við athugun á bókunum n. kom líka í ljós, að svo hafði ekki verið gert. Átti ég þá tal við forstjóra Rafmagnseftirlits ríkisins um frv., og tjáði hann mér, að hann væri frv. ósammála að mestu leyti og gæti hann alls ekki mælt með samþ. þess. Kvaðst hann hafa í fórum sínum frv. um sama efni, er hann væri að ljúka við og mundi síðan senda ríkisstj.

Fyrir góðvild forstjórans og af samtölum við hann hefur mér gefizt kostur á að kynnast efni þessa frv., sem ég í öllum aðalatriðum get fallizt á. Er frv. það í öllu heilsteyptara og betur undirbyggt en frv. nefndarmeirihl.

Þar sem mér er ljóst, að ég hef hér á undan tekið alldjúpt í árinni í dómum mínum um nál. meiri hl., skal ég nú reyna að finna þeim orðum mínum stað og rökstyðja þau.

Ég skal þó taka það fram, eins og ég hef bent á áður, að ég er sammála nefndarmeirihl. í því meginatriði, að raforkuvinnsla og orkuflutningur um landið eigi í framtíðinni að vera í höndum ríkisins. Ég get fallizt á þá till. meiri hlutans, að ríkinu verði í framtíðinni áskilinn réttur til að reisa og reka orkuver, sem fara fram úr tiltekinni stærð, og að rafveitur ríkisins verði settar á stofn til að annast þá orkuvinnslu og orkuflutning frá orkuverunum, vegna þess að ég veit, að á því sviði eru stórfelld verkefni fyrir hendi, verkefni, sem taka langt út yfir sérhagsmuni einstakra héraða.

Ég veit líka, að heppileg úrlausn þeirra verkefna verður ekki tryggð nema heildarskipan sé á þeim málum, þar sem fullt tillit er tekið til alþjóðarhagsmuna, en slíkt er varla framkvæmanlegt af öðrum aðila en ríkinu.

Till. um rafveitur ríkisins er raunar ekki ný. Í gildi eru heimildarl. um stofnun þeirra. En meiri hlutinn hefur gert allverulegar breytingar á þeim, og um þær breytingar má segja, eins og um frv. meiri hl. yfirleitt: Hér er á ferðinni margt nýtt og sumt gott, en hið nýja er ekki gott, og hið góða er ekki nýtt.

Ein aðalnýjungin í frv. n. um rafveitur ríkisins er sú, að þær annist ekki aðeins vinnslu raforkunnar og flutning hennar frá orkuveri til héraðanna, eftir aðallínum, heldur hafi þær líka á hendi dreifingu orkunnar innan héraða og smásölu á henni til neytenda, sbr. byrjun 5. gr. frv.: „Engum nema rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku".

Auk þess sem ég tel þetta mjög misráðið, enda er það eitt af aðalágreiningsefnum mínum við meiri hlutann, get ég ekki látið hjá líða að benda á það misræmi, sem er milli þessa atriðis í álitinu og umsagnar n. um Reykjanesrafveituna, sem ég hef getið um áður, enda er mér ekki grunlaust, að hér vaki fyrir meiri hlutanum, eða hluta hans, annarlegur tilgangur, sem ekki er látinn uppi og ekki miðar að því að tryggja almenningshagsmuni í þessum málum, og mun ég rekja það síðar.

Það má heita, að allar rafveitur til almenningsþarfa, sem nú eru starfandi í landinu, séu í eigu bæjar- og sveitarfélaga og reknar af þeim. Enn er ekki um að ræða nema rafveitur í kaupstöðum og kauptúnum, og það hefur komið af sjálfu sér, að bæjarstjórnir í kaupstöðunum og sveitarstjórnir í kauptúnunum, sem mörg eru hreppar út af fyrir sig, hafa tekizt á hendur lausn þess verkefnis að veita raforku um kaupstaðinn eða kauptúnið. Meðan þessar rafveitur eru smáar og þeim nægir sú orka, sem þær geta unnið í smáum orkuverum heima fyrir, hver um sig, hefur verið eðlilegast, að þær önnuðust sjálfar orkuvinnsluna, eins og raun hefur orðið á; þessir aðilar hafa átt orkuverin og rekið þau. En þegar þar að kemur, að þeim nægir ekki lengur sú orka og þeim er nauðugur einn kostur að sækja hana lengra, þá skapast slík verkefni um

vinnslu og flutning orkunnar, sem verður þessum aðilum allajafna um megn. Eftir íslenzkum staðháttum þurfa þessir aðilar víðast hvar að standa saman um stór orkuver. Hér þarf því nýr aðili að koma til, og engum stendur það nær en ríkinu.

En þó að ríkið taki að sér að reisa þessi stóru orkuver og flytja orkuna frá þeim til kaupstaða og kauptúna, þá er ekki þar með sagt, að ástæða sé til þess, að það fari að seilast út fyrir sinn verkahring í þessum efnum og taki úr höndum bæjar- og sveitarfélaganna það verkefni, sem þau hafa haft til þessa og hafa að mínu áliti bezt skilyrði til að leysa af hendi á hagkvæman hátt fyrir íbúana, nefnilega að dreifa orkunni meðal þeirra.

Það hefur að vísu hvarflað að meiri hl. n., að það væri hæpið að taka þetta algerlega úr höndum bæjar- og sveitarfélaga, og hefur hann því sett í frv. sitt undanþáguákvæði um heimild handa kaupstað, kauptúni eða héraði til þess að hafa dreifingu raforku í sínum höndum á svæði sínu. En einnig hér hafa meiri hlutanum verið mislagðar hendur. Í 6. gr. segir: „.... og skal þeim (þ. e. kaupstað, kauptúni eða héraði) þá seld raforkan frá rafveitum ríkisins að frádregnum afslætti, sem raforkumálastjóri telur nægan til þess að annast dreifingarkostnaðinn innan svæðisins".

Ég legg mig ekki niður við að gagnrýna orðalagið, held mér aðeins að því, sem virðist vera efni greinarinnar, og get þá ekki varizt því, að það hvarfli að mér, að hér sé fremur byggt á þekkingu og reynslu á verzlun t. d. með tóbak eða mjólk heldur en kunnugleika á rekstri rafveitna.

Verzlun með raforku er í eðli sínu mjög frábrugðin verzlun með þær vörur, sem ég nú nefndi. Til fullnustu er alllangt mál að gera grein fyrir þeim mun, enda er ég fyrir mitt leyti varla fær um það, en ég skal þó nefna nokkur atriði til skýringar.

Vinnsla og notkun raforku haldast alltaf í hendur og fara fram samtímis. Verður því alveg sérstakt og einkar náið samband milli framleiðanda og neytanda, sem m. a. kemur fram í því, að kaupendur raforkunnar ráða á hverjum tíma yfir því, hve mikil framleiðslan er, eða eins og sagt er í daglegu tali, hve álagið er mikið.

Eftir að framleiðandinn hefur opnað viðskiptasamband sitt við notendur raforkunnar, fær hann litlu eða engu ráðið um álagið, nema að því leyti, sem hann óbeint getur haft áhrif í þá átt að skapa viðleitni hjá neytanda til þess að haga rafmagnsnotkun sinni á þennan eða hinn veginn. Helzta leið framleiðandans til þessara áhrifa er rafmagnsgjaldskrárnar, en þær eru einmitt mjög mismunandi og margbrotnar.

Er þá komið að öðru atriði, sem nefna má í þessu sambandi.

Sama tegund vindla eða sama tegund mjólkurafurða er seld sama verðinu án tillits til þess, hvar, hvenær eða hvernig varan er notuð. Þetta gildir aftur á móti ekki við sölu á raforku. Þar hefur þótt og mun framvegis ekki verða komizt hjá því að selja sömu vöruna, raforkuna, misjöfnu verði, eftir því til hvers hún er notuð og á hvaða tíma. Kemur þetta m. a. af hinum nánu tengslum milli vinnslu og notkunar orkunnar. Má í þessu sambandi minna á þann mun, sem er á ýmsum orkuverum eftir staðháttum. Sum orkuver hafa enga aðstöðu til að geyma vatn, heldur rennur allt það vatn, sem ekki er nýtt til orkuvinnslu, framhjá og til ónýtis. Þessum orkuverum er það hagur að fá notendur til að nota orkuna sem jafnast allan sólarhringinn og allt árið. Þessi orkuver bjóða því hverjum, sem vill nota sér rafmagn, þegar almenn notkun annars er lítil, raforkuna við lægra verði en ella. T. d. selja þau raforku að nóttu til fyrir lágt verð. Þetta er auðsæ hagsýni, því að litlu þarf til að kosta, þótt vélarnar gangi með fullu afli að nóttu til.

Önnur orkuver hafa kannske stóra vatnsuppistöðu, geta geymt vatn frá nóttu til dags og jafnvel frá sumri til vetrar. Slík orkuver hafa engan hag af því að selja ódýrt rafmagn að nóttu til eða sumri til, þar sem þau geta geymt það, sem þá sparast við litla notkun, til næsta dags eða vetrar og selt það þá háu verði. Þau sjá sér ekki heldur hag í því t. d. að selja lágu verði rafmagn til húshitunar, ef þau eiga þess kost að geyma vatnið til annars tíma og vinna úr því raforku til iðnaðar eða annars, sem þau geta selt hærra verði.

Þessi ólíku orkuver verða því að útbúa bæði heildsölu- og smásölugjaldskrár sínar sitt með hverju móti.

Eins og af þessu má sjá, eru raforkuviðskipti sérstök í sinni röð, og er því hvort tveggja hæpið, vægast sagt, bæði að ætla að byggja heildsöluviðskipti rafveitna ríkisins við kaupstaðar- eða héraðsveitur á einföldum afslætti frá smásöluverði þessara veitna og hitt að lögákveða sömu gjaldskrá um allt landið. En hér er enn eitt atriði, um að lögákveða sama gjald fyrir raforku til notenda um allt landið, sem skilur allverulega milli mín og meiri hlutans, enda þótt svo sé til tekið í ályktun Alþ. um nefndarskipunina.

Á ný skal ég víkja að enn einum megingalla frv., að slengja saman í eitt orkuvinnslu og flutningi orkunnar eftir aðallínum annars vegar og dreifingu innan héraðs hins vegar. Öllum er ljóst, hve fjárhagslega örðugt það mun reynast, vegna strjálbýlisins, ef í það verður ráðizt að veita raforku um sveitir landsins, og að þess verður enginn kostur að láta veitur um strjálbýli bera að nokkru verulegu leyti hinn mikla stofnkostnað, sem á þeim verður. Með því að leggja til annars vegar að fella saman orkuvinnslu og dreifingu, en hins vegar að lögfesta eitt og sama rafmagnsverð fyrir allt landið, er stefnt að hvoru tveggja í senn: að láta hinn mikla kostnað af rafveitum um strjálbýlið falla á herðar þeim, sem í þéttbýli búa, og dylja það, hve mikill sá fjárhagslegi baggi er og hve mikið er færzt í fang í þessum efnum. Lítur vissulega svo út, að hér hafi einhliða sjónarmið hinna strjálu byggða ráðið tillögum, eða öllu heldur þeirra, sem pólitískan hag hafa af að viðhalda hinum strjálu byggðum. Er hér reynt með klókindum að næla í meira fé til fjárhagslega hæpinna rafveituframkvæmda í strjálbýli en von þætti til, að annars fengist, og er þetta það, sem ég að framan nefndi „annarlegan tilgang".

En ég tel þetta einnig misráðið út frá sjónarmiði hagsmuna hinna strjálu byggða.

Það verður að gera sér grein fyrir því, að rafveita í sveitum er verkefni, sem er að verulegu leyti ólík rafveitu þéttbýlla bæja bæði fjárhagslegt og tæknilega. Þessi tvö ólíku verkefni verður að leysa hvort í sínu lagi, ef ekki á að torvelda framkvæmdir að verulegu leyti, og mér datt í hug, þegar hv. l. flm. frv. sagði, að við ættum að færa okkur í nyt reynslu annarra þjóða, að aðrar þjóðir hafa einmitt í þessum efnum skilið þetta og þar er þessu tvennu ekki ruglað saman. Ég álít þess vegna, að rafveitur ríkisins eigi einungis að fást við raforkuvinnslu, flytja eftir aðallínum og selja alla raforku í heildsölu til bæjar- og héraðsrafveitna. Það má ef til vill skipta þessu niður í ákveðin orkuvinnslusvæði, eftir því sem nánar yrði athugað. Ég álít enn fremur, að kaupstaðir og kauptún eigi enn að hafa rafstöðvar á sínum höndum, en komið verði upp sérstökum stöðvum til þess að annast rafveitur utan kaupstaða og kauptúna. Ef rafveitur ríkisins hafa ekki á hendi smásölu á raforkunni, heldur einungis heildsölu, þá þarf að vísu að ákveða heildsöluverð á raforkunni hjá þeim, en það er hins vegar ekki til bóta, ef hendur þeirra verða bundnar með lagaákvæðum, þannig að þær selji raforkuna sama verði hvar sem er á landinu, og mundi slíkt óhjákvæmilega valda erfiðleikum og óánægju. Ég tel, að aðeins þeim rafveitum ríkisins verði séð fyrir meiri eða minni styrk, sem geta ekki staðið undir stofnkostnaði, en síðar meir, er veitukerfi landsins verður meira samanhangandi, verður hægt að samræma á eðlilegri hátt raforkuverðið um land allt, en tel, að enn sé langt í land um að svo verði, og er því alveg ástæðulaust að vera að ráðgera verðið nú, hvað þá lögbinda það.

Þá er enn eitt atriði í frv., sem ég tel mjög fjarstæðukennt; er það í 7. gr., en þar stendur: „Rafveitur ríkisins skulu reisa og reka raforkuver og raforkuveitur". Síðan eru taldar upp í gr. þrjár aðalveitur: Suðurlands- og Norðurlandsveita, Vestfjarðaveita og Austfjarðaveita. Enn fremur eru taldar upp sýslur og kaupstaðir, sem veita skal raforku um, og þess getið, frá hvaða veitu skuli veitt. Eftir upphafsorðum gr., sem ég gat um áðan, á hún að innihalda ákvæði um það, hvaða orkuver skuli reist, en nú eru þessi orkuver alls ekki tilgreind í gr., og stafar það að öllum líkindum frekar af flaustri, er frv. var samið, heldur en af hinu, að meiri hl. hafi gert sér grein fyrir því, hvað hæpið það væri á þessu stigi málsins að lögfesta, hvaða orkuver skuli reist. Er því eftir að vita, á hverju eru byggð þessi ákvæði um tilhögun á rafveitum landsins. T. d. er í þessari gr. gert ráð fyrir einni rafveitu fyrir Suðurland og Norðurland, sem nái yfir svæðið frá Mýrdalssandi vestur og norður um land til Norður-Þingeyjarsýslu að meðtöldum Vestmannaeyjum. Síðan er vísað til bráðabirgðaáætlana, sem fylgja frv. Um þessar áætlanir skal ég taka það fram, að því fer fjarri, að hér sé um nokkrar endanlegar niðurstöður eða rannsóknir að ræða, og mér finnst því gegna furðu að fara fram á það við hv. Alþ., að það lögfesti áætlanir um heildartilhögun á rafveitum landsins. Til þess að sýna, hve þessar áætlanir eru úr lausu lofti gripnar, skal ég aðeins benda á, að það er ekki vitað, að neinn maður, sem sérstaka þekkingu hefur á rafveituframkvæmdum, hafi augum litið svæði það eða stað þann, sem ein af stærstu virkjunum, Þverárvirkjunin, á að rísa, hvað þá heldur að virkjunarmöguleikar hafi verið athugaðir og áætlanir gerðar af slíkum manni. Svipað er að segja um Gilsárvirkjunina við Egilsstaði í Fljótsdal, að ekki var farið að mæla fyrir virkjuninni þar þegar bráðabirgðaáætlanir þessar voru gerðar, en um þetta atriði er að vísu getið í grg. frv.

Ég er þess fullviss, að hv. nm. er öllum kunnugt um réttmæti þessara staðhæfinga minna, þar sem þeir hafa mest um þessar áætlanir fjallað. Skal ég þó að vísu geta þess, að meiri hl. hefur fyrirvara um sínar áætlanir, en þó bindur hann till. sínar svo við þessar áætlanir, ekki aðeins við ákvæði í 7. gr. frv., heldur líka í 24. gr., en þar segir í skýringum við þá gr.:

„Eins og að er vikið í umsögn 9. gr. frv., er til þess ætlazt, að þegar eftir gildistöku laga þessara skuli raforkumálastjórn láta byrja á því að gera fullnaðaráætlanir um landsrafveitur þær, sem nefndar eru í 7. gr."

Þó segir í skýringum við 9. gr.:

„Eins og áður er vikið að, eru áætlanir þær, sem fylgja þessu frv., bráðabirgðaáætlanir."

Hér er því ákveðið, að raforkumálastjórn skuli láta gera fullnaðaráætlanir um landsrafveitur þær, sem taldar eru upp í 7. gr., og á þeim fullnaðaráætlunum verði byggt. Hér hefur hv. meiri hl. hins vegar ekki gert sér grein fyrir þeim mismun, sem felst í orðinu fullnaðaráætlun, en samkvæmt venjulegri notkun þess orðs verður þessi kafli vart skilinn á annan hátt en hér sá beinlínis lagt fyrir raforkumálastjórn að ljúka fullnaðarútreikningum út frá þessum bráðabirgðaáætlunum og byggja síðan á þeim till. til framkvæmda, en yfirleitt slær mjög úr og í hjá hv. meiri hl., að hve miklu leyti hann vill byggja á þessum áætlunum eða hversu framkvæmdir eigi að vera bundnar við þær, en samt vill hann láta lögfesta, að ein og sama rafveita skuli ná yfir Suður- og Norðurland. Er mér nær að halda, að hér sé um hreint tilfinningamál að ræða, en ef svo er, verður það að teljast mjög ótímabært að byggja till. til löggjafar á því.

Ég skal taka það fram, eins og ég gat um áður, að ég var samþ. því, að þessar bráðabirgðaáætlanir voru gerðar, þótt ég hins vegar gagnrýndi notkun hv. meiri hl. á þeim, en tel þær nauðsynlegar til þess að menn geri sér ljóst, í hvaða átt rannsóknunum skuli beint, en tel hins vegar villandi að byggja á þessum áætlunum og fjarstæða að ætla sér að binda löggjöf við þær á nokkurn hátt.

Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að til þess geti komið, að orkuver eða orkuveitur muni ekki gefa nægar tekjur til að greiða allan rekstrarkostnað, þar með taldir vextir og afborganir, og segir þar í þessu sambandi í gr.:

„... og er þá heimilt að borga nokkurn hluta stofn-

kostnaðar af skuldlausri eign raforkusjóðs, til þess að tekjur af mannvirkjum hrökkvi til greiðslu vaxta og afborgana af þeim hluta stofnkostnaðar, sem þá er eftir, auk annars rekstrarkostnaðar.“

Ég er í fyrsta lagi á móti því, að raforkusjóður verði notaður á þennan hátt, og tel, að hann gerði miklu meira gagn, ef hann yrði notaður sem lánsstofnun, sem gegn vægum vöxtum lánaði fé til þess að koma upp orkuverum eða orkuveitum, og hann veitti jafnvel stjórnum slíkra mannvirkja rekstrarlán til bráðabirgða til þess að koma þeim yfir örðugasta hjallann fyrstu árin; enn fremur mætti veita fé úr sjóðnum til rannsókna, eftir nánari reglum, sem settar yrðu. Þá finnst mér og allóákveðið tekið til orða í gr., þar sem segir, að heimilt sé að greiða nokkurn hluta stofnkostnaðar af skuldlausri eign raforkusjóðs, en ekkert tekið fram um það, hvað mikið megi borga, hvort þetta mætti vera 9/10 stofnkostnaðar eða eitthvað annað. Ef þeir, sem um þessi mál fjalla, reyndust óráðvandir aðilar, gætu þeir gert sér leik að því, vegna flokkssjónarmiða, að koma upp rafveitum í einhverjum kjördæmum, og er samkv. þessari gr. opin leið til þess, hvernig svo sem þær veitur myndu verða, hvort þær með rekstri sínum gætu borið allan stofnkostnað eða aðeins hluta hans. Þeir, sem til þekkja, hljóta því að sjá, að hér er alls ekki nógu vel um hnútana búið, og býst ég við, að það kæmi á daginn, ef þessi aðferð yrði við höfð um raforkusjóð, að hann yrði fljótt þurrausinn og kæmi því að litlu gagni. Ég veit, að ýmsar rafveitur verður að byggja, sem eru þjóðinni nauðsynlegar, en geta ekki staðið undir stofnkostnaði, og teldi því rétt, að til slíkra framkvæmda yrðu veittir styrkir, annaðhvort upphæðir á hverju ári, sem ákveðnar væru á fjárl., eða vissar upphæðir á hverju ári gegn hlutfallslegu framlagi frá viðkomandi héraði, líkt og nú er um hafnargerðir og sýsluvegi.

Í síðari málsgr. 8. gr. segir:

„Nú er áætlun um orkuver og orkuveitur og öðrum undirbúningi svo langt komið, að unnt er að hefja framkvæmdir í fleiri en einu héraði eða víðar en á einu landssvæði á sama tíma, og skal þá það hérað eða sá landshluti ganga fyrir um framkvæmdir, sem veitir mest lánsfé til fyrirtækisins að tiltölu við fólksfjölda á orkuveitusvæðinu.“

Hér er ekki um það að ræða, hvort veiturnar geti borið sig, heldur um hitt, hvort á viðkomandi raforkusvæði búa þannig stæðir menn, sem hafa getað ávaxtað aura sína og fengið sér rafmagn.

Ég vil aðeins benda á það hér, að ég hef komið allvíða við hvað snertir fyrstu þrjá kafla frv., en hef þó leitt hjá mér sumt af því, sem aflaga fer.

IV. kafli frv. er um rafmagnseftirlit ríkisins og er að mestu leyti óbreyttur frá núgildandi l.

V. kafli fjallar um stjórn raforkumála. Þar er lagt til, að stjórn raforkumála skuli skipuð 7 mönnum. Skulu 6 stjórnarmenn kosnir af Alþ. til fjögurra ára í senn, en formaður stj., sem nefnist raforkumálastjóri, skal skipaður af ríkisstj. til jafnlangs tíma. Ég er hv. meiri hl. sammála um það, að þau mál, sem hér um ræðir, eru það mikilvæg fyrir þjóðina, að full ástæða er til þess að hafa sérstaka raforkumálastjórn, en læt mig litlu skipta, hvort hún er skipuð 7 mönnum eða færri mönnum og eins hitt, hvort hún eigi að vera kosin af Alþ. eða tilnefnd á einhvern annan hátt. Hins vegar tel ég, að tveir gallar séu á þessari skipan. Í fyrsta lagi, að það skuli ekki vera ákveðið, að raforkumálastjóri skuli vera maður með sérþekkingu, og finnst mér allt benda til þess, að hann þurfi að vera rafmagnsverkfræðingur. — Hinn gallinn finnst mér vera, að raforkumálastjórnin skuli öll vera kosin til fjögurra ára í senn, en ekki, að úr henni gangi einn eða tveir menn á eins eða tveggja ára fresti. Það segir sig sjálft, að til áframhaldandi starfsemi þessara mála verður lifandi samband milli þeirrar stj., sem situr, og þeirrar, sem tekur við, og ef raforkumálastjóri fer frá á fjögurra ára fresti, gæti hent sig, að skipt yrði um alla menn í stj., og er þá auðvitað, að truflun yrði á gangi þessara mála.

Ég hef nú rætt allýtarlega suma kafla þessa frv. og sýnt fram á það, eins og ég sagði í byrjun, að það er bæði í flaustri gert og af litilli þekkingu og eins, að hér virðist ekki að öllu leyti hafa verið starfað með hag alþjóðar fyrir augum. Það er einkennilegt, hvað meiri hl. hefur oft reynzt erfitt að koma með rök fyrir þessu frv., en það er hins vegar venja, þegar gerð er grein fyrir frv., að nauðsynlegt þykir að færa fram ástæður fyrir ákvæðum þess, en hér eru þessar skýringar aftan við það vanalega ekki annað en upprentun á gr. frv., en að vísu sums staðar vikið við orðum. Ég skal taka það fram, að ég hef ekki séð ástæðu til þess, þótt ég hafi gagnrýnt frv., að koma fram með brtt. við það, þar eð ég er meðlimur í mþn. í raforkumálum. Það þyrfti í rauninni nýtt frv. um þessi mál, en eins og ég gat um í upphafi, er mér kunnugt um, að forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins hefur samið nýtt frv. um þessi efni, sem ég í öllum atriðum get fallizt á, og hef ég því ekki gert neinar till. um fjárhæðir til rafveituframkvæmda og vísa til þess, sem ég lýsti yfir í byrjun máls mín. Frv. þetta þarf mikilla lagfæringa við og fær það ekki afgreiðslu fyrr en væntanlega á næsta þ., en það er áreiðanlegt, að við komumst lengst í þessu nauðsynjamáli með því að setja um það skynsamlega löggjöf.

Umr. frestað.

Á 116. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

A 117. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. — Ég vildi segja nokkur orð út af því, sem fram kom í ræðu hv. 11. landsk. þm. Ég vék að því í lok ræðu minnar, að ég vonaðist eftir, að þótt hann hefði ekki séð sér fært að gerast flm. að frv. þessu, sakir þess, að hann var ekki við endanlega afgreiðslu þess, þá bæri okkur ekki svo mjög á milli um höfuðatriði málsins, að það mætti frekar gera ráð fyrir

stuðningi við málið frá honum heldur en hinu gagnstæða. Nú lét hann í ljós, að hann væri að vísu samþykkur meiri hl. n. um höfuðstefnu málsins, hvað „princip" áhrærir, en sagði þó nokkru síðar, að enda þótt hann viðurkenndi, að ríkið hlyti að verða að hafa aðalforgöngu um slíkt mál, ef það ætti að komast þannig til framkvæmda, að meginhluti þjóðarinnar mætti vænta þess eins fljótt og ástæður leyfðu, þegar litið er á þjóðarhag og getu til þess að koma slíku verki í framkvæmd, þá vildi hann, samt sem áður, að hinir einstöku bæir eða sveitarfélög, og jafnvel kannske annar félagsskapur, — það kom ekki svo greinilega í ljós hjá honum —, ættu að hafa þessar framkvæmdir með höndum nú fyrst um sinn og jafnvel enn lengur, eftir því sem geta þeirra og möguleikar leyfðu, þegar þörf væri mikil hjá bæjar- og sveitarfélögum um að koma raforkuframkvæmdum á hjá sér. En þegar svo þessir aðilar gætu ekki framkvæmt raforkufyrirtækin hjá sér, vildi þessi hv. þm., að hið opinbera kæmi til.

Með þessum ummælum fannst mér hv. 11. landsk. þm. vera búinn að taka nokkurn veginn eins rækilega aftur eins og verða má aðalstefnu meiri hl. n. í þessu máli. Því að ég er ákaflega hræddur um það, að ef framkvæmdir þessa máls eiga að fara eftir þessum leiðum, þá verði það nokkuð seint, sem hið opinbera, ríkissjóður, hefur aðstöðu til þess að geta verulega látið til sín taka um þessar framkvæmdir. Og svo mikið er víst, að ef farin er þessi leið í þessu máli, þá verða framkvæmdirnar, þegar hið opinbera kemur til með að annast þær, miklu óhagkvæmari heldur en ef það opinbera hefði frá upphafi haft þær með höndum. Það verður þá margfalt erfiðara fyrir ríkið að grípa þar inn í. — M. ö. o., ef ég má skilja orð hv. 11. landsk. þm. eins og hann setti þau fram, — og það finnst mér, að ég hafi leyfi til að gera, eins og hann gerir strangar kröfur til annarra um að setja sitt mál skýrt fram í skrifuðu og prentuðu máli —, þá vil ég hafa leyfi til að skilja hans orð eins og þau eru fram sett og ómögulegt er að skilja þau öðruvísi.

Það verður hver að hafa leyfi til að hafa sína skoðun í þessu efni eins og öðrum. En ég vil segja, að annars hefði ég viljað mega vænta af þessum unga manni með verkfræðimenntun en þess, sem komið hefur fram hjá honum um þetta efni. Því að þar er nú ekki því til að dreifa, að menn hafi ekki vit á hlutunum, þar sem hann er, og kom það líka fram á öðrum stað í ræðu hans, þó að ég fari ekki langt út í þær sakir í þetta sinn. En má þó vera, að ég komi einhvern tíma síðar að því. — En hann fer þá þarna í þessari skoðun sinni, eins og hann setti hana fram, nákvæmlega þá leið, sem einstöku menn hafa lagt til áður um slík framfaramál, sem eru þess eðlis, að langsamlega bezt fer á því, að þjóðfélagið hafi ekki aðeins yfirstjórn þeirra í sínum höndum, heldur og alla framkvæmd. En meira og minna, á öllum tímum, bæði hér hjá okkur og annars staðar, hefur, þegar um slík stórmál hefur verið að ræða, komið fram, að einhverjar raddir hafa heyrzt um það, að einstaklingar ættu eitthvað að fást við þau fyrst. Og hefur það þá verið gert í þeirri trú, að það kæmi einhverjum mönnum eitthvað betur, — e. t. v. væru það hagsmunamál þeirra í augnablikinu. Og þá hefur verið litið yfir það, hvað alþjóð manna, ekki aðeins í augnablikinu, heldur þegar lengra væri litið, kæmi bezt. Ég ætla að minna á eitt mál, sem er stórmál og mikið menningarmál, er nú er komið í framkvæmd, en byrjaði með þeim hætti, sem ég býst við, að hefði ekki verið fjarri skapi hv. 11. landsk. þm., að farið hefði verið eftir þeirri leið, eftir því, sem fram hefur komið í þessu máli, sem hér liggur fyrir. Þetta var útvarpið. Það var sérstakur félagsskapur, sem byrjaði með þá starfsemi. Og ég er á engan hátt að deila á þá menn, sem að því stóðu, þó að það gæti þá ekki orðið nema heldur ófullkomið og þá náttúrlega alls ekki nein alþjóðleg uppbygging að því, á meðan það var í því horfi. En svo var breytt til. Bæði þjóðin og þingið sáu, að ef útvarpið ætti að komast í verulega framkvæmd, svo að alþjóð manna gæti haft gagn og menningu af því, þá yrði þjóðin að hafa starfsemi útvarpsins með höndum á vegum ríkisins. Og þetta er gert. Ef þessi leið hefði ekki verið farin, væri útvarpið náttúrlega mjög ófullkomið enn og vitanlega langtum dýrara einstaklingum heldur en það er þó nú, þegar ríkið sjálft annast framkvæmd þess.

Annars er um þetta mál, sem hér liggur fyrir til umr., eins og önnur stórfelld framfaramál, sem eru erfið í framkvæmd og fjárfrek, að það reynir fyrst og fremst á félagsþroska manna, hverjum augum þeir líta á þjóðfélagsþegnana, hvort aðeins nokkrir útvaldir af þeim eiga að verða gæðanna aðnjótandi, eða hvort á að taka fleiri með. En þó að ég vilji, að sem flestir landsmenn gætu orðið raforkunnar aðnjótandi, get ég ekki orðið svo bjartsýnn, að ég álíti, að ekki verði mörg býli og einstaklingar landsins að bíða langa stund, þar til þeir verða raforkunnar aðnjótandi. En til þess að koma því sem fyrst í framkvæmd, að þeir geti orðið hennar aðnjótandi á sem beztan og ódýrastan hátt, verður það að koma þannig, að þjóðin beiti sér fyrir því. Allur útúrboruháttur, að einstök bæjarfélög eða einstaklingar megi út af fyrir sig auka þessar framkvæmdir frá því, sem nú er, verður til þess, að framkvæmdirnar verða dýrari síðar, sem þarf að gera í þessum málum, og til þess að torvelda, að þjóðin geti komið raforkumálunum sem fyrst í farsællega höfn, eftir því sem við höfum annars tök á. Og ég veit líka, að hv. 11. landsk. þm. er ekki svo skyni skroppinn, að hann vilji ekki viðurkenna þetta. Og hann sjálfur lifir eftir þessu lögmáli, sem ég hef haldið fram, að þurfi að hafa í raforkumálunum. — Ja, kannske segi ég hér meira en ég get sannað. Ég get reyndar ekki sannað þessi ummæli mín öðruvísi en svo, að það hefur ekki komið neitt fram á móti þessari stefnu minni á þeim stað, sem búið er að leiða raforkuna til, hér í Reykjavík. Ef hann tekur Reykjavík og lítur á, hvernig hún hefur framkvæmt þessi mál fyrir sig, þá gerir bærinn það á þann hátt, sem þjóðin ætti að gera það fyrir sína þegna. Reykjavík lætur sér ekki nægja, þó að það væri ódýrast, að leiða raf-

orkuna aðeins um bæinn þar, sem mest er þéttbýlið í bænum, heldur tekur úthverfin með. Og það kostar enga aukapeninga fyrir fólkið í úthverfunum að nota rafmagnið fram yfir það, sem Reykvíkingar í hinum þéttbýlli hlutum bæjarins þurfa að borga. En hv. 11. landsk. þm. vill samt hafa þessa tilhögun á raforkumálunum hér í Reykjavík, af því að honum finnst, að hið opinbera geti ekki annað og geti ekki lagt aukaskatt á þá, sem í úthverfum bæjarins búa, sem uppfylla allar skyldur, þótt auðvitað sé dýrara fyrir bæinn að leiða rafmagnið til þeirra en hinna, sem búa í þéttbýlli hlutum bæjarins.

Ég get búizt við því, að hv. 11. landsk. þm. segi, að um þetta sé öðru máli að gegna en viðkomandi landsmönnum í heild, því að þetta séu þegnar eins bæjarfélags, og úr því að bæjarfélagið standi að þessu, eigi þeir, sem í því eru, kröfu á því að fá raforkuna. Og ég get tekið undir það með honum, að þeir eigi kröfu á því. Það er alveg eðlilegt. En, samt sem áður, ef litið er á þetta frá þrengsta sjónarmiði, þá veldur þessi jöfnuður á verðinu fyrir raforkuna í Reykjavík kostnaðarauka fyrir suma þegna þess bæjarfélags, þannig að fyrir það fá þeir raforkuna nokkru dýrari. En það mun mega réttlæta það með því, að hinir, sem í úthverfunum búa, séu líka þegnar bæjarfélagsins.

En ef lengra er litið og út fyrir Reykjavíkurbæ, hvernig horfir þá málið við? Reykvíkingar eru þó þegnar þessa þjóðfélags. Og ég vil mega skoða það svo, og þar veit ég, að ég mæli fyrir þeirra munn, Reykvíkinga, að ef litið er á þjóðfélagið sem heild, þá hefur maður engin héraðsmörk í huga, heldur tekur maður landið í heild. Og fer þá ekki, ef það sjónarmið er við haft, að verða þar ekki svo mjög mikill munur á, hvort menn tilheyra bæjarfélaginu eða ekki? — Ég get búizt við, að hv. 11. landsk. þm. svari mér því til, að þar sé þó nokkuð ólíku máli að gegna, vegna þess að þarna komi enn meiri munur fram viðkomandi rafmagnsframkvæmdum heldur en innan bæjarfélagsins út af fyrir sig, sérstaklega ef fara eigi að leiða raforkuna út um allar jarðir. Og það kann vel að vera. Því vil ég ekki mæla á móti. En samt sem áður breytir það í engu eðli málsins. Og það er ekki verið að tala um, að þetta eigi allt að gerast á næsta degi. Þar verður aðstaða að ráða allmiklu um. Og það er algerlega satt hjá honum, — án þess að hann geti fært fram fyrir því nokkur rök —, að ef framkvæmd þessara mála verður einungis með þeim hætti, að kostnaður verður tekinn með hækkuðum gjöldum fyrir not rafmagns, þá verður þetta margra milljóna skattur á þéttbýlið. En hann getur með þessari fullyrðingu sinni ekki fundið nein ummæli í frv., sem bendi til þess, að þannig eigi að taka þetta. Það stendur hvergi í þessu frv., að raforkan skuli verða seld það dýru verði, að með því móti einu skuli sá kostnaður fást upp borinn, sem leiðir af framkvæmd raforkumálanna fyrir landið í heild. Það eru fleiri leiðir til þess að hafa upp þann kostnað. Og ég get sagt hv. 11. landsk. þm., að það er vissulega meining n., að við framkvæmd þessa máls verði raforkan alls ekki seld svo háu verði, að með því móti einu verði séð fyrir framkvæmdum á málinu og rekstri og viðhaldi vatnsvirkjana og þess konar.

Annars er mér ekki tamt að fara út í svona lagaðan samanburð, hvort heldur sem er milli bæja innbyrðis eða bæja og sveitahéraða. Og ég tel það illa farið, hvar sem slíkt skýtur upp höfðinu. Og ég álít, að við hér á hæstv. Alþ. eigum ekki að gera nema sem allra minnst að þess konar samanburði og metingi. Við eigum að líta á málefni, sem snerta alþjóð manna, frá víðara og betra sjónarmiði heldur en að vera með þess konar uppgjör. Það græðist líka oftast lítið á því, svo að það er ekki skaði skeður, þó að lítið sé að því gert. En af því nú, að hv. 11. landsk. þm. lagði svo mikla áherzlu á þetta atriði, vil ég minna hann á, að það vill nú svo til, að þar, sem þéttbýlið er mest, og þar sem andveldast er að koma raforkumálunum í framkvæmd, og þar, sem það er búið sums staðar, þar eru teknir fjármunir af sameiginlegum sjóði landsmanna, á beinan og óbeinan hátt, til framkvæmdanna. — Og ég tala nú ekki um þá möguleika, sem fyrirtæki byggja á um þessa starfsemi sína. Og af því að hv. 11. landsk. þm. fór út í þetta, vil ég beina til hans þessari spurningu: Hefur hann ekki gert sér þess grein, hver styrkur þessu bæjarfélagi, Reykjavík, er að öllum þeim embættismönnum ríkisins og ríkisstofnunum, sem eru í Reykjavík, og hvort þetta muni vera einskisvert fyrir raforkuframkvæmdir bæjarins og rekstur raforkufyrirtækja? Bærinn á vitaskuld sinn mikla þátt í þeim. En það er þjóðin öll í heild, sem stendur að starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnunum, og þar með þeim styrk, sem raforkufyrirtækjum Reykjavíkurbæjar er að því, að embættismenn ríkisins margir og ríkisstofnanir eru sett í Reykjavík.

Og ég vil minna hv. 11. landsk. þm. á annað fyrirtæki, sem er í uppsiglingu, sem hann a. m. k. hefur léð lið sitt til, að kæmist á í þeim búningi, sem það er í og verður, og það var ekki af skilningsleysi á hlutunum, enda var á það bent, þegar það mál lá hér fyrir hv. d., að grundvöllur þess fyrirtækis væri ekki sem traustastur. Framgangi þess fyrirtækis var ekki mótmælt af hálfu þeirra manna, sem höfðu yfir sérþekkingu að ráða, og var þó meira upp úr sérfræði að leggja í sambandi við það fyrirtæki, þar sem það var byggt á ýtarlegri og nákvæmri athugun. En reynslan er ónotaleg af þeirri framkvæmd, — ef hv. þm. yfirleitt fá nokkur ónot af því, sem þeir gera, þegar þeir láta þykkjur sínar í ljós gegn einhverju. Þetta fyrirtæki er á Siglufirði. Rekstur þess fyrirtækis byggist á því að verulegu leyti, að ríkisfyrirtæki eitt, sem stendur þar, skipti mikið við það, þ. e. a. s. það er ætlazt til þess, að það leggi af mörkum 250 þús. kr. styrk af sínu starfi til rekstrar þessa fyrirtækis. Ef litið er á Siglfirðinga, eiga þeir minnstan hlut í þessu ríkisfyrirtæki beinlínis. Það er þjóðfélagið í heild, sem hefur komið því upp, þó að þarna séu menn í hnapp, rúmar þrjár þús., sem hafa fyrir þetta ríkisfyrirtæki aðstöðu til að koma rafstöð upp og reka hana. Og það er því hægt að segja,

að þjóðfélagið, og þá að mestu leyti aðrir en Siglfirðingar sjálfir, — þar á meðal margir, sem enn eru raforkulausir —, eigi síldarverksmiðjurnar. Nú dettur mér ekki í hug að telja það eftir, þó að Siglufjörður hafi tekjur fyrir sína rafveitu af þessu ríkisfyrirtæki. En hvernig er réttlætiskennd þeirra, sem vilja ekki, að allir þjóðfélagsþegnarnir hafi sömu aðstöðu í þessu efni, svo fljótt sem hægt er að koma því við? — Það er betra að hafa minni prófstimpil, álít ég, til þess að flagga með og vera þá laus við, að menn hefðu ástæðu til að geta sér til, að réttlætiskennd þess hins sama manns gripi ekki svo mjög til þess, að allir nytu sama réttar í þjóðfélaginu.

Einu vil ég víkja að, sem kom fram í ræðu hv. 11. landsk. þm., að hann virtist hafa trú á því, að þetta, — þ. e. a. s. að bæjarfélög mættu virkja sér fyrir sig án tillits til annarra raforkuframkvæmda síðar —, þyrfti ekki að verða til hindrunar jafnvel fyrir þau sveitarfélög, sem vilja ganga fram á sömu braut og verið hefur í þessu efni. — Ekki styðst hann þar við þá stuttu reynslu, sem við þó höfum. Því að það hefur verið hinn mesti skortur í raforkunni, þar sem slíkar framkvæmdir eru komnar, sakir erfiðleika á að koma þessum verkum í framkvæmd. Ég ætla, að Akureyringar hafi um s. l. jól setið í kulda og myrkri, — ekki af því, að ekki væri nóg vatnsafl í Laxá, sem búið er að virkja, heldur af því, að þarna vantar stíflu til þess að passa upp á rennslisjöfnuðinn, ef þurrkatíð er mikil.

Svo vék hv. 11. landsk. þm. að einstökum gr., og var ekkert út á það að setja, hefði það getað orðið til leiðbeiningar fyrir þá n., sem á að fjalla um málið. En af því að hann taldi nú, að málið í heild væri flausturslega úr garði gert og illa samið frv. og það bæri það með sér, að það væri ekki af þekkingu gert, — hann var nú svo lítillátur að minnast á það í þeim dúr —, þá hefði nú mátt vænta þess af manni, sem býr yfir mikilli þekkingu og vísdómi og getur að sjálfsögðu komið sínu máli rétt fram, að hann hefði þá bent á, hvernig betur hefði mátt fara í ákvæðum frv. í þeim gr., sem honum fannst á skorta, að væru vel samdar. Hann færði að vísu fram ýmis atriði, sem hann væri ósamþykkur hvað stefnu við kemur. En það er bara allt annað mál. Hann vék ekki að því að setja skýrt fram það, sem hann vildi vera láta, heldur að hann væri ósamþykkur ákvæðum frv. Hann drap á, að það væri fjarri öllu lagi að selja raforkuna til mismunandi nota með sama verði. Og hann sagði, að það væri fjarri lagi að selja alls staðar á landinu rafmagn til sömu nota jafnháu verði, t. d. alls staðar jafndýrt til ljósa, jafndýrt til hita og jafndýrt til suðu alls staðar á landinu. Þetta fannst honum óheyrilegt, og hann fann það til, að það mundi standa svo mismunandi á um orkuframleiðsluna á ýmsum stöðum. Og þannig mun það verða í byrjun. En þegar búið er að koma á heildarskipun í þessum málum og raforkan er orðin nóg, hygg ég, að þessi mismunur geti horfið. Að vísu veit maður, að þetta getur ekki orðið á mjög nálægum tíma. En síðar meir ætti það að geta orðið. Og þó að það gæti ekki orðið í okkar tíð, þótt við lifðum lengi, finnst mér, að þetta ætti að vera stefnumiðið, sem við í þessu máli keppum að. Og það munu þeir gera, sem ekki líta fyrst og fremst á nokkurn hóp manna og hagsmuni hans.

Hv. 11. landsk. þm. heldur því fram, að það sé gert í áróðursskyni að flytja þetta mál, sem yrði fyrir landsmenn í heild. En ef það á að vera ein aðalmótbáran gegn þjóðþrifamálum, ef þau eru þannig, að margir hafa gagn af framkvæmd þeirra og því séu þau flutt sem áróður, þá fer að verða vandi fyrir þá menn að flytja mál á þingi, sem vilja koma einhverju góðu og miklu til vegar. Ég hélt, að aðalatriðið væri það um mál, hvort þau væru þess virði, að þau væru framkvæmd. Mér hefur skilizt, að hv. 11. landsk. væri ekki á móti því, — og það hef ég séð á atkv. hans —, að rafmagnsframleiðsla væri aukin fyrir þéttbýlið. En mér dettur ekki í hug, að hann geri þetta í áróðursskyni. En hvað er hann þá að gera öðrum getsakir í þessu efni? Því að ekki verður það misskilið, eins og hann setur mál sitt fram gagnvart okkur, sem flytjum þetta frv., að hann telur það flutt í áróðursskyni.

Svo minntist hv. 11. landsk. þm. á það, að það væri fjarri öllu lagi að ætla að hafa þetta fyrirkomulag, sem í frv. er gert ráð fyrir, því að raforkan væri sérstökum lögum háð og öðruvísi þyrfti að flytja hana heldur en mjólk o. þ. h. Jú, ég veit vel, að þótt raforkan sé mæld, þar sem hún er notuð, þá er hún ekki mæld í mælikeri og ekki heldur eftir lengdarmáli. En jafnfróður maður og hv. 11. landsk. þm. er um þessa hluti, þá hélt ég, að hann sæi möguleika til að yfirstíga þann erfiðleika, sem á er um sölu orkunnar, þótt sami aðili annist hvort tveggja, heildsölu og dreifingu. A. m. k. verður það ekki svo óskaplega mikill vandi, þegar þannig er komið, að mjög mikill hluti landsmanna getur orðið orkunnar aðnjótandi til nauðsynlegra hluta, sem maður gerir ráð fyrir, að raforkan verði fyrst og fremst notuð til. En meðan raforkan er ekki svo mikil, er ákaflega einfalt mál að hafa vissar reglur um hverja tegund orkunnar í þessu sambandi. Og mér fannst þessi mótbára segja býsna lítið hjá hv. þm. Ég hef séð um þetta ritað í Reykjavíkurblöðunum. Og þar kemur fram, að menn hafa nokkuð ólíkar skoðanir bæði á sölu mjólkur og raforku. Það er t. d. gerð krafa um það, að til sé ávallt nóg og góð mjólk til sölu í bænum og hún sé seld við sem vægustu verði. Og þetta er eðlilegt. Þetta er nauðsynleg og þýðingarmikil vara, og von er, að menn vilji gjarnan hafa þetta svo. En ég hef ekki séð það lagt til af hálfu þeirra manna, sem brýna fyrir mönnum sparnað á vatni og rafmagni stundum, að þeir vilji gera ráðstafanir til þess, að mjólk sé spöruð á þeim tíma, þegar minnst er til af henni, og mönnum bannað að nota hana, nema til vissra hluta, t. d. handa börnum og gamalmennum, og lögð verði refsing við, ef út af er brugðið. En t. d. ef menn setja ofn í samband þar, sem kalt er í herbergi, þá hef ég séð tilkynningar um það stundum, að það gæti leitt

til þess, að menn yrðu fyrir það sviptir raforkunni, ekki aðeins til þeirra hluta, heldur og til annarra. Svo að það eru uppi skoðanir um það, að sala á raforku sé nokkuð öðrum lögum háð heldur en sala á mjólk. Ég hef ekki séð af hálfu þessara manna, sem slíkar tilkynningar birta, eða vitað talað um, að menn ættu aðeins að nota mjólkina á vissan hátt, t. d. handa börnum og gamalmennum. En það hefur verið bent á þessi ráð. En mjólk hefur ekki vantað svo mjög, að þurft hafi að gera svo róttækar ráðstafanir í þessum efnum.

Nú er það á allan hátt ekki nema eðlilegt, að orka til mismunandi notkunar sé seld misjöfnu verði, og það er alveg rétt, að notkunin til vissrar starfsemi gæti því aðeins átt sér stað, að orkan yrði ekki seld of dýru verði. Áætlanir liggja fyrir um það, hvað orka megi kosta til verksmiðjuiðnaðar. En svo liggja líka fyrir allt aðrar áætlanir, gerðar af mönnum með hliðstæða þekkingu, þar sem verðið er áætlað margfalt hærra.

Nú er ég ekkert að tala um það, þótt hv. þm. hafi aðra skoðun á þessu hvað framkvæmdir snertir. Það var vitaskuld honum frjálst, en ég hefði bara kunnað betur við, að hann hefði talað um málið út frá því sjónarmiði, en ekki á þann hátt, sem hann gerði, en ég viðurkenni engan veginn, samt sem áður, að það hafi verið með fullum rökum. Hann sagðist gjarnan vilja, að ríkið byggði raforkuverin og legði línurnar, en sveitarfélögin eða annar félagsskapur annaðist svo dreifingu orkunnar. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig, og ég er ekkert að deila á hann, þótt hann hafi það, en ég veit, að hann er mér eigi að síður sammála um, að þetta geti torveldað framkvæmdir af hendi ríkisins, vegna þess að aðstaðan hér á landi er þannig, náttúrlega ekki sízt út um hinar dreifðu byggðir, að ríkið hlyti að verða að sjá um, hvernig framkvæmdirnar verða, og það verður að hafa sína kunnáttumenn, ekki eingöngu við það að leggja línurnar, heldur og til eftirlits og viðhalds. Það verður áreiðanlega langöruggast með því, að ríkið hafi þetta hvort tveggja og annist allt saman. Það þarf á þessum mönnum að halda hvort sem er og launa þá, og er þá langbezt, að þeir hafi þetta allt með höndum. Það yrði ódýrast með þeim hætti, bæði hvað viðhald snertir og svo minni hætta á óhöppum.

Hv. 11. landsk. þm. fannst ákvæði 7. gr. alveg fráleitt, og það skildist mér hann byggja bæði á því, að ekki væri fullgengið frá áætluninni, þannig að ekki væri hægt nú að segja um, hvar orkustöðvarnar yrðu reistar og alls ekki hve margar og fyrir fram ekki auðsætt, hvar háspennulínurnar kynnu að liggja. Ég get nú ekki verið honum sammála um það, að þetta þurfi að vera ágalli. Markmiðið, sem stefnt er að, eða markið öllu heldur, sem stefnt er að með frv., segir til sín með ákvæðum sömu gr. Og ég hélt satt að segja, að hann mundi ekki finna að því, þótt ekkert yrði fastráðið um þetta fyrirfram, fyrr en fullnaðarrannsókn hefur farið fram, því að það hefur verið, fyrir allra hluta sakir, óráðlegt, meðan ýtarlegri rannsókn um þetta efni er ekki að fullu lokið. Ákvæði 7. gr. eru því ekkert annað en bending um það, hvernig hugsað er að haga þessum framkvæmdum, og ef litið er til okkar eigin löggjafar, svo að menn fari nú ekki lengra, með önnur framkvæmdamál, þá er það með líku sniði, hvað þetta áhrærir. Það þarf ekki annað en minna á símal., vegal., brúarl. Þó að bent hafi verið á höfuðlínuna, t. d. höfuðveg og höfuðlínu, þá er engan veginn svo að skilja, að löggjafinn hafi talið sig, við nánari athugun á málinu, þannig bundinn, að það skyldi verða endanlegt, sem upphaflega var hugsað. Þ. hefur það á hverjum tíma í hendi sér að breyta til eftir hentugleikum, og eins býst ég við, að svo sé um þetta mál, en það hefur á engan hátt minna gildi nú, að á það sé bent, hvernig framkvæmdir séu hugsaðar. Frv. ber það líka með sér, að ætlazt er til þess við hverja einstaka framkvæmd, að þ. á hverjum tíma, um leið og í þetta er ráðizt, taki ákvörðun sína.

Þetta hélt ég, að hv. 11. landsk. þm. mundi verða mér sammála um og telja þetta bót í máli. Hann hafði nú stór orð um þetta, en ég gef nú ekkert um að fara nánar út í það. Ég er bara að benda honum á það, sem gerzt hefur í okkar framfaramálum, sem alþjóð hefur staðið að, hvernig fyrri tíma menn, sem bezta og gleggsta yfirsýn höfðu, litu á þau.

Þá vék hv. þm. að ákvæðum 8. gr. Ég ætla ekki að fara langt út í það, ég tel þess ekki þörf. Honum fannst, að hætta kynni að vera á því, að sú heimild, sem veitt er í gr. til þess að nota raforkusjóð til framkvæmda, kynni að verða misnotuð. Það er náttúrlega aldrei hægt að staðhæfa um það fyrir fram, hvernig kann að verða farið með fjármuni, sem heimilað er að nota, en eftir því fyrirkomulagi, sem hugsað er, að verði á þessum framkvæmdum, þá ætla ég, að Alþ. verði á hverjum tíma að samþ. þá meðferð, er hafa skal á fénu, áður en til framkvæmdanna kemur, og mundi þá segja til, hvort því sýndist, að sú till., sem fram kæmi um að nota eitthvað af sjóðnum, væri forsvaranleg eða ekki, og mundi það þá verða undir samþykkt þess komið. Veit ég ekki, hvort menn geta fyrir fram öllu tryggilegar búið um þetta atriði. Það er fjarri því, að ég hafi á móti því, að það yrði gert, ef menn koma auga á það, hvernig það færi betur og væri tryggilegar um búið. En gæta verða menn þó þess, að það kæmi ekki í bága við framkvæmdirnar, ef rammar skorður verða reistar um notkun fjárins fyrir fram. Ef sett yrði það ákvæði í gr. t. d., að aðeins vissan hluta mætti nota af sjóðnum, væri þá alveg víst, að það yrði ekki misnotað? Gætu framkvæmdirnar ekki verið þannig, að það væri misnotkun samt? Ég á við, að um svona lagað atriði er ákaflega mikill vandi að hafa ákvæðið þannig, ef menn ekki eru ráðvandir og blátt áfram vita glögg deili á því, hvað gera verður, að fyrirbyggt sé, að misnotkun eða mistök geti að einhverju leyti átt sér stað. En það er fjarri því, að ég ætlji það hjá hv. þm., ef hann teldi á einhvern annan hátt betur hægt að ganga frá þessu atriði.

Þá minntist hann nokkrum orðum á stjórn raforkumála, og er ég í sjálfu sér ekki alveg á sömu skoðun og hann, en það er allt annars eðlis. Við getum sagt, að um skoðanamun sé að ræða, og mér dettur ekki í hug að staðhæfa, að hann kunni ekki að hafa nokkuð til síns máls um það atriði, en ég vil nú benda honum á, að þótt farið sé að eins og hann lagði til, er engan veginn víst að betur sé frá þessu gengið. Ég vil ekki staðhæfa, að það kynni ekki að vera, en það er engan veginn tryggt.

Þá minntist hv. þm. á skýringarnar við hinar einstöku gr., og það skiptir náttúrlega ekki miklu máli um það, því að það er allt annað, sem máli skiptir, svo að menn geta látið sér það í léttu rúmi liggja.

Hv. þm. sagði, að skýringarnar á einstökum gr. væru í raun og veru ekki annað en upprentun á gr., en orðunum bara vikið við. Þetta var eitt dæmi um það, hvað honum fannst áfátt um þessi vinnubrögð. Ég man nú ekki eftir, að af hálfu þessa hv. þm. hafi komið fram stórvægileg þingmál, þar sem reynt hafi á kosti hans til þess bæði að semja l. og skýra, en þetta er í engan stað heldur neitt óeðlilegt. Hann er ekki búinn að eiga hér langa setu, svo að það er á engan hátt neitt sérstakt við það, en hálf finnst mér, að hv. þm. geri sér skrýtna hugmynd um skýringar á l., ef hann býst ekki við, að efni gr. sé rakið í skýringunum. Til hvers eru skýringar á lagagr.? Þær eru til þess að gera efni gr. ljósara og hvað fyrir þeim vakir, sem að lagasetningunni standa, skýra það nánar en gert er í gr. Skýring verður því aldrei annað en upprentun á lagagr., með öðru orðalagi auðvitað. Þetta veit ég nú, að hv. þm. finnur ofur vel, þegar hann fer að hugsa um það. Ég held reyndar, að hann hafi sagt þetta, eins og sumt annað í ræðu sinni, þannig að hann hafi ekki nákvæmlega yfirvegað, hvað hann var að segja. Svo er annað mál, ef skortur er á, að skýring sé gefin við óljósa lagagr., svo að ekki er greinilegt, hvað fyrir flm. vakir. Það er annað mál. En yfir því kvartaði hv. þm. ekki svo mjög. Það kann að vera eitthvað þess háttar, samt sem áður, sem hefur vakað fyrir honum með þessum ummælum. En ég vil nú vona, samt sem áður, þótt eitthvað kunni á að skorta í þessu efni, þá sé í höfuðatriðum bæði efni gr. ljóst og skýringar þar, sem þeirra er þörf, og segi til, hvað fyrir flm. vakir. Hv. þm. benti á ákvæði einnar gr., sem ekki væru fullkomlega ljós, í gr. um heildsölu og smásölu. Ég hef vikið að því, hvernig það er hugsað, sem honum þótti ekki koma nógu skýrt fram, en þeir, sem þekkingu hafa á þessum málum og lesa gr. nákvæmlega, vita algerlega, hvað hún felur í sér. Ég ætla svo ekki að þessu sinni að fjölyrða frekar um þetta.

Ég gat ekki annað en andmælt ræðu hv. þm., ekki fyrir það, að það í sjálfu sér skipti miklu máli, hvort það væri gert eða ekki gert. Mér þykir leiðinlegt, að jafnvel þótt fyrir honum vaki að gera vel í þessu máli, þá finnst mér, ef hann heldur því fram, sem virtist helzt vera í ræðu hans, það gæti orðið til hindrunar og tafar í málinu. Mér þykir leiðinlegt hans vegna, ef seinni tíminn þyrfti um þau vinnubrögð okkar að dæma, að þá væri hann heldur meinsmaður málsins en hitt.

Lífið heldur áfram.

Ég er nú kominn það við aldur, að ég hef kannske litla von um að sjá yl og ljós koma frá þessu út um byggðir landsins, þótt farið sé eftir beztu og heppilegustu leiðum.

Þessi maður, sem er miklu yngri en ég, á vafalaust eftir að starfa mikið og til gagns sínu þjóðfélagi. Vonandi verður það hans hlutskipti, að hann geti litið til fortíðarinnar á þann hátt, að það, sem hann lagði til þessa máls, sé það bezta og gagnlegasta og reynslan eigi eftir að sýna það. En eftir nokkrum ummælum og atriðum, sem fram komu í ræðu hans, og ætli hann að halda fast við það, sem eftir því, sem mér virtist, — ég vildi helzt mega skoða það sem ég hafi misskilið hann, og þá bið ég afsökunar, — á ræðu hans, þá er ég í nokkuð miklum vafa um, hvort hann geti þá litið þannig til þeirra tíma, sem í hönd fara, með þeirri vissu, að stefna hans hafi ekki verið til hindrunar og hins verra. En ég, sem sagt, óska, að slíkt komi ekki fyrir.

Umr. frestað.

Á 118., 119., 120., 121., 122., 123. og 124. fundi í Nd., 1., 2., 5., 6., 7. og 8. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 125. fundi í Nd., 9. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. — Ég get ekki látið hjá líða að láta í ljós, að mér finnst, að þetta mál hefði hæglega getað beðið með afgreiðslu til morguns. Það er ekki svo aðkallandi og einnig fyrir fram séð, að þetta mál fær ekki aðra afgreiðslu hér á þ. en að því kynni að verða vísað til 2. umr., vegna þess, hversu flm. hafa lengi með það fjallað.

Mál þetta hefur verið hér til umr áður og stóð þannig, er umr. var frestað, að aðalflm. hafði talað frekar almennt um málið heldur en farið nánar út í einstakar gr. þess. Hann dýrðaðist mjög yfir því, að þetta frv., ef að l. yrði, mundi mjög verða til stuðnings landbúnaði vorum. Það er að vísu rétt, að landbúnaðinum veitir ekki af, að honum yrði stuðningur veittur, þar sem hann er nú, eftir tveggja áratuga stjórn Framsfl. á skipan þeirra mála, í hinu mesta öngþveiti. Hv. flm. lagði út af því, að við mættum ganga út frá því, að ef byggðirnar fengju ekki rafmagn, stæði fyrir dyrum gereyðing á þeim, en þetta frv. væri bjargráð við þessu.

Ég sýndi fram á, að með samþ. þessa frv. væri verið að ganga inn á þá pólitík, sem Framsfl. hefur hingað til rekið í landbúnaðarmálum vorum. Með þessu frv. er farið inn á verðjöfnunarleiðir, þar eð frv. gerir ráð fyrir því, að raforkuna skuli selja með sama verði, hvort sem um þéttbýli eða dreifbýli er að ræða, þótt vitað sé, að rafveitur í dreifbýli eru svo langsamlega örðugri fjárhagslega séð heldur en rafveitur í þéttbýli. — Ég sýndi einnig

fram á það, að með því að fara þessa leið, væri verið að stuðla að því að viðhalda dreifbýlinu, sem Framsfl. vill fyrir alla muni varðveita, og það stóð í Tímanum í gær, að það væri alveg bráðnauðsyn fyrir þjóðina, að dreifbýlið héldist. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, er landbúnaðinum ekki til stuðnings og miðar ekki að raunhæfum aðgerðum, sem væru landbúnaðinum til eflingar, heldur fer beint inn á pólitík Framsfl. Flm. leitaðist við að sýna fram á, að þessi mál þyrfti að taka föstum tökum og skipuleggja þau og hugsa bæri um hag alþjóðar, en ég sýndi fram á, að því færi svo fjarri, að frv. miðaði að þessu.

Hv. flm. sagði, að ég vildi ekki ganga inn á miðlunartilraun, og taldi þess vegna, að ég vildi ekki hlynna að landbúnaðarmálum. Við sósialistar höfum sýnt hið gagnstæða, og það er eins mikil fjarstæða að segja, að við séum andvígir landbúnaðinum, eins og að segja, að Framsfl. sé bjargvættur hans. Það er ekkert hjálpræði fyrir landbúnaðinn, þótt þetta frv. verði samþ. og rafmagn lagt inn í eina sýslu og láta svo þar staðar numið. Hér á Alþ. voru samþ. í gær kaup á efni til raforkuveitu til Þykkvabæjar, sem áætlað er, að kosti um 1 millj. kr., og nær hún til 40 bæja. Og ef maður gerir ráð fyrir 5 manns á hverjum bæ, þá verður kostnaðurinn 5000 kr. á hvert nef. Ég hef átt tal við forstöðumann Rafmagnseftirlits ríkisins, og kveður hann kostnaðinn ekki mega fara fram úr 1900 kr. og helzt ekki fram úr 1200 kr. á mann, ef það á að bera sig, og þá sér maður, hvernig útkoman verður með 5000 kr. kostnað á mann.

Hv. flm. sagðist ekki vera svo bjartsýnn, að hann áliti, að rafmagn kæmist inn á hvern bæ. Þetta eru framfarir, því að hingað til hefur ekki verið dregið úr þessu í Tímanum. Þó sagði hann nú síðar, að það yrði að sjá dreifbýlinu fyrir rafmagni, en þeir athuga það ekkert, hvort þessar fullyrðingar hafa við rök að styðjast eða ekki, hvort þetta sé framkvæmanlegt eða geti borið sig, heldur eingöngu, hvort það sé vænlegt til áróðurs. Hann tók Reykjavík til samanburðar og lét svo, sem í nágrenni hennar hefðu allir rafmagn, en því fer bara alls fjarri, að svo sé, og ef þeir vilja fá rafmagn, þá verða þeir að kosta leiðslurnar heim til sín sjálfir, og fá þeir það eftir ákvörðun bæjarráðs, sem gerir þær kröfur til dreifbýlisins, að það tryggi minnsta notkun, og er sú notkun miðuð við, að hún standi undir kostnaði að einhverju leyti. Ég vil benda hv. flm. á það, að hér er og hitaveita, sem er eingöngu innan Hringbrautar. Þar er ekki verið að hita upp dreifbýlið. Samanburður hv. flm. nær því ekki nokkurri átt. Það, sem hér í Reykjavík er gert, er það, að fyrst eru lagðar þær leiðslur, sem helzt bera sig, og það er eina leiðin, sem við hljótum að fara.

Hv. flm. sagði, að við mættum ekki fara í meting, en það gerði hann þó einmitt sjálfur. Hann sagði, að hér væru embættismenn, og þess vegna hefði Reykjavík betri aðstöðu. Það er að vísu rétt, að hér er mikið af embættismönnum, og þeim fækkaði ekki á stjórnarárum Framsfl. Ég tel víst, að sú leið verði farin, að veiturnar verði fyrst lagðar um þéttbýlið og síðar um dreifbýlið, en ekki byrjað á því að elta hvern dalakofa.

Þá minntist hv. flm. á Siglufjarðarveituna, að hún hefði ekki borið sig. Það er rétt, ég treysti þá þeim áætlunum, sem fyrir lágu og sýndu þetta vera gott fyrirtæki, en öllum getur nú skjátlazt, og við höfðum ekki á öðru að byggja en þessum áætlunum. En þetta sýnir einungis, að áætlanir verkfræðinga geta verið varhugaverðar, og hversu miklu síður er þá ekki hægt að byggja á bráðabirgðaágizkunum um þetta mál, eins og hv. flm. vill.

Þá eyddi hv. flm. miklum hluta af ræðutíma sínum í að sýna fram á, að skoðanamunur væri um meginatriði þessa máls, en ég er þar ekki á sama máli. Við erum sammála um það höfuðatriði, að framkvæmd raforkul. sé í höndum ríkisins, og vissulega ætti það að reisa orkuver. Ég er þeirrar skoðunar, að í þessu verði svo miklar framkvæmdir, að það taki út yfir sérhagsmuni einstakra héraða. Það, sem hv. flm. hengdi hatt sinn á, voru ummæli mín viðvíkjandi kaupstöðum, en það var þó ekki um neinn skoðanamun að ræða að þessu frádregnu og þess vegna ekkert mikilsvert atriði, sem á milli bar. En í 1. gr. frv. segir:

„Þó er þeim kaupstöðum, kauptúnum eða héruðum, sem nú eiga að reka raforkuver, heimilt að reka þau áfram."

Í þessu fannst mér gæta ósamræmis og því ekki um skoðanamun að ræða, þegar þessu atriði er sleppt, sem hv. flm. kallar meginatriði, en þá eru meginatriðin líka mörg. En nokkru síðar í frv. segir, að engum, nema rafveitum ríkisins, sé heimilt að selja raforku. Hér er ekki um dreifingu að ræða, heldur að selja orkuna til smástaða. Þetta er undanþága, sem ekki gat staðizt. Ég gat ekki annað en bent á ósamræmið í þessu viðvíkjandi því, sem n. sagði um Reykjanesrafveituna. Þá lagði hún til, að sama aðferð yrði höfð annars staðar. Og þarna gátum við verið samferða. En hvað kemur þá til, að nú skuli n. vera á allt annarri skoðun? Nú á engum að vera heimilt að selja raforku nema rafveitum ríkisins. Þetta minnir mjög á þann hringlandahátt, sem á sér stað í störfum þessarar n., og er skammt að minnast, hvað oft hún breytti um skoðun í sambandi við Andakílsárvirkjunina. Það, sem mér og hv. flm. ber á milli, er það, hvort ákveða skuli með l., hvaða gjald skuli vera á rafmagninu á öllu landinu. Þetta er að mínu áliti alls óframkvæmanlegt, þar sem staðhættir eru svo mjög misjafnir. Þá væri með þessu verið að koma veitum, sem illa bæru sig, yfir á þéttbýlið, eða þá, að það er verið að leyna, hvað þetta kostar í raun og veru.

Þá er ég og á móti því að lögbinda þær bráðabirgðaáætlanir, sem frv. fylgja. Ég benti á það hér áður, hvað mikið væri á þessum áætlunum að byggja. En nefndin hikaði ekki við að lögbinda raforkukerfið eftir þessum áætlunum. Þá er ákveðið að byggja 6 orkuver, en ekki nefnt, hvar þau skulu byggð, en það hefði þó verið nær að álíta, að þetta hefði eitthvað verið athugað, ef svo hefði verið. Ég benti

því á, að 7. gr. væri alls ófær, þannig að ekkert væri á henni að byggja. Eftir henni mætti ætla, að aðalveitan væri frekar byggð á innsæi en rannsóknum, enda er hún ekkert nema upptalning á sýslum landsins, og er það alveg óþarft, nema vera kynni, að það væri líklegt til áróðurs. Ég ætla svo ekki að endurtaka það, sem ég hef áður sagt, en ég tel, að réttara sé, að raforkusjóður sé notaður, þegar á liggur, en ekki að nota hann í eina veitu, sem svo ef til vill ber sig ekki.

Ég hef í þessari ræðu minni stytt mál mitt eins mikið og ég hef séð mér fært. Það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, stendur óhrakið af öllum. Ég mun leiða hjá mér að mestu að svara því, sem hv. flm. sagði við mig persónulega. Eitt af því, sem hv. flm. sagði, var, að hjá mér hefði gætt mennt-unarhroka, þegar ég flutti mína fyrri ræðu. Ég verð að mótmæla því, en hins vegar ætti ég, ég vil ekki segja að ég hafi, en ég ætti að hafa eins góða aðstöðu í þessu efni og meðnm. mínir, og ég held, að hjá mér hafi ekki gætt eins mikils hroka og hjá hv. flm., þegar hann kom með föðurlegar áminningar í minn garð sem óreynds þm.

Hv. flm. sagði, að ég hefði ekki komið með neinar till. til úrbóta á því, sem ég taldi miður fara. En ef hann hefði hlustað betur, hefði hann getað heyrt, að ég bætti við eftir hverja aðfinnslu till. um, hvernig betur mætti fara. Ég skal því í stuttu máli lýsa því, hverja ég tel bezta lausn þessa máls. Ríkið annist flutning orkunnar milli landshluta. Frá héraða- og kaupstaðastöðvum sé orkunni veitt innan héraðanna. Enn fremur má kaupa orku hjá rafveitu ríkisins. Ég gæti hugsað mér, að þessi fyrirtæki veittu einkarétt til þess að samkeppni kæmi ekki til greina.

Þá taldi ég nauðsynlegt að veita þeim stöðum, sem ekki gætu staðið undir kostnaðinum af eigin rammleik, styrk af opinberu fé. Ég benti á að nota raforkusjóð til að stofna rafveitur, en fé væri lánað úr sjóðnum með vægum vöxtum. Þá benti ég á, að almenn rannsókn á sviði rafmagnsmála þyrfti fram að fara. Þessi mál skyldu heyra undir stjórn ráðherra og rafmagnsstjóra.

Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa ræðu mína lengri.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég var að vísu fjarverandi, þegar umr. þessar hófust, og heyrði því ekki, hvernig gerð var grein fyrir frv. af hálfu flm. En ég hef nú á síðara stigi umr. heyrt nokkuð af því, sem þá var sagt, af ræðu hv. 11. landsk., sem hefur um málið fjallað. Hef ég á þennan hátt getað gert mér nokkra grein fyrir því, sem áður hefur fram komið í umr.

Vil ég þá fyrst minnast þess með örfáum orðum, hvernig mál þetta ber að.

Fyrir rúmum tveim árum, eða 1942, var samþ. á Alþ. að kjósa 5 manna n., sem gera skyldi till. um, á hvern hátt rafmagni til ljósa og hitunar o. fl. yrði komið á sem skemmstum tíma um land allt. N. skyldi og benda á fjáröflunarleiðir til þessara framkvæmda. Hún hefur nú lokið störfum og skilað áliti, eftir að hafa haldið alls 55 fundi. Niðurstöður þær, sem n. komst að, liggja nú fyrir opinberlega í þessu frv. Þetta er þó ekki samhljóða álit allra nm., heldur aðeins meiri hlutans.

Þegar álit n. barst mér í hendur um mánaðamótin nóv.—des., leit út fyrir, að þ. mundi ekki verða mjög langt. Ég svaraði því málaleitun n. um það, hvort málið yrði tekið fyrir á þessu þingi, í samræmi við þá ætlun og vildi fá lengri tíma til að taka ákvörðun um málið. Ég hafði því óskað eftir, að málið yrði látið bíða, því að sýnt var, að það næði ekki fram að ganga nú, þar sem þingið stæði ekki svo lengi úr þessu, en meiri hluti n. sá sér ekki fært að verða við því. Ef þm. hefðu viljað kynna sér málið, hefði þó verið hægt að prenta málsskjölin sem handrit og útbýta því meðal þeirra.

Ég held því, að ekki sé laust við, að mál þetta sé flutt í áróðursskyni, og því undarlegra er þetta, þar sem minni hl. hafði ekki skilað áliti sínu, þegar meiri hl. flutti það hér í frumvarpsformi. Mér barst álit hans nú fyrir 2 dögum.

N. sá sér ekki fært að verða við þeim óskum, að málið yrði betur undirbúið, áður en það yrði flutt hér í þinginu. Ég veit ekki, hvort því er þó betur borgið með þessu móti en áður, en það hefði mátt ætla, að nefndarmeirihlutinn hefði getað tekið óskir stj. til greina og að leitað hefði verið eftir vilja hennar í þessu efni.

Ég hef talið rétt að láta það koma fram hér, hvernig málið hefur borið að, og skýrir það betur ýmis atriði frv. fyrir hv. þm., hvað á bak við liggur. Ég skal geta þess, að um svipað leyti og mér barst þetta frv. í hendur, bárust mér einnig tvö önnur frv. frá mþn., þ. e. frv. til l. um landshöfn, frá mþn. í sjávarútvegsmálum, og frv. til l. um endurskoðun á skipaskoðunarl. Þessum tveimur frumv. mun verða útbýtt sem handritum áður en þingi lýkur, og skulu nefndir þær, sem um þau fjölluðu, ekki verða látnar gjalda þess, að þær vildu samvinnu við stjórnina um flutning þeirra mála.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er bæði stórt og vandasamt, og er hin mesta nauðsyn að vanda sem bezt til undirbúnings og framkvæmda þess. Orkan í fossum landsins er máske einn mesti þjóðarauður okkar Íslendinga, og afkoman í framtíðinni mun sennilega verða mjög háð því, hvernig við hagnýtum okkur þessar orkulindir og ýmsar aðstæður til tæknilegra framkvæmda. Við eigum í fossum okkar um 2—3 milljónir hestafla, eða 20—30 hestöfl á mann í landinu, og er það meira en nokkurt annað land á yfir að ráða. Eitt hestafl er talið á við 10 menn, og má af því sjá, hver styrkur þjóðinni getur verið að þessari gífurlegu orku. Ef þessari orku er rétt beitt, er hún einhver allra bezta eign, sem þjóðin á. Erfiðleikarnir í sambandi við þetta mál eru þeir, að landsbúar eru svo dreifðir. Það kostar afar mikið að koma orkunni til allra, sem þurfa að verða hennar aðnjótandi, og liggur aðalkostnaðurinn í orkudreifingunni. Ef orkunni verður dreift um landið á þann hátt, sem gert er ráð fyrir hér í frv., efast ég um, að þessi fram-

kvæmd verði þjóðinni til góðs. Það er stórt orð að segja það, en það er vafasamt, hvort þjóðin er þess megnug að rísa undir þeim byrðum, sem á hana yrðu lagðar á þennan hátt.

Það liggur fyrir kostnaðaráætlun um dreifingu rafmagnsins um landið. Það kostar samkvæmt henni um 300 millj. kr. Annars er um þessa áætlun að segja, að hún er frekar álitsgerð en bein kostnaðaráætlun, og ég hef ástæðu til að ætla, að hún sé of lág frekar en hið gagnstæða. Keflavíkurlínan er áætluð samkv. grg. frv. 1 millj. kr. Línan frá Vogum til Grindavíkur 315 þús. Keflavíkurlínan mun reynast að kosta 1.8 millj. kr., og auk þess kemur svo kostnaðurinn við héraðaveiturnar, sem áætlaður er 50% af kostnaðinum við aðallínurnar, en virðist samkv. reynslunni frá Keflavík að munu verða meiri. Sýnir það sig þannig, að áætlunin er of lág þar. Ef reiknað er með þessum tölum, verður þó meðalverð kílówattstundarinnar frá 6.4—8.1 eyris.

Frv. gerir ráð fyrir, að orkan verði seld á sama verði alls staðar á landinu. Ef það verður gert, þarf hún að kosta 6.4—8.1 miðað við stærri virkjanir og 7.7—9.6 miðað við minni virkjanir. Ég veit ekki, hvað rafmagnsframleiðsla með olíu og kolum kostar, en ég held, að þannig sé hægt að framleiða rafmagn fyrir minna verð en hér er gert ráð fyrir, og væri það áreiðanlega athugandi, áður en lagt verður út í þetta. Ef á að leiða rafmagnið út um landið á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, að gera öllum jafnhátt undir höfði, þarf að fara fram nákvæm rannsókn, áður en nokkru er slegið föstu um framkvæmdir. Góð rafstöð, sem getur borið uppi virkjunarkostnaðinn og kostnað við aukningu, getur orðið þjóðinni til mikils, jafnvel ómetanlegs gagns, en framkvæmdir, sem rokið er í að lítt eða ekki yfirveguðu ráði, geta líka orðið til hins gagnstæða. Þegar rafveita Reykjavíkur hækkaði taxta sinn um fá %, var talað um það af málgagni aðalflutningsmanns, að um væri að ræða óforsvaranlega hækkun dýrtíðarinnar. En sú aukning er lítil, borið saman við þessa hækkun, sem talað er um í frv. Það, sem ég óttast mest, er, að sú hækkun á rafmagni, sem hlýtur að koma bæði hér og á Akureyri samkv. frv., hljóti að eyðileggja eða draga úr notkun raforku á þessum stöðum. Dómurinn yfir þessu frv. hlýtur að miðast við það, hvernig því tekst það vandasama hlutverk að koma rafmagni á þá staði, sem þurfa að nota það, án þess að þeim og öðrum, sem nú hafa góða möguleika til að hagnýta sér það, verði gert of erfitt fyrir, og tel ég, að með þessu frv. sé lagt út á svo tæpt vað, að ekki megi tæpara standa. Með þessu vil ég þó ekki segja, að ekki megi takast að koma rafmagni til þeirra, sem þurfa að nota það. En það verður að miða dreifingarkostnaðinn við það, að hann verði bærilegur þeim, sem þurfa að nota rafmagnið.

Ef það liggur fyrir að reisa veitu, þá vil ég, að það sé athugað, hve mikið hún getur gefið í aðra hönd og hvaða líkur eru til þess, að hún beri sig, og síðan sé það athugað, hvort ríkissjóður eða annar aðili, bæjar- eða sveitarfélag eða aðrir, geti lagt í hana fé, svo að hún geti borið sig. En því miður virðist það vera margt, sem strandar á og getur orkað tvímælis með núverandi verðlagi.

Ég hef nýlega fengið skýrslu frá Rafmagnseftirliti ríkisins um héraðsveitu í Mývatnssveit, og er þar talið, að sú sveit liggi jafnbezt af öllum sveitum í landinu, hvað þetta snertir. Hún er þéttbýl, liggur nærri orkuveri, og engar verulegar torfærur fyrir línulögn. Kostnaðurinn við þessa héraðsveitu, — ekki virkjun, heldur aðeins veituna um héraðið frá orkuverinu við Laxárfossa, — er áætlaður allt upp í 4 þús. kr. á hvert mannsbarn í þessari sveit, eða 50 þús. kr. á hvern bæ. Til samanburðar við þetta má geta þess, að við rafmagnsframkvæmdir hér í Reykjavík og nágrenni mun kostnaðurinn vera sem næst 25 millj. kr. nú sem stendur, eða 5—600 kr. á mann. Mismunurinn á þessu er alveg geysilegur. Þá er einnig gert ráð fyrir því í álitsgerð frá Rafmagnseftirliti ríkisins, sem ég hef fengið, að það muni ekki nægja, þótt ríkissjóður kosti alla þessa héraðsveitu, hún muni ekki geta borgað sig samt, heldur muni ríkissjóður þurfa að borga 106% af stofnkostnaði til þess að hún geti borið sig. Þessi skýrsla er á þann veg, að þær tekjur, sem rafveitan mun fá, nægja ekki fyrir orkukaupum frá sjálfri virkjuninni og rekstri fyrirtækisins, þó að þeir fengju þessa veitu, sem kostar 50 þús. kr. á bæ, gefins, nema því aðeins að ríkissjóður borgi, ekki aðeins allan stofnkostnað, heldur líka verulega upphæð þar fram yfir. Og þó er þetta á tiltölulega þéttbýlu svæði, nálægt orkuveri og ekki tiltakanlegar torfærur á leiðinni. Þetta gefur bendingu um það, hver kostnaðurinn kunni að verða á hinum ýmsu stöðum, þar sem allt virðist miklu erfiðara, bæði hvað snertir vegalengd frá orkuveri og hvað hún er erfið, eins og hún hlýtur að verða víða, þar sem þarf að fara yfir fjallvegi og vatnsföll með línuna, og þar að auki víðast hvar strjálbýlla en í þessari sveit. Kostnaðurinn hlýtur þar að verða miklum mun meiri.

Ég skal ekki fara langt út í þetta, en ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram, að munurinn á kostnaði við dreifingu raforku út um landið hlýtur að verða, eins og er hjá okkur, ákaflega mikill. Og það, sem ég vil undirstrika með þessu, er það, að þennan mikla kostnað má ekki leggja út í, nema það sé fyrir fram tryggt, að hann verði ekki til þess að torvelda notkunina hjá hinum, sem geta haft rafmagnið á fjárhagslega tryggum grundvelli. Ef þessar veitur eru styrktar, þá álít ég, að það eigi að gerast með hreinum styrk frá ríkissjóði, bæjar- eða sveitarfélagi, alveg án þess að trufla möguleika þeirra, sem hafa þá, til þess að geta haft rafmagn með viðunandi kjörum. En það er þetta atriði frv., sem ég álít, að fái ekki staðizt undir neinum kringumstæðum.

Fyrir 2 árum, eða öllu heldur 3 árum, var flutt hér á þingi frv. til l. um rafveitur ríkisins. Þetta frv. var á sínum tíma samið af mþn., sem starfaði á árunum 1937—1938, og var þá fyrst flutt 1938, ef ég man rétt, þá man ég, að ég var viðriðinn

flutning þess, en það náði ekki framgangi. Síðan lá það niðri nokkur ár. Var síðan flutt á ný árið 1942, þá að mig minnir af þáverandi 1. þm. Árn. Í þessu frv. til l. um rafveitur ríkisins er litið ákaflega mikið öðrum augum á þessi mál en nú er gert í þessu frv., þó að sá maður, sem er 1. flm. að þessu frv., sem hér liggur fyrir, hafi einnig verið meðflm. eða tekið upp frv. frá 1937—1938.

Í þessu frv., sem varð að l. 1942, er ekkert um það, að rafmagn eigi að seljast með sama verði, hvar sem er á landinu. Hins vegar er farið inn á þá braut, að áður en slíkar veitur séu lagðar, skuli fyrir fram athuga, hvernig þær muni bera sig, og ekki hafizt handa um framkvæmdir, nema áður sé tryggt, hvernig ná skuli því fé, sem á skortir, að veitan muni bera sig. Eftir þessum l. er nú verið að vinna. Og þær rafveitur, sem nú eru lagðar og meiningin er að leggja, tel ég sjálfsagt að verði lagðar á grundvelli þessara l. um rafveitur ríkisins, bæði veitan um Reykjanes, að Selfossi og Hveragerði, ef lagt verður, og til annarra þorpa austan fjalls. Frá Laxá til Húsavíkur, frá Akureyri út með Eyjafirði til Dalvíkur. Þetta er allt hægt að gera á grundvelli þeirra l., sem til eru síðan 1942 um rafveitur ríkisins. Með þeim l. er stj. heimilað að hefjast handa um þær framkvæmdir, hafi hún áður gengið úr skugga um það, að líkur séu til, að þær beri sig og fjár sé aflað að þeim hluta, sem á skortir.

Í þessum l. er ekki gert ráð fyrir því, að ríkið hafi einkarétt á rekstri veitnanna, og það er ekki heldur gert ráð fyrir, að ríkið hafi smásölu með höndum, eins og hér er gert ráð fyrir. Með öðrum orðum, þá tel ég þessi l., sem nú eru í gildi um rafveitur ríkisins, vera laus við ýmsa af þeim annmörkum, sem þessu frv. fylgja, sem hér liggur fyrir, án þess að það skorti í þau nokkuð verulegt af því, sem er í þessu frv., sem stendur til bóta. Svo þess vegna hefði, að mínu viti, verið óhætt að hinkra ofurlítið við með flutning málsins, til þess að betur væri hægt að leggja grundvöll undir það, sem koma skal í þessu efni.

Eins og ég sagði í upphafi, þá er þetta frv. samið af meiri hl. raforkun. Minni hl. hefur nú skilað mér áliti fyrir aðeins tveim dögum. Og er í því minnihlutaáliti, að mér skilst, eftir því sem ég hef hlustað á ræðu hv. 11. landsk. nú, mjög mikið það sama, sem hann hefur hér flutt nú í ræðuformi. Hann hefur hagað sínu nál. svo, að það er kannske meira gagnrýni á álit meiri hl. heldur en beinar till., sem hann leggi þar til frá sínu sjónarmiði, þótt að vísu, eins og hann sagði hér áðan, felist í þeirri gagnrýni, óbeint a. m. k., till. um það, á hvern hátt hann vill haga framkvæmdunum. En annars lýkur hann sínu áliti með því að geta þess, að Rafmagnseftirlit ríkisins muni hafa með höndum samningu frv. um þetta efni, sem hann hefur átt kost á að sjá og hefur fellt sig við, og þess vegna geti hann látið bíða að skila sérstökum till. í málinu. Þessar till. Rafmagnseftirlits ríkisins hef ég að vísu ekki séð og veit ekki, hvað í þeim muni felast, og get því ekki sagt neitt um þær. En ég tel sjálfsagt, að áður en máli þessu er ráðið til lykta á einn veg eða annan, þá verði fengnar þessar till. og till. allra annarra, sem um þetta mál gætu eða vildu gera till., því að þetta mál er það þýðingarmikið og aðkallandi, að það má engum möguleika sleppa. Hvernig þessum málum verður skipað, skal ég ekki um segja, og höfuðtilgangurinn með þessari ræðu minni nú var fyrst og fremst að benda á það, að sú skipan, sem hefur verið lögð til af meiri hl. raforkumálan., er í verulegum atriðum mjög varhugaverð, og ég fyrir mitt leyti get alls ekki fallizt á hana og vil ekki trúa því, að ekki séu til aðrar leiðir og nærtækari til þess að ná sama marki og á auðveldari hátt en meiri hl. raforkumálan. hefur lagt til.

Hér má ekki spyrja, eins og hv. 1. þm. Árn. spurði: „Hvers vegna mega þjóðfélagsþegnarnir ekki verða allir sama réttar aðnjótandi?“ Þetta er ákaflega létt að spyrja um. En spurning borin fram í þessu formi nær ekki þeim tilgangi, sem hér er ætlazt til, því að eins og mér finnst hún liggja beinast við, eftir þeim anda, sem frv. gerir ráð fyrir, vildi ég alveg eins geta orðað hana þannig: Hvers vegna mega þeir, sem eiga kost á að nota rafmagn til sinna þarfa og geta gert það á fjárhagslega öruggan hátt, ekki gera það vegna hinna, sem ekki geta það á fjárhagslega öruggan hátt, nema með því að gera það óbærilega dýrt fyrir þeim fyrrnefndu? Þetta er kjarnapunktur málsins, sem ekki má sjást yfir.

Undanfarið hér á Alþ. hafa verið lagðar fyrir ýmsar till. um virkjanir, sem hafa sætt nokkurri gagnrýni einmitt af hálfu þeirra manna, sem bera fram þetta frv., sérstaklega vegna þess, að í þessum frv., sem hér hafa komið fram á þinginu, væri farið inn á þá braut, að einstökum héruðum eða bæjarfélögum væri leyft að taka fram fyrir hendur á ríkinu. Ég held nú, að þar sem bæjar- eða sveitarfélög treysta sér til og geta sýnt tölulega fram á, að þau hafi möguleika til þess að reka rafmagnsveitu þannig, að hún beri sig, þá sé það a. m. k. fyrsta krafa, sem gera verður til ríkisins, að það hindri þau ekki að reisa þessar veitur. Og ýmsar af þeim veitum, sem hér hafa verið lögð fram frv. um, eru undirbúnar á löngum tíma, eins og sú stærsta, sem hér hefur verið rætt um af þessum virkjunum, Andakílsárvirkjunin, hún hefur verið undirbúin um áratugi, svo að þar er varla hægt um að bæta. Og spurningin verður þá nánast um það, hvort framkvæmdirnar hjá þessu bæjar- eða sveitarfélagi myndu verða svo miklu dýrari en ef ríkið annaðist þær. Og það tel ég ekki þurfi að vera, ef þær eru framkvæmdar af mönnum, sem þekkingu hafa til þess, eins og sjálfsagt verður að vera. Og ég tel þess vegna ekki nauðsyn, að lausn rafmagnsmálanna í heild verði látin tefja fyrir því, að einstaka héruð, sem eru þess umkomin sjálf, að vísu með ríkisábyrgð, reisi veitur, geti þau sýnt það, að þar sé um góð fyrirtæki að ræða, og því eigi ríkissjóður ekki að hindra þau í þeim framkvæmdum, heldur styrkja.

Ég get ekki látið mér detta í hug, að þeir, sem

hafa flutt þetta frv., hafi ekki séð á því þá annmarka, sem ég hef hér nefnt, og þess vegna hljóti þeir að gera sér það ljóst, hvaða erfiðleikar á því hljóta að vera að taka málið upp á þessum grundvelli. En sjálfsagt telja þeir þó, eða a. m. k. vil ég ætla það, að þeir telji, að rafmagnsmálin séu framkvæmanleg á þann hátt, þó að ég sjái ekki, að þau séu það. Því að ég tel, að raforkuverðið verði svo hátt, að vel geti komið til álita að gera samanburð á því og hvað það mundi verða, ef raforkan væri framleidd með kolum eða olíu þar, sem það er framleitt við lægstu verði og undir beztu skilyrðum.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég hefði heldur kosið, að hv. meiri hl. raforkun. hefði frestað þessu máli, svo að það hefði ekki komið hér fram á þessu þingi, og gefið stj. tækifæri til þess að reyna að sameina þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram, bæði meiri og minni hl. raforkumálan. og ýmissa annarra, og freistað þess, hvort ekki yrði unnt að þoka málinu þann veg áfram heldur en að flytja það einhliða á þennan hátt, því að ég álít það ekki neinum til gagns, ekki einu sinni þeim, sem sérstaklega virðist borin umhyggja fyrir með þessu frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Mér þykir ástæða til þess, af því að ég er einn af flm. þessa frv., að fara um það nokkrum orðum, og hefur gefizt til þess mikið tilefni í þeim ræðum, sem hafa verið fluttar af hæstv. samgmrh. og hv. 11. landsk.

Eg skal þá byrja á að minnast örlítið á ræðu hæstv. ráðh., þar sem hann fór inn á það, hvernig þetta mál hefur að borið. Það er rétt, sem hann tók fram í því sambandi, hvernig var með skil frá hálfu n. í raforkumálum ríkisins, og einnig hitt, að við gerðum ráð fyrir því, meira að segja fram yfir nýár, að flytja ekki þetta frv. á þessu þingi. Nú varð það samt að samkomulagi milli meiri hl. í n. að flytja frv., sem stafaði ekki af neinu vantrausti til hæstv. ríkisstj., eins og mér skildist á hæstv. ráðh., að væri ekki laust við að kæmi fram. Það kann að vera, að hæstv. ráðh. hefði getað ætlað, að einhvers vantrausts gætti í þessu efni af hálfu þeirra manna, sem ekki styðja ríkisstj. En hvað mig snertir og hv. 5. landsk. vænti ég, að hann geti ekki grunað okkur um neinar slíkar hvatir í þessu sambandi. Það er annað, sem hér liggur fyrir til grundvallar og knúð hefur okkur til að gerast meðflm. að þessu frv. nú þegar, þ. e. þær mörgu till., sem var dengt hér inn á þingið, sem við teljum, að gangi í bága við þá skipun, sem fyrir okkur vakir í þessu frv., sem er samið samkvæmt okkar sannfæringu, að sé sú rétta skipan. Þetta gerði það að verkum, að okkur fannst rétt að flytja þetta frv. nú, enda þótt við vissum, að hæstv. ráðh. vildi ekki flytja það nú. Við höfum einnig fengið upplýsingar um það, sem nú hefur einnig verið upplýst af hæstv. ráðh., að það væri mikið ósamkomulag í þessu máli og ekki væru miklar líkur til þess, að hann vildi ganga inn á þessa stefnu, sem hér er aðalstefna varðandi þetta mál. Hitt er náttúrlega gefið mál, að vegna þess, hve hér er um mikið ágreiningsmál að ræða, þá mundi málið ekki fá afgreiðslu, áður en þessu þingi lyki.

Það kom fram í ræðum hæstv. ráðh. og hv. 11. landsk., að við höfum gengið inn á þessa stefnu vegna þess, að við hefðum ekki þekkingu á þessum málum, sem nauðsynleg væri. Það væri sem sagt af vanþekkingu, að við hefðum lagt til að snúa málinu á þessa leið. Í því sambandi þykir mér rétt að taka fram, sem reyndar má öllum vera ljóst, að í slíkum málum sem þessu og mörgum öðrum, sem eru svipaðs eðlis, þá er það tvennt, sem er að sumu leyti nokkuð ólíkt, hvað það er, sem krefst sérþekkingar, og hvað það er, sem krefst þess að ráða skipun í málum.

Það krefst náttúrlega ekki neinnar sérþekkingar í málinu að samþykkja það, að byggja skuli brú yfir vissa á. Og það þarf ekki sérþekkingu til þess að ákveða það, að það þurfi að leggja símalínur um viss svæði. Það krefst ekki heldur sérþekkingar að ákveða, að nauðsynlegt sé að leggja vegi um þessa og þessa sveit eða að það þurfi rafmagn í þetta þorp eða hérað. Hitt er sérfræðinganna að segja um, á hvern veg þetta skuli allt gert.

Þess vegna er það svo í þessu máli eins og svo mörgum öðrum, að það er í raun og veru tvennt ólíkt, hvað á að heimta, að sé verkefni sérfræðinga, og hitt, hvað sé það, sem Alþ. á að ráða til úrslita. Þetta leiðir af sjálfu sér, því að það er aldrei hægt að gera ráð fyrir því, að til sé nema lítið af sérfróðum mönnum í hinum ýmsu málum, sem sæti eiga á Alþ.

Hv. 11. landsk. hóf ræðu sína áðan með því að segja, að sú skipan, sem lögð væri til með þessu frv., væri framsóknarpólitík. Ég skildi nú ekki vel, hvað hv. þm. átti við með þessu. Það er haft á orði, að ég sé ekkert vingjarnlegur í garð framsóknarmanna. En ég er óhræddur við það, á hvaða sviði sem er, að taka saman höndum við þá menn, sem mér eru sammála í stórmálum þjóðarinnar, úr hvaða flokki, sem þeir eru. Og við, sem erum í þessari n., erum úr hinum ólíku stjórnmálafl., en mér er óhætt að fullyrða, að slíkt hefur ekki komið að sök hvað þetta stórmál snertir, þar sem við höfum verið sammála um að vinna saman að lausn þess.

Nú er það svo, eins og kom fram nokkuð rækilega í ræðu hv. samgmrh., að í þessu frv. eru í raun og veru 3 höfuðatriði, sem ætlazt er til, að slegið sé föstu um með þessu frv.

Í fyrsta lagi það, að ríkið eitt skuli reisa raforkuverin og kosta dreifingu rafmagnsins út um landið og rekstur rafveitnanna.

Í öðru lagi, að það skuli selt með sama verði út um landið, án tillits til þess, hvort það er í bæjum eða sveitum.

Í þriðja lagi, sem er þó ekki að fullu ákveðið með þessu frv., að það skuli byggt á stórum orkuverum og fáum eða smáum og mörgum. Það atriði er þó samkv. þessu frv. það opið, að það er ekki slegið föstu öðru en því, að það skuli leidd raforka um þau héruð, sem þar eru til tekin, og því ekki heldur slegið föstu, hve fljótt orkuverin eigi að koma, heldur eigi það að byggjast á þeim rannsóknum,

sem gerðar verða. Í þessu sambandi hefur það vakað fyrir okkur, að þetta sé alveg hliðstætt við það, þegar hér hófst deila fyrir nálægt 40 árum um það, hvort það borgaði sig að leggja síma um landið eða ekki. Þá var svo mikil andstaða gegn því að leggja síma um landið. Það þótti svo mikil fjarstæða þá af sumum mönnum að gera slíkt, að hóað var saman hundruðum manna og jafnvel þúsundum til þess að mótmæla því. Það er nákvæmlega sami tónninn, sem nú heyrist hjá þeim mönnum, sem halda því fram, að það sé óhugsandi, að það geti nokkurn tíma borgað sig að lýsa upp sveitir landsins með raforkunni. Menn voru samt á þeirri tíð, þrátt fyrir þennan furðanlega algenga hugsunarhátt, ekki hikandi við að setja símal., sem byggð voru á því, að ríkisvaldið og ríkisvaldið eitt legði síma um landið. Sama má í raun og veru segja, að sé grundvöllurinn fyrir okkar vegal. og okkar brúal. Það hefur ekki með þessum l., hvorki símal., vegal. né brúal. verið slegið neinu föstu um það, hve fljótt skuli koma því í kring að leggja þessar samgöngubætur, sem þau l. öll voru um, um landið allt, og ekki heldur hefur því verið slegið föstu í þeim l., hve miklu fé skuli varið til þessara framkvæmda á ári. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er frá okkar hálfu ekki heldur neinu slegið föstu um það, — sem eðlilega er ekki heldur hægt —, hve fljótt þessi raforkumál skuli framkvæmd, og ekki slegið neinu föstu um það heldur, hve mörg raforkuverin skuli vera o. s. frv., sem hlýtur að verða verkefni raforkusérfræðinga og ríkisstjórnar á hverjum tíma að fá upplýst svo sem frekast er hægt að fá.

Nú er það augljóst mál, eins og greinilega kom fram í ræðu hæstv. samgmrh., að hann og margir fleiri hv. þm. eru ákveðið inni á þeirri stefnu, að það sé ekki gerlegt að hugsa sér að virkja fyrir sveitirnar og leiða rafmagnið út um sveitir lands okkar, og þess vegna sé óhætt að halda áfram á sömu braut, sem farin hefur verið og mjög hefur verið ýtt á eftir málum á, á þessu þingi, sem sé að virkja fyrir þéttbýlið, þar sem aðstaðan er bezt, og láta hina aðra eiga sig. Þetta er stefna, sem ég er gersamlega andvígur. Og allar þær tölur og upplýsingar, sem fram komu í ræðu hæstv. samgmrh., sem að venju talaði hér mjög glögglega um þessa hluti, sannfærðu mig ekki um það, að við, sem flytjum þetta frv., værum hér á rangri leið. Við skulum segja það, sem ég hef ekki ástæðu til að efa, að það sé rétt, sem hæstv. ráðh. tók fram, að samkvæmt áætlunum kostaði það 4 þús. kr. á mann að leiða rafmagn frá háspennulínu út um Mývatnssveit og 50 þús. kr. á bæ. Nú er þetta miðað við tímann, sem nú er, í hæstu dýrtíðinni. Og ætla má, að kostnaðurinn við slíkar framkvæmdir, ef þær væru gerðar, þegar stríðinu er lokið og tækni er orðin fullkomnari á þessu sviði heldur en nú, yrði ekki nema hluti af þessari áætlun, sem gerð er um þetta í dýrtíðinni. En einmitt í þessu sambandi er vert að minna á það, að bæði hæstv. samgmrh. og hv. 11. landsk. þm. og meiri hl. manna hér á hæstv. Alþ. voru ekki hikandi í því fyrir tæpum tveimur árum að samþ. virkjun, sem kostar meira hlutfallslega en þetta. Siglufjarðarvirkjunin er áætluð nú orðið að munu kosta 13 millj. kr. Á Siglufirði eru 3 þús. manns. Og það svarar til þess, að kostnaðurinn við virkjunina sé þá 4333 kr. á mann að meðaltali. Ég geri nú ráð fyrir því, að þessir menn gangi ekki að því gruflandi, að það hljóti að falla á ríkið meira eða minna af kostnaði við þessa virkjun og að það sé þess vegna ekki rétt að halda áfram á þeirri braut, sem í því tilfelli var farin. En þessir hv. þm. og hæstv. ráðh. hafa þó unnið að því á þessu þingi í fleiri en einu tilfelli, að það sé ekki að neinu leyti stungið við fótum um það að halda áfram á sömu braut, án þess að rannsaka það nánar, og hefur þessi framkoma þeirra verið með tilliti til þess, að rafmagnið eigi aldrei að leiða út um sveitir landsins.

Nú er það svo, að hér í þessu máli er eitt ágreiningsefni og aðallega eitt, það, hvort á að hugsa sér, að rafmagn verði leitt út um sveitir landsins eða ekki. Samkv. þessu frv., eins og það liggur fyrir, er engu slegið föstu um það, hve vítt skuli í það farið að leiða rafmagnið hér og hvar út um þetta eða hitt héraðið. Þar verður reynsla, þekking og athuganir að skera úr um, hvað mögulegt sé að komast langt í því efni. Þess vegna hefur okkur, sem stöndum að þessu frv., ekki þótt fært að slá neinu föstu um það, að rafmagn skuli leitt á hvern bæ, hvern dal eða hvern hrepp o. s. frv. Það er opið rannsóknarefni eftir frv. Og þeirra hluta vegna fæ ég ekki séð, að neitt sé til fyrirstöðu því, að samþykkja megi frv. á þeim grundvelli, sem hér er lagður. — Þó að sjálfsögðu sé eftir frv., eins og í öðrum málum, opin leið til samkomulags við þá menn um breyt. á því, sem á annað borð vilja stefna að því, að raforkan, þessi dásamlegi kraftur, verði leidd út um byggðir landsins, og þar með komið í veg fyrir, að áfram haldi sá straumur, sem verið hefur úr sveitunum, sem miðar að því, að sveitirnar leggist í eyði, sem þær óhjásneiðanlega gera, ef haldið verður áfram á þeirri braut í rafmagnsmálum, sem haldin hefur verið á undanförnum árum á hæstv. Alþ., ekki sízt á þessu yfirstandandi þingi.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara út í það að rekja þær aðfinnslur, sem fram komu hjá hv. 11. landsk. þm. í sambandi við þetta frv. En það eru þó nokkur atriði í ræðu hans, sem ég kemst ekki hjá að minnast aðeins á. Og það er í fyrsta lagi það, sem kom fram hjá honum og hann tók enn skýrar fram í sinni fyrri ræðu, að með þessu frv. væri til þess ætlazt að leggja háan skatt, — hann sagði tuga milljóna skatt —, á þéttbýlið í landinu til hagsbóta fyrir sveitir landsins. Þar er einmitt gripið á kýlinu í þessu sambandi, því að sumir menn vilja sjá kaupstöðunum og öðru þéttbýli fyrir nægri raforku, en ekki dreifbýlinu í sveitunum. Og með sömu röksemdafærslu mætti segja, að það væri að leggja háan skatt á Reykjavík og aðra bæi að hafa t. d. símagjöld þau sömu um allt landið, póstgjöld þau sömu um allt landið o. s. frv., enda þótt það kosti sjálfsagt miklu meira að koma pósti og síma

út um hinar strjálu byggðir en það kostar að leggja síma innan um þéttbylið. Nú er það svo, að jafnvel þótt svo væri, að það kostaði í beztu sveitum landsins 40 til 50 þús. kr. á heimili eða bæi að leiða rafmagn þangað, eins og gert er ráð fyrir í áætlunum, sem nú eru gerðar, þá er það ekki sönnun fyrir því, að það borgi sig að leggja þessar sveitir í eyði og hugsa aldrei til að leiða þangað rafmagn. Það kostar, eins og nú stendur, 50 til 80 þús. kr. að byggja lítið íbúðarhús á sveitaheimili, en menn gera það margir samt heldur en að fara burt og leggja jarðir sínar í eyði. Nú stendur yfir dýrasti tími, sem við höfum lifað, og dýrasti tími, sem komið hefur á þessu landi um vöruverð og annað slíkt. Vel má vera, að slík hús, sem ég gat um, muni kosta að 10—20 árum liðnum um 20 þús. kr. Um rafmagnið getum við ekkert sagt, hve mikið tækninni fer fram á sviði raforkuframleiðslu og flutning á raforku til þess tíma. Og við getum heldur ekkert um það sagt, hve mikil lækkun verður á kostnaði við raforkuframkvæmdir að stríðinu loknu og þegar áhrif stríðsins á verðlag eru um garð gengin og fjármál þjóðarinnar eru í eðlilegu horfi, en slík breyt. mundi gera margt mögulegt, sem nú virðist ekki fært. — En til þess var þessi raforkumálan. skipuð, og til þess hefur hún starfað, og að því hafa hnigið allar þær rökræður, sem um þetta mál hafa farið fram, að það væri gengið að því alveg ákveðið að hálfu Alþ. að marka greinilega stefnu með löggjöf um það, hvernig þessum málum skyldi hagað, en ekki haldið áfram með hinn mikla hringlandaskap, sem verið hefur á þessu sviði fram að þessu og stefnir út í fullkomna ófæru eftir þeim atkvgr. að dæma, sem við afgreiðslu ábyrgða fyrir raforkuframkvæmdir hafa sýnt sig hér á hæstv. Alþ. nú.

Nú skal ég ekki fara um málið miklu fleiri orðum, enda þótt margt, sem hér hefur verið sagt, gefi tilefni til þess, og einkum það, sem hæstv. samgmrh. sagði, að það, sem gæti orðið hættulegast við að samþ. þetta frv., væri það, að það gæti orðið til þess að tefja fyrir því, að ýmsir staðir, þar sem er þéttbýli og góð aðstaða til raforkuframleiðslu og flutnings, fengju raforkuna, ef það væri ákveðið, að ríkið ætti að ganga inn á þá stefnu, sem hér er mörkuð í þessu frv. Það er náttúrlega mikið til í þessu. En um leið og ákveðið er að byggja raforkuver fyrir staði, sem bezta aðstöðu hafa í þessu efni, og það er gert nú í hæstu dýrtíðinni, þá er með því, svo sem frekast er unnt, verið að útiloka um alveg ófyrirsjáanlega framtíð sveitirnar, og jafnvel okkar beztu sveitir, frá því að geta notið þeirra þæginda, sem raforkan veitir. Og það er það, sem er aðalatriðið í þessu máli og fyrir okkur vakir, sem flytjum þetta frv., að koma í veg fyrir.

Ég held þess vegna, að það ætti ekki að vera neitt hættulegra að samþ. raforkul. á þessum grundvelli, sem í frv. er lagður, nú en á sínum tíma það var hættulegt að samþ. símal., án þess að menn vissu, hvað kostaði að leggja síma um landið allt. Og ég held, að það sé ekkert hættulegra heldur en á sínum tíma það var hættulegt að setja vegal. og brúal., sem menn ekki heldur vissu, hve mikið mundi kosta framkvæmd á eða hvort það mundi borga sig í náinni framtíð að leggja vegi um landið og brúa vatnsföll. En þessu öllu hefur verið þokað áfram smátt og smátt og verður gert á meðan byggð verður í sveitum. Og hið sama ætlumst við til, að verði, að því er raforkuna snertir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 126. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Virkjun Dynjandisár og rafveita Vestfjarða.

Á 134. fundi í Nd., 21. febr., var útbýtt:

Frv. til. l. um virkjun Dynjandisár í Arnarfirði og rafveitu Vestfjarða (þmfrv., A. 1165).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

33. Miðlunarsjóður húsaleigu.

Á 8. fundi í Sþ., 20. jan., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um miðlunarsjóð húsaleigu (þmfrv., A. 15).

Á 5. fundi í Ed., 24. jan., var frv tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Um þetta mál er hið sama að segja og frv., sem var til umr. hér næst á undan. Það lá fyrir þessari hv. d. á síðasta þ., náði ekki afgreiðslu þá, og var því vísað til fjhn., sem vannst ekki tóm til að afgr. það.

Ég get vísað til grg. og ummæla minna á síðasta þ., en til viðbótar má geta þess, að síðan málið var tekið til meðferðar hér í hv. d., hefur komið fram nál. frá meiri hl. þriggja manna n., sem ríkisstj. skipaði til þess að athuga vísitöluna, og í því nál. er eindregið bent á það stórfellda misræmi, sem orsakast af mismun á húsaleigu í nýjum og gömlum húsum. Við ákvörðun vísitölunnar er aðeins tekið tillit til 35% hækkunar á húsaleigunni, en hins vegar er vitað, að í nýjum húsum er leigan yfirleitt margföld á við það, sem er í gömlu húsunum, og þeir, sem búa í nýjum húsum, fá því engar bætur á við það, sem aðrir leigjendur fá. Nú skal það

viðurkennt, að ekki væri rétt að láta þessa húsaleiguhækkun hjá þeim, sem búa við dýru húsaleiguna, verða til þess að hækka húsaleigu og þá um leið kaupgjald hjá hinum. Eina leiðin virðist því að gera einhverjar ráðstafanir svipaðar þeim, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég skal geta þess í sambandi við 4. gr., að það eru stóríbúðir, sem þar er miðað við. — Eins má segja viðvíkjandi 1. gr., að það getur verið álitamál, hvernig haga skal tekjuöflun í þessu skyni, og mætti ef til vill athuga fleiri leiðir en þar er gert.

Ég vil svo leggja það til, að frv. verði vísað til hv. allshn. að aflokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Dýrtíðarráðstafanir (frv. BrB).

Á 8. fundi í Sþ., 20. jan., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir (þmfrv., A. 16).

Á 5. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Þetta frv. hefur að geyma tvær brtt. við l. um dýrtíðarráðstafanir frá 1943, og voru báðar fluttar hér á síðasta þ. Þá fyrri flutti ég sem sérstakt frv., og var hún samþ. í þessari hv. d. og eins við 2. umr. í Nd. í því formi, sem hún er hér fram borin, en þar dagaði hana uppi. Þó verður að segja, að hún hafi haft eindregið fylgi hér á síðasta þ. — Síðari till. frv. hefur sama tilgang og till., sem ég flutti hér á síðasta þ., og í Nd. flutti þá hv. þm. A.-Húnv. aðra till., sem var henni nærri því samhljóða. Sú till. var felld í Nd. með eins atkv. mun, og sama er að segja um mína till., að hún var felld með eins atkv. mun hér í hv. d.

Um fyrri till., a-lið þessa frv., er það að segja, að hún hafði fylgi meiri hl. Alþ., og er enginn vafi á því, að hefði Alþ. staðið einum eða tveim dögum lengur, hefði hún verið samþ. með allmiklum meiri hl. Þá er spurningin sú, hvort ástæða sé til að bera till. fram að nýju. Hæstv. ríkisstj. hefur verið veitt heimild til bráðabirgða til að greiða niður verð á innlendum framleiðsluvörum. Sú heimild er sem sagt aðeins til bráðabirgða og getur fallið úr gildi, hvenær sem Alþ. ákveður. Ég er, eins og hv. dm. er kunnugt, andvígur þessari leið, einnig sem bráðabirgðaráðstöfun, og eftir því sem fram kom við umr., virðist meiri hl. Alþ. vera henni andvígur. Ég álít, að þessa heimild eigi að fella niður hið fyrsta. En þegar hún fellur niður, þurfa vitanlega að vera til skýlaus ákvæði um það, að ríkisstj. hafi enga heimild til niðurgreiðslu landbúnaðarafurða. Um þetta er ágreiningur. Ríkisstj. telur sig hafa heimildina samkvæmt l. sjálfum, og ég tel, að sú skoðun geti ekki stafað af öðru en misskilningi.

Ég heyrði raddir um það í þessari d., þegar málið var til umr., að ekki væri tímabært þá að gera neinar breyt. á l. um dýrtíðarráðstafanir. Sumir hv. þm. töldu, að þetta væri ekki heppilegt, á meðan nýja sex manna n. hefði ekki skilað áliti. Nú virðist mér, að eigi samkomulag sex manna n. að vera áfram í gildi og eigi að halda áfram að ákveða verðlag á landbúnaðarvörum samkv. dýrtíðarl., þá sé óhjákvæmilegt að gera þessar breyt., sem hér er farið fram á. Hver á að ákveða vísitölu landbúnaðarafurða á komandi hausti? Um það segja l. ekkert ákveðið. En það er ekki hægt að ákveða neina vísitölu, nema ákvæði séu um það í l., og það liggur beinast fyrir, að sex manna n. ákveði hana sjálf, enda er hún öllum hnútum kunnugust.

Það hafa heyrzt raddir um, að ríkisstj. gæti reiknað þetta út með aðstoð hagstofunnar. Slíkt er með öllu ólöglegt og ekki viðurkennt af neinum, og með því væri samkomulag sex manna n. úr gildi fallið. Ég geri ráð fyrir, að engin stj. kæri sig um að vera sett í þá klípu að geta ekki látið ákveða verð á landbúnaðarafurðum með löglegum hætti.

Ef b-liður þessa frv. verður samþ., er fyrir það girt, að samkomulaginu frá í haust verði á nokkurn hátt raskað. Ágreining um vísitöluna má afgreiða með einföldum meiri hl., en grundvellinum sjálfum, sem lagður var s. l. sumar, er ekki hægt að breyta, nema allir nm. séu sammála.

Ég legg að lokum til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Æskulýðshöll í Reykjavík.

Á 49. fundi í Ed., 25. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um æskulýðshöll í Reykjavík (þmfrv., A. 353).

Á 50. fundi í Ed., 27. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Svo sem segir í grg. fyrir frv., þá er það samið af hæstv. fyrrv. dómsmrh., Einari Arnórssyni, og er flutt í samráði við hann.

Þetta frv. er a. n. l. byggt á eða styðst við till. n., sem skipuð var af hæstv. ríkisstj. og bæjarstj. Reykjavíkur varðandi þetta mál. En sú nefndarskipun átti sér stað samkv. ályktun, sem þar um var gerð m.

a. í þessari hv. d. á sínum tíma. Í frv. er þó ekki að öllu leyti farið að till. þessarar n., heldur við þær stuðzt, og hafði hæstv. ráðh. m. a. samráð við mig sem borgarstjóra um efni frv. áður en það var flutt. Þrátt fyrir það eru einstök atriði í frv., sem ég hefði heldur kosið, að öðruvísi væru. En hvort ég legg svo mikið upp úr því, að ég beri fram brtt. við frv. þess vegna, hef ég ekki ákveðið.

Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að svo stöddu, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 9. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 353, n. 389, 404).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 404. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Allshn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og mæltu þeir nm., sem á fund komu, með samþykkt frv., en áskildu sér rétt til þess að flytja eða vera með brtt., ef fram kæmu.

Það má segja, að höfuðatriði þessa frv., sem til álita geti komið, séu eiginlega fjögur. Í fyrsta lagi er það, hvort menn telja æskilegt, að af hálfu þess opinbera sé komið upp slíkri æskulýðshöll, sem hér er gert ráð fyrir, og vil ég benda í því sambandi á, að það er ekki sízt fyrir tilhlutun Alþ., að mþn. var skipuð til athugunar þessa máls, þar sem í áttu sæti bæði fulltrúar ríkisstj. og bæjarstj. Reykjavíkur, og varð sú n. sammála um að leggja til, að æskulýðshöll yrði reist. En í þeirri n. áttu sæti Ingimar Jóhannsson kennari, Einar Erlendsson byggingameistari og Einar B. Pálsson verkfræðingur. Og með þessum mönnum starfaði Ágúst Sigurðsson forstöðumaður námsflokka Reykjavíkur, sem af þessu málefni hefur haft náin kynni og má raunar telja forgöngumann þessa máls. N. öll var sammála um að leggja til, að æskulýðshöll væri reist og starfrækt hér. Og á grundvelli álits þeirrar n. var svo það frv. samið, sem hér liggur fyrir, af þáv. hæstv. dómsmrh. í nokkru samráði við mig. En ég leyfði mér svo að flytja það. — Og hv. allshn. þessarar d. varð, eins og ég þegar hef sagt, sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. og þar með að fallast á nauðsyn þess, að þvílíkri æskulýðshöll verði komið upp.

Önnur atriði, sem sérstaklega koma hér til greina, eru þá einkum, í hvaða hlutfalli menn vilja skipta kostnaði af stofnun og starfrækslu þessarar æskulýðshallar. Og það varð að samkomulagi milli mín og þáv. hæstv. dómsmrh. að leggja til, að kostnaðurinn skiptist jafnt á milli ríkis og bæjar. En mþn., sem um þetta hafði fjallað, undirbúningsn., mun hafa lagt til, að ⅔ kostnaðar skyldu greiðast úr bæjarsjóði, en ⅓ úr ríkissjóði. Mér og hæstv. fyrrv. dómsmrh. sýndist ekki rétt að hafa þau hlutföll, sem n. hafði lagt til, heldur vildum við láta kostnaðinn skiptast jafnt, vegna þess að hér sé ekki síður um að ræða málefni, sem ríkisvaldið varðar, heldur en málefni Reykjavíkurbæjar eins. Og vil ég í því sambandi enn minna á, að það var hæstv. Alþ., sem að vissu leyti hafði frumkvæðið að þessu máli. Og ef ég man rétt, þá var það fyrir áskorun, sem þinginu hafði borizt frá félagi ungra framsóknarmanna hér í bæ, þar sem að því var vikið, sem rétt er, að hér væri um að ræða málefni, sem ekki varðaði síður landsmenn alla heldur en Reykvíkinga eina. Enda er — satt bezt að segja —, að bæði er nú mikill fjöldi ungmenna búsettur hér í Reykjavík, og slík höll mundi að sjálfsögðu verða að gagni fyrir þau, en hún mundi ekki síður, — og ég vil segja miklu frekar —, verða nauðsynleg fyrir þann mikla fjölda ungmenna, sem hingað sækir hvaðanæva að af landinu til vetrardvalar. Og þess vegna virðist mjög eðlilegt, sem í frv. er lagt til og hv. allshn. hafði ekkert við að athuga, að skipta kostnaðinum jafnt milli ríkisins og Reykjavíkurbæjar. Er þar þó nokkuð hallað á bæinn í þeim viðskiptum, þar sem hann á, um fram sinn hluta að öðru leyti, að leggja til lóðina. Ég gæti hugsað mér sjálfur að bera fram brtt. um það atriði við 3. umr., að lóðin yrði talin með framlagi bæjarins, en slík till. mundi þá eingöngu vera frá mér, en alls ekki n. í heild.

Þá er í þriðja lagi á það að líta, með hverjum hætti stjórn slíkrar stofnunar yrði skipuð, og er hér í frv. lagt til, að ríkisstj. tilnefni einn mann, bæjarstj. Reykjavíkur annan, en hæstiréttur tilnefni oddamann. Ég verð nú að segja, að sjálfum finnst mér nú þessi skipun n. vera hálfklúðursleg, — ég get ekki neitað því. Mér finnst það vera nokkuð varhugavert að blanda hæstarétti ákaflega mikið inn í honum óskyld mál, eins og skipun slíkrar n., sem hér er um að ræða. En þar sem hér var nú um tvo aðila að ræða, sem báðir áttu að leggja jafnt til, og þar sem hæstv. fyrrv. dómsmrh. lét sér nú til hugar koma þessa skipun, þá vildi ég ekki út af því breyta, þegar ég flutti frv. Um þetta var svo nokkuð rætt í n. og að því vikið, að að vissu leyti væri eðlilegast, að einhverjum æskulýðsfélagsskap í bænum eða á landinu væri fengin tilnefning þessa oddamanns, en hún tekin af hæstarétti. En það strandaði á því, að við nm. gátum ekki komið auga á, hver slíkur félagsskapur ætti að vera. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þótt hér í bæ séu mörg æskulýðsfélög, þá er ekkert allsherjar æskulýðsfélag hér til. Ungmennafélag er hér að vísu starfandi, en það hefur ekki mikla þýðingu fyrir æskulýð bæjarins, og mörg félög eru hér, sem hafa þar miklu meiri þýðingu heldur en það. Væri því óeðlilegt að láta það hafa tilnefningarrétt um mann í stjórn þessarar stofnunar.

Eins og ég sagði, þá var n. á því máli, að það gæti vel komið til greina að finna á þessu annað form. Ég sé nú, að einn hv. nm., hæstv. forseti þessarar d., hefur borið fram brtt. einmitt varðandi þetta atriði. Ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, sem er aðalefni í hans till., ef hv. d. getur á það

fallizt, að ríkisstj. skipi einungis einn mann í þessa stjórn, en bæjarstj. Reykjavíkur tvo, sem kosnir séu með hlutfallskosningu. Þetta mundi ég ákaflega vel geta sætt mig við, þó að því áskildu, að breyt. yrði gerð á kostnaðarhlutföllunum jafnframt. — Hinu atriðinu í brtt. hæstv. forsetans er ég nú ekki alveg öruggur um, að ég geti fylgt, sem sé því, að eins konar fulltrúaráð frá æskulýðsfélögunum í bænum eigi að hafa tillögurétt um málefni þau, er þessa stofnun varða. Þetta lítur að vísu álitlega út, og að meginefni er ég því samþykkur. En mér sýnist sá galli á, að það mundi þá þurfa að tilgreina nokkru nánar, hvaða félög skyldu talin æskulýðsfélög, og þá gera sér nokkra grein fyrir, hversu fjölmennt þetta fulltrúaráð yrði, áður en þetta væri hægt að samþ. Og þess er að gæta, að mörg félög hér í bæ eru þess eðlis, að það er ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir því, hvort þau skuli talin æskulýðsfélög eða ekki, t. d. íþróttafélög. Það er vitanlegt, að þau eru ekki að neinu leyti takmörkuð við unglinga, og mundu sennilega vera eingöngu fullorðnir menn, sem í stjórnum þeirra félaga væru og mestu um þeirra mál réðu. Enn fremur er á það að líta, að mörg af þessum félögum hafa þegar látið í ljós, að þau vildu hvergi nærri hinni fyrirhuguðu æskulýðshöll koma, að þar væri um að ræða mál, sem þau vildu ekki hafa afskipti af, hefðu ekki áhuga fyrir. Og það er óeðlilegt að láta þau félög, sem svo stendur á um, fá þann tillögurétt, sem hæstv. forseti þessarar d. hér leggur til. En þar sem nú þessi brtt., sem varðar aðalþátt af meginefni frv., er komin fram, og án þess að við í n. höfum haft færi á að athuga hana, þá vildi ég nú leggja til, að eftir að menn hafa hér gert grein fyrir afstöðu sinni til hennar lauslega og án þess að upp væru teknar sem maður segir þrætur um hana í einstökum atriðum, þá yrði umr. um málið frestað og málinu vísað til n. til frekari athugunar. Það kynni að vera, að skipun forstöðu stjórnarnefndar þessarar stofnunar hefði áhrif á það, hvernig menn vildu láta kostnaðinn skiptast. Og það er ekki heldur eins auðvelt og ætla mætti að skipa samkvæmt till. í fulltrúaráð það, sem hér er gert ráð fyrir.

Þá er enn eitt atriði frv., að það er ráðgert, að þangað til þessari æskulýðshöll verði komið upp, þá verði komið upp í bili eins konar tómstundaheimili, þ. e., að það verði ekki lagt þegar í stað út í þann kostnað, sem bygging æskulýðshallar hefur í för með sér, heldur prófi menn sig áfram í smærri stíl, reyni að fá bráðabirgðahúsnæði og athugi í því, hvernig slík starfsemi mundi til takast. Og þessi tilhögun er einnig í samræmi við till. þeirrar milliþn. sem ég gat áður um. Og sannlegra teldi ég nú, ef þessi háttur væri tekinn, sem ég tel nú vera nauðsynlegan undanfara þess, að sjálfri æskulýðshöllinni verði komið upp. Ég tel það vera sannlegast að reyna að fá einhvern af þeim stóru setuliðsskálum, sem hér eru og sumir mundu henta sæmilega til þessara nota, til starfseminnar í byrjun og sjá með tilraunastarfsemi í honum, hvernig þetta tækist til. Og hef ég þar einkum í huga skála eins og Rauði krossinn hefur við Hringbraut, sem hefur af erlendu setuliði verið notaður til að mörgu leyti mjög svipaðrar starfsemi og hér er ráðgerð.

Þá hef ég nú rakið höfuðefni frv. og reynt að útskýra það lítillega fyrir mönnum. En loks er þess að geta, að í 5. gr. er ráðgert, að það sé heimilt að fá starfsemina í hendur einhverju æskulýðsfélagi til bráðabirgða, — fela því að annast rekstur inn, sem þar greinir, sem er þó eingöngu rekstur tómstundaheimilis, en ekki sjálfrar æskulýðshallarinnar. Og þá er ráðgert, að það þurfi ekki að skipa slíka sérstaka forstöðunefnd, sem annars staðar í frv. er sagt fyrir um, heldur semji þá ríkisstj. og bæjarstj. Reykjavíkur við þann æskulýðsfélagsskap, sem þeim þætti tiltækilegastur, um þessa starfrækslu. En það er berum orðum áskilið, að þetta má ekki vera neinn stjórnmálafélagsskapur. Og ég vil ekki fara dult með það sjálfur, að mér þætti líklegast að semja í byrjun t. d. við skátafélagið eða eitthvert slíkt félag, langhelzt skátafélagið, um að taka að sér þennan rekstur.

Að endingu vil ég geta þess, að það er ekki ætlazt til þess, að kostnaður verði af þessu frv. fyrr en fé er til þess ætlað á fjárl. og úr bæjarsjóði Reykjavíkur, og verður framkvæmd byggingar æskulýðshallarinnar algerlega bundin þeim takmörkunum, sem þau fjárframlög setja.

Ég vil gera að till. minni, að þegar menn hafa lokið frumræðum sínum nú, þá verði umr. um málið frestað, til þess að allshn. geti tekið málið til sérstakrar athugunar, sérstaklega vegna brtt. hæstv. forseta d., hv. 4. landsk. þm.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég vona, að það sé ekki ágreiningur um nauðsyn þess aðalefnis, sem frv. fjallar um, þ. e. a. s., að æskulýðnum hér í Reykjavík verði skapaður samastaður, þar sem hann geti notið allrar heilbrigðrar skemmtunar og haft tækifæri til þess að þroska sig á ýmsa lund, fram yfir það, sem nú er. Og þó að ég hafi leyft mér að bera fram þessar brtt. á þskj. 404, þá vil ég taka það fram, að ég vona, að það verði á engan hátt til þess að hefta framgang þessa máls á einn eða annan hátt. Enda, eins og hv. frsm. allshn. tók fram í ræðu sinni, þá varða þessar brtt. báðar aðeins það atriði, hvernig sett verði saman sú n., sem á að hafa með að gera bæði byggingu æskulýðshallarinnar, þegar til þess kæmi, og einnig stjórn hennar. En hitt liggur í hlutarins eðli, að ef það á að ná tilgangi sínum að skapa æskulýðnum hér í Reykjavík og einnig öðrum æskulýð landsins, sem hingað leitar, það athvarf, sem hér er um að ræða, þá er mjög nauðsynlegt, að þegar til þess er stofnað, sé svo sem frekast má verða tekið tillit til óska æskulýðsins sjálfs. Og þess vegna álít ég mjög óheppilegt, að sú n., sem hefur á hendi stjórn þessara mála, bæði að því er snertir byggingu hallarinnar og einnig, þegar til kemur, með rekstur hennar, verði þannig skipuð, að æskulýðurinn hafi ekki aðstöðu til að hafa áhrif, beint eða óbeint, á það, hvernig þessu verður fyrir komið og hvernig rekstri þessarar hallar síðar verður hagað, og áhrif á það, hvernig fullnægt verði þeim kröfum, sem æskulýð-

urinn mundi gera til slíkrar stofnunar, og þá stuðla að því, að þessi stofnun yrði framtíðarheimili æskulýðsins, þannig að æskulýðurinn vildi þar vera og notaði það til þess ýtrasta, eftir því sem skilyrði væru fyrir hendi. Það var líka nokkuð á þetta minnzt í n., eins og hv. frsm. talaði um, og það viðurkennt, að það væri í raun og veru óheppilegt, að æskulýðurinn hefði ekki fulltrúa heldur í þessari stjórnarnefnd. En, eins og hv. frsm. líka tók fram, þá eru nokkrir erfiðleikar á því að finna aðila, sem talizt geti aðili æskulýðsins í heild og bær um að skipa slíkan fulltrúa. Og af því að við í n. fundum ekki — a. m. k. í bili — þann aðila, þá gerði n. engar brtt. um það atriði.

Í þeim brtt., sem hér liggja fyrir, er ekki heldur gengið lengra hvað þetta atriði snertir heldur en það, að samtök æskulýðsins, þ. e. a. s. félög æskulýðsins hér í Reykjavík, fái aðeins að setja saman n. eða fulltrúaráð, sem hafi tillögurétt til stjórnarn. hvað þessi mál varðar, bæði um byggingu og rekstur æskulýðshallarinnar. Í sjálfri stjórnarn. er enn ekki heldur gert ráð fyrir, að æskulýðurinn hafi neinn fastan fulltrúa. En með þessu væri þó að mínu áliti séð fyrir því, að æskulýðurinn hefði tök á að koma á framfæri við stjórnarn. þeim till., sem æskulýðsfélögin teldu við eiga, þannig að þau gætu borið fram óskir æskulýðsins hér í bæ við stjórnarn. Og að sjálfsögðu, þegar slík ákvæði væru sett í l., þá mundi stjórnarn. telja sér skylt að taka tillit til þessara tillagna að svo miklu leyti sem frekast væri unnt. En með því væri þá séð fyrir því að verulegu leyti, að æskulýðurinn gæti nokkuð haft áhrif á það, hvernig þessum rekstri yrði hagað, og tilgangurinn er líka sá með brtt. Eftir sem áður yrði það þessi þriggja manna n., sem hefur úrskurðarvald bæði um bygginguna og reksturinn á þessari höll og yrði ábyrg fyrir þeim málum gagnvart þeim aðilum báðum, sem legðu fram fé til þessarar starfrækslu. — Ég tel þess vegna, að með brtt. sé ekki það langt gengið, að þeim aðilum, sem ætlað er að kosta þetta heimili æskulýðsins, geti stafað nokkur hætta af. Þeir hafa samt sína fulltrúa, sem ábyrgir eru gagnvart þeim um reksturinn. Fulltrúar æskulýðsfélaganna yrðu aðeins ráðgefandi, en hefðu möguleika til þess að koma á framfæri óskum æskulýðsins í landinu.

Um hina brtt., um samsetningu stjórnarnefndarinnar, þessarar þriggja manna n., þá álít ég, eins og einnig kom fram hjá hv. frsm. allshn., að það sé svona dálítið utangarna og þar að auki vafasamt, hvort heppilegt sé, að hæstiréttur sé að tilnefna mann í slíka nefnd sem þessa. Og þó að svo sé til ætlazt, að ríkissjóður greiði kostnað af þessu að hálfu leyti á móti bæjarsjóði Reykjavíkur, þá finnst mér liggja í hlutarins eðli, að þetta varði Reykvíkinga mest. Því að bæði er það, að eftir því sem ákveðið er í frv. nú, þá á Reykjavík, auk helmings kostnaðar að öðru leyti, að leggja til lóð, sem má telja nokkurt fjárhagslegt atriði, þannig að framlag Reykjavíkur verður sem því nemur meira en ríkisins, og að hinu leytinu finnst mér það liggja í hlutarins eðli, að það varði fyrir Reykvíkinga þó nokkuð meira máli alveg sérstaklega um rekstur þessarar hallar heldur en þó ríkið, þó að segja megi að vísu, að ríkið varði nokkuð um íbúa Reykjavíkurbæjar og þetta varði náttúrlega landið í heild líka að verulegu leyti, að því leyti, að æskulýðurinn víðs vegar að af landinu muni hafa þessa heimilis not. En samt sem áður held ég, að þetta mundi, hvað allan rekstur snertir, varða Reykjavíkurbæ meira heldur en aðra aðila, og þess vegna tel ég ekki óeðlilegt, þar sem ekki er hægt að skipta jafnar við skipun í n., með því að hafa þó oddamann, að Reykjavík hafi meiri hluta í þessari stjórnarn. Og teldi ég það a. m. k. eðlilegra heldur en að ríkið hefði meiri hl. í n., tvo menn af þremur, ef talað væri um skiptingu aðeins milli ríkisins og Reykjavíkurbæjar á því að skipa í þessa stjórnarn. Og vil ég vænta þess, að það geti orðið samkomulag um það að breyta samsetningu n. á þennan hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Hv. frsm. allshn. taldi helzt þau tormerki á því að leyfa æskulýðsfélögum að mynda sín fulltrúaráð, að fyrst og fremst væri nokkuð á reiki, hvað mætti telja æskulýðssamtök í landinu og hversu margir fulltrúar ættu að vera í þessu fulltrúaráði, ef samþ. væru ákvæði um það. Það má vafalaust deila um það, hvaða félög hafa skilyrðislausan rétt til þess að vera aðilar að þessu og hver ekki. En ég held, vegna þess hversu valdsvið þessa fulltrúaráðs er í raun og veru lítið, — það er ekki annað en ráðgefandi —, þá geti það ekki haft svo mikla þýðingu fyrir afgreiðslu málsins hér, að það geti staðið í vegi fyrir því að samþykkja þetta, þó að ekki liggi fyrir, hver félög yrðu aðilar þarna, né hve margir fulltrúar væru í þessu fulltrúaráði. Því að tilgangurinn með fulltrúaráðinu er enginn annar en sá, að það leggi till. sínar fyrir stjórnarn. Og stjórnarn. mundi að sjálfsögðu meta þessar till. og taka til framkvæmda það af þeim, sem henni sýndist heppilegt og hægt að framkvæma, ekki kannske alveg án tillits til þess, en þó að verulegu leyti án tillits til þess, hvort það væri meiri hluti eða minni hluti þessa fulltrúaráðs, sem stæði að þeim. Sem sagt, að mínu áliti ætti þetta fulltrúaráð að gera það eitt að koma á framfæri óskum æskulýðsins sjálfs við stjórnarn. æskulýðshallarinnar, svo ætti stjórnarn. að vinza úr þessum till. það, sem henni þætti tiltækilegast, og láta hitt vera. Þannig að hvort sem þetta fulltrúaráð yrði fjölmennara eða fámennara eða hvernig sem atkv. mundu falla um till., sem það bæri fram við n., mundi það ekki hafa úrslitavald um það, hvað af till. þess kæmi til framkvæmda, heldur væru þarna óskir æskulýðsins fram bornar, sem stjórnarn. svo vinzaði úr og bæri ábyrgð á framkvæmdum sínum gagnvart Reykjavíkurbæ og ríkinu.

Ég get vel fallizt á þá till. hv. frsm. allshn., að umr. verði frestað, til þess að n. geti athugað þessar brtt. og annað, sem fram kynni að koma í sambandi við málið. Enda sýndist mér líka að mætti, til þess að tefja ekki málið, ljúka þessari umr. og n. athugaði málið síðan fyrir 3. umr. En ef hv. frsm. álítur það heppilegra, þá get ég fallizt á, að þessari umr. verði nú frestað.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég fyrir mitt leyti get vel tekið undir þá ósk hv. frsm. og form. allshn., að allshn. athugi þetta mál frekar heldur en hún hefur enn gert. En ég get enn fremur tekið undir það, sem hæstv. forseti þessarar d. sagði um leið og hann settist nú niður, að sú athugun getur vel farið fram á milli umr., þar sem 3. umr. er eftir, og það því fremur, sem við erum a. m. k. þrír nm. sammála um, að ný athugun á málinu í n. sé heppileg. En þá hygg ég nú, ef sá háttur væri á hafður, að réttast væri, að hv. 4. landsk., hæstv. forseti þessarar d., tæki sínar brtt. aftur til 3. umr. *(StgrA:* Ég mundi gera það).

Enn fremur skal ég geta þess, áður en ég lýk máli mínu hér, að ég lýsi brtt. við frv., sem ég sjálfsagt mundi taka aftur til 3. umr., ef þessi háttur væri á hafður að fresta ekki umr. Tel ég þó rétt að lýsa brtt. minni hér.

Í áliti allshn. á þskj. 389 leggur n. öll til, að frv. verði samþ., en nm. áskilja sér þó rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem kunna fram að koma. — Út af fyrra atriðinu skal ég taka fram, eins og hv. meðnm. mínir tveir, sem talað hafa, hafa þegar gert, að mér er mikil ánægja að því að standa að og vinna að samþ. þessa frv., því að ég álít, að hér sé um að ræða nytjamál á allan hátt.

Það hefur verið rætt hér, bæði af hv. frsm. n. og nú af síðasta ræðumanni, að það hafi komið til orða í n., að þátttaka æskulýðsins sjálfs í þessu máli væri fulllítil samkvæmt frv. Og ég skal taka fram í því sambandi, að það var einmitt ég, sem hreyfði þessu í n. Ég álít, að í máli eins og þessu sé það ekki einasta eðlilegt, heldur réttmætt og nauðsynlegt, að þeir, sem eiga að njóta þessara framkvæmda, taki þátt í að hrinda þeim áleiðis og beri einhverja ábyrgð í sambandi við það. Ég sé, að þetta hefur vakað fyrir fleirum hv. nm., þó að n. við fljótlega athugun málsins gæti ekki komið sér niður á, hvernig þessu skyldi fyrir komið, því að hv. 4. landsk. (StgrA) hefur nú borið fram brtt. við frv. einmitt snertandi þetta atriði, sem hann og hefur nú lýst. Ég get sagt það strax, þó að ég búist við að fá tækifæri síðar til þess að athuga þessa brtt. í n., að ég tel tvo galla vera á þessum tveimur brtt., sem hv. 4. landsk. ber hér fram. Annar gallinn er sá, að hann ætlar æskulýðnum eða fulltrúum hans ekki nema tillögurétt um þessi mál, ekkert vald og í raun og veru enga ábyrgð. Í því efni tel ég gengið of skammt; og auk þess tel ég það galla, sem hann gerir þó ekki mjög mikið úr, að í till. virðist vera hallað á annan þann aðila, sem samkvæmt frv. er ætlazt til að beri kostnað og sé þátttakandi í þessu fyrirtæki. M. ö. o., hann ætlast til þess, að 2 af 3 stjórnarnefndarmönnum séu kosnir af bæjarstj. Reykjavíkur, en einn tilnefndur af ríkisstj. Þó að ég sé ekki Reykvíkingur, þá geri ég ekki mikið úr þessu atriði, en ég sé ekki, að það byggist samt á fullri sanngirni. Því að ég er alls ekki því sammála, sem hv. 4. landsk. þm. var að tala um, að þetta mál hefði aðalþýðingu fyrir Reykjavík. Ég er ekki viss um nema það, að koma upp eins konar heimili fyrir æskulýðinn hér í Reykjavík, sem ætlað er ungu fólki, hvaðan sem það er, hafi alveg eins mikla þýðingu fyrir æskulýðinn úti á landi eins og fyrir æskulýðinn í Reykjavík. Flestir æskumenn hér í Reykjavík hafa þó sitt heimili, þar sem þeir hafa griðastað og aðhlynningu. En fjöldi æskumanna utan af landi, sem hingað kemur til náms t. d. og er hér að vetrinum svo að hundruðum skiptir, hafa svo að segja hvergi höfði sínu að að halla. Svo að ég tel það vafasamt, að málið varði Reykjavík mest. — Ég get aftur á móti verið hv. 4. landsk. þm. sammála um það og hv. frsm. líka, sem virtist fallast á það, að það sé a. m. k. að sumu leyti óheppilegt, bæði í þessu máli og öðrum, að blanda hæstarétti inn í framkvæmd mála, sem er ekki hægt að sjá, að komi hans starfsviði neitt við. En ég tel, að það eigi að greiða fram úr þessu á annan hátt.

Ég álít, að það eigi að veita æskulýðnum með einhverjum hætti beina þátttöku í stjórn þessa fyrirtækis, og ekki einasta það, heldur eigi að gefa æskulýðnum kost á að styðja þetta mál með fjárframlögum. Ég tel það ekki skipta miklu máli í þessu sambandi að létta gjöldum af ríkissjóði og bæjarsjóði Reykjavíkur, heldur það, að ef æskulýðnum er ætlað að leggja eitthvað beinlínis fram í þessu skyni, þá muni honum þykja vænna um þetta heimili sitt heldur en ella.

Hv. frsm. n. gat þess, að n. hefði ekki komið auga á félagsskap hér í Reykjavík eða á landinu, sem verulega gæti staðið að þessu. Það kann nú að vera, að n. sem heild hafi ekki komið auga á þennan félagsskap. Hann benti á ungmennafélög Íslands, sem eru breidd yfir allt landið, og sagði, að það mundi vera lítill ungmennafélagsskapur hér í Reykjavík. Það kann að vera rétt; ég þekki það ekki. En hér í Reykjavík hygg ég sé stjórn ungmennafélaga Íslands. Og önnur ungmennafélög eru hér, eins og K. F. U. M. og skátafélagsskapurinn — fyrir utan hin pólitísku félög ungra manna, sem ég geri ekki ráð fyrir, að menn vildu fela á nokkurn hátt stjórn þessarar æskulýðshallar, þó að ég sæi ekkert á móti því að þiggja framlög frá þeim, ef þau hefðu þann áhuga, að þau vildu eitthvað leggja fram til þessa fyrirtækis. — Hv. frsm. gat þess, að a. m. k. sum félög æskumanna hér í Reykjavík vildu ekki koma nálægt þessu máli. Ég rengi hann ekki um það. En ef það er almennt svo um æskulýðinn nú á dögum, að hann vilji ekki koma nálægt svona máli, þá vil ég segja, að hann er næsta ólíkur þeim æskulýð, sem var, þegar ég var ungur og starfandi í ungmennafélagsskap. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þau ungmennafélög, sem voru í þá daga, hefðu ekki aðeins viljað vera þátttakendur í slíkri stofnun, heldur hreint og beint krafizt þess, og eru þó efni æskumanna nú ólíkt meiri heldur en þegar ég var ungur.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim tveimur atriðum, sem ég fyrir mitt leyti mundi óska brevt. á í þessu frv. Í fyrsta lagi að ákveða það að gefa æskulýðnum kost á því beinlínis að styðja þetta mál. Ég skal taka fram, að ég ætlast ekki til, að það verði neitt skilyrði fyrir því, að æskulýðshöllin sé reist, að félög ungra manna leggi neitt fram. En ég kann ekki við annað en að þeim sé gefinn kostur á því. Og ef þau

leggja fram fjármuni, jafnvel þótt litlir séu, í þessu skyni, þá vil ég jafnframt gefa þeim ákveðinn rétt til þátttöku í stjórn fyrirtækisins.

Mér hafði láðst að gera í tíma brtt. við þetta frv., og ég byrjaði ekki á að undirbúa hana fyrr en nú í morgun fyrir stuttu, að ég af tilviljun sá inni hjá skjalaverði brtt. hv. 4. landsk. þm. En þá fór ég að orða till. um breyt., sem ég vildi, að gerðar væru á frv., en skal þó játa, að á svo litlum tíma, sem ég hef haft, kann vel að vera, að frá þeim brtt. sé ekki gengið svo vel sem æskilegt væri, og það er m. a. ástæðan til þess, að ég vildi gjarnan, að þær till., sem ég mun nú lýsa, komi ekki undir atkv. fyrr en n. hefur um málið fjallað. Ég vildi óska þess, að á eftir 2. málsl. 1. gr. frv., sem er um það, að báðir aðilar, ríkissjóður og Reykjavíkurbær, taki jafnan þátt í kostnaði við byggingu og rekstur hallarinnar, komi: Veita skal þó móttöku framlögum til æskulýðshallarinnar frá félögum æskumanna í Reykjavík og öðrum, er málið vilja styðja.

Hér er engin skylda lögð á neinn, heldur aðeins gefinn réttur til þess að styðja þetta mál. E. t. v. má segja, að þetta ákvæði sé óþarft, því að ekki mundi verða neitað slíkum fjárframlögum, jafnvel þótt frv. væri samþ. óbreytt. En með því að taka þetta beinlínis fram í l., er þó gefin bending, sem ég hygg, að gæti haft sína þýðingu. Þá vil ég gjarnan, að ákvæðið um það, að hæstiréttur hafi oddamann í n., falli niður, en í staðinn vil ég leggja til að komi, að fulltrúaráð æskulýðsfélaga í Reykjavík, sem óháð séu öllum stjórnmálasamtökum, tilnefni þriðja manninn í n., enda hafi þau lagt fram fé til hallarinnar, en hafi þau ekki gert það, þá skuli hæstiréttur tilnefna oddamanninn. Ég væri til með að falla frá síðara atriðinu í þessari brtt. minni, um það að gera fjárframlag frá æskulýðsfélögunum að skilyrði fyrir heimild til þess að tilnefna mann í n., enda veit ég, að til eru æskulýðsfélög, sem vilja styðja þetta mál, og kemur því vart til þess að beita þurfi þessu ákvæði. Ég setti það ákvæði inn í brtt., að æskulýðsfélögin skyldu vera óháð stjórnmálasamtökum. Þetta ákvæði er tekið upp úr 5. gr. frv., en ég sjálfur er ekkert hræddur við það, þótt félag ungra sjálfstæðismanna, félag ungra sósíalista, félag ungra framsóknarmanna og félag ungra Alþýðuflokksmanna fengju öll að taka þátt í þessu. Ég væri ekkert hræddur við að fella þetta ákvæði niður, því að ef þetta ákvæði væri ekki, þá geri ég ráð fyrir því, að öll þessi pólitísku félög mundu verða með, og þá hallaðist ekki á. Það er ekki heldur eins hætt við því, að til misklíðar mundi koma hjá þessum pólitísku samtökum ungu mannanna, eins og hjá okkur, sem eldri erum. Öll þessi félög unnu t. d. mjög drengilega að undirbúningi lýðveldisstofnunarinnar og án þess að nokkurrar misklíðar gætti, en hennar varð þó heldur vart hjá eldri mönnunum, þótt eining næðist að lokum.

Ég mun afhenda þessar brtt. mínar nú til hæstv. forseta, til þess að hann kynni þær, en ekki til þess að gengið verði til atkv. um þær nú við 2. umr., ef að því ráði verður horfið að ljúka 2. umr. nú og athuga brtt. í n. milli umr. Brtt. mínar eru ef til vill ekki heldur sem bezt orðaðar, þar sem ég varð að semja þær nú á fáum mínútum, og mætti þá breyta orðalagi þeirra til hins betra.

Forseti (ÞÞ): Mér hafa borizt hér tvær skriflegar brtt. frá hv. 1. þm. Eyf., og hljóða þær þannig: (sjá þskj. 411.)

Afbrigða þarf um þessar skriflegu brtt., og mun ég nú leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Ég vil einungis ræða það atriði, hvort heppilegra sé að fresta umr. nú eða vísa málinu nú til 3. umr. og geyma allar brtt. þangað til. Mér finnst það hafa komið fram við þessa umr., að málið hafi ekki verið rætt nægilega í n., þar sem nú hafa komið fram brtt. frá tveimur meðnm. mínum og þessar brtt. geta haft þau áhrif, að fleiri brtt. komi fram. Ég tel því réttara að fresta umr. nú, til þess að n. geti athugað málið betur á þessu stigi. Það er enn þá langt til þingslita, og er málinu því engin hætta búin, þótt það tefðist um nokkra daga. Það verður heldur ekkert byrjað á framkvæmdum fyrr en Alþ. hefur samþykkt fjárveitingu til hallarinnar á fjárl., og eins og kunnugt er, þá eiga þau enn langt í land. Ég vil því halda fast við það, að umr. verði nú frestað.

Út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. var að tala um, að sum æskulýðsfélög í Reykjavík vildu ekki sinna málinu, þá vil ég taka það fram, að það er ekki af kæruleysi hjá þessum félögum, heldur er það af því, að þau eru nú að keppast við það að koma upp sínum eigin heimilum og eru því ekki aflögufær.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil taka mjög undir það, að umr. verði frestað og málið athugað betur í n., eftir það, sem fram hefur komið. Hér hafa nú ekki aðrir tekið til máls en þeir nm., sem áttu að athuga málið, og það hefur komið fram hjá þeim ágreiningur um ýmis atriði þess.

Viðvíkjandi skipun n. vil ég taka það fram, að ég er á móti því, að hæstiréttur verði látinn skipta sér nokkuð af því máli. Ef þetta verður ekki leyst á annan hátt, þá verður heldur að fjölga nm. upp í fjóra. Annars datt mér í hug önnur lausn á þessu máli, og hún er sú, að fyrsti dómkirkjupresturinn hér í Reykjavík verði oddamaður í nefndinni. Hann er mjög vel til þess fallinn að vera sjálfkjörinn fulltrúi æskulýðsins hér í Reykjavík, og það, að hann yrði fulltrúi í þessari n., gæti aukið og bætt sambandið milli hans og æskulýðsins hér í bænum. Ég vil svo mæla með því, að umr. verði nú frestað og n. taki málið betur til athugunar, áður en það fer til 3. umræðu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Til þess að fyrirbyggja misskilning vil ég taka það fram, að það var ekki mín uppástunga að vísa málinu nú til 3. umr. og geyma allar brtt. þangað til,

heldur benti ég aðeins á það sem leið að taka allar brtt. aftur til 3. umr., þar sem athugun á þeim og þeim breyt., sem af þeim kynni að leiða, mætti fara fram á milli umr. En það er langt frá því, að ég leggi kapp á, að þessu yrði hagað svo, og ég tel það réttast, að hv. flm. og frsm. ráði þessu.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 18. okt., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 353, n. 389, 404, 411, 438).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Mál þetta hefur að nýju verið til athugunar í allshn., og hefur hún samþ. að mæla með því að 1. brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. verði samþ., en hún er við 1. gr. frv., og enn fremur varð samkomulag í n. að bera fram brtt. á þskj. 438 við 2. gr. frv. Með þeim breyt., sem gerðar yrðu á frv. samkvæmt þessu, þá á að vera tryggt annars vegar, að æskulýðsfélögum í bænum er gefinn kostur á að leggja fé fram til væntanlegrar æskulýðshallar og sýna þar með góðvilja sinn til málsins, og í öðru lagi, að þau félög, sem slíkt gera, hafi rétt til að tilnefna einn mann í stjórn hallarinnar. Það voru nokkrar umr. um það í n., hvort ástæða væri til að hafa varaákvæði um, hver ætti að tilnefna menn í stj., ef þessi félög gerðu það ekki, en ég vil ekki gera ráð fyrir, að til þess kæmi, að félögin losi sig við þennan rétt sinn, úr því að þeim er hann veittur. Vænti ég þess, að menn geti samþ. frv. með þessum breyt. Ég get hugsað mér framkvæmdina þannig með fyrstu stjórnarkosningu, að bæjarstjórn kjósi fyrst tvo fulltrúa, sem beiti sér síðan fyrir því, að æskulýðsfélögin tækju ákvörðun um, hvort þau vilja styrkja þessa starfsemi eða ekki. Félögin hafa það í hendi sjálfra sín, hvort þau gera það eða ekki eða hversu háa upphæð þau leggja fram, en hversu lítil fjárhæð, sem er, veitir þeim rétt til að velja einn nm., en við höfum treyst þegnskap félaganna, að þau misnoti ekki þessa aðstöðu með því að leggja fram mjög litla fjárhæð.

Öll n. er sammála um þessar brtt., og eins og hæstv. forseti skýrði frá, þá hefur hún tekið aftur fyrri till. sínar, og sömuleiðis hefur hv. 1. þm. Eyf. tekið aftur síðari brtt. sína.

Ég mæli því með f. h. n., að frv. nái fram að ganga með þessum breytt.

ATKVGR.

Brtt. 411,II tekin aftur.

Brtt. 404 tekin aftur.

Brtt. 411,I samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 438 samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 455).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 70. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

36. Nýbyggingarsjóður útvegsmanna.

Á 52. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um nýbyggingarsjóð útvegsmanna (þmfrv., A. 381).

Á 54. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Jónsson): Það er gerð sú breyt. á skattal. 1941, að útgerðarmönnum er leyft að draga einn sjötta frá skattskyldum tekjum sínum til að leggja í sérstakan sjóð, sem kallaður er nýbyggingarsjóður útvegsmanna. Þessu er aftur breytt nokkuð 1942, — sérstaklega ýmis ákvæði í sambandi við þetta. En breyt. kemur enn fram í sjálfum skattal., og þar með er ákveðið, hvernig þessi sjóður skuli geymdur, og ef honum er ráðstafað öðruvísi en til skipabygginga, þá falli svo og svo mikill hluti hans til ríkisins aftur, sem þá sé reiknað eftir því, sem hefði átt að reikna skattalög það árið, sem beztur var aflinn.

Það verður ekki um það deilt, að hugir manna standa mjög til þess, að þessi sjóður eflist í landinu og hann verði eingöngu notaður til að auka fiskiflotann. Það verður ekki heldur deilt um, að það er mjög óeðlilegt, að um þennan sjóð séu ekki önnur ákvæði en ákvæðin í skattal. Það eitt út af fyrir sig að veita skattfrelsi á fé, sem lagt er í sjóðinn, er algerlega sérstakt ákvæði, en hitt er alveg jafnnauðsynlegt, að setja ákvæði um sjálfan sjóðinn, algerlega burtséð frá öllum skattal., og það er það, sem hér er ætlazt til í þessu frv.

Í ákvæðunum í skattal. um nýbyggingarsjóðstillagið er m. a. það, að sé þessu fé varið til að greiða með skuldir, þá fer svo og svo mikill hluti þess aftur til ríkissjóðs. Getur þá svo farið, ef ekki er búið öðruvísi um það fé, að allt að 90 prósent geti farið

sem eyðslueyrir og aldrei byggt fyrir það skip, og hefur það aldrei verið tilgangur þeirra, sem stóðu að því að mynda slíkan sjóð.

Það, sem hér er farið fram á með þessu frv., er, að allt það fé, sem þegar er greitt inn, verði lagt í sérstakan sjóð, sem nefndur sé nýbyggingarsjóður útvegsmanna. Í staðinn fyrir að gefa viðkomandi mönnum bankakvittanir um, að þetta fé liggi á þeirra reikningi í bönkunum, þá séu gefin út nýbyggingarsjóðsbréf, sem beri fullkomlega með sér, að þetta fé sé ekki hægt að nota til annars en byggja fyrir það skip eða annað eftir fyrirmælum sjóðsins og þau verði ekki innleyst af viðkomandi bönkum til neins annars. En eftir að þessu sé þannig komið fyrir, þá geti þessi bréf gengið kaupum og sölum á milli manna eða stofnana.

Þetta gerir hvort tveggja í senn, annars vegar að tryggja fullkomlega, að fé verði aldrei notað til neins annars en endurbyggja flotann. Það er beinlínis ekki hægt að nota það, hvorki til að greiða með skuldir né sem eyðslufé. Það getur skipt um eigendur, en hinn nýi eigandi tekur á sig þær skuldbindingar, sem þessu fylgja, að nota ekki fé til neins annars en endurbyggja flotann.

Það hefur þann kost, að viðkomandi útgerðaraðili getur notfært sér eignina, ef hann þarfnast, án þess að þurfa að greiða svo og svo mikið til ríkisins. Þá er tilganginum náð, að þetta verði ekki eyðslueyrir.

Ef bréfin þurfa að ganga kaupum og sölum, getur verið, að þau seljist ekki fyrir nafnverð. Ef aðili ætti t. d. 300 þús. kr. í nýbyggingarsjóði og gert yrði fjárnám, þá gengju 90% í ríkissjóð, og yrði það ef til vill að eyðslueyri, og fengi hann þá aðeins 10%. Þessi möguleiki er fyrir hendi og ekki víst nema komið sé að því fyrir tveimur útgerðarmönnum að neyðast til að taka til skattgreiðslu þann hluta, sem þeir eiga í nýbyggingarsjóði. Það er ekki svo lítið fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóð í mjög smáum upphæðum, allt niður í kr. 5000.00. Ef farið er eftir því, sem farið er fram á í þessu frv., er hægt að sameina allar þessar smáu upphæðir og nota þær til að byggja upp flotann, því að eigendur margra þeirra hafa kannske aldrei bolmagn til að auka þær svo, að hægt sé að byggja fyrir þær skip, með öðru móti.

Ég vil, að sjóðurinn greiði féð út í sömu mynt og inn í hann hefur verið greitt. Hafi verið greitt inn í pundum, skal líka greiða út í pundum, og má eigi breyta því. Þetta er gert samkvæmt reynslu, sem fékkst árið 1939—1940. Ef þá hefði legið fyrir fé í erlendri mynt, hefði verið mikil eftirspurn eftir þessum bréfum og útgerðarmönnum gert léttara fyrir að efla flotann. Þá hefðu þeir ekki þurft að sækja undir gjaldeyrisnefnd, eins og var á þeim tíma. Þá vænti ég, að margir kjósi að hafa þetta fé tiltækilegt í erlendri mynt, og er það töluverð trygging fyrir því, að gjaldeyrinum sé dreift yfir á fleiri en eitt land, heldur en að hafa allt féð í einu landi.

Það má ekki verja fénu öðruvísi en í þágu útgerðarinnar, til útgerðartækja. Hins vegar eru ákvæði um, hvað skuli teljast eðlilegt um þau. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að fénu sé aldrei varið í lakari skip en það kemur frá, t. d. fé frá togara skal ekki notað til byggingar mótorbáta. Því öruggari og betri sem skipin eru, því betri verður afkoma útgerðarinnar og atvinnureksturinn öruggari. Þetta hefur nýlega átt sér stað um eitt glæsilegasta skip íslenzka fiskiflotans, og er illt til þess að vita. Það er að hugsa niður á við og stíga niður á við. Þetta ákvæði er gert til þess, að þessi háttur sé ekki hafður á.

Ákvæði 6. gr. er sett til tryggingar því, að féð verði notað eftir því sem segir fyrir um í 5. gr., en gæta verður þess að íþyngja engum útgerðaraðila með óheppilegum skuldbindingum, og tel ég engan vanda að koma í veg fyrir, að féð sé notað til annars en það er ætlað.

Ég legg til, að stjórn sjóðsins sé skipuð 5 mönnum, en um það má semja. Ráðh. skipi þá til þriggja ára, þannig að einn sé skipaður frá hverjum eftirtalinna aðila: Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f, Félagi íslenzkra botnvörpunga, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Alþýðusambandi Íslands. Stjórn sjóðsins skal kjósa formann og skipta að öðru leyti með sér verkum. Þóknun fyrir störf hennar skal greiða úr ríkissjóði.

Tel ég, að þannig sé séð fyrir því, að þeir aðilar, sem mest eiga í húfi, hafi aðstöðu til að stjórna sínum málum.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum að svo stöddu. Ég óska, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn. Hér er ekki um skattamál að ræða, og á frv. því ekkert erindi til fjhn. Hér er um hreint sjávarútvegsmál að ræða.

Ég vil að síðustu leyfa mér að benda á, að hér er gert ráð fyrir, að einstaklingar, aðrir en útgerðarmenn, geti lagt fé í nýbyggingarsjóð. Hafa margir sjómenn margsagt, að þeir vildu gjarnan leggja fé í sjóðinn, ef tryggt væri, að fyrir það yrðu byggð skip. Hafa komið fram raddir um, að skylt væri, að fé þetta væri undanþegið skatti, en það er allt annað mál, og ber að ræða það á öðrum vettvangi. En rétt er að halda opinni þessari leið fyrir þá, sem áhuga hafa á að leggja fé í sjóðinn í þessu augnamiði. Mun ég svo ekki ræða þetta meira að sinni.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Mér þykir vel, að þetta frv. hefur komið fram, og er margt í því, sem betur fer en nú er um nýbyggingarsjóð.

Þegar l. um nýbyggingarsjóð voru tekin inn í skattal. 1943 eftir till. okkar Alþýðuflokksmanna, var þar ýmislegt öðruvísi en við hefðum kosið. Við vildum sjálfstæðan sjóð, en ekki, að hann væri í vörzlu einstakra manna eða á nafni einstakra útgerðarmanna. Við héldum því fram, að nauðsynlegt væri að búa svo um hnútana, að fulltryggt væri, að nýbyggingarsjóður væri eingöngu notaður til nýbyggingar skipa. Þetta hefur hv. flm. tekið fullkomlega til greina í þessu frv.

Samkvæmt frv. á að tryggja, að útgerðarfélög, sem fé eiga í nýbyggingarsjóði, verði ekki gjaldþrota og að fyrirtækið eigi alltaf aðgang að jafnmikilli upphæð og það hefur lagt í sjóðinn. Við

Alþýðuflokksmenn höfum oft hreyft því, að nauðsynlegt væri að halda sjóðnum opnum fyrir fleiri en útgerðarmenn eina. Þörfin er vissulega meiri en svo, að verjandi sé að meina þeim, sem vilja, að leggja fé sitt í sjóðinn. Ég vil ekki neita því, að ég hygg, að þessi leið verði ekki mikið notuð, nema hægt verði að veita einhverja skattaívilnun. Ég fellst á þá skoðun hv. flm., að þetta atriði heyrir frekar undir fjhn. og skattan.

Ég fagna því, að frv. þetta kom fram, og vona, að það nái fram að ganga. Vil ég þó vekja athygli á einu atriði, sem hv. flm. hefur sézt yfir, svo glöggur sem hann annars er um allt, sem útgerð viðkemur. Það skortir ákvæði í frv. um, að andvirði seldra fiskiskipa skuli renna í nýbyggingarsjóð. Það er kunnugt, að ýmis félög, sem seldu skip á s. l. ári, létu andvirðið fara í annað. Menn fá óhindrað að leggja andvirði seldra skipa í annað en til endurbyggingar skipa. Vil ég skjóta því til n. þeirrar, sem fær málið til meðferðar, hvort ekki væri hægt að skjóta inn ákvæði um þetta efni. Ætti það ákvæði að geta verkað aftur fyrir sig, eins og venja er nú um skattal., og gæti það þá náð til andvirðis skipa, sem seld voru á þessu ári. Sé ég ekki, að þetta geti valdið andstöðu gegn frv., slíkt ákvæði virðist í alla staði eðlilegt.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég þakka hv. 3. landsk. fyrir góðar undirtektir, og skulu ábendingar hans vissulega teknar til athugunar í sjútvn. Get ég lofað því, þar sem ég geri ráð fyrir, að sú n. fái málið til athugunar, en ég er form. hennar. Ég er sammála um, að rétt sé að láta andvirði seldra skipa renna í nýbyggingarsjóð. En ég skal ekki segja, hvort hægt er að láta slíkt ákvæði gilda um þær sölur, sem þegar hafa fram farið. Ég er þeirrar skoðunar, að það stappi svo nærri stjórnarskrárbroti, að vafasamt sé, að það standist hæstaréttardóm. En þetta skal allt verða tekið til athugunar í n., þegar *málið kemur þar til umr.*

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 381, n. 577).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Frv. þetta hefur lengi legið hjá sjútvn., eða síðan 6. okt. Ástæðan fyrir því, að frv. hefur legið svona lengi, er sú, að hér er um að ræða nýmæli og það mjög þýðingarmikið nýmæli. Þótti því n. rétt að senda frv. til umsagnar þeim aðilum, sem málið snertir fyrst og fremst, og afgreiða það ekki fyrr en eftir gaumgæfilega athugun.

Það hefur tekizt að fá þetta mál afgr. ágreiningslaust úr n.

Form. n. hefur átt tal um þetta mál við fjmrh. Bæði hann og atvmrh. hafa haft tækifæri til að kynna sér málið, og hafa báðir tjáð sjútvn., að þeir væru í meginatriðum sammála stefnu n.

N. sneri sér fyrst til Fél. ísl. botnvörpueigenda. Umsögn þess um frv. liggur hér fyrir á fskj. nr. 5 á þskj. 577, þar sem lagt er til, að frv. verði samþ. óbreytt. Umsögn Fiskifél. Íslands liggur hér einnig fyrir á fskj. nr. 2. Þar er lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt í meginatriðum. Þar er farið fram á, að Fiskifélagið fái að tilnefna einn mann í stjórn sjóðsins. Þar er einnig bent á, að nauðsynlegt sé að breyta núgildandi skattal. í samræmi við frv. Frá nýbyggingarsjóðsnefnd hefur n. einnig borizt umsögn, sem hér er á fylgiskj. nr. 3. Það er eini aðilinn, sem gerir aths. við frv., svo að nokkru nemi. Þar er bent á ýmis ákvæði frv., sem rétt væri að lagfæra. En sjóðsnefndin viðurkennir aðaltilgang frv., að nauðsynlegt sé, að það fé, sem nú er fyrir hendi, verði ekki að eyðslueyri. Sjútvn. þótti rétt að kalla á fund sinn form. sjóðsnefndar, hv. 6. þm. Reykv. Var svo tekin endanleg niðurstaða með þeim breyt., sem sjást hér á þskj. 577 og n. varð sammála um.

Meginatriði þessa máls og það, sem allir hafa verið sammála um, er það, að nauðsyn beri til þess, að tryggt sé, að nýbyggingarsjóðsféð sé ekki notað til annars en byggingar framleiðslutækja fyrir sjávarútveginn. Þegar samið var uppkast að þessu frv., var svo komið, að búið var að eyða ekki minna en þremur nýbyggingarsjóðum og þar af tveimur frá togarafélögum. Sjóðunum var að mestu leyti eytt til þess að greiða áfallna skatta og þannig orðið eyðslueyrir ríkissjóðs. Það er og vitað, að sumu hefur verið eytt til viðhalds skipa eða til byggingar smærri vélbáta. En þannig er ekki ætlunin, að farið sé með féð, heldur að komið verði á fót framleiðslutækjum til endurnýjunar þeim, sem féð er komið frá.

Þetta sýnir, hvert stefna mundi, ef ekkert væri gert í þessu máli. Það er nauðsyn, að reynt sé að stöðva flóttann út úr sjóðunum með einhverjum ráðum. Þetta var aðalmarkmið sjútvn. Og reyndi *hún því að komast hjá* að blanda öðrum deilumálum inn í frv., t. d. eins og skattamálum.

Auk þeirra umsagna, sem að framan er getið, komu einnig umsagnir frá tveimur aðilum, sem n. hafði ekki leitað til. Frá Fél. járniðnaðarmanna barst n. umsögn á fskj. nr. 4 og Meistarafél. járniðnaðarmanna í Reykjavík og Meistarafél. skipasmiða í Reykjavík á fskj. nr. 1, þar sem farið er fram á, að fénu sé fyrst og fremst varið til kaupa á tækjum, sem framleidd eru innanlands. N. sá ekki ástæðu til að binda slíkt ákvæði inn í þetta frv. frekar en deiluatriði, sem hún telur, að verði tekin fyrir í beinu framhaldi af samþykkt þessa frv.

N. tók til ýtarlegrar athugunar bendingar frá hv. 3. landsk. um það, hvort skuldbinda ætti eigendur, sem selt hafa skip mjög háu verði, að láta andvirði þeirra renna í sjóðinn. En n. taldi ekki tiltækt að binda slík ákvæði í þessi l. Og hún taldi ekki heldur eiga heima í þessum l. ákvæði um, að vátryggingarupphæðir skipa, sem kynnu að farast, gengju í sjóðinn. Taldi lögfræðingurinn í n., að það mundi stríða á móti skyldum, sem eigendurnir höfðu við lánsstofnanir, og einnig gera veðhæfni skipa lakari. Vildi

ég því mega vænta þess, að þetta verði ekki gert að deiluatriði. Þess vegna gat ekki orðið samkomulag um það í sjútvn., að slík ákvæði yrðu sett inn í frv., og vildi ég vænta þess, að hv. 3. landsk. þm. geri þetta ekki að deiluatriði, því að ég hygg, að hann, eins og fleiri, sem hafa athugað þetta mál, sjái, að nauðsynlegt er að stíga fyrstu sporin til þess að tryggja, að nýbyggingarsjóðsféð verði ekki gert að eyðslueyri, og að þess vegna sé réttara, að málið verði afgr. þegar á þessu þingi heldur en að málið sé tafið með alls konar breyt., sem samkomulag næst ekki um. — Skal ég svo í stuttu máli lýsa þeim breyt., sem sjútvn. leggur til, að gerðar verði á frv.

Á 1. gr. frv. er sáralítil efnisbreyt., en mestmegnis breyt. á orðalagi. Þó vil ég leyfa mér að benda á, að eftir að n. hafði sent frá sér gr. þannig breytta, hef ég orðið þess var, að nauðsynlegt væri að breyta gr. ofurlítið enn, sem er meira til leiðréttingar og til að fyrirbyggja misskilning á orðalagi. Í 1. gr. frv., eins og hún var upphaflega í frv., segir svo:

„Skal sá hluti af varasjóðum útgerðarmanna, sem nefndur er nýbyggingarsjóður og afhentur hefur verið bönkunum á sérstakan reikning samkv. lögum nr. 9 5. mai 1941 og lögum nr. 20 20. maí 1942, greiðast til sjóðsins, og er það stofnfé hans."

Nú er það svo, að hefði gr. verið samþ. þannig, mætti skilja hana á þann veg, að það væri í raun og veru skylda ríkissjóðs að skila aftur því fé, sem hann hefði fengið greitt úr sjóðnum, og þess vegna þótti sjútvn. rétt að breyta þessu þannig, að sjóðurinn fær allt það fé, sem geymt er í nýbyggingarsjóðum samkv. lögum nr. 9 5. maí 1941 og lögum nr. 20 20. maí 1942. Hins vegar er nú ekkert fé geymt í nýbyggingarsjóðum samkv. l. nr. 9 5. maí 1941, þar sem það hefur verið afhent bönkunum, en aftur á móti er fé geymt í sjóðum samkv. l. nr. 20 20. maí 1942. Þess vegna er nauðsynlegt að leiðrétta þetta, og mun ég því leggja hér fram skriflega brtt., sem ég vona, að afbrigði fáist fyrir. Er hún við brtt. á þskj. 577 (nál. sjútvn.), þess efnis, að við I., á eftir orðunum „sem geymt er í nýbyggingarsjóðum" í 1. málslið komi: og afhent hefur verið bönkunum á sérstakan reikning. — Er þar með hvort tveggja tryggt í senn, að ekki sé annað greitt úr sjóðnum heldur en það, sem geymt er í honum, eða allt það fé, sem lagt hefur verið í sjóðinn samkv. l. nr. 20 20. maí 1942. — Að öðru leyti hefur raunveruleg efnisbreyting engin orðið á gr., þótt 1. gr. frv., eins og það var upphaflega, hafi kveðið svo á um:

„Sjóðurinn veitir einnig móttöku öllu því fé, sem greiða ber í nýbyggingarsjóð útvegsmanna samkv. lögum á hverjum tíma", en setningin sé nú öll látin hljóða þannig:

„Sjóðurinn fær einnig til umráða og veitir móttöku öllu því fé, sem greitt verður í nýbyggingarsjóði útgerðarmanna og útgerðarfélaga á hverjum tíma."

Sjútvn. hefur enga breyt. gert á 2. gr. frv.

3. gr. er mjög lítið breytt, að öðru leyti en því, að tekin er aftur upp ábending frá nýbyggingarsjóðsn. Form. hennar benti réttilega á, að hægt væri, ef frv. yrði óbreytt að l., að kaupa upp bréf í stórum stíl og byggja fyrir þau framleiðslufyrirtæki af allt annarri tegund en til hafði verið ætlazt; t. d. væri hægt að kaupa upp hlutabréf og láta byggja flutningaskip, hvort sem það væri fyrir fé, sem ætti að ganga til þess konar framkvæmda, eða ekki. Það var hins vegar ekki meiningin í upphafi að láta fé ganga þannig frá einni atvinnugrein til annarrar, sem hefði ekki þörf fyrir það. Ég viðurkenni þetta, og þess vegna setti ég í gr. þegar í upphafi, að nýbyggingarsjóðsbréf skuli skráð á nafn þess, er féð greiðir, og bera með sér, í hvaða mynt hefur verið greitt. Það hefur alltaf verið ætlazt til þess, að viðkomandi fé sé bundið við sama atvinnurekstur, en með þessari smávægis breyt. á 3. gr. er þetta enn frekar tryggt.

Við 4. gr. frv. er einnig mjög lítilfjörleg breyt., þannig að fé sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum lánsstofnunum. Á það var bent í nýbyggingarsjóðsn., að ef 4. gr. yrði samþ. eins og hún var ákveðin upphaflega í frv., væri verið að gera nýbyggingarsjóð að sérstakri lánsstofnun, sem gæti verið hættulegt fyrir sjóðinn og haft talsverðan kostnað í för með sér. Var þessu því breytt í það horf, eins og brtt. kveður nú á um, þannig að bankarnir ávaxti þetta fé, sumpart lagt á sparisjóði, sumpart í erlenda banka eða í verðbréf, sem keypt eru í samráði við eigendur eða að eigendurnir hafa ráðið því sjálfir og afhent bönkunum bréfin. Er því í raun og veru engin breyting á þessu gerð, frá því sem nú er, heldur ætlazt til, að þetta verði á sama hátt áfram. Síðan er sagt í 4. gr.:

„Vexti, sem greiddir eru af innstæðum, skal leggja inn á reikning eiganda, þar til þeir hafa náð lágmarksupphæð samkv. 3. gr."

Er svo ákveðið af þeim ástæðum, að ekki er ætlazt til þess, að hægt verði að nota vextina á annan hátt en að þeir renni til nýbyggingarsjóðs.

Á 5. gr. frv. eru gerðar nokkrar breyt. til samræmingar á fyrr gerðum breyt. í frv. Þar segir m. a. í 5. gr., eins og hún var upphaflega:

„Skal fylgja þeirri meginreglu að nota fé til nýbygginga á eigi lakari skipum en þeim, er féð hefur komið frá." Nú er farið inn á þá braut, að fé úr sjóðnum eigi eingöngu að nota til nýbygginga á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, eins og ákveðið er í skattal., og má eigi verja því til byggingar atvinnutækja annarra flokka en þeirra, sem bréfin bera með sér, að féð sé komið frá. Þetta ákvæði segir ákveðið fyrir um það, að ekki megi taka fé frá togaraútgerðinni til þess að byggja fyrir það mótorbáta, eða af fé mótorbáta og byggja fyrir það flutningaskip eða gagnkvæmt, heldur skuli verja fénu til byggingar á atvinnutækjum af þeim flokkum, sem féð er komið frá. Samt þótti ekki rétt að binda þetta algerlega fast, því að komið getur fyrir, að á ýmsum tímum sé skortur á atvinnutækjum í sumum flokkum, en hins vegar of mikið af öðrum; það gæti t. d. staðið þannig á á vissu tímabili, að togaraútgerðin byggi vel að togurum, en vildi nota fé sitt til þess að kaupa flutningaskip til þess að hlúa að útgerð sinni. Þess vegna þótti rétt að hafa þetta þannig í l.:

„Þó er sjóðsstjórninni heimilt, ef það að hennar dómi þykir hagkvæmara fyrir afkomu sjávarútvegs-

ins, að verja fé úr sjóðnum til kaupa á góðum, nýlegum skipum frá útlöndum og einnig að flytja greiðslur á milli flokka.“ Það þótti eðlilegra að heimila sjóðsstjórninni að nota féð til þess að kaupa nýleg skip, þegar svo stæði á, að það væri hagkvæmara heldur en láta byggja ný; eins og t. d. nú, þegar þjóðin hefur þörf fyrir fleiri skip, þá væri réttara að kaupa ársgamalt skip, ef kostur væri á því, þar sem ella yrði sennilega að bíða 2—3 ár eftir því, að hægt væri að fá það smíðað. Hins vegar er það skoðun mín og að ég held allra nm., að að því beri að stefna að nota féð eingöngu til nýbygginga, en ekki til að kaupa gömul skip, þótt þessi heimild sé veitt, þegar sérstaklega stendur á.

Ég hef heyrt menn ræða um það, að þessi gr., eins og hún er sett hér fram, heimili sjóðsstjórninni að verja fé úr sjóðnum, án þess að til komi leyfi eigenda. Ég hef athugað þetta síðan og get ekki séð, hvernig hægt er að leggja þennan skilning í gr., enda tekið fram annars staðar í l., að sjóðsstj. geti ekki varið neinu fé úr sjóðnum nema gegn greiðslu á verðbréfunum, svo að segja má, að þessi ummæli eru ekki á neinum rökum byggð. Aftur á móti má með nýju lagaákvæði setja sjóðsstj. skyldur á herðar, ef hún ætlar sér að geyma féð of lengi, og kom það til athugunar í n. að setja henni ákveðið tímatakmark, en n. þótti það ekki rétt, því að það má gera með sérstökum l., sem fyrirskipa að nota þetta fé innan ákveðins tíma, þótt það sé látið liggja í sjóðnum, undir þeim fyrirmælum, sem ákveðin eru í skattal.

Þá eru gerðar nokkrar breyt. við 7. gr. Stafa þær ef til vill mest af því, að verkefni sjóðsins hafa nokkuð breytzt frá því, sem upphaflega var ætlazt til, þannig að sjóðsstjórnin skuli ekki hafa með höndum að ávaxta fé, heldur ákveða, hvaða fé skuli skiptast milli flokka og hvort kaupa skuli fyrir það notuð eða tilbúin skip eða því varið til nýbygginga. Þess vegna er lagt til, að sjóðsstj. skuli skipuð þrem mönnum, einum eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, öðrum eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en þeim þriðja án tilnefningar, og sé hann formaður sjóðsstjórnarinnar. Þetta er sama fyrirkomulag og nú er, að því undanteknu, að hér er ákveðið, að sjóðsstj. skuli skipuð til þriggja ára í senn, en samkv. l. frá 1942 virðist sjóðsstj. ekkert tímatakmark sett, og því er þetta sett fram hér. — Það kom til greina, hvort setja ætti inn í frv., að hinir sömu menn, sem nú sitja í nýbyggingarstj., skuli vera áfram í hinni væntanlegu sjóðsstj., en það þótti ekki rétt að setja þetta inn í lagafrv. Vil ég nota þetta tækifæri til þess að lýsa yfir því, að sjútvn. leit svo á, að engin ástæða væri til að skipta um þessa menn, sem hafa gegnt þessum störfum.

8. gr. frv., eins og hún var upphaflega í því, er ætlazt til, að falli niður, þar sem sjútvn. taldi sig ekki hafa rétt til að setja inn í þetta frv. nein ákvæði um breyt. á skattal. Í stað þessarar gr. kemur hins vegar málsgr. úr 7. gr., eins og hún var upphaflega í frv., á þá leið, að ráðh. setji reglugerð að fengnum tillögum sjóðsstjórnar um nánari framkvæmd þessara laga.

Þegar gengið verður til atkvgr. um þetta mál, vænti ég, að þau höfuðsjónarmið verði látin ríkja, að nauðsyn beri til þess, að tryggt verði, að fé þetta verði ekki að eyðslueyri. Vildi ég einnig vænta þess, að unnt verði að afgr. þetta mál svo fljótt, að það þyrfti ekki að bíða næsta þings, og að því yrði með vilja forseta flýtt eins og frekast er unnt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 598) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Í tilefni þessa frv., sem hér liggur fyrir, hefur mér komið til hugar, að hv. þm. sýnist oft ærið létt um að semja nýja lagabálka, — í raun og veru furðanlega létt um slíkt, vegna þess að mér hefur virzt svo, að það sé oft firna erfitt að koma saman heillegum lagabálkum um vandasöm mál, þannig að allt sé tekið með og að einhverju væri ekki gleymt, sem miklu máli skipti. Reynslan ber því einnig mjög oft vitni, að misjafnlega hefur tekizt, þar sem mjög mikið er um breyt. á nýjum l., vegna þess að ýmsir hafa verið að semja frv. um efni, sem þeir hafa ekki getað athugað til hlítar eða haft yfirlit yfir. Ég set þessar athugasemdir hér fram, vegna þess að mér finnst þessa gæta talsvert í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir. Það er áreiðanlega góð hugmynd, sem vakir fyrir flm. þessa frv., hv. þm. Barð., og það er ástæða til þess að setja nokkuð nánari fyrirmæli um nýbyggingarsjóð, sérstaklega til varna því, að sjóðurinn verði að eyðslueyri; hitt er svo annað mál, að það er alls ekki einfalt, hvernig á að setja þessi fyrirmæli. Ég fyrir mitt leyti hef haft nokkur afskipti af þessu sem formaður nýbyggingarsjóðsstj., og mér hafa verið ljósir þessir ágallar, sem hv. þm. Barð. hyggst nú reyna að bæta úr. Ég hef samt ekki komið auga á einhlítt ráð til þess að bæta úr þessu, og ég verð nú að telja, eftir að hafa athugað frv., eins og það kom frá hv. þm. Barð. og síðan brtt. við það, sem komnar eru frá sjútvn. Ed., að mjög vafasamt er, að það verði til nokkurra bóta, þótt þetta frv. verði samþ. Ég geri ráð fyrir því — og þó með nokkrum fyrirvara —, að brtt. séu flestar til bóta frá því, sem frv. var í upphafi, en ég á eftir að gera upp huga minn um, hvort ég treysti mér til að greiða atkv. með frv., þótt brtt. verði samþ., enda þótt ég hafi ekkert á móti því, að frv. gangi til 3. umr. til frekari athugunar.

Með þessu frv. er að vísu því meginatriði náð, sem ég tel mjög miklu máli skipta, sem sé að komið verði í veg fyrir, að fé úr nýbyggingarsjóði verði varið til þess að greiða taprekstur. En á móti þessu kemur svo það, að með þessu frv. og þrátt fyrir brtt. sjútvn. er það gert stórum hægara en áður fyrir einstaka útgerðarmenn að losa fé sitt úr nýbyggingarsjóði og afhenda það að vísu öðrum til nýbygginga, en þó svo, að það er engan veginn víst, að meira verði byggt, þrátt fyrir þessa afhendingu, heldur síður en svo. Það er sem sagt gert auðveldara fyrir einstaka útgerðarmenn að koma fé

sínu frá nýbyggingum og verja því til einhvers annars, þrátt fyrir þau hlunnindi, sem þeir hafa, vegna þess að þeir hafa lagt fram fé til nýbygginga. Sjóðurinn er til nýbygginga ætlaður, en aftur á móti eru með þessu frv. stórkostlega aukin afskipti ríkisvaldsins og jafnvel umráðaréttur ríkisvaldsins yfir þessu fé, sem er útgerðarmönnum til mikils óhags. Ég verð því að telja það mjög hæpið að samþykkja þá leið, sem hv. þm. Barð. hefur fundið til þess að koma í veg fyrir, að fé úr sjóðnum verði eytt í taprekstur, þar sem hún hefur í för með sér, að einstaklingum er gert auðveldara að koma fé frá nýbyggingum og að ríkisvaldið eða opinber aðili taki að verulegu leyti sjóðinn til umráða. Ég verð ákaflega að draga í efa, að það fái staðizt að leggja þessar hömlur á sjóðina, þá sjóði, sem þegar er búið að mynda. Menn hafa fengið og hafa heimild til þess að leggja þetta fé til hliðar í ákveðnu skyni og með ákveðnum skilyrðum, og ég efast stórlega um, að dómstólarnir teldu það löglega takmörkun á eignarrétti þessara manna, sem hér eiga hlut að máli í þessu frv. Ég sé ekki annað en að það mætti alveg eins takmarka hverjar aðrar eigur, sem einstakir borgarar hafa undir höndum, ef samþykkja á þessa leið. — Þá tel ég það raunar frágangssök fyrir Alþ. að afgr. þetta mál ekki fyrr heldur en okkur hefur verið gerð grein fyrir, hvaða breyt. eiga að verða á skattal. Það er alveg ljóst, eins og hv. þm. Barð. tók fram, að það er ætlunin, að skattal. verði breytt, en eins og frv. nú liggur fyrir, þá standa ákvæði skattal. í raun og veru í ósamræmi við fyrirmæli frv., og frsm. hlýtur að gera sér grein fyrir því, að ef hann treystir sér ekki til þess að breyta skattal. vegna setningar þessara l., þá mun það hafa í för með sér deilur, sem hann vill komast hjá í sambandi við afgr. þessa máls, og að málið er ekki eins einfalt og hann hefur talið sér trú um.

Í einstökum gr. frv. eru líka ákaflega mörg vandamál og óaðgengileg atriði. Það er ekki eins einfalt og menn halda að framfylgja ákvæðum 5. gr., eins og hún á að vera samkv. brtt. sjútvn.

Tökum t. d. fyrirtæki, sem eiga bæði síldarverksmiðjur og togara. Hvaðan kemur gróði þessara fyrirtækja? Nú verja fyrirtæki nýbyggingarsjóðsfé sínu til byggingar vélbáta. Hvaða stjórnarvöld eiga að skera úr um, hvaðan gróðinn er kominn? Um þetta eru engar leiðbeiningar í frv.

Yfirleitt er það svo, að útgerðarfélög reka ekki eingöngu útgerð með skipum einum. Það verður að hafa margs konar atvinnurekstur í sambandi þar við. Það verður því að taka fram, hvort t. d. er heimilt að reisa frystihús og þess háttar fyrir fé úr sjóðnum, en mér er hulin ráðgáta, eftir hvaða reglum n. hugsar sér að láta skrá þetta á bréfin.

Ef 4. gr. verður samþ., verða útgerðarfélög, sem fé eiga í sjóðnum, að skuldbinda sig til að fara með féð eins og ákveðið er þar. Féð er að verulegu leyti arðlaust. Nú er það vitað, að mörg af útgerðarfélögunum hafa keypt skuldabréf sveitarsjóða, sem eru eins trygg og ríkisskuldabréf. Er þá ætlunin, að þessi félög geymi fé sitt með þessu móti? Úr því þarf að fá skorið. Orðalag 4. gr. verður ekki skilið á annan veg en að sjóðsstjórnin geti lagt eigendum fjárins skyldur á herðar. Eins og stendur í gr., er sjóðsstjórninni heimilt að verja fé úr sjóðnum. Eftir máli hv. frsm. ættu ekki að vera vandkvæði á að breyta þessu.

Það er lagt mjög mikið vald í hendur sjóðsstjórninni, þar sem segir: „Þó er sjóðsstjórninni heimilt, ef það að hennar dómi þykir hagkvæmara fyrir afkomu sjávarútvegsins, að verja fé úr sjóðnum til kaupa á góðum, nýlegum skipum frá útlöndum og einnig að flytja greiðslur á milli flokka.“

Þarna er sjóðsstjórninni sett í sjálfsvald að brjóta niður það, sem vinna á með 3. og upphafi 5. gr. Ég vil vekja athygli hv. frsm. og annarra hv. dm. á, að samkvæmt þessu eiga eigendur fjárins ekki að hafa vit á því, hvað hagkvæmast er, en stjórn sjóðsins á að skera úr um, hvað einstaklingunum er hagkvæmast í þessu efni. En eftir hvaða reglum á að skera úr um þetta? Höfum við betri skilyrði til að dæma um, hvaða atvinnutæki eru hagkvæmust, en eigendur fjárins? Eigendur fjárins ættu að skera úr um, hvort heldur t. d. ætti að byggja togara eða vélbát. Mig skortir sannfæringu fyrir því, hvort hyggilegra er að láta stjórnina eða einstaklinga skera úr um þetta.

Annars er flokkaskiptingin góðra gjalda verð og ætti að koma í veg fyrir, að fé safnaðist á fárra manna hendur. En ég er enn sömu skoðunar og í upphafi, að frv. hjálpi mönnum til að draga fé frá nýbyggingunum. Það má að vísu segja, eins og sagt var við mig á fundi sjútvn., að þetta stuðlaði að því, að nýbyggingarsjóðunum yrði til einhverra hluta varið. Nú væru þeir svo litlir, að þeir kæmu ekki að neinu haldi. Skip á að fæða af sér skip með tímanum. Ég er sannfærður um, að sjóðirnir sópast á fárra hendur og verði ekki notaðir til að byggja ný skip. Nýbyggingarsjóðirnir verða ekki til annars en að útvega útgerðarmönnum skattahlunnindi og að ekki yrðu þá byggð fleiri skip. Það yrði farið í kringum ákvæði þessara l. með ýmsu móti. Þá verður árangurinn öfugur. Það verður því skárra af tvennu illu að láta l. óbreytt, úr því að ekki hefur tekizt að komast hjá þeim göllum, sem eru á þeim nú.

Ég vil beina því til hv. dm., hvort ekki væri rétt að vísa frv. til ríkisstj. til athugunar og að hún reyndi að ráða bót á þeim ákvæðum nýbyggingarsjóðsl., sem ekki eru góð.

Ég hef ekkert á móti því, að frv. fari til 3. umr., en mun þá ef til vill bera fram till. um að afgreiða það með rökstuddri dagskrá.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég undrast mjög fjandskap hv. síðasta ræðumanns (BBen) gegn þessu frv. Hann þorir ekki að tala hreint út vegna hræðslu við útgerðarmenn. Hv. 6. þm. Reykv. á mikið undir útgerðinni vegna bæjarsjóðs með tekjuöflun í framtíðinni. Hann hefur þegar verið með í að greiða þrjá sjóði frá togarafélögunum, sem lent hafa í eyðslufé.

Hann vill vísa frv. frá með rökstuddri dagskrá og drepa það.

Ég skal nú snúa mér að rökum hans. Hann sagði,

að ekki væru allir færir um að semja frv. En sum frv. hv. 6. þm. Reykv. ganga svo á rétt þegnanna, að furðu gegnir, þótt samþykkt hafi verið. Einna kunnust eru útsvarsl. Þótt þau kæmust fram, var það hvorki honum né þinginu til sóma.

Hann þykist ekki koma auga á nein ráð til að bæta úr þeim göllum, sem honum finnst vera í þessu frv. En hann er á móti því og leitast ekki við að koma með ráð til úrbóta. Hann staðfestir, að það sé höfuðtakmarkið, að sjóðunum sé ekki eytt, en segir, að það höfuðatriði náist ekki.

Hv. 6. þm. Reykv. virðist oftast gleyma útgerðinni, nema þegar hann þarf að seilast ofan í vasa útgerðarmanna eftir peningum.

Hann segir, að auðvelt sé að fara kringum l. Mér er ómögulegt að skilja það, þegar búið er að slá því föstu með lögum, til hvers eigi að verja fénu. Þegar sýnt er, að eigi að verja því til einhvers annars, til dæmis vegagerðar eða brúagerðar, er hægt með aðstoð l. að koma í veg fyrir það. Þetta er því mjög undarlegt af þessum manni, fyrrv. prófessor í lögum, núv. alþm., lögfræðingi og borgarstjóra. Hér er ekki um að ræða rök frá hendi hv. 6. þm. Reykv. Hann veit vel, að hér er ekki hægt að verja neinu fé úr sjóðnum nema eftir framsali þeirra bréfa, sem gefin eru út. Umráðaréttur hins opinbera verður enginn fram yfir það, sem hann er í dag. Hér er því um blekkingar að ræða.

Ég vil láta þess getið, að ekki er ætlazt til, að menn taki fé út úr sjóðnum án þess að borga skatta, og það eru til hundruð þúsund leiðir til að taka féð út. Nú eru til margir smásjóðir, sem eru allt of litlir til þess að hægt sé að nota þá til að byggja skip fyrir þá. Það er vitanlegt, að þar liggja ýmsar upphæðir, sem eru komnar inn fyrir fríðindi skattal., og verður gert mikið til að ná þeim út aftur. Það er sýnt, að til þess eru margar leiðir.

Það er heppilegt fyrir hv. 6. þm. Reykv. að geta kreist eitthvað út úr útvegsmönnum, en til þess að það sé hægt, held ég, að þeir þurfi að hafa eitthvað handa á milli.

Ég get rætt um það við n., hvort hún vill taka það til athugunar sérstaklega, að menn taki ekki út fé án þess að tryggt sé, að það verði notað á þann hátt, sem til er ætlazt. En það er tvímælalaust, að setja verður sterk ákvæði til þess að ekki verði hægt að eyða sjóðnum.

Hér er um að ræða sjóð, sem alltaf getur tekið við fé, sem menn vilja leggja í hann, sjóð, sem nota á til nýbygginga fyrir sjávarútveginn, og virðist augljóst mál, hversu hann er nauðsynlegur. En það er ekkert annað en blekkingar að blanda þessu frv. saman við skattalögin.

Það er því einkennilegt, þegar þessi hv. þm., sem þarf svo mjög á þessum atvinnuvegi að halda, svo að það fyrirtæki, sem hann ræður yfir, geti lifað, kemur svona fram gagnvart honum.

Hann minntist á, hvernig ætti að skipta fénu frá sameiginlegum rekstri. Ég tel, að það sé reglugerðarákvæði, en ég er hins vegar tilbúinn til þess, ef það þykir réttara, að það sé fram tekið í l., en l. um stríðsslysatryggingu fóru á sínum tíma ekki eins nákvæmlega út í öll atriði eins og þessum l. er ætlað að gera. Síðan var samin reglugerð, sem var síðan breytt eins og þurfa þótti, og þau atriði, sem þar þurftu að standa um alla tíma, voru síðar sett inn í l. Það er mjög auðvelt að skipta gróðanum. Ef eitt og sama félag hefur t. d. síldarverksmiðju og togaraútgerð, þá sést vitanlega af reikningum fyrirtækisins, hvað hvort um sig græðir, og eins þó að það ræki líka smábátaútveg. Já, þó að það ræki Korpúlfsstaðabú eða annað svipað fyrirtæki, þá sést vitanlega á reikningunum, hvort þar er gróði eða tap og þá hvað mikið, og eftir því færi vitanlega skiptingin fram. Þetta sýnir, hversu frámunalega lítið hann hefur hugsað um þetta mál, því að þetta er fram tekið í l., og ég veit, að hann er ekki svo grunnhygginn, að hann viti ekki, að þetta er ákaflega auðvelt að gera.

Hann segir einnig, að það verði að selja þessi verðbréf strax, ef frv. nái fram að ganga. Ég álít, að þess þurfi ekki. Ef frv. er lesið, þá stendur þar, að útgerðarmenn megi sjálfir ráða, í hvaða mynt þeir greiða þetta inn. Þeir, sem þegar hafa greitt fé í sjóðinn í verðbréfum, eiga heimtingu á því, að það sé látið standa í verðbréfum þar til það er greitt upp, og það hefur engin áhrif á, hvernig sjóðurinn er ávaxtaður. Þeir ráða alveg yfir þessu fé, og ef þeir vilja heldur leggja í trygg verðbréf, þá verður það tekið gilt. Þeir taka þá á sig þá hættu, að þegar þarf að innleysa þau, þá sé það ekki hægt nema að veðbinda þau í banka og að þeir þurfi að bera vaxtabyrðina. Þetta eru því engin rök á móti frv.

Þá minntist hann á það atriði, þegar farið væri að verja fé úr sjóðnum. Ég skal viðurkenna, að það atriði mætti orða betur. Hitt er alveg fjarstæða, eins og ég tók fram í frumræðu minni, að sjóðsstjórnin geti varið fé úr sjóðnum á annan hátt en gegn bréfum, sem er framvísað, því að hún hefur ekkert fé til umráða nema þessa vexti, sem hún er skyldug að láta á reikning viðkomandi manna og síðan gefa út fyrir það bréf, þegar upphæð þess er orðin 1000 kr. Grundvallarskilyrðið fyrir, að hún geti hreyft fé úr sjóðnum, er það, að menn, sem eiga bréf, komi og vilji fá þau innleyst, og þá má ekki innleysa þau nema eftir ákvæðum 5. gr. Það þarf enginn að láta sér detta í hug, að n. geti valsað og galsað með þetta fé eins og henni sýnist, það er alveg fráleitt.

Þá talaði hann um það vald, sem stjórnin hefði um að flytja milli flokka eða að kaupa nýleg skip. Hann taldi réttara, að eigendurnir ættu sjálfir að ráða um það. Því eigum við að koma til stj. og segja: Nú vil ég fá innleyst 4—500 þús. kr. til að byggja nýtt skip, — og þá hefur sjóðsstjórnin enga heimild til að banna það, nema hún sé sammála um, að eðlilegra sé, að það sé veitt í eitthvað annað. Eins og ég tók fram, þá getur hún ef til vill stöðvað slíka greiðslu, en það mundi hún ekki gera, nema brýna nauðsyn bæri til. Ef komið væri til hennar og sagt: Ég get fengið keypt nýtt skip í dag og vil fá útleyst fé til þess, — þá mundi stjórnin tæplega leyfa sér að segja: Nei, þú færð það ekki, því að það á að byggja skipin. Þetta getur verið undir

vissum kringumstæðum á valdi sjóðsstjórnarinnar, en oftast er það á valdi mannanna, sem eiga féð.

Ég sé ekki, að hægt sé að komast yfir þessa örðugleika nema með því að skipta alveg um þá steingervinga, sem sitja í þessari n., og fá menn, sem treystandi er til þess að hafa með þessi mál að gera og vita, hvað þjóðinni er fyrir illu eða góðu. Er það vel farið, að það ákvæði hefur ekki verið í frv., að þessir menn skyldu sitja þar í næstu þrjú ár, og það ætti að vera markmiðið, að í þessari stjórn væru ekki menn, sem væru fullkomlega fjandsamlegir hugmyndinni.

Hv. þm. minntist á, að nú væri búið að byggja tvo smábáta fyrir fé, sem komið væri frá togurunum. Það er rétt, en þetta vill n. stöðva. Hún vill ekki, að skip eins og Garðar, sem var ekki einu sinni bezta skip í togaraflotanum íslenzka, heldur kannske bezta skip svo að segja í öllum heimi á síðari tímum, — n. vill ekki, að í staðinn fyrir hann komi smámótorbátar bara af því, að það gæti í svipinn talizt hagfellt fyrir viðkomandi útgerðarmann. Það verður að líta á þetta frá þjóðhagslegu sjónarmiði alveg eins og það er rétt að víta það, að menn selji góð skip úr landi og kaupi svolitla mótorkollu í staðinn. Þetta er alveg hliðstætt, og þeir, sem hafa gagnstæða skoðun við þetta, ættu ekki að fá það vald að vera formenn í slíkri stjórn eða n. Ég tel því nauðsynlegt, að gerðar séu breyt. og það sem allra fyrst, sem fyrirbyggi, að þannig sé hægt að fara með þetta fé.

Hann segir, að keppikefli sé, að skip fæði af sér skip. Þetta er rétt, en þetta er það, sem hér er verið að gera. Það er, að skip fæði af sér skip, þegar því fé, sem kemur frá útgerðinni, má ekki verja nema til að byggja skip. En það er ekki, að skip fæði af sér skip, þegar 30 millj. kr. eru teknar frá skipunum til eyðslueyris fyrir þjóðina, eins og nú hefur verið gert.

Hann segir, að l. safni aðeins fé á hendur mönnum, sem ætli sér hvort sem væri að byggja. Hverjir ætla sér að byggja? Það eru fyrst og fremst þeir, sem hafa lagt mest fé í sjóðinn. En með þessu safnast saman fé frá þeim, sem leggja fram 10—15 þús., á eina hönd til að byggja fyrir. Og hverjir eiga þetta fé? Það eru útgerðarmenn, sem hann segir, að muni geta það og gera að selja skipin og taka þannig fé út úr rekstrinum, og á sama tíma heldur hann því fram, að það séu þessir menn, sem ætli sér að byggja. Sannleikurinn er sá, að þessir menn, sem eiga féð nú, hafa sett metnað sinn í að eiga stórar fúlgur, og það er af því, að þeir hafa metnað og vilja til að byggja. Það er fráleit hugmynd, að nokkur maður, sem ætlar sér ekki að byggja, fari að kaupa þessi bréf, þegar hann veit, að hann fær enga vexti af fénu, nema það sé bundið. Hvaða manntegund væri það, sem léti sér detta í hug að kaupa bréf fyrir milljónir, sem hann fengi svo enga vexti af? Mér dettur ekki í hug, að slíkir menn fyrirfinnist. Hitt getur vel verið, að þeir menn finnist, sem vilja selja þessar eignir, og þá fara þær í hendurnar á mönnum, sem ætlast til, að skip komi fyrir skip í landinu. Það eru ekki nema einstakir menn, sem þannig geta fengið féð skattfrjálst út úr sjóðnum með því að selja þessi bréf, en þá mætti búast við því, að þeir yrðu þá að einhverju leyti að selja þessi bréf með afföllum, til þess að einhver annar vildi taka á sig þær sömu skuldbindingar, sem þeir höfðu, meðan þeir voru eigendur fjárins, og sé ég ekkert á móti því.

Ég vil í því sambandi biðja hv. þm. að líta aftur til erfiðu tímanna, því að þeir koma áreiðanlega aftur á Íslandi. Hér er gert ráð fyrir, að menn megi sjálfir ráða því innan þeirra takmarkana, sem gjaldeyrisl. ákveða, í hvaða mynt þeir greiða inn. Ég hygg, að nú séu ekki erfiðleikar á að fá greitt í sterlingspundum. Skyldi ekki margur útgerðarmaðurinn hafa orðið feginn á árunum 1933—1939 að mega eiga fé, stórar fúlgur, í tryggri erlendri mynt, sem ekki væri leyfilegt að taka undir almenna gjaldeyrisverzlun? Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur gert sér ljóst, hversu mikið hann er að stríða á móti hagsmunum Reykjavíkurbæjar, þegar hann er að berjast á móti framgangi þessa frv., svo að hægt sé að skapa þessa möguleika aftur. Ég veit ekki, hvaða óhamingju hann hefur leiðzt út í, þegar hann er farinn að stríða á móti þessu frv., sem allur almenningur óskar eftir, að nái fram að ganga vegna öryggis þjóðarinnar, atvinnurekendanna og alls almennings. Ég veit ekki, hvaða ógæfa steðjar að honum, að hann skuli mæla á móti frv., þvert ofan í vilja þessara manna, sem nú skófla fé inn í sjóðinn. En ég vona, að það megi verða hugarfarsbreyt. hjá hv. þm. og honum auðnist að iðrast synda sinna og bæti fyrir þessa villu með því að snúast til fylgis við málið jafnákveðið og hann er nú á móti því.

Bjarni Benediktsson: Ég hef í sjálfu sér ekki miklu að svara hv. þm. Barð.

Mér þótti nokkuð hafa skipazt veður í lofti, þar sem hann taldi sjálfsagt í fyrri ræðu sinni, að ég væri í stjórn sjóðsins, en nú er það helzt til bjargar að aflétta þeirri óhæfu, að ég komi þar nokkuð nærri. En það getur engin áhrif haft á mig, hvort ég held því litla starfi og verð í þessari n. eða ekki, og það hefur engin áhrif á mig neinn ótti yfir, að ég verði sviptur því starfi. Fyrir mér vakir eitt í þessu, og það er, að ég tel sanngjarnt og verð því eindregið fylgjandi, að útgerðarmenn fengju hlunnindi, ef þeir legðu fé til hliðar til að endurbyggja og endurnýja útgerðina. En ég er jafneindregið á móti því, ef ég sé fram á, að það er verið með löggjöf, sem geri að verkum, að það á að fara á einn eða annan veg með þá skyldu, sem hvílir á útgerðarmönnum að verja þessu fé, sem þeir hafa fengið með sérstökum hlunnindum. Það á að fara í kringum þá skyldu og gera þeim mögulegt að komast fram hjá þeirri endurbyggingu, sem þeir hafa fengið að halda fénu til, en þeir eiga eftir sem áður að halda fénu skattfrjálsu í sínum félögum. Þó að ég sé útgerðinni mjög hlynntur, ekki síður að mínu áliti en hv. þm. Barð., þá er ég eindregið á móti þessu, og ég er það ekki sízt vegna þess, að ég þykist vera vinur útgerðarinnar og vinna fyrir hennar hag. Ég er þeirrar skoðunar, að útvegurinn geti því aðeins hald-

izt í svipuðu formi og verið hefur í höndum einstaklinga og félaga, að þessir aðilar misbeiti ekki aðstöðu sinni í þjóðfélaginu, reyni ekki með krókabrögðum að komast framhjá bæði þeim eðlilegu skyldum, sem hvíla á ríkum mönnum til þess að verja sínu fé skynsamlega, og svo sérstaklega þeim lagaskyldum, sem þeim eru lagðar á herðar til að verja fé nýbyggingarsjóðs á skynsamlegan hátt.

Ég þykist sjá og hef ekki gert annað með ummælum mínum en að benda á það, að með þessu frv., eins og það liggur fyrir samkv. brtt. n., er skapaður mjög rúmur möguleiki fyrir þá útgerðarmenn, sem það vilja við hafa, að halda þessu fé skattfrjálsu, án þess að þeir þurfi að leggja það til nýbygginga og án þess að nokkrar líkur séu til þess, að nýbyggingarsjóður verði yfirleitt til þess að endurbyggja fiskiskip okkar til hagsbóta fyrir landsmenn. Ég segi þetta alveg sem mína skoðun án þess að vera með nokkrar aðdróttanir til hv. þm. Barð., eins og hann var með til mín. Ég tel, að þeir menn geri útgerðinni lítið gagn, sem vilja beita sér fyrir lagabreyt. í þessa átt, og ég tel, að útgerðarmenn geri sjálfum sér, stétt sinni, ekki meira tjón með öðru en ef þeir ætla með brögðum að reyna að komast undan þeirri sanngjörnu skyldu, sem á þeim hvílir, að verja fé sínu, sem þeir hafa grætt á útgerð, til að halda við útgerðinni í landinu. Þrátt fyrir þetta hef ég ekki alveg viljað fordæma það frv., sem hér liggur fyrir. Hv. þm. Barð. segir að vísu, að það sé af ótta við útgerðarmenn. Ég hef þá ekkert að óttast, ég á ekkert undir þeim á einn eða annan veg, og hvað sem þeim líður, þá held ég minni skoðun gagnvart þeim eins og öðrum alveg hræðslulaust. Sannleikurinn er sá, og á því verður hann að átta sig, að hugmynd hans er ekki að öllu leyti forkastanleg, og þess vegna hef ég lið máls á því í sjóðsstjórninni og á þingi að ræða þetta frv. og íhuga, hvort hægt sé að færa það til betri vegar.

Ég er honum sammála, að núverandi fyrirkomulag skattal. sé ekki að öllu leyti heppilegt og það leiði til þess, að fé geti farið í taprekstur, án þess að byggt sé fyrir það, og ég vil vera með í að finna leið til að koma í veg fyrir, að fé þurfi að eyðast á þann veg í taprekstur. Fljótt á litið virðist það ekki óeðlileg leið, sem hv. þm. bendir á, en á henni eru einnig annmarkar, en hv. þm. má ekki skoða það sem fjandskap við sig og enn síður við stéttina, við útgerðarmenn, þó að ég eftir því litla viti, sem ég hef á þessum málum, bendi á, hverju ég tel ábótavant í málinu, meðan ég er form. í sjóðsstjórninni, og hvað ég tel, að helzt mætti gera til bóta.

Ég sé ekki, þó að það kunni að vera rétt, að mörg frv., sem ég hef flutt hér í d., séu mér til skammar, og þó að ég stjórni bæjarfélaginu illa og þjaki útgerðina og ýmislegt fleira miður fagurt sé í mínu fari, að það sé á nokkurn hátt bót fyrir þetta frv., en það er fróðlegt og gagnlegt, sérstaklega fyrir mig, að heyra hina fögru lýsingu á mér; hinir þurfa þess síður með, því að þeir hafa sjálfsagt gert sér grein fyrir, hvílík skaðræðisskepna ég er, en þetta tel ég ekki breyta rökum þessa máls, og skal ég því leiða það hjá mér.

Aðalatriðið í ábendingum mínum er, að það er ein góð hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., en sá annmarki fylgir, að með þessu er mönnum gert hægara en ella að skjóta fé frá nýbyggingunni, án þess að tryggt sé, að féð renni til annarra nýbygginga. Ef ég ætti nú að vera með svipaðar getsakir til hans og hann var til mín, þá ætti ég að halda því fram, að þetta vekti fyrir honum, hann væri útgerðarmaður og ætlaði að koma sér hjá því að byggja ný skip, og þess vegna bæri hann þetta frv. fram til að fá peningana lausa, en mér dettur ekki í hug að væna hann um svo ískyggilegan tilgang, en þessi annmarki liggur fyrir, að útgerðarmönnum, sem vilja það við hafa, er gert auðveldara að sleppa með skattfrjálst fé frá nýbyggingunni, þó að það leggi stórar nýjar kvaðir á útgerðarmenn, sem vilja halda sig við að endurreisa útgerðina.

Að segja, að einhver n. eigi að ráða ráðstöfunum og framkvæmdum þessara manna í staðinn fyrir að þeir geri það sjálfir, það efast ég um að fái staðizt samkvæmt stjórnarlögum ríkisins. Þetta kemur ekkert til með mig, ef því fæst framgengt, sem hv. þm. Barð. taldi höfuðnauðsyn, að losna við mig úr sjóðsstjórninni, og ég tel mig alls ekki bærari heldur en syni Einars Þorgilssonar í Hafnarfirði til að segja til um, hvað skynsamlegast sé í útgerðarmálum, því að þar er um að ræða menn, sem á erfiðleikaárunum flutu alltaf og græddu oftast nokkurt fé. Ég veit ekki, hvort ég og hv. þm. eða einhverjir aðrir eru þeim hæfari til að segja, að þær ráðstafanir, sem þeir telja skynsamlegt að gera, séu beinlínis óhagkvæmar fyrir afkomu sjávarútvegsins.

Ég tel, að þessir menn hafi sýnt, að þeir kunni skil á þessu. Svipað má segja um aðra útgerðarmenn. Ég veit ekki, hvort ég og hv. þm. Barð. erum þeim nokkuð hæfari. Ég segi það a. m. k. hreinskilnislega, að hvað mig snertir skortir mig sannfæringu um, að ég hafi betra vit á þessu máli en þeir.

Ég efast ekki um, að hv. þm. Barð. hafi aðra skoðun um sjálfan sig. Hann yrði þá skipaður formaður þessarar sjóðsstjórnar!

Mér finnst sannast að segja, að hér sé um að ræða vandamál, sem þarf að leysa. Ég er með hv. þm. um það, að við ættum að geta rætt illindalaust um málið hér á þ., án þess að vera með dylgjur um illar hvatir og annað slíkt. Hjá mér býr ekki annað undir en að hér liggur fyrir frv., sem ég tel, að hafi að nokkru leyti við rök að styðjast, en leiði þó í ófærur, verði það samþ. óbreytt. Hv. þm. Barð. varð að játa það, að tvær gr. frv. verði að skilja gagnstætt orðalagi þeirra, ef hans skilningur fær staðizt.

Mín skoðun á þessu máli er óbreytt, að heppilegast væri, að n. íhugaði málið betur, og síðan yrði annaðhvort reynt að fá breytingarnar fram á þessu þ. eða, sem mér virðist heppilegra, að málinu yrði vísað til ríkisstj., svo að hún gæti á febr.þinginu lagt fram till. til úrbóta og reynt að sneiða framhjá þeim göllum, sem óneitanlega eru á frv. hv. þm. Barð.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður að þessu sinni, en óska þess, að umr. um þetta mál verði frestað. Ég mun taka frv.

til athugunar í n. á ný, sérstaklega það atriði, sem ég ræddi áður, hvort það kemur í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Óska ég þess, að umr. verði frestað, svo að okkur gefist tækifæri til þess að athuga frv. á ný.

Umr frestað.

Á 81. fundi í Ed., 4. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 381, n. 577, 598).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur á fundi nú í morgun rætt þetta mál, og hefur hún orðið sammála um brtt. við tölulið 4 í brtt. á þskj. 577 frá sjútvn. En breytingin er á þá leið, að í stað „að verja fé úr sjóðnum til kaupa á góðum, nýlegum skipum“ í 5. gr. komi: að leyfa að verja fé o. s. frv. Af þeim umr., sem fram hafa farið, virðist það alveg ljóst, að allir eru sammála um, að úr nýbyggingarsjóði sé ekki veitt til annars en bygginga á skipum. Hins vegar eru menn ósammála um leiðina til þessa. Mun því bezt að ganga til atkv. um þær till., er fyrir liggja. Ef þær verða samþ., er ástæða til að ræða við togarafélögin, en þau hafa lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Sömuleiðis vill n. fá tækifæri til að ræða við fjmrh. og atvmrh.

Ég sé ekki ástæðu til að taka fleira fram, en afhendi forseta þá skriflegu brtt., sem ég hef lýst.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 602) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Ég vil þakka háttv. n. fyrir, að hún ætlar að athuga þetta mál betur milli 2. og 3. umr., og er þess vegna ekki ástæða til að ræða þetta mjög nú. En mér virðist, úr því að háttv. n. fór að breyta orðalagi, þá hefði hún einnig átt að breyta 3. gr. En eins og þetta stendur af sér, sé ég enga ástæðu til þess að deila um það. Þetta er hægt að lagfæra fyrir 3. umr., ef málið heldur áfram. Ég mun greiða atkv. með þeim brtt. við frv., sem fyrir liggja, en með þeim fyrirvara, að frv. þurfi athugunar við, ef þær eru samþ. En ég mun kannske flytja dagskrártill., ef frv. verður ekki komið í það horf, að ég sætti mig við það.

Frsm. (Gísli Jónsson): Út af þessum orðum hv. síðasta ræðumanns skal ég leyfa mér að upplýsa, að þetta var rætt í sjútvn. í morgun, og það þótti rétt að láta breyt. á þessari gr. bíða þangað til þetta mál fengi nánari athugun á milli umr., því að það var álitið, að það gæti komið til mála að breyta orðalagi 2. gr. Þess vegna þótti ekki rétt að fara fram á fleiri breyt. á þessu stigi málsins. Þetta vil ég láta koma fram til skýringar.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál, a. m. k. ekki á þessu stigi þess, en vil aðeins taka það fram, þar sem gert er ráð fyrir að ganga til atkvgr. um þessar brtt. nú, að á fundi sjútvn. í morgun, þar sem þetta var enn á ný rætt, bar ég fram till. um það, að breytt yrði niðurlagi 5. gr., þ. e. a. s. eins og hún er hugsuð með 4. brtt. á þskj. 577, þannig að í staðinn fyrir, að þar er gert ráð fyrir að heimila eigendum nýbyggingarsjóðsbréfa að selja þau sem önnur verðbréf, þá yrði sú heimild felld niður, en í staðinn væri nýbyggingarsjóðsstjórninni aðeins gefin heimild til þess að veita mönnum undanþágu til þess að selja þessi bréf sín, ef þær ástæður væru fyrir hendi, sem sjóðsstjórnin tæki gildar fyrir því, að viðkomandi maður gæti ekki notað fé það, sem hann hefði lagt til hliðar, til þess að byggja fyrir það ný framleiðslutæki, og að þá ætti hann kost á að fá fé sitt endurgreitt úr sjóðnum, en ætti þá að greiða af því skatt eins og honum hefði borið, ef hann hefði ekki lagt það til hliðar. — Það vannst ekki tími til að ræða þetta neitt til hlítar og óvíst, hvort samkomulag hefði orðið um það í n. En í sambandi við þetta áskil ég mér rétt til þess að flytja brtt. fyrir 3. umr., sem gangi í þessa átt, þó að ég greiði atkv. nú með þessum brtt., sem fyrir liggja, til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 598 samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 577,1 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 577,2 (ný 3. gr.), samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 577,3 (ný 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 602 samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 577,4 (ný 5. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 577,5 (ný 7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 577,6 (ný 8. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. (A. 603), en málið var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Jarðræktarlög (frv. ÞÞ).

Á 59. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (þmfrv., A. 457).

Á 62. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. — Þetta frv. er ekki nýr gestur hér á Alþ., því að sams konar frv. hefur legið hér nokkrum sinnum fyrir áður, og er málið því þrautrætt. Ég gæti og látið nægja að vísa til grg. frv., því að þar er tekið

fram það, sem helzt er að segja um þetta mál. Ég geri ráð fyrir því, að ekki verði miklar umr. um þetta mál nú við 1. umr., en það gæti verið, að það yrði rætt meira, er búið er að athuga það í n. Ég mun því gera mitt til þess að lengja ekki umr. nú, en til viðbótar því, sem segir í grg., vil ég aðeins geta þess, að nú horfir þetta mál öðruvísi við með tilliti til búnaðarþings en það gerði, er það lá hér síðast fyrir í d. Þetta mál var þá til athugunar í n. í búnaðarþingi, en hún var ekki búin að segja álit sitt á frv., er það var afgreitt með dagskrá hér frá d., en álit þessarar n. búnaðarþings liggur nú fyrir í þingtíðindum þess, og vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp till. búnaðarþings í þessu máli, en þar segir svo:

„Þar sem búnaðarþingið er þeirrar skoðunar, að leið sú, sem farin var með ákvæðum 17. gr. jarðræktarlaganna og ákvæðum byggingar- og landnámssjóðsjarðanna um fylgifé jarða, muni ekki ná upphaflega fyrirhuguðu marki, að halda niðri söluverði jarða, ályktar búnaðarþingið að fela milliþinganefnd þess í landbúnaðarmálum að athuga jarðasölumálið og leggja fram tillögur um, hvernig hægt sé að halda jarðaverði við hóf í náinni framtíð."

Þannig ber þessi till. með sér, að búnaðarþing hefur horfið frá þeirri leið, sem fara átti með 17. gr. jarðræktarl. til þess að halda niðri jarðaverði, og það hefur lagt til, að leitazt verði við að fara aðra leið til þess að ná því marki. Ég bendi á þetta hér vegna þess, að er þetta mál lá hér síðast fyrir d., þá var lagt mikið upp úr áliti búnaðarþings og frv. vísað frá með tilliti til þess, að slíkt álit lægi ekki fyrir.

Ég mun svo ekki lengja umr. um þetta nú, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég er ekki mótfallinn því, að þetta frv. fái að ganga til n., og mun ég því ekki greiða atkv. á móti því nú við 1. umr., en mér þykir rétt að taka það fram, að ég er andvígur efni frv. Hins vegar get ég talið, að ástæða sé til þess að athuga betur, hvort þeim tilgangi, sem 17. gr. jarðræktarl. er ætlað að ná, verði ekki náð betur með einhverju öðru móti. Ég vil því beina því til þeirrar hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hún athugi sérstaklega þessa hlið málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 86. og 87. fundi í Ed., 12. og 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 14. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 457, n. 648 og 673).

Frsm. 1. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi og hefur verið hér oftar á ferð. Sakir kunnleiks þm. á því, verð ég ekki orðmargur nú. Í grg. sýni ég, hver þörf fjölda bænda þykir á afnámi hinna illræmdu ákvæða 17. gr. jarðræktarl. og hve úrelt þau eru einnig. Landbn. gat ekki orðið sammála um frv. Aðeins 3 af nm. hafa gefið út nál. Við hv. 2. þm. Árn. höfum lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, en hv. 1. þm. N-M. leggur til að vísa því frá með rökstuddri dagskrá.

Ágreiningurinn virðist vera sá, að hv. 1. þm. N-M. vill bíða eftir úrskurði búnaðarþings, en við hinir teljum, að búnaðarþing sé þegar búið að láta sitt álit í ljós. Það er nokkurn veginn greinilega sagt í samþykkt þess, sem birt er í nál. 673, og vil ég lesa ummælin með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem búnaðarþingið er þeirrar skoðunar, að leið sú, sem farin var með 17. gr. jarðræktarlaganna og ákvæðum byggingar- og landnámssjóðslaganna um fylgifé jarða, muni ekki ná upphaflega fyrirhuguðu marki, að halda niðri söluverði jarða, ályktar búnaðarþingið að fela milliþinganefnd þess í landbúnaðarmálum að athuga jarðasölumálið og leggja fram tillögur um, hvernig hægt sé að halda jarðaverði við hóf í náinni framtíð."

Með þessu er búnaðarþing búið að lýsa yfir því, að það telji ákvæði 17. gr. gagnslaust, og það felur mþn. sinni að leita allt annarra ráða til að ná upphaflegum tilgangi hennar.

Ég tel, að með viðhaldi 17. gr. sé töluvert ranglæti framið. Þeir, sem eiga lóðir og lendur innan kaupstaðarmarka og fá þar styrk fyrir umbætur, jafnvel tugi þúsunda, sleppa við ákvæði hennar. Þau ná aðeins til sveitabýla, sem til hundraða verða metin. Bændur einir eru beygðir undir þetta helsi, og skilur enginn, hvað þeir hafa þar til saka unnið. Ég tel, að eftir yfirlýsing búnaðarþings sé mál til komið að varpa fyrir borð þessu gagnslausa helsi.

Frsm. 2. minni hl. (Páll Hermannsson): Í nál. á þskj. 673 hef ég í rauninni tekið fram það, sem ég tel þurfa að segja um þetta mál. Benda vil ég á, að lesa ber í nál.: „með 21 shlj. atkv.", en ekki „23", eins og þar stendur, og er um pennavillu að ræða, en rétta talan aftur neðar á sömu bls.

Ég hef orðið sannfærður um það, að 17. gr. jarðræktarl. nái ekki tilgangi sínum nú. Ég ætla, að stríðið með verðbólgu sinni eða ígerð hafi farið með síðustu vonir um það. Þess vegna þarf að setja önnur ákvæði í staðinn og athuga málið á víðara grundvelli en gert er í frv. Þess vegna finnst mér skylt að bíða uppástungna búnaðarþings áður en þessi gr. er felld niður. Treysti ég á, að það afgreiði málið í búnaðarþingi því, sem saman kemur eftir áramótin, og þar sem n. þessi er einmitt að vinna að málinu, tel ég óverjandi að afgreiða það fyrr héðan vegna svo stuttrar biðar, sem á áliti þess ætti að verða. Óhjákvæmilegt er að íhuga þessi efni vandlega í sambandi við l. um endurbyggingarstyrki sveitabæja og nýbýlalög o. fl. Með þetta í huga hef ég borið fram hina rökst. dagskrá. Verði hún ekki samþ., mun ég greiða atkv. gegn frv.

Gísli Jónsson: Ég er dálítið undrandi á afstöðu hv. 1. þm. N-M., eftir að hann er búinn að játa,

að 17. gr. sé gagnslaus og eigi því að hverfa. Það hefði þá verið manndómslegast af honum að stíga skrefið fullt og vera nú þegar með afnámi hennar. En það hefur alltaf verið siður í Framsfl. að játa fyrir hverjar kosningar, að 17. gr. væri á heljarþröminni og hlyti að hverfa úr jarðræktarl., en fara strax eftir kosningar að þrjózkast móti afnámi hennar eins og ekkert hefði gerzt. Ég vona, að þm., sem hugsa um, hve tilgangur greinarinnar er nú að engu orðinn, en tilvera hennar trafali og mörgum fleinn í holdi, greiði atkv. móti dagskránni, en með frv. eins og það liggur fyrir.

Haraldur Guðmundsson: Ég gat ekki komið því við að mæta á fundi n., þegar málið var tekið til afgreiðslu, og þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu minni. Ég mun greiða atkv. með rökst. dagskránni á þskj. 673 og tek a. n. l. undir rök þau, er hv. 1. þm. N-M. færir fyrir henni. Það kann rétt vera, að 17. gr. hafi ekki náð til fulls þeim tilgangi, sem henni var ætlaður. En hitt orkar ekki tvímælis, að náð hefur hún honum að nokkru, og bezta sönnun þess er það, hve fylgismenn frv. eru ákafir að reyna að fella hana burt. Hún er til trafala, segja þeir, hún hefur m. ö. o. torveldað mjög verðhækkun jarða í kaupum og sölum. Þess vegna er það, sem hv. flm. talar svo fagurlega um að brjóta okið, varpa því af hálsi búenda landsins. Rétt er það, að í verðbólgu stríðsins hafa þessi gagnlegu áhrif 17. gr. stórum minnkað. Ég hef í mörg ár verið þeirrar skoðunar, að fullkomin nauðsyn væri að endurskoða þá gr. og önnur hliðstæð ákvæði annarra l. og gera þau með einhverju móti markvissari. L. um nýbýli og endurbyggingu sveitabæja verða hér ekki skilin frá. Nú er málið í endurskoðun hjá búnaðarþingi, og er sjálfsagt að bíða þess, að henni ljúki. Ef hv. þm. Dal. finnur það 17. gr. til foráttu, að hún nái ekki tilgangi sínum, ætti hann að þola þeim mun betur við. En aldrei hefur það verið tilgangur þeirrar gr. að skapa fyrsta eiganda jarðabótar svo hátt söluverð, að síðari eigandi eða eigendur hefðu meiri byrði en létti af hinni unnu jarðabót, — að jarðabótastyrkur yrði að peningagróða fyrsta eigandans.

Ég vona, að búnaðarþing geri um þetta till., sem við megi una.

Frsm. 2. minni hl. (Páll Hermannsson): Hv. þm. Barð. þarf ekkert að undrast það manndómsleysi mitt að vilja ekki afnema 17. gr. undir eins og ég fellst á, að nauðsyn sé að bæta hana, setja annað markvissara í hennar stað. Ég hlýt að fylgja stefnu minni að fá úr því bætt, hve gagnslítil greinin er orðin. Þetta verður þm. að skilja.

Ég átti þátt í því fyrir 1½ ári, að búnaðarþingi gæfist kostur á að segja um þetta sitt álit. Nú hefur n. búnaðarþings þetta til athugunar, og er skammt að bíða ályktunar, vona ég. Mér finnst því allt rangt nema samþykkja dagskrána.

Jónas Jónsson: Ég skil það vel, að hv. þm. Dal. hreyfi við þessari grein, þó kannske sé ekki komið að kosningum og þótt hann kalli hana þess vegna gagnslausa. Hún hefur aldrei verið talin gagnslaus í Sjálfstfl. rétt fyrir kosningar, þá hefur flokkurinn í fátækt sinni löngum á henni lifað.

En fyrir utan þetta gagn hefur hún ýmsa aðra kosti — og kannske galla líka. Hún stefnir í rétta átt. Ég veit, að bæði hv. þm. Dal. og hv. þm. Barð. muni skilja, hvílíkt böl getur hlotizt af uppsprengdu jarðaverði. Þeir ættu því að vera mjög ánægðir með dagskrá hv. 1. þm. N-M., því að í henni liggur, að hér kunni að þurfa gagngerðra breytinga við. Ég hef hugboð um, að hv. þm. Dal. hafi á búnaðarþingi fyrr meir unnið að því að fá í þessu efni viðunandi lagfæringu. Þeirri stefnu skyldi fram halda.

Frsm. 1. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er óhrakið, sem ég hélt fram, að 17. gr. er gagnslaus, en ekki meinlaus, og komi nýtt í staðinn, verður það allt annað. Þess vegna á að samþ. frv. fyrst, og er það í samræmi við ályktun búnaðarþings, en ræða hitt að því búnu.

Enginn hefur sannað betur ágæti þeirrar stefnu en hv. þm. S-Þ. með því að minna á, hve Sjálfstfl. hafi orðið fylgisdrjúgt fyrir kosningar og hvenær sem er að berjast fyrir afnámi 17. gr. Fyrir hverjar kosningar hafa framsóknarmenn orðið að láta svo mjög undan síga, að þeir hafa viðurkennt nauðsynina að breyta gr. eða afnema og hafa hálflofað að gera það eða allofað. En jafnskjótt og þeir eru komnir á þing eru þeir sperrtir vel, látast ekkert af þessu muna, vita þó, hvern djöful þeir hafa að draga og þeir geta ekki hrist af sér, að þarna er sá Þorgeirsboli, sem fylgir þeim jafnt á degi sem dimmu og er þeim örlagavaldur.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 673, frá 2. minni hl. landbn., felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, HG, HermJ, IngP, JJ, PHerm, StgrA.
nei: EE, GJ, LJóh, MJ, PM, ÞÞ, BBen.
3 þm. (KA, BSt, BrB) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Jónas Jónsson: Þar sem núna var fyrir fáum mínútum fellt í Nd. að fella 17. gr. niður, er ekki til neins annars en samþ. dagskrána, og verði hún ekki samþ., er flm. bezt að taka frv. aftur. Segi ég því já.

1. gr. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, EE, GJ, LJóh, MJ, PM, ÞÞ.
nei: GÍG, HG, HermJ, IngP, JJ, PHerm.
StgrA greiddi ekki atkv.
3 þm. (BSt, BrB, KA) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 7:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7:5 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

38. Vélbátasmíð.

Á 78. fundi í Sþ., 18. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um smíði vélbáta (þmfrv., A. 726).

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. — Eins og hv. þdm. þegar hafa séð, er tilgangur með þessu frv. sá að stofna til smíða á nokkrum smærri vélbátum hér innanlands nú á næstunni eða fyrir árslok 1946. Það hefur nú mikið verið talað um hina væntanlegu nýsköpun, sem heita má, að sé eitt aðalatriði í stefnuskrá þeirrar ríkisstj., sem nú hefur tekið við völdum. Og það má einnig segja, að eitt skrefið á þeirri leið hafi verið stigið með þeim samningi, sem gerður hefur verið um smíði 45 vélskipa í Svíþjóð og öðrum ráðstöfunum í sambandi við það mál. En það frv., sem hér liggur fyrir, ætlast til þess, að frekari aðgerðir séu viðhafðar í þessu efni, og þá sérstaklega á þá leið, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að smíðaðir verði nokkrir vélbátar, sem séu upp að stærð þeirra skipa, sem samið hefur verið um smíði á í Svíþjóð.

Það er náttúrlega gefið mál, að sú umsköpun, sem þörf er á í íslenzkum sjávarútvegi, þarf að vera í aðalatriðum á þá leið, ef við ætlum að tileinka okkur þá tækni, sem kostur er á, að þau skip, sem yfirleitt verða notuð til að veiða á og til að koma aflanum á erlendan markað, verði stærri en þau, sem mest hafa verið notuð fram að þessum tíma. En þó að svo verði, þá er að minni hyggju nokkurn veginn gefið, að við þurfum enn um nokkuð langan tíma a. m. k. að notast við allmikið af smærri bátum. Því að fjöldinn allur af okkar verstöðvum er enn þá þannig á vegi staddur, að hafnarskilyrði leyfa ekki notkun stærri skipa. Áður en hægt er að nota stór fiskiskip á slíkum stöðvum víðs vegar um landið, þyrfti að gera þar mikil hafnarmannvirki, sem myndu kosta of fjár. Eru ekki líkur til, að slíkar framkvæmdir verði í allra næstu framtíð. Þess vegna er nokkurn veginn gefið, að í þeim verstöðvum verður enn um a. m. k. alllangan tíma að notast við tiltölulega smá skip til fiskveiða.

Hins vegar virðist líka vera fyrir hendi reynsla um það, að frá ýmsum stöðum hér á landi megi ná tiltölulega góðum árangri við fiskveiðar á mótorbátum af þeirri stærð, sem talað er um í þessu frv., sérstaklega af stærðum frá 30—40 smál. Segja má, að úr því að báturinn er kominn úr 25—30 smál. og upp í 50 smál., þá sé hann það fiskveiðatæki, sem má ná tiltölulega góðum árangri með við landróðra. Og frv. leggur sérstaka áherzlu á, að þeir bátar, sem smíðaðir yrðu, skuli vera af stærðunum frá 25—30 smál. Hins vegar taldi ég ekki rétt í sambandi við þessar ráðstafanir að útiloka að smíða minni báta en þetta. Því er einnig þannig háttað, að ýmsir, sem stundað hafa útgerð, hafa kannske ekki tök á að endurnýja báta sína, sem eru af óheppilegri stærð, á þann hátt að stækka þá svo mikið sem þyrfti. Væri ekki rétt að hindra með löggjöf, að þeir smáútgerðarmenn gætu einnig endurnýjað sína báta, þótt smáir væru.

Þá er einnig tilætlunin með þessu frv., að jafnframt því að gera ráðstafanir til þess að endurnýja landróðrarbátana eða fiskibáta af þessum stærðum, skuli stuðlað að því, að skipastöðvar á Íslandi fái nóg verkefni á næsta tíma. Það hefur nokkuð mikið verið rætt um þessar bátasmíðar hér undanfarið, og talið, að ekki væri kostur á að smíða skip í innlendum bátasmíðastöðvum með verði, sem væri samkeppnisfært við verð á bátum, sem keyptir eru erlendis frá. Og mér hefur skilizt, að af þessum ástæðum myndu skipasmíðastöðvar hér að líkindum gera mjög lítið af því að smíða skip og báta. Því er hugsanlegt, að þessar ráðstafanir mundu leiða til þess, að skipasmíðastöðvar, sem hér hafa starfað undanfarið, dragi saman seglin og starfi mjög lítið eða kannske ekki neitt, nema eitthvað sérstakt verði gert af hálfu hins opinbera. Allmikið hefur verið rætt um það, meðal annars hér á þingi, hvaða ráð væru tiltækilegust til þess að gera skipasmíðar og bátasmíðar hér innanlands samkeppnisfærar. Hefur þá einkum verið talað um að fella niður tolla af efni til bátasmíða og annað þess háttar; einnig að ríkið legði fram nokkurn fjárstyrk til smíði báta, þannig að hægt yrði að selja þá með samkeppnisfæru verði. Eins og ég benti á í grg. fyrir þessu frv. og komið hefur fram í þeim umr., sem orðið hafa um þetta, mundu ýmsir vafningar verða í sambandi við þetta og tormerki á að koma því þannig fyrir, að heppilegt væri og næði þeim tilgangi, sem til er ætlazt. Hins vegar tel ég, að betur yrði fyrir séð með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þ. e. að ríkisvaldið léti kaupa inn allt efni til bátasmíðanna og semdi síðan við skipasmíðastöðvarnar um framkvæmd verksins, sem yrði að öllu leyti unnið fyrir reikning ríkisins. Bátarnir síðan seldir, eins og gert er ráð fyrir í frv., með því verði, sem ekki væri lakara en ef keypt væri frá útlöndum. Þá sýnist mér þessu sé komið fyrir á þann einfaldasta hátt, sem hægt er. En niðurstaðan yrði sú, að bátarnir yrðu smíðaðir á þann ódýrasta hátt, sem hægt er hér á landi, en ef það samt sem áður yrði dýrara en kaupa þá erlendis frá, þá yrði sá mismunur jafnaður með styrk, sem ríkið veitti til þessara framkvæmda, sem væri um leið sá lægsti styrkur, sem hugsanlegt væri, að til þess yrði veittur. Ég geri ráð fyrir, að skiptar skoðanir kunni að vera um það, hvort heppilegra sé, að ríkisvaldið taki þetta verkefni á sig, eða að þessu verði háttað eins og verið hefur, að einstaklingar eða félög, sem hug hafa á því að láta smíða skip, annist sjálf innkaup á efni og smíði skipanna. En eins og ég hef þegar tekið fram, álít ég, að í fyrsta lagi sé mikil þörf á smíði allmargra báta af þeim stærðum, sem frv. fjallar um. Ég ætla, að vegna þess, hve miklum erfiðleikum það er bundið fyrir skipasmíðastöðvar hér að smíða báta með samkeppnisfæru verði, þá

verði mjög lítið af því gert, nema ríkissjóður skerist í leikinn. Að hinu leytinu álít ég líka, að með því að koma þessu fyrir á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv., að allt sé á einni hendi, innkaup á öllu efni til báta og smíði þeirra líka, með samningum við skipasmíðastöðvarnar, þá hljóti að vera mögu-leikar til þess með þeim hætti að gera þetta ódýrara en ef það er gert í mörgu lagi af mörgum aðilum. Einmitt líka vegna þess, hve sú ríkisstj., sem nú situr við völd, hefur í stefnuskrá sinni lagt mikla áherzlu á nýsköpun sjávarútvegsins, þá sé ég ástæðu til að líta svo á, að þetta mál sé ríkisvaldinu engan veginn óviðkomandi og ekki fjarri lagi, að það hafi af því nokkur afskipti. Og án þess að ég hafi að svo komnu máli rætt þetta við hæstv. ríkisstj. — ég hef að vísu rætt lítils háttar við hæstv. atvmrh. án frekari viðræðna við hæstv. ríkisstj. — vildi ég mega vænta þess, að hún vildi sinna þessu máli nokkuð og ef til vill styðja að því, að það gengi fram í einhverri mynd. Að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til þess að ræða um allar þær breyt., sem kynni að verða talið heppilegt að gera á þessu frv., en hinu vildi ég mega eiga von á, að hér í hv. Alþ. og hjá hæstv. ríkisstj. mundi verða nokkur áhugi fyrir því, að tilgangi frv. yrði náð á einhvern hátt.

Eins og ég drep á hér í grg. frv., þá er eins og sakir standa nú ekki hægt að gefa neinar ábyggilegar eða nákvæmar upplýsingar um það, hversu mikil útgjöld fyrir ríkissjóð kynni að leiða af framkvæmd þessa frv. Það er ekki hægt, vegna þess að í fyrsta lagi liggur ekki fyrir, hve dýr verður hver smálest í hinum svokölluðu Svíþjóðarskipum, en við það er í frv. miðað væntanlegt söluverð bátanna, og hins vegar er ekki hægt að segja alveg fyrir víst um það, hve dýr yrði hver smálest í þessa báta hjá innlendum skipasmíðastöðvum. Það hafa að vísu verið fengnar nokkrar upplýsingar um það, hvað það myndi kosta, og var í þeim upplýsingum talið, að kostnaðurinn af að smíða hverja smálest í skipum yfir 80 smálestir mundi verða 10 þús. kr. í Reykjavík, en 8 þús. á Akureyri hjá skipasmíðastöð KEA, og í þeim upplýsingum, sem þaðan bárust, var tekið fram, að sú kostnaðaráætlun væri miðuð við skip af þessari stærð, sem ég nefndi áðan, sem sé 80 smálestir og með hvalbaki, en smálestin í smærri bátunum, þar sem yfirbyggingin er miklu minni og ódýrari, mundi þá einnig vera nokkru ódýrari, a. m. k. ekki yfir 7 þús. kr. smálestin.

Ég hef gizkað á það hér í grg., að tæplega mundi geta orðið meiri verðmunur á smíði þessara báta hér innanlands miðað við kaup sænskra skipa en sem næmi 1 þús. kr. á smálest. Ef reiknað væri með, að stærð þessara báta, sem hér er talað um, væri að meðaltali 35 smálestir, þá yrði samanlögð smálestatala þeirra um 1750, og ef sú ágizkun, sem gerð er um verð þeirra, stæðist, mundu útgjöld ríkisins vegna þess geta orðið um 1½ til 1¾ millj. kr. Það má að vísu segja, að það sé nokkur upphæð, en þar sem um svo þýðingarmikla atvinnugrein er að ræða sem þessa, finnst mér þó ekki ástæða til að láta sér vaxa það mjög í augum. Þar að auki vildi ég mega vona, að komið gæti til mála, ef sá háttur er hafður á, sem frv. gerir ráð fyrir, að náðst geti betri árangur en þetta og smíði bátanna yrði ódýrari en verið hefur á skipasmíðastöðvunum áður og það fé, sem ríkið þyrfti að leggja fram í þessu skyni, yrði því minna. Það er sem sagt ekki hægt að segja með neinni nákvæmni, en mér finnst hins vegar, að sú fjárkvöð, sem ríkið tæki á sig með samþykkt þessa frv., sé ekki svo stórkostleg, að ástæða sé til að láta sér vaxa það sérstaklega í augum.

Ég held, að ekki sé ástæða til að fjölyrða öllu meira um frv. Málið er í fyrsta lagi ekki sérstaklega flókið, og einnig hef ég í grg. gert nokkra grein fyrir aðalatriðum málsins, og mun því láta þetta nægja a. m. k. að sinni. En ég vænti þess, að málið fái nokkurn byr, hvort sem því kann að verða breytt í meðferð eða ekki, og áhugi komi fram fyrir því að ná þeim höfuðtilgangi, sem frv. felur í sér, að skipatala okkar af þeirri stærð, sem hér fjallar um, verði aukin allverulega á þessu og næsta ári og að skipasmíðastöðvunum, sem ég óttast, að standi að verulegu leyti aðgerðalausar, ef ekki eru gerðar opinberar ráðstafanir, verði fengið nokkurt verkefni í hendur til þess einnig að auka atvinnuna í landinu og sérstaklega þeirra tiltölulega mörgu skipasmiða, sem við þær hafa starfað á undanförnum árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Alþýðutryggingar (frv. ÞÞ o. fl.).

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til. l. um breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 820).

Á 103. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki stórvægilegt. Það er aðeins ein breyt., sem gerð er á alþýðutryggingal. frá 1937, og hún er sú, að starfsmenn Búnaðarbanka Íslands fái að njóta sömu réttinda og starfsmenn annarra banka landsins, að vera lausir við greiðslu í Lífeyrissjóð Íslands, þar sem þeir hafa nú komið upp mjög myndarlegum sjóði, sem er meira en 100 þúsund krónur, og vilja hafa sams konar reglur fyrir sig og starfsmannasamband sitt og starfsmenn Landsbanka Íslands. Frv. er í raun og veru lítið meira en leiðrétting við það, sem áður hefur verið, þó að ekki

hafi verið hægt að taka það upp áður, vegna þess að ekki hafði verið lokið við stofnun þessa sjóðs.

Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, en óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Í lögum um alþýðutryggingar eru á tveimur stöðum ákvæði, sem lúta að því, hvernig skuli farið með meðlimi sérstakra eftirlaunasjóða. Í 62. gr., sem hér er lagt til að verði breytt, er svo fyrir mælt, að lífeyrissj. ekkna og barnakennara og meðlimir í eftirlaunasjóðum Landsbankans og Útvegsbankans skuli vera undanþegnir greiðslum í Lífeyrissjóð Íslands. Þessi upptalning í 62. grein nær eingöngu til meðlima í sjóðum, sem starfa samkv. sérstökum lögum, að viðbættum eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands. Meðlimir þeirra sjóða, sem hér um ræðir, eru með öllu undanþegnir greiðslum í Lífeyrissjóð Íslands. Eins og áður segir, er Útvegsbankinn eina undantekningin frá reglu þeirri, sem gildir um þessa sjóði. Það hafa alloft verið hér í þinginu till. um, að þessu yrði breytt, en þær hafa ekki náð samþykki, og er hann því enn hér með. Um aðra sjóði en þá, sem starfa samkv. sérstökum l., er að finna ákvæði í 49. gr. alþýðutrygginganna. Þau ákvæði eru þess efnis, að eftir að slíkir sjóðir fengju viðurkenningu, ber að endurgreiða meðlimum þeirra sem svarar meðaliðgjaldi til Lífeyrissjóðs Íslands, þannig að þeir greiði ekki annað en það, sem umfram er meðalgjald til Lífeyrissjóðs Íslands. En það liggur í augum uppi, að því fleiri sérstakir lífeyrissjóðir sem stofnaðir eru, og einkum af mönnum, sem hafa yfir meðaltekjur, þá er varhugavert að halda lengra en orðið er í þessu efni, svo framarlega sem ekki er fylgt ákvæðum 49. gr. trygginganna um, að skattar gangi til lífeyrissjóðsins, þó að hann endurgreiði meðaliðgjöld. En nú stendur svo á, að alþýðutryggingalöggjöfin er í endurskoðun og gert er ráð fyrir, að endurskoðuninni verði lokið á þessu ári. Og eitt af þeim atriðum, sem áreiðanlega verða athuguð við þá endurskoðun, er sambandið milli einstakra eftirlaunasjóða og alþýðutrygginganna í heild. Það þarf að setja ákveðnar reglur, sem ná til allra sjóða, sem líkt stendur á um. Í Nd. mun vera komið fram frv. um undanþágu fyrir meðlimi nokkurra annarra eftirlaunasjóða, svo sem eftirlaunasjóð starfsmanna Sambands íslenzkra samvinnufélaga og starfsmanna Kaupfélags Eyfirðinga. En n., sem vinnur að endurskoðun trygginganna, hefur lagt til, að þessu verði slegið á frest, þangað til þetta allt yrði skoðað í heild. Og hygg ég, að fallizt hafi verið á það. Það er ljóst, að ef haldið er áfram á þessari braut, þá hljóta fleiri að koma á eftir, sem vilja komast undir sömu ákvæði. Hins vegar er það alveg rétt sjónarmið hjá flutningsmönnum þessa frv., að ef borið er saman við Útvegsbankann, þá er meiningarlítið að láta ekki starfsmenn Búnaðarbankans sæta sömu kjörum. En ég held, að fullyrða megi, að úr þessu verði bætt á þessu ári, þegar gerðar verða heildarreglur um þetta. Þess vegna er engin ástæða til að breyta þessum lögum eins og nú standa sakir. Það eina, sem hér um ræðir fyrir menn, er að fá þessa sjóði viðurkennda. Það, sem hér kann að skakka, er einungis það, sem einstaklingar kunna að greiða fram yfir meðalgjald til Lífeyrissjóðs Íslands. Meðalgjald hér í Reykjavík er t. d. innan við 100 kr., og þeir, sem ekki greiða minna en það, eru jafnvel haldnir. En þeir, sem greiða meira, verða að halda því áfram, þangað til undirbúningi málsins er lokið. Þetta er nú allt, sem lagt er í hættu, og fæ ég ekki séð, að ástæða sé að samþ. þessa breytingu á lögunum þess vegna.

Með tilvísun til þessa hef ég leyft mér að bera fram till. að rökstuddri dagskrá, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

Þar sem endurskoðun löggjafarinnar um alþýðutryggingar verður væntanlega lokið á þessu ári og fullvíst má telja, að þá verði settar heildarreglur um sambandið milli hinna einstöku eftirlaunasjóða og alþýðutrygginganna, telur d. ekki ástæðu til að afgreiða frv. að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta frv. er einfalt og óbrotið og ekki ástæða til að hafa langar umr. um það, svo að því geti orðið lokið nú. Ég vil taka það fram, að mér finnst ákaflega eðlilegt sjónarmið hv. 3. landsk. Hann vill vernda og halda utan um sitt. Hann vill vera bæði trúr yfir litlu og yfir miklu, þar sem hann er settur yfir allt tryggingarfé. En það er nú venjulega svo, að eftir því sem menn hafa meira undir höndum, því meir vex ágirnd þeirra fyrir sjálfa sig. Og eins býst ég við, að það sé með hv. þm. varðandi sinn sjóð. Hann vill ekki gera neitt, sem veldur því, að hann láti meira af höndum en hann fær.

Það er um þetta mál að segja, að aðeins 3 stofnanir eru alveg hliðstæðar og bankinn, og nú er búið að veita 2 þá undanþágu, sem sú þriðja fer nú fram á að fá. Og hún hefur samþ. sér sömu reglur og sú fyrsta af þessum stofnunum, Landsbankinn, hafði samið fyrir sig. Nú hefur þessi stofnum, sem er Búnaðarbankinn, komið sér upp lífeyrissjóði, sem er 100—120 þús. kr., svo að ekki þarf að óttast, að vandræði séu fyrir hana að sjá fyrir sínum félögum. Þó að þetta verði leyft, er engin hætta á því, að fjórða stofnunin komi á eftir, því að það er ekki til nein önnur hliðstæð stofnun. Það er því ekki hægt að segja, að verið sé að byrja hér á einhverju prinsipi, því að hér er verið að reka endahnútinn á prinsip, sem byrjað var á áður.

Hv. 3. landsk. sagði, að það væri sennilegt, að þau réttindi, sem farið er fram á hér, fáist á þessu ári við endurskoðun alþýðutrygginganna. En því er þá verið að draga á langinn þessa viðurkenndu sanngirniskröfu? Því má ekki framkvæma þetta strax, úr því að ákveðið er að gera það á annað borð?

Ef þessi hv. mþn. á annað borð fer að eiga við þessi mál og telur, að hér sé of langt gengið, þá getur hún girt fyrir, að þessar stofnanir allar sæti þessum kjörum, því að hér er ekki um neina gildru að ræða eða útúrkrók, heldur farin sú beina braut, sem þegar hefur verið mörkuð í þessum efnum. Mér finnst hér vera um fulla sanngirni að ræða, að starfsmenn bankanna njóti sömu aðstöðu í þessum efnum, hvort þeir eru heldur í Landsbankanum, Búnaðarbankanum eða Útvegsbankanum.

Hef ég svo ekkert frekar um þetta að segja.

Haraldur Guðmundsson: Ég þakka hv. þm. Dal. fyrir hinn mikla skilning hans á mannlegu eðli.

Ég veit, að það er alveg rétt, að Búnaðarbankinn hefur alveg sömu aðstöðu og Útvegsbankinn hvað þessi mál snertir. Ég hef hins vegar alltaf verið á móti því, að bankarnir fengju þessi réttindi. Ég fæ ekki séð, hvað mælir með þessum sjóðum, sem eru alveg nýir. Ég held, að það hafi ekki verið fyrr en nú um áramótin, að fé var lagt í þessa sjóði. *(Herm]:* Það er mánuður síðan). Hins vegar hafa SÍS og bæjarstjórn Rvíkur í mörg ár lagt fram fé í eftirlaunasjóð. Ég sé ekki, hvernig hægt væri að neita þeim um þessi réttindi, ef fylgja á þessari stefnu, og það er erfiðara að koma fram nauðsynlegum breytingum og samræmingu á þessum l., eftir því sem fleiri undanþágur verða gerðar. Það veit ég, að öllum hv. þm. er ljóst.

Undirbúningur málsins virðist mér heldur lélegur. Tryggingastofnunin hefur ekki, svo að ég viti til, fengið mál þetta til athugunar. Ég efast ekki um, að reglugerðin sé vel gerð, en eins og málið liggur fyrir, er þm. almennt ekki gefinn kostur neinna upplýsinga um málið og eðli þess. Hv. þm. eiga þess almennt engan kost að vita, hvaða réttindi mönnum eru tryggð í þessari reglugerð. Samkv. reglugerð var tryggt, að sjóðir þessir veittu ekki minni fríðindi en aðrir eftirlaunasjóðir veita. Um þetta liggur ekkert fyrir, og ég vil beina því til hv. flm., að ef málið kemst lengra, er nauðsynlegt að leggja fram þessa reglugerð, þótt ég efist ekki um, að hún sé prýðilega samin. *(ÞÞ:* Það verður athugað).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 3. landsk. þm. felld með 9:4 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 105. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 108. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 109. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.